Lagafrumvörp felld.

1. Dragnótaveiðar í landhelgi (stjfrv.).

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi (stjfrv., A. 28).

Á 8. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi nú sökum þess, að hinn 6. júlí í sumar gaf stj. út bráðabirgðalög um breyt. á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi. Það er skylda samkv. stjskr. að leggja fyrir þingið öll bráðabirgðalög, sem stj. gefur út, til þess að það geti tekið ákvarðanir um þau. Er frv. þetta því shlj. bráðabirgðal. frá 6. júlí síðastl. Ástæðan fyrir því, að lög þessi voru sett, er sú, að í þinglokin í fyrra bárust stj. áskoranir frá meiri hl. þm. í báðum deildum um að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni; annars hefði hún ekki sett þessi lög.

Hirði ég svo ekki að ræða mál þetta frekar nú, en óska því vísað til 2. umr. og sjútvn., að umr. þessari lokinni.

Björn Kristjánsson: Eftir að lögin frá 1928 um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi gengu í gildi, komu þegar fram háværar raddir úr Norður- og Suður-Þingeyjasýslum um að fá alfriðað svæðið frá Eyjafirði norður að Langanesi. Ég talaði oft um þetta á sumarþinginu 1931 og fékk að lokum loforð fyrir því hjá þáv. atvmrh. Þó komst friðun þessi ekki á fyrr en í febr. í fyrra. Ástæðan fyrir friðunarbeiðni þessari var sú, að sjómenn þar nyrðra töldu sig hafa margfalda reynslu fyrir því, að dragnótaveiðarnar stórspilltu öðrum fiskiveiðum á þessum svæðum. Mér var því mikil ánægja í því að geta flutt kjósendum mínum þær fréttir, þegar ég kom heim af þingi í fyrra, að nú loks hefði stj. orðið við þessari kröfu þeirra, og mættu þeir því vera öruggir um það, að dragnótaveiði yrði ekki leyfð á þessum slóðum fyrst um sinn. En hvað skeður? Það liðu ekki nema fáir dagar þangað til það fréttist, að komin væru allmörg veiðiskip með dragnætur inn á hið friðaða svæði. Nokkuð af skipum þessum kom þegar að kvöldi hins 15. júlí. Hreppstjórinn á Þórshöfn brá þegar við og tók eitt þessara skipa, sem var danskt, og ætlaði að fá það sektað fyrir landhelgisbrot, en þegar skipstjórinn var leiddur fyrir rétt hjá sýslumanninum á Húsavík, þá hélt hann því fram, að sér væri heimilt að veiða á þessum slóðum samkv. nýjum bráðabirgðalögum, sem sett höfðu verið. Þessi danski skipstjóri vissi þarna betur en hinir innlendu löggæzlumenn, því þegar sýslumaðurinn símaði til stj. fyrirspurn um þetta, þá fékk hann staðfestingu á umsögn hins útlenda skipstjóra og varð að sleppa honum og biðja afsökunar, en ríkissjóður varð að kosta ferð hreppstjórans austur til Þórshafnar. Hreppstjóri og sýslumaður urðu þannig aðeins til athlægis hjá hinum dönsku sjómönnum. Af þessu er það augljóst, að lagasetning þessi hefir verið tilkynnt í Danmörku svo löngu fyrirfram, að hin dönsku skip höfðu tíma til að útbúa sig til ferðarinnar og komast til Íslands nákvæmlega á þeirri stundu,

sem lögin gengu í gildi, en að birting laganna hér á landi hafði hinsvegar ekki verið talin nauðsynleg fyrr en nokkru eftir að þau gengu í gildi. Afleiðingin verður svo sú, að íslenzkir löggæzlumenn standa eins og glópar til athlægis fyrir útlenda fiskimenn. Verð ég því alvarlega að átelja þessa aðferð hæstv. dómsmrh. Eins og nærri má geta, vakti þessi tilslökun mjög mikla óánægju þar norður frá. Var því send fyrirspurn til stjórnarráðsins um það, hvort alfriðunin frá í fyrra væri ekki í gildi, en stjórnarráðið leit svo á, að hún væri úr gildi numin með bráðabirgðalögunum. Ég hafði ekki séð þessi bráðabirgðalög fyrr en ég kom hingað suður í vetur, og ég fæ ekki betur séð en að alfriðunin sé í fullu gildi þrátt fyrir þau. Þar stendur hvergi, að hún sé afturkölluð. Í 8. gr. laganna frá 1928 segir svo m. a.: „Nú berst atvmrn. krafa um frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir, og skal þá heimilt að setja ákvæði um það, en leita skal ráðuneytið þó, áður en ákvörðun er tekin í málinu, álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifélags Íslands. Ákvæði, sem ráðuneytið setur í þessum efnum, hafa lagagildi“ o. s. frv.

Grein þessi er alls ekki afturkölluð í bráðabirgðalögunum, heldur er bætt við nýrri málsgr., þar sem ráðuneytinu er heimilað að veita 2 mán. veiðileyfi umfram það, sem ákveðið er í lögunum.

Sé þessi skilningur minn réttur, að hin umrædda friðun hafi alls ekki verið afturkölluð með bráðabirgðalögunum, þá hafa allir, sem veiði stunduðu með dragnótum á hinu friðaða svæði, drýgt lagabrot.

Ég skal ekki fara að ræða mikið efni þessara laga; þau hafa mikið verið rædd og fengið misjafna dóma. Fiskifræðingar hafa haldið því fram, að þessi veiðiaðferð væri skaðlaus bæði fyrir kolann og aðrar fiskiveiðar. Ég fullyrði ekkert um það, hvort friðunin er í sjálfu sér nauðsynleg fyrir kolann, en hitt fullyrði ég, sem er tvímælalaus reynsla sjómanna, að dragnótaveiðarnar séu skaðlegar fyrir aðrar fiskiveiðar. Þessu til staðfestingar vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp ummæli fiskifulltrúans á Austurlandi, sem prentuð eru í nýútkomnum Ægi. Þar segir svo: „Alstaðar heyrist sama sagan, þar sem dragnótaveiði er stunduð á grunnmiðum, að hún spilli mjög fyrir annari veiði á sömu stöðum. Á Bakkafirði var mér sagt, að mikið af fiskungviði hefði rekið þar við flóann, eftir að dragnótaveiðiskip höfðu veitt í flóanum. Mest hafði þetta verið ýsuseiði, sem rak, en ekki gat ég fengið ábyggilegar upplýsingar um það, hve stór seiðin voru“.

Þessi ummæli fiskifulltrúans koma alveg heim við það, sem fiskimenn á Þórshöfn, Raufarhöfn og Húsavík hafa sagt mér. Mun því verða í þessu sem öðru, að reynslan verði ólygnust.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefir verið borið fram sem bjargráð á krepputímum. Þó er það svo, að allmjög hefir greint á um það, hversu mikið bjargráð sé í því fólgið fyrir þá, sem dragnótaveiðarnar stunda. Reynslan hefir styrkt okkur, sem höfum verið vantrúaðir á ágæti þess, og vil ég í því sambandi benda á ummæli Kristjáns Bergssonar, forseta Fiskifélagsins, í hinu nýútkomna Ægishefti. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Margir bátar stunduðu dragnótaveiðar úr veiðistöðvum Sunnlendingafjórðungs, einkum yfir sumarið og haustið, eftir að lögunum um dragnótaveiðar var breytt; samt var skarkolaveiði yfirleitt treg og því lítið upp úr þeirri veiði að hafa, enda verðið mjög lágt“. Raunar bætir hann við í síðari hluta málsgreinarinnar þessum orðum, sem virðast vera í beinni mótsögn við fyrri hlutann: „Þó var þetta mikil hjálp í atvinnuleysinu, því hjá öllum þorra sjómanna er enga atvinnu hægt að fá þann tíma árs“.

Hér er sama sagan sem alstaðar kveður við. Veiðin lítil og verðið lágt. Og þessi umsögn forseta Fiskifél. er sérstaklega eftirtektarverð, vegna þess að hann hefir á undanförnum árum talið þessa veiði mjög arðvænlega og jafnframt skaðlausa öðrum fiskiveiðum og barizt fyrir afnámi friðunarinnar. Fyrir norðan, þar sem ég þekki bezt, stunda engir íslenzkir bátar þessa veiði, heldur aðeins Færeyingar og Danir. En annarsstaðar, þar sem þessi veiði var stunduð, hefir reynslan orðið sú sama. Eftir því, sem hv. þm. Borgf. sagði í fyrra undir umr. um þetta

mál, þá hafa veiðar þessar aðeins verið stundaðar til hagsbóta á tveimur stöðum hér við Faxaflóa, Garði og Keflavík. Væri nú hér um mikið hagsmunamál að ræða fyrir almenning, þá gæti ég skilið það mikla kapp, sem lagt hefir verið á það af ýmsum hv. þm. á undanförnum þingum, að fá lögin um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi afnumin. En þegar ekki er um annað að ræða en að veita Dönum og Færeyingum sérréttindi til þess að hrifsa bjargræði frá bæjardyrum bláfátækra fiskimanna, þá er mér þetta kapp hinna hv. þm. með öllu óskiljanlegt.

Ég vænti þess nú fastlega, að reynsla sú, sem fengizt hefir hin síðustu missiri um veiði þessa, hafi sannfært alla hv. þm. um það, að ekki sé rétt að fylgja þessu frv., og óska þess, að það verði fellt þegar við 1. umr., eða þá að öðrum kosti, að það fái þá afgreiðslu, að heimildin um alfriðun vissra svæða fyrir dragnótaveiði standi óbreytt, enda þótt undanþága verði veitt um lengri veiðitíma þar sem þess kynni að verða óskað af hlutaðeigandi héraðsstjórnum. Annars fæ ég ekki skilið, að þm. leggi það kapp á að eyða kolanum, að þeir þeirra hluta vegna vilji eyðileggja aðrar fiskiveiðar fyrir fátækum sjómönnum, til vandræða fyrir allan þorra manna og engum til gagns, nema Dönum og Færeyingum. Og ég vil a. m. k. mótmæla harðlega slíkri meðferð á kjósendum mínum.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Eins og hv. þm. N.-Þ. hefir bent á og öllum hv. þdm. mun kunnugt, hafa legið fyrir undanförnum þingum frv. um tilslökun á þessari löggjöf. Hafa till. þessar gengið mjög mismunandi langt. Á síðasta þingi var hin síðasta tilraun í þessa átt brotin á bak aftur, þar sem það felldi allar till. um tilslökun frá þessum umræddu lögum, og frv. sömuleiðis. Ég verð því að átelja stj. fyrir að hafa gefið út bráðabirgðalög þau, er hér liggja fyrir, þar sem þau í fyrsta lagi hafa enga stoð í löggjöfinni, og í öðru lagi hefir stjórnin með setningu þeirra gengið meir í berhögg við vilja og rétt Alþingis en nokkur stj. hefir heimild til þess að gera. Þó að stj. telji lög þessi byggð á yfirlýstum vilja meiri hl. þm. í báðum deildum, þá tel ég, að hún hefði frekar átt að taka tillit til þeirra úrslita, sem mál þetta fékk á löglegan hátt á Alþingi hér í fyrra, því að það leiðir af sjálfu sér, að stj. ber að taka mest tillit til þess, sem gerist í málunum á þinglegan hátt, og í þessu tilfelli er það afgreiðsla málsins. Mér finnst því illa farið, að undanþága þessi skuli hafa verið veitt, því með henni er gengið í berhögg við lögformlegan vilja Alþingis og unnið skemmdarverk á löggjöfinni. Ég er því sömu skoðunar og hv. þm. N.-Þ., að svo beri að taka á móti þessari tilraun, eins og hverri annari tilraun, sem gengur í þá átt að skerða fiskveiðalöggjöf okkar, að greiða atkv. á móti henni nú þegar. Mín afstaða til frv. þessa er því sú, að ég mun alltaf greiða atkv. á móti því.

Jóhann Jósefsson: Það hefir venjulega verið töluverður mótþrói í þessari hv. d. á móti tilslökunum frá banninu gegn dragnótaveiði. Það var rétt hjá hv. þm. Borgf., að að nafninu til voru þær tilraunir, sem gerðar voru hér í fyrra um breytingar á þessari löggjöf, brotnar á bak aftur. En eins og hv. þdm. mun kunnugt, var meiri hl. dm. með þessari breytingu. Að frv. féll, var aðeins sökum þess, að einn dm. var fjarstaddur þegar atkvgr. fór fram. Að áskorun sú kom fram, sem minnzt hefir verið á, var og sökum þess, að meiri hl. þm. í báðum deildum vildi slaka til á þessu banni. Eins og vitanlegt er, er það tilgangur þeirra manna, sem hafa viljað og vilja gera þessa breyt., að skapa meiri lífsbjargarmöguleika í ýmsum sjávarplássum landsins. En það er eðlilegt, að fram komi andúð gegn því frá öðrum sjávarplássum, eins og t. d. þeim, sem hv. þm. N.-Þ. vitnaði til, sem ekki hafa, af einhverjum ástæðum, tök á að stunda dragnótaveiðar, en verða að horfa upp á menn úr öðrum héruðum, eða jafnvel útlendinga, gera það í skjóli laganna. Það er vorkunnarmál, þó mönnum á slíkum stöðum virðist, að það muni vera til skaða að slaka til. En það sannar ekkert um almenna gagnsemi þessarar veiði fyrir þau landsvæði, sem hana stunda. Og þó kannast megi við það, að afrakstur síðasta árs varð ekki mjög mikill hvað kolaveiðarnar snerti, þá urðu þær mörg-

um viðbótaratvinna. Og annað var ekki haft fyrir augun en að kolaveiðarnar fylltu dálítið upp í eyðu í atvinnulífi fiskimanna hér við Faxaflóa og víðar.

Að vísu er það svo, að Íslendingar virðast yfirleitt ekki enn vera komnir vel á lagið með að fiska í dragnætur. Þar virðast t. d. Danir lengra á veg komnir, enda hafa þeir stundað dragnótaveiðar um langan aldur. Þó mun orsökin til þess, að forseti Fiskifél. lýsir yfir, að dragnótaveiðin hafi ekki orðið til eins mikilla hagsbóta síðastliðið ár og við hefði mátt búast, liggja meira í markaðsleysi, sem stafar aftur mikið af samgönguleysi, heldur en hinu, að ekki hafi verið eins mikil veiði eins og menn gátu búizt við. Þetta stendur allt til bóta. Og eftirtektarvert er, að það er einmitt Keflavík og Garður, sem bezt hafa staðið að vígi að koma kolanum á markað.

Ég ætla annars ekki að fara að halda uppi löngum deilum um þetta mál, því hv. þdm. er það þegar vel kunnugt. En ég lít svo á, að þar sem sjútvn. lagði til á þinginu í fyrra, að lögunum væri breytt í þá átt, sem hér um ræðir, og þar sem sannprófað var, að meiri hl. beggja deilda var þeirri breyt. fylgjandi, þó svo slysalega vildi til, eins og kunnugt er, að hún var felld, þá hafi hæstv. stj. gert rétt, er hún gaf út bráðabirgðalögin. Og ég vænti þess, að þingið, sem er óbreytt frá því í fyrra, greiði veg þeirra áfram. Það má vel vera, að rétt væri að taka tillit til þeirra staða, þar sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi, eins og t. d. Húsavíkur, en um það má ræða í n. og við 2. umr.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég ætla ekki heldur að fara út í mjög langar umr. um þetta mál. En ég verð að segja, að það fer að verða erfitt fyrir stj. að lifa, ef hún má ekki fara eftir áskorun frá meiri hl. þingsins. Ég skal þó viðurkenna, að mér finnst það óviðkunnanlegt, að svona áskorun komi frá þingmönnum, þegar þinginu er nýslitið. En úr því hún kom, var erfitt fyrir stj. að neita að taka hana til greina. Og sérstaklega var það erfitt í því árferði, sem nú er, þegar menn á stórum svæðum af landinu segjast vera í mestu vandræðum með að komast af. Fjöldi sjómanna kom til stj. áður en bráðabirgðalögin voru gefin út, og sögðust þeir enga atvinnu hafa og að ekki væru líkindi til, að þeir gætu unnið fyrir sér, ef þeir fengju ekki þetta leyfi. Það er hart að neita mönnum um að fá að bjarga sér, ef þeir hafa möguleika til þess. Og þetta voru hreinir Íslendingar, en ekki Færeyingar eða Danir, eins og hv. þm. N.-Þ. var að tala um.

Um það, hvenær Danir hafa fengið vitneskju um lagabreytinguna, þori ég ekkert að fullyrða. Hv. þm. sér, að bráðabirgðalögin eru gefin út í Kaupmannahöfn 6. júlí í sumar. Ég á ekki von á, að það vitnist neitt um það í Danmörku, þó konungur skrifi undir lög héðan. Ástæðan til þess, að dönsku skipin fóru að veiða hér svo fljótt eftir að lögin gengu í gildi, hygg ég að hafi verið sú, að þau hafa verið komin á stað áður. Þau hafa eflaust ekki komið hingað vegna lagabreytingarinnar, heldur hafa þau ætlað hvort sem var.

Ég skil vel, að hv. þm. N.-Þ., sem alltaf hefir verið á móti þessu máli, komi þessi bráðabirgðalög illa. En ég get ekki viðurkennt, að hann með réttu hafi getað sagt kjósendum sínum, að ekki væri neinn efi á því, að bannið gegn dragnótaveiðum stæði óbreytt. Það var vitað, að áskorunum til stj. var safnað síðustu daga þingsins, og hv. þm. hlýtur að hafa orðið þess var, þar sem þetta var orðið allmikið hitamál hér.

Um tilgang bráðabirgðalaganna er það að segja, að hann var eingöngu sá, að útvega sjómönnunum ofurlitla atvinnu í sumar, ef til vill ekki arðvænlega, en sem þeir samt gátu haft uppihald af. Hv. þm. N.-Þ. upplýsti sjálfur eftir blaði sjómannanna, Ægi, að að þessu hefir orðið allmikill styrkur; engin uppgrip að vísu, en þó svo, að þeir, sem dragnótaveiðarnar stunduðu, höfðu af því sitt uppihald. **(PO:** Það stendur hvergi). Það stendur þar, að það hafi hafzt „talsvert“ upp úr þeim. **(PO:** Það stendur þar, að það hafi hafzt lítið upp, en verið mikill tilkostnaður). Ég get lesið upp úr Ægi eins og aðrir.

Hv. þm. talaði um, að það væru mótsagnir í því, sem Ægir segir um þetta mál. **(PO:** Það eru alltaf mótsagnir hjá Fiskifélaginu). En það er þó áreiðanlegt,

að að þessari tilslökun varð mikil hjálp. Við meiru er ekki að búast nú, þegar allar vörur okkar hafa fallið mjög í verði. Yfirleitt eru atvinnuvegirnir svo staddir, að gott þykir, ef menn geta af þeim lifað, þó ekki sé um ágóða að ræða.

Út af ræðu hv. þm. Borgf. þarf ég ekki að segja margt. Það er ekki að fara í bága við vilja þingsins, þó stj. geri það, sem fyrir liggja áskoranir um frá meiri hl. beggja deilda. Hitt er rétt, að vilji þingsins í þessu máli hefir ekki komið fram á hinn fyrirskipaða hátt. Og ég get gjarnan viðurkennt, að sú aðferð, sem hér var viðhöfð, á ekki að tíðkast eða vera almenn. En það, sem reið baggamuninn hjá mér, var það, að mér fannst ekki hægt, í slíku árferði sem nú er, að taka frá sjómönnum þessa leið til atvinnu, sem er þó fullkomlega lögleg.

Það yrði of langt mál að fara út í það nú, hvort það er skemmdarverk eða ekki gagnvart fiskistofninum að leyfa kolaveiðar í landhelgi á þeim tíma, sem frv. gerir ráð fyrir. Um það hefir áður verið svo mikið deilt hér á þingi, að ég býst ekki við, að úr því yrði fremur skorið nú.

Ég læt hér því staðar numið, en ef ég fyndi gott „citat" í Ægi, skal ég lofa hv. þm. N.-Þ. og Borgf. að heyra það.

Björn Kristjánsson: Það er aðeins örstutt aths. Hæstv. ráðherra segir, að bráðabirgðalögin hafi ekki verið sett vegna áskorana frá Dönum. Slíkt hefir mér aldrei dottið í hug. Ég veit, að stj. hefir sett þau í góðum tilgangi, sem að vísu byggist á ókunnugleik og misskilningi. Þess vegna deili ég heldur ekki svo mjög á hæstv. stj. fyrir það, að hún gaf bráðabirgðalögin út, heldur aðallega fyrir það, á hvern hátt hún hefir látið framkvæma þau og hvernig þau voru birt.

Ég er í engum efa um, að það hljóti að vera rétt, sem ég hélt fram í fyrri ræðu minni, að dönsku skipin hafi fyrirfram fengið tilkynningu um, að bráðabirgðalögin voru sett, því annars er óhugsandi, að þau hefðu komið svona snemma. Og sú tilgáta hæstv. ráðh., að skipin hafi siglt hingað svona snemma án þess að vita um bráðabirgðalögin, er alveg óhugsanlegt, þar sem þau hefðu þá orðið að bíða hér aðgerðalaus í 1½ mánuð, eða frá 15. júlí til 1. sept. Þetta sýndi sig líka í því, að þegar hreppstjórinn ætlaði að taka skipstjórann á dragnótaskipinu, þá var hann strax á því hreina með það, að veiðarnar væru ekki lögbrot, heldur væru þær löglegar samkv. nýútgefnum bráðabirgðalögum. Hæstv. dómsmrh. þótti ólíklegt, að ég hefði farið svo af síðasta þingi, að hafa ekki grun um, hvað til stóð í þessu efni. En ég get sagt honum, að ég var algerlega ugglaus. Ég taldi engan efa á því, að við Þingeyingar fengjum að njóta áfram okkar fiskimiða, óáreittir af dönskum og íslenzkum dragnótaveiðiskipum. Að vísu varð ég var við, að eitthvert skjal gekk á milli sumra þm. hér í d. daginn fyrir þinglok í fyrra, og grunaði, að það mundi vera áskorun um að rýmka dragnótaveiðina, en ég fékk aldrei að sjá það, og því síður vissi ég, hvað margir þm. skrifuðu undir það.

Ég sá eftir, að hæstv. dómsmrh. minntist ekkert á skilning minn á bráðabirgðalögunum. Mér skilst, að þau afturkalli ekki bannið innan þeirra takmarka, þar sem áður var alfriðað. Það getur verið, að mér skjátlist í þessu, þar sem ég er ekki lögfróður maður, og þætti mér því gaman að heyra álit hæstv. dómsmrh. á því.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Viðvíkjandi því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði síðast um skilning á 8. gr. l. um bann gegn dragnótaveiðum og bráðabirgðalögunum, skal ég aðeins taka það fram, að ég hefi ekki haft tíma til að athuga það atriði nú, og ég man ekkert eftir þessari fyrirspurn, sem á að hafa komið frá hv. þm. (BKr: Hún var munnleg, í símasamtali við atvmrh., og getur því e. t. v. hafa farið framhjá hæstv. dómsmrh.). Eins og hv. þm. veit, er nú orðin skipting á störfunum í atvmrn., og mér þykir leitt, að hann skyldi ekki beina fyrirspurninni til mín, því það heyrir þó undir mig að skera úr þessu efni. En þar sem ég man ekki til, að þessi fyrirspurn hafi komizt til mín, hefi ég ekki haft tækifæri til að athuga, hvernig ber að svara henni, en nú skal ég gera það.

Hv. þm. segir, að dönsku skipin hafi hlotið að vita um bráðabirgðal. áður en þau komu hingað. Þetta getur ekki hafa orðið á annan hátt en þann, að þegar lög-

in voru birt hér, hafi þau verið símuð til Danmerkur og svo þaðan aftur til skipanna, því lög, sem undirskrifuð eru í Danmörku af konungi, eru ekki birt þar fyrr en þau hafa verið birt hér heima. Það væri skyldubrot, ef þau væru látin af hendi áður en þau eru birt hér heima.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:7 atkv. og til sjútvn. með 13:2 atkv.

Á 21. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 28, n. 120).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og kunnugt er, voru gefin út bráðabirgðalög um breyt. á l. um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi 6. júlí síðastl., og er shlj. frv. hér lagt fyrir Alþingi til staðfestingar, samkv. stjskr. Sjútvn., sem áður hefir yfirleitt verið því fylgjandi, að sú breyt. væri gerð, sem í bráðabirgðalögunum og frv. felst, hefir sömu afstöðu enn í þessu máli. Að vísu vildu tveir af nm. skrifa undir nál. með fyrirvara. En mér vitanlega hefir ekkert verulegt komið fram í sambandi við dragnótaveiðarnar á síðastl. sumri, sem breytt geti afstöðu n. í þessu máli frá því í fyrra. Þessar veiðar báru að vísu ekki eins góðan árangur eins og vænta hefði mátt, ef allt hefði leikið í lyndi. En því munu einkum hafa valdið örðugleikar á að koma vörunni á markað. Dragnótaveiðarnar eru nokkuð nýr atvinnuvegur hér á landi, og e. t. v. er hann þannig lagaður, sem verr á við aflabrögð okkar Íslendinga heldur en margar aðrar veiðiaðferðir. T. d. krefst hann fremur þolinmæði heldur en áhlaupa. En þetta lærist okkur með tímanum, eins og öðrum þjóðum, sem svona veiðar stunda, og eflaust verður þessi veiðiskapur þjóð okkar til meiri hagsældar í framtíðinni heldur en nú er. Við í sjútvn. höfum aldrei haldið öðru fram en að kolaveiðarnar gætu verið mönnum til stuðnings sem hjálparatvinna, þegar öðrum veiðiskap sleppir. En það álítum við, að hann geti orðið til frambúðar. Þess vegna leggjum við til, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ.

Ég vil geta þess, að í bráðabirgðalögunum var gert ráð fyrir, að gefin yrði út reglugerð, þar sem m. a. væri ákveðin möskvastærð netjanna. Þetta mun vera mjög þýðingarmikið atriði, a. m. k. í augum þeirra manna, sem álíta dragnótaveiðarnar hættulegar fyrir það, að þær drepi of mikið af ungviði. Og formælendur kolaveiðanna hafa heldur ekki þá aðstöðu til málsins, að þeir vilji láta drepa smákolann að óþörfu. Nú vitum við í sjútvn. ekki til, að þessi reglugerð hafi verið birt ennþá. Og þar sem n. álítur til bóta að setja föst ákvæði um möskvastærð netjanna, minnist hún á það í áliti sínu, að reglugerðina ætti að birta sem fyrst, ef bráðabirgðalögin annars ná staðfestingu þingsins. En það tel ég alveg víst að verði, þar sem þau eru gefin út samkv. áskorun frá meiri hl. þingsins, eftir að frv. í sömu átt var fyrir óhapp fellt í þessari hv. d.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Málið hefir áður verið þrautrætt hér frá báðum hliðum, svo ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það nú.

Björn Kristjánsson: Við 1. umr. þessa máls hér í d. var greinilega bent á það, hvað hrapallega hafa brugðizt vonir þeirra manna, sem höfðu búizt við góðum árangri af dragnótaveiðunum, jafnframt því sem þær hafa stórskaðað þá, sem aðrar veiðiaðferðir stunda. Eru það fyrst og fremst dragnótaveiðar Dana og Færeyinga, sem þeim skaða hafa valdið. Þessum staðreyndum hefir lítið verið andmælt, og hefi ég því vonað, að margir hv. þm., sem á undanförnum þingum hafa léð þessu máli fylgi sitt, myndu nú hafa látið sannfærast um það af reynslunni, að dragnótaveiðarnar í landhelgi eru ekki eins ágóðavænlegar og skaðlausar eins og þeir hafa haldið. Þessi von mín hefir nú að nokkru leyti brugðizt, þar sem hv. sjútvn. hefir nú svo að segja einróma lagt til, að bráðabirgðalögin verði staðfest.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. með því að endurtaka allar þær mótbárur, sem fram hafa verið bornar gegn þessu máli, öll þau dæmi um lítinn árangur, en mik-

inn skaða af þessum veiðum, sem bent hefir verið á. Ég ætla aðeins að minna á reynslu Austfirðinga á þessu sviði. Það hafði verið mjög gyllt fyrir sjómönnum þar austur frá, hvað dragnótaveiðarnar væru arðvænlegar, og þeir hvattir til að leggja stund á þær. Leiddi það til þess, að keyptar voru dragnætur fyrir 50—60 þús. kr. árið 1931. En niðurstaðan varð sú, að veiðivonin brást og verðið reyndist langsamlega miklu lægra en búizt hafði verið við, og varð afleiðingin sú, að Fisksölusamlag Austfjarða gat ekki selt nema lítinn hluta þessara veiðarfæra og liggur með þau óseld og arðlaus og getur þess vegna ekki útborgað þeim mönnum, sem það seldi fyrir kældan fisk það ár. Ég get bætt því við, að veiði var ákaflega lítil við Austfirði þetta ár, og hjálpaðist því allt að því, að þessi tilraun varð til stórskaða.

Í Norðlendingafjórðungi tókst ekki eins illa til, því þar var ekki ráðizt í jafnstórfelld veiðarfærakaup. En það lítið, sem dragnótaveiðin var reynd, gafst hún illa. Þó var það ár góð aðstaða að því leyti, að þann tíma, sem dragnótaveiðarnar voru leyfðar, voru skip í förum til þess að flytja fiskinn kældan til útlanda, svo alltaf var hægt að koma í verð jafnóðum því, sem veiddist.

Á síðasta ári voru einnig stundaðar dragnótaveiðar á þó nokkrum stöðum á landinu, mest þó við Faxaflóa og Vestmannaeyjar. Víðast hvar gekk mjög illa með þær. Nægir því til sönnunar að benda á grein þá eftir forseta Fiskifélagsins, sem ég vitnaði hér í fyrir nokkrum dögum. Hún hefir því meira gildi, þar sem höfundurinn er manna kunnugastur fiskveiðum víðsvegar kringum landið, og hefir auk þess þá aðstöðu í þessu máli, að hann hefir áður lagt mikið kapp á að fá rýmkaðan réttinn til dragnótaveiða í landhelgi. Hann telur ekki dragnótaveiðarnar hafa orðið til hagnaðar síðastl. ár. Sami er vitnisburður trúnaðarmanns Fiskifélagsins á Austfjörðum; hann telur þennan veiðiskap hafa orðið til lítilla eða engra hagsbóta.

Síðan 1. umr. fór fram hér í hv. d. hafa eitt eða tvö sönnunargögn fyrir mínum málstað bætzt við. Annað er bréf frá oddvita Gerðahrepps, þar sem hann lýsir ótakanlega skaðsemi dragnótaveiðanna fyrir aðrar fiskiveiðar. Hitt er skýrsla frá formanni á varðbát, sem landhelgisgæzlu annast á Vestfjörðum. Hann er að afsaka sig vegna kvartana um lélega landhelgisgæzlu, sem komið hafa frá nokkrum Arnfirðingum. Telur hann, að fleiri orsakir geti legið til fiskþurrðar á fjörðum inni heldur en ásælni togaranna. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp ummæli hans, þar sem hann víkur að dragnótaveiðunum:

„Og grunur minn er sá, að fjarðarfiski á lóðir sé vonlaus atvinna þann tíma, sem dragnótaveiði er þar stunduð. Í afskekktri vík einni hér vestanlands var uppgripaafli í vor og fram eftir sumri, þar til dragnótaveiðar byrjuðu. Fyrst í stað var vík þessi gullkista þeirra, en síðar fékkst þar enginn fiskur, og var svo í allt haust, — hún varð þurrausin, ef svo mætti að orði kveða.

Þessa nýlundu vildi ég minnast á, ekki sízt ef sá grunur reyndist réttur, að hlerar væru ekki óþekktir í sambandi við dragnótina hjá sumum þeirra".

Þessi umsögn er alveg nýskeð fram komin. Ég man eftir því á síðasta þingi, þegar þetta mál var rætt, að þá hélt hv. 1. þm. S.-M. fram, að tilraun þá, sem gerð var árið 1931 með dragnótaveiði við Austurland, væri ekki að marka, því tíminn, sem slík veiði var leyfileg þá, hefði verið svo stuttur. Á síðastl. sumri var ekki þeirri ástæðu til að dreifa, því veiðina mátti byrja strax 15. júlí samkv. bráðabirgðalögunum. Er því ekki hægt að kenna því um, hvað illa gekk, að veiðitíminn hafi ekki verið nógu langur.

Ummæli varðbátsformannsins, sem ég las upp úr Ægi, sýna það, að fleiri en Þingeyingar og Skagfirðingar álíta, að dragnótaveiðarnar spilli veiðiskap með öðrum tækjum. Vestfirðingar virðast hafa orðið hins sama varir. Þó mun skaðinn hvergi eins augljós eins og við Norðurland, því þar eru aðrar fiskveiðar mest stundaðar á sama tíma og dragnótaveiðarnar. Það versta við dragnæturnar er nefnilega það, að þær fæla fiskinn af þeim stöðum, sem þær eru dregnar um, en ekki hitt, að þær skemmi botninn, sem Árni Friðriksson heldur fram, að þær geri ekki. Það er fullvíst og margsannað

af reynslunni, að annar fiskur heldur en kolinn fælist burt þaðan, sem dragnætur eru notaðar. Þess vegna eru dragnótaveiðarnar skaðlegastar við Norðurland, þar sem þær fara fram samtímis öðrum fiskveiðum. Þær hljóta að valda minni skaða á þeim stöðum, sem aðalfiskveiðarnar fara fram á öðrum tíma árs. En þrátt fyrir þetta koma fram kvartanir um skaðsemi dragnótaveiðanna úr öllum landshlutum. Það mætti mikið vera og merkilegt heita, ef svo samhljóða dómur fiskimanna víðsvegar um land væri tóm markleysa.

Ég skal ennþá minna á það, sem oft hefir verið bent á við þessar umr., að fjöldamargar fundarsamþykktir og áskoranir frá sveitarstjórnum liggja fyrir um það, að lina ekki á banninu gegn dragnótaveiðum í landhelgi. Hinsvegar hefi ég ekki orðið var við, að neinar áskoranir hafi borizt þinginu í þá átt, að dragnótaveiðitíminn væri lengdur. Það væri undarlegt, að alveg er þagað um málið frá þeirri hlið, ef það er eins mikið hagsmunamál og sumir hafa haldið hér fram, að lengja þann tíma, sem dragnótaveiðarnar eru leyfðar.

Þegar litið er á það, hvað sárafáum dragnótaveiðarnar hafa orðið til verulegs gagns, og hinsvegar tekið tillit til þess, hvað þær valda öðrum miklum skaða, þá virðist mjög furðulegur sá ákafi, sem verið hefir í sumum hv. þm. að berja þetta mál fram. Mér skildist nú reyndar á hv. frsm. sjútvn., að hann væri ekki eins sannfærður um hina miklu nauðsyn þess nú eins og hann var í fyrra og hitteðfyrra. Þá leit svo út, sem það væri orðið hálfgert trúaratriði hjá sumum hv. þm., hvað afarnauðsynlegt væri að rýmka leyfi til dragnótaveiðanna. Þeir hafa látið sem vind um eyrun þjóta, þó þeim hafi hvað eftir annað verið bent á, að þessar veiðar hafi nær alstaðar verið reknar með tapi, að þær hafa valdið öðrum fiskiveiðum stórskaða, að verðið á veiðinni hefir verið mjög lágt og að vantað hefir samgöngur til þess að hægt væri að koma henni á markað. Þrátt fyrir allar þessar staðreyndir berjast þeir fyrir því að fá veiðitímann lengdan og skoða það sem bjargráð. Mér sýnist, að hér þyrfti kraftaverk til að sanna málstað þessara hv. þm., og sennilega trúa þeir á það. En ég verð að játa það, að mín trú er ekki svo sterk.

Sumarið 1931 voru í förum skip frá öllum landshlutum, sem fluttu út ísvarinn fisk, svo að þá var hægt að selja jafnóðum allan þann kola, sem veiddist. Síðastl. sumar var aftur á móti ekki um neinar slíkar skipaferðir að ræða frá Norður- eða Austurlandi, og þess vegna útilokað, að hægt væri að koma á markaðinn því, sem kynni að hafa aflazt. Það gat því ekki komið öðrum til góða en Dönum og Færeyingum, að linað var á banni gegn dragnótaveiðum á þessum slóðum. Mér hefir skilizt á sumum hv. þm., og á ég þar sérstaklega við hv. jafnaðarmenn, að þeim þyki of mikið gefið eftir fyrir hagsmuni útlendinga í hinum nýja samningi við Norðmenn. Vona ég, að þeir verði sjálfum sér samkvæmir og styðji ekki að því að opna íslenzka landhelgi til stórskaða fyrir íslenzka fiskimenn og útlendum dragnótaveiðiskipum einum til gagns.

Við 1. umr. hélt ég því fram, að með bráðabirgðalögunum og frv., þó samþ. yrði, væri ekki úr gildi numin alfriðun sú, sem gerð hefir verið á vissum svæðum samkv. heimild í 8. gr. l. frá 1928. Finnst mér varla geta leikið vafi á, að þessi skilningur sé réttur. En þar sem framkvæmdavaldið hefir látið óátalið, að veitt væri með dragnótum á hinum alfriðuðu svæðum síðan bráðabirgðalögin gengu í gildi, þá hefi ég lagt fyrir hæstv. dómsmrh. fyrirspurn um það, hvort lögunum yrði þannig framfylgt framvegis. Vonast ég fastlega eftir, að hann svari nú þeirri fyrirspurn. Verði skilningur hæstv. ráðh. í samræmi við skoðun mína, óska ég að fá yfirlýsingu hans um það, hvort l. verði á þessu ári framfylgt á sama hátt og 1932.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál. Það er ekki til annars en að þreyta hv. dm., og læt ég mér því nægja það, sem ég er búinn að segja. Ég óska eftir að fá ákveðið svar frá hæstv. ráðh., hvernig hann líti á þetta sérstaka atriði. Ég get bætt því við, að ef hann skildi l. eins og ég og hann lýsti því yfir, að framkvæmdum mundi hagað samkv. því, þá get ég fremur sætt mig við það, að l. verði

staðfest, þó ég að sjálfsögðu óski þess eindregið, að þau verði felld.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það eru einstök atriði í ræðu hv. þm. N.-Þ., sem geta að vísu verið sönn að því leyti, er snertir það umhverfi, sem hann þekkir bezt. En þau eiga ekki alstaðar við. Það er ekki rétt, að arðsvon hafi brugðizt alveg á síðasta ári. Víða, sérstaklega sunnanlands, höfðu menn talsverðan hagnað og biðu með óþreyju eftir, að veiðitíminn yrði lengdur. En það er ekki hægt við því að gera, þó þeim hafi ekki orðið eins mikið úr veiðinni og þeir höfðu búizt við. Ég er hræddur um, að margir hafi gert sér of háar vonir um afrakstur veiðinnar, því þetta verður aldrei annað en aukageta í veiðiskap okkar Íslendinga, sem getur hjálpað flotanum yfir atvinnuleysistímabil og fært inn drjúgan skilding þann tíma, sem annars er ekkert upp úr sér að hafa. Þetta hefir verið álit manna hér sunnanlands, og í rauninni austanlands líka, sem óskað hafa eftir, að dragnótaveiðitíminn yrði lengdur. Fram að þessum tíma hafa beztu fiskifræðingar haldið því fram, að dragnótaveiðin væri skaðlaus fyrir gróðurinn og hefði ekki áhrif á annan veiðiskap. En það getur verið skiljanlegt, að inni á þröngum fjörðum, þar sem dragnótaveiðin er þrástunduð, geti hún haft áhrif á annan veiðiskap. Getur því ágizkun formannsins á „Jóni Finnssyni", sem hv. þm. (B-Kr) bar fyrir sig, haft við eitthvað að styðjast. En reyndar verður maður að gæta að því, að ritgerðin gengur út á að verja hann og varðbátinn fyrir einhverjum ámælum að réttu eða röngu, sem hann hlaut fyrir vestan, og bendir á þetta sem eina hugsanlega ástæðu fyrir því, að veiðiskapur hefði verið minni þar. Að því er virðist, er hann í greininni að bera af sér sakir. Dæmi Austfjarða frá 1930 sannar ekkert afgerandi í málinu, því þó Austfirðingar hafi gert sér bjartar vonir og lagt út í of mikil veiðarfærakaup, þá sannar það ekki, að dragnótaveiðin geti ekki verið til hagsbóta, ef hún er réttilega stunduð. Ég veit, að hún er þannig löguð, að það þýðir ekki að kosta of miklu til hennar. T. d. ef um olíufreka báta er að ræða, þá getur það alveg riðið baggamuninn. Hv. þm. minntist á oddvitann í Gerðahreppi, og getur verið, að hann sé búinn að fá einhverja nýja reynslu í málinu, en svo mikið er víst, að ekki er langt síðan stj. neyddist til að gera sérstaka ráðstöfun til þess að fullnægja veiðiþörf þeirra á Reykjanesskaganum, einmitt hvað snerti kolaveiðar. Það er langt frá því, að mér sé þetta neitt trúaratriði, en ég er þeirrar skoðunar, að l. frá 1928 hafi þrengt allt of mjög aðgang að þessum veiðum, og sú rýmkun, sem farið er fram á og fengin er í bili með bráðabirgðal., sé ekki til skaða. — Samkv. þeim eru fiskimiðin alveg friðuð frá 1. jan. til 15. júlí. Það er því 6½ mán. á árinu, sem alls ekki má stunda dragnótaveiðar. Friðunartíminn er þá meiri hluti ársins og ætti því að vera nægilegur til þess, að ekki hlytist skaði af þessum veiðiskap. Hv. þm. beindi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. í sambandi við þetta mál, sem ég fyrir mitt leyti vil gjarnan styðja, því ég tel það eðlilegt, að slík fyrirspurn komi fram.

Það er fráleitt hjá hv. þm., að við, sem viljum hafa þessa rýmkun, gerum það vegna útlendinga. Það er fjarri öllum sanni. Við höfum ekki neina ástæðu til að lyfta undir þeirra veiði, heldur erum við einungis að hugsa um íslenzka veiðimenn, sem margir eiga dragnótaveiðarfæri, því að fyrir þessa tilslökun og í sambandi við áhuga manna á kolaveiðum hafa menn lagt út í talsverð veiðarfærakaup, þó þau hafi sumstaðar komið að litlu gagni. Í Vestmannaeyjum nota menn sín veiðarfæri, þegar færi gefst, og sérstaklega þegar þeir hafa kaupanda að vörunni. Það sýnist líka vera heldur fljótfærnislegt að kippa að sér hendinni með rýmkun á þessu sviði, þó að eitt ár gengi svo, að hægt væri að benda á, að ekki hefðu orðið uppgrip eða afrakstur af veiðinni. Ég álít, að sú reynsla, sem hv. þm. vitnaði í, sé alls ekki þannig vaxin, að hægt sé að leggja hana til grundvallar fyrir framtíðarskipulagi þessa máls. — Og að því er snertir vernd fyrir útlendinga, þá vil ég minna hann á það, sem margir eru búnir að sýna fram á af þeim, sem bezt vit hafa á veiðiskap, að hingað til hafa fiskifræðingar álitið, að bannið væri bezt til þess að ala upp

kolann handa enskum veiðiskipum, sem eru innan eða utan landhelgi, en meina aðgang íslenzkum fiskimönnum, sem vilja og geta hagnýtt sér þessa veiði. Það er ekki nema eðlilegt, að norður á Húsavík, þar sem enginn maður á dragnótaútbúnað og enginn vill skipta sér neitt af þessari veiði, hafi þeir horn í síðu þeirrar löggjafar, sem lofar mönnum sunnan af landi — og jafnvel Dönum — að ausa upp kolanum. En t. d. við í Vestmannaeyjum höfum aðra aðstöðu. Þar eru margir bátar, sem eiga dragnótaútbúnað og sem strax og sleppir af vetrarvertíðinni hugsa um að fara að hafa eitthvað upp úr sér með því að veiða kolann í dragnót. Þar, sem svo er ástatt, virðist mér, að löggjöfin eigi að sýna tilhlýðilega tilslökun, sem ekki þarf að vera neinum til skaða. Ég vil kannast við það, að dragnótaveiðar geti verið misjafnar hvað það snertir, hvort þær hafi nokkur áhrif á önnur aflabrögð. Inni á þröngum fjörðum og víkum getur það komið öðruvísi út en þar, sem veitt er fyrir opnu hafi, eins og hér við suðurströndina. Hvað suðurströnd landsins snertir og Faxaflóa, þá horfir þetta mál öðruvísi við og gæti komið til mála, að ástæða væri til, þegar reynsla fæst fyrir þessu, að gera önnur ákvæði um þrönga flóa og víkur. — Annars hefi ég ekki fleiri atriði að athuga í ræðu hv. þm. og læt þetta nægja að sinni, en ég býst við að fá tilefni til að tala meira síðar í umr.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég hefi í raun-inni undrað mig töluvert á því, að hv. frsm. þessa máls eða meiri hl. sjútvn., því hún er sýnilega klofnuð í þessu máli, skuli byggja vonir sínar á framgangi þessa frv. á því, sem gerzt hefir á þinginu í þessu máli á undanförnum árum, því eins og kunnugt er, hefir þetta mál legið fyrir 3—4 þingum og alltaf verið fellt. Það, að slakað var til á þessum l., var þess vegna gert í algerðu trássi við lögformlega afgreiðslu þessa máls. Það er náttúrlega rétt, að það tókst að skrapa saman með ógurlegum eftirgangsmunum, með því að sitja yfir mönnum stundunum saman, á skjal meiri hl. þm. til þess að skora á stj. að gera þá breyt., sem gerð hefir nú verið. (**IngB:** Hvar liggur það skjal?). Ég veit það ekki, en þær ástæður, sem bornar voru fram við 1. umr. fyrir þessu frv., byggðust á því, að slíkt skjal hefði borizt í hendur stj., og ég hefi enga ástæðu til þess að rengja það út af fyrir sig, að slíkt skjal hafi komið fram, og að því leyti sé þetta rétt, en hitt hefði verið réttara, að birta þetta skjal og nöfn þessara manna í grg. frv., þar sem viðhöfð var eins óvenjuleg aðferð og raun var á í þessu máli, að setja bráðabirgðal. þvert ofan í afgreiðslu þingsins. Ég held þess vegna, að þessi von um aðra afgreiðslu í þessu máli en að undanförnu hljóti að vera byggð í mjög lausu lofti. Enda virðist mér það, bæði þegar maður lítur á ræðu hv. frsm. og afgreiðslu n. á þessu máli, að báðir þessir aðiljar séu farnir að draga mjög mikið í land frá því, sem áður hefir verið. Því eins og kunnugt er, hefir n. staðið óskipt að þessu máli oftast nær, ef ekki alltaf. Auk þess viðurkenndi hv. frsm. ýmislegt, sem fram hefir komið í þessu máli í seinni tíð og sýnir ljóslega skaðsemina, sem af dragnótaveiðunum leiðir inni á flóum og fjörðum.

Hann tók undir þetta og viðurkenndi, að hann yrði að beygja sig fyrir þeirri staðreynd, að þetta væri hættulegt inni á flóum og fjörðum, en sagði, að öðru máli gegndi í Vestmannaeyjum, og þess vegna virðist mér, að hann sé kominn á þá skoðun, að það væri réttast að hafa sérákvæði um þetta, sem þá væru miðuð við sérstaka staðhætti. Þetta er ákaflega mikið undanhald frá því, sem þessi og aðrir stuðningsmenn þessa máls hafa haldið fram að undanförnu, þar sem þeir hafa talið þetta með öllu skaðlaust, og mótþróinn gegn þeim byggist ekki á neinu öðru en því, að standa mönnum í vegi fyrir að auka afla sinn. Þar sem það er svo, að þessi staðreynd er farin að mótast inn í þá, sem fastast hafa haldið fram þessu máli, þá má það vera ljóst, að það er því síður ástæða til fyrir þingið nú en að undanförnu að gera slíka breyt., sem nú er búið að gera og farið er fram á, að þingið leggi blessun sína yfir. Því var haldið fram við 1. umr. þessa máls, að það hefði orðið nokkurt gagn af þessum bráðabirgðalögum, sérstaklega við sunnanverðan Faxaflóa.

Það hefir borizt bréf til þingsins frá oddvita í einum hreppi suður á Garðskaga — í Gerðahreppi —, þar sem því er lýst, hverjar afleiðingar þessi lagasetning hefir haft fyrir þá í Garðinum, og af því að sá maður, sem skrifar um þetta, er gamall sjómaður, sem hefir stundað sjómennsku og verið við útgerð um 40 ára skeið og er auk þess glöggur maður á slíka hluti, þykir rétt, með leyfi hæstv. forseta, að rekja þráðinn í þessu bréfi.

Hann fer fram á það í þessu bréfi sínu, að þingið vildi banna allar dragnótaveiðar í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa. Hann gengur ekki lengra en að fara fram á bann að því leyti er snertir hagsmuni þeirra, sem hann talar fyrir. En svo fer hann að gera grein fyrir því, á hverju þetta byggist, og segir, að ástæður fyrir beiðni þessari séu þær, sem hér segir: „Síðan við með reglugerð frá 11. júlí 1923 fengum landhelgi alfriðaða fyrir dragnót hér í sunnanverðum Faxaflóa og landhelgisgæzlan fór batnandi, hafa aflabrögð stöðugt farið vaxandi hér að haustinu, sem ég nú vil sanna með dæmi af einu skipi, sem ég hefi fengið skýrslu frá um afla þess frá 1928. Það haust, frá 15. ág. til 15. des., aflaði það fyrir kr. 4420,00, haustið 1929 fyrir kr. 5250,00, haustið 1930 fyrir kr. 6225,00 og svo haustið 1931 fyrir kr. 2650,00, frá 15. ág. til 15. sept., og ekkert frá þeim tíma, því þá var farið að skafa hér alla landhelgina með dragnót. Af framansögðu geta nú allir gert sér í hugarlund, hversu gífurlegt tjón þetta var fyrir hreppinn, þar sem hér voru um 15 skip búin að búa sig út til veiða með miklum kostnaði, en gátu svo ekkert aflað vegna dragnótanna. Tjónið er áreiðanlega ekki undir 50 þús. kr. þetta eina haust. Má því sjá, hvernig framtíð hreppsins lítur út, þar sem þetta haustfiskirí var það eina, sem hélt lífinu hér í fólki, því annan tíma ársins aflaðist hér sama og ekkert. Við vorum farnir að vona, að framtíð hreppsins væri borgið með sívaxandi afla að haustinu vegna bættrar landhelgisgæzlu“.

Þetta sýnir, hvaða áhrif dragnótaveiðarnar hafa haft á aðrar fiskiveiðar í Garðsjónum. Það er kunnugt, hvernig ástatt var hér við Faxaflóann meðan menn höfðu ekki önnur tæki en opna báta til þess að sækja á sjó, að þá var það Garðsjórinn, sem var bezta og tryggasta fiskimiðið við flóann, því þar brást aldrei afli allan ársins hring, og þegar ekki fiskaðist vel á innmiðunum, þá fóru menn í þessa svo nefndu Garðtúra. Það eru þessar sömu stöðvar, sem nú er farið svo fyrir af völdum dragnótarinnar. Hann heldur svo áfram í bréfi sínu: „Við lestur umræðna á þingi um dragnótaveiðar sé ég, að þm. eru yfirleitt lítt kunnugir þessari veiðiaðferð, og vil ég því lýsa henni hér dálítið. Þegar verið er að fiska með dragnót á blautum leirbotni með smá botngróðri hér og hvar, safnast mikið af þessu í nótina með kolanum, klessast því þarablöðin inn í botn vörpunnar, svo að hún verður þétt og heldur öllu, sem í hana kemur, leðju og smáfiskseiðum. Þegar þessu er svo hleypt úr á þilfar bátsins, er stærsti kolinn tíndur úr, en öllum smáseiðum, sem þá eru dauð, og rusli fleygt fyrir borð. Geta allir séð, hvaða áhrif þetta hefir á ungviði nytjafiskanna, sem alast upp í landhelginni“.

Ég ætla að staldra hér við lestur bréfsins og athuga í sambandi við þessar upplýsingar, hvaða þýðingu það hefir í sjálfu sér, sem verið er að tala um, að gefa út reglugerð um einhverja sérstaka möskvastærð á dragnótinni. Hv. þm. N.-Þ., sem sjálfur hefir verið við slíkar veiðar og kynnzt þeim af eigin reynd, upplýsti í fyrra — og það kemur alveg heim við umsögn oddvitans —, að það hefir ekki nokkra minnstu praktiska þýðingu, þó ákveðið sé eitthvert lágmark um það, hvað möskvinn megi vera stór. Það er bara hégómaatriði. Það hefir enga þýðingu út af fyrir sig, þó stj. gefi út slíka reglugerð, sem mér virðist, að nefndin sé að ýta undir hana að gera með nál.

Þá segir svo ennfremur í bréfi oddvitans: „Þó er, að mínu áliti, þetta ekki það versta við dragnótaveiðarnar. Hitt er verra og stórtækara og hefir lík áhrif fyrir fiskana í sjónum sem t. d. svartidauði hafði hér áður fyrir mennina, og það er, að þegar verið er að dragnótaveiðum á blautum botni, sem víða er innfjarða, þá hræra næturnar svo upp botninn, að sjórinn verður eintómt kolmó-

rautt grugg, líkt og for, sem borin er á tún, sem ungviðið lifir ekki í til lengdar; er því viss dauði þess, sem ekki nægilega snemma getur forðað sér nógu langt í burtu".

Til viðbótar við það, að dragnæturnar drepa svona ungviðið, þá eru áhrifin af röskuninni í botninum mjög skaðleg vegna fullorðna fiskjarins. Oddvitinn segir t. d., að eins og þar sé ástatt, sé þetta ekki aðeins hættulegt þeim svæðum, þar sem dregið er um. T. d. þar, sem er harður straumur, verki það þannig, að gruggið, sem dragnæturnar rusla upp í botninum, berist langt vestur með landi, jafnvel sé sjórinn gruggugur langt suður með öllu Miðnesi, þegar dragnætur eru notaðar við Vogastapa. Og dæmi segir hann að séu til þess, að þótt nógur fiskur sé í Garðsjó áður en gruggið komi, þá hverfi hann jafnskjótt og það komi. Skal ég í þessu sambandi benda á fleiri dæmi því til stuðnings, að hér sé rétt frá sagt.

Ég heyrði oft talað um það á þeim árum, þegar hér voru stundaðar mikið handfæraveiðar, að þegar fiskur var í göngum austur með söndum, þá fiskaðist vel á þeim skipum, sem voru á grynnstum sjó, því að þar var fiskurinn þéttastur. Þegar svo bar við, er fiskur var í göngu, að gerði austanrok, sem orsakaði mikið sandfok frá Rangárvöllum, þá hvarf fiskurinn af grynningunum og á haf út.

Ég get bent á það, að þegar botnvörpu- og dragnótaveiðar voru hér óþekktar, var það svo þarna suður með Vogastapa og í Leirusjó, að þegar gerði moldrok af landi, hvarf fiskurinn af grunnmiðunum. Og það er vitanlega sama, hvort sjórinn gruggast af moldroki af landi eða fyrir það, að leðjunni í botninum er rótað upp með dragnótum. Það hefir sömu afleiðingar. Svo að þær fullyrðingar um skaðsamleg áhrif dragnótanna á þennan hátt eiga við fullkomnar staðreyndir að styðjast.

Svo heldur oddviti Gerðahrepps þannig áfram:

„Ég, sem nú í 46 ár hefi stundað sjó, átt heima allan þann tíma við sjó og gert út allar tegundir veiðiskipa, frá mótorbát til togara, og því fylgzt með öllum breytingum á sviði útgerðar, get ekki skilið, hvernig á því getur staðið, að löggjafana skyldi henda það, að leyfa nú botnvörpuveiðar í allri landhelgi landsins. Það hlýtur að vera af því, að þeir eru flestir ungir og þekkja því ekki áhrifin, sem togarar gerðu á grunnmiðin, þá þeir komu hér fyrst til lands og skófu alla landhelgi hindrunarlaust, þar sem þá var lítil eða engin landvörn."

Það, sem hann segir hér um botnvörpuveiðar, á í raun og veru við dragnótaveiðar. Þetta skiptir þó ekki miklu máli, því að dragnætur skemma ekki minna en botnvörpur í þessu sambandi. Auk þess finnst mér skína í það í ummælum skipstjórans á varðbátnum fyrir Vestfjörðum, að það sé ekki útilokað, að dragnótabátar hafi líka hlera á veiðitækjum sínum. Það er það, sem Danir gera og Færeyingar, því að þeir hafa verið sektaðir fyrir það á Austurlandi að nota fleka við dragnótaveiðar.

Ég er kominn langt með bréf þetta. Skal ég þó lesa hér nokkuð til viðbótar úr niðurlagi bréfsins. Þar stendur:

„Það er sorglegt að vita til þess, að þegar búið er að kosta mörgum milljónum til landhelgisvarna og við nú eigum góð skip til að verja og nú er farinn að sjást mikill árangur af þeim vörnum, þá skuli sjálft löggjafarþingið leyfa botnvörpuveiðar í landhelgi allri. Það er grunur minn, að ef haldið verður áfram að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi, þá verði það til þess að leiða hungur og hallæri yfir fleiri byggðarlög en Gerðahrepp, en það er fyrirsjáanlegt hér.

Ég get ekki látið mér detta í hug annað en að þingið verði við þessari beiðni minni, þar sem nú er komin full reynsla fyrir því, að veiðar þessar gefa engan arð þeim, sem þær hafa stundað, heldur þvert á móti stórtap flestum".

Viðvíkjandi því, hve arðvænlegt það sé að stunda dragnótaveiði, bendir hann á það, að þegar svona var komið fyrir þeim við Garðsjó, að þeir gátu ekki aflað neitt með sínum venjulegu veiðarfærum, þegar búið var að eyðileggja miðin, þá tóku 2 bátar sig til og keyptu dragnótaveiðarfæri síðastl. sumar og stunduðu veiðar með þeim þar og annarsstaðar frá 15. júlí og fram eftir haustinu. Niðurstaðan varð sú, að þessar veiðar gáfu af

sér aðeins klippt og skorið fyrir olíunni, sem þurfti til að knýja bátinn við veiðarnar. Enginn afgangur til að borga annan kostnað og ekkert fyrir fyrirhöfnina. Þá er líklegt, að minni árangur hverfi í ginnungagap það, sem veiðarfæri og annað kostar, sem til slíkra veiða útheimtist.

Ég hefi nú bent á nokkur dæmi, sem sýna það, að hv. frsm. og n. séu farin að sveigja til hliðar í máli þessu frá því, sem áður hefir verið haldið fram. Nefndarmenn hafa, eins og kunnugt er, byggt á áliti fiskifræðinga í þessu efni. Það er sjálfsagt rétt að taka tillit til vísinda og rannsókna. En þar sem álit vísindamanna rekur sig svo grimmilega á reynslu manna, eftir þeim fengnu staðreyndum, sem hér ræðir um, um skaðsemdir dragnótaveiðanna, get ég ekki beygt mig svo fyrir vísindamönnum eða fræðimönnum, að ég loki augunum fyrir staðreyndunum. En fyrir þeim hafa þeir viljað loka augunum, sem viljað hafa rýmkun dragnótaveiðanna, sem hér ræðir um. En nú er það m. a. skýrt hjá hv. frsm., að hann vildi nú ekki eins undirstrika ályktun fræðimanna og ganga fram hjá staðreyndunum.

Mér finnst mál þetta horfa svo við nú, að ekki ætti að slaka svo til á þessum lögum sem nú er gert með bráðabirgðal., og þar sem alltaf bætist við ný og ný reynsla fyrir því, að hér sé stefnt til mesta ófarnaðar með því að gera nokkrar tilslakanir frá þessum l., þá ætti það ekki að enda þannig, að hæstv. Alþ., fulltrúasamkoma þjóðarinnar, fari nú að samþ. slíkar tilslakanir. Þar sem hæstv. Alþ. hefir á undanförnum árum fellt þessar tilslakanatill., ætti það nú, eftir meiri fenginni reynslu um skaðsemdir dragnótaveiðanna, að fella þær með enn meiri atkvæðamun en áður.

Eitt atriði vildi ég enn minnast á í ræðu hv. frsm. Hann sagði, að þeir menn hefðu sérstaklega horn í síðu dragnótaveiðanna, sem ekki fengjust sjálfir við þann veiðiskap, heldur hefðu aðkomumenn hann með höndum í nánd við þá. Ég hefi bent á það, að það hafa engu síður komið mótmæli frá þeim stöðum, þar sem heimamenn hafa tekið þátt í þessum veiðiskap. En viðvíkjandi þeim, sem ekkert hafa við hann fengizt til þessa, og því, að þeir gætu snúið sér að þessari veiði, vil ég segja það, að það er ófýsilegt að gera það, þar sem reynslan hefir orðið sú, að uppskeran af henni hefir orðið sáralítil og í mörgum, mörgum tilfellum hefir veiði þessi verið langt fyrir neðan það að bera sig. Mönnum er nokkur vorkunn, þó þeir fari ekki að braska við að afla sér þessara tækja. Hitt er eðlilegt, að menn leiti þess, að fá lagavernd gegn því tjóni, sem dragnótaveiðar valda mörgum mönnum hér á landi, og setji sig á móti slíkum tilslökunum, sem hér er um að ræða.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég ætla, að það hafi verið tekið fram við 1. umr. þessa máls, að ástæðan fyrir því, að bráðabirgðal. voru sett, var áskorun frá meiri hl. þm. í báðum d. Ég verð að segja það, að mér fannst ekki vera hægt að fara á móti slíkri ósk, jafnvel þótt þetta væri ekki gert á þinglegan hátt. En ef einhvern þeirra hv. þm., sem undir þessa áskorun rituðu, iðrar þess, þá er tími til að sýna það nú í verki, og mun það látið fyllilega reiðilaust af mér. En viðvíkjandi því, hvort nokkurt gagn hafi orðið að þessum lögum, vil ég benda á, að um það fer tvennum sögum. Ég held, að þess hafi verið getið við 1. umr., að fiskiritið Ægir segir, að þetta hafi orðið mörgum mikil hjálp í atvinnuleysinu. Ef það er rétt, þá er hér ekki unnið fyrir gýg. Það er alltaf nokkurs virði að veita hjálp í atvinnuleysi. Annars veit ég ekki fyrir víst, hvort þetta er rétt, en um það er deilt.

Ég hefi tekið eftir því, að n. telur, að reglugerð sú, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. bráðabirgðal., muni ekki hafa verið gefin út. En hún var gefin út 2. okt. f. á. og var birt í Stjtíð. Það stóð lengi á þessu, en stjórnarráðið beið eftir till. um möskvastærð o. fl. frá Fiskifélaginu.

Út af fyrirspurn hv. þm. N.-Þ. vil ég taka það fram, að ég vissi ekki, að mál þetta yrði tekið aftur á dagskrá í dag, og hefi því ekki athugað það atriði, sem hann spurði um. Skal ég taka þetta til athugunar fyrir 3. umr., og vona ég, að það sé nóg. Einnig skal ég athuga, hvort fært sé að bera fram brtt. samkv. ósk hans.

Ég sé það í hendi mér, að ef allar þess-

ar reglugerðir, sem út hafa verið gefnar, falla niður, verður lítið gagn að þessum l. Skömmu áður en þessi l. voru gefin út komu margir formenn til mín til þess að biðja um þau. Þessir menn fá ekki uppfylling sinna óska, ef reglugerðin fær ekki að standa. En svona eru skoðanirnar skiptar, að frá héraði, sem er mjög nálægt heimkynni þessara formanna, koma eins harðdræg mótmæli eins og hv. þm. Borgf. las upp.

Ég sé ekki annað en að meiri hluti þings verði að ráða hér úrslitum. En hvernig sem sá úrskurður verður, verður augsýnilega mjög greinilegur ágreiningur um réttmæti hans. Ef hér suður með sjó á að halda uppi banni gegn dragnótaveiðum í landhelgi, án allra tilslakana, er það sýnt, að þar verður að hafa varðskip að staðaldri. Og það getur orðið ríkinu dýrt.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég minnist þess, að haustið 1930 var mikið um það talað, hver forgangur væri orðinn í Miðnessjó og Garðsjó vegna dragnótaveiða. Þá var sótt svo fast á með veiðina, að nærri því horfði til vandræða. Og ég held, að þáv. dómsmrh. og þm. kjördæmisins hafi hvor í sínu lagi orðið að fara til þess að sætta hlutaðeigendur. Þetta sýnir, að sótt hefir verið fast á með það að fá leyfi til þessara veiða. Ég hygg, að það hafi með öðru ýtt undir þá, sem vildu slaka til frá ákvæðum l. í þessu efni, að menn vildu svo ákafir draga sig eftir þessari björg. Og ekki var búizt við því, að nein vandræði mundu af því hljótast.

Hv. þm. Borgf. er fylginn andófsmaður frv. um, að nokkuð sé slakað til í þessu efni. Ég hefi áður flutt þetta mál á þeim grundvelli, að hin ýmsu héruð landsins hefðu sjálfsákvörðunarrétt í þessu efni. Hann sagði, að ég væri farinn að fella mig við það. En upphaflega áleit ég, að héruðin ættu að hafa þennan sjálfsákvörðunarrétt um það, hvort dragnótaveiðar skyldi leyfa í landhelgi þeirra. Það virðist svo, að sumstaðar þar, sem horfið hefir verið að þessum dragnótaveiðum, hafi ekkert gagn af hlotizt, en þeir, sem það hafa gert, telji sig hafa haft af þeim ógagn eitt. Aftur þekki ég marga, sem telja sig hafa mikið gagn haft af þeim, en ekki hafa þó sent þinginu neitt skriflegt um það. Nú hefir hv. þm. Borgf. fengið nýtt gagn í málinu, þar sem er bréfið frá oddvitanum í Gerðahreppi. Ég álít, að þessi ágæti oddviti vilji sanna of mikið í málinu til þess, að maður geti reitt sig á, að hans álit sé óbrigðult í þessu efni. Hvers vegna er það, ef það kemur fyrst í ljós nú, að gruggið í sjónum fyrir Vogastapa er dragnótunum að kenna? Þetta grugg, sem sagt er, að spilli svo mjög fyrir fiskveiðum í Garðsjó, á að vera eingöngu af þessari ástæðu. Í Faxaflóa er búið að fiska ógrynni með veiðarfærum, sem ekki spilla botninum síður en dragnæturnar, á tímabili, sem er hátt upp í mannsaldur. Hvers vegna er þetta grugg í Garðsjó aðeins nefnt nú í sambandi við dragnótaveiðarnar, en ekki áður í sambandi við togaraveiðarnar? Annars sýnir orðalag bréfsins það, að bréfritaranum hættir til að ýkja, því að hann gerir engan mun á dragnótaveiðum og botnvörpuveiðum. Nú er það kunnugt, að þeir menn, sem hafa gert það að lífsstarfi sínu að rannsaka sjávarbotninn og lífið í sjónum, fiskifræðingarnir, hafa í ritum sínum gert greinilega upp á milli þess, hve mikið botnvarpa og dragnót skemma. Telja þeir dragnótina skemma hverfandi lítið hjá því, sem botnvarpan gerir. Hitt kannast ég við, að fyrir suðurströnd landsins er það algengt, að þegar fiskur gengur á grunnið, svo sem 3 faðma dýpi, í göngum og hvassviðri gerir og sandfok af landi, þá flýr fiskurinn frá landi. En þetta á ekkert skylt við gruggið í Garðsjó, og það er eðlilegt, að fiskarnir uni því ekki. Annars er það ekkert nýtt hér við Faxaflóa, að andstaða sé mikil á móti nýjum veiðiaðferðum. Hún hefir verið mjög æst á vissum tímabilum. Það er vitanlegt, að það var mikil andstaða gegn þorskveiðum í Faxaflóa á sínum tíma. Og þegar menn nú lesa allt það, sem sagt var þá um þetta, líta þeir það í allt öðru ljósi. Margt af því er jafnvel broslegt. Það hefir komið fyrir, að menn hafa haldið, að gufuskipaferðir mundu spilla fyrir fiskveiðunum. Svona öfgar í sambandi við veiðiaðferðir hafa aðallega átt heima hér við Faxaflóa. Mér finnst, að ályktun bréfritarans beri allmikinn svip af þessum öfgum, þar sem hann lík-

ir dragnótaveiðunum að skaðsemd fyrir ungfiskinn í sjónum við svartadauða hér á landi fyrr á öldum. Finnst mér því ekki hægt að hugsa sér að leggja álit oddvitans í Gerðahreppi sem grundvöll undir afstöðu Alþingis í einu og öllu um þetta mál.

Ég verð að biðja hæstv. dómsmrh. afsökunar á því, að ég hefi ekki séð þessa reglugerð, sem hæstv. ráðh. upplýsir nú, að hafi verið birt í Stjtíð., og skal ég þá um leið geta þess, að enginn af okkur sjútvnm. vissi um þessa reglugerð. Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði í sambandi við þessa reglugerð, að ákvæðið um möskvastærðina væri þýðingarlaust með öllu — og virtist hv. þm. fyrst og fremst byggja þetta á áliti oddvitans í Gerðahreppi, sem hann virðist hafa allt vit sitt í þessu máli frá — vil ég segja það, að þetta er út í bláinn mælt. Þótt botninn kunni að vera svo í einstökum tilfellum eins og hv. þm. lýsti, að hann loki fyrir allar glufur, er botnlagið þó ekki eins alstaðar, heldur sumstaðar sendinn botn, sem ekki sezt í veiðarfærin, enda mætti það undarlegt heita, ef Danir, sem eru með fremstu þjóðum í þessum veiðiaðferðum, hefðu sett þetta ákvæði um möskvastærðina algerlega út í bláinn. Sannleikurinn er líka sá, að þetta ákvæði um möskvastærðina er alstaðar sett af sömu ástæðum, til þess að koma í veg fyrir, að ungviðið drepist. Las ég hér í fyrra upp álit norsks vísindamanns, sem raunar heldur því fram, að ungviðið sé í fullu lífi eftir að því hefir verið hent í sjóinn aftur.

Hv. þm. Borgf. þóttist viss um, að þetta mál yrði steindrepið hér á þinginu að þessu sinni, og vildi hann jafnvel halda því fram, að sjútvn. væri nú á undanhaldi í málinu. Þetta er ekki rétt. N. stendur óskipt að frv. í öllum aðalatriðum, en tveir nm. hafa að vísu eitthvað að athuga við einstök atriði frv. Þrátt fyrir einstakar raddir, eins og oddvitans í Gerðahreppi, um það, að dragnótaveiðarnar valdi fiskileysi, sem alls ekki er sannað, og eins þótt einstakir menn hafi orðið fyrir vonbrigðum og ekki haft eins mikið gagn af veiðunum eins og skyldi, stendur sú staðreynd óhrakin eftir sem áður, að dragnótaveiðarnar, reknar af viti með hæfilegum tilkostnaði, auðvitað með því fororði, að sæmilegt verð fáist fyrir fiskinn, verða einn af bjargræðisvegum þeirra sjómanna, sem vilja nota sér þessi veiðarfæri og kunna með þau að fara. Byggir n. aðstöðu sína til málsins einmitt fyrst og fremst á þessu, og vill enda ekki heldur stuðla að því, að veiðarfærin, sem til eru í landinu, grotni niður, eins og hv. þm. Borgf. var að tala um, því að vitanlega grotna þau niður, ef mönnum er meinað að nota þau. Hvað við blasir í þessu máli á hina höndina, þá hefi ég oftsinnis bent þeim hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Þ. á það, að það er staðreynd, að 9/10 af kolaveiðunum hér við land lenda hjá Englendingum, en aðeins 1/10 fellur í skaut innlendra fiskiskipa, og áframhaldandi bann við að veiða kola í dragnætur stuðlar að því, að þessi ófarnaður haldist áfram. Þessarar staðreyndar mega andstæðingar frv. og allra tilslakanna á dragnótaveiðalöggjöfinni minnast, því að þrátt fyrir umkvartanir stýrimannsins á „Jóni Finnssyni“ og oddvitans í Gerðahreppi, verður kjarni þessa máls ávallt þessi hinn sami, hvort við eigum að halda áfram að ala kolann upp handa Englendingum eða ekki.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það má segja, að hv. frsm. hefir sótt í sig veðrið nú í sinni seinni ræðu frá því, sem var í fyrri ræðunni, því að nú var ræðutónn hans í þessu máli orðinn hinn sami og á undanförnum þingum. Ætla ég, að þetta stafi af því, að hv. frsm. hefir hlaupið nokkurt kapp í kinn, eins og gengur, og sé meir að marka hina fyrri ræðu hans um hið sanna innræti hans í málinu, því að hana flutti hv. þm. rólegur og áður en kappsemin hafði leitt hann í sama farveginn og á undanförnum þingum í þessu máli.

Hv. frsm. vildi nota það sem ástæðu fyrir að slaka á dragnótaveiðalöggjöfinni, að erfitt hefði reynzt að halda banninu uppi suður með sjó, enda hefði það verið brotið fyrir 2 árum. Í samræmi við þetta ætti þá vegna landhelgisbrotanna að leyfa Englendingum, Þjóðverjum og öðrum landhelgisbrjótum að veiða í landhelgi. Röksemdafærslan er jafnfjarstæð í hvorumtveggja þessum tilfellum.

Hv. frsm. kvaðst vilja standa á þeim grundvelli að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt héraðanna í þessum efnum. En hvað koma þá hv. frsm. til þess í vor að ganga hér um á milli þm., til þess að fá þá með undirskriftum til að skora á stj. að afnema þennan sjálfsákvörðunarrétt héraðanna? Ég ætla, að það sé nefnilega af slysni, að frv. tekur ekki þennan rétt af héruðunum til fulls, og hefir það að þessu leyti ekki náð þeim tilgangi, sem því var ætlað að ná, að láta stj. ganga í vatnið og slaka algerlega til á löggjöfinni og þannig að ganga í berhögg við yfirlýstan vilja Alþingis í þessu máli.

Hv. frsm. talaði um það mikla gagn, sem sumstaðar hefði orðið af dragnótaveiðunum. Hefi ég bent á það áður, að þetta gagn, sem á að hafa orðið af dragnótaveiðunum, er ekki mikið, þegar allt er athugað, sem hér skiptir máli, heldur sáralítið, því að ég vil ekki neita því, að eitthvað kunni það að vera. Það verður nefnilega að athuga, hvort ógagnið, sem dragnótaveiðarnar leiða yfir aðra, er ekki meira en gagnið, sem einstaklingar þeir, sem við þessar veiðar hafa fengizt, hafa af veiðunum, en ég hefi sýnt fram á það, að dragnótaveiðarnar valda stórmiklu tjóni fyrir þá alla, sem stunda fiskiveiðar með öðrum veiðiaðferðum. Það er lafhægt að færa rök að því, að togararnir hefðu gagn af því að veiða í landhelgi, en engu að síður er þeim þó bannað að veiða í landhelgi, af því að tillitið til hagsmuna allrar þjóðarinnar er látið sitja í fyrirrúmi fyrir tillitinu til hagsmuna einstakra togaraeiganda, sem gagnið af landhelgisveiðunum félli einum í skaut. Á nákvæmlega þessu sama byggist bannið gegn dragnótaveiðunum. Menn mega ekki loka augunum fyrir ógagninu, sem dragnæturnar valda, þegar talað er um gagnið af þeim, og við, sem stöndum á móti öllum tilslökunum á löggjöfinni, höfum einmitt fært óyggjandi rök fyrir því mikla ógagni, sem dragnótaveiðarnar hafa í för með sér fyrir aðrar veiðiaðferðir.

Hv. frsm. var eitthvað að tala um, að það væri undarlegt, að ekki hefði verið amazt við botnvörpunum suður með sjó um síðustu aldamót, þegar botnvörpuveiðar voru að byrja hér, á þeim grundvelli, að sjórinn gruggaðist upp og botnvörpurnar hefðu skaðvænleg áhrif á aðrar fiskiveiðar. Auðvitað grugguðu botnvörpurnar upp, þegar þær voru notaðar á sömu miðum og dragnæturnar eru notaðar á, en þegar togað var úti í flóa, gætti þess minna, að ég ekki tali um, þegar togað var á hörðum botni. Annars fæ ég ekki séð, að það geti verið neinn munur á því, hvort óhreinindin berast ofan úr landi eða þeim er rótað upp úr óhreinum botni, enda er það viðurkennt, a. m. k. að því er suðurströndina snertir, að þetta fæli fiskinn frá, og dragnótaveiðarnar eru að þessu leyti líka óheppilegar.

Hv. frsm. vitnaði í ýmsar samþykktir, sem fyrr meir voru gerðar viðvíkjandi þorskveiðum og gufuskipaumferð. Þótti mér hv. frsm. seilast helzt til langt til þess að geta komið þessu við í þessu máli, enda getur það varla verið deilumál, að botnvörpuveiðarnar eru mjög skaðlegar, einmitt af því, að þær drepa ungviðið jafnt og nytjafiskana. Er þetta og viðurkennt af öllum þjóðum með sérstakri löggjöf til þess að takmarka þessar veiðiaðferðir, og þýðir ekki að vera að vitna í þetta. Má og vitna í ýmislegt frá fyrri tímum, sem okkur nútímamönnum sýnist hafa verið ástæðulaust, og að ætla að heimfæra samþykktarbönnin gegn gufuskipaumferðinni undir þetta mál, nær því alls ekki marki.

Hv. frsm. vildi halda því fram, að ákvæðið um möskvastærðina væri til mikils öryggis í þessum efnum, og er það að vísu rétt, að slík ákvæði hafa sumstaðar verið sett, en engu að síður er það þó viðurkennt af öllum, sem til þessara mála þekkja, að ekkert lið er að þessu, af því að þegar botnvarpan er dregin upp, síast sílin ekki úr, varpan límist saman af sandi og leir og verður ein samfelld húð, svo að sílin komast ekki út, enda er ekki um þetta deilt af mönnum, sem þekkingu hafa á þessum veiðum. Það er því ekki hið minnsta lið í því, þótt sett séu einhver ákvæði um möskvastærðina í dragnótunum. Í löggjöf okkar um lax- og silungsveiði eru ákvæði um ákveðna möskvastærð, og þar koma þessi ákvæði að gagni, af því að smásílin komast út í gegnum möskvana, enda er lax- og sil-

ungsnetunum lagt í hreint vatn, en svo er ekki, þegar um dragnætur er að ræða.

Hv. frsm. lét orð falla um það, að ég hefði áður í þessu máli vitnað til reynslu annara þjóða, en léti mér nú nægja að vitna til oddvitans í Gerðahreppi. Að ég ekki nú hefi vitnað í erlenda reynslu, stafar fyrst og fremst af því, að ég hefi svo oft gert þetta áður, að ég hélt satt að segja, að þm. ætti að reka minni til þess, en að ég vitnaði í þessa innlendu reynslu þarna suður frá, var af því að sérstakt tilefni gafst til þess, þar sem það hefir einmitt verið notað sem höfuðröksemd fyrir bráðabirgðal., hversu mikið væri af þessum veiðum í Faxaflóa sunnanverðum.

Hér hefir oft verið vitnað til þess, hve Danir ættu mikla tekjugrein, þar sem dragnótaveiðarnar eru, en mönnum hefir hinsvegar eins og láðst að draga það fram jafnframt, að nú er svo komið um Dani í þessum efnum, að þeir hafa séð, að við svo búið mátti ekki lengur standa, og hafa þeir nú leitt í lög heimild fyrir viðkomandi héruð til að setja samskonar hömlur um dragnótaveiðar og í gildi eru hér á landi, en hv. frsm. vill fella niður. Í sambandi við dragnótaveiðar Dana er og gott að minnast þess, að þar er ekki nema um 2 fiskitegundir að ræða aðallega, kola og ýsu, sem dragnætur eru bezt lagaðar til að veiða. Skaðsemi dragnótanna kemur því þar ekki fram á sama hátt og hér, þar sem þetta er aðalveiðiaðferðin og eyðileggur því ekki fiskveiðar með öðrum hætti. Danir hafa þannig gagn af þessum veiðum, án þess jafnframt að þurfa að þola það ógagn, sem dragnæturnar leiða yfir aðra fiskimenn. Þetta verða menn að hafa í huga í þessu sambandi. Menn verða að gera sér ljóst, hvílíkt tjón dragnótaveiðarnar leiða yfir aðrar fiskiveiðar og þá alla, sem á þeim lifa, áður en farið er að leyfa hér dragnótaveiðar í algleymingi.

Björn Kristjánsson: Hv. þm. Borgf. hefir talað svo vel og skörulega fyrir þeim málstað, sem ég fylgi, að ég sé ekki ástæðu til að bæta við þetta nema nokkrum orðum, og vil þá fyrst þakka hv. frsm. fyrir það, að hann hefir vitkazt í málinu og sækir það nú ekki með sama kappi og á undanförnum þingum.

Hv. þm. Borgf. dró það rækilega fram, hve dragnótaveiðarnar hafa skaðvænleg áhrif á aðrar fiskveiðar. Við andstæðingar frv. leggjum sem sé aðaláherzluna á þetta, að skaðinn, sem af dragnótaveiðunum leiðir, sé miklu meiri en það gagn, sem þeim fylgir. Það má ekki líta eingöngu á málin frá sjónarmiði þeirra, sem hagsmuni hafa af dragnótaveiðunum, heldur verður líka að líta á þetta frá sjónarmiði þeirra annara, sem fá ekki að vera í friði fyrir þessum veiðum og bíða þeirra vegna stórskaða. Ennfremur benti hv. þm. Borgf. réttilega á það, að þessi rýmkun á löggjöfinni væri fyrst og fremst gerð fyrir Dani og Færeyinga, enda kom það og fram í ræðu hv. frsm., að stórir bátar væru of dýrir til þessara veiða, en minni bátar verða aðeins notaðir þar á landinu, sem gott er um samgöngur til að koma kolanum á erlendan markað, en svo hagar ekki til alstaðar á landinu, t. d. ekki á Norður- og Austurlandi, nema part úr sumrinu 1931, en hvorki áður né síðar.

Ef fara á að staðfesta þessi lög, tel ég ósæmilegt að gera það öðruvísi en svo, að héruðin hafi sjálfsákvörðunarrétt um það, hvort þau vilja leyfa dragnótaveiðarnar að einhverju leyti eða ekki, og með öllu óverjandi að troða slíkri rýmkun á dragnótaveiðunum upp á landshlutana, þótt þetta væri útlendingum til gagns.

Mér þótti leiðinlegt, að hæstv. dómsmrh. skyldi ekki hafa tök á að svara þeirri spurningu, sem ég lagði fyrir hann hér við 1. umr., en ég mun eftir atvikum láta mér nægja, að hæstv. ráðh. hefir gefið loforð um að flytja brtt. við frv., til þess að tryggja sjálfsákvörðunarrétt héraðanna, ef þessa skyldi reynast með þurfa. (**PO:** Við fellum frv. strax við þessa umr.). Ég get að sjálfsögðu tekið undir það með hv. þm. Borgf., að fella eigi frv. strax við þessa umr. En færi svo, að það takist ekki, verð ég þó að treysta því, að hæstv. dómsmrh. komi fram með brtt. í þessa átt, sem hann gaf undir fótinn með, — þ. e. a. s. ef hann kemst að þeirri niðurstöðu, að lögin hafi verið ranglega framkvæmd á síðasta ári

Hv. frsm., þm. Vestm., var að tala um það eins og stundum áður, að við, sem berjumst á móti því, að rýmkun verði

gerð, vildum helzt hlynna að útlendingum, sem taka 9/10 alls kola, sem veiddur er hér við land. Ég mótmæli ekki, að aflaskýrslurnar kunni að vera nærri sanni. En það er ekki sérstaklega vegna kolans sjálfs, sem ég berst á móti rýmkun dragnótaveiðanna, því í mínu kjördæmi stunda menn ekki skarkolaveiðar, eins og kunnugt er. Ég legg aðaláherzluna á friðun vegna þess, að ég veit, að þessar kolaveiðar gera stórskaða öðrum fiskiveiðum. Og þó við með friðuninni ölum upp eitthvað af kola handa útlendingum, þá sé ég ekkert athugavert við það. Hitt væri miklu athugaverðara, ef við leyfðum Dönum og Færeyingum að stórspilla fiskiveiðum uppi í landsteinum, til þess eins að spilla kolaveiði Englendinga utan landhelgi.

Ég ætla ekki að orðlengja meira, en vona, að hv. þm. sjái það vænlegast að fella þetta frv. þegar, svo að ekki þurfi að þræta um það á þessu þingi.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég tók eftir, að hv. þm. Borgf. hélt því sama fram nú sem áður, að möskvastærðin hefði litla sem enga þýðingu fyrir ungviðið. En þetta kemur algerlega í bága við það, sem fiskveiðadirektör Norðmanna, herra Bjerknes, hélt fram, þegar frv. var lagt fyrir norska þingið einmitt um að setja reglugerð um möskvastærð. Ég minntist á þetta í fyrra og las upp frv. þar að lútandi, til þess að sannfæra hv. þm. Hann hélt því fram, að takmarka ætti veiðina með reglugerð um möskvastærð. Hann bætti því við, að hann teldi kolann ekki saka, þótt veiddur væri í snurpinót oftar en einu sinni og strax sleppt aftur. Kveðst hann hafa komizt að þessari niðurstöðu á fiskirannsóknaferðum sínum. Mér virðist ekki þýðingarlaust í þessu máli, að slíku reglugerðarákvæði um möskvastærð er beitt í nágrannalöndum okkar, þar sem veiðar þessar hafa verið stundaðar miklu lengur en hér.

Þá vildi ég í sambandi við það, að ég ætti að vera horfinn frá þeim grundvelli, sem ég hefi staðið á í þessu máli, biðja hv. þm. að athuga frv., sem ætlazt er til að breyta, eins og það liggur fyrir. Ég sé ekki, að samkv. till. sjútvn. sé verið að ráðast neitt sérstaklega á sjálfsákvörðunarrétt héraðanna, ef frv. er samþ. Hvernig yfirvöld landsins eða aðrir kunna að skýra þetta mál, skal ég ekki um segja, en ég legg þó þann skilning í það, að hvorki ég né sjútvn. höfum ráðizt neitt með frv. þessu á ákvæði 8. gr. l. frá 7. maí 1928, svo að fullyrðingar hv. þm. Borgf. ná ekki til okkar í þessu efni.

Ég býst nú ekki við, að neinir álíti rétt að fella þetta frv. á þessu stigi málsins, nema þeir, sem eru æstastir andstæðingar kolaveiðanna, vitandi þó, að bannið kemur mest öðrum en Íslendingum til góða.

Það er ekki undanhald, þótt ég kannist við, að snurpinótaveiðar geti í sumum tilfellum komið eitthvað að sök gagnvart öðrum veiðum. Ég er ekki svo blindur að halda fram öðru en því, sem ég veit, að er rétt. En það verður sjálfsagt alveg eins að hausti, eða þegar líður á sumarið, að stór hluti sjómanna veit ekki, hvar helzt eigi að slá sér að. Það lítur ekki svo bjart út fyrir síldarútveginum, að ástæða sé að ætla, að það hallist fleiri á þá sveif en undanfarið. Þess vegna tel ég mjög varhugavert — svo að ég segi ekki meira —, þó að einhverjar óánægjuraddir heyrist gegn l. þessum, að fella þau ákvæði úr gildi, sem heimila ísl. vélbátum að draga sér björg með dragnótum þann hluta ársins, sem hér er gert ráð fyrir. Ég vona því, að hv. deild leyfi málinu til 3. umr. E. t. v. verður á þeim tíma tækifæri til að athuga, hvernig eigi að skýra frv. En mér finnst það satt að segja fyrir mitt leyti liggja ljóst fyrir, þegar það er borið saman við l.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég skal bara út af því, sem hv. frsm. sagði, að með þessu væri ekki gengið á sjálfsákvörðunarrétt héraðanna, benda á sem dæmi, að samkv. þessu frv. er tekinn einn og hálfur mán. af þeim tíma, sem héruðin hafa nú ráð yfir að ákveða, hvort dragnætur skuli notaðar eða ekki. Þegar í þessu atriði er gengið mjög hastarlega á ákvörðunarrétt héraðanna. Og þegar dragnótaveiðar eru opnaðar einmitt frá miðjum júlí til ágústloka, þá er það beinlínis til þess að kalla á Dani og Færeyinga inn í ísl. landhelgi, sem nú hafa sama rétt til fiskveiða hér við land og landsmenn sjálfir. Það hljóta allir að sjá, að

hér er um fullkomna réttarskerðingu að ræða, og hana hættulega. Vitanlega er líka meiningin með þessu — það sýnir framkvæmd l. í sumar sem leið — að hefja upp með þessu allan sjálfsákvörðunarrétt, sem um er að ræða í þessu efni.

Hv. frsm. sagði, að þetta kæmi útlendingum að góðu; þeir veiddu 9/10 af kolanum, sem veiddur er í nánd við Ísland. Hvers vegna? Vitanlega af því, að Íslendingar, sem stunda veiðar utan landhelgi, álíta arðvænlegra að stunda þorskveiðar en kolaveiðar. Þess vegna leggja þeir ekki líkt kapp á kolaveiðar og t. d. Englendingar.

Ennfremur vil ég út af skrafi hv. þm. um það, að við viljum friða kolann fyrir útlendingum, benda honum á það, sem er fullkomin staðreynd í þessu máli. Við það að vera að rótast með dragnótum inni á flóum og fjörðum, þar sem þorskur, ýsa og annar nytjafiskur hefst við á grunnmiðunum, þá er fiskurinn fældur og hrakinn út fyrir landhelgina. Og hvert? Beint í kjaftinn á útlendu veiðiskipunum, sem eru utan við landhelgilínuna. Þetta er kannske alvarlegri hlutur en menn gera sér grein fyrir hér á hv. Alþingi. En ég hefi viljað gera mitt til, að öll alvöruhlið þessa máls yrði uppmáluð fyrir fulltrúum þjóðarinnar áður en þeir rétta upp hendurnar til úrslita um það, hvort eigi að leiða þennan ófögnuð inn í þjóðfélagið eða ekki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PHalld, StgrS, SvÓ, VJ, BSt, BÁ, GÍ, HG, HV, JJós, JÓl, LH, MG, MJ.

nei: PO, SvbH, ÞorlJ, BKr, HStef, HJ, IngB, JAJ, JónasÞ, JörB.

Þrír þm. (TrÞ, BJ, ÁÁ) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 14:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:7 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Björn Kristjánsson: Ég skal lofa því að þreyta d. ekki með langri ræðu. Ég sé ekki, að það hafi nokkra þýðingu að endurtaka þau rök, sem fram hafa verið borin bæði með og móti. Málið er orðið þrautrætt bæði á þessu og öðrum þingum. En ég stóð einungis upp til þess að endurtaka þá fyrirspurn mína til hæstv. dómsmrh., sem ég gerði bæði við 1. og 2. umr. málsins, hvort hin alfriðuðu svæði, sem voru áður en bráðabirgðal. gengu í gildi, haldi áfram að vera alfriðuð, þótt þetta frv. verði samþ., eða hvort friðunin sé þá þar með upphafin. Ég þykist ekki í neinum vafa um, að þessi friðun hljóti að halda áfram, því að ég sé ekki, að ákvæði bráðabirgðal. geti afturkallað friðunina, þar sem hún var komin á áður en l. voru gefin út. En ég vil, að það komi fram í umr., hvaða skilning hæstv. stj. hefir á þessu. Ég sé, að hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur og því ekki að vænta, að hann gefi neitt svar við þessu, og verð ég þá að líta svo á, að það sé viðurkenning á því, að minn skilningur sé réttur.

Forseti (JörB): Hæstv. dómsmrh. getur ekki verið viðstaddur hér nú, og fresta ég því umr. um stundarsakir.

Síðar á sama fundi var fram haldið 3. umr. um frv.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er út af fyrirspurn hv. þm. N.-Þ. við 2. umr. Hann skýrði frá því, að hann hefði sett sig í samband við stjórnarráðið í sumar og þá fengið það svar, að felldar væru niður þær reglugerðir eða samþykktir, sem hefðu verið gerðar viðvíkjandi þessu máli. Ég hefi síðan grennslazt eftir þessu í stjórnarráðinu og séð, að 19. júlí í sumar hefir komið fyrirspurn frá þessum hv. þm. um það, hvort sú alfriðun, sem þá gilti á Skjálfanda, Axarfirði og Þistilfirði, væri fallin úr gildi. Ég var ekki viðriðinn samningu þessa svars, en ég vil benda hv. þm. á það, að sú reglugerð, sem gildir fyrir Þingeyjarsýslu, er frá 26. febr. 1932. Og í þeirri reglugerð er ekki ákveðin friðun nema frá 1. sept. til 30. nóv., sem er alveg eðlilegur hlutur, þegar tillit er tekið til ákvæða þeirra, sem þá giltu viðvíkjandi dragnótaveiði. Þeg-

ar því hv. þm. gerir sína fyrirspurn hinn 19. júlí í sumar, þegar búið var að leyfa dragnótaveiðar frá 15. júlí, þá er svarið að því leyti rétt, að þessi strandlengja meðfram Skjálfanda, Axarfirði og Þistilfirði var ófriðuð þá. En hitt má vera álitamál, hvort rétt sé, að þessar reglugerðir hafi fallið niður; um það skal ég ekki deila neitt. Það má taka til athugunar, ef þetta frv. kemst á. — Ég vil benda hv. þm. á, að það er ekki um margar reglugerðir að ræða; þær eru hvergi nema viðvíkjandi Þingeyjarsýslu og við Faxaflóa sunnanverðan. Og þar var það einmitt, við Faxaflóa, að þessi deila reis út af friðuninni, og kvað svo rammt að, að það var beinlínis gerður samningur við menn, sem höfðu brotið lögin, um að borga einhverjar bætur fyrir sín lagabrot. Ég fer ekki frekar út í það, en vil benda á, að með þessum bráðabirgðal. var það tilgangurinn að heimila þessum mönnum að veiða yfir sumartímann.

Annars er mér sagt, að ýmsir af þeim hv. þm., sem skrifuðu undir áskorunina á síðasta þingi, séu nú komnir á aðra skoðun, og eru þá séð fyrir forlög þessa frv. Ekki geri ég að neinu kappsmáli, hvað gert verður. En ekki get ég neitað, að mér sýnist dálítið undarlegt að vera alltaf að hringla í þessum l.

Ég vona svo, að hv. þm. N.-Þ. sé ánægður með þetta svar, og sé ekki ástæðu til að taka afstöðu til þessa spursmáls viðvíkjandi endanlegu brottfalli reglugerðanna, fyrr en ég sé um forlög þessa máls, en undirstrika, að svarið, sem hv. þm. fékk þ. 20. júlí, það var á þeim tíma rétt.

Björn Kristjánsson: Ég þakka hæstv. ráðh. svarið við fyrirspurninni, en þó er það ekki að öllu leyti fullnægjandi. Ég skil það nú, að svarið, sem ég fékk frá ríkisstj. í júlí, var að því leyti rétt, að leyfilegt var að veiða á þessu svæði, sem friðað var með reglugerðinni frá í fyrra, á tímabilinu frá 15. júlí til 1. sept., úr því að bannið, sem sett var eftir henni, gekk ekki í gildi fyrr en 1. sept.

En það, sem mig langaði til að vita og spurði um, var það, hvernig ríkisstj. mundi framvegis líta á, ef þessi l. verða samþ., hvort okkar alfriðun helzt í gildi eða ekki. Mér skildist þá ráðh. búast við, að þetta sé óþarfa spurning, af því að frv. muni falla. Þess vildi ég óska. En ef svo færi, að það yrði samþ. og afgr. til Ed., þá er ekki útilokað að koma við breytingum, sem ganga mættu til alfriðunar, ef hæstv. stj. lítur ekki svo á, að okkar alfriðun sé í gildi, ef frv. er samþ.

Ég vildi óska, ef hæstv. ráðh. sér sér fært að svara þessari spurningu ákveðið, að hann gerði það nú. Ef hann er ekki við því búinn, verður náttúrlega þar við að sitja.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ef svo fer, að þetta frv. verður samþ. og reglugerð fyrir Þingeyjarsýslu stendur óbreytt, þá verður hægt að veiða fyrir Þingeyjarsýslu frá 15. júlí til 1. sept.; það hlýtur hv. þm. að sjá, vegna þess að þessi reglugerð á að gilda frá 1. sept. til 1. nóv. Þess vegna get ég ekki séð, að hv. þm. hafi neina interessu að fá svar við þessari spurningu. Ef Þingeyingar vilja friðun, þá verða þeir að fá nýja reglugerð, og þá verður það spursmál tekið til athugunar, hvort það sé yfirleitt hægt. Ég get sagt það strax, að ég álít það hægt.

Björn Kristjánsson: Það er fyrst nú, að ég fæ að heyra, að þessi reglugerð alfriðar eingöngu á tímabilinu frá 1. sept. til ársloka. Úr því að svo er, þá legg ég miklu meira kapp á að fá þessi l. drepin eða þeim breytt í Ed. Annars þótti mér vænt um að heyra, að hæstv. ráðh. sér ekkert til fyrirstöðu því, að reglug. okkar Þingeyinga yrði breytt. En ég vil benda á, að ríkisstj. orðaði reglugerðina og hagaði framkvæmdum eins og hæstv. ráðh. skýrði frá; Þingeyingar skoruðu aðeins á stj. að alfriða umrædda flóa, af því að þeirra vilji er að fá þessi svæði algerlega varin fyrir dragnótaveiði allt árið. Og það er ekki þeirra sök, þó orðalag þessarar reglugerðar sé svo óheppilegt, að það gefi útlendingum veiðirétt á alversta tíma. Það er auðvitað verst af öllu, ef veiðin er heimiluð frá 15. júlí til 1. sept. Það er sá tími, sem mestar aflavonir eru á Norður- og Norðausturlandi, og dragnótaveiðin þar af leiðandi langskaðlegust. Fyrir útlendinga er þessi tími hinsvegar einkar hentugur.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það getur vel verið, að undirbúningurinn hafi verið sá, sem hv. þm. N.-Þ. nefndi. En þessi reglugerð var birt í stjtíð., svo allir hafa aðgang að henni og eiga að þekkja hana.

Ég er hv. þm. sammála um það, að reglugerðin er, eftir að l. hefir verið breytt, alveg þýðingarlaus. Þess vegna er ekki til neins að leggja áherzlu á hana út af fyrir sig. Ástæðan til þess, að í reglugerðinni er tiltekinn tíminn frá 1. sept. til 1. nóv., var sú, að áður voru dragnótaveiðar bannaðar til 1. sept. Með bráðabirgðalögum voru dragnótaveiðar leyfðar frá 1. júlí til 1. september, og við það kom, ef svo má að orði kveða, þetta gat í reglugerðina. Aðalatriðið er þetta, að reglugerðin var rétt samin og fullnægjandi á meðan lögin voru óbreytt, en varð þýðingarlaus þegar búið var að breyta lögunum.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það eru aðeins örfá orð. Ég tók eftir, að hæstv. dómsmrh. sagðist búast við, að sumir þeirra, sem í fyrra skrifuðu undir áskorun til hæstv. stj. um að setja bráðabirgðalögin, væru e. t. v. horfnir frá því að fá þau samþ. nú. **(Dómsmrh.:** Einn hefir sagt mér það sjálfur). Það er nú vitanlega hver sjálfráður um sína skoðun á þessu máli. En ég vil benda á, að það er einstakt þroskaleysi að binda afstöðu sína til þeirra löggjafaratriða, sem fiskveiðamálin snerta, eins og það, sem hér er um að ræða, við það, hvernig til hefir tekizt eitt einstakt ár á því sviði. Við vitum, að það gengur svona upp og niður með allar fiskiveiðar. Og ég vona fastlega, að þó segja megi, að vonir manna um mikinn afrakstur af dragnótaveiðunum hafi ekki rætzt til fulls á síðasta ári, þá verði það atriði ekki látið ráða niðurlögum þessa máls.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég vildi aðeins, af því hv. þm. Vestm. var að tala um þroskaleysi, benda á það, að það var mjög átakanlegt þroskaleysi, sem kom fram í því, að rétt um þingslit í fyrra skyldi nokkrum hv. þm. vera hóað saman til þess að undirskrifa áskorun til stj. um að gera það, sem þingið var nýbúið að fella. Slíkt þroskaleysi getur aldrei orðið langvarandi, og þess vegna þarf það engum að koma á óvart, og verður að teljast beint þroskamerki, ef þingið verður nú sjálfu sér samkvæmt og fellir þetta mál, eins og það hefir áður gert.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég vil minna hv. þm. Borgf. á það, að þó mál þetta væri fellt á síðasta þingi hér í hv. d., þá er vitanlegt, að þingvilji var fyrir framgangi þess. Það var aðeins af því, að það vantaði einn hv. þm. í d., þegar atkvgr. fór fram um frv., að það fór sem fór. Þess vegna var það, sem gert var eftir þing, í fullu samræmi við þingviljann.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Þetta er alveg rangt, sem hv. þm. segir um þingviljann. Ég held, að það hafi verið vilji fyrir því hjá einstökum þm. að láta stj. ganga í vatnið í þessu máli, og það gerði hún, þvert ofan í samþ. þingsins.

ATKVGR.

Frv. fellt með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JÓl, MG, MJ, SvÓ, VJ, ÁÁ, HV.

nei: IngB, JAJ, JónasÞ, LH, PHalld, PO, StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BKr, H-Stef, HJ, JörB.

Sex þm. (ÓTh, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HG) fjarstaddir.

2. Vigt á síld.

Á 21. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld (þmfrv., A. 134).

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég vil aðeins beiðast þess, að málinu verði vísið til 2. umr. Ég geri sjálfur ekki uppástungu um að vísa því í n., tel það óþarft, en set mig ekki á móti því að vísa því í sjútvn., ef aðrir stinga upp á því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 327).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): F. h. sjútvn. hefi ég fátt að flytja annað en það, sem fram kemur í áliti hennar á þskj. 327. Málið er í sjálfu sér einfalt og ekki mikils um vert. Það er aðeins lítilfjörleg breyt. á l. frá 1930 um vigt á bræðslusíld. Í frv. er gert ráð fyrir, að fortakslaust verði boðið að vega síldina, hvernig sem á stendur.

N. lítur svo á, að þetta geti þó því aðeins staðizt, að síldin sé afhent á landi, en ekki á sjó. Það hefir að vísu ekki tíðkazt hér ennþá, að bræðslusíld væri afhent á sjó úti eða í bræðsluskip, en það er alls ekki óhugsandi, að svo geti orðið síðar, t. d. að hingað til lands komi fljótandi bræðslustöðvar, eins og Norðmenn hafa nú.

Það er alveg augljóst, að vigtun á síld í skipum, sem ef til vill liggja á kvikum sjó, getur ekki verið öruggari en mæling, nema síður sé. N. vill því gera þá breyt. á fyrirmælum frv., að heimilt sé að mæla bræðslusíld, þegar afhending fer fram á skipsfjöl eða þar, sem nothæf vog er eigi tiltæk.

Þetta er í raun og veru sú aðalbreyt., sem n. leggur til, að gerð verði á frv. Hún hefir þó einnig gert till. um að breyta sektarákvæðunum í 2. gr. og færa þau nokkuð niður. N. virðist sem þau ákvæði, er nú gilda eftir l. frá 1930, séu hófleg og leggur því til, að 2. gr. verði breytt þannig, að í staðinn fyrir 200—20000 kr. sekt komi 50—5000 kr. sekt. Virðist n. þau sektarákvæði hæfileg til varnaðar brotum á þessum l. En sé að ræða um brot á þessum lagafyrirmælum í sviksamlegum tilgangi, þá koma slík brot til álita í sambandi við önnur l. og verða þá að sjálfsögðu metin misjafnlega saknæm eftir fyrirmælum þeirra laga.

Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram fyrir hönd n. og álít líka, að málið sé svo einfalt, að um það þurfi ekki lengi að deila.

Vilmundur Jónsson: Ég verð að segja, að þessi afgreiðsla n. er einstök. N. segist leggja til, að frv. verði samþ., en till. hennar eru í raun og veru þær, að frv. verði fellt, því að ef till. hennar verða samþykktar, þá eru ákvæði frv. að engu gerð.

Þegar l. um vigt á síld voru sett fyrir nokkrum árum, varð það ofan á í n. að hafa skilyrðislaust ákvæði um það, að síldin skyldi vegin, en á síðustu stundu var þessi fleygur settur í l., sem ég vil nú fá felldan í burtu. Hv. 1. þm. S.-M. lét þá gabba sig til að gína við þeim fleyg og samþ. þessa undanþágu, sem síðan hefir verið notuð og gefizt mjög illa, sem kunnugt er orðið. Nú hefir n. öll fallizt enn á ný á, að réttara sé að vega síld en mæla hana, en samt hefir hún eftir sem áður látið ginnast af þessum sama fleyg og vill setja það inn í frv., að síld megi mæla, ef vog er ekki tiltæk. Þetta þýðir auðvitað sama sem það, að verksmiðjurnar geti mælt síldina, ef þær vilja, því að ef einhverri verksmiðju þóknast ekki að hafa vog, þá er hún ekki tiltæk, og þá er heimilt að mæla síldina. Ég ætla, að hv. 1. þm. S.-M. gerist nú gamlaður, ef hann getur ekki skilið, hver hringavitleysa þetta er.

Ég vil því mjög mælast til, að fyrri brtt. n. sé felld, ef n. vill ekki gæta þeirrar skynsemi, að taka hana aftur. Og það er raunar alveg óhætt að fella brtt. í heilu lagi. Enn eru óþekktar fljótandi bræðslustöðvar hér við land, og því kemur ekki til, að síld verði afhent á skipsfjöl. Og þó að til þess kæmi, þá álít ég ekki nema rétt og sjálfsagt að skylda slík skip til að hafa vog. Það er alveg eins mikið rúm fyrir vog á þilfari skips eins og á bryggju, svo að það er engin ástæða til að veita þesshättar skipum slíka undanþágu.

Ég mun því bera fram skrifl. brtt. við brtt. n., um að orðin „eða þar, sem nothæf vog er eigi tiltæk", falli burt. Það er alveg meiningarlaust að láta þau standa. En höfuðkrafa mín er, að n. taki þessa dæmalausu till. sína aftur.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 363) leyfð og samþ. með 14:1 atkv.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Hv. flm. mæltist til þess, að n. tæki till. sínar aftur, og get ég svarað þessu fljótlega, og svara því á þá leið, að n. mun ekki sjá sér fært að taka brtt. aftur, enda lít ég svo á, að ef brtt. n. verða felldar, sé skylt og nauðsynlegt að fella frv. Kemur ekki til mála að samþ. frv. óbreytt.

Út af þeim ummælum hv. flm., að sama ástæða sé til að lögbjóða vog á skipsfjöl eins og á landi, vil ég aðeins benda á það, sem ég þó veit, að hv. flm. er fullkunnugt, að vog nýtur sín ekki á kvikum sjó vegna hreyfinga skipsins eftir öldufallinu, og það er sérstaklega vegna þessarar staðreyndar, að n. leggur til, að veitt verði undanþága frá að vega bræðslusíld, ef afhending síldarinnar fer fram á skipsfjöl eða þar, sem nothæf vog er ekki tiltæk, svo sem í bátum, og þar sem ekki heldur er æskilegt, að vog sé notuð. — Þessi deila, sem staðið hefir um mælingu eða vigtun síldar, er ekki mikilsvert atriði, og hvorttveggja má auðvitað svíkja, vog og mæliker. Ef mælingin er svikin, má líka svíkja vigtunina, og ströng ákvæði um það, að vega skuli síldina, fyrirbyggja það ekki, að hrekkvíslega megi að mælingu eða vigtun vinna. En með því að hér er um svo smávægilegt mál að ræða, vil ég ekki gefa tilefni til, að miklum tíma verði eytt í umræður um það eða afgreiðslu þess, og skal ég því ekki fara lengra út í þetta. Ef till. n. verður felld, mun ég greiða atkv. gegn frv., af því að ég álít, að það muni fremur verða til ógagns en gagns, ef það verður lögfest óbreytt eins og það liggur fyrir. — Ummæli hv. flm. út af afskiptum mínum af máli þessu á síðasta þingi ætla ég ekki að svara í þessu sambandi, en vil aðeins minna á það, að þá var líka talið, að nauðsynlegt væri að heimila undanþágur frá að vega síldina, og var þó aðiljum þá ókunnugt það, sem nú fyrst er kunnugt orðið í seinni tíð, að farið er að nota fljótandi bræðslustöðvar úti á rúmsjó. En einmitt vegna þess er óforsvaranlegt að lögbjóða fortakslaust, að alla síld skuli vega, eins þá, sem afhent er á skipsfjöl, og þess vegna er það líka fyrst og fremst praktiskt atriði að hafa þessa undanþágu, sem n. leggur til með brtt. sinni.

Vilmundur Jónsson: Hv. frsm. láðist að skýra frá því, hvaða afstöðu hann og n. hefir til brtt. minnar, og eins, hvað n. á við með orðunum „heimilt skal þó að mæla bræðslusíld — þar, sem nothæf vog er ekki tiltæk". Hvort n. eigi við það, að vog skuli nota alstaðar nema á skipsfjöl, eða hvort ef til vill eigi að skilja þessi orð svo, eins og sumir halda, að vog þurfi ekki að nota þar, sem hún er ekki til nú eins og stendur. — Ég skal ekki neita því afdráttarlaust, að ástæða geti verið til að undanskilja skipin í þessu efni, en hinsvegar finnst mér, að slík lagasetning geti beðið, unz eftir henni er kallað. Enn eru hér við land engar fljótandi bræðslustöðvar, og reyndar ekki miklar líkur til, að þær komi, á næstunni a. m. k. Hinsvegar er á það að líta, að allar verksmiðjur hér á landi, nema ein, hafa vog, og deilan stendur því í raun og veru um það, hvort þessari einu verksmiðju eigi að gefa möguleika til þess áfram að skjóta sér undan þessari kröfu um að hafa vog, kröfu, sem n. þó sjálf telur sanngjarna, og enda einu tryggginguna, sem hægt er að hafa í þessum efnum. Ég geri það ekki að kappsmáli, að brtt. n. verði felld, en ég vil brýna það fyrir d. að samþ. brtt. mína, svo að það sé tryggt, að undanþágan nái aðeins til skipa, sem taka við síld úti á sjó. — Sektarákvæðin skal ég ekki heldur gera að kappsmáli, en ég get þó ekki neitað því, að mér finnst það vera hótfyndni úr n. að vera að gera till. um að lækka hið lága sektarlágmark, sem ég hafði sett, enda hefir dómari það í hendi sinni að ákveða, hvað sektirnar skuli miklar í hverju einstöku tilfelli. Með tilliti til þess, að skakkað getur tugum þúsunda vegna sviksamlegrar notkunar á vog og mæli við afhendingu síldar, vil ég hinsvegar segja það, að mér sýnist ekki mega minna vera en að sektirnar séu ákveðnar háar við slíkri misnotkun. — Ef veita á undanþágu frá að vega síld, þarf og auðvitað jafnframt að setja í l. ákvæði um eftirlit með mælingunum, eins og er um eftirlit með vigtun með ákvæðum gildandi l. um vigt á síld. Ákvæði l. mæla svo fyrir, að löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir sem þörf er á, séu jafnan til taks til þess að hafa eftir-

lit með síldarvigtuninni, og ef veita á heimild til að mæla síldina, verður að setja tilsvarandi ákvæði um eftirlit með mælingunum, sem löggiltir, eiðsvarnir mælingamenn hafi á hendi. Er slíkt engin hæfa, að strangari ákvæðum sé beitt við vigtun, sem er tiltölulega auðvelt að gera rétt, en við mælingu, sem er erfitt, ef ekki ókleift að gera rétt. Ég beini því þess vegna til n., að hún taki það til athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki sé rétt að setja ákvæði í frv. um þetta, ef undanþágan skyldi verða samþ.

Ég vil svo að lokum beina því til hæstv. stj., hvað Hesteyrarmálinu líði, hvort stj. ætli ekki að áfrýja málinu til hæstaréttar, eða hvort þegar sé búið að því. Almenningur hefir fylgt þessum málum með mikilli athygli, og er æskilegt að fá upplýsingar um þetta frá hæstv. ráðh.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru fáir dagar síðan ég lýsti því yfir hér í d., að allt væri enn óafgert um það, hvort Hesteyrarmálinu, sem hv. þm. Ísaf. kallar svo, yrði áfrýjað til hæstaréttar eða ekki. Hefi ég ekki haft tóm til að athuga málið enn, og ætti hverjum manni að vera auðsætt, að í mestu annatímum þingsins er ekki tími til að taka ákvarðanir í eins umfangsmiklu máli sem þessu.

ATKVGR.

Brtt. 363 felld með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÞ, StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, BKr, HG, HV, IngB.

nei: JÓl, LH, MG, MJ, PHalld, SvÓ, TrÞ, GÍ, HStef, HJ, JJós, JAJ.

JörB greiddi ekki atkv.

Sex þm. (ÓTh, PO, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ) fjarstaddir.

Brtt.327,1 samþ. með 14:6 atkv.

Þá fór fram atkvgr. um 1. gr., svo breytta, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, PHalld, SvÓ, ÞorlJ, GÍ, HStef.

nei: MJ, HJ, JörB.

HV[1]), JónasÞ, StgrS, SvbH, VJ[2]) BKr, HG[3]) greiddu ekki atkv.

Átta þm. (IngB, ÓTh, PO, TrÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ) fjarstaddir.

Þar sem ekki fékkst meiri hl. atkv. fyrir samþykkt gr., úrskurðaði forseti, að hún væri fallin og frv. þar með úr sögunni.

3. Innflutningshöft (afnám).

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi (þmfrv., A. 96).

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 9. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Þegar nýja reglugerðin um innflutningshöftin var sett seint á árinu 1931, var sú ástæða færð fram fyrir setning hennar, að Landsbankinn átti í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar erlendis um næstu áramót. Er þó strax augsýnilegt, að þessi ástæða var einskis virði, því að í okt., þegar innflutningshöftunum var skellt á, var þegar orðið svo áliðið, að höftin gátu ekki haft nein áhrif á afkomu bankans um áramót, því að meiri hl. þess, sem inn er flutt í landið, er keypt með greiðslufresti um lengri eða skemmri tíma, svo að kröfurnar á bankann voru þegar til orðnar erlendis þegar innflutningshöftunum var smellt á.

Það kom og fljótt í ljós, að höftunum var ætluð lengri æfi, enda hafa þau nú staðið síðan í okt. 1931. Ég skal nú ekki gagnrýna þetta út af fyrir sig. Það getur verið réttmætt að gera á vissum tímum ráðstafanir, sem maður er ekki ánægður með almennt. Það var eðlilegt, að menn óttuðust, að gjaldeyri gæti orðið hætt, og líklegt, að þessar ráðstafanir hafi verið róandi.

1) HV: Þar sem búið er að ónýta frv. með því að samþ. brtt. n., greiði ég ekki atkv.

2) VJ: Með sömu grg. og hv. 2. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

3) HG: Af sömu ástæðum og hv. 2. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

Hinsvegar tel ég mjög hæpið, að heimilt hafi verið að nota hin 13 ára gömlu lög á þennan hátt. Síðan 1920 hafa orðið miklar sveiflur á öllum sviðum, og þingvilji þá er auðvitað alveg einskisvirði nú.

Ég vil líka benda á þá mikilverðu staðreynd, að stjórnin, sem setti innflutningsnefndina á laggirnar 1921, treysti sér ekki til að byggja á lögunum frá 1920, heldur efndi til haftanna með bráðabirgðalögum í apríl 1921. Er auðsætt, að stjórnin hefir ekki talið lögin frá 1920 fullnægjandi grundvöll undir nefndarskipun og reglugerð. Þingið 1921 vildi svo ekki samþ. þessi bráðabirgðalög, og gengu þau því úr gildi. Var farið fram á, að aðallögin yrðu numin úr gildi líka, en nefndin lagði á móti því að svo stöddu, en lét bóka, að þau mættu haldast fyrst um sinn, með því skilyrði, að óþarfar vörutegundir einar væru bannaðar. Hér er átt við vörutegundir, sem eru ónauðsynlegar yfirleitt, en ekki nauðsynjavörur, sem stj. gæti dottið í hug að banna, af því að svo mikið væri til af þeim í landinu.

Stjórnin 1921 hefir því ekki treyst sér til að byggja á ársgömlum þingvilja í þessum efnum, en stj. nú byggir á honum 13 ára gömlum, þrátt fyrir þann skilning, sem nefndin lét þá í ljós á lögunum. Því virðist stjórninni tvímælalaust hafa borið skylda til að bera fram bráðabirgðalög um þetta nú.

Þessi höft hérna eru vitaskuld ekkert annað en lítill angi af þeirri haftastefnu, sem nú ríkir í þeirri veröld, sem Lloyd George hefir nýlega líkt við vitlausraspítala, þegar litið væri á höftin og innflutningstollana. Það er einhljóða álit allra hinna beztu manna, að eina leiðin út úr kreppunni sé að afnema þetta hvorttveggja. Ég las nýlega grein eftir fjármálafræðinginn Keynes, og þar segir hann, að ef fjármálastefna geti létt þessu hvorutveggju af, sé kreppan búin. Vitanlega verður þetta að gerast af öllum, ef að haldi á að koma, og við einir orkum þar engu. En fordæmi annara þjóða í þessum efnum er jafnlítt lofsvert fyrir því.

Það, sem vakir fyrir mönnum með innflutningshöftum, er venjulega einkum tvennt. Fyrri ástæðan, og sú, sem ef til vill hefir vegið mest hér, er sú, að bæta verzlunarjöfnuðinn. Hin ástæðan, sem verið hefir þung á metunum erlendis, er sú, að með þessum hætti hafa menn ætlað, að innlendur iðnaður og framleiðsla efldist og atvinna ykist. Auk þess hafa verið taldir smærri kostir, t. d. að kaupmenn geti minnkað vörubirgðir sínar, þ. e. a. s. sullað vörunum í fólkið, og að skuldir við útlönd minnki.

Um verzlunarjöfnuðinn er það að segja, að það, að þjóð flytji meira út en inn, getur allt eins verið kreppuvottur eins og hið gagnstæða. Þetta getur stafað af ótrú á framkvæmdir í landinu sjálfu; menn flytja ekki inn skip, byggja lítið, flytja lítið inn af veiðarfærum eða landbúnaðarverkfærum. Óhagstæður verzlunarjöfnuður getur borið vott um framfarir: þjóðin byggir mikið og flytur inn framleiðslutæki. Þegar þjóðin flytur lítið inn, getur hún verið að éta upp birgðir, sem hún átti fyrir. Um leið og skuldir við útlönd minnka, minnkar þjóðarauðurinn heima fyrir. Nú þarf heldur ekki að halda uppi höftunum vegna óhagstæðs verzlunarjafnaðar lengur, því að hann hefir orðið hagstæður hjá okkur undir blessun kreppunnar. Eftir bráðabirgðaáætlunum hefir verið flutt út fyrir 10 millj. kr. meira en inn síðastl. ár, og þá vitanlega eitthvað grynnt á skuldum við útlönd um leið.

Um hina ástæðuna til hækkaðra tolla og hafta — að slíkt verði til að efla innlendan iðnað og atvinnu —, er það að segja, að þar sem mest hefir verið að þessu gert, eins og í Ameríku, er og atvinnuleysið mest. Þetta er vegna þess, að um leið og tollarnir og höftin varna erlendum vörum inn í landið hafa þeir lamandi áhrif á alla framleiðslu með dýrtíð. Því er þetta einhver sú lakasta hagfræðikenning, sem til er.

Þá á einn kostur haftanna að vera sá, að skuldir minnki í útlöndum. Þetta er auðvitað rétt. Ef kaupmaður á vörubirgðir fyrir 1 eða ½ millj. kr. og síðan er bannaður innflutningur á þessum vörum, er líklegt, að kaupmaðurinn selji birgðir sínar smátt og smátt og greiði þá skuldir sínar við útlönd. En hér er í raun og veru aðeins um eignabreytingar að ræða, þ. e. a. s. birgðirnar breytast í

minnkaðar skuldir eða innieign. Eitt getur verið hættulegt við þetta: að það villir mönnum sýn. Skuldir við útlönd minnka e. t. v. og innieignir vaxa. En menn gæta þess sjaldnast, að einn hluti þjóðareignar hefir rýrnað um leið og hinn óx. Vörubirgðir í landinu hafa rýrnað um leið sem þessu nemur.

Þá hefir verið um það rætt, hvort höftin hafi náð þeim tilgangi sínum að draga úr innflutningnum og hvort bættur verzlunarjöfnuður sé í raun og veru þeim að þakka. Eigi að skera úr þessu, dugir ekki að blína á það, hve mikið innflutningur hefir minnkað að krónutali síðan höftin komu. Til þess geta legið aðrar orsakir. Frá 1925—1927 lækkaði innflutningur um 17 millj. króna. Frá 1927—29 hækkaði hann um 24 millj. Engum höftum var til að dreifa á þessu tímabili, og er það því sjálfsagt mismunandi kaupgeta, sem breytingunum hefir valdið. Því er það engin sönnun fyrir verkun haftanna, þótt innflutningur hafi minnkað síðan 1930. Hann hefði auðvitað gert það hvort sem var. Þó vil ég ekki neita því, að höftin hafi haft einhver áhrif. Menn benda stundum til þess, að innflutningur á vissum vörutegundum sé alveg bannaður. Hver getur sannað, að það fé, sem við það hefir sparazt, hafi ekki farið fyrir aðrar vörutegundir, sem leyfðar eru. Þetta er eins og um stíflu í læk. Þó gamli farvegurinn sé tómur, er það engin sönnun fyrir því, að vatnið renni ekki til sjávar eftir sem áður.

Mér dettur þó ekki í hug að segja, að innflutningshöftin hafi verið með öllu gagnslaus. Ég gæti trúað, að þau hefðu hindrað innflutning á vörum fyrir 1 millj. króna, og er það þó líklega fremur hátt áætlað. Kostirnir eru því mest á yfirborðinu. En svo koma gallarnir. Í fjárl.ræðu hæstv. fjmrh. kom það í ljós, hvílíkt afhroð ríkissjóður hefði goldið í tekjumissi, að allmiklu leyti vegna haftanna. Verðtollurinn er kominn niður í þriðjung þess, sem hann var. Að vísu hefði hann lækkað eitthvað hvort sem var, en bannvörurnar eru einmitt þær vörur, sem gefa langmestan hluta af útsöluverði sínu í ríkissjóð.

Ég verð því að segja það, að úr því að verzlunarjöfnuðurinn er orðinn hagstæður og ástandið í landinu þannig, að ekki er hætta á neinu vöruflóði, en hagur ríkissjóðs hinsvegar þannig, að hann er að sliga menn með sköttum og álögum, þá sé ekki ástæða til að halda þessum lögum í gildi lengur.

Innflutningshöftin koma einnig hart niður á verzlunarmannastéttinni, og mörg heimili eiga um sárt að binda af völdum þeirra. Fjölda fólks hjá verzlunarfyrirtækjum hefir verið sagt upp að öllu eða hálfu. Heimilin hafa mörg hver misst aðalatvinnu sína eða aukatekjur, svo að ekki sé minnzt á útkomuna hjá verzlunarfyrirtækjunum sjálfum, sem þó eru háir skattgreiðendur og eiga fullan rétt á sér. Og um leið og gjaldþol fyrirtækjanna minnkar, kemur það auðvitað niður á bönkunum.

Fyrir allan almenning tákna höftin óhagstæðari verzlun. Hann verður að sætta sig við lakari vöru en ella, og þó dýrari. Þetta var það, sem réð afstöðu þingsins 1921. Verðfallið, sem þá var að gerast úti í heimi, náði ekki hingað meðan höftin héldust. Það er einnig almenn regla í verzlun, að verð lækkar eftir því sem birgðir minnka. Þetta er algilt lögmál. Minnkaður innflutningur hlýtur líka að leiða af sér hækkun, vegna þess að verzlunarkostnaðurinn getur aldrei minnkað að sama skapi. Tökum t. d. skóverzlun, sem fær aðeins leyfi fyrir ⅓ af venjulegum innflutningi. Hún verður að hafa sömu húsakynnin og fyrr, getur ekki fækkað starfsfólki að mun, eða vill ekki gera það, verður að standa straum af sömu útgjöldum og skuldum og áður. Allt þetta verður að leggjast á þennan ⅓ af venjulegum innflutningi, ef verzlunin á að halda áfram. Þetta kemur auðvitað niður á kaupendunum.

Það er óneitanlega dálítið hart af þeim, sem halda því fram, að dýrtíðin í Rvík sé undirrót alls böls í landinu, að viðhalda henni með slíkum ráðstöfunum sem innflutningshöftin eru. Vitanlega kemur það einnig illa niður á bönkunum og Eimskipafél. Ísl., þegar dregið er úr innflutningnum, að ég ekki tali um þau rangindi, sem hlýtur alltaf að leiða af ákvörðunum innflutningsnefndar, án þess að ég ætli að fara nokkuð út í að lýsa starfsemi nefndarinnar. Það er ó-

mögulegt að framkvæma slíkt starf og úthluta innflutningsleyfum með fullkominni réttvísi; og þó það væri gert, þá finna menn það ekki eða skilja, sem við nefndina eiga að skipta. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að svo komnu, en vil aðeins minnast á eitt atriði, sem margir eru svo hræddir við, ef þessar ráðstafanir eru upphafnar, það, að erlendur varningur hrúgist inn í landið. Ég skal nefna eitt dæmi, sem skýrir það að nokkru, að þessi ótti er ástæðulaus. Þegar húsaleigulögin voru afnumin hér í bænum, hafði þeim verið haldið uppi síðustu tvö árin á því, að fjöldi manna óttaðist, að um leið og þau yrðu afnumin mundi ekki verða hægt að þverfóta á götunum fyrir húsnæðislausu fólki. En þegar lögin voru loks afnumin, varð ekki vart við neinar breyt. í bænum. Ég er alveg sannfærður um, að það mundi fara á sömu leið, þó að innflutningshöftin yrðu afnumin. Það mundi ekki streyma vöruflóð inn í landið, og mætti benda á tvennskonar ástæður til varnar því. Í fyrsta lagi er það ótti innflytjenda um, að vörurnar myndu ekki seljast, og í öðru lagi, að þó þær kynnu að seljast, þá er enn meiri óvissa um, að þeir fengju þær borgaðar. Þess vegna er rétta tækifærið einmitt nú í kreppunni til þess að afnema innflutningshöftin. Þessi ótti kaupmanna og annara innflytjenda kemur í veg fyrir það, að óeðlilega mikið vöruflóð streymi inn í landið. Undanfarið hafa höftin að vísu orsakað þurrð á ýmsum vörutegundum í landinu, og má því búast við, að talsvert verði flutt af þeim til landsins, þegar höftunum léttir af. — Að lokinni umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Hv. flm. þessa frv. hefir nú tekið sér fyrir hendur að sýna fram á það, að allir hljóti að tapa á innflutningshöftunum, og ef það skyldi vera rétt, þá vantar mig bara skýringar á því, hvers vegna þeim skuli enn vera haldið uppi. Nei, sannleikurinn er sá, að ríkisstj. og bankarnir viðhalda höftunum án þess að frá þinginu hafi komið nokkur aðvörun um, að þar verði tekið í taumana.

Þessi lög frá 1921, sem hér er um að ræða, hafa verið skilin og framkvæmd á þann hátt, að takmarkaður hefir verið innflutningur á þeim vörum, sem almenningur getur komizt af án. (**MJ**: Ekki er það gert í anda heimildarlaganna frá 1921). En þá vil ég segja hv. þm., að við, sem nú erum í stj., tökum vitanlega meira tillit til þess, sem núv. Alþingi vill vera láta, heldur en þingið 1921.

Hv. 3. þm. Reykv. vitnaði í ræðu eftir Lloyd George um verndartolla og innilokunarpólitík Breta í sambandi við Ottawa-samningana, þar sem hann líkti veröldinni við vitlausraspítala. Ef sú samlíking hefir verið réttmæt, sem ég ætla mér ekkert að dæma um, er það þá ekki sönnun fyrir því, að það kunni að vera réttmætt og jafnvel nauðsynlegt að nota spennitreyjur á sjúklinginn.

Það þýðir í sjálfu sér lítið um það að tala, hvers við mundum helzt óska í þessum efnum, þegar þjóðir þær, sem við skiptum mest við, beita verndartollum og innflutningstakmörkunum hver gagnvart annari, til þess hver um sig að kaupa sem minnst af öðrum og fyrir sem lægst verð. Af sömu nauðsyn verðum við að grípa til áþekkra ráðstafana. Við eigum ekki annars úrkosta í þessum efnum en að dansa eftir duttlungum hinna stærri þjóða. Hér er alls ekki um það að ræða, hvort við viljum hafa frjálsa verzlun eða ekki, og um það getum við enga ákvörðun tekið hér á Alþingi, hvaða aðferðum hinar stærri þjóðir beita í verzlunarmálum. Hlutskipti okkar er að bíða átekta og haga okkur eftir stórveldunum á þeim sviðum.

Það mun ekki vera rétt hjá hv. þm., að innflutningshöft hjá öðrum þjóðum séu sett til verndar innlendum iðnaði. Það er ætíð gert með háum tollum á erlendum iðnaðarvörum. Innflutningshöft eru sett til að tryggja það, að erlendur gjaldeyrir sé fyrst og fremst notaður fyrir brýnustu nauðsynjar og skuldbindingar gagnvart öðrum þjóðum. Hin eina orsök haftanna er sú, að erlendur gjaldeyrir nægir ekki til þess að kaupa allt, sem við viljum frá útlöndum. Þess vegna þarf stj. að gera þær ráðstafanir með innflutningshöftum, að nauðsynjavörur gangi fyrir hinum.

Það er að vísu rétt hjá hv. þm., að síð-

astl. ár var hagstæður verzlunarjöfnuður við útlönd. En hagstæður verzlunarjöfnuður þarf ekki ætíð að bera vott um velgengni á þjóðarbúinu. Og hvað segir svo hv. þm. um það, ef ofan á allt baslið og verzlunarörðugleikana síðastl. ár hefði bætzt óhagstæður verzlunarjöfnuður? Ein af þeim ráðstöfunum, sem aðrar þjóðir hafa gripið til, er sú, að banna um lengri tíma veitingu nýrra lána út úr landi sínu, til þess að varðveita sinn eiginn viðskiptajöfnuð. Það gerir okkur ókleift að fá lán erlendis, þó við vildum, og knýr okkur til þess að skammta þann gjaldeyri, sem við höfum yfir að ráða. Þá verður spurningin aðeins um það, hvort við eigum að láta nauðsynjavörukaupin sitja fyrir óþarfanum. Gjaldeyrisskömmtunin nægir því ekki ein út af fyrir sig; hún þarf að vera samfara innflutningshöftum. Ef ekki væru höft, gæti hver, sem vildi, keypt innlendar vörur til sölu erlendis og flutt inn fyrir það hvaða erlendar vörur, sem honum sýndist. Það er ekki tiltækilegt að afnema heimildina til að takmarka kaup á óþarfavarningi; þau innkaup verða eingöngu að miðast við þann gjaldeyri, sem afgangs er, þegar lokið hefir verið greiðslum fyrir nauðsynjavörur. Ennfremur er þess að gæta, að ef höftin yrðu afnumin, og þó að gjaldeyrisskömmtunin héldist, þá mundi afleiðingin verða sú, að skuldir fyrir vörulán, sem tekin yrðu erlendis til 6, 9 og upp í 12 mánaða, hlæðust á landsmenn. Þær skuldir mundu á sínum tíma liggja eins og farg á bönkunum, verða óbærilegar og koma óorði á þjóðina. Þetta er langmesta hættan, sem yfir vofir nú.

Þar sem ég hefi átt tal við erlenda fjármálamenn, í Englandi og víðar, hafa þeir látið í ljós, að ef slíkar vangreiðslur og kröfur hlæðust upp, mundi það öðru fremur spilla lánstrausti hverrar þjóðar. Ef grunur kemur upp um slíkt, eru birtar skýrslur um skuldakröfur á hendur þeirrar þjóðar, sem hlut á að máli. En á meðan við fylgdum föstum reglum og stæðum í skilum í skiptum við aðrar þjóðir, þá mundum við komast hjá slíku eftirliti. Eitt dæmi þessa hefi ég séð í „The Boardment of Oversea Trade", viðvíkjandi ríki, sem ekki hafði getað staðið í skilum um sínar skuldbindingar.

Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að það er ekki ætíð vottur um aukna velmegun, þó að skuldir minnki út á við, ef vörubirgðir þverra í landinu. En þegar vandræði eru fyrir höndum með gjaldeyri fyrir nauðsynjavöru, hvað er þá eðlilegra en að gripið sé til hins geymda gjaldeyris í landinu? Vörur, sem safnast saman ár frá ári, eru ekki annað en geymdur gjaldeyrir, sem sjálfsagt er að nota á þessum tímum. Og er það gleðilegt, að kaupmanna- og verzlunarstéttin, sem mest hefir orðið fyrir barðinu á innflutningshöftunum, nýtur þeirra hlunninda af að selja þennan geymda gjaldeyri.

Það er vitanlega ókostur við hverja verzlun, að vörubirgðir safnist saman, og útheimtir það meiri álagningu á nýjar vörur, sem inn eru fluttar. En innflutningshöftunum fylgir aftur á móti sá kostur, að minni hætta er á söfnun vörubirgða. Og þar sem hér er mestmegnis um nauðsynjavörur að ræða, er óþarfi að sýna almenningi eins mikla vorkunnsemi, þó hann þurfi að kaupa nokkuð af gömlum vörum.

Hv. 3. þm. Reykv. virtist harma það, að viðskiptahöftin hömluðu fólki frá að fylgjast með tízkunni. En ég lít svo á, að það muni margt verra hljótast af kreppunni heldur en það, þó að áhrif frá erlendri tízku réni hér á landi.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði ráð fyrir, að hætta gæti af því stafað, ef bati væri í vændum á viðskiptasviðinu. Ég geri ekki sérstaklega ráð fyrir þeirri hættu, þó að verzlunin batni eitthvað meira frá því, sem enn er orðið, áður en höftin verða afnumin. Því að menn mundu ekki verja fé sínu í annað en góðar og nytsamar framkvæmdir. Og ef innflutninghöftin örva hugi manna og getu til slíkra athafna, þá hafa þau náð tilgangi sínum, og mætti líta á það sem merki þess, að kreppunni sé að létta.

Þegar fram kemur verzlunarhalli gagnvart útlöndum, þá er aðalorsökin sú, að kaupgetan hefir verið of mikil, menn hafa fengið meiri peninga í hendur en verðið fyrir útfluttu vörurnar svaraði til. Það er fölsk kaupgeta. Með þeim

gjaldeyri, sem kemur inn í landið fyrir útfluttar vörur, þarf að borga skuldir og ýmsar ósýnilegar greiðslur, auk þess sem notað er til innkaupa á erlendum vörum. Og það eru engin önnur ráð til að sporna við því, að of mikill gjaldeyrir sé notaður til vörukaupa, heldur en að fastsetja þann gjaldeyri, sem einstaklingar eiga og hafa ráð á. Ríkisvaldið og bankarnir hafa engin önnur ráð en innflutningshöft og gjaldeyrisskömmtun til þess að halda viðskiptajafnvægi við útlönd. Það eru þeirra vopn og verjur undir þessum erfiðu kringumstæðum. Ég skal fúslega viðurkenna, að ýmsir agnúar séu því samfara, að beita þarf þessum aðferðum. En það er ekki hægt að sýna fram á það, eins og hv. þm. hélt fram, að allir aðilar: ríkið, bankarnir, sveitarfélögin og almenningur, tapi á þessum ráðstöfunum. Þeir tapa ekki á höftunum, heldur á því ástandi, sem nú er ríkjandi, og afleiðingar erfiðleikanna eru þannig, að það verður að grípa til haftanna. Höftin eru neyðarvörn, og það gerir enginn að gamni sínu að beita þeim.

Hv. þm. gerði ráð fyrir, að innflutningshöftin hefðu bætt verzlunarjöfnuð þjóðarinnar um eina millj. kr. síðastl. ár, en taldi, að það skipti litlu máli og að útkoman yrði sú sama, þó að höftin yrðu afnumin. Ef breytingin verður ekki önnur en sú, sem hv. þm. heldur fram, að innflutningur aukist aðeins á öðrum vörutegundum en nauðsynjavörum, án þess að vörukaupin aukist yfirleitt, þá er ekki neinna umbóta að vænta. Þá segi ég, að betra sé að hafa höftin, sem leyfa nauðsynjavörum inn í landið, en takmarka kaup á óþarfa vörum. Það eru nú um 30 ríki í Evrópu, sem hafa innleitt hjá sér innflutningstakmarkanir og gjaldeyrisskömmtun. Við Íslendingar erum því engin undantekning í þessu efni. Enda er það ekkert undarlegt, þó að sú þjóð, sem hefir mest viðskipti við útlönd miðað við mannfjölda, hafi gripið til slíkra ráðstafana.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég varð fyrir vonbrigðum með ræðu hæstv. forsrh. Ég hélt, að hann hefði ýmsar mikilvægar ástæður til þess að vera með þessu máli, bæði af því að hann hefir lesið mikið um þessi efni og ætti þess vegna að vera talsvert viðsýnn, en þó sérstaklega af því, að hann er fjmrh. Mér virtist það ekki ósennilegt, að þegar hann færi að litast um eftir nýjum eða auknum tekjum í ríkissjóðinn, þá mundi hann telja það með því fyrsta, sem til mála gæti komið, að gefa verzlunina frjálsa, svo að ríkissjóður mætti njóta góðs af hinu bætta ástandi, sem þá fengist í landinu. Ég saknaði þess í ræðu hæstv. ráðh., að hann benti ekki á hættuna af því fyrir ríkissjóð, ef höftunum yrði viðhaldið. Sú hlið málsins snertir hann mest sem fjmrh. Það er alveg satt, að innflutningshaftafarganið orsakast af því, að þjóðirnar þurfa að beita hver aðra samskonar tökum. En þrátt fyrir það sé ég ekki sambandið á milli innilokunarstefnu hinna stærri þjóða og þessara innflutningshafta okkar. Mér hefir virzt, að við Íslendingar hefðum þá sérstöðu, að við mundum geta setið hjá þessum leik stórveldanna og þyrftum ekki að taka þátt í honum. Ég hefi meira að segja litið svo á, að Norðurlönd yfirleitt væru nógu lítil til þess að þurfa ekki að grípa til slíkra ráða, að girða sig með innflutningshöftum. Það þykir venjulega ókostur fyrir eina þjóð að vera lítil, en það getur líka stundum verið kostur. Ég gat þess í fyrri ræðu minni, að út af innilokunar- og haftastefnu stórþjóðanna hefði sú hugsun komið fram hjá merkum erlendum stjórnmálamanni, að það liti svo út, sem heimurinn væri sjúklingur, nýkominn út úr vitlausraspítala. Þetta liggur beinast við að skilja þannig, að spennitreyja innilokunarstefnunnar hafi verið höfuðorsök sjúkdómsins. Ef hæstv. fors.- og fjmrh. vill ekki taka í þá hönd, sem hér er fram rétt, um að afnema innflutningshöftin til ágóða fyrir ríkissjóð, þá þarf hann ekki að vænta þess, að þingmenn stökkvi upp með fögnuði til þess að samþ. nýjar álögur á landsmenn til ríkissjóðs.

Hæstv. forsrh. vék tvisvar að því í ræðu sinni, að það væri, að mér skildist, sjálfsmótsögn í því, að innflutningshöftin væru öllum til skaða. Vitaskuld eru til þær ráðstafanir, sem allir hlutaðeigendur hljóta skaða af, og mætti nefna ýms

dæmi þess. Bóndi, sem heyjar allt það sneggsta og það, sem fjarst er frá bæ hans, af slægjulandi jarðarinnar, hann skaðar bæði sjálfan sig og aðra með því háttalagi. Og aðra svipaða ráðstöfun mætti nefna sem dæmi. Samkv. ákvörðun fiskifræðings var það eitt sinn ákveðið, að sjómenn mættu ekki róa til fiskjar út fyrir ákveðna línu, sem dregin var tiltekinn spöl frá landi, vegna þess að þá mundu þeir stöðva fiskgengdina inn fyrir línuna. Svo lögðu þeir veiðarfæri sín innan við línuna og fengu ekki ugga úr sjó. Þó kom þar, að flokkur sjómanna hér suður á Vatnsleysuströndinni reri út fyrir línuna og hlóð báta sína. Þeir voru sektaðir fyrir brotið, en gátu ekki greitt sektirnar, og höfðu samtök um að fara heldur allir í fangelsi. Þeir komu hingað til Reykjavíkur, en fangahúsið rúmaði þá ekki. Þessi uppreisn þeirra gegn gildandi ráðstöfun leiddi það í ljós, að hún var hrein og bein vitleysa, Og uppreisnin varð til þess að opna augu visindamannanna og ríkisvaldsins í því efni.

Þó að innflutningshöftunum hafi verið viðhaldið fram á þennan dag, þá sannar það ekki, að þau séu nokkrum að gagni, því að þau geta verið byggð á röngum forsendum, eins og þær ráðstafanir, sem farið var eftir í þeim dæmum, er ég nefndi. Eins og sjá má af frv., þá hefi ég ekki lagt það til, að gjaldeyrishöftin yrðu afnumin. Ég get fallizt á, að eigi sé annað fært en að gjaldeyrisnefnd starfi áfram og hafi aðalumráð á gjaldeyri landsmanna á meðan eigi ræðst betur fram úr örðugleikunum. En ég sé enga þörf á því að láta innflutningshöft og gjaldeyrisráðstafanir fylgjast að. Við verðum alltaf að láta okkur nægja þann gjaldeyri, sem fæst fyrir innlenda framleiðslu. Hæstv. forsrh. sagði, að einstakir menn gætu keypt innlendar vörur, selt þær til útlanda og keypt erlendar vörur í staðinn, ef innflutningshöftin væru afnumin. En ég held, að þetta sé ekki hægt. Ég veit ekki betur en að þau lagafyrirmæli séu enn í gildi, sem skylda hvern þann, sem umráð hefir á erlendum gjaldeyri, að afhenda hann bönkunum til umráða. Samkv. þeim fyrirmælum mun einstaklingum vera óheimilt að verzla með erlendan gjaldeyri, og held ég, að það sé réttmætt, af þeirri ástæðu, að þessi gjaldeyrir er svo takmarkaður.

Ég skal fúslega játa, að ef innflutningshöftin væru afnumin, þá er það vitanlega rétt, að það er nokkur hætta á, að verzlunarskuldir safnist erlendis. En ef svo er komið í heiminum, að ríkin sjálf geta ekki fengið lán til sinna brýnustu þarfa erlendis, má þá ekki búast við, að einstakir kaupmenn muni eiga mjög erfitt með að fá þar vörulán? Þó gæti þar verið um undantekningar að ræða, t. d. að því er snertir skranvörur og ýmsan óþarfan varning. Þetta mundi í frjálsri verzlun koma hart niður á mönnum í einstökum tilfellum, en á þjóðarbúskapinn hefir það engin áhrif. Öll stærri verzlunarhús, sem mesta þýðingu hafa þjóðhagslega séð, mundu vitanlega tryggja sér greiðslumöguleika erlendis. Og þegar á allt er litið, tel ég það fremur til góðs, að einstakir kaupmenn útvegi sér lánstraust erlendis, því að það léttir mikið á bönkunum, enda hefir það ekki þótt vinsælt hér á Alþingi, að verzlunarstéttin valsaði með fé bankanna. En innflutningshöftin hafa mjög spillt fyrir kaupmönnum um að fá rekstrarlán erlendis.

Hæstv. ráðh. talaði um vandræði yfirstandandi tíma og spurði, hvort afnám innflutningshaftanna mundi verða til þess að bæta úr þeim og skapa hagstæðan verzlunarjöfnuð. Ef kaupgeta er lítil, þá bætist verzlunarjöfnuðurinn; kaupgetuleysið skapar hann beinlínis. Menn geta ekki keypt. Árin 1922 til 1923 var kreppa, sem orsakaði nokkurskonar innflutningshöft, sem kom fyrst niður á óþarfa vörum. Frakkar fundu fyrst kreppuna á því, að silfurvörur, silki og dýrar vefnaðarvörur og allskonar tízkuvörur yfirleitt fóru að seljast illa. Menn hætta fyrst að kaupa glingurvörur. Og menn færa sig svo meira og meira niður eftir óþarfavarningnum og kaupa síðast aðeins nauðsynlegustu og ódýrustu vörurnar. Kreppan verkar því eins og viturlega sett innflutningshöft í aðalatriðum. Ég álít, að þeir menn, sem reka verzlun með óþarfa varning og hafa gert það í skjóli landslaga og með löglegum hætti, megi ekki við því, að ofan á það,

að kreppan bitnar hvað mest á þeim, sé því bætt, að setja slík innflutningshöft, sem verða til þess að murka alveg úr þeim lífstóruna.

Árið 1921 var skipuð nefnd til að rannsaka, hve mikið væri í raun og veru flutt inn af óþarfa vörum árlega, í því skyni, að bannaður yrði innflutningur á öllum slíkum vörum. Og n. komst að þeirri niðurstöðu, að aðeins 1% af innfluttum vörum í meðalári væri í raun og veru óþarfur. Það er allt og sumt.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að vörubirgðir eru nokkurskonar gjaldeyrir. Ég sagði í byrjun ræðu minnar, að ég gæti gengið inn á það, eða a. m. k. skyldi ekki óskapast mikið út af því, þótt gripið væri til þessara ráðstafana snöggvast. En þær þurfa að vera háðar vissum takmörkunum. Hér eru ekki þeir auðmenn, eða öllu heldur svo heimskir menn í kaupmannastétt, að þeir hrúgi inn vörum til margra ára. Hér er ekki flutt inn nema það, sem þarf rétt í svipinn. Og þegar höftin eru búin að standa eitt ár, þá er þessi gjaldeyrir, vörubirgðirnar, búinn. Það er ekki hægt að halda uppi fyrirtækinu með nokkru móti á minni viðskiptum en þessir kaupmenn hafa haft til skamms tíma. Enda hefir innflutningsnefnd viðurkennt þetta og reynt að láta þá hafa leyfi til að hafa talsverðan hluta af þeim viðskiptum, sem þeir hafa haft til skamms tíma. Annars væri vöruafgangurinn nokkurskonar þrotabúsvara, sem mætti setja á uppboð og selja hæstbjóðanda einn góðan veðurdag. Innflutningshöftin eru nú búin að standa helzt til lengi, lengur en þessi gjaldeyrir hefir enzt.

Ég skal annars ekki fara út í ýms atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem meira eru á útborðinu heldur en meginatriði, t. d. það, að veröldinni mætti út af núverandi ástandi líkja við vitlausraspítala, þar sem menn væru í spennitreyju. En ég held, að menn megi gera vitlausa með því að láta þá vera í spennitreyju. Það eru sjálfar hömlur innflutningshaftanna, sem hafa gert veröldina og mennina svona. Það er ekki það, sem Lloyd George á við, að veröldin hafi fyrst orðið vitlaus og svo verið sett í spennitreyju, heldur öfugt, eins og ég tók fram áðan.

Ég er hræddur um, að innflutningshöft og verzlunarhömlur, hvort sem það eru tollaálögur eða hvað sem það annars er, sé oft eins mikil orsök eins og afleiðing þess erfiða ástands, sem nú er í heiminum.

Loks vildi ég beina einni spurningu til hæstv. fjmrh., og það er, hvort hann geti hugsað sér að halda innflutningshöftunum áfram sem áframhaldandi ástandi, og hvort það sé hans skoðun, að þjóðin hafi bezt af því að hoppa æfinlega í hafti. En ef svo er ekki, þá hvenær hann telji kominn hentugan tíma til að afnema höftin. Ég er nú þeirrar skoðunar, að það geti ekki komið til mála að láta þetta haftaástand halda áfram. Og ég álít einmitt ástand yfirstandandi tíma þannig, að bezt sé að afnema höftin nú þegar. Ef það er dregið þangað til kaupgeta fer að aukast aftur, þá væri mikil hætta á því, að mikið vöruflóð færi yfir landið allt í einu.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég geri ráð fyrir því, að afstaða ýmissa til þess, hvort innflutningshöftin eigi að framlengja, geti farið nokkuð eftir því, hvort stj. hyggst að geta gert þær ráðstafanir, sem þarf til þess að fyrirbyggja þá óeðlilegu verðhækkun, sem leitt hefir af innflutningshöftunum. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann, ef innflutningshöftin verða framlengd, þ. e. frv. ekki samþ., muni reyna að gera slíkar ráðstafanir.

Það er vitað, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni, að innflutningshöftin hafa gefið verzlunum færi á því að selja vörur, sem innflutningshöftin ná til, við miklu hærra verði en eðlilegt er, bæði þær vörubirgðir, sem til voru, þegar höftin voru sett, og líka þær, sem leyfi hefir verið fengið til að flytja inn. Einkum hækkar verðið þegar þær eru skattlagðar líka. Enda er það víst, að verðlag á ýmsum þeim vörum, sem innflutningshöftin ná til, er hærra hér en í nágrannalöndunum. Álagningin á margar þessar vörur hlýtur að vera gífurleg.

Ég vildi óska, að hæstv. fjmrh. vildi svara þessari fyrirspurn, því að afstaða ýmissa þm. til innflutningshaftanna mun fara allmikið eftir því, hvað stj. segir.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég geri ráð fyrir því, að þetta frv. fari til nefndar, og óska ekki eftir, að það verði fellt við þessa umr., þótt ég muni vitanlega beita mér gegn því, eins og þegar er komið í ljós.

Mér þótti gott, að hv. þm. Seyðf. minntist á þetta viðfangsefni, hvort þörf væri á lögum til ráðstöfunar gegn óeðlilegri verðhækkun í tilefni af gildandi innflutningshöftum. Eftir að upp var tekin gjaldeyrisskömmtun og innflutningshöftin sett, er sterlingspundið féll haustið 1931, setti ég nefnd 3 manna til þess að fylgjast með um verðlag á öllum nauðsynlegustu vörutegundum. Þessa n., sem hagstofustjóri var formaður fyrir, lét ég starfa eitt ár. En þar sem ekki varð vart við neina óeðlilega breyt. á vöruverði þeirra helztu nauðsynja, sem menn geta ekki komizt af án, þá var n. látin hætta störfum. Það sáust jafnan greinilegar og skýrar erlendar orsakir fyrir öllum breyt., sem urðu á verðlagi á þessum vörum. Hinu hefir minna verið sinnt, hverjar breyt. orðið hafa á verðlagi á luksusvörum. Mér hefir ekki þótt það ósanngjarnt, þó kaupmenn hefðu meira upp úr slíkum vörum en áður, enda er almenningi það í sjálfsvald sett, hve mikið er keypt af slíkum vörum. Ég er því samþykkur, að n., sem þessu frv. verður vísað til, athugi þessa hlið málsins í samráði við hagstofustjóra og þá menn aðra, sem þessum málum eru kunnugir.

Hv. 3. þm. Reykv. hafði búizt við, að ég sem fjmrh. mundi óska eftir, að verzlunin yrði sem fyrst gefin frjáls, og það geri ég sannarlega. Ég óska eftir því, að það ástand skapist sem fyrst, að verzlunin geti orðið fullkomlega frjáls. En meðan slíkt ástand er ekki til, get ég vitanlega ekki óskað eftir öðru en að gerðar verði þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru út frá þessum gefnu forsendum.

Innflutningsnefndin og gjaldeyrisnefndin starfa ekki þannig, að allt standi stíft við stíflugarð, sem aldrei hreyfist. Þær starfa þannig, að þær gera sér grein fyrir því, hve miklum gjaldeyri sé yfir að ráða, og fara svo með gjaldeyrissölunа eftir því, hve mikinn gjaldeyri þær hafa til að ráðstafa. Á þennan hátt er vitanlega starfað. Og náttúrlega hefi ég sagt við þessa starfsmenn, að það sé ósk fjmrn., að það sé flutt inn eins mikið af tollvörum eins og almennar ástæður leyfa og eins mikið og gjaldeyrisforðinn frekast leyfir.

Það hefir alltaf, fram á það síðasta, verið látið mjög illa yfir þessu, af því að gjaldeyrisforðinn sé fullnægjandi, en ég veit, að n. hefir ekki farið lengra í að banna innflutning og sölu en nauðsyn hefir borið til. Við sjáum það á greiðslujöfnuðinum við útlönd á síðasta ári, að þá hefir hagur bankanna batnað um 1 millj. kr., út á við að vísu. En hann varð að batna, því að um áramótin þar næst áður voru lausaskuldir bankanna gífurlega miklar erlendis. Og bankarnir, sem við skiptum við, krefjast þess, að þær fari lækkandi. Við skulum hugsa okkur, að engin innflutningshöft hefðu verið, og að í staðinn fyrir það, að greiðslujöfnuðurinn varð 1 millj. kr. betri en árið áður, hefði hann orðið 2—3 millj. kr. lakari en þá. Hvar hefðum við þá staðið? Það er þetta, sem gerir muninn. Það er þessi kúfur, hvort eitthvað er upp fyrir það, sem við höfum til að eyða, sem þarf ekki að vera mikill, til þess að hann geti valdið stórtjóni. Það er þessi kúfur, sem þarf að taka af, til þess að við getum verið öruggir í viðskiptum við útlönd á þessum tímum.

Fjmrh. hefir sannarlega ástæðu til að óska, að ástandið verði sem fyrst þannig, að hægt verði að gefa verzlunina alveg frjálsa. En eins og nú er ástatt, er ekki ástæða til að óska þess, að sú aðferð sé höfð um okkar erlendu viðskipti, sem gæti skapað þá hættu, að enginn erl. gjaldeyrir væri til, þegar bankarnir og ríkið þurfa að borga vexti og afborganir af erlendum skuldum. Það þarf að tryggja það, að slíkar greiðslur falli ekki niður, þegar nauðsynlega þarf að lúka þeim. Það er ástæðan fyrir því, að við verðum að skammta gjaldeyrinn, að við verðum að sjá um, að greiðslur þessar verði framkvæmdar. Á ófriðarárunum, þegar ekki fluttist eins mikið inn af sykri og ýmissi kornvöru eins og vanalega, var þetta ráð tekið, að skammta matinn, skipta honum milli fólksins, svo að eitthvað gæti orðið handa öllum og enginn yrði alveg afskiptur. Nú er aftur á móti svo ástatt,

að allir geta ekki fengið eins mikið og þeir vilja af erlenda gjaldeyrinum. Til þess er hann ekki nógu mikill. Og höftin eru bara nauðsynleg viðbótarráðstöfun við gjaldeyrisskömmtunina, sem ekki verður hjá komizt.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði ráð fyrir því, að ef svo væri komið í flestum löndum, að ríkið gæti ekki fengið lán, þá mundu líka vera þrot á lánstrausti kaupmanna, svo að ekki væri hætta á því, að kaupmenn flyttu of mikið inn af vörum. En þetta er einmitt öfugt. Því að þau bönd, sem gilda í mörgum ríkjum gegn útflutningi á peningum, eru gerð vegna gjaldeyrisástandsins. En þessi sömu lönd gera allt, sem þau þora, til þess að styðja að því, að útflutningur á vörum geti verið frjáls, og lána og lána, þangað til þau reka sig á hvað eftir annað. Einmitt það gjaldeyrisástand, sem er í heiminum, orsakar það, að það er hægt að fá meiri vörulán nú en áður hefir verið. En það er eftir því verra að fá peningalán, sem meira flyzt út úr landinu af gjaldeyri og greiðslujöfnuðurinn er óhagstæðari.

Hv. þm. kvartaði mikið yfir og fannst ekki rétt reglugerð sú, sem nú er gildandi um heimildina fyrir að setja innflutningshöft. En menn hafa fullan rétt til að nota gjaldeyrinn til eigin þarfa. Þetta gera auðvitað allir atvinnurekendur, sem flytja út vörur og þurfa að kaupa vörur erlendis. Þeir nota það af sínum erlenda gjaldeyri sjálfir, sem þeir þurfa til að greiða með vörur og annað erlendis. En gjaldeyrir, sem þá verður afgangs, kemur aðeins til ráðstöfunar. Ég býst við, að Samb. ísl. samvinnufél. hafi t. d. nógan erlendan gjaldeyri til að kaupa fyrir erlendar vörur. Það væri mjög hart að þurfa að afnema þennan rétt, að hver notaði sinn erlenda gjaldeyri eftir þörfum til vörukaupa. En ef innflutningshöftin yrðu afnumin, yrði að svipta einstaklinga og fyrirtæki þessum rétti. En þá vil ég heldur hafa höftin.

Ég skal sízt bera það til baka, að margir eigi erfitt vegna innflutningshaftanna. Það eiga margir erfitt vegna þeirra og vegna atvinnuleysis og vegna þess að lágt verð er á afurðunum, sem framleiddar eru í landinu. Þetta er allt böl, sem ekki er gott að hjálpa við. Og höftin eru slík ráðstöfun til alþjóðarheilla, að það verður að sætta sig við það, að einstöku menn verði fyrir barðinu á þeim. Það mundi koma þyngra niður á kaupmönnum, hvað þá heldur á almenningi, ef höftunum væri sleppt.

Ég vil benda hv. þm. á það, að slíkar hömlur sem þessar hafa verið settar í öllum hinum smærri ríkjum. Stóru ríkin beita meira hátollaálögum og öðrum tollum og takmörkunum. Við erum í tölu þeirra mörgu ríkja, sem verða að gera þessar ráðstafanir, og er það eftirtektarverð staðreynd, að ekki ein einasta kvörtun hefir komið fram til stjórna þessara ríkja út af slíkum hömlum, sem við höfum gert hér. Svo sjálfsagðar þykja þær.

Hv. þm. spurði, hvort ég teldi, að innflutningshöftin ættu alltaf að standa. Ég hefi áður gefið það í skyn, að mín skoðun er sú, að innflutningshöftum eigi aðeins að halda uppi, þegar erlendur gjaldeyrir er að öðrum kosti ekki nægilega mikill fyrir hendi til þess að fullnægja eftirspurn. Þá spurði hann um það, hvenær mér finnist, að létta beri höftunum af verzluninni. Það er vitanlega ekki hægt að segja um það upp á dag. Það er einungis hægt að segja það, að þeim eigi að létta af, þegar gjaldeyrisskorturinn er úr sögunni. Ég býst við því, að það fari svo um höftin, að þeim verði smátt og smátt létt af, eftir því sem gjaldeyrir fæst, þangað til ríkisstj. og bankarnir álita rétt að sleppa þeim alveg. Þá vildi ég, að tollar á óþarfavörum væru hærri en nú er, til þess að tefja fyrir innflutningi á þeim og ennfemur til þess að ná meiri tekjum í ríkissjóð.

Hv. þm. býður mér ekki gull og græna skóga með því að bjóða mér frjálsa verzlun nú á þessum tímum. En hann getur boðið mér annað, og það er það, að styðja að því, að ég verði fjmrh. þangað til það ástand er skapað, að létta má af innflutningshöftunum, því að þá verða góðir tímar fyrir hvern fjmrh., sem þá verður. Sumt af því, sem ríkið verður að gera á þessum tímum, er þess eðlis, að það safnast saman í aukna innflutningsþörf, sem verður fullnægt á sínum tíma. Og þá koma peningarnir í stríðum straumum inn í ríkissjóðinn, til ánægju og vegsemdar þeim ráðherra, sem þá verður. En

mitt hlutskipti er að hafa óþægindin af þeim ráðstöfunum, sem þessir tímar krefjast — vera til þess skuldbundinn. En þó að menn verði nú að þola ýms óþægindi, þá bæta slíkar ráðstafanir aðstöðu ríkisins og þar með einstaklinganna margfalt sem því nemur.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Mér þykir aðeins eitt að þessum ræðum um innflutningshöft og gjaldeyrisskömmtun, sem hér hafa farið fram um stund, það, að enginn þm. hefir nefnt á nafn þýðingarmikinn aðila þessa máls, sem sé þá, sem leggja gjaldeyrinn til. Það er verið að deila um það, hvernig eigi að ráðstafa þessum gjaldeyri, sem umfram er árlega, en menn gleyma um leið því, að sá aðili, sem leggur gjaldeyrinn upp í hendurnar á þeim til þess að greiða með innflutninginn, er að hordeyja á þessu ári undan öllum þessum ráðstöfunum.

Eins og málum er háttað hjá okkur, höfum við ekki gulltryggða mynt, og þess vegna þarf að koma til opinberra ráðstafana um þessa hluti, sem ekki er þörf á, þegar gullið er látið lagfæra örðugleika viðskiptalífsins.

Nú er það svo, að þegar röskun á jafnvægi í viðskiptalífinu á sér stað vegna opinberra aðgerða, stjórnarfars, fyrir náttúruviðburði, eða hvað það nú er, og eðlileg lögmál þurfa að taka til starfa til þess að rétta hag framleiðendanna, þá verður sú lagfæring af sjálfu sér, ef myntin er gulltryggð. En eins og nú er ástatt með pappírinn hjá okkur, þá kemur ekki til mála slík leiðrétting fyrir framleiðendurna. Þá koma aftur á móti innflutningshöftin og gjaldeyrisskömmtunin, sem forða þeim atburðum frá að gerast, sem gætu gert framleiðendum fært að lifa. Þá er hugsað um þá eina, sem þurfa að halda á þeim erlenda gjaldeyri til að eyða, sem þessi aðili hefir aflað. Því er alveg gleymt, að öflun þessarar erlendu myntar er undir því komin, hvernig búið er að framleiðslunni. Hún hefir minnkað ár frá ári, og enginn veit nema hún haldi áfram að minnka, svo að þarflaust verði að deila um það, hver eigi að fá það lítilræði, sem þá verður til að skammta. Þess vegna vil ég beina því til þeirrar n., sem fer með þetta mál, að hún líti dálítið í þessa átt líka, til bændanna í landinu og til sjávarútvegsmanna, þegar hún tekur ákvörðun um það, hvað hún telur rétt að leggja fyrir d. í þessu efni.

Mér fannst, að málið mætti ekki fara til 2. umr. án þess að sá langstærsti aðili málsins væri nefndur. Því að ef allt það fer í rústir, sem framleiðslan byggist á í þessu landi, þá verður að endingu ekkert til að skammta, og þá gæti svo farið, að með núv. aðstöðu til framleiðslunnar yrði þarflaust að tala um innflutningshöft og gjaldeyrisskömmtun, þegar enginn gjaldeyrir er lengur til.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég var nokkuð jafnnær eftir svar hæstv. ráðh. við fyrirspurn minni. Hann þurfti ekki að lýsa því yfir, að sú n., sem fengi málið til meðferðar, gæti eða mætti athuga, hvort ástæða væri til að gera þetta. Ég spurði um skoðun hans í þessu efni. Ég er jafnnær um hans skoðun og fyrirætlanir, þrátt fyrir svar hans til mín, ef svar skyldi kalla. Það orkar ekki tvímælis, að verðlag á mörgum vörum hefir hækkað vegna haftanna, sem ég tel óeðlileg. Getur hver maður gengið úr skugga um það, sem kaupir eitthvað af því dóti, sem hann er vanur að brúka. Það er enginn vafi á því, að innflutningshöftin hafa verið til stórgróða fyrir vefnaðarvöruverzlanirnar, og þá til jafnmikilla útgjalda fyrir þann almenning, sem er neyddur til að skipta við þær.

Út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. langar mig til að beina fyrirspurn til hans, þó að það sé kannske ekki þinglegt. Hann talaði um afstöðu þess opinbera til þeirra, sem ynnu nytsamasta hlutverkið, að leggja gjaldeyrinn til. Mér fannst ekki koma ljóst fram í ræðu þessa hv. þm., hver þessi nauðsynlega skepna er, sem leggur gjaldeyrinn til. Ég hafði haldið, að það væru sjómennirnir, sem veiddu fiskinn, fólkið í landi, sem verkaði hann, bændurnir og yfirleitt þeir, sem vinna að framleiðslunni á þeim vörum, sem sendar eru til annara landa. Mér fannst af ræðu hans, að það væru einhverjir aðrir, sem öfluðu þessa gjaldeyris. Ég tel, að eins og innflutningshöftunum hefir verið beitt, þá sé mjög þrengt hlut þeirra

manna, sem leggja gjaldeyrinn til, og lífsbaráttan gerð erfiðari fyrir þá, sem þurfa að kaupa lífsnauðsynjar sínar með þessu hækkaða verði, þá sömu menn, sem stuðla að okkar framleiðslu.

Flm. (Magnús Jónsson): Í fyrirspurn hv. þm. Seyðf. til hæstv. ráðh. kom fram eitt atriði í þessu máli, sem er talsvert eftirtektarvert, en það er það, að þegar byrjað er á svona ráðstöfunum, er einkanlega erfitt að stanza. Á þar við þessi gamli talsháttur, að sá, sem segir A, verði að segja B. Af þessum höftum á eðlilegri rás viðskiptalífsins leiðir, að það kemur út annar sjúkdómur í staðinn fyrir þann, sem verið er að lækna, og þá kemur B-glasið. Þegar búið er að nota B-glasið, þá kemur þriðji sjúkdómurinn fram, og þá þarf að fara að skammta, gefa út seðla út á sykur eða hvað það nú er, og þá kemur C-glasið. Þetta er einn meginókosturinn við opinberar ráðstafanir, sem eru látnar grípa truflandi inn í. — Það má vera satt, að verðlag á vörum hafi hækkað. En hv. þm. Seyðf. verður að hafa það í huga, að verðlag verður að hækka og hlýtur að hækka, þegar svona höft eru sett. Ef fyrirtækin eiga að komast áfram með helmingi eða ferfalt minni umsetningu, þá er óhjákvæmilegt, að verðlag verði að hækka, því að flestir útgjaldaliðirnir eru óbreyttir. Það er erfitt að meta það nákvæmlega, hvenær verðið er orðið óeðlilega hátt, og skal ekkert um það dæmt. Eina ráðið við þessu er nú það, að taka ekki upp A-glasið, ef ekki er nauðsyn á því. Ég hefi haldið, að afstaða Alþfl. til þessara ráðstafana hefði verið sú, að þær hefðu ekki verið nauðsynlegar, og gæti hann því verið með því að samþ. þetta frv. og leyft eðlilegum viðskiptum að falla í sinn farveg aftur.

Það var sagt, að höftin hefðu orðið til stórgróða fyrir vefnaðarvöruverzlanirnar, af því að þær hefðu getað selt meira af sínum birgðum. Þar hefir sannarlega verið gefið með annari hendinni það, sem var tekið með hinni. Um leið og þær fá þessi fríðindi, þá hafa þeirra viðskipti verið lömuð með því að meina þeim að flytja inn þær vörur, sem þeim er mestur hagur í að flytja inn, og það eru nýju vörurnar. Verzlun byggð á frjálsum grundvelli hlýtur að gera ráð fyrir því, að eitthvað af vörum verði afstands, og á eðlilegum tímum verða verzlanirnar að setja þær niður til þess að geta komið þeim út á svokölluðum útsölum. Nú munu þær hafa getað selt mest af þeim fyrir talsvert meira en vant er. Ég trúi ekki, að vefnaðarvörukaupmenn, skókaupmenn eða kaupmenn yfirleitt væru svona á móti innflutningshöftunum, ef þeir græddu á þeim.

Hæstv. ráðh. dró nú fram þær ástæður, sem hann hefði til að halda höftunum. Ég tók að vísu eftir þessum ástæðum í hans fyrri ræðu. Hann sagði eitthvað á þá leið, að ef verzlunarjöfnuðurinn í stað 1 millj. kr. fram yfir hefði orðið 2—3 millj. kr. undir t. d. þetta síðasta ár. hvernig hefði þá farið. Þarna finnst mér nú hæstv. ráðh. byggja á því, sem á að sanna. Það á að sanna, að innflutningshöftin hafi valdið þessu.

Ég held, að það hafi svo ekki verið fleira. Mér þykir eðlileg sú ósk hans, að ég vilji skapa honum aðstöðu til að vera fjmrh. þangað til batnar um. Ég er að því með þessu, og ég óska, að hann vilji styðja mig í því að stíga þessi fyrstu spor, sem ég álít, að þurfi að stíga til að úr rætist. Ég er að bjóða honum miklar tekjur í ríkissjóðinn og þá miklu skemmtun, sem verður að því að vera þá fjmrh., og vandræðin verða eitthvað minni.

Tryggvi Þórhallsson: Það er út af þeim orðum, sem hv. 4. þm. Reykv. lét falla hér áðan, að ég vil segja nokkur orð. Hv. þm. tók það fram, að vegna þeirra ráðstafana, sem nú eru gerðar viðvíkjandi gjaldeyrinum, eigi atvinnuvegirnir við mjög mikla erfiðleika að stríða. Ég er hv. þm. sammála um þetta, en vil einungis benda á það, að þau harðindi, sem atvinnuvegirnir eru beittir að þessu leyti, stafa ekki af innflutningshöftunum, sem hv. 3. þm. Reykv. vill leggja niður, heldur stafa þau frá hinu, að skv. heimildarlögum eru framleiðendur nú sviptir umráðarétti eftir gjaldeyrinum, og jafnframt af því, að gengisnefndin ákveður verðið á gjaldeyrinum, þannig að það er lítt mögulegt og í mörgum tilfellum ómögulegt að reka atvinnuvegina þannig,

að þeir beri sig. Hv. þm. beindi svo þeirri fyrirspurn til þeirrar n., sem um þetta ætti að fjalla, gengisnefndarinnar, hvað hún segði um þetta og hvers vegna hún hefði þetta svo. Þegar slík fyrirspurn kemur fram hér á Alþingi, og það vill nú svo til, að nokkrir í þessari n. eiga hér sæti, þar á meðal ég, þá vil ég láta það koma fram, að einmitt þessari skoðun, sem hv. þm. hélt fram, hefir verið haldið fram í gengisnefndinni af mér, fulltrúa annars aðalatvinnuvegarins, að þetta væri óforsvaranleg ráðstöfun, að svipta framleiðendurna umráðarétti yfir gjaldeyrinum. Þessi skoðun hefir ekki eingöngu komið fram hjá fulltrúa annars atvinnuvegarins, heldur hjá fulltrúum beggja atvinnuveganna í n. Þrátt fyrir þessar kröfur, hefir ekki fengizt breyt. — Þetta vildi ég upplýsa út af þessari fyrirspurn, að þessu hefir verið haldið fram í gengisnefndinni af fulltrúum atvinnuveganna, en hefir ekki fengið áheyrn.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Hv. 3. þm. Reykv. kvartar um, að ég hafi ekki sannað, að innflutningshöftin hafi bætt okkar greiðslujöfnuð við útlönd. Ég tel þetta frv., sem hann flytur hér, sönnun fyrir því. Hann mundi varla flytja þetta frv., ef ekki væru miklar innflutningskröfur, sem er ófullnægt nú. Það er kunnugt, að það er geysimikið, sem innflutnings- og gjaldeyrisnefnd verður að neita um innflutning á. Hitt er ekki alveg óhugsandi, að það kynni að vera eitthvað til í því, sem hann segir, að ef höftin væru felld niður, myndu innkaupin ekki verða meiri að krónutali, heldur eingöngu tilfærsla á því, sem keypt væri. Ef þessi fullyrðing hans væri rétt, þá yrði tilfræslan sú, að meira yrði flutt inn af óþörfum vörur og minna af nauðsynjavörum.

Það er sannarlega ástæða í þessu sambandi til að minnast á þá hluti, sem hv. þm. Str. og hv. 4. þm. Reykv. hafa dregið inn í þessar umr., hvaða verð eigi að vera á okkar gjaldeyri. Ég ræddi þetta ekki vegna þess, að flm. frv. barðist ekki gegn sjálfum gjaldeyrisskömmtununum. Þessar ráðstafanir eru gerðar til þess að geta staðið í skilum við útlönd og geta ráðið, hvaða verð er sett á hinn erlenda gjaldeyri. Þeirri aðstöðu, að geta ráðið þessu, fylgir sú skylda, að hafa sanngjarnt verð á þeim erlenda gjaldeyri. — Ég óska ekki að fara frekar út í þetta geysimikla viðfangsefni að þessu sinni.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég vil aðeins benda á eitt, út af því, sem hæstv. forsrh. sagði nú og sem eiginlega sýnir, hvað við erum sammála. Hann vildi þó láta falla varleg orð um það, að það væri ekki fjarstæða, að breytingin yrði sú, að það yrði tilfærsla, ekki flutt inn eins mikið af þarfavörum, en eitthvað minna af óþörfum vörum. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að það er ekki úr háum söðli að detta í þessu efni eins og nú er ástatt: ótakmarkaður innflutningur á víni og tóbaki, sem ég held, að séu með meiri óþarfavörum, sem til eru. Það myndi frekar mega orða það þannig, að vörurnar dreifðust á milli þeirra, sem eiga sína afkomu m. a. undir því að geta rekið sín fyrirtæki, og erfiðara yrði að hækka verðið óeðlilega, ef viðskiptin væru frjáls. Hitt er annað mál, að gjaldeyrisráðstafanir mundu sjálfsagt eftir sem áður hefta stórkostlega frjálst innflutningsmagn í heild sinni.

Ég vil benda á það, að ef innflutningsnefndin ætti að starfa áfram, þá væri hún eðlilegast skipuð ráði, sem t. d. kaupmannastéttin veldi að öllu leyti. Gjaldeyrisnefndin segði svo þessari n. fyrir, hvað mikið mætti flytja inn, og finnst mér rétt, að innflytjendurnir miðluðu því á milli sín, hvaða vörur væru fluttar inn fyrir þá upphæð, sem þeim væri skömmtuð.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það má segja, að það sé viss mótsögn í því að banna óþarfann, en leyfa þó innflutning á víni og tóbaki. En ástæðurnar til þess eru þær, að það eru engar vörutegundir, sem gefa tiltölulega jafnmikla tolla og verzlunarágóða í ríkissjóð og einmitt þessar vörutegundir. Það er nú svo um hvorartveggja þessar vörutegundir, að það er heldur lítið fé, sem fer út úr landinu, sérstaklega þó til að greiða vínið, en tiltölulega mikið, kannske upp undir 70%, sem fer beint í

ríkissjóð. Það er nú svo, að ríkið hugsar um sinn hag, og þess vegna er leyfður innflutningur á þeim vörutegundum, sem gefa mestar tekjur, en heldur látinn falla niður innflutningur á vörum, sem ekki gefa nema 15—20% í ríkissjóð. Ég kalla það, að vörurnar dreifðust óeðlilega, ef meira á að flytja inn af óþarfavörum, en minna af þarfavörum. Til þess að varðveita eðlilegan innflutning er nauðsynlegt að halda þessum höftum uppi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13:7 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 250 og 302).

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Eins og sést á nál. meiri hl. fjhn., leggur meiri hl. n. til, að frv. þetta verði fellt.

Í grg. frv. eru færðar fram helztu ástæðurnar fyrir þessu frv., og hefir minni hl. fjhn. tekið þær upp í nál. sitt, en jafnframt aukið nýjum við. Þessar helztu ástæður eru í stuttu máli þær, að innflutningshöftin séu til óþurftar fyrir þjóðfélagið, tekjur ríkissjóðs minnki, með því að ríkissjóður missi innflutningstoll af þeim vörum, sem innflutningur er bannaður á, auk þess sem höftin dragi úr tekjum ríkis og bæjarfélaga með því að lama atvinnumöguleika og gjaldþol manna, eins og þetta er orðið í nál. minni hl. á þskj. 302.

Lítur það óneitanlega hálfeinkennilega út, að því minna, sem keypt er af ónauðsynlegum vörum, því minni skuli greiðslugetan vera, því að manni sýnist sem þetta ætti að vera öfugt, að kaupgetan hljóti að vera því meiri, sem minna er keypt. Það er að vísu satt, að þeir menn, sem hafa atvinnu af sölu ónauðsynlegs varnings, missa atvinnumöguleika sína og tapa þannig við þetta fyrirkomulag, en þó ekki nema að nokkru leyti, því að það er viðurkennt bæði af formælendum og andmælendum þessa frv., að allmikil verðhækkun varð á þessum varningi, sem þegar var til í landinu, er reglugerðin um innflutninghöft var sett.

Meiri hl. telur að vísu, að komið geti til mála að lina á höftunum, en vill í því sambandi leggja áherzlu á það, að þetta verði ekki gert nema samhliða því, sem sett verði ný tollalögjöf, er takmarki mjög innflutning þessara vörutegunda, sem gera má ráð fyrir, að verði mjög mikill, ef engar skorður eru við reistar, vegna þess, að þessar vörutegundir munu vera gengnar mjög til þurrðar vegna innflutningshaftanna. Ættu að vera nægar hömlur í þessu efni, að tollurinn væri hafður svo hár, að menn gætu ekki haft tilhneigingu til að flytja meira inn en góðu hófi gegnir, og mætti haga þessu svo, að hafa tollinn svo háan á meðan jöfnuður er að komast á innflutninginn. Að ástæðurnar fyrir hömlum á innflutningi ónauðsynlegs varnings séu fallnar burt, get ég ekki fallizt á. Verzlunarjöfnuðurinn við útlönd var að vísu hagstæður síðasta ár, en þetta mun aðallega stafa af því, að ógreiddar eru venju fleiri upphæðir við útlönd, sem færast yfir á árið 1933, svo að þrátt fyrir hinn góða verzlunarjöfnuð, mun ekki mikið fram yfir það, sem nauðsynlegt er á hverjum tíma, til þess að þjóðin geti staðið undir greiðslum sínum til útlanda.

Ef menn keyptu nú vörur fyrir þessa peninga, sem þeir annars myndu kaupa óþarfavarning fyrir, þá ætti þetta ekki að geta orðið, sem bent er á hér í grg. frv. Sem sagt, allur málflutningur um nauðsyn þess að aflétta innflutningshöftunum virðist mér vera í svo lausu lofti, að ég sé ekki, að vert sé að taka hann alvarlega. Hvort eitthvað ofurlítið kunni að vaxa innkaup á öðrum vörum, vil ég ekki fullyrða um. En ég hefi heyrt stuðningsmenn þessara frjálsu viðskipta tala um það, að þetta mundi nema 200—300 þús. kr. tapi fyrir ríkissjóð, og mun þá byggt á, að innflutningurinn næmi 1 milljón. Ég sé ekki, að við séum færir um það nú að láta erlendan gjaldeyri fyrir alóþarfar vörur, þó að ekki sé nema 1 millj. kr. Hæstv. fjmrh. hefir litið svo á, og ég hygg óhætt að fullyrða, að hann líti svo á, að ekki megi slaka til á þessu sviði enn sem komið er. Í því efni er vitanlega skylda þingsins að taka mikið til-

lit til till. hans, því að gera verður ráð fyrir, að honum sé kunnugra en öðrum, hver áhrif afnám innflutningshaftanna yrðu fyrir þjóðfélagið í heild sinni, bæði ríkissjóð og einstaklinga.

Ég sé svo ekki ástæðu að svo komnu máli að segja fleira, en meiri hl. n. leggur eindregið á móti því, að frv. verði samþ., sem og sagt er í nál.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson): Ég þarf mjög litlu að bæta við það, sem sagt er í nál. minni hl. Þar eru færð, að ég hygg, allskýr rök fyrir því, að innflutningshafta er ekki þörf nú, og líka að því, að þau eru að sumu leyti skaðleg. Það væri nú sök sér, ef hér væri algerlega um óþarfavörur að ræða, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði. En það er langt frá því, að heftur sé innflutningur á algerlega óþörfum vörum aðeins. Það er öllum vitanlegt, að heftur er innflutningur á mörgum mjög nauðsynlegum varningi. Og þegar svo er komið, þá er illt að greina, hvað er meira og hvað er minna nauðsynlegt. Ég veit það t. d. af viðtali við marga menn, að bannaður er innflutningur á vefnaðarvöru, sem er nauðsynleg og ódýrari og betri en annar varningur, sem þó er leyft að flytja.

Annars er aðalatriðið í þessu máli, að það er ekki hætt við neinum stóraukn um innflutningi og þá allra sízt af óþarfavöru; verzlanir munu yfirleitt ekki á þessum tímum flytja annað en það, sem fólki er nokkurn veginn nauðsyn að ná í. Að flytja inn vörur, sem eru ónauðsynlegar, til að liggja með þær svo og svo lengi, það get ég ekki hugsað mér, að nokkur verzlandi maður sé svo fávís að gera.

Eins og ég gat um áðan, þá er æðimikill vandi að kveða á um, hvort vara sé meira eða minna nauðsynleg. Sumar dýrar vefnaðarvörur, sem álitnar eru óþarfar, er hagkvæmara að kaupa, sökum endingar, en ódýrari vörur. Á þann hátt verða höftin aðeins til að spilla hagkvæmri verzlun. Hitt er og vitanlegt, að margar hátollavörur eru dýrustu vörurnar, sérstaklega vefnaðarvörur, og gefa ríkissjóði mestar tekjur, jafnframt því að vera hentugastar kaupandanum, þegar til lengdar lætur.

Ekki er þess að dyljast, að það hefir langmest verið heftur innflutningur á þeim vörum, sem þeir menn kaupa, sem ekki eiga fyrir fjölskyldu að sjá, en hafa nóg peningaráð. Og það hefir reynzt erfitt að ná tekjum af þessum mönnum á annan hátt en með tollum. Það hefir sýnt sig, að það hafa oft og tíðum ekki náðst af þeim tiltölulega lág útsvör, vegna þess að þeir eyddu aurum sínum jafnóðum. Eina leiðin til að ná af þessum mönnum tilsvarandi tekjum við það, sem aðrir borgarar greiða, er að þeir kaupi tollskyldar vörur.

Ég er líka þeirrar skoðunar, að gjaldeyrisn. geti haft það eftirlit, sem þarf, og að það sé því bara óþarfa kostnaður að hafa tvær n. við þetta starf.

Það er ekki fleira, sem ég tel ástæðu til að taka fram að svo stöddu, en legg til, að frv. verði samþ.

Magnús Jónsson: Mér urðu það dálítil vonbrigði, að meiri hl. skuli leggja til, að þetta frv. verði fellt; — reyndar dálítið meiri vonbrigði eftir að ég hefi heyrt ræðu hv. frsm. meiri hl., því að mér virtist eftir hans ræðu, að það hefði kannske mátt finna leið úr þessu máli, þannig að hægt hefði verið að ná samkomulagi um að bæta úr þessum vandræðum, sem eru að verða af innflutningshöftunum, bæði fyrir ríkissjóð, landsmenn í heild sinni, en sérstaklega þá, sem stunda þá atvinnu, sem þessar hömlur skerða.

Það má segja almennt um þetta mál, að það er eins og formælendur haftanna telji bæði sjálfum sér og öðrum trú um það, að innflutningshöft séu eiginlega það eina, sem geti minnkað innflutning verulega. Mér finnst þeir aldrei taka það með í reikninginn, hvað árferðið hefir geysimikil áhrif á innflutning frá ári til árs. Það þarf ekki annað en líta í verzlunarskýrslur til þess að sjá þetta, og ég veit ekki, hvort menn almennt vara sig á, hve nákvæmlega má rekja árferðið eftir innflutningi. Ef maður ætlar að rannsaka árferði og hefir ekkert annað en verzlunarskýrslur, þá getur maður farið ákaflega nærri um það. Munurinn er hvorki meiri né minni en það, að frá árinu 1927, sem er síðara erfiðleikaár, og

til 1929, sem aftur á móti er annað góðæri í röðinni, þá munar á innflutningnum 24 millj. kr. Fyrrnefnda árið var hann 53 millj., en hið síðara 77 millj.

Þessar sveiflur koma því alveg af sjálfu sér eftir árferði, þegar engin höft eru og allt er frjálst. Þegar þess vegna er verið að sýna fram á, að það megi hefta innflutning um eina milljón, þá eru þær aðgerðir sannast að segja svo ákaflega smávægilegar móts við það, sem árferðið sjálft veldur, að þær hafa enga þýðingu.

Ég gerði fyrir ári síðan, um það bil sem höftin komu, skrá eftir verzlunarskýrslum í samræmi við það, sem áður var gert hér á þingi, yfir vörur, sem inn eru fluttar. Ef þeim er skipt í framleiðsluvörur og neyzluvörur, þá lætur nærri, að þær skiptist til helminga. Neyzluvörur eru í góðæri að vísu nokkuð fyrir neðan helming, og geta í einstaka ári komizt niður í 2/5. Nú er innflutningshöftunum alveg tvímælalaust ekki ætlað að lama innflutning framleiðsluvara. Má þá draga þennan helming alveg frá. Af neyzluvörunum dregst helmingur frá, sem ekki kemur til mála að hefta, svo sem nauðsynlegar matvörur. Rannsóknin, sem gerð var að ég held 1923 eða '24, og rannsóknin, sem ég gerði í fyrra um það, hvaða vörur væru alveg óþarfar og mætti banna, svo að landslýður lifði þó jafngóðu lífi, hún leiddi í ljós, að það er mjög nærri 1% af öllum innflutningi. En þar fylgir sá böggull skammrifi, að þetta eru nákvæmlega þær vörur, sem ríkissjóður græðir mest á, og þess vegna er hlíft við innflutningshöftum, svo sem tóbak til dæmis.

Það eru þess vegna alveg augljósir örðugleikar á því að láta höftin gera gagn. Og ég er alveg undrandi á því, að þótt gripið sé til þessa í snöggum vandræðum, þá skuli þingið ekki vera fúst á að afnema höftin, þegar sýnt er, að þeirra er engin nauðsyn, en ríkissjóður verður fyrir mjög miklum skakkaföllum af þeim.

Hv. frsm. meiri hl. gekk út frá því, að ríkissjóður skaðaðist um 200—300 þús. kr. fyrir innflutningshöftin, og kvaðst hafa það eftir okkur. Út frá því ályktaði hann, að heftur væri innflutningur fyrir 1 milljón. Þetta er ekki fjarri því, sem ég hefi haldið fram, en sagan er ekki öll sögð með þessu. Segjum, að ríkissjóður tapi t. d. 300 þús. kr., þá getur vel verið, að aðrar vörur verði fluttar inn, sem gefa miklu minna í toll. Það er ekki víst, að þótt hindruð séu vörukaup fyrir milljón krónur, þá séu þær milljón kr. kyrrar eftir í landinu. Það getur verið, að svo og svo mikill partur leiti bara í annan farveg. Segjum, að svo og svo mikið af postulínsvörum sé bannað, þá er keypt svo og svo mikið af leirvörum í staðinn. Ef loðskinn eru bönnuð, þá kaupa menn dýr tau í staðinn, sem leyfð eru. Segjum, að hindrað sé að flytja inn svo og svo mikið af gullhringum og gullskrauti, þá kaupa menn í staðinn til gjafa þá hluti, sem leyfðir eru, svo sem dýrar klukkur o. þ. h. Meira og minna af þeim peningum, sem er verið að reyna að halda í landinu, leitar bara að öðrum farvegum, svo framarlega að kaupgeta er til í landinu. Breytingin verður þá sú, að í stað hátollavaranna koma lægra tollaðar vörur, sem er skaði fyrir ríkissjóð. Út af fyrir sig getur maður sagt, að fyrir ríkissjóð séu óþörfustu vörurnar beztar, svo sem gullskraut og glingur, því að þar er hlutfallið milli gjaldeyrisins, sem lagður er fram, og tollsins hagstæðast fyrir ríkissjóð.

Fyrir þessa röskun verður ríkissjóður að kría inn sínar tekjur af vörum, sem krefjast miklu meiri erlends gjaldeyris í hlutfalli við ríkistekjurnar. Að þessu leyti verka höftin beinlínis á móti tilgangi sínum.

Annars er þetta mál útrætt. Það koma ekki fram nein ný rök. Því er bara haldið fram, að yfir höfuð sé hætta á vöruflóði inn í landið, hvernig sem sýnt er fram á, að engar líkur séu til þess.

En hv. frsm. meiri hl. benti á eina leið til samkomulags, að mér skildist; og mér þykir skaði að hafa ekki haft tækifæri til að ræða um þessa leið, áður en frv. þurfti að koma til úrslitaatkvgr. Þetta er sama aðferðin og viðhöfð var þegar fyrri innflutningshöftin voru afnumin, tollur á þarfar vörur, til þess að draga úr innflutningnum. Innflutningshöftin og verðtollurinn voru einskonar lagssystkin um tíma, og í skjóli verð-

tollsins vesluðust höftin út af. Ég væri fús að ræða við þá þm., sem vildu slaka á höftum, en hindra innflutning ýmissa vara með háum tollum. Ég álít ekki alveg forsvaranlegt að beita talsvert mikið hátollastefnu, en miklu skárra en höftin. En það er auðvitað, að tollurinn má ekki vera svo gífurlega hár, að hann freisti manna allt of mikið til smyglunar. Það má náttúrlega leita að takmörkunum, og það getur verið, að hægt sé að fara eitthvað upp fyrir þann hæsta verðtoll, sem nú er.

Ég hefði nú þess vegna viljað óska þess, að þetta frv. fengi afgreiðslu til 3. umr., eða yrði tekið af dagskrá. Það virðist ekki vonlaust, að hægt sé að ná samkomulagi við meiri hl. n. um þann grundvöll, að létta af höftunum, en gera ráðstafanir, sem tryggi okkur gegn innflutningsflóði því, sem menn óttast, en vinni jafnframt ríkissjóði verulegt gagn.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Mig langar til að byrja á því að leggja spurningu fyrir hv. flm. þessa frv., hvernig hann getur samræmt það, sem í grg. frv. stendur, að höftin spilli lánstrausti þjóðarinnar, en jafnhliða batni verzlunarjöfnuðurinn, og skuldirnar við útlönd minnki. Mér finnst, að út frá þessu ætti lánstraustið að aukast, en ekki spillast.

Annars skal ég játa það, eins og ég sagði hér áður, að ég gæti vel gengið nokkuð á móti hv. flm. þessa máls, ef málið væri undirbúið á þann hátt, sem ég teldi nauðsynlegt, af fjármálastj. landsins. En það liggur ekkert fyrir um það nú, og ég hygg, að hæstv. fjmrh. leggi til svipað fyrirkomulag á þessum hlutum nú fyrst um sinn eins og verið hefir.

Í grg. frv. og nál. hv. minni hl. er framsetning, sem mér þykir a. m. k. talsvert varhugaverð. Mér skilst, að þar sé haldið fram, að innflutningshöftin auki framfærsluþörf hins opinbera. Ég verð að segja, að mér virðist vera farið að seilast helzt til langt og nota flest, þegar þetta er borið fram sem rök.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt fram, að árferði takmarkaði innflutninginn nægilega við þörf og getu þjóðarinnar. Þetta fer nú ekki alveg eftir árferði í atvinnuvegunum, því að þessi kaup eru nokkuð jöfn hjá launastéttunum í landinu. Hann benti á, að ef heftur væri innflutningur á þeim vörum, sem annars eru keyptar til gjafa, þá mundi fólkið gefa bara annað, og hann nefndi klukkur og dýran fatnað. Þetta sýnist alveg rétt hjá hv. þm. í fljótu bragði. En ef menn gefa klukkur eða aðra nauðsynlega hluti, þá er fullnægt þörf viðtakanda gjafarinnar, svo að hann þarf ekki að kaupa sér klukku. Það væri þá mjög heppilegt, ef þessar ráðstafanir kenndu mönnum að gefa gagnlega hluti, ef þeir annars vilja gefa, en ekki það, sem ekkert gagn er að.

Viðvíkjandi till. hv. frsm. minni hl. um gjaldeyrisúthlutun, þá er engin breyt. í henni frá því, sem nú er.

Ég vil benda á það viðvíkjandi innflutningnum og afnámi haftanna, að því hefir verið haldið fram, og með talsverðum rökum, að menn hafi orðið fyrir talsverðum óþægindum fyrir að hafa ekki haft þessar vörutegundir í búðum sínum. Vitanlega myndu þeir hinir sömu menn hafa úti allar klær til að ná sér í þær vörutegundir, ef höftunum yrði af létt, til þess að vinna upp nokkuð af því, sem þeir töpuðu undanfarið vegna haftanna. Menn flyttu inn það, sem þeir hefðu nokkra möguleika til að koma út meðal fólksins. Menn ættu að muna eftir, hvernig innflutningur tóbaks var eftir að tóbakseinkasalan var lögð niður. Sá geysimikli innflutningur stafaði af því, að þeir, sem ætluðu að hafa atvinnu af tóbakssölu, lögðu kapp á að umsetja sem allra mest og sem allra fyrst. Alveg sama yrði nú uppi á teningnum, ef höftunum væri kippt burt nú.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta öllu meir. Málið liggur svo ljóst fyrir öllum. Það, sem vantar til þess að geta sannfært alla, er ekki hægt að draga fram nú. Það er ekki hægt að segja um, hvernig þetta myndi verka. Reynslan ein sýnir það; nú er ekki hægt að dæma um málið nema eftir líkum.

Magnús Jónsson: Hv. þm. V.-Húnv. virtist halda, að hann stæði mig að ósamræmi, þar sem hann sagði, að ég hafi sagt, að það gæti farið saman, að lánstraust manna versnaði og að skuldir við

útlönd minnkuðu. Ég veit, að hv. þm. er svo skynsamur maður, að hann sér sjálfur, þegar hann bara athugar sig betur, að þetta tvennt stendur í beinu sambandi hvað við annað. Ef menn missa lánstraustið erlendis, þá hljóta skuldir þeirra að minnka þar. Þeir verða að ganga á birgðir sínar, og á pappírnum minnka skuldirnar. Það er því aðeins um að ræða tilfærslu á skuldunum.

Þá var annað atriði, sem hann gat ekki skilið, að innflutningshöftin gætu orðið til þess að auka framfærsluþörf þess opinbera. Hvernig slíkt má verða, hefði hann getað séð í nál. minni hl. Vegna innflutningshaftanna eykst atvinnuleysið. Ég þekki mörg dæmi þess, að fátækir fjölskyldufeður hafa börn sín í búðum eða starfandi við verzlanir. Hefir þegar verið sagt upp fjölda slíkra unglinga vegna haftanna, og verður án efa gert meira að því, ef höftunum verður ekki létt af. Getur því svo farið, að margar fjölskyldur komist á vonarvöl af þessum ástæðum. Það hefir oft verið á það minnzt, hversu verzlanirnar væru margar hér í Rvík, en hins hefir sjaldnar verið getið, hversu mörgum þær veita atvinnu.

Þá minntist hv. þm. á það, sem talið hefir verið aðalástæðan fyrir því, að ekki væri rétt að afnema innflutningshöftin. Það er hættan á vöruflóði, þegar þeim væri létt af. Ég skal viðurkenna, að þessi hætta er dálítil, en því meiri er hún, sem höftin eru látin standa lengur. Dæmið, sem hv. þm. tók upp á þessa hættu af tóbakseinkasölunni, held ég, að ekki sé rétt. Hún var afnumin 1925, en þá var góðæri, svo þeirra hluta vegna var meira keypt en ella hefði orðið. Að svo geti orðið nú, eru engar líkur fyrir. Annars er það þannig með þessi innflutningshöft, eins og verið sé að stífla læk; vatnið verður einhversstaðar að hafa smáframrás meðan það helzt í læknum. Sé lækurinn stíflaður, þá brýzt vatnið bara fram í öðrum farvegi. Það eina, sem getur stöðvað lækinn, er að þurrka hann upp. Alveg eins er um innflutninginn; það eina, sem getur dregið úr honum, er kaupgetuleysi landsmanna. Eftir því sem kaupgetan þverr, þverr innflutningurinn.

Mér þykir leitt, að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa getað verið við þessa umr., því að við hann hefði ég viljað ræða um samkomulag í þessu máli.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi taka undir með þeim mönnum, sem leita vilja að lausn á þessu máli, svo að sem minnst vandræði hljótist af, því eins og kunnugt er, hafa innflutningshöftin þegar valdið fjölda manna atvinnumissi og þar af leiðandi ýmsum vandræðum. Ennfremur hafa þau þær verkanir, að verzlanir hafa minna vöruúrval en þegar frjáls innflutningur er, og jafnframt, að varan er seld dýrari. Það þarf heldur ekki annað en líta í verzlanir hér til þess að sjá þetta. Ferðamenn, sem koma hingað frá útlöndum, segja líka, að verð á erlendum varningi hér haldist alls ekki í hendur við verðfall hans erlendis. Þetta ástand er að miklu leyti innflutningshöftunum að kenna. Þau hindra hið frjálsa framboð varanna, sem leiðir aftur til verðhækkunar.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara að gera að umtalsefni, hvernig þessi haftapólitík hefir verið og er útfærð. Það væri efni í langa ræðu, ef ég nennti að fara að segja frá öllum þeim mistökum á framkvæmd þeirra, sem mér beinlínis eru kunn. Menn muna t. d. eflaust eftir uppþotinu, sem varð í vetur, þegar einum manni var leyft að flytja inn þurrkaða ávexti. Þá má t. d. minna á innflutningsleyfin fyrir vefnaðarvörum. Þar eru allir dúkar, hverju nafni sem nefnast, undir einum og sama hatti. Það er hægt að flytja inn undir heitinu „vefnaðarvöru" jafnt dýrasta crepe de chine, sem er efni í ballkjóla, sem allra nauðsynlegasta íverufatnað. Það verður því tæplega um það deilt, að svo mikil vandræði stafa af þessum innflutningshöftum, að mjög væri nauðsynlegt, ef fengizt gæti einhver lagfæring þeirra mála.

Þá væri og fróðlegt að fá að vita, hver væri kostnaður af innflutnings- og gjaldeyrisnefndinni. Ég hefi heyrt, að hann væri allmikill.

Þau einu höft, sem ég held, að komið gætu til greina, væri aðeins gjaldeyrisskömmtun. Það væri miklu betra en hindra innflutning á fjölda vörutegunda.

Með því væri mönnum þó ekki meinað að nota lánstraust sitt erlendis, en afleiðingin af því er, eins og tekið hefir verið fram, fábreyttari vörur og hærra vöruverð.

Þá er eitt atriði enn, að sé svo, sem heyrzt hefir, að innflutningsleyfunum sé úthlutað mjög misjafnlega, þá gerir það aðstöðu kaupmanna mjög ójafna. Sumir fá miklu betri aðstöðu til þess að reka viðskipti sín en aðrir. En slíkt er ekki rétt. Það þurfa allir að hafa sem jafnasta aðstöðu að ná vörunni inn í landið. Það væri því mjög æskilegt, ef meiri hl. fjhn. tæki höndum saman við minni hl. um að kippa þessu máli í lag. En fari svo, að það verði ofan á, að innflutningshöftunum verði beitt áfram, þá tel ég nauðsynlegt, að þingið geri ráðstafanir til þess, að reglugerð sú, sem nú er beitt, verði nákvæmlega endurskoðuð. Það má þó ekki minna vera en þar sé kippt burt mestu meinlokunum.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég er sammála þeim andmælendum frv. þessa, sem hér hafa talað, að haftalaus innflutningur eins og nú standa sakir sé hættulegur, því að á því er enginn vafi, að ef höftunum yrði aflétt, þá myndi innflutningurinn aukast að miklum mun. Hinsvegar er ég líka á sama máli og hv. frsm. minni hl., að þau innflutningshöft, sem við eigum nú við að búa, séu mesti gallagripur. Þau eru ekki aðeins til þess að skapa óþægindi, heldur og líka til þess að hækka verð á ýmsum vörutegundum. En á því á stjórnin sökina, þar sem hún hefir ekki sett neitt hámarksverð á vörur, sem hætta er á, að hækkaðar verði um of í verði vegna haftanna. Að þessu leyti get ég verið sammála báðum. Ég hygg nú, að hvort sem menn eru með höftum eða á móti, þá geti allir verið á einu máli um það, að þau geti verið tvíeggjað vopn, sérstaklega með tilliti til erlendra viðskiptaþjóða. Þar verður að gæta allrar varúðar.

Þau innflutningshöft, sem við höfum nú, koma t. d. alls ekkert við sumar viðskiptaþjóðir okkar, en aftur koma þau allmjög niður á öðrum. Það er því ekki víst, hversu lengi þær þegja við þessu misrétti. Ég tel því alveg óforsvaranlegt að láta reka á reiðanum um þessa hluti. Þau höft, sem við höfum nú, eru eins og ég þegar hefi tekið fram, mjög lítils virði, þar sem líka svo hagar til í heiminum eins og nú, að allar þjóðir keppast um að selja sem mest, m. a. með því að láta vörur í vöruskiptum. Kaupa aðeins frá þeim þjóðum, sem aftur kaupa af þeim. Í þessu efni höfum við Íslendingar góða aðstöðu í flestum viðskiptalöndum okkar, sem næst liggja, svo sem Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Englandi. Við kaupum meira af þeim heldur en við getum selt þeim. Þessa góðu aðstöðu má að sjálfsögðu nota í viðskiptasamningum á milli ríkjanna. Öðru máli gegnir um aðstöðu okkar gagnvart Miðjarðarhafslöndunum, Ítalíu, Spáni og Portúgal. Þar erum við miklir seljendur, en litlir kaupendur. Mig furðar því, að ekki skuli hafa verið minnzt á hættu, sem yfir okkur getur vofað í viðskiptunum við þessi lönd. Eins og kunnugt er, þótti ekki fært að hafa verzlunarviðskiptin við útlönd í höndum einstaklinga meðan á stríðinu stóð og fyrst eftir að stríðinu lauk. Var öll verzlun landsmanna þá í höndum Landsverzlunarinnar og fór vel úr hendi. Ég er því í engum vafa um, að bezt færi á því, að öll kaup og öll sala á nauðsynjum landsmanna færi fram undir stjórn hins opinbera. Þá væri hægt að haga innkaupunum þannig, að viðskiptin yrðu gróðasöm. Með því yrði líka komizt hjá að hafa innflutningsnefnd. Þá hyrfu og öll höft og gjaldeyrisnefnd úr sögunni.

Annars er vert að athuga það í þessu sambandi, að í viðskiptum þjóða á milli ríkja nú tvær stefnur: Kvótastefna og tollastefna. Það er samið um á milli landanna, að þau fái að flytja inn hvort til annars ákveðið magn af vörum, og hvort sem miðað er við þessa kvótastefnu eða tollastefnu, þá er mikið undir því komið, að það hlutfall raskist ekki, sem á er byggt.

Mér þótti rétt, úr því að mál þetta var til umr., að skýra afstöðu mína til þess. Ég tel innflutninghöft þau, sem við búum við nú, kák eitt, sem óvíst er, hvort gera meira gagn en ógagn, en ég tel ekki rétt að opna allt upp á gátt fyrir nýjum innflutningi, heldur beri að taka alla

verzlun undir eina stjórn, svo hægt sé að njóta hinnar beztu aðstöðu og komast hjá kvótaákvæðunum. Frá mínum bæjardyrum séð yrði kaup á nauðsynjavörunum að sitja fyrir öllu. Hitt færi svo eftir afkomu landsmanna, hvað flutt væri til landsins af öðrum vörum á hverjum tíma.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Ég get fallizt á það, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að þær ráðstafanir, sem þjóðirnar gerðu með viðskipti sín á milli, gætu orðið þess valdandi, að við yrðum neyddir til að afnema, eða a. m. k. breyta mikið þeim innflutningshöftum, sem við nú höfum. En þetta sannar ekkert um, hvort innflutningshöftin séu óheppileg fyrir þjóðina eða ekki. Þau óþægindi, sem hv. þm. benti á, að væru af þessum höftum, og sem vita inn á við, eru þau, að menn græða óhóflega mikið á þeim vörum, sem þeir hafa, eða því litla, sem þeir fá að flytja inn. Ég tel þetta ekki þann höfuðgalla, að innflutningshöftin ættu fyrir þá sök eina að uppleysast, því að ef þessir menn græða svona mikið á þessu, þá geri ég ráð fyrir, að þeir greiði ríflega af þeim gróða sínum, bæði til bæjar- og ríkissjóðs, og skapaðist þannig tekjustofn bæði fyrir ríkissjóð og bæjarfélag. Þessir menn, sem græða, eru þeir, sem líklegastir eru til að geta látið eitthvað af hendi rakna í því augnamiði. Annars er þetta mál, eins og það er hér flutt, talsvert stórt og stærra en ég hafði haldið, þegar talað er um, að þessi innflutningshöft setji mörg hundruð manna út á gaddinn. Ef til vill er hér nú fundin ástæðan til atvinnuleysisins og kreppunnar í landinu. Ef til vill er hugmynd þeirra manna, sem svo mjög tala um þetta, sú, að leysa atvinnuspursmálið með því að leyfa nú aukinn innflutning á óþörfum varningi. Einkennilega lætur nú þessi röksemd í eyrum. Það er ekkert undarlegt, þótt hv. 3. þm. Reykv. hrjósi hugur við að fá þessi mörg hundruð manna á framfærslu ríkisins, og eðlilegt, að hann vilji fá l. numin úr gildi, ef þau hafa það í för með sér. — Hv. þm. Vestm. benti á, að gjaldeyri væri úthlutað mjög ójafnt, og mér skildist hann telja nauðsyn bera til að létta af þessu óréttlæti. Það virðist koma fram sú skoðun hjá honum, að ekkert eftirlit eigi að hafa með úthlutun gjaldeyrisins. Ef nokkur takmörk eru á því, hvernig leyfður er útflutningur á erlendum gjaldeyri, þá hlýtur að koma ágreiningur um, hvort úthlutað sé réttilega eða ekki. (**JJós:** Mínar aths. áttu frekast við innflutningsleyfin. Það eru bæði skömmtuð gjaldeyrisleyfi og innflutningsleyfi). Það er nokkuð sama, því að ef ekki væri veittur gjaldeyrir, þá þýddi ekkert að veita innflutningsleyfi, og ef ekki væri veitt innflutningsleyfi, þá þýddi ekki að veita gjaldeyrisleyfi. Það var dálítið skringileg rökfærsla hv. 3. þm. Reykv. fyrir því, að lánstraust fari minnkandi við það, að skuldir þjóðarinnar og einstaklinganna minnki út á við. Ég hefi alltaf litið svo á, að eftir því sem einstaklingar eða stofnanir greiddu meira eða betur sínar skuldir, fengju þeir meira álit. Það er alveg sérstakt, ef það á aðeins að vera þannig um heilt þjóðfélag, að eftir því sem skuldir minnka, minnki lánstraust um leið. Eins eru það einkennileg rök, sem liggja að því að sanna, að rétt sé, að þessar takmarkanir hafi í för með sér aukna framfærsluþörf hins opinbera, þegar tekið er tillit til þess, að hv. þm. heldur því fram sjálfur, að innflutningshöftin hafi í raun og veru engin áhrif á, hvað flutt er inn í landið. Ef innflutningurinn minnkar á einu sviði, segir hann, þá bara eykst hann á öðrum sviðum. Svo segir hann ennfremur: Það þarf engin höft, því að árferðið skapar innflutninginn. Þá er alveg sama, þótt innflutningshöftin séu, því að ekki verður meira selt. Þá kemur nákvæmlega sama atvinnuleysið fyrir þessi mörg hundruð manna, sem eiga nú að vera úti á gaddinum vegna innflutningshaftanna. Þær stangast dálítið óþægilega þessar röksemdir hv. þm. Einmitt með tilliti til þess, að gera má ráð fyrir, að við verðum að breyta ýmsu í okkar verzlunarháttum, eftir því sem fram kemur í kröfum annara þjóða í viðskiptum landa á milli, þá tel ég, að það muni vera fyrir dyrum að breyta úr þessu formi, sem nú er, þótt það verði e. t. v. ekki gert á þessu þingi, í það að leyfa takmarkaðan innflutning og koma

á háum tollum, til þess að sem mest takmarkist innflutningur óþarfa varnings. Þetta mál þarf allt saman að athuga vel og vandlega, og til þess tel ég ríkisstj. hafa bezta aðstöðu, og ég vildi ekkert í því efni gera, nema því aðeins, að fyrir lægi athugun fjármálastj. og till. til úrlausnar. Að öðru leyti hefir ekki komið neitt hér fram, sem ég tel nauðsyn á að svara eða gera aths.um. Þótt ég hafi lýst því yfir, að ég væri fús til þess að leysa þetta mál til þess að fullnægja óskum þeirra manna, sem að einhverju leyti vilja upphefja innflutningsbannið, þá er það bundið því skilyrði, að áður hafi farið fram rannsókn um þessi efni og að henni fylgdi viðunandi till. um, hvað eigi að koma í staðinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Í gær, þegar umr. var um þetta mál hér, þá fór ég fram á það við hæstv. forseta, sem mun kannske ekki hafa tekið eftir því, að fresta ofurlítið atkvgr. um þetta mál, í þeirri von, að kannske yrði hægt að ná einhverju samkomulagi um málið, en sem gæti strandað á því, ef þetta frv. félli nú við atkvgr. En þar sem það kemur nú til atkv., get ég ekki gert annað en beðið hv. dm. að lofa málinu að ganga til 3. umr., því að hv. d. hefir alltaf tök á málinu, jafnvel þó að það sé gert. Ég óska því, að málið fái að ganga til 3. umr. Það er ekki óhugsandi, að það mætti fá eitthvert samkomulag um málið.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Ég hélt, að umr. hefði verið lokið um þetta mál, en hv. 3. þm. Reykv. fær nú orðið til að tala fyrir því, að málið fái að ganga til 3. umr. (**Forseti:** Aðeins um atkvgr.). Ég ætla líka að tala um atkvgr. Ég vænti, að hv. d. láti málið ekki ganga til 3. umr., því að það er alls ekki nauðsynlegt til þess, að samkomulag geti orðið um lausn þessa máls. Hér þarf ekkert annað en að breyta reglugerðinni, og gerir ekkert til, þó að l. gildi áfram; svo að það er engu spillt, þó að þetta frumvarp verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. felld með 12:7 atkv.

Frv. þar með fallið.

4. Friðun fugla og eggja.

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja (þmfrv., A. 59).

Á 14. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á þær breyt. á fuglafriðunarlögunum, að tveir fuglar, sem hafa verið alfriðaðir, verði nú ófriðaðir, annar að nokkru leyti, en hinn að öllu leyti.

Annar þessara fugla er uglan, sem samkv. þessu frv. á að vera algerlega ófriðuð. Uglan er sem kunnugt er ránfugl, sem lifir á öðrum dýrum. Hefir hún verið hinn mesti spellvirki, sérstaklega í varpi. Mér er kunnugt um, að þar, sem uglan hefir lagzt á varplönd, hafa þau eyðilagzt á 1—2 árum, en vegna þess að uglan hefir verið friðuð, hafa menn staðið uppi varnarlausir gagnvart þessum ófögnuði. Það virðist hart að leyfa í friðunarskyni þeim fuglum, sem samkv. eðli sínu eru mestu vargar í fuglahjörðinni, að vera óáreittum, en leyfa þeim að útrýma fleiri fuglum en menn þyrftu að gera, þó þeir dræpu allar þær uglur, sem hér eru. Auk þess er uglan sérstaklega ógeðslegur og óálitlegur fugl, svo að það er fjarri öllum sanni að friða hana, frá hvaða hlið sem á er litið. Mér finnst álíka mikil fjarstæða að fara að friða ugluna eins og að friða lús og fló og ýmsa þá sýkla, sem spilla að meira eða minna leyti lífi mannanna,

Um hinn fuglinn, álftina, er allt öðru máli að gegna. Hún er ekki ránfugl og hefir allt frá upphafi Íslands byggðar verið nytjafugl og einn af þeim fuglum, sem þjóðinni hefir til skamms tíma verið leyft að færa sér í nyt. Hún hefir lengst af verið ófriðuð, og a. m. k. ekki alfriðuð nema frá 1913. En þrátt fyrir það, að álftin

hefir lengst af verið ófriðuð, hefir hún alltaf haldizt við á þessu landi, og eina verulega hættan, sem henni hefir verið búin, hafa verið harðindavetur, en eins og gefur að skilja, er ekki hægt í fuglafriðunarlögum að bæta úr þeirri hættu, sem henni stafar af þeim.

Eftir að álftir voru alfriðaðar árið 1913 fjölgaði þeim mikið. En 1918 var mjög harður vetur, og þá féllu þær í þúsundatali á þeim stöðum, þar sem þær héldu sig aðallega. Mér finnst því ákaflega einkennilegt að meina mönnum að hafa þau not af þessum fuglum, sem hægt er, en friða þá alveg og láta þá svo verða hræfuglum að bráð í harðindaárum. Og svo er annað. Síðan álftunum fjölgaði svona mikið, hafa þær lagzt á lönd manna og gert þar óbætanlegan skaða. Þær hafa lagzt á engjar og heimalönd manna og gert þar svo mikinn usla, að stórar spildur hafa eyðilagzt. (LH: Eru álftir ekki mest uppi í óbyggðum á sumrum?). Þær eru í byggð á vorin, og þegar þær eru í óbyggðum, spilla þær víða afréttarlöndum bænda. Þess vegna er það alveg sjálfsagt, að álftirnar séu sömu lögum undirorpnar og aðrir samkynja fuglar, t. d. gæsir, og vegna arðsins álít ég rétt, að fólk fái að hagnýta sér þennan fugl eins og önnur gæði landsins.

Hinsvegar er það ákvæði í frv., að ef svo skyldi fara, að álftinni fækkaði mikið, sem yrði þá sérstaklega í ísaárum, þá sé heimilt að alfriða hana til að koma í veg fyrir gereyðingu. Ég álít sjálfsagt að haga lögunum þannig, að menn hafi leyfi til að hagnýta sér öll landsins gæði, og það er miklu meiri ánægja að því, að menn veiði fuglana hæfilega mikið, heldur en að stórar fuglahjarðir alist upp og falli svo unnvörpum, þegar harðir vetur koma og enginn mannleg hönd getur veitt þeim lið.

Það er sagt, að álftin syngi fegurst, þegar hún er frosin niður í ísinn, og það eru þau hljóð, sem ganga mér næst hjarta, þegar ég hefi séð álftirnar frosnar niður eða máttlausar í dauðateygjunum, svo að þær hafa ekki getað hreyft sig. Það er ekkert mannúðlegra að láta fuglana fara þannig heldur en hreinlega að skjóta þá og lofa mönnum þannig að njóta arðsins af þeim eins og öðrum fuglum loftsins og dýrum merkurinnar, sem menn verða að neyðast til að lifa á í þessari ömurlegu tilveru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 33., 40. og 45. fundi í Nd., 22. og 30. marz og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 59, n. 181 og 194).

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Eins og nál. ber með sér, hefir allshn. klofnað um þetta stórmál(!), sem hér liggur fyrir, um ófriðun svana og uglna hér á landi. Það liggur nærri, að broslegt sé, að tveggja nefndarálita skuli hafa þótt við þurfa um þetta frv., — eða sitt nefndarálitið um hvora fuglategund, sem um er að ræða!

Eins og nál. meiri hl. allshn. ber með sér, álítur hann, að sízt sé ástæða til þess að fara að ófriða fuglategundir í landinu meira en orðið er. Ég hygg, að það orki ekki tvímælis, að það sé álit flestra, ef ekki allra þeirra, sem alizt hafa upp í sveitum hér á landi, að fuglalífið sé það í íslenzkri náttúru, sem þeir myndu sakna mest, ef skert væri eða eyðilagt og að frekar sé ástæða til að hlúa að því og friða betur en að hefja eltingarleik til útrýmingar einstökum tegundum þess, eins og frv. þetta ætlast til. Og þar sem um svo sjaldgæfa fuglategund og svanina er að ræða, sem í mörgum héruðum sjást ekki nema endrum og sinnum, þó að sumstaðar sé margt af þeim, og uglurnar, sem eru svo sjaldgæfar, að ég gæti trúað því, að fáir af hv. þdm. hafi nokkurntíma séð þær, þá virðist það vera frekar einkennilegt að gera mikinn eltingaleik til þess að eyðileggja þessa fugla. Sérstaklega er það þó einkennilegt að því er snertir ugluna, því að hún mun vart ennþá hafa tekið bólfestu hér á landi.

Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun og veit, að allshn. lítur svo á líka, að frekar sé þörf á að friða fuglana betur en er heldur en að hörfa aftur inn á þá braut að ófriða og eyðileggja það, sem þegar hefir unnizt á hjá okkur í þessum efnum. Þessi

friðunarlög okkar Íslendinga hafa frekar orðið til þess að auka hróður okkar út á við. Þau sýna það, að við kunnum að meta fuglalíf okkar og hlúa að því. Það mundi því verða okkur vafasamur sómi að höggva aftur skarð þar í.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, af því að ég tel þetta ekki svo mikið mál, að ekki sé hægt að afgr. það fljótt og umræðulítið, og vil ég ekki gefa tilefni til, að miklar umr. hefjist um það. Álít ég, að tíma þessa þings þurfi að verja til betri og alvarlegri hluta en slíkra frumvarpssmíða. Vil ég þess vegna ekki fara inn á það hlægilega og broslega við þetta frv., en um það mætti tala lengur. Ég tel þetta frv. ekki þess vert, að um það sé mikið rætt.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hefi nú hlustað á hin háu vísdómsorð, er drupu af vörum hv. 2. þm. Rang. Var það sami svanasöngurinn og ég hefi séð í blöðum hér undanfarið, og svipaður öðrum svanasöng að því, að þar var fátt af ófölskum tónum. Hv. frsm. talaði um eitthvað hlægilegt í málinu. En það er aðeins eitt hlægilegt í því, sem sé þessi tryllingskennda móðursýki, sem gripið hefir karla og konur, síðan hreyft var við þessu máli. Læknar hafa ýmsar aðferðir til þess að kanna það, hvort fólk gangi með leynda sjúkdóma. Ég held, að þetta mál gæti verið góður prófsteinn á það, hvort menn gengju með hysteri. Fólk er hér búið að æsa sig upp í þá hugmynd, að svanirnir séu einhverjir heilagir fuglar, sem ekki megi hrófla við. Dettur mér í hug í þessu sambandi saga ein frá Grænlandi. Tveir Eskimóar sáu svani tvo fljúgandi og héldu, að þetta væru englar. Englarnir settust á klett, og gengu mennirnir þangað. Þegar þeir komu á staðinn, sáu þeir, að fuglarnir höfðu skilið þar eftir það, sem flestar jarðneskar verur verða að gefa frá sér við og við, og þóttust þeir þá sjá, að þarna gætu ekki verið neinar ódauðlegar verur á ferðinni. Veit ég ekki, hvort slík dæmi myndu nægja hér til þess að útrýma þeirri, ég vil segja heiðnu skurðgoðadýrkun á þessum fuglum, sem hér er risin upp.

Þessi dýrkun á svanasöngnum er ekki ný. Gamalt máltæki segir, að svanirnir hafi himneska rödd, en helvízkan anda. Gat þessi skoðun á söngrödd svananna myndazt á þeim tímum, þegar hámark hljómlistar hér á landi var fólgið í rímnakveðskap og menn höfðu ekki næmara eyra en sem því svaraði. En orðin um „helvízkan anda“ benda á, að menn hafi þá verið búnir að koma auga á það, að þetta væru engir himneskir fuglar að öllu leyti.

Mótbárurnar gegn frv. hafa fyrst og fremst verið þær, að svanirnir hefðu fagra söngrödd. Það er að vísu rétt, að skáldin hafa mjög ort um svanasönginn og gert hann dýrðlegan í kvæðum sínum. En þeim hefir sjálfsagt mörgum farið eins og skáldi einu, sem var nýbúinn að yrkja eitt hið fegursta kvæði sitt um svanasöng. Hann kom þar að, sem mikið var af álftum, og þegar hann heyrði til þeirra, spurði hann: „Hvaða garg er þetta?“ Hann hafði aldrei heyrt til þeirra áður. Er þetta enda enginn söngur, heldur argasta garg, sem minnir á negramúsík, sem stundum heyrist hér í útvarpinu. Enda hefi ég heyrt eftir manni, sem mun hafa einna mest vit á sönglist hérlendra manna, að svanirnir hafi aðeins 2 nótur í barkanum, og báðar falskar. Það er ekki nema þegar svo sem 2 álftir eru saman og kvaka öðruhverju, að brugðið getur fyrir einhverju, sem líkzt gæti söng. Mér þykir leitt, að hv. þm. Dal. er hér ekki viðstaddur, því að annars myndi ég ráðleggja honum að fá sér fáeinar álftir og láta þær syngja í útvarpið, eða þá að láta taka sönginn á plötu. Myndu menn þá sennilega sannfærast um, að ekki er þörf að friða þær söngsins vegna.

Sumir segja: „Um hvað eiga skáldin að yrkja, þegar búið er að drepa svanina?“ Það er að vísu rétt, að mörg skáld hafa ort um þá, en þau kvæði eru einmitt kveðin á þeim tímum, þegar samskonar friðun þessara fugla ríkti og sú, sem ég vil lögleiða, eða fram að 1913. Síðan hefir ekki verið ort eitt einasta almennilegt kvæði um svanina. En núna, þegar þessu máli er hreyft hér á þingi, þá sprettur upp hver maður af öðrum, og þ. á m. menn, sem skaparinn sýnilega hefir aldrei ætlað að fást við þessa göfugu list, skáldskapinn, og syngur svönunum lof og

prís. Hvað skyldi þá verða um hina stærri spámenn? Það er því helzt svo að sjá, að einmitt friðunarlögin hafi haft svæfandi áhrif á „svanastefnuna“ í íslenzkum skáldskap.

Þá er fegurð álftanna. Mér finnst nú margir fuglar, sem ekki eru alfriðaðir, mun fallegri, t. d. stokkendur, og meira að segja mörg hænsn. Álftirnar eru bæði álkulegar og óliðlega vaxnar. En þó að mönnum kynni nú að þykja þær fagrar, þá er fleira, sem taka verður til greina. Það er eins og þegar bóndinn sagði: „Fallegt er hér, þegar vel veiðist“. Sóley er falleg út af fyrir sig, en þegar tún er alþakið sóleyjum, þá eru þær ekki lengur fallegar. Menn hafa það þá á tilfinningunni, að þetta sé illgresi. Líkt er um baldursbrána. Hún er ekki lengur fögur, þegar svo mikið er af henni, að hún útrýmir öðrum nytjagróðri, eins og ég hefi séð dæmi til. Þar, sem svo hefir verið, hefi ég ekki séð í allri fegurð þeirrar jurtar annað en viðurstyggð eyðingarinnar. Svanir eru ef til vill fallegir, þar sem þeir eru ekki annað en luksus, en þegar þeir eru orðnir að landplágu, sem eyðileggur lífsskilyrði manna, þá eru þeir beinlínis ljótir.

Ég vil enn benda mönnum á, að með frv. er ekki farið fram á að útrýma álftunum, heldur það eitt, að takmarka viðkomuna, eða að sömu l. gildi um þetta og þau, sem í gildi voru fyrir 1913, og var þó þá aldrei hætta á, að svönum yrði útrýmt af manna völdum. Í frv. er auk þess ákvæði um, að ríkisstj. geti tekið í taumana, ef útlit yrði fyrir, að svanir eða aðrir fuglar þyrru um of. Annars eru svanir mjög varir um sig, og stafar þeim lítil hætta af skotum. Það eina, sem getur útrýmt þeim, er, að þeir séu eltir uppi, meðan þeir eru í sárum, en þann tíma yrðu þeir friðaðir samkv. frv.

Það hafa komið fram óskir um það frá Dýraverndunarfélagi Íslands, að frv. yrði fellt. Vildi ég óska, að stjórn þess félags hefði tækifæri til að sjá svipaða sjón og ég hefi séð, þegar svanir liggja tugum og hundruðum saman hálf- og aldauðir, frosnir niður í ísa og ófærir um að veita sér nokkra björg, þegar maður verður að brjóta lög til þess að fremja það miskunnarverk að skjóta þessa vesalinga til að stytta eymdarstundir þeirra. Ef minna væri af svönunum, þá væri í harðindum frekar mögulegt fyrir þá að lifa á þessu takmarkaða svæði hér á landi, þar sem þeir geta bjargað sér, þegar að sverfur. En ef svönunum er leyft að fjölga ótakmarkað í góðærum, verður það til þess, að þeir falla hrönnum saman á ísaárum. Þessi dauði verður þeim þá miklu kvalafyllri en dauði fyrir skotum t. d. Álít ég, að ef nokkur hugur fylgir máli um það, að reyna að draga úr kvölum þessara dýra, þá beri að halda fjölguninni svo í skefjum, að þeir geti lifað af hörðu árin, en hrynji ekki niður af hungri og hor. Menn skyldu ætla, að þetta atriði væri nægilegt til að mæla með frv. En svo er annað: Þegar svönum fjölgar um of, verða þeir hreinasta landplága. Hefi ég fengið bréf úr mörgum sýslum, þar sem mér er þakkað fyrir þetta frv. Þar, sem svanir hafa setzt að hundruðum eða þúsundum saman, geta þeir eyðilagt á einni nótt heil engjasvæði. Troða þeir og éta grasið og ganga svo frá því, að það rís ekki allt sumarið. Nenni ég ekki að lesa upp þessi bréf, en get sýnt þau þeim, sem vilja. Ég vil tilfæra hér nokkur atriði úr grein eftir bónda einn, sem hefir meira vit á þessu en allir þeir til samans, sem um þetta mál hafa talað og ritað. Segir hann, að svanir séu sumstaðar svo ágangssamir, að þeir drepi fullorðið fé. Í Grímsnesi drápu þeir í fyrra 5 kindur. Þá vissi hann til þess, að svanur drap á frá lambi. Veit hann til þess, að þeir hafi ráðizt á menn, sem sloppið hafa rétt með naumindum bláir og blóðugir. Svo er ætlazt til, að menn friði þessa óvætti og syngi um „álftavatnið bjarta“.

Mér finnst ég aðeins hafa gert eitt skakkt í þessu máli, sem sé að leggja til, að ófriðunin verði takmörkuð. Þar, sem álftir eru mestir vargar, ættu þær að vera ófriðaðar allan ársins hring. Eru dæmi til þess, að menn verða að vaka um nætur yfir búum sínum og fara með hunda til þess að verja tún og engi fyrir svönum. Þegar menn eru búnir að girða fyrir öðrum ágangi, þá kemur þetta úr loftinu og veldur því, að þeir verða að vaka til þess að geta varið land sitt fyrir þessum óþokkadýrum.

Það má vera, að þetta frv. verði fellt,

að menn vilji heldur friða þessa skaðræðisgripi en að friða landsnytjar. Treysti ég þá hv. þm. Ísaf. til að hjálpa mér til að koma fram breytingu á l. um skemmtanaskatt, svo að hægt sé að láta þá, er gaman hafa af þessum fuglum, borga þann skaða, sem þeir vinna öðrum.

Þá er uglan. Menn hafa talað um, að hér væri svo lítið til af uglu, að óþarft væri að gera neinar ráðstafanir gagnvart henni. Get ég þó fullvissað hv. dm. um, að hún er til, og sumstaðar hinn mesti skaðræðisgripur. Hefir hún lagzt á varp og eyðilagt góð varplönd nú í 2 ár. Sé ég ekki ástæðu til að friða slíka ránfugla. Þótt lítið sé til af henni, er það engin sönnun fyrir því, að hana beri að friða. Allt, sem verður til að spilla afkomu manna í þessu lífi, hvort sem það eru fuglar, dýr eða sóttkveikjur, skoða ég sem meinsemd eða sjúkdóm á tilverunni, er beri að uppræta algerlega. Myndi nokkur læknir berjast fyrir því, að berkillinn væri friðaður, ef svo væri orðið lítið til af honum, að útlit væri fyrir, að hann liði alveg undir lok? Hvaða ástæða er þá til að friða þessa fugla, sem gera ekki annað en spilla velferð manna, sem eiga að drottna yfir heiminum? Auk þess eru uglurnar engir prýðifuglar. Sýnist þá helzt sem svanirnir eigi að vera friðaðir vegna þess, hvað þeir eru fallegir, en uglurnar af því, hvað þær eru ljótar. Hv. þdm. vilja kannske heldur friða þessa fugla en þá menn, sem verða fyrir skaða af þeirra völdum og eiga að annast framfærslu sína og sinna og borga gjöld til ríkis og sveitar. En þeir, sem það gera, virðast álíta, að mennirnir séu til vegna fuglanna, en ekki öfugt.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Ég vil frábiðja mér þann heiður, sem hv. flm. vildi beina til mín, að ég væri flm. Hinsvegar hefi ég reynt að hlusta eftir því, hvað bak við lægi hjá hv. flm. Kom það þá í ljós, að hann vildi fyrst og fremst hafa þetta mál að mælikvarða á það, hverjir væru hysteriskir, sálsjúkir eða móðursjúkir. Ef hann hefir ætlazt til, að aðrir hefðu málið líka að mælikvarða á þetta, þá hefir hann hlaupið á sig. Hv. flm. talaði hér sjálfur um allt milli himins og jarðar, og kom flest heldur lítið við fuglafriðun: Skurðgoðadýrkun, heilagar verur, rímur og söng. Virðist mörgum, sem hér sé um að ræða skrípaleik eða loddaraleik, sem ekki á að eyða tíma þingsins í. Taldi hv. þm. það eina ástæðuna til útrýmingar svönunum, að ekki hefði verið kveðið sæmilegt kvæði um þá síðan 1913, er þeir voru friðaðir. Sagði hann, að þeir gætu bara gargað, og ætti því að koma í veg fyrir það, að þeir syngju svona illa og að mennirnir kvæðu svona illa um þá. Er það einkennileg dýravernd, sem hér er á ferðinni. Til þess að svanirnir drepist ekki úr hungri í hörðum vetrum, á að elta þá uppi með byssum í góðærum. Hvað myndi hv. flm. segja, ef Dýraverndunarfélagið kæmi með þá till., að bændur færu nú að skera niður fé sitt ótakmarkað á hverju hausti, til þess að koma í veg fyrir, að það horfélli?

Þá hélt hv. flm. því fram, að enda þótt uglan væri sjaldgæfur fugl, þá væri hún samt mesti skaðræðisgripur. Getur það varla verið, að sá fugl sé hér skaðræðisgripur, sem varla nokkurn tíma sést. Mætti þá eins hætta við friðun á örnum, ef nú á að fara að útrýma uglunum að fullu. Ef hér ætti strax og einhver fugl sést að fara að hefja eltingaleik á hann, þá yrði það varla til þess að gera fuglalíf fjölbreyttara hér á landi.

Það, sem máli skiptir hér, er það, hvort við höfum vit á því að efla fjölskrúðugt og skemmtilegt fuglalíf, eða hvort við erum svo miklir rányrkjumenn í eðli okkar, að við getum ekki séð af þeim smávægilega hagnaði, sem því fylgir að veiða fugla, og vinnum því að útrýmingar- og eyðingarstefnu í fuglalífi landsins. Ég er sannfærður um, að ekki þarf lengi að deila um það, hvor þessara stefna á meiri ítök í hugum hv. þm.

Bjarni Ásgeirsson: Það kom ekki eitt einasta atriði fram hjá hv. frsm. meiri hl. n. um það, að nauðsynlegt væri að friða álftina. Það eru heldur ekki til rök fyrir slíku. Því hefir aldrei verið haldið fram, að það eigi að útrýma svönunum. Það er gaman að hafa fjölbreytt dýra- og fuglalíf. En við eigum ekki að láta fuglamergðina vaxa okkur svo yfir höfuð, að við gerum landið að fugla- eða kríuskeri.

Ég lít svo á málið, að við eigum að sitja fyrir fuglunum í því að hafa afnot af landinu og gæðum þess.

Hv. þm. var að gera einkennilegan samanburð. Hann sagði, að ef Dýraverndunarfélagið færi að skipta sér af sauðfénu í þá átt að vernda það með fækkun tegundarinnar, eftir þeirri verndunarstefnu, sem fylgt væri í frv. viðvíkjandi svönunum, þá vildi hann segja, að það ætti að stuðla að því, að hver sem væri mætti slátra sauðfénu á haustin, og það fyrir hverjum, sem í hlut ætti. Þetta er vitanlega samanburður, sem nær engri átt. En það á reyndar að slátra nægilega miklu af búfénu á haustin, til þess að það, sem eftir er, hafi nóg fóður, þó hart verði. Ef Dýraverndunarfélagið tæki upp sömu stefnu gagnvart sauðfénu, sem það hefir nú gagnvart álftinni, þá ætti það auðvitað að banna að slátra sauðfé, eins og það vill banna að drepa fuglana. En eina sanna dýraverndunin, bæði gagnvart fénaði og fuglum, er sú, að sjá um, að ekki sé meira til af hverri tegund en það, sem getur lifað í harðindum vegna skorts.

Það skyldi sannast, að enda þótt þetta frv. yrði að l., þá yrði þó alltaf nægilega mikið til af svönum til að syngja fyrir þá, sem á það vildu hlusta, og synda fyrir þá, sem á það vildu horfa. En færri svanir mundu þá deyja þeim kvalafulla dauða, sem hlutskipti þeirra er í hörðum vetrum.

Ég held, að ég geti látið niður falla að ræða þetta meira, því að ég hefi nú tekið fram aðalatriði málsins. Þau atriði, sem ég tók fram áðan, tók ég ekki fram mínu máli til stuðnings út af fyrir sig, heldur aðallega til að sýna fram á, hve „hysteriskt" það er, sem fært hefir verið fram á móti frv., því að í því hefir engin heil brú verið.

ATKVGR.

Brtt. 181,1 samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JÓl, MG, ÓTh, StgrS, SvbH, VJ, BSt, GÍ, HStef, HJ, HG.

nei: JAJ, LH, MJ, PHalld, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, BKr, IngB.

Sex þm. (HV, JónasÞ, PO, TrÞ, BJ, JörB) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, felld með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, PHalld, BÁ.

nei: JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BKr, GÍ, HStef, HJ, HG, JJós, IngB.

Sex þm. (JónasÞ, PO, TrÞ, BJ, HV, JörB) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

5. Innflutningur á jarðeplum.

Á 73. fundi í Ed., 16. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning á jarðeplum (þmfrv., A. 695).

Á 74. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson): Eins og sjá má á grg. frv. þessa er það flutt samkv. ósk hæstv. atvmrh. og jafnframt fyrir eindregnar óskir vissra manna úr bændanefndinni. Frv. er samið af bændanefndinni í heild, og sent af henni til stj. Tilgangur frv. er að hvetja þjóðina til þess að búa að sínu og stuðla að aukinni jarðeplarækt. Nú munu vera flutt inn til landsins jarðepli fyrir um 400 þús. kr., og væri sannarlega gott, ef hægt væri að spara þann útgjaldalið. Hér er ekki gengið lengra en að heimila ráðh. að banna innflutning á kartöflum á þeim tímum árs, þegar nægilegt er til af þeim í landinu sjálfu, og það á að gerast í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Ég vona, að ekki verði jafnmiklar deilur um mál þetta nú hér í deildinni og urðu um það í hv. Nd. í fyrra, enda hefir það ákvæði verið fellt niður úr því, sem einna mestum ágreiningi olli. Vænti ég svo, að málið fái að ganga til 2. umr.

Jón Baldvinsson: Eins og hv. frsm. landbn. upplýsti, þá munu vera fluttar hér inn árlega kartöflur fyrir um 400 þús. kr., en það mun að magni til vera um 40—50 þús. tunnur. Þessi mikli inn-

flutningur þessarar vörutegundar sýnir berlegast hina gífurlegu þörf landsmanna fyrir þessa fæðutegund. Það myndi því koma illa niður á þeim, ef ætti að svipta þá möguleikunum á því að fá þessa góðu og hollu fæðu. Ég get að því leyti tekið undir með hv. landbn., að það væri æskilegast, að landsmenn gætu framleitt svo mikið af kartöflum, að þeir gætu fullnægt sjálfum sér, en svo er ekki, og er ekki sýnilegt, að verði á næstu árum. Hvað bann þetta snertir, þá er ég viss um, að það yrði til þess að hækka íslenzkar kartöflur stórkostlega í verði. Ég býst nefnilega við, að Búnaðarfélag Íslands vildi sem lengst halda í bannið og gefa ekki undanþáguna fyrr en skortur væri orðinn á kartöflum í landinu. En eins og kunnugt er, þá tekur það töluverðan tíma að útvega vörur til landsins frá útlöndum. Skemmsti tími, sem um getur verið að ræða, er hálfur mán. En það getur líka tekið allt að 1½ mán. að útvega vörur til ýmsra staða utan Rvíkur. Gæti því svo farið, að tilfinnanlegur skortur yrði á þessari vöru sumstaðar á landinu, enda þótt undanþágan yrði veitt með töluverðum fyrirvara. Ég sé að vísu, að n. ætlast ekki til þess, að þetta innflutningsbann gildi samtímis alstaðar á landinu. Má því vera, að þeir hlutar landsins, sem ekki geta ræktað kartöflur, geti orðið lausir við bannið, en það er ekki öruggt samkv. frv., þar sem fara á eftir till. Búnaðarfélags Íslands um þetta. Verði það ekki, þá tel ég frv. herfilega árás m. a. á þá bændur landsins, sem ekki geta ræktað jarðepli og eru því neyddir til þess að kaupa þau frá útlöndum. Frv. má því alls ekki verða að lögum.

Það er kunnugt, að áhugi manna fyrir jarðeplaræktun hefir aukizt allmjög nú á síðustu árum, en hitt er líka kunnugt, að þekkingin á ræktuninni hefir ekki verið eins mikil og skyldi, og að hún hefir þeirra hluta vegna gengið misjafnlega. Það hafa komið fram miklar skemmdir í kartöflunum sumstaðar á landinu, sem hafa gert mikið tjón. Bannið gæti þannig haft þau áhrif, að það ekki einungis hækkaði verðið, heldur líka að hafðar yrðu á boðstólum skemmdar vörur, sem væru jafnskaðlegar og heilsuspillandi eins og góð jarðepli eru heilsubætandi og nauðsynleg fjölda manna. Ég vil því mælast til, að hv. landbn. taki frv. þetta aftur, því að það er alls ekki tímabært nú. Hitt má vel vera, að það verði forsvaranlegt að fara þessa leið, sem það gerir ráð fyrir, eftir nokkur ár, þegar landsmenn hafa fengið þekkingu og aðstöðu til þess að framleiða nægilega mikið fyrir sig sjálfa af þessari vöru. En ennþá vantar mikið til þess, að svo sé. Ég tel ekki, að frv. þetta eigi að verða að lögum að svo vöxnu máli.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég get tekið undir allt það, sem hv. 2. landsk. sagði um þetta mál. Það er augljóst, að kartöfluframleiðsla sú, sem nú er í landinu, er allsendis ónóg handa landsmönnum, og til þess liggja margar ástæður. Sumar þeirra nefndi hv. þm., svo sem þá, að sumstaðar væri of kalt fyrir kartöfluræktun. Ég álít það ekki nema gott, að hlynnt sé að hverskonar nytsamri innlendri framleiðslu eða atvinnugrein, en ég tel, að ekki nái nokkurri átt að gera það á þann hátt að varna því, að landsmenn geti fengið góða nauðsynjavöru með eðlilegu verði með því að knýja þá til þess að nota innlenda framleiðslu, sem bæði er verri og dýrari en sú vara, sem hægt er að fá frá útlöndum, en það er gert með því að fá stjórnarvöldunum heimild til að láta Búnaðarfélagið, sem er einhliða stéttarfélag framleiðendanna, ákveða um þetta. Annað eins og þetta sýnist mér alveg fráleit ráðstöfun, og mér datt satt að segja ekki í hug, að slík till. mundi koma hér fram, er gengi svo mjög á hagsmuni og rétt allra þeirra borgara þjóðfélagsins, er hvorki hefðu jarðnæði né garðlendi til þess að sjá sér fyrir þessari vöru. Og það verður að teljast algerlega óverjandi af Alþingi að svipta þessa menn, sem aðallega er þurrabúðarfólk, svo hollri og nauðsynlegri fæðu án þess að fulltrúar þeirrar stéttar fái nokkru um það að ráða, heldur eingöngu leggja það í vald fulltrúa þeirra, sem eingöngu hafa hag af þessum ráðstöfunum. Ég hefi fullan vilja á því að greiða fyrir eflingu innlendrar framleiðslu, en ég mun sýna það með atkv. mínu um þetta mál, að ég tel þessa aðferð algerlega ranga og óleyfilega. Þess vegna mun ég

greiða atkv. á móti því, að frv. fari til 2. umr. En ef svo fer, að það skyldi ná samþykki til 2. umr., þá legg ég til, að því verði vísað til hv. allshn., í von um, að sú n. líti á málið frá hlið beggja aðilja.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég ætla mér ekki að þreyta kapp um þetta mál. Samt verð ég að segja það, að mér finnst hv. 1. landsk. taka helzt til fullan munninn með því að segja, að það væri óverjandi af Alþingi að samþ. frv. eins og þetta.

Ég sé ekki, að með því sé annað gert en að stuðla að því að efla innlenda framleiðslu, og ef það er óverjandi á þessum tímum, þá verð ég að játa, að ég er ekki vel með á nótunum. Ef hér er um að ræða eitthvert ofbeldi gagnvart kaupstöðunum, eins og hv. þm. hélt fram, þá sé ég ekki betur en það væri hægurinn hjá að fá það leiðrétt með brtt.

Það er nú fyrst og fremst, að ekki er búizt við, að bannið gildi á öðrum tímum en þegar nægar birgðir eru í landinu sjálfu. Auk þess þarf bannið ekki að gilda um allt land samtímis, og þá aðeins á þeim stöðum, þar sem nægar birgðir væru af innlendum kartöflum. Og meðan svo er, dettur engum í hug, að okrað verði á vörunni, heldur að verðið verði svipað og á útlendum kartöflum, enda mætti, ef menn væru hræddir við óeðlilega hátt verð, setja ákvæði í frv. til þess að fyrirbyggja það, enda er alls ekki gert ráð fyrir innflutningsbanni nema þegar nóg er til af þessari vöru, og því getur alls ekki orðið um skort að ræða. En vitanlega mundu þessi lög hvetja bændur og aðra framleiðendur til þess að framleiða meira af kartöflum heldur en hingað til hefir verið gert. Það kemur vitanlega fyrir, að skemmdir koma fram í kartöflum, en ég hygg, að þau ráð séu nú fundin við kartöflusýkinni, sem duga til þess að fyrirbyggja hana. Það er að vísu rétt, að veðrátta er sumstaðar svo ótrygg, að uppskeran getur orðið misbrestasöm, en það á ekki við nema um fá héruð á landinu, því á flestum stöðum er uppskeran trygg. Þess vegna get ég ekki fallizt á rök hv. andmælenda frv., en um annað er ekki að gera en að láta arka að auðnu um þetta mál. Ef menn álíta, að þjóðarhagnum sé betur borgið með því að fella frv., þá gera þeir það. Ég tel, að það væri illa farið. Ég tel nauðsynlegt að hvetja menn til að framleiða sem mest af þeim vörum, sem þjóðin þarfnast og hægt er að framleiða í landinu sjálfu, því að nú á tímum ætti þjóðin að búa sem mest að sínu.

Ég get ekki fallizt á, að frv. verði vísað til allshn. Ég sé ekki betur en að málið sé svo greinilegt landbúnaðarmál, að það sé tæplega í samræmi við þingsköp að vísa því til annarar n. en landbn.

ATKVGR.

Frv. felld frá 2. umr. með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald.

6. Viðbótar-tekju- og eignarskattur (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um viðbótar-tekju- og eignarskatt (þmfrv., A. 457).

Á 59. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram af meiri hl. fjhn. samkv. tilmælum frá hæstv. forsrh. Eins og sjá má á frv., fer það fram á allmikla hækkun til bráðabirgða á tekju- og eignarskatti, eða nánar til tekið á tekjuskatti frá 40 til 100%, en á eignarskatti nemur hækkunin 150%.

Ég býst við, að ekki fari hjá því, að ýmsum finnist nærri sér höggið með þessu frv. Það er náttúrlega hægt að skilja þær tilfinningar, sem þar koma til greina, en á það er að líta í þessu sambandi, að þessi hækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, kemur ekki niður á brýnustu

þurftartekjum. Ef miðað er við heimilisföður fimm manna fjölskyldu, en við það er nú vant að miða í þessu efni, þá kemur þessi bráðabirgðaskattur fyrst til greina af tekjum, sem nema 4500 kr., og á þeim tekjum verður þessi viðbótarskattur mjög lítilfjörlegur. Ef maður heldur sér við þetta lágmark í frv., þá verður tekjuskatturinn á slíkum manni ekki nema tæpar 9 kr. Þessi skattauki munar fyrst nokkru verulegu, þegar er að ræða um hærri tekjur eða miklar eignir; hann leggst því fyrst og fremst á þá, sem eru eða ættu að vera aflögufærir.

Það kom greinilega fram í gær, þegar rætt var um frv. um kreppulánasjóð, að allir eru sammála um það, að á þessu þingi verði að gera róttækar ráðstafanir til þess að rétta þeim hluta þjóðarinnar hjálparhönd, sem lakast er settur. En það ættu menn að skilja, að slíkar ráðstafanir verða ekki gerðar án þess að það kosti mikið fé, og það fé verður að fá einhversstaðar að. Það getur auðvitað alltaf verið álitamál, hvernig eigi að afla þeirra tekna, sem þarf til þess að standa straum af venjulegum útgjöldum ríkissjóðs, hvað þá heldur nú, þegar þarf að ná inn stórfé til þess að mæta útgjöldum vegna kreppuráðstafana. En hvernig sem á það er litið, er þó ekki hægt að deila um það, að féð verður að taka þar, sem það er til. Ég mun svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar. Eins og ég sagði strax, er það borið fram af n.hluta hér í d. að tilhlutun hæstv. forsrh. Ég geri ráð fyrir því, að hann gefi þær skýringar á frv., er hann telur með þurfa. En sá hluti fjhn., sem flytur frv., áskilur sér rétt til þess að bera fram brtt. við síðari umr., og mun þá nánar gerð grein fyrir afstöðu n.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Af þeim tekjuaukafrv., sem hæstv. stj. hefir lagt fyrir þetta þing, er hér að ræða um það eina, sem ég get litið með velvilja. En þó þykir mér mikið á vanta til að þetta frv. sé vel úr garði gert. Ég vil minna á það, að við Alþflþm. höfum flutt hér frv., sem fer fram á það, að tekjuskattur skuli innheimtur með 100% viðauka, þegar komið er yfir visst lágmark skattskyldra tekna, og auk þess um það bil þrefalda eignarskattinn. Í þessu frv. er gengið skemmra. Engin áætlun er látin fylgja því um, hvað miklar tekjur muni fást af þessu. En sé miðað við tekjuskattinn síðan árið 1928, yrði tekjuaukinn sennilega um 600 þús. kr. En eftir frv. okkar Alþflm. var tekjuaukinn áætlaður 1 millj. kr. Og eins og árar nú, tel ég enga vanþörf á því að ná inn þeirri upphæð til kreppuráðstafana. En aðalgalli þessa frv. er í mínum augum sá, að þessi tekjuauki er látinn renna beint í ríkissjóð og engin skilyrði sett um það, hvernig honum skuli varið. Ég tel víst, að þessi skattauki muni aðallega koma niður á mönnum í kaupstöðum og kauptúnum, og því álít ég, að sjálfsagt sé að verja fénu fyrst og fremst til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum. Ég geri ráð fyrir, að við Alþflm. berum fram brtt. við frv. þetta, þess efnis, að fénu verði varið á þessa leið. Annars vil ég lýsa yfir ánægju minni yfir því, að hæstv. stj. skuli nú hafa séð þessa leið til tekjuauka, og vona ég, að það sé fyrirboði þess, að hún sé að komast inn á heilbrigðari veg í tekjuöflunum en áður. En ég vil aðeins skýra nokkru nánar afstöðu mína til þess, hvernig fénu skuli varið. Ég geri ekki ráð fyrir því, að upp í fjárlfrv. verði tekinn sem áætlunarliður auknar tekjur af þessum sköttum. Þetta fé yrði þá alveg óbundið fyrir stj., og ekkert því til fyrirstöðu, að hún gæti notað það t. d. til ríkislögreglu. Og með slíkum forsendum gæti ég auðvitað ekki verið með frv.

Jón Auðunn Jónsson: Ég hefi ekki getað verið með í flutningi þessa frv. í fjhn., af því að ég tel, að með því sé of langt farið. Það er síður en svo, að þessir skattar, sem hér um ræðir, séu þeir einu skattar, sem teknir eru með beinum persónuútgjöldum. Það er nefnilega líka tekin ekki smáræðis upphæð af landsmönnum til bæjar- og sveitarsjóða. Og ég er hræddur um það, að fari ríkissjóður að ganga svona nærri mönnum, verði lítið eftir handa bæjar- og sveitarsjóðum. Hv. frsm. sagði, að féð yrði að taka þar, sem það væri til. En mér er kunnugt um það, að í mörgum tilfellum er fé alls ekki til, þó að tekjur hafi orðið svo háar, að gjaldandi þurfi að borga tekju- og

eignarskatt. Gjaldþegn getur verið svo skuldugur, t. d. geta bankar ekki látið sér nægja í góðu árunum, að ekki séu greiddir nema vextir af lánum. En fari allt aflafé góðæranna í gjöld til ríkissjóðs og bæjarsjóðs, verður ekkert eftir til afborgunar af bankalánum. Og ég get ekki láð bönkunum það, þótt þeir sjái sér ekki fært að lána fé í vondu árunum, ef ekkert er greitt af því þegar betri tímar koma. Með þessháttar skipulagi væri stefnt inn á hættulega braut. Nú er ætlazt til, að öðrum aðalatvinnuvegi landsins verði veittar allt að 12 millj. króna til viðreisnar, og að því er mér hefir skilizt, er meiningin sú, að hinn aðalatvinnuvegurinn borgi brúsann. Ég veit, að hvað síðasta ár snertir, kemur þessi viðbótartekjuskattur ekkert við hina stærri útgerð, af þeirri einföldu ástæðu, að á henni varð enginn gróði. En ég held, að það mundi draga talsvert úr hvöt manna til þess að afla sér tekna, ef tekjuskatturinn yrði færður svo upp sem hér er farið fram á. Sú hefir raunin orðið annarsstaðar, og ég er sannfærður um, að svo yrði það líka hér. Ég mun greiða frv. atkvæði til 2. umr. í þeirri von, að samkomulag muni nást um annan skattstiga en hér er gert ráð fyrir. En náist það ekki, get ég ekki fylgt þessu frv. framar.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal játa það, að hér er gengið lengra en áður hefir verið lagt til um beina skatta til ríkissjóðs. Ástæðan til þess er sú, hvað erfiða tíma við eigum nú að stríða við. Það sérstaka ástand, sem nú er yfir öllu framkvæmdalífi þjóðarinnar, krefst alveg sérstakra ráðstafana af hendi ríkisvaldsins. Það er einstakt ástand, sem veldur því, að slíkt frv. sem þetta verði að koma fram. En eins og nú er komið, verður að horfast í augu við veruleikann og taka peninga til kreppuráðstafana þar, sem þeir eru til. Ég tel víst, að þær kreppuráðstafanir, sem þetta þing kemur til með að gera, muni svara svo sem 1 millj. kr. kostnaði á ári næstu árin. — Hv. þm. Seyðf. kvartaði undan því, að engin tekjuáætlun fylgdi þessu frv. Það er sökum þess, að slík áætlun, ef nákvæm væri, kostaði gífurlega mikið starf. Hefði tekjuskatturinn allur verið hækkaður um sömu hundraðstölu, hefði verið hægurinn hjá að láta áætlun fylgja. En rétt þótti að láta skattaukninguna fara stighækkandi, og þá er miklu örðugra að gera fastar áætlanir. En varlegt mun að telja, að þessi skattauki muni nema frá 500—600 þús. kr. á ári. — Hv. þm. Seyðf. kvartaði ennfremur undan því, að í frv. væru engin ákvæði um það, hvernig fé þessu skyldi varið. Sú aðferð hefir verið höfð um þau kreppuráðstafanafrv., sem lögð hafa verið fram af öðrum en þm. jafnaðarmanna, að leggja þann kostnað, er af þeim leiðir, á ríkissjóð. Og þá verða auðvitað þeir tekjuaukar, sem ætlazt er til, að mæti þessum útgjöldum, að renna beint í ríkissjóð. Hina aðferðina má auðvitað hafa líka, að taka fram í tekjuöflunarfrv., að fé það, er með þeim næst, skuli renna til ákveðinna framkvæmda. En þá þyrfti að breyta bæði tekjuöflunarfrv. og líka kreppuráðstafanafrv. En falli útgjaldaaukningin beint á ríkissjóð, verður tekjuaukinn auðvitað að renna þangað líka skilyrðislaust. En ég held, að það sé ekki holl regla að láta mikið fara framhjá ríkissjóði. Hv. þm. taldi, að þetta fé yrði óþarflega laust í höndum stj., og óttaðist, að hún mundi verja því mestmegnis í herskap! En verði lagðar á ríkissjóðinn 1 millj. kr. útgjöld vegna kreppuráðstafana, þá er engin hætta á því, að ríkisstj. hafi svo sérstaklega frjálsar hendur til að ráðstafa því fé, sem hún kann að hafa undir höndum. En hvað ríkislögreglunni viðvíkur, þá vona ég, að á þessu þingi verði sett föst ákvæði um hana, sem segi m. a. fyrir um fjárveitingar til hennar. En annars er algerlega ástæðulaust að tala um ríkislögreglu í sambandi við þetta frv.

Hv. þm. N.-Ísf. lét í ljós ótta sinn við það, að frv. þetta mundi draga úr hvöt manna til þess að afla sér verulegra tekna, ef það yrði að l. Sú röksemd er almenn í þessu sambandi, en ég held, að hún sé ekki sterk, ef ekki er farið freklegar í álögur en hér er gert. Ég þekki engan mann, sem vildi heldur hafa 6000 kr. í skattskyldar tekjur á ári, og þurfa ekki að borga nema 97 kr. í skattauka, en að hafa 14000 kr. í tekjur, þó að hann þyrfti þá að greiða 922 kr. í skattauka. — Ýms-

ar af þeim mótbátum, sem fram hafa komið gegn frv. þessu, eru þannig lagaðar, að þær eiga alls ekki við, nema þessar ráðstafanir væru ætlaðar til frambúðar. — Það er rétt hjá hv. þm. N.-Ísf., að bankarnir geta ekki sætt sig við það, að í góðærum sé tekið meginið af tekjum manna í tekju- og eignarskatt, en bankarnir látnir bera hallann í vondu árunum. En þetta kemur ekki til greina sem röksemd gegn þessu frv., af því að það á ekki að gilda til langframa, heldur aðeins til eins árs.

Á síðastl. ári munu engar verulegar tekjur hafa orðið af atvinnurekstri til lands og sjávar. Skattaukinn kemur því ekki til að snerta útgerð eða landbúnað að nokkru ráði. Þessi skattauki mundi því fyrst og fremst lenda á þeim, sem öruggustar hafa tekjurnar og eru ósnortnastir af kreppunni. Það er þetta, sem gefur mér ástæðu til þess að biðja fjhn. að leggja slíkt frv. fyrir. En mér er það ljóst hvað snertir framhald skattauka í þessu skyni, að taka verður tillit til tapsára og góðæris. Yfirleitt er það svo, að viðvíkjandi tekju- og eignarskatti, sem gilda á til lengri tíma, verður að taka tillit til tapsins á vondu árunum og gróðans í góðu árferði. En slíkt verður ekki framkvæmt nema í sambandi við gagngerða breyt. á tekju- og eignarskattsl. Ég er því fylgjandi, að sú breyt. komist á á næstu þingum, en um leið og með þessu yrði tryggt, að skatturinn kæmi sem réttlátast niður, yrði að hækka hann að mun frá því, sem nú er. — Ýmsum hefir blöskrað þær till., sem bornar eru fram með þessu frv., þar sem farið er fram á 40—100% hækkun á tekjuskatti og 150% hækkun á eignarskatti. Ég held, að mönnum mundi ekki vaxa þessi álagning eins í augum, ef athugað er, hverju viðbótin nemur á tilteknar tekjur. Hv. frsm. n. minntist á þetta, og skal ég koma nokkru nánar inn á það. Skattaukinn yrði sem hér segir:

Af	2000 kr.	skattskyldum tekjum	8 kr.
—	4000 —	—	— 35 —
—	6000 —	—	— 97 —
—	8000 —	—	— 204 —
—	10000 —	—	— 370 —
—	14000 —	—	— 922 —

Dæmið verður enn skýrara, ef það er sett svo upp, að lögð séu til grundvallar raunveruleg laun. Þá eru taldir með skattar allir og útsvar, heimiliskostnaður og annað slíkt, sem annars kemur til frádráttar. Reiknað er með 5 manna fjölskyldu, sem mun vera meðaltal. Sé miðað við útsvar, tekjuskatt og annan frádrátt, sem gilt hefir í Reykjavík síðustu 3 árin, þá verður skattaukinn:

á	15000 kr.	laun	450 kr.
—	12000 —	—	232 —
—	10000 —	—	127 —
—	8000 —	—	58 —
—	5000 —	—	12 —
—	3000 —	—	enginn.

Ég trúi ekki öðru en að margir láti huggast, er þeir heyra þessa skýrslu. Þetta er ekki svo óbærileg álagning, og þó segja megi, að þarna éti bæjarsjóðir og ríkissjóður úr sömu jötunni, er áreiðanlegt, að ríkissjóður getur ekki látið bæjar- eða sveitarfélögunum hana eina eftir.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki að svo komnu fara mörgum orðum um þetta frv., sem mér finnst í alla staði fjarstæða ein og öfgar. En ég get þó ekki stillt mig um að láta í ljós undrun mína á framkomu þeirra hæstv. forsrh. og hv. þm. Seyðf. Þeir hafa stundum á undanförnum þingum rætt þetta mál. Og þá hefir hæstv. forsrh. staðið sem klettur á móti því og fært skýr rök fyrir því, hvers vegna ekki er hægt að hækka tekju- og eignarskattinn eins og hv. þm. Seyðf. vildi. Það eru skrítin umskipti, sem nú hafa orðið á þessu. Nú gefur á að líta, frv. kemur fram frá hæstv. ráðh., en hv. þm. Seyðf. sér sér ekki fært að fylgja þessu óskabarni sínu. — Af skýrslum hæstv. ráðh. er ljóst, að brýn nauðsyn ber til þess, að ríkissjóði sé aflað fjár. Tekjuhallinn er 2½ millj. króna. Auðsætt er og, að nú þarf að gera ráðstafanir gegn kreppunni og afleiðingum hennar. Það mun kosta of fjár, og tilgangurinn með þessum umr. er einmitt að finna leið til þess að afla ríkissjóði fjár, hvar þær byrðar baki minnst tjón, og gæta þess, að þær verði ekki einungis á pappírnum, heldur að það verði ríkissjóði raunverulegar tekjur. Ég held, að ekki sé neitt óheppilegra til en að láta þetta lenda á tekju- og eignarskatti. Kreppan er í algleymingi og bæjarfélögin eru féþurf-

ar. Þeim er vísað á eina leið: Tekju- og eignarskatt.

Hæstv. ráðh. sagði, að ríkið gæti ekki látið bæjarfélögunum eftir þessa tekjulind. En ég held einmitt, að ríkissjóður geti vel staðið sig við það, að láta bæjarfél. hafa þetta sitt eina lamb í friði, því að ríkissjóði eru allir aðrir vegir færir, en fyrir bæjarfélögin er þetta eina úrræðið. Hækkanir á gjöldum eru auðvitað alltaf frekar óvinsælar, en þessi mun þó óvinsælust og jafnframt fjarstæðust, sérstaklega þegar svo langt er gengið sem hér. Ég vil náttúrlega ekki segja, að það sé fallegur lestur, en máski dregur svolítið úr sviðanum við að lesa upp skýrslur, eins og hæstv. ráðh. gerði hér. En þess er að gæta, að þetta eru einungis lægstu tölurnar, skattstofninn. Svo taka við viðbætur og aðrir hliðstæðir skattar, þar til upphæðin er orðin þreföld ef ekki fjórföld á við hann. Ég veit ekki, hvort rétt er hermt, að fram kæmi sú reginfjarstæða, ef maður hefði 100 þús. kr. tekjur (sem reyndar er tæpast til hér á slíkum tíma), að þá þurfi hann að greiða í tekju- og eignarskatt, viðbót við hann, útsvör og aukaútsvör 102 þús. krónur, eða 2000 kr. meira en hann fær í tekjur. Ekki gengur víst vel að lifa á 2000 krónum minna en ekki neitt. Ég hefi heyrt, að nú séu menn að jafna niður á Reykjavík 2½ millj. kr., tvöfaldri eða þrefaldri upphæð á við óbreyttan tekju- og eignarskatt. Þau verða mörg árangurslausu lögtökin, áður en allir þessir skattar koma til skila.

Eitt atriði vil ég benda á: það eru viss takmörk fyrir því, hvað hátt skattar mega fara, áður en tekjurnar fara að hverfa. Ég á þar ekki aðeins við það, sem hæstv. ráðh. kvað markleysu eina, að menn misstu áhugann fyrir að afla sér þeirra. Nei, það eru tekjurnar, sem ríkissjóður væntir sér góðs af, sem hverfa. Menn reyna að finna fleiri og fleiri ráð til þess að deila og skipta tekjunum niður, til þess að sleppa við að greiða af þeim skatta. Þetta fer að verða vorkunn, er ríkið gengur svo fast á, að þetta er eina leiðin til þess að forðast að verða vanskilamaður í framtíðinni. Til þessa liggja margar leiðir, og það er hróplega rangt af löggjafarvaldinu að hvetja menn til þess óbeinlínis eins og með þessu frv. Hæstv. ráðh. sagði, að frv., þó að það yrði að lögum, gæti ekki dregið úr framtaki manna. Hann viðurkenndi þessa mótbáru, en hélt því fram, að hún gilti ekki í þessu tilfelli, af því að skatturinn væri miðaður við næsta ár á undan. Þetta er alveg rétt, ef ekki hefði æfagömul reynslan sýnt, að verkanir af þessu má fastlega búast við að haldi áfram. Hæstv. ráðh. minntist einmitt um leið á aukna erfiðleika og útgjöld, sem ráðstafanir gegn kreppunni hefðu í för með sér, svo að búast má við, að þessi skattalöggjöf haldi áfram að verka; og ekki er gott að senda út skipun eða tilkynningu um, að þessu sé ekki ætlað lengra líf. Hæstv. ráðh. talaði um, að þarna væri hann á hnotskóg eftir tekjum, sem ósnortnar væru af greipum kreppunnar. Það getur svo sem verið, að þær séu einhversstaðar til, en ekki er gróðavegur fyrir ríkissjóð að láta við það sitja. Margir hafa orðið að sætta sig við lægri laun vegna kreppunnar og margir hafa misst atvinnu sína. Það væri þá helzt um starfsmenn ríkisins að ræða. En þeir eru svo lágt launaðir, að ekki fengjust miklir skattar af þeirra fé, þótt samanlagt væri. Kreppan hefir reyndar gert vart við sig þar. Hún kemur fram glöggt í lækkun dýrtíðaruppbótar. En það mál er nú þar að auki alveg stoppað í Ed., og veit enginn, hvernig því muni reiða af. Þá get ég nefnt menn, sem eru á föstum launum. En þeirra laun eru það, sem skýrast koma fram við framtal, og þykir sá skattstofn líka einna þægilegastur, en þeir hafa þegar greitt fullt svo mikið sem hinir, með áætluðu launin. Ég endurtek enn, að þetta sé óheppilegasta leiðin, sem hægt er að velja ríkissjóði til tekjuauka. Ég er frekar fylgjandi hækkun á hverjum skattstofn sem er, öðrum en þessum. Það er mín fasta skoðun, að þegar safna þarf fé í ríkissjóð á erfiðum tímum sem þessum, þá beri að dreifa sem frekast er hægt þunganum af þessum auknu byrðum, svo að hver og einn beri sem jafnast. Nú eru ekki til stórupphæðir hér á landi, engar stórtekjur einstaklinga. Ef hinsvegar væri lagður á sérstakur kreppuviðauki, þá þyrfti ekki nema 5—10% til þess að þessar ákveðnu tekjur væru tryggðar. Og ég er alveg sannfærður um, að þetta mundi gera miklu minni

skaða en hækka og þar með spilla þeim skattstofni, sem er eina bjargráð bæjarfélaganna. Dreifing sú, sem er fólgin í skattakerfinu eins og það er nú, er talin heppilegasta fyrirkomulag í þeim efnum, og er ég því fast fylgjandi, að ekki verði hróflað svona stórkostlega við henni.

Jóhann Jósefsson: Ég þykist vita, að það sé engan veginn sársaukalaust fyrir hæstv. fjmrh. að bera fram frv. eins og þetta, sem kemur svo mjög í bága við yfirlýstar skoðanir hans sjálfs fyrr á tímum. En hinsvegar kannast allir við og viðurkenna, að gera þarf ráðstafanir, sem hafa í för með sér mikil fjárútlát, landbúnaðinum til hjálpar. Einhversstaðar að þarf að taka þetta fé. Þetta mál hefði þurft að koma fyrr fram á þinginu, svo að tími hefði gefizt til rólegrar yfirvegunar og samvinnu milli flokkanna, til þess að viturleg lausn hefði fengizt á þessu merkilega vandamáli. Koma svo tímanlega fram, að ekki yrði hrapað að neinu, sem vandræðum gæti valdið. En sú raunin mun verða á, ef það verður samþ. eins og það nú liggur fyrir. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri nú ekki hár skattur, og enginn á lægstu tekjunum. En hann veit það eins vel og við hinir, að það er ekki eingöngu þessi skattur, sem um er að ræða. Hann veit, að alstaðar á landinu eru menn, sem gjalda nú hærri beina skatta en hingað til. Til þessa þarf að taka tillit, þegar menn virða fyrir sér, hvað viðbótarskattur megi fara hátt. Það fer einkarvel á því að tala um, að þetta sé allt saman bráðabirgðahækkun og bráðabirgðafyrirkomulag. En við þekkjum vel af reynslunni, hvað það þýðir, þegar talað er um bráðabirgðahækkun. Ég býst við, að við hæstv. ráðh. séum sammála um, að ekki er útlit fyrir annað en að þessi tillaga eða frv. þurfi að ganga aftur á næsta þingi og næsta þingi eftir það. Þetta stendur í beinu sambandi við það, sem sagt hefir verið um fjárútlát vegna kreppuráðstafana. Mér finnst meiri ástæða til að óttast, að svona sí-hækkandi skattar dragi úr einstaklingsframtakinu, heldur en hæstv. ráðh. vill kannast við. Framtakssamir menn draga sig í hlé, þegar þeir eiga ávallt hið opinbera yfir höfði sér með nýjar og nýjar álögur. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir láti bugast, þegar sífellt er hert á skattaskrúfunni, sífellt er vegið í sama knérunn. Ég hefi bent á það áður, fyrir nokkrum árum, að þessi skattapólitík mundi verka þannig á unga menn, að þeir legðu kapp á að komast á ríkisjötuna heldur en að hætta fé sínu í atvinnurekstur. En það, sem heldur uppi gjaldþoli þjóðarinnar, er sá hópur manna, sem leggur fé sitt og krafta í arðberandi og atvinnuskapandi fyrirtæki. Nú þarf meira þrek og þor til þess að breyta svona en á venjulegum tímum. Ég segi þetta til hæstv. ráðh., sem talaði um, að nú væru „ónormalir" tímar.

Löggjafarvaldið á öllu fremur að sneiða hjá því að ganga í lið með kreppunni og hinum lamandi áhrifum hennar. En það gerir það með því að haga þannig skattalöggjöfinni, að þeir menn, sem afla sér og öðrum fjár, séu verst leiknir, fældir og hræddir frá að taka á sig áhættuna, svo hraktir, að þeir neyðizt til þess að nota alla króka, öll brögð til þess að koma fé sínu undan skattaokri ríkisins, eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram áður. Hæstv. ráðh. talaði meira um tekjur en eignir. En margar eignir eru til, sem engan arð færa eigendum, og fer þá svo, að menn eru látnir borga skatta af óarðberandi eignum sínum. Þetta er ekki vel fallið til að hvetja menn til að eiga fasteignir.

Ég veit vel, að það er ekki þakklátt verk fyrir stj. að finna leiðir til fjáröflunar, og drap ég á það í gær við umr. um bráðabirgðaverðtollinn, að mér fyndist stj. ekki hafa látið hendur standa fram úr ermum með að færa niður útgjöldin á þeim sviðum, sem ríkissjóður þyldi það vel. Svaraði hæstv. dómsmrh. mér svo um þetta, að ég væri meir en lítið vanþakklátur, því að stj. hefði sparað á landhelgisgæzlunni o. fl. Ég get þó ekki tekið mikið aftur af því, sem ég sagði. Eða hvað hugsar stj. sér t. d. með því að halda við stofnunum eins og skipaútgerð ríkisins? Hvað gefur sú stofnun af sér? Væri ekki réttara að færa þetta aftur undir Eimskipafélagið, þar sem það áður var? Og það má benda á fleiri stofnanir, sem ýmist má leggja alveg niður eða a. m. k. færa kostnaðinn við þær stórkostlega niður. Slíkar tekjuöflunarleiðir eru skiljan-

lega miklu geðþekkari landsmönnum en að alltaf sé verið að hækka skattana. Og hvað kostar stjórn peningamálanna hér í okkar peningalausa landi? Nei, það er áreiðanlega ofætlun að stefna áfram svo sem hér er stefnt. Ég þykist að vísu vita, að hæstv. forsrh. gangi út frá því, að hann verði að gefa mikinn afslátt á þessu frv. og að hann stýri skattaskútu stj. yfir flauminn þann veg, að hann komi stafni ofar við bakkann hinumegin en hann ætlar sér landtöku, því straumþunginn er svo mikill, að hæstv. ráðh. mun vart gera sér í hugarlund, að hann lendi bátnum þar, sem hann stefnir honum með þessu frv., og fer hæstv. ráðh. í þessu að hætti góðra skipstjórnarmanna, sem beita bát sínum meira ástreymis, ef við mikinn straum er að stríða. Það er satt, að ástandið er slæmt, en engu að síður er þó ástandið að mörgu leyti eðlilegt, og við megum ekki lengja tímabil þessa slæma ástands með óviturlegum ráðstöfunum eins og þeim, sem hér liggja fyrir.

Hv. 3. þm. Reykv. drap hér á till., sem annar vitur maður hefir sett fram í opinberu blaði. Hann kannaðist við það, að nauðsynlegt væri að afla ríkissjóði meira fjár, en benti jafnframt á það, að heppilegasta fjáröflunin væru skattarnir, ef þeir væru á sem flestum liðum, en sem minnst á hverjum um sig. Finnst mér slík till. aðgengilegri en þær róttæku till., sem hér liggja fyrir á einu sviði.

Ég vona, að hæstv. ráðh. og hv. fjhn. taki það til athugunar, sem ég hefi bent á, þótt nú sé að vísu langt liðið á þingtímann og betra væri, að umr. og deilur um slíkt mál eins og þetta hefðu meiri tíma fyrir sér en ætla má, að eftir sé af þinginu. Verður að athuga, hvort ekki má með svipuðum árangri til hagsbóta fyrir ríkissjóð jafna skattahækkuninni niður á fleiri svið en hér er gert. Og í því trausti, að þetta verði vandlega íhugað, mun ég greiða málinu atkv. til 2. umr. Ég ber það traust til fjhn., sem tók að sér flutning frv., að n. líti með skynsemi og velvild á þær till. til umbóta, sem fram hafa komið frá okkur, sem bent höfum á galla frv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði seinast, vil ég aðeins segja það, að að sjálfsögðu athugar fjhn. þetta mál gaumgæfilega, eins og önnur mál, sem til n. er vísað, og þótt meiri hl. n. tæki að sér flutning málsins eftir beiðni hæstv. forsrh., hafa nm. engu að síður óbundnar hendur um einstök atriði málsins. Hinsvegar mundi þó meiri hl. n. auðvitað ekki hafa tekið að sér að flytja þetta frv., ef hann hefði ekki talið það í alla staði forsvaranlegt, eftir atvikum, að samþ. frv.

Ég mun ekki fara mikið inn á að svara þeim aths., sem fram hafa komið á fundinum gegn málinu. Bæði er það, að hæstv. forsrh. svaraði rækilega þeim aths., sem fram höfðu komið, þegar hann talaði, enda býst ég við, að hæstv. ráðh. tali aftur og svari þá þeim aths., sem síðan hafa komið fram. Þó mun ég víkja að nokkrum atriðum, sem fram hafa komið í ræðum manna, og vík þá fyrst að hv. þm. Seyðf., sem hafði sitthvað að athuga við flutning þessa máls. Þó gat hann þess, að þetta væri eina frv., sem frá stj. hefði komið vegna kreppumálanna, sem hann gæti stutt, enda þótt frv. gengi skemmra en hann óskaði eftir. Má vera, að hv. þm. Seyðf. þyki frv. ganga skemmra en ætti að vera, en ég er þó ekki viss um, hve mikill hugur fylgir þar máli hjá hv. þm., en ef svo er, er hægurinn fyrir hv. þm. að bera fram brtt. við frv. í þessa átt. Þá þótti hv. þm. það og galli á frv., að ekki væri ákveðið í því, hvernig tekjunum, sem það hefði í för með sér, skyldi verja, og skildist mér á hv. þm., að hann teldi sjálfsagt, að tekjunum yrði varið til atvinnubóta. Þegar þessi hv. þm. talar um atvinnubætur, á hann sjálfsagt eingöngu við atvinnubætur til handa verkamönnum í bæjum, en ég hafði hugsað mér, að það væru atvinnubætur líka, ef hægt væri að gera atvinnurekstur bændanna arðvænlegri en hann er nú, og verði frv. samþ., verður tekjuaukanum, sem af því leiðir, varið til þess að mæta útgjöldunum af þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegt er að gera vegna hins erfiða ástands í þjóðfélaginu, og þó einkum vegna erfiðleika þeirra manna, sem verst eru settir. Liggja að vísu ekki fyrir beinar skýrslur um það, hver stétt þjóðfélagsins á erfiðasta aðstöðu, en ég hygg þó, að færa megi að því glögg rök, að meginhluti bændastétt-

arinnar er sá hluti þjóðarinnar, sem lægstar tekjur hefir allra manna í landinu. Hv. þm. sagði, að þessi viðbótarskattur mundi aðallega koma niður á mönnum í kaupstöðum, og þess vegna fannst honum sjálfsagt að verja fénu til atvinnubóta þar. En þessa kenningu álít ég töluvert hæpna. Fyrst og fremst er þjóðfélagið ein heild, og það kemur niður á því öllu, ef fjöldi bænda flosnaði upp af jörðum sínum. Og í öðru lagi er það þjóðarheildin (sveitirnar líka), sem hefir veitt fjölda manna í kaupstöðum þá góðu aðstöðu, að skatturinn kemur meira niður á þeim; svo er t. d. um allan þann fjölda embættismanna, sem ríkið borgar laun, o. s. frv. En í þessu frv. er gert ráð fyrir þeirri sjálfsögðu tilhögun, að tekjurnar af því renni í ríkissjóð, en að úr ríkissjóði verði greitt það, sem brýnust nauðsyn er á, til þess að létta undir með þeim, sem standa höllum fæti með afkomu sína.

Hv. þm. N.-Ísf. vék að því, að frv. tæki tekjustofnana frá sveitar- og bæjarfélögum, en ég held, að hv. þm. hafi gert of mikið úr þessu, því að eftir gildandi l. um tekju- og eignarskatt á aukaútsvar til bæjar- og sveitarfélaga að dragast frá tekjunum, áður en tekjuskatturinn er lagður á. Ég sé því ekki betur en að sveitar- og bæjarfélög hafi forgangsréttinn að gjaldþoli landsmanna, en ríkissjóður kemur næst á eftir. — Þá vék hv. þm. N.-Ísf. að því, að svo gæti farið, að peningarnir væru ekki til í skattgreiðslurnar, þótt skattskýrslurnar sýndu háar tekjur, vegna afborgana atvinnurekenda á skuldum sínum. Skal ég viðurkenna, að nokkuð getur verið til í þessu, og býst ég við því, að ef slík l. ættu að gilda um lengri tíma, væri nauðsynlegt að setja ákvæði um það, að taka skyldi meðaltal af tekjum fleiri ára við ákvörðun skattsins. Hinsvegar er vitanlegt, að margir menn í landinu hafa tekjur sínar í beinum launum, og þar verða peningarnir þó alltaf til, enda vita menn, að hverju þeir hafa að ganga í þessum efnum.

Þá talaði hv. þm. N.-Ísf. um það, að hér á þessu þingi væri ráðgert að verja 12 millj. kr. til annars aðalatvinnuvegar landsmanna, og spurði hv. þm. í því sambandi, hvort eigi væri meiningin, að sjávarútvegurinn borgaði þessa upphæð. Skal ég ekki fara mikið inn á þetta, en vil þó benda á, að gert er ráð fyrir, að sá atvinnuvegur, sem ráðgert er að styðja, endurgreiði að miklu leyti sjálfur þá bráðabirgðahjálp, sem honum yrði veitt, en sumpart greiðist hún úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna, ríkissjóði, sem allir landsmenn leggja sinn skerf í, bændur eins og aðrir. Hér er því alls ekki um neitt slíkt að ræða, að einn atvinnuvegurinn borgi algerlega fyrir annan, og skal ég svo ekki fara frekar út í það.

Þá talaði hv. þm. N.-Ísf. um það, að slík l. mundu draga úr hvöt manna til að afla sér meiri tekna. Má auðvitað segja þetta um öll skattalög jafnt, en ég get ekki annað séð, jafnvel þótt frv. verði samþ. óbreytt, en að álitleg upphæð verði eftir handa þeim, sem mest koma til með að borga, svo að það mundi borga sig fyrir menn að hafa sömu viðleitni sem hingað til til þess að afla sér tekna. — Í sama streng tók hv. 3. þm. Reykv., sem taldi frv. öfgakennt. Ummæli hans hnigu í sömu átt og ummæli hv. þm. N.-Ísf. Og við þessu er ekki annað að segja en ég þegar hefi sagt, að ekki verður annað séð en að hægt sé að ná fullum árangri af því að afla sér hárra tekna eftir sem áður. Hv. 3. þm. Reykv. talaði einnig um það, að með frv. væri tekinn gjaldstofninn frá sveitar- og bæjarfélögum, og sagði hv. þm. í því sambandi, að ekki væri hægt að bera niður á óheppilegri stað til að afla tekna. Hefi ég áður svarað þessu og bent á það, að ríkissjóður kemur fyrst í annari röð, en að sveitar- og bæjarsjóðir hafa forgangsréttinn að skattleggja með beinum sköttum. Það er og víst, að mikill meiri hl. af þjóðfélagsborgurum þessa lands hefir miklu minni tekjur en svo, að þeir komi til greina við ákvörðun þessa skattauka, og þegar mikill meiri hl. þjóðarinnar verður að komast af með minni tekjur en þessi l. tækju til, ætti að vera forsvaranlegt að fara fram á skerf frá hinum, sem hærri tekjur hafa. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um það, að ef frv. væri samþ. óbreytt, gæti svo farið, að maður, sem hefði 100 þús. kr. tekjur, yrði að greiða 102 þús. kr. í útsvar og tekju- og eignarskatt samanlagt. Get ég ekki skilið, að þetta geti átt sér stað, nema ef

niðurjöfnunarn. leggur hærra aukaútsvar á manninn en tekjum hans nemur, og ef svo færi, mundi ríkissjóður reyndar ekkert fá, því að aukaútsvarið er dregið frá tekjunum áður en tekjuskatturinn er reiknaður út, eins og ég hefi tekið fram áður. Þetta dæmi er því hrein fjarstæða, nema með því eina móti, að eignirnar væru margar milljónir og þetta yrði mest eignarskattur, en þó mundi maðurinn samt vel þola þetta eitt ár.

Þá vék hv. 3. þm. Reykv. að því sama og komið hefir fram hjá fleirum, sem talað hafa á móti þessu frv., að draga mundi úr hvöt manna til að afla sér tekna, ef frv. væri samþ. eða aðrar ráðstafanir gerðar, sem miða í svipaða átt. Skil ég ekki vel í þessu. Eftir frv. hvílir hæsta viðbót á 14000 kr. skattskyldum tekjum og þar yfir, svo að maður, sem hefir 14000 kr. skattskyldar tekjur, á að greiða í skatt 1844 kr., og hefir þannig 12156 kr. í afgang, og afgangurinn verður þannig því meiri, sem tekjurnar eru hærri. Og þótt menn eigi að láta þennan hluta af tekjum sínum af höndum við ríkissjóð, skil ég ekki, að menn hafi ekki eftir sem áður sömu hvötina til að afla sér mikilla tekna. Ég segi fyrir mig, að ég vil heldur hafa 40 þús. kr. tekjur, enda þótt ég þurfi að greiða 20 þús. af þeim í opinber gjöld, heldur en 20 þús. tekjur, þótt ég þyrfti ekki að greiða nema 5 þús. af þeim og hafi ekki eftir nema 15 þús. kr. Ætla ég og, að flestir líti eins á þetta og ég. Eins og ég áður sagði, hefir og fjöldinn allur af landsmönnum miklu minni tekjur en svo, að þeir komi til greina við þennan viðbótarskatt. Er ég reiðubúinn til þess hvenær sem er að færa fram óyggjandi sannanir fyrir því, að meiri hl. bænda, sem þó leggja meira að sér en nokkur önnur stétt þjóðfélagsins, hefir minni tekjur en lágmarksákvæði frv. ná til.

Hv. þm. vék að því, að það væri ekki þakklátt verk fyrir stj. að finna leiðir til fjáröflunar í ríkissjóð. Þetta er alveg satt; það er aldrei þakklátt verk. Ef stungið er upp á að hækka eitthvað tolla á neyzluvörum, þörfum eða óþörfum, þá er talað um það, að verið sé að minnzt er á að leggja tekju- og eignarskattpína áður skattpíndan almenning. Ef skatt á hærri tekjur og eignir, þá er aftur á móti viðkvæðið, að með þessu verði dregið úr hvöt manna til að sjá sér farborða og afla tekna og eigna. Það er sem sé algerlega ómögulegt að benda á þá leið til fjáröflunar fyrir ríkissjóð, sem mæti ekki hinni mestu mótspyrnu frá einhverri stétt þjóðfélagsins. Einhverjum finnst alltof nærri sér höggið. Ég hygg nú, að sanngjarnasta leiðin sé sú, að sem flestum finnist nokkuð nærri sér höggið, en engum sé þó íþyngt svo, að hann geti ekki undir risið.

Hv. þm. Vestm. talaði um það, að þó að svo væri ákveðið í þessu frv., að það skyldi aðeins gilda til bráðabirgða, eitt ár, þá þýddi það ekki neitt, af því að frv. myndi ganga aftur, eins og hefði sýnt sig um ýms tekjufrv., sem áður hefðu legið fyrir þinginu. Náttúrlega færði hann ekkert þessu til sönnunar. Ég skal játa, að reynslan ein verður úr því að skera, hvort á næsta þingi verður farið fram á samskonar viðauka við tekju- og eignarskatt. Og þó að ég að vísu geti ekki heldur fært fram neinar sannanir fyrir því gagnstæða, þá er ég fyrir mitt leyti fullviss um það, að þetta tímaákvæði í frv. er meint í fullri alvöru, — enda hygg ég, að flestir hv. þm. geri sér það ljóst, — og að frv. í þessari mynd verði ekki borið fram á næsta þingi, nema alveg óvenjulegir og ófyrirséðir atburðir komi fyrir.

Að lokum skal ég geta þess, eins og ég hefi tekið fram áður, að þótt meiri hl. fjhn. hafi borið þetta frv. fram f. h. hæstv. forsrh., þá er það alveg sjálfsagt mál, að n. mun nú eftir þessa umr. taka frv. til athugunar. Og það getur náttúrlega vel komið fyrir, að n. annaðhvort öll eða a. m. k. sá meiri hl. hennar, sem frv. ber fram, komi með ýmsar brtt. við það. Ég er þess vegna ekkert við þessa umr. að halda því fram, að þetta frv. skuli endilega samþ. og afgr. sem l. óbreytt. Hinsvegar til ég meginstefnu frv. réttmæta.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. Vestm. taldi, að mér hefði ekki verið sársaukalaust að láta slíkt frv. sem þetta koma fram á Alþingi. Og hv. 3. þm. Reykv. undraðist yfir viðureign minni og hv. þm. Seyðf., sem áður hefðum jafnan deilt um þessi efni.

Nú skal ég sannarlega játa, að ég hefði óskað, að ástandið væri ekki svo, að það hefði þurft að koma fram með frv. í þessari mynd, þótt ég hinsvegar gjarnan á hverjum tíma hefði viljað bera fram till. um ýmsar breyt. á tekju- og eignarskattinum, sem bæði jafni hann og geri réttlátari fyrir þá, sem eiga að greiða, en hækki hann þó yfirleitt. Þetta sagði ég í minni fyrri ræðu. Og það er víst, að það má koma þessu svo fyrir, að það verði á allan hátt heppilegra fyrir atvinnuvegina heldur en það réttleysi, sem nú gildir. Ég ber engan kinnroða fyrir það, þó að ég hafi á síðasta þingi ekki viljað fara hærra en í 25% hækkun á þágildandi tekju- og eignarskatti. Þá var stefnt í áttina til þess, sem hér er farið. Og tekjuaukningin af þessu frv. mun ekki vera öllu meiri en tvöfalt meiri en í því frv. fólst og afgr. var af framsóknarmönnum með hjálp sjálfstæðismanna á síðasta þingi. Flokksbræður þeirra manna, sem hér hafa talað móti þessu frv. af mikilli alvöru, hafa þess vegna nýlega tekið þátt í áþekkum ráðstöfunum með okkur framsóknarmönnum. Hér er aðeins um stigmun að ræða, en engan eðlismun. Á síðasta þingi lagði ég höfuðáherzluna á það, að komið væri á bifreiðaskatti, vegna þess að þar var ónotaður tekjustofn, sem sjálfsagt var að nota í sambandi við mjög aukna vegagerð í landinu. Ég lagði líka áherzlu á þessa 25% hækkun, og ætlaði, að vegna rekstrar ríkisbúsins væri varla vert að fara fram á meira í það sinn. Ég lagði líka áherzlu á að framkvæma ýmiskonar frestun á útgjöldum ríkisins, sem nam allt að 600 þúsund kr., auk um 1 millj. króna niðurskurðar á fjárlögum. Lengra þótti mér ekki rétt að ganga í það skipti.

En þegar svo heldur áfram óáran og kemur upp hin brýnasta nauðsyn til að gera mjög kostnaðarsamar ráðstafanir, þá er vitanlegt, að það verður að grípa til tekjustofna í ríkari mæli en áður, og til þeirra, sem maður gjarnan vildi láta ónotaða. Það er vitanlegt, að breyttir tímar hljóta að leiða af sér breyttar till. um þessi efni, og er ekkert að undrast í því. Ég tel þvert á móti gott, að til séu tekjustofnar geymdir, sem þá fyrst er gripið til, þegar versnar verulega í ári. Og hérna höfum við möguleika, sem við höfum ekki notað til fulls áður.

Hv. þm., sem talað hafa á móti frv., hafa ekki mótmælt skýrslu minni um það, hvað skattálagið verði mikið af tilteknum brúttótekjum, og fannst, að því er mér skildist, ekki mikið til um það, þó að maður, sem hefir 10 þús. kr. brúttótekjur og 5 manna fjölskyldu, borgaði 127 kr. í viðbót við það, sem ákveðið var fyrir 12 árum, þegar tekjuskattur var fyrst lagður á. Ég býst við, að þeim hafi ekki þótt neitt ákaflega undarlegt, þótt vandræði yfirstandandi tíma valdi því, að maður, sem hefir 15 þús. kr. brúttótekjur, þurfi að borga til viðbótar 450 kr. í skatt. Þegar tekið er á þessum tölum, verður minna úr andstöðunni gegn þessu frv. heldur en þegar reynt er að tala með almennum, viðkvæmum orðum.

Í umr. hefir aðeins verið nefnd ein tala um það, hvernig tekjuskatturinn verkar. Hv. 3. þm. Reykv. sagði nefnilega, að út hefði verið reiknað, að maður, sem hefði 100 þús. kr. í tekjur, mundi fá í útsvar, tekjuskatt og viðbótartekjuskatt 102 þús. kr. Þetta er orðið hörmulegt ástand, þegar svo dýrt er að vera ríkur, að það borgar sig ekki lengur. En ég vil hugga þennan hv. þm. með því, að svona ógæfumaður er enginn til frá síðasta ári. Ég hygg, að hæstu tekjur síðasta árs á einn mann muni vera 67 þús. kr., eða þar um bil. Hv. þm. má það vera meiri huggun, að þótt frv. yrði samþ., myndi maður með 100 þús. kr. brúttótekjur, ef fyrir fyndist, og sömu tekjur árið áður, fá útsvar um 20 þús. kr., venjulegan tekjuskatt 11 þús. kr., og tekjuskattsálag 11 þús. kr., — eða 42 þús. kr. í beina skatta. Eftir hefir hann þá 58 þús. króna. Og ég hygg, að það séu ýmsir menn í landinu, sem frekar væri ástæða til að úthella tárum sínum yfir en þessi vesalingur.

Í þessu sambandi við ég benda hv. þm. á, að geypiháar tekjur eru alls ekki skapaðar af einum manni eingöngu. Hæfileikar eins manns hafa vitanlega getað átt mestan þátt í, að tekjur þessar myndðust, en þeir hæfileikar mundu ekki skapa tekjur, nema maðurinn starfaði í þjóðfélagi og með hjálp margra annara. Og það er einmitt þetta, sem réttlætir tekju- og eignarskatt og útsvar, til að ná hinum

„sociala“ hluta tekna einstaklingsins. Um það er náttúrlega alltaf deilt, hvað þjóðfélagið og bæjarfélög hafi rétt til mikils hluta, og hafa t. d. framsóknarmenn lagt meiri áherzlu á þennan hluta, sem þjóðfélagið í heild sinni á þátt í að skapa, heldur en þm. Sjálfstæðisfl. sumir hverjir hafa gert.

Nú þegar þetta er eina dæmið, sem nefnt hefir verið til að sýna fram á, hversu frv. er ótækt, þá sé ég ekki a. m. k. á þessu stigi málsins, ástæðu til að fara að slaka neitt til frá þeim till., sem fram eru fluttar. Hitt er annað mál, að þeir, sem að frv. standa, eru reiðubúnir til alls samtals. Eins og hv. frsm. tók fram, er þeim einmitt áhugamál, að það sé engum gert óbærilegt með sköttum, en að þeir komi hlutfallslega sem jafnast niður, eftir því sem við verður komið. Ef bent verður á eitthvert stórkostlegt ranglæti í sambandi við eitthvað af þessum leiðum, þá munum við taka þau tillit, sem kleift er.

Hv. 3. þm. Reykv. notaði einmitt þetta orð, að þeim tekjuauka, sem nú er nauðsyn að koma á, eigi að dreifa sem jafnast, svo að sem flestir standi undir byrðinni. En hvað er jafnt? Ég var einu sinni í prestaskóla, og mig minnir, að eyrir ekkjunnar væri talinn miklu meira tillag en miklu meiri fjármunir frá þeim, sem meira áttu. Og þetta vil ég einmitt brýna fyrir hv. þm., að jafnt er eingöngu það, sem er hlutfallslega jafnt, en ekki það, sem er jafnt í sjálfu sér. Þessi saga um eyri ekkjunnar er einn hinn ágætasti grundvöllur skattamála. Þessi saga segir, að það eigi að taka hlutfallslega af mönnum eftir getu þeirra, en alls ekki hitt, sem hv. 3. þm. Reykv. hélt fram, að skattar eigi að koma sem jafnast niður á alla, án alls tillits til, hvaða krafta menn hafa til að bera byrðarnar.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, og ég man, að hann orðaði það svo, að það ætti að koma hundraðsálag á alla gildandi tekjustofna og skattstofna ríkisins, — og þá náttúrlega þar með núv. tekju- og eignarskatt. Hann sagði, að núv. skattakerfi hafi verið talið heppilegast, og sé því réttlátast og bezt á því að byggja. Hvað myndi hv. 3. þm. Reykv. segja, ef ég kæmi nú og svaraði öllum hans röksemdum í kjördæmamálinu á þessa leið: Ja, þetta fyrirkomulag, sem hingað til hefir gilt, það hefir verið talið heppilegt, og þarf ekki frá því að breyta. Hvað myndi hann segja þá? Nei, ætli það sé ekki svo, að rétt eins og það er komið á allmikið misrétti um kosningarétt í landinu, þá sé líka komið í ýmsum greinum misrétti í skattamálum. Og ætli maður að heimta réttinn í einu, þá verður maður að veita hann í öðru. Þetta segi ég ekki eingöngu til hv. 3. þm. Reykv., heldur til allra þeirra, sem atkvæðisrétt hafa á þingi. Ég tel einmitt, að þegar þarf að gera svona sérstakar ráðstafanir eins og nú á erfiðum tímum, þá eigi að hyllast til að leggja á háar tekjur, eyðslu og óþarfa, — það skapi mest réttlæti.

Hv. þm. Vestm. lagði mikla áherzlu á það, að slíkt skattálag sem þetta myndi draga úr framtakssemi manna, og að það væri hert stórum á skattaskrúfunni o. s. frv. Finnst honum ekki líka, að ef hækkaður væri allur tollur á nauðsynjavörum og það gert að höfuðatriði þeirrar tekjuöflunar, sem allir viðurkenna, að nú er nauðsyn á —, finnst honum ekki, að þá kynnu að vera einhverjir, sem þætti hert á skattaskrúfunni og vera íþyngt fullmikið ofan á önnur vandræði? Ýmsir menn hafa nú varla ofan í sig vegna lítillar atvinnu eða engrar atvinnu. Bændur hafa með núv. verðlagi enga möguleika til að komast af. Ætli við þurfum ekki að líta á, að þessum mönnum sé ekki ofþyngt. Mér finnst vorkunnsemin eiga sinn sterka rétt í þessu máli; en ef hún á að koma rétt niður, þá hygg ég, að einhverjum þurfi meir að vorkenna en þeim, sem eru svo ógæfusamir að fá allt að 100 þús. kr. árstekjur.

Eins og ég sagði áður, þá eru margar af þeim röksemdum, sem færðar eru á móti frv. eins og þessu, röksemdir á móti tekju- og eignarskatti, hver sem hann er. En þessar röksemdir flestar hverjar falla úr gildi, þegar um er að ræða, að frv. gildi í eitt skipti og um tekjur síðasta árs, sem þegar er kunnugt, hvernig er háttað.

Ég endurtek það, sem ég áður sagði, að ég mun ásamt mörgum öðrum fús til að athuga ýtarlega, hvernig hækkun tekju- og eignarskattsins eigi að vera til frambúðar, og hvaða ný tillit þurfi að

taka til þess að hindra það, að stórfellt ranglæti skapist. Og ég tek enn undir það, sem hv. frsm. sagði, að okkur er áhugamál, að það verði enginn fyrir hraklegri rangsleitni. Að vísu er það rétt, að það sýna margir áræði nú í vondu árferði, en ég kalla það enga ofsókn eða að sá maður sé hundeltur, sem hefir einmitt í þessu vonda árferði aflað 30 þús. kr. yfir árið, þó að hann fái 2 þús. kr. álag til ríkisins.

Hv. þm. Vestm. nefndi það nú eins og í gær, að ríkisstj. hefði ekki fært niður útgjöldin svo sem vænta mátti, og skal ég ekki bera þá sök að öllu leyti af stj. En ég vil benda á, að á síðasta ári tókst stj. að færa útgjöldin niður frá því árið áður um 2 millj. 160 þús kr. Þetta er þó eitthvað, þótt stj. kunni kannske að vera sek um að hafa sleppt einhverjum sparnaði, sem kleifur var; en flest mun það vera í smærri atriðum. Bjargráð það hið oftnefnda, að leggja niður vissar ríkisstofnanir, er ekkert bjargráð. Hvað gefur skipaútgerð ríkisins af sér, þó að Eimskipafélagið færi með þau sömu mál fyrir ríkið? Ríkið yrði að leggja stórfé með þessari útgerð eins og áður. Það dugir ekki alltaf að slá tveimur stofnunum í eina stofnun, gjöldin geta vaxið nokkurn veginn jafnt með stofnuninni sjálfri.

En fjarstæðust af öllum sparnaðarráðstöfunum, sem ég hefi heyrt nefndar, er sú, að leggja niður tóbakseinkasöluna. Sú sparnaðarráðstöfun mundi sennilega gefa í ár 450 þús. kr. tekjurýrnun, m. ö. o., ríkið yrði svipt 450 þús. kr. tekjum.

Nei, margt þetta tal um ríkisstofnanir er ekki á rökum byggt. Þær hafa sínu starfi að sinna og gefa sínar tekjur, sem myndu hverfa með stofnununum.

Hv. þm. Vestm. spyr m. a. um eyðslu og ósparnað. Hvað kostar yfirstjórn peningamála þessa peningalausa lands? Ekki lasta ég hann fyrir að spyrja, — en hvaða ráð eru til að draga úr þessum launum? Till. hafa ekki komið fram um það, nema þetta frv., sem einmitt fer fram á að lækka nokkuð laun þeirra, sem hæst launin hafa. Svo að hv. þm., sem kvartar um það, að kostnaður við peningastofnanir í launum sé allt of mikill, hann ætti að geta fylgt þeirri almennu launatilfærslu, sem felst í aukningu tekju- og eignarskattsins.

Ég fyrir mitt leyti hefi verið því fylgjandi, og mun verða fylgjandi því á þessu þingi, að það sé ekki verið að klípa verulega af einhverjum einstökum flokki manna og skilja alla hina eftir. Sumir vilja taka af starfsmönnum í þjónustu ríkisins, en skilja eftir þá, sem eru í þjónustu einstaklinga. Mér þykir miklu réttara að fara þessa leið, sem frv. gerir ráð fyrir, að lækka laun sem flestra um tiltölulega jafnan hundraðshluta, og um vaxandi hundraðshluta eftir því sem þau eru hærri. Og þessi aðferð um þá almennu launalækkun, sem hv. þm. virðist nú lýsa eftir, er því forsvaranlegri, þar sem tekjurnar, sem við þetta aflast, eiga að ganga til að lyfta einum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, svo að hann verði betri skattstofn og öruggari í hvívetna en verið getur með áframhaldandi ófarnaði þeim, sem nú hefir yfir gengið.

Hv. þm. Vestm. kvaðst vænta þess, að þeir, sem að þessu frv. standa, muni taka með velvild öllum umr. og aths. Ég tek það fram, að þetta viljum við gjarnan gera. Ég stend ekki hér til þess að segja, að svona skuli það vera og á engan annan hátt. Röksemdir koma úr ýmsum áttum, og okkur er skylt að taka tillit til þeirra eins og þær eiga skilið. Ef okkur verður sýnt fram á, að þessi aðferð muni íþyngja vissum hluta manna meira en nokkur önnur til að ná sama tilgangi, þá munum við vitanlega taka tillit til þess, en í umr. eins og þær hafa verið í dag hefir ekki neitt það komið fram, sem fælir mig frá að fara þessa leið og telja hana réttlátasta af þeim leiðum, sem nefndar hafa verið. Annars finnst mér það eftirtektarvert, hvernig þessum till. hefir verið tekið með tilliti til þess, hvernig tillögunum um jafnan kosningarrétt landsmanna hefir verið tekið undanfarin ár. Í báðum tilfellunum er um hagsmunastreitu að ræða og jafnframt réttlætismál, hagsmunastreitu, sem æskilegast væri, að leyst yrði á þann hátt, að sem mest réttlæti fengist fyrir alla. Ég fyrir mitt leyti mun fylgja því, að það réttlæti fáist, sem hagkvæmast má verða bæði í skattamálum og þjóðskipulagsmálum, eftir því sem mín geta leyfir.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Mér þótti vænt um að heyra það frá hæstv. fjmrh., að ekki gæti komið til mála að leggja þetta breytta form á löggjöfinni um tekju- og eignarskatt til grundvallar fyrir þessum málum í framtíðinni. Það er því óþarfi fyrir hv. þm. að standa hér upp til þess að tala um frv. þetta sem grundvallarstefnu í þessum málum. En hæstv. ráðh. taldi þörfina svo brýna nú um auknar tekjur fyrir ríkissjóðinn, að taka yrði þennan skattstiga upp um eitt ár eða svo. Aftur hélt hv. frsm. meiri hl. fjhn. því fram, og það réttilega, að hér væri um þá þörf að ræða, sem ekki yrði bætt úr á einu ári; myndi því verða þörf fyrir þennan tekjuauka á næstu árum, a. m. k. árin 1935, 1936 og 1937.

Í grg. frv. segir hæstv. ráðh., að meginástæðan fyrir því, að hann treystist að flytja þetta frv. í þinginu nú, væri sú, að lítil hætta væri á, að verulegur skattauki lenti á atvinnuvegunum eins og nú stæðu sakir, a. m. k. ekki neitt það, sem staðið gæti þeim fyrir þrifum. Ég skal játa, að þetta er aðalatriðið fyrir mér. Gæti ég því í raun og veru látið mér lynda að vera með skattauka þessum til eins árs, en mér finnst, að með honum sé komið allmjög aftan að skattborgurunum. Þeir eru búnir að telja fram tekjur sínar til skattálagningar 1933. Ég fyrir mitt leyti er svo lítið tortrygginn, að ég geri ekki ráð fyrir, að Alþingi muni samþ. slíka skatthækkun næsta ár, en ég er ekki viss um, að allir aðrir skattþegnar landsins séu svo ótortryggnir eins og ég.

Nú stendur svo á í þetta sinn, að ekki er mikil hætta á, að mikill þungi lendi á atvinnuvegum landsmanna af skatthækkun þessari, þar sem þeir hafa verið reknir með tapi síðastliðið ár, en það er ekki víst, að svo verði framvegis. Ég vildi því spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh. og meiri hl. fjhn., hvort ekki myndi hægt að gera skattauka þennan þannig úr garði nú, að hann gæti orðið til frambúðar, a. m. k. þann tíma, þau 2—3 ár, sem gert er ráð fyrir, að halda þurfi á þessum tekjuauka. Ég held, að það væri betra bæði fyrir skattþegnana og ríkissjóð. Ég trúi ekki, að það væri svo vandasamt mál, að ekki mætti komast þar á fastan grundvöll áður en þingi lýkur. Það myndi óneitanlega verða hagkvæmast að koma þessum skattauka nú þegar þar fyrir, sem hann á að hvíla næstu árin. Hvað fjmrh. snertir, þá væri það miklu öruggara fyrir hann. Honum ber nauðsyn til að fá vissu fyrir því, að þessi tekjuauki dugi til þeirra hluta, sem hann er ætlaður. Það er stórt atriði í málinu. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hv. fjhn. sérstaklega, hvort hún telji ekki fært að hverfa að þessu ráði nú, því að frv. það, er hér liggur fyrir, á aðeins að gilda um eitt ár, og verður því þegar á næsta þingi að breyta þessum lögum, en það er miklu óheppilegra heldur en koma málinu nú þegar í það horf, sem það á að vera í næstu árin.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ummæli mín og hv. frsm. fjhn. um þetta mál má ekki skilja svo, að við myndum ekki fylgja hækkun á tekju- og eignarskatti, þegar um það væri að ræða að byggja þá upp til langframa. Ástæðan fyrir því, að við viljum binda þessa hækkun við eitt ár, er sú, að grundvöllur sá, sem skatturinn er byggður á, er ekki með öllu gallalaus. Þegar jafnmikill munur er á afkomu atvinnuveganna frá ári til árs eins og hér hjá okkur, þá verður til langframa að leggja til grundvallar fyrir skattinum meira en afkomu eins árs. Á slíkum grundvelli verður engin skattalöggjöf byggð, sem standa á til langframa. Væru atvinnuvegir okkar öruggir og afkoma þeirra nokkurnveginn viss, væri öðru máli að gegna. Þessi aðferð, að byggja nauðsynlegan skattauka á þeim grundvelli, sem áður hefir verið lagður, hefir allmjög verið notuð í nágrannalöndunum nú á síðustu tímum. Þannig hefir t. d. í Danmörku verið bætt 50% á allan tekju- og eignarskatt. Ennfremur mætti nefna fleiri þjóðir, þar sem þessi aðferð hefir verið notuð til bráðabirgða. Það væri að sjálfsögðu æskilegast, ef hægt væri að tryggja ríkinu fasta tekjustofna, sem lítið breyttust frá ári til árs, en slíkt er ekki unnt að gera, a. m. k. ekki á þessu þingi. Hér eru árlega framlengdir stórir tekjustofnar, eins og t. d. gert er í Noregi með allmarga tekjustofna ríkisins. Með því fyrirkomulagi er

leiðin til þess að breyta þeim alltaf opin, og er það út af fyrir sig kostur.

Jón Auðunn Jónsson: Ég býst við, að mál þetta verði athugað í n. þeirri, sem ég á sæti í, og get ég því verið stuttorður að þessu sinni. En út af ummælum hæstv. forsrh. um það, hversu þungt skattur þessi komi niður á mönnum, þá vil ég geta þess, að útreikningur hans mun hafa verið byggður á álagningar„skala" hér í Reykjavík, en það er annar mælikvarði en lagður er til grundvallar við niðurjöfnun útsvara úti á landi. Annars mun það vera óvanalegt, að ekki komi nema 3500 kr. til skatts af 8 þús. kr. brúttótekjum, eins og hæstv. ráðh. gat sem dæmis.

Það er vitanlegt, að útsvörin eru yfirleitt hærri t. d. á Ísafirði en hér í Rvík, en þar myndu gjöldin með skattaukanum verða nokkuð hærri en hér. Samkv. frv. þessu myndi skatturinn nema af:

4000 kr.	skattsk. tekjum	50 kr.
6000 —	——„——	72 —
8000 —	——„——	245 —
10000 —	——„——	408 —
12000 —	——„——	550 —
14000 —	——„——	922 —
15000 —	——„——	960 —
30000 —	——„——	2560 —

Það væri nú í sjálfu sér ekkert um það að sakast, þó að skattaukning þessi væri sett á undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, ef ekki væru fyrir jafngífurlegir skattar og nú þegar eru, skattar, sem með öllu ætla að sliga skattþegnana. Ég veit t. d. dæmi þess, að maður á Ísafirði, sem hafði 10 þús. kr. árstekjur, varð að greiða 2000—3000 kr. útsvar, og aðrir gjaldþegnar álíka. Auk þess er bæði þar og annarsstaðar lagt svo skiptir tugum þús. í fyrirtæki, sem nær árlega eru rekin með tapi. Á þetta ber að sjálfsögðu að líta, þegar talað er um álagningu hinna beinu skatta. Það verður að hafa hugfast það ástand, sem ríkir á hverjum tíma; annars geta skattarnir orðið óþolandi. Ég er t. d. hræddur um, að hækkun sú á tekjuskattinum, sem hér er farið fram á að lögleiða, sérstaklega á hærri skattstiganum, dragi úr framtaki manna, því að til þess að ná t. d. 10 þús. kr. hreinum tekjum, ef skattaukinn verður samþ., verða menn að hætta miklu hærri upphæð en áður til þess að afla teknanna.

Það gladdi mig, að hæstv. forsrh. og hv. frsm. staðfestu það, sem ég hélt fram um meðaltalsregluna 1926, því að það er sýnilegt, að verði hún ekki upp tekin, getur farið svo, að sum hin stærri atvinnufyrirtæki stöðvist hreint og beint vegna skattálagningar. Ég er alls ekki sammála hæstv. forsrh. um það, að ekki megi færa saman ríkisreksturinn meira en gert hefir verið, og um leið gjöldin til ríkisrekstrarins. Það er vitanlega þakkarvert, að stj. tókst að færa gjöldin niður um 2 millj. kr. árið sem leið. En betur má ef duga skal. Við súpum enn seiðið af sukkinu, sem var í tíð fyrrv. stj. Enn þá eru starfandi ýmsar ríkisstofnanir, sem öllum að skaðlausu mega missa sig, stofnanir með hálaunaða starfsmenn og fjölda hálfóþarfra starfsmanna, sem engan eða lítinn undirbúning hafa fengið til þess að gegna opinberum stöðum, en hafa þó 2—3 falt hærri laun en embættismenn í ábyrgðarmiklum embættum. Eins og nú standa sakir mun ég ekki fara að ræða þetta frekar að þessu sinni, en vænti þess, að hv. fjhn. taki þessa hluti til alvarlegrar athugunar og komi fram með till. til sparnaðar á þessum sviðum.

Hæstv. ráðh. sagði, að bændastéttin ætti allra stétta örðugast um afkomu í þessu landi, eins og nú stæðu sakir. Það má vel vera, að svo hafi verið síðastl. ár. En það er víst, að árið 1931 átti sjávarútvegurinn sízt hægara um vik en landbúnaðurinn nú, og þó að smábátaútgerðin hafi getað staðið undir greiðslum sínum 1932, þá er þó víst, að stórútgerðin hefir tapað jafnvel svo millj. króna skiptir. Hvar taka eigi tekjurnar til þarfa ríkisins, er auðleyst gáta; þær verður vitanlega að taka af framleiðslu landsmanna bæði til lands og sjávar, og fari svo, að framleiðsla annars aðalatvinnuvegarins breytist, þá verður hinn að hlaupa undir bagga, a. m. k. meðan mögulegt er.

Ég ætla ekki að fara að ræða það nú, sem öllum hugsandi mönnum er þegar orðið ljóst, að landbúnaðurinn verður að breyta um framleiðsluhætti. Það var t. d. stórútgerðinni ekki til svo lítilla hagsmuna, að síðastl. ár var tekið það ráð að stöðva togarana í 1—2 mán. af saltfiski-

veiðitímanum. Hefði sá kostur ekki verið upp tekinn og togararnir gerðir út á saltfiskveiðar í 4—5 mán., eins og venja hafði verið, myndum við hafa fengið 10—15 kr. lækkun á hvert skpd. fiskjar. Það verður alltaf þrautaráðið til þess að halda verðlaginu sæmilega uppi, að takmarka framleiðsluna.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Í sambandi við það, sem ég hafði sagt viðvíkjandi því, að þessi viðbótar-tekju- og eignarskattur kynni að verða framlengdur síðar, ef hann yrði samþ á þessu þingi, komst hv. frsm. þannig að orði, að þessi viðbótarskattur yrði ekki framlengdur, nema eitthvað ófyrirséð og óvænt bæri að höndum. Ég vil að óreyndu ekki efast um það, að hann haldi hér fram því, sem hann álítur sannast og réttast í þessu efni En mér er það hinsvegar ráðgáta, hvernig það getur gengið, ef þessi leið verður farin nú til þess sérstaklega að mæta útgjöldum ríkissjóðs af kreppuráðstöfunum vegna bænda, — mér er það ráðgáta, hvernig ríkissjóður á að halda slíkum útgjöldum áfram á næstu 4—5 árum til kreppulánasjóðs, ef hv. flm. hugsar sér, að þessi tekjuöflunarleið verði yfirgefin eða felld niður þegar á næsta ári. Ég segi þetta ekki af því, að ég sé því samþykkur, að þessi leið verði farin; það er síður en svo. Sizt af öllu, að það sé gengið eins langt í skattaálagningunni eins og hér er farið fram á í frv. En mér virðist, að hér verði að fara aðra leið, og hún er sú, sem komið hefir fram hjá hæstv. fjmrh., að gera þá breyt. á tekju- og eignarskattslögunum, sem geti verið til frambúðar. Hæstv. ráðh. telur, að það séu engin tök á að undirbúa hana nú á þessu þingi, en ef það á að gerast, þá virðist mér réttara að fara þá leið strax, heldur en að leggja út í þessa ófæru, sem hér er stefnt að með frv. Hæstv. fjmrh. talaði hér langt mál í gær um þessa skattahækkun, og virtist hann ætla, að ég væri að vorkenna einhverjum gjaldþegnum, sem helzt yrðu fyrir barðinu á þessum skattalögum. En það var alls ekki tilgangur minn. Ég geri ráð fyrir, að ef þetta frv. verður að lögum og þau lög verða framkvæmd síðar, þá verði hægt að vorkenna þeirri stj. og þeim löggjöfum, sem að því standa. Ég þarf ekki að rökstyðja það nú, hvers vegna ætti að vorkenna þeim; það gerði ég í minni fyrri ræðu. Hæstv. fjmrh. virtist halda því fram, að þar sem við sjálfstæðismenn hefðum samþ. 25% tekjuskattsviðaukann á síðasta þingi — og virtist hann beina því til mín —, þá taldi hann, að mér bæri sem sjálfstæðismanni að taka vel þeim viðbótarskatti, sem hér er farið fram á. En af því að það vill nú svo vel til, að hæstv. fjmrh. þarf sjálfur að gerast talsmaður þessarar skattastefnu, sem hann hefir andmælt áður hér á Alþingi, og af því að það er vitanlegt, að hér er um grundvallarstefnumun að ræða á milli flokka í þinginu, þá vil ég minna hann á, að þó að við sjálfstæðismenn höfum orðið að ganga nokkuð inn á þessa leið og jafnvel samþ. álagningu beinna skatta til tekjuöflunar ríkissjóði, þá stafar það einungis af því, að við játum, að það verði að fara fleiri en eina leið til tekjuöflunar; það verði bæði að viðhafa beina og óbeina skatta.

Ég vil ennfremur minna hæstv. ráðh. á það, að sjálfstæðismenn hafa ávallt haldið því fram, að hinir beinu skattar mættu ekki ná lengra en að vissu takmarki, og að um innheimtu tekju- og eignarskatts í ríkissjóð yrði að viðhafa alla varúð, því að þanþol slíkra skatta væri ekki ótakmarkað. Enda mun flestum vera það ljóst, að þegar komið er yfir ákveðið eða hæfilegt takmark, þá hefir þessi skattaálagning mjög hindrandi áhrif á framtak atvinnurekenda til framkvæmda í landinu. Þarna skilja leiðir um stefnur í skattamálum á milli sjálfstæðismanna annarsvegar og vinstri flokka þingsins hinsvegar. Þeir virðast hafa tröllatrú á beinum sköttum. Þetta vil ég minna hæstv. ráðh. á, að stefnumunurinn er jafnaugljós í þessum málum enn þann dag í dag eins og hann hefir verið á undanförnum þingum. Þess vegna getur hann tæplega búizt við öðru en að það hljóti að koma fram ákveðin mótmæli frá sjálfstæðismönnum, þegar um er að ræða svo gífurlega hækkun á tekju- og

eignarskattinum. Það er ákaflega eðlilegt, jafnvel þó að þau beinist gegn þeirri stj,, sem nú situr að völdum með stuðningi þeirra.

Ég ætla ekki að lengja umr. meira í þetta sinn. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að aths. mínar út af þessu frv. hafa verið meira almenns eðlis, en engir útreikningar um útkomu skattsins í einstökum atriðum samkv. fyrirmælum frv. Slíkir útreikningar hafa fremur litla þýðingu. Hér er aðeins um að ræða viðbótarskatt, eða hækkun á þeim tekju- og eignarskatti, sem nú hefir verið á lagður, og þau dæmi, sem hæstv. ráðh. hefir tilgreint um það, hvað þessi viðbót nemur miklu í einstökum tilfellum, sýnir aðeins **skattaukann.** En hæstv. ráðh. hefir **ekki tekið heildarútkomuna eins og hún verður, þegar allt er samanlagt, bæði þeir skattar, sem nú gilda, og svo þessi skattaviðbót.** Hæstv. ráðh. hefir talað miklu meira um tekjuskattshækkunina heldur en um hækkunina á eignarskattinum, sem mér finnst vera langt úr hófi fram. Við andmælendur frv. höfum sérstaklega bent á það, hversu hér væri langt gengið í álagningarkröfunum, og skil ég ekki annað en að hæstv. ráðh. hljóti að viðurkenna, að þær ástæður verði að taka til athugunar og að þær séu þess verðar, að við nánari meðferð málsins í fjhn. verði að koma fram miklar tilslakanir á ákvæðum frv., eða þó helzt yfirgefa þessa leið og auka tekjurnar með jafnari viðbót á alla skatta og tolla, sem nú eru í gildi.

Magnús Jónsson: Ég var svo óheppinn að vera kvaddur frá umr.unum um þetta mál, sem fóru hér fram í gær. Og hæstv. forsrh. mun hafa flutt svarræðu sína til mín á meðan ég var fjarverandi, eftir því sem mér er tjáð. Vitanlega má ég algerlega kenna sjálfum mér um þetta, en ekki honum. Annars held ég, að þetta hafi ekki gert svo mikið til. Ég er svo oft búinn að hlusta á þau rök, sem flutt hafa verið með og móti í deilum um beina skatta hér á Alþingi, þing eftir þing, m. a. í viðureign þeirra hæstv. forsrh. og hv. þm. Seyðf., og sömuleiðis hefi ég sjálfur átt í brösum við hv. jafnaðarmenn um skattamálin. Ég býst ekki við því, að rökin, sem fram eru borin fyrir réttmæti tekju- og eignarskattsins, breytist neitt við það að flytjast úr munni hv. þm. Seyðf. í munn hæstv. forsrh., en ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. þyki það bara dálítið undarlegt.

Ég veit ekki, hvort ég á að vera að fara mikið út í almennar umr. um þetta mál eða um það, hvort leið jafnaðarmanna, sú, að taka mikið með beinum sköttum, sé sú heppilegasta. Þó verð ég að minnast á eitt atriði í ræðu hæstv. ráðh. Er á honum að skilja sem hann hafi viljað líkja afstöðu minni til skattanna við afstöðu þeirra, sem staðið hafa á móti breyt. á kjördæmaskipuninni. Er þetta dregið af því, sem ég sagði, að þegar þjóðfélagið væri búið að koma sér upp skattakerfi og finna aðferðir til þess að ná inn ríkistekjunum á sem beztan hátt, þá væri ekki óeðlilegt, ef auka þyrfti tekjurnar, að jafna því, sem á vantaði, niður á alla skattstofna ríkisins eftir sama hlutfalli. Af þessu er svo dregið það, að mér gangi það sama til og þeim, sem berjast gegn breytingum á kjördæmaskipuninni. Þetta er fjarri öllum sanni. Ég held ekki í þetta fyrir ást á þessu gamla fyrirkomulagi, en ég hygg, að rétt sé að byggja á því. En að öðru leyti er þessi samlíking líka rammskökk. Í rangláta kjördæmaskipun er haldið af stéttum, sem hafa fengið óeðlilega og óréttláta aðstöðu í þjóðfélaginu. En þegar verið er að láta líta svo út, sem skoðanir mínar í þessu máli séu ákveðnar af því, að ég sé fulltrúi þeirra, er setið geta hjá við skattagreiðslu, þá nær það engri átt. Einmitt Reykvíkingar borga óeðlilega háan tekjuskatt. Ég er hér sjálfum mér samkvæmur og vil í báðum málunum lagfæra misfellur, sem eiga sér stað. En með frv. því, sem fyrir liggur, er verið að auka á þær misfellur, sem eru.

Annars er róttækur munur á skoðunum þeirra manna, sem vilja taka ríkistekjur aðallega með tekjusköttum, og hinna, sem vilja ná þeim á annan hátt. Ég tel þá aðferð að afla ríkinu tekna með tekju- og eignarskatti skaðlega og hættulega, og þykist ég vita, að hún muni eiga meiri þátt í viðskiptakreppunni en margan grunar. Hefir það lamað allt framtak í veröldinni.

Það eru til tvær leiðir til þess að ná inn tekjum handa ríkinu. Önnur aðferðin

er sú, að taka peningana þar, sem þeir eru, eins og sagt er. Það er gripdeildaaðferð, eins og hjá víkingunum gömlu, en engin skattastefna. Mætti þá eins setja lög um það að taka innieignir manna í sparisjóðum, þótt ekki væri farið svo langt, að taka peningana hvar sem væri, t. d. þar, sem þeir lægju á borði, eða úr vösum manna. Hin aðferðin er sú, að ná nauðsynlegum ríkistekjum þannig, að það skaði sem minnst efnahagsstarfsemina í landinu. Til þess er tollaleiðin heppilegust, sú leið, að dreifa sköttunum á sem flesta liði, þannig að það hafi sem minnst áhrif á viðskiptalífið. Munurinn á þessum tveim aðferðum er sá, að önnur vill leggja skatt á tekjur manna, en hin á eyðslu manna. Tekjur eru enginn glæpur. Það á einmitt að eggja menn á það að hafa miklar tekjur. Þær gera engan skaða. Það getur reyndar komið fyrir, að þær séu svo illa fengnar, að einhver hafi beðið skaða af, en tekjur út af fyrir sig eru engum til tjóns, og ber ekki að refsa fyrir þær. Er meiri ástæða til þess að halda mönnum frá því að eyða gálauslega tekjum sínum, því að þeim á að verja í sjóði, er notaðir séu til þess að veita fjármagni til atvinnuveganna. Þessar tvær aðferðir eru nú til. Önnur segir: Þér verður straffað jafnt, hvort sem þú eyðir miklu eða engu. Hin segir: Ef þú eyðir miklu, þá heimtum við svo og svo mikið í ríkiskassann. Ef tveir menn hafa 20 þús. kr. tekjur hvor, þá er ekki út af fyrir sig ástæða til að gera mun á þeim, en ef annar ver þessum tekjum vel, en hinn illa, þá ber heldur ekki að gera þeim báðum jafnhátt undir höfði. Ef annar ver sínum tekjum í atvinnurekstur, er það skylda þjóðfélagsins að leggja ekki mikil gjöld á hann. Ef hinn notar sínar tekjur í eigin þarfir og eyðir miklu, þá ber líka að taka meira af honum. En með tekjuskattinum er tekið jafnmikið af báðum.

Sumir munu e. t. v. segja, að þetta komi ekki málinu við, en ég verð að segja, að hér er farið svo frekt í hækkun á tekju- og eignarskattinum, að spursmálið fer að snúast beinlínis um þessar tvær stefnur. Ef öll önnur sund væru lokuð, þá gæti verið um það að ræða að fara þessa leið, enda þótt margir séu henni mótfallnir. En svo er nú ekki komið ennþá. Verð ég því að undrast það ástfóstur, sem hæstv. ráðh. hefir tekið við tekju- og eignarskattinn. Fyrir hann persónulega sem ráðh. er þetta erfiðasta leiðin. Getur engin leið orðið óvinsælli hjá þeim, sem borga eiga, en þessi. Engin leið er heldur tvísýnni um það, hvort tilgangurinn næst. Mætti ná inn þessari ½ milljón hljóðalaust utan þings og innan með öðrum aðferðum. Er hér því ekki um neina nauðsyn að ræða, heldur kemur hér fram beinn vilji til að beina skattamálunum inn á þessa braut.

Að endingu vil ég láta þá ósk í ljós, að hæstv. ráðh. haldi ekki fastar við þetta frv. en svo, að ef bent verður á aðrar leiðir til þess að leysa vandræði ríkissjóðs, þá gangi hann til samvinnu um þær. Ég efast reyndar ekki um, að hann muni njóta samvinnu jafnaðarmanna um þetta frv., þó að hv. þm. Seyðf. léti helzt í ljós, að þeir myndu snúast gegn því. Mér gengur ekki afbrýðissemi til, en þó get ég ekki stillt mig um að benda á það, að hæstv. ráðh. hefir með þessu frv. gefið í skyn, í hvora áttina hann hallast til samvinnu, og mun þá líklega gegna því sama í öðrum málum.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun ekki verða fjölorður að þessu sinni. — Hv. 3. þm. Reykv. gerir mikið úr því, að ég hafi tekið á mig óþægindi mikil með því að fara þessa leið í stað þess að velja aðra leið, sem mæta myndi minni óvinsældum, minni óróa og minni óhljóðum. Það er eins og hv. þm. haldi, að almenningur, sem ber neyzlutollana, kunni ekki að hljóða. Getur verið, að það beri minna á óhljóðunum úr þeirri átt en hinni. En ef einhverjir verða að hljóða, þá kýs ég heldur að heyra hljóð þeirra, sem gnægðir hafa, en hinna, sem hljóða af hungri og vesöld. Mun stj. ekki láta það skjóta sér skelk í bringu, þótt sagt sé, að þeir, sem mestar hafa tekjur, séu svo óróasamir, að engri stj. sé fært að koma nálægt þeim. Hefi ég ekki heldur þá trú, að bent verði á leiðir til þess að afla fjár án þess að nokkur finni til. Skattur þessi verður auðvitað að koma einhversstaðar niður, og er þá óánægjan bærilegust þeim, sem mestu hafa af að láta. Ég er sammála hv. þm. um það,

að skattur eigi ekki að vera nein refsing, að ekki beri að refsa mönnum fyrir að hafa miklar tekjur, enda er hér ekki um slíkt að ræða. Hitt er rangt, að þeir eigi íhlutunarlaust hvern eyri, er þeir hafa haft aðstöðu til að afla sér, og að við því megi ekki snerta. Auðvitað á ekki að refsa mönnum fyrir að hafa tekjur. En ef hv. þm. vill fyrir hvern mun kalla þetta refsingu, þá er betra að refsa fáum mönnum en öllum landslýð með nauðsynjasköttum.

Hv. þm. sagði, að hér ættust við tvær stefnur, og væri önnur í því fólgin að skattleggja tekjur manna, en hin eyðsluna. Þetta virðist í fljótu bragði vera nógu sennilegt, en þarf þó frekari sundurliðunar við. Í frv. stj. er einmitt áætlaður skattur af eyðslu, en nauðsynlegar neyzluvörur eru þar undanskildar. Hér liggur fyrir að leggja skatt á eyðslu, skemmtanir o. fl., og er það í sjálfu sér gott og blessað. En þessi eyðsla getur ekki gefið allt; háu tekjurnar verða líka að gefa nokkuð. Ef hv. þm. vill halda því fram, að ekki eigi að taka peningana þar, sem þeir eru til, þá hlýtur hann að halda hinu fram, að taka beri þá þar, sem þeir eru ekki til. Ef hann heldur því fram, að taka eigi þá með tollum, þá hlýtur hann hinsvegar að álíta, að þeir séu þar til og að þar beri því að taka þá, sem til eru.

Skoðanamunur sá, sem hér er um að ræða, er í því fólginn, að við álítum, að víða sé hjá mörgu fólki lítið til af peningum umfram allra brýnustu þarfir, og hjá sumum jafnvel minna en brýnustu þarfir heimta. En þegar um það er að ræða, að taka skatta af hátekjumönnum, þá hjóta allir að viðurkenna, að þar eru peningarnir til. Hafi það verið forsvaranlegt áður að hafa tekjuskatt eins háan og hann er nú, þá hlýtur það að vera forsvaranlegt í því árferði, sem nú er, að hækka hann. Sé það ekki forsvaranlegt að hækka hann nú, þá hefir hann áður verið of hár.

Tekjuskattar hafa áreiðanlega engan þátt átt í kreppunni, enda hafa þeir í öllum löndum verið hækkaðir eftir að kreppan skall á, og því meira, sem kreppan harðnaði meir. Þetta er afleiðing, en ekki orsök. Væri það líka undarlegt, ef svo væri ekki, að Englendingar, sem haft hafa tekjuskatt nærri hálfa aðra öld, hafa aldrei gert þá uppgötvun, að kreppurnar stöfuðu af tekjuskattinum.

Þá vil ég minnast á sambandið milli jafnaðarins, sem hægt er að koma á í stjórnarskrármálinu, og þess jafnaðar, sem koma má á með hátekjusköttum. Sá, sem ekki berst fyrir jöfnuði að því er kemur til tekjuskatta, ætti heldur ekki að berjast fyrir jöfnuði á kosningarrétti manna. Afleiðing af jafnara kosningarrétti verður óhjákvæmilega jafnari þjóðfélagsleg aðstaða og aukinn jöfnuður um tekjur og aðbúð. Pólitískur jöfnuður er skilyrði fyrir „ökónómískum“ jöfnuði. Þeir, sem ekki vilja þola hækkaðan tekjuskatt, ættu ekki að hafa aðra stefnu í kosningamálum en þá, að menn hefðu atkvæðamagn eftir því, hvað þeir greiða háan tekjuskatt. Þetta samband er hér á milli, og er það eðlilegast, að hver einstaklingur heimti hvortveggja jöfnuðinn.

Magnús Jónsson: Það ber vitni um gott hjartalag hjá hæstv. ráðh., að hann skuli heldur vilja heyra heldri menn hljóða en alþýðumenn. Ég er honum reyndar alveg sammála í því. En þegar það er heimfært til þessa máls, þá ber þess að gæta, að hljóð efnamanna út af ósanngjörnum sköttum færast fljótt út til alþýðunnar. Það eru ekki skattarnir, sem valda bágindum alþýðunnar, heldur atvinnuleysið, og það stafar aftur af því, að athafnamennirnir eru lamaðir, m. a. með of háum sköttum. Afleiðingin af þessu er atvinnuleysið og það, að meira verður hljóðað. Menn segja, að ekki sé sanngjarnt að skattleggja neyzlu fátæklinga, en sá skattur kemur þó í rauninni ekki niður á þeim nema í bráð, heldur verða aðrir að bera hann. Hann dreifist sem sé yfir á þá, sem borga verða kaup. Ef hér hefði aldrei verið skattur á nauðsynjum, þá væri heldur ekki kaupið jafnhátt og nú er. Verkamenn bera það sama úr býtum og vera myndi, ef ekki væri sá skattur, sem nú er kallað, að þeir beri. Ég vil, að engir þurfi að hljóða út af sköttunum, hvorki ríkir né fátækir. Franskir fjármálamenn hafa sett fram þá grófu reglu um skattaálagningar, að úr því að plokka þyrfti gæsina, þá bæri

að gera það þannig, að hún skrækti sem minnst. Ef athuguð er okkar skattakerfi, þá sést, að það er miðað við mestan skatt af þeim vörum, sem ekki eru nauðsynlegar. En tekjuskatt verða sparsamir menn og ósparsamir að borga jafnt, hvort sem þeir vilja eða ekki. Sé skatturinn aftur á móti miðaður við eyðslu, þá geta menn ráðið honum sjálfir.

Það er auðvitað rétt, að skattar eru engin refsing í sjálfu sér, en þeir koma niður sem refsing, eins og t. d. peningasektir. Menn borga ekki skatta fremur en peningasektir með ánægjubros á vörunum.

Það er mjög sláandi saga, sem einn Englendingur sagði, og sýnir vel, hvernig sköttum er hagað bæði hér og í Englandi. Hann var á ferð úti í sveit og sá stórt landflæmi, sem var alveg óræktað. Hann hugsaði sem svo, að þessi maður, sem ætti þetta land, yrði að fá styrk til þess að koma því í rækt. Þá gengur hann lengra áfram og sér annað landflæmi, sem er í góðri rækt. Hann hugsar þá, að á eiganda þessa lands þyrfti endilega að leggja drjúgan skatt. Þeir, sem eru athafnamenn og eitthvað framkvæma, finnst þeim vera refsað fyrir það, refsað fyrir að vera athafnamenn, fyrir það að afla einhvers.

Mér finnst hæstv. ráðh. alls ekki komast út af því með kosningarréttinn og skattana. Það væri kannske rétt, ef kosningarrétturinn væri misskiptur og hinsvegar ef skattamálin væru sett í samband við kosningarréttinn. En það mundi jafnast af þeirri einföldu ástæðu, að þeir, sem mestan kosningarrétt hefðu, yrðu að greiða mest gjöld.

En nú eru þessi mál ekki í neinu sambandi hvort við annað, og virðist því ekki í þessu tilfelli þurfa að blanda þeim neitt saman. Hinsvegar sé ég ekki, að jöfnun kosningarréttarins þurfi í þessu tilfelli að færa með sér nokkra breyt. á skattamálunum. Það eru tvö mál, sem eru algerlega óháð hvort öðru. Skattamálunum hefir verið hagað þannig, sem heilbrigðast hefir þótt og heppilegast, og alveg óviðkomandi því, hvernig kosningarrétturinn hefir færzt til.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þau óhljóð, sem þetta frv. mundi vekja, ef að lögum yrði, mundu bráðlega færast út til alþýðumanna. Ég óska helzt eftir, að engin óhljóð verði, og þau hafa ekki verið í deildinni, þó að skiptar séu skoðanir.

En í sambandi við þetta frv. til eins árs er ekki hægt að tala um óhljóð, sem færist út til þeirra, sem atvinnu þurfa með, af þeirri einföldu ástæðu, að þetta kemur ekki við atvinnurekendurna til lands og sjávar. Það, sem græðist á sjávarútveginum og landbúnaðinum á þessu ári, mun ganga beint til styrktar þessum atvinnuvegum. Þess vegna er engin ástæða til að ætla það, að slíkur hátekjuskattur sem þessi komi hart niður á atvinnuvegunum. En hitt er annað mál, sem ég og hv. frsm. höfum margtekið fram, að við erum ekki fylgjandi því að hafa tekjuskattinn þannig, að hann leggi allt í rústir. En við höfum út frá ákveðnu ástandi að ganga og vitum, að slíkur skattur kemur ekki illa við eins og afkomu var háttað á síðasta ári. Ef svo er, að allir aðrir skattar dreifist út og lendi á endanum hjá atvinnurekendunum, hvernig stendur þá á því, að hv. þm. vill ekki fara beina leið til atvinnurekendanna og taka allt hjá þeim með tekjuskatti? Það er í sjálfu sér skiljanlegt. Það er vegna þess, að þeir, sem hafa háar tekjur, græða meðan þessi jöfnuður er að komast á, og það tekur langan tíma. Skatturinn verkar sterkast fyrst, en svo dregur úr því með tímanum, að skattanna verði verulega vart. Hv. þm. tók dæmi af Englending, sem vildi leggja skatt á ræktaða landið, til þess að rækta það óræktaða. Þetta hygg ég, að sé góð aðferð, þegar ræktaða landið getur greitt skatt. Það má segja, að þessi aðferð sé nokkuð notuð hér á landi. En ég minnist þess að hafa lesið ummæli eftir Lloyd George, hvernig hann lítur á þetta með ræktaða og óræktaða landið. Hann fer fyrst framhjá óræktuðu landflæmi og hugsar sér, að þetta þurfi að rækta. En þegar hann fer framhjá ræktaða landinu, þá hugsar hann sér, að þessir menn, sem það eiga, geti borgað. En þegar hann fer að rannsaka það betur, kemur það í ljós, að það er smáfólkið, sem hefir ræktað ræktaða landið, en það eru stórburgeisarnir, sem eiga það óræktaða og hafa efni á að halda

því óræktuðu. Niðurstaða hans í þessu efni varð svo sú, að það ætti að auka skattinn á þessum ríku mönnum, svo þeir hefðu ekki efni á því að halda þessu landi óræktuðu.

Þetta dæmi er lærdómsríkt fyrir Englendinga, þó að það eigi ekki við hjá okkur.

Það er ekkert ósamræmi í því, að ég hafi ekki treyst mér að ganga lengra fyrir einu ári en að heimta 25% álag, því að nú verður að ná inn meiru fé en á síðasta ári vegna kreppuráðstafana, og það hefir valdið því, að nú verður að grípa til nýrra ráðstafana og ónotaðra möguleika.

Það er skylda hverrar stj. að ganga ekki lengra en nauðsyn hvers tíma krefur, og það er rétt fyrir hverja stj. að leita að þeim möguleikum, sem bezt eiga við.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mér er mesta ánægja að því að heyra röksemdir hæstv. fjmrh. fyrir nauðsyn og sanngirni þessa aukna tekjuskatts. Ég hefði raunar kosið þær fyrr en þær hafa komið, en ég vænti þess, að nú verði framhald af till. hans í þessa átt. En viðvíkjandi einu atriði, sem hann drap á í fyrri ræðu sinni, þegar hann talaði um, hvort ætti að taka þá aðferð að ákveða í frv., til hvers tekjunum skyldi varið, vil ég segja nokkur orð. Hæstv. ráðh. taldi það réttu leiðina að láta þessar tekjur, sem aflað væri með tilliti til kreppunnar, renna beint í ríkissjóð, og síðan á ríkissjóður að leggja fram fé til kreppuráðstafana. Ég skal játa, að í fljótu bragði virðist það ekki skipta miklu máli, hvor leiðin er farin. En ég vil benda á það, að hæstv. ráðh. skýrir ekki rétt frá í þessu efni.

Í því frv., sem fer fram á mest útgjöld í sambandi við kreppuna, er átt við, að fé renni í kreppulánasjóð, en ekki í ríkissjóð. Má í því sambandi minna á vaxtagreiðslur þær, sem Búnaðarbankinn á að inna af hendi til ríkissjóðs, að þær eiga að fara beint í kreppulánasjóð. Að því er þetta frv. snertir er sérstök ástæða til þess að benda á það, að tekjurnar eru miðaðar við ákveðið hlutverk. Og vegna þess að það er vitað, að þessi tekjuauki kemur nær eingöngu úr kaupstöðunum og kauptúnunum, og þar er atvinnuþörfin mest, þá virðist eðlilegast og sjálfsagt, að þær verði notaðar til þess að bæta úr þeirri þörf. Mér skildist á ræðu hæstv. ráðh., að hann væri ekki andvígur því, að þetta væri gert, enda er í grg. frv. tekið fram, að fénu skuli varið til kreppuráðstafana.

Ég vil nú gera það að till. minni, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til kreppunefndar. Hún hefir með höndum frv. okkar jafnaðarmanna um tekju- og eignarskatt, sem verja á til atvinnubóta. Ég tel því rétt, að frv. fari þangað, og vænti, að hv. d. fallist á það.

Ég geri mér vonir um, að samkomulag náist um það við hv. stj., hvernig þessu fé skuli varið. Byggi ég þá von mína á ummælum hæstv. ráðh. við þessa umr.

Ég hefi áður tekið það fram, að hér sé of skammt gengið um hækkun skatta, og ég verð að telja rök hæstv. ráðh. skýr fyrir því, að hægt hefði verið að fara lengra en gert er með frv. En það yrði þá athugað í þeirri n., sem málið fær til meðferðar.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi ekki gert neina till. um það, að vísa þessu máli til n., af þeirri ástæðu, að það kemur frá n. Ég hefði aldrei gert aðra till. en að vísa því til fjhn. Sú n. mun venjulega hafa haft svipuð mál til meðferðar. En ég get ekki fallizt á það, að það fari til kreppun., vegna þess, að á sama hátt og gjöld vegna kreppuráðstafana verða borguð úr ríkissjóði, verður að borga inn í ríkissjóð. En það er óheppilegt, að þetta sé spyrt hvort á móti öðru, því að það lendir á ríkissjóði hvort sem er að greiða mismuninn. Ég sé ekki, að svona formsatriði geti verið til óþæginda fyrir hv. þm. Seyðf. um að fylgja góðu máli.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mér kemur þetta undarlega fyrir sjónir eftir fyrri ummæli hæstv. ráðh. Hann sagði þá, að hann vildi taka þetta til athugunar til samkomulags. Ég kom með þá till. að vísa málinu til kreppun., af því að mér fannst það ekki óeðlilegt, þar sem það er sagt í grg., að fé eigi að nota til kreppuráðstafana.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég sagði í upphafi þessarar umr., að ég vildi fara þá leiðina að láta ríkissjóð hafa bæði tekjurnar og gjöldin, sem kreppuráðstöfunum tilheyra. Að vísu getur enginn lagt höfuðáherzlu á þetta, og hv. þm. Seyðf. ekki heldur.

Ef kreppun. kemst að þeirri niðurstöðu, að ríkissjóður skuli ekki vera milliliður, þá ber hún fram brtt. við bæði frv., sem hún hefir til meðferðar, og þá líka brtt. við tekjuaukafrv., og er því engin þörf á að vísa málinu til kreppunefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til kreppun. felld með 12:4 atkv.

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil aðeins láta þess getið, að síðan þetta mál var hér til 1. umr. hefir fjhn. rætt það nokkuð á einum fundi, en án þess að samkomulag næðist um að bera fram brtt. við frv. á því stigi, sem málið er nú. Hygg ég, að óhætt sé að setja þetta í samband við ýmsar aðstæður, sem liggja fyrir á þessu þingi yfirleitt, í sambandi við önnur mál, sem fyrir þinginu liggja, og því sé ekki útilokað, að svo geti farið síðar, að samkomulag náist um afgreiðslu þessa máls. En eins og málið liggur nú fyrir, hefi ég ekki annað að segja fyrir hönd meiri hl. fjhn. en að hann óskar eftir, að það verði látið ganga áfram til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 457, 601, 816).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 816. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Hannes Jónsson: Ég hefi flutt þessar brtt. á þskj. 816. Þær fara fram á, að breytt verði 2 atriðum í frv. Fyrri breyt. er sú, að í staðinn fyrir „150% álagi" í síðari málsgr. 2. gr. komi: 100% álagi. Það er eignarskatturinn, sem farið er fram á að lækka nokkuð. Ég álít, að þetta sé sanngjörn ósk og að hækkun eignarskattsins sé nokkuð meiri heldur en eðlilegt mætti teljast með tilliti til hækkunar á tekjuskattinum. Hin breyt. er um tekjuskattinn, og er þar farið fram á, að félögum, sem nú greiða yfirleitt hærri skatt heldur en einstaklingar með sömu tekjur, og fara verr út úr þeim skattaálögum, sé ekki reiknaður hærri uppbótarskattur en svo, að skatturinn sjálfur samkv. gildandi lögum um tekju- og eignarskatt og viðbótarskatturinn samkv. þessu frv. verði aldrei hærri á félögum heldur en mundi verða á einstaklingum með tilsvarandi tekjur. Ég tel, að þetta muni vera réttmætt, og hefi því leyft mér að bera fram þessar brtt. við frv. Um leið og ég tel þetta vera sanngjarnt, þá tel ég meiri líkur til þess, að samkomulag fáist um framgang þessa máls, sem ég tel nauðsynlegt fyrir ríkissjóðinn að fái fram að ganga, til þess að einhverju leyti, þó ekki verði að öllu leyti, að jafna þann greiðsluhalla, sem fyrirsjáanlegur er á fjárlögunum. — Ég þarf svo ekki, a. m. k. að svo komnu, að segja fleira um þetta. Ég býst við, að þetta skýri sig sjálft, enda hefir verið um þetta rætt utan þingfunda. Ég geri því ráð fyrir, að hv. þd. geti fallizt á þessa brtt.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég tek undir till. hv. þm. V.-Húnv. En ég get ekki fallizt á till. á þskj. 601, um að binda tekjurnar í ákveðnu augnamiði. Í fjárl. er það fé, sem ætlað er til atvinnubóta, veitt í 16. gr. fjárl., og verður því það fé, sem ætlað er til atvinnubóta, að renna inn í ríkissjóðinn á móti.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mér þykir leitt, að hæstv. forsrh. skuli taka svo í brtt. okkar sem raun er á orðin. Ég verð að segja, að mér finnst í alla staði sanngjarnt og eðlileg, að það fé, sem tekið er með þessum skatti, sem

allir vita, að kemur mest úr kaupstöðunum, að því sé einmitt varið til þess að bæta úr atvinnuleysinu þar. Fyrst búið er að gera svo stórfelldar ráðstafanir til hjálpar bændum, eða verða gerðar, þá tel ég alls ekki sæmilegt að gera ekki samhliða því ráðstafanir, sem eitthvað munar um, til hjálpar þeim, sem engu betur eru staddir í kaupstöðunum.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að nú er komin inn í fjárlagafrv. till. frá stj., sem var samþ. í Ed., um 300 þús. kr. til atvinnubóta. Þó að þessi brtt. okkar verði samþ., þá breytir það engu um það. Því að það er alveg á valdi stj. að telja þessa fjárveitingu með þeirri fjárveitingu, sem er í fjárl., og kemur þá til viðbótar það, sem inn kemur samkv. þessu frv., 200 eða 300 þús. kr.

Ég vil ennfremur segja það, að mér finnst svo mikil sanngirni mæla með þessu, að einmitt íbúar þeirra staða, þar sem þetta fé kemur mest frá, njóti þess. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hv. d. fallist ekki á þessa brtt.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er svo um skatta þá, sem renna í ríkissjóð, að það er aldrei hugsað um, hvar á landinu þeir eru innheimtir. Þegar um tekju- og eignarskatt er að ræða, þá er það vitanlegt, að hann er aðallega innheimtur í kaupstöðum, en þar fyrir á strjálbýlið sinn drjúga þátt í að mynda þær tekjur og eignir, sem skatturinn er goldinn af, og auðvitað jafnan rétt um að njóta þeirra hlunninda, sem tekjurnar gera ríkisvaldinu mögulegt að dreifa meðal þegnanna.

Það eru býst ég við rangar forsendur hjá hv. þm., að það eigi að verja skattinum þar, sem hann er innheimtur. Auk þess er ósamræmi milli till. og fjárl., þar sem hér er talað um jafna upphæð frá bæjar- og sveitarfélögum til að leggja á móti, og þar sem talað er um í 16. gr. fjárl., að bæjar- og sveitarfélögin leggi fram 2 hluta, en ríkið 1 hluta.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það er ósamræmi á milli brtt. okkar og ákvæða fjárl. að því leyti, að í fjárl. er tilskilið meira framlag frá sveitar- og bæjarfélögum heldur en í till. okkar. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, gengur til Ed., og afgreiðslu fjárl. er enn ekki lokið, svo að nægur tími er til að leiðrétta þetta, þó að ekki verði gengið frá því nú. Við mundum geta fallizt á að breyta til, ef hæstv. ráðh. vill beita aðstöðu sinni til þess að þetta verði gert.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé viðurkennd regla að líta alls ekkert á það, hvaðan skattarnir séu teknir. Þetta er mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh. Hann veit, að þetta er ákaflega algengt hjá okkur, a. m. k. að taka full tillit til þessara hluta, þó að ekki sé einskorðað við hvern einstakan skatt, að honum skuli varið til hjálpar á ákveðnum stað. Hér er ekki um venjulegt skattafrv. að ræða. Þetta er aðeins frv. til bráðabirgða, til þess að bæta úr brýnustu vandræðunum, en ekki frambúðartekjustofn. Þess vegna er það alveg eðlilegt og sjálfsagt, að því fé, sem tekið er til sérstaks nútímaástands, sé einmitt varið til þess að ráða bót á þeim vandræðum. Enda er það svo í frv. hæstv. ráðh., að það er beinlínis tekið fram, að þessu fé eigi að verja til kreppuráðstafana. Það er ekkert óeðlilegra, að það gangi til þessara hluta heldur en að því sé ætlað að bera uppi kostnaðinn af kreppuráðstöfunum vegna bændanna. Það er því mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh., að það sé nokkurt ósamræmi með þessari afgreiðslu eins og við gerum ráð fyrir. Ég vil því halda fast við till. mína og vænti þess, að hv. d. geti fallizt á það, sem þar er farið fram á.

Magnús Jónsson: Ég þarf ekki að endurtaka hér andmæli mín gegn þessu frv. Ég hefi frá upphafi talið það hina mestu fjarstæðu, þar sem talað er um að hækka svo mikið tekju- og eignarskattinn ofan á þau gífurlegu útsvör, sem bæirnir verða að leggja á íbúa sína, og það stendur mér næst að minnast á Reykjavík.

Þau andmæli, sem borin hafa verið fram við fyrri umr. þessa frv., hafa verið borin fram áður heldur en niðurjöfnunarskrá Rvíkur kom út. Nú er niðurjöfnunarskráin komin út, og hún hefir sýnt, að þeir útreikningar, sem þá voru gerð-

ir, hafa sízt verið á þann hátt, að meira hafi verið úr þessu gert en raun gefur vitni um, og menn munu sjá þar, að útsvörin hafa hækkað gífurlega frá því í fyrra, og meira heldur en lagt var til grundvallar í ræðu hv. 4. þm. Reykv.

Ég vil segja það, að ég er hræddur um, að hæstv. fjmrh. verði ekki sami styrkur að þessum skatti eins og ætlazt er til, því að reynslan mun sýna, að það mun verða erfitt kapphlaup milli bæja og ríkis, þegar verið er að reita síðustu skildingana út úr skattþegnunum. Ég vil segja það um brtt. á þskj. 601, að út af fyrir sig er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er svo yfirleitt með tekjur ríkisins, að þær eru innheimtar án tillits til þess, til hvers þær eiga að fara. Þó getur nú farið að verða ástæða til þess að líta á það, hvort ekki sé rétt að láta þær koma niður þar, sem þær eru teknar. Ef gengið er svo nærri einstökum flokkum gjaldþegna, að gjaldþoli þeirra er hætta búin, þá getur þess verið þörf.

Það er mjög líklegt, að Reykjavík verði að grípa til kostnaðarsamra ráðstafana út af atvinnuleysinu, og það er bersýnilegt, að eftir því, sem tekju- og eignarskatturinn til ríkisins er hækkaður, eftir því eru möguleikar Rvíkur til slíkra ráðstafana skertir. Það er tvímælalaust, að þessi till. dregur dálítið úr þessum skatti, og þess vegna get ég fylgt henni, enda þótt ég muni greiða atkv. á móti frv. þrátt fyrir það, að hún yrði samþ. Um ósamræmið, sem yrði á milli frv. og fjárl., ef þessi till. yrði samþ. og frv. afgr. þannig, þá er ekkert við því að segja annað en það, að það stafar af því, að málið verður afgr. með nokkuð miklu flaustri síðustu daga þingsins. En hvorugt málið er að fullu afgr. enn, og fjárl. standa til mikilla breyt., svo það er ekki nokkur hætta að samþ. þessa brtt. hv. þm. Seyðf., því að það má breyta ákvæðum fjárl. í þessa átt. Ég vil þess vegna breyta þeim l., er ég tel ranglátari, fyrst hvorugt þeirra er endanlega afgr. frá þessu þingi.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Mér eru það mikil vonbrigði, að ekki hefir komið fram brtt. um að lækka skattstigann frá því, sem hann er nú í 2. gr. frv. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr. þessa máls, hve óhæfilega hár þessi skattstigi væri, jafnvel þó honum væri einungis ætlað að gilda um eitt ár, eins og hæstv. forsrh. sagði við 2. umr. Enn meiri vonbrigði urðu mér þó, er hann bætti því við nú, að þessi skattstigi myndi aldrei komast aftur í gamla horfið, heldur myndi sú reynsla, sem fengist þetta ár, verða notuð sem grundvöllur undir ákvörðun skattstigans í framtíðinni. En ekkert loforð vildi hann gefa um það, að þessi hækkun yrði ekki notuð til frambúðar sem tekjustofn ríkissjóðs.

Nú ber á það að líta, að sé þessi leið farin, þá er verið að taka fyrir sig fram þær tekjur, sem annars mundu koma í ríkissjóð á næstu árum. Þetta dregur því úr tekjum ríkissjóðs í framtíðinni af þessum tekjustofni, og er þó illt að leggja skatta svo á, að þeir dragi úr tekjuvonum síðari ára.

Í grg. frv. er gefið í skyn, að óhætt muni vera að hækka tekju- og eignarskattinn í þetta sinn, vegna þess hve framleiðslufyrirtækin, sjávarútvegur og landbúnaður, beri lítinn tekjuskatt fyrir síðastl. ár. En þess ber að gæta, að til eru ýms önnur atvinnufyrirtæki, sem gengið hefir sæmilega með, og þau verða hart úti. Síðan þetta frv. var borið fram fyrst, hafa í Danmörku, sem er í ýmsu okkar fyrirmynd, gerzt atburðir, sem vert er að athuga. Þar eru það sócíalistar ásamt radikölum, sem stjórna. Þeir þurfa sem fleiri ríki á tekjuauka að halda vegna kreppunnar. En þótt ætla mætti, að þeir væru sízt kröfuvægari en aðrir flokkar til beinna skatta, þá hafa þeir þó látið sér nægja að hækka tekjuskattinn um 40%, en jafnframt hækkað ýmsa aðra tekjuliði. En hér á að hækka tekjuskattinn um 100% á þeim, sem hafa 922 kr. tekjuskatt og þar yfir. Svo miklu lengra er gengið hér.

Ég heyrði hæstv. forsrh. mæla svo í gærkvöldi, sem líka er rétt, að þótt erfitt væri ástandið í voru landi, þá væri það þó ekki eins hastarlegt og víða annarsstaðar, þar á meðal í nágrannalöndum okkar. Þetta er rétt. En þá vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort af því megi ekki draga þá ályktun, að ekki sé þörf á að gera radikal-

ari till. hér en í nágrannalöndunum. Og sérstaklega vil ég þó spyrja hann um það, hvort hann geti ekki fallizt á að færa þennan viðbótar- tekju- og eignarskatt niður í 40%. — Það er áreiðanlegt, að ef ekki hefir verið talið viturlegt í Danmörku að fara lengra, þá er það enn síður hér. Ástandið er þó sízt lakara hér og því minni þörf á að fara svo djúpt niður í vasa skattborgaranna sem lagt er til í þessu frv. En það tjáir líklega ekki að deila við dómarann. Ég býst við, að hæstv. fjmrh. komi fram hverju því, er hann vill, hér í þessari deild. En það mun vera rétt á litið, sem frá hefir verið skýrt í blöðum, að þau tilfelli finnist, þar sem tekjurnar nægja ekki til að greiða þá beinu skatta, sem á eru lagðir til bæjar- og ríkisþarfa á yfirstandandi ári. Sjá allir, að slíkt er of langt gengið. Ég skal aftur undirstrika það, að þessi skattur er einnig óheppilegur fyrir ríkissjóð, þar sem hann skerðir svo mjög tekjustofna næstu ára. Svo hár skattur veldur og skattborgurunum fjárhagslegra erfiðleika. Er því að mínu áliti afaróheppilegt að taka svona háan beinan skatt inn á einu ári.

Það voru mér vonbrigði, að hæstv. forsrh. óskaði eftir því, að frv. gengi fram óbreytt, að undantekinni brtt. á þskj. 816, sem er smávægileg. Ég verð að segja, að svo stórkostleg gjaldahækkun á alla hærri gjaldendur stofnar bæjarsjóði hér í vandræði. Ég álít, að þetta frv. stefni fjármálum Rvíkur í hreinan voða og jafnframt fjármálum ríkisins í framtíðinni, verði það ekki lagfært frá því, sem nú er.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal ekki eyða löngu máli í þessa umr. Frv. hefir áður verið rætt af talsverðum hita og með nokkrum upplýsingum. Ég skal ekki efa, að menn séu eins óánægðir með niðurjöfnunarskrána og þetta. Það getur víða óánægjuefni og eins þar, sem flokksmenn hv. 4. þm. Reykv. ráða. Ég get ekki fallizt á að lækka tekju- og eignarskattsviðaukann niður í 40% yfirleitt. Það er að vísu rétt, að ákveðin mun vera 40% hækkun í Danmörku, þótt hærra mundi í upphafi hafa verið fyrirhugað. En þess ber að gæta, að þar situr þingið allt árið, og er þá óvíst, að búið sé að afgreiða þetta endanlega. Eftir því sem ég hefi frétt, þá vantar þar enn tekjur, er nema 86 millj. kr., til þess að geta fullnægt þeim samningum um fjárframlög, sem gerðir hafa verið milli flokka þar. Hygg ég, að þeir telji sér ekki hollt að taka það fé allt að láni og muni því enn standa yfir samningar um frekari tekjuöflun. Er enn ekki víst, hvernig það endar.

Það hefir verið talsvert umtal í bænum um það, að tekjur manna mundu ekki hrökkva fyrir beinum sköttum. Ég skal ekki neita því, að slíkt geti viljað til í einstaka tilfelli. En slíkt getur þá ekki verið tekjuskattinum að kenna, heldur útsvörunum og eignarskattinum. En ég vil benda á, að víða um allt land mun það vera svo, að fæstir borgi útsvör sín af hreinum tekjum nú í þessu árferði. Þetta er eitt af einkennum þessara kreppuára. Og þó er ekki hætt að leggja útsvör á menn fyrir það. Þetta getur ekki verið tekjuskattinum að kenna, sem er eingöngu af tekjum og „progressiv". Þetta getur hæglega komið fyrir, og það þótt þetta frv. verði strádrepið. Ég óska eftir, að frv. gangi til Ed. Þar hefir Framsókn ekki meiri hl. og verður því að fara um framgang þess þar eftir samkomulagi við aðra.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Það er ekki sanngjarnlega mælt, að ef skattborgari verður að borga meira í beina skatta en tekjum nemur, þá sé það útsvarinu að kenna. Þetta hlýtur þá að þýða það, að ríkissjóður eigi fyrstu kröfu á skattborgara Rvíkur, og að þegar búið er að fullnægja henni, þá komi fyrst til greina útsvar, sem þá geti valdið því, að ekkert verði eftir af tekjunum. Nú vita bæði hæstv. ráðh. og hv. dm. það, að aukaútsvörin eru aðaltekjustofn bæjarfélagsins hér, eða að ⅘ hlutum. Ég verð því að segja, að þegar sú regla er upp tekin, að ríkið fer að ganga mjög svo fast á hinn sama tekjustofn, sem bæjarfélagið verður að mestu að byggja tekjuöflun sína á, þá er það ríkið, sem tekur síðari hluta teknanna, eða meira. Þetta þykir kannske ekkert óeðlilegt frá sjónarmiði þeirra, sem álíta, að tekjur og eignir ein-

stakra manna séu eign ríkisins. En þegar þess er gætt, að Rvík verður að taka ⅘ tekna sinna af tekjum og eignum manna, en ríkið fær sínar tekjur ekki nema að ⅒—1/15 í beinum sköttum, þá er ekki að undra, þótt hæstv. ráðh. segi, að flokksmenn okkar hv. 3. þm. Reykv. fari djúpt niður í vasa skattborgaranna hér. Þetta er aðaltekjustofn bæjarfélagsins, en ríkisins ekki nema að litlu leyti. Er því alveg óviðeigandi að níðast á þessum aðaltekjustofni bæjar- og sveitarfélaga á öllu landinu. Annars þýðir víst ekki meira um þetta að deila. Atkv. verða að skera úr.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það hlýtur að vera mjög orðum aukið, að mikill hluti gjaldenda fái hærri skatta en nemur tekjum. Og að það sé sök ríkisins, get ég ekki fallizt á. Það getur ekki verið rétt, og væri auðvelt að sýna það með dæmum. En hitt get ég fallizt á, að heppilegt væri, að bæjarfélögin hefðu fleiri tekjustofna en nú er. Er það þess vert, að tekið væri til gaumgæfilegrar athugunar á næsta þingi.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Eins og sakir standa hafa fæst bæjar- og sveitarfélög aðra tekjustofna en þennan. En rétt er að leita að fleirum. En meðan sú leit fer fram, er ekki rétt af ríkinu að ráðast á þennan eina gjaldstofn, sem þau hafa, framar en gert hefir verið með eldri l. En rétt er að freista þess, hvort ekki tekst að finna nýja gjaldstofna, sem létt geti á þessum brigðula tekjustofni.

Magnús Jónsson: Af því hér er um að ræða tekjur fyrir ríkissjóð, þá vil ég minna á, að eitt af því, sem dregur úr tekjum ríkissjóðs, eru innflutningshöftin. Og í sambandi við það vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvað hann ætli fyrir sér í því máli? Um þetta var spurt af mér og hv. þm. Vestm. fyrir mánuði eða meira. En eftir svari hefir ekki verið gengið fyrir þá sök, að virðast mátti sem frv. það um verðtoll, sem legið hefir fyrir þinginu, benti til afnáms eða rýmkunar innflutningshaftanna. Nú vildi ég þó helzt óska, að þessu verði svarað. Annars verð ég að biðja hæstv. forseta að láta þáltill. okkar koma á dagskrá. Hefði ég þó helzt kosið, að þessu væri svarað án mikilla orðalenginga og án þess að ég þurfi að tefja þingið með skýrslum þeim og skrám, sem ég hefi um þetta mál og eru æðifyrirferðarmiklar.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi svarað þessu áður. Ég hefi sagt, að framkvæmd gjaldeyrishaftanna mundi verða eins mildileg og gjaldeyrisverzlunin frekast leyfir. Nú er svo ástatt, að bankarnir hafa notað allan sinn gjaldeyri og heimildir, er þeir hafa. Lengra verður ekki komizt en að selja allan þann gjaldeyri, sem hægt er að selja. Á þeim hvílir sú skylda að sjá um, að nægur gjaldeyrir sé til hinna nauðsynlegustu þarfa.

Magnús Jónsson: Það er algerlega rangt hjá hæstv. forsrh., að þm. vilji ekki veita stj. það fé, sem þarf til þeirra ráðstafana, sem samkomulag hefir orðið um að gera. Þetta eru hrein og bein ósannindi. Þegar ég ræddi um tekju- og eignarskattinn við fyrri umr., þá benti ég beinlínis á leið til að útvega handa ríkissjóði a. m. k. eins miklar tekjur og farið er fram á nú, að útvegaðar verði með tekju- og eignarskatti. Það var með því að leggja lága hækkun á sem allra flesta af tekjustofnum ríkisins. Þetta væri miklu öruggari leið til tekjuöflunar fyrir ríkissjóðinn og miklu minna tilfinnanleg. Það er því algerlega óviðeigandi að vera að hreyta því að þm., að þeir vilji ekki veita stj. það fé, sem þarf til þeirra ráðstafana, sem nauðsyn ber til að gera. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, þótt þm. hafi komið saman um að verja milljón króna til þessara ráðstafana, að þeim standi alveg á sama um, hvernig þess fjár er aflað.

Svar hæstv. ráðh. um innflutningshöftin er mjög ófullnægjandi. Hann segir eins og áður, að það sé reynt að framkvæma þau mildilega. En það er alls ekki nóg. Þar verður einnig að gæta sanngirni og skilnings. Allmikið er kvartað undan rangsleitni í framkvæmd þeirra. Sérstaklega er kvartað undan einum manni, Svafari Guðmundssyni, að hann sýni mikla rangsleitni í úrskurðum um það, hverjum skuli leyfður innflutningur og

hverjum ekki. — Við umr. um till. verður kannske tækifæri til að draga fram dæmi um það, hvernig innflutningsnefndin starfar.

Tryggvi Þórhallsson: Ég sé, að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur. Annars geri ég ráð fyrir, að hann hefði mótmælt orðum hv. 3. þm. Reykv. Ég kann ákaflega illa við, að menn séu nafngreindir hér til að niðra þeim, þar sem þeir geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Það er algerlega órökstuddur sleggjudómur hjá hv. 3. þm. Reykv., að þessi maður, sem hann nefndi, sé sérstaklega rangsleitinn maður. Ég læt það álit um þennan mann koma frá mér, sem er honum mjög vel kunnugur, að hann er hinn úrskurðarbezti maður og myndarlegasti á þessu sviði, sem ég þekki, og við hliðina á orðum hv. 3. þm. Reykv. læt ég í ljós mitt fyllsta traust til þessa manns.

Magnús Jónsson: Hæstv. fjmrh. var nú ekki langt undan landi og hefði því getað svarað sjálfur. Annars er það algerlega rangt, að ég hafi haldið því fram, að Svafar Guðmundsson sé sérstaklega ranglátur maður. Ég veit ekki um annað ranglæti hjá honum en að ákaflega er kvartað undan úrskurðum hans í innflutningsnefndinni. Og komi till. á dagskrá, verður tækifæri til að rökstyðja orð mín, en það get ég ekki gert nú, þar sem ég hefi aðeins leyfi til að gera aths. En að þá menn megi ekki nefna hér á nafn, sem falin eru þau opinber störf, sem liggja sérstaklega undir gagnrýni, því get ég ekki séð neina sanngirni mæla með. Þeir hafa lagt sig undir þessa gagnrýni með því að taka að sér þessi opinberu störf, og ég veit þá ekki, hvort nokkuð er betra að vera að dylgja um þá nafnlaust.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. fjmrh. virðist halda mjög fast í innflutningshömlurnar, og rökstyður hann þá stefnu eingöngu með því að segja, að gjaldeyrinn verði að skammta, og ekki mótmæli ég gjaldeyrisskömmtun yfirleitt. En þess ber að gæta, að nú er innflutningshöftum beitt ekki síður á þá, sem aðstöðu hafa til þess að fá alllöng lán hjá útlendum verzlunarmönnum, m. ö. o. menn, sem þurfa ekki yfir lengri tíma að fá þennan margumrædda gjaldeyri. Það er vitanlegt, að mikil óánægja er hjá mörgum út af innflutningshöftunum og framkvæmd nefndarinnar á ýmsum sviðum. Við höfum verið að vona, að hæstv. stj. mundi fallast á óskir, sem við höfum borið hér fram þáltill. um, að slakað verði á þessum höftum. En mér heyrist hæstv. ráðh. vera fjær því nú en nokkru sinni áður. Það verður langur sá tími, sem eitthvað þarf að hafa hömlur á gjaldeyrinum, og þá gæti innflutningsnefndin orðið eilífðarstofnun í þessu efni. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á að halda sér við efnið, tekju- og eignarskattinn). Við erum þeirrar skoðunar, að það sé alveg nóg að hafa gjaldeyrisskömmtun, og þá megi slaka eitthvað til á innflutningshöftunum.

Hæstv. forseti hefir áminnt mig um að halda mér við að tala um tekju- og eignarskattinn. Ég hefi við 1. umr. þessa máls lýst yfir skoðun minni á stefnu hæstv. ráðh. í þessu efni, og kann ég ekki við að endurtaka það nú. En mér finnst, að hæstv. ráðh. ætti að geta séð, að það fer ekki í öllum tilfellum saman þetta tvennt, að beita innflutningshöftum og að skamməta gjaldeyrinn. Með innflutningshöftunum er ríkissjóður sviptur miklum tekjum, sem hann annars gæti haft, og það í sumum tilfellum án þess, að grípa þurfi til gjaldeyrisráðstafana, þegar svo stendur á, að kaupmenn hér hafa kynnt sig svo vel við kaupmenn erlendis, að þeir hafa lánstraust hjá þeim.

Mér virðist þessi fastheldni hæstv. ráðh. við gjaldeyrisskömmtunina muni rýra tekjur ríkissjóðs fremur en auka þær. Þetta mál má þess vegna ræða í sambandi við það mál, sem nú er á dagskrá.

Ég vil mælast til þess ásamt hv. 3. þm. Reykv., að forseti beri þáltill. okkar undir atkv. hér í d. að umr. lokinni. Við vonuðum, að hæstv. stj. tæki öðruvísi í þetta. En eins og komið er viljum við fá að vita úrskurð d.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. d. er búin að gefa úrskurð í þessu máli. Það er búið að vísa frá frv. sama efnis og þessi till. Og ég er búinn að gefa sama svarið áður og ég gaf nú. Ég stend

því ekki fjær því nú en nokkru sinni áður að afnema innflutningshöftin. Ég stend nákvæmlega á sama stigi og áður, því ég vil, að sá gjaldeyrir, sem kostur er á, sé notaður. Lengra kemst enginn fjmrh. í þessu efni. Hitt þarf hv. þm. ekki að segja mér, að óánægja er út af gjaldeyrisráðstöfununum. Það er óánægja hjá manni, sem ekki hefir nóg að borða, eða getur ekki keypt það, sem hann vill. Það er óánægja hjá kaupmönnum, sem ekki geta fengið allar þær vörur að selja, sem þeir gætu komið út. En menn verða oft að taka á sig ýmsar kvaðir vegna þess, að ekki er til nóg af öllu. Og þegar ekki er til nógur gjaldeyrir, þá er það skylda ríkisstj. að sjá svo um, að hann gangi til þess, sem brýnust nauðsyn ber til. Þetta er mjög einfalt mál. Og að menn fái að stofna skuldir erlendis eins og þeir hafa getu til, það er víðar en hér reynt að hindra með höftum. Flestar smærri þjóðir reyna að hindra þetta.

Viðvíkjandi þessu vil ég geta um umsögn eða aðvörun frá „The Department of Oversea Trade". Það segir mjög ákveðið: Þið þurfið ekki að vera hræddir við afleiðingar af verzlunarhöftum, sem sett eru til að geta staðið í skilum, heldur við að stofna skuldir erlendis, sem þið getið ekki borgað.

Um hitt þarf ekki að spyrja, hvort óánægja sé með innflutningshöftin. Það er mjög skiljanlegt, því að það er alltaf óánægja þar, sem ekki er til nóg af öllu.

Magnús Jónsson: Mér þykir það ákaflega einkennilegt, þegar óánægja kemur upp, ef ekki á að rannsaka, hvort hún styðst við nokkur rök. Ég mótmæli því, enda þótt búið sé að vísa frá frv. um afnám heimildar fyrir innflutningshöftum, að búið sé að úrskurða um þetta mál. Það hefir alls ekki verið úrskurðað um það, hvort nú beri að halda þeim áfram eða ekki. Ég endurtek því þá ósk mína, að hæstv. forseti láti þessa þáltill. koma á dagskrá, svo að vitað verði, hvort þessi umtalaða óánægja styðst við nokkur rök.

ATKVGR.

Brtt. 816,a samþ. með 15:8 atkv.

— 816,b samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 601 felld með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, VJ, HG, HV, JJós.

nei: JónasÞ, LH, PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JÓl, JörB.

ÓTh greiddi ekki atkvæði.

Tveir þm. (MG, JAJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV,[1]) IngB, JónasÞ, LH, JörB.

nei: MJ, ÓTh, PHalld, PO, GÍ, JJós, JÓl.

Tveir þm. (MG, JAJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 829).

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 4:9 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Þorláksson: Ég hafði búizt við, þar sem þetta frv. má skoða sem stjfrv., flutt af fors.- og fjmrh., að nokkur orð hefðu fylgt því frá hans hálfu með grg. fyrir því, hvers mætti vænta ríkissjóði til handa af þessari löggjöf og hvaða rök væru færð fyrir henni að öðru leyti. En hæstv. ráðh. var ekki viðstaddur, þegar umr. um málið byrjuðu, og til þess að málið gengi ekki umræðulaust til atkv., kvaddi ég mér hljóðs, þó að mitt hlutverk sé ekki það að rökstyðja þetta frv. eða mæla með því, því að það get ég ekki með neinu móti.

Ég þykist vita, að ástæðan fyrir þessu frv. sé sú, að fjmrh. telji, að ríkissjóður þarfnist aukinna tekna. Um það mál hefir líka verið rætt meðal stuðningsmanna samsteypustj. úr Sjálfstfl., og við höfum fyrir löngu síðan bent á, hvaða leið við

---

1) HV: Í trausti þess, að sú breyt. fáist á frv. í Ed., að tekjur þess verði bundnar eftir óskum okkar Alþfl.manna, segi ég já.

álítum færa, eftir því sem nú er ástatt, til þess að afla ríkissjóði þess tekjuauka, sem þætti óhjákvæmilega nauðsynlegur. Mér er kunnugt um, að hæstv. ráðh. hafði borizt vitneskja frá fulltrúa Sjálfstfl. í landsstj. um, hver sé hans skoðun um þetta, sem auðvitað fellur saman við skoðun flokksins. Hæstv. ráðh. hefir ekki talið rétt að fara inn á þá leið, a. m. k. ekki á þeim tíma, þegar frv. kom fram. Ég vil því gera nokkra grein fyrir því, vegna hvers ég tel með öllu ókleift að afla ríkissjóði tekna á þann hátt, sem farið er fram á í þessu frv.

Eins og kunnugt er, skiptast byrðar hinnar opinberu starfrækslu hér á landi eins og annarsstaðar á tvo aðila, ríki og sveitarfélög. Ríkið hefir hér á landi tekið til sinna afnota flesta eða allt að því alla þá skattstofna, sem nú tíðkast meðal siðaðra þjóða, en sveitarfélögunum hefir verið sniðinn stakkurinn miklu þrengri, því að það er nálega aðeins einn tekjustofn, sem þeim er ætlaður. Það eru útsvörin, sem í raun og veru eru tekju- og eignarskattur. Það má vera hverjum manni ljóst, að sú kreppa, sem gengur yfir atvinnuvegina nú, lendir ekki eingöngu á ríkinu, heldur líka á sveitarfélögunum. Fátækraframfærslan hvílir á þeim nálega að öllu leyti, og hún vex auðvitað, þegar svona gengur fyrir atvinnulífinu. Forsjá atvinnulausa fólksins í þéttbýlinu við sjóinn hvílir einnig að mestu leyti á sveitarfélögunum, þó að það sé skylt að viðurkenna, að ríkissjóður hefir hér rétt dálitla hjálparhönd upp á síðkastið. Til þess að standast hin vaxandi útgjöld auk hinna venjulegu hafa sveitarfélögin ekki til annars tekjustofns að grípa heldur en hins sama tekjustofns, sem hér er farið fram á að nota til þess að afla ríkissjóði tekjuauka. Til þess nú að færa rök fyrir þessari staðhæfingu minni, að ekki sé fært að fara þessa leið, þá vil ég fyrst gera ofurlitla grein fyrir vissum grundvallaratriðum í eðli þessa tekju- og eignarskatts, sem hér um ræðir.

Það er þá fyrst það, að þó að slíkum skatti sé skipt í tvennt, nefnilega tekjuskatt og eignarskatt, þá er það vitað og enda viðurkennt af öllum fræðimönnum, sem hér um fjalla, að í raun og veru er hér gjaldstofninn aðeins einn, sem sé tekjur manna. Hitt gæti ekki gengið, a. m. k. ekki til lengdar, að taka skatt af eign án þess að tekjur séu fyrir hendi til að greiða skattinn með. Það má vel finna þessu fræðileg rök, en ég ætla heldur að vísa bara á einstakar staðreyndir úr nútímalífi hér í kringum okkur.

Þegar svo ber undir, sem því miður er allt of algengt hér í Rvík, að það koma fyrir gjaldendur — þeir skipta hér árlega mörgum hundruðum og jafnvel þúsundum —, þar sem tekjurnar eru ekki fyrir hendi til þess að greiða þessi beinu gjöld, er gert fjárnám, teknar með valdi eignir til greiðslu á gjöldunum og hinir lögteknu munir settir á uppboð. Niðurstaðan verður nálega ávallt sú, að fyrir þær eignir, sem þannig eru teknar upp í opinber gjöld, fæst sama sem ekki neitt. Ég skal ekki þreyta menn með því að taka mörg dæmi um þetta, en aðeins geta þess, að nýlega voru tekin af einum manni hér í Rvík hlutabréf í Útvegsbankanum að nafnverði 2000 kr. og sett á uppboð, og seldust fyrir 20 kr. Þetta er rétt dæmi upp á það, hvernig fer, þegar taka á eignir manna upp í opinber gjöld, þar sem tekjur eru ekki fyrir hendi. Ég slæ því þess vegna föstu, að það er eðli eignarskattsins eins og tekjuskattsins, að það verða að vera fyrir hendi tekjur til þess að greiða hann af, tekjur af þeirri eign, sem skattlögð er, ef um hreinan eignarskatt er að ræða.

Þessi skattur er nú á tímum alstaðar hafður stighækkandi, en það hafa verið mismunandi skoðanir um það á ýmsum tímum, hve mikil stighækkunin mætti vera. Ég skal ekki dæma um það, en vil aðeins benda á eina staðreynd í þessu efni, sem er viðurkennd af öllum. Hún er sú, að skattstiginn má aldrei verða svo hár, að ef tekjurnar vaxa fram yfir eitthvert visst mark, þá vaxi skatturinn á því bili meira en tekjurnar. M. ö. o., að ef skattstiginn af einhverjum orsökum stígur svo hátt, að hann taki 100% eða allt, sem þar er fram yfir af tekjunum, þá er hann kominn upp í það mark, sem a. m. k. verður ekki farið fram yfir. Og það er af þeirri ástæðu, að það eru yfirleitt skynsemi gæddar verur, sem eiga að greiða þennan skatt, og það gerir enginn

að afla tekna umfram visst mark, ef sú tekjuaukning þýðir það, að skatturinn vex þá meir en aukningunni nemur. M. ö. o., skattstiginn má aldrei fara fram úr 100%.

Nú er sveitarstjórnarlöggjöfinni þannig háttað hér á landi, að ekki er unnt að gera grein fyrir því, hvernig skattstiginn er fyrir þann hlutann af gjaldstofninum, sem gengur til sveitarþarfa almennt. En þar er ein undantekning, sem er höfuðstaðurinn. Hér er svo komið, að niðurjöfnun útsvara fer fram að talsverðu leyti eftir samsvarandi reglum og álagning tekju- og eignarskatts, og niðurjöfnunarnefndin hefir birt þær reglur, sem hún fer eftir í þessu efni. Það eru þess vegna nokkrir möguleikar að gera athugun um það hér í Rvík, hvernig þessari tekju- og eignarskattsskömmtun er háttað.

Nú hefi ég gert athugun á þessu, og mér hefir orðið það ljóst, að það væri þreytandi fyrir hv. þdm., ef ég færi að þylja yfir þeim tölur, og þess vegna hefi ég tekið það ráð að draga upp myndir af þessum skattstiga á blað, sem mér hafa sýnzt vera sæmilega aðgengileg til yfirlits. Og ég ætla að leggja þau fram hér og lofa þeim að ganga á milli þeirra þdm., sem hirða um að kynna sér þetta mál efnislega.

Ég hefi þá fyrst að athuga skattstigana fyrir hreinar atvinnutekjur hjá einstakling, sem á engar eignir og lendir þess vegna ekki í neinum eignarskatti. Hér birtist þá fyrst skattstiginn fyrir tekjuskatt til ríkissjóðs samkv. gildandi skattalöggjöf frá 1921 og 1923. Myndin sýnir skattstigann fyrir skattskyldar tekjur frá 0 og upp í 36 þús. kr., og það má sjá, að hann er lögulegur útlits, og ekki svo hár neinstaðar, og ekki nálægt því svo hár, að hann nái upp í það loft, sem stiginn má ekki reka sig upp undir, en það er 100%.

Þessu næst er myndin af skattstiganum fyrir sömu tekjur, sem niðurjöfnunarnefnd Rvíkur auglýsir, að hún hafi notað við niðurjöfnun útsvara árið 1933. Það er strax áberandi um þann stiga, að hann er ekki líkt því eins vel smíðaður eins og sá fyrri, því að þrepin eru bæði mishá og mislöng, og það mundi enginn fá sveinsbréf fyrir að smíða slíkan stiga. Hann sýnir, að þegar er komið upp í 24 þús. kr. tekjur, þá er álagningin orðin 46% af tekjunum, og heldur svo áfram að vera það fyrir það, sem þar er yfir.


Þá hefi ég í 3. lagi gert skattstiga, sem sýnir þessa 2 skatta samanlagða eins og þeir eru nú hér í Rvík. Og sá stigi sýnir það, að þegar komið er upp í 36 þús. kr., þá er álagningin komin upp í 68% af þeim tekjum og því, sem næst er þar fram yfir. Ef stiganum væri svo haldið áfram, þá mundi þetta fara nokkuð hærra, en þó ekki mjög mikið.

Ég hefi að gamni mínu til samanburðar teiknað skattstigann fyrir tilsvarandi 2 skatta samanlagða eins og þeir eru eftir núgildandi lögum í Kaupmannahöfn. Þessi stigi er dreginn með punktalínum á blaðinu, og þar er þetta samanlagt komið upp í 26% á sama stigi og það er hér komið upp í 68% af tekjum.

Nú er í þessu frv. farið fram á, að því er snertir hreinar atvinnutekjur án eigna, að innheimta ríkisskattinn með 40% til 100% álagi. Það er ekki svo frá þessu gengið í frv., að mögulegt sé að draga upp alveg ákveðinn skattstiga, því að hann verður mismunandi eftir því, hvernig á stendur. Þ. e. a. s. eftir því, hvað langt tekjur gjaldandans halda áfram. Munurinn er þó ekki mjög mikill, og ég hefi dregið þessa skatta samanlagða, með þeim viðauka, sem felst í frv. eins og það nú liggur fyrir, á fjórðu myndina, og til samanburðar hefi ég teiknað skattstigann fyrir Kaupmannahafnarbúa, sem hann á við að búa undir núv. kreppuráðstöfunum, þar sem löggjafarvaldið þar hefir ákveðið fyrir eitt ár að innheimta tekju- og eignarskattinn til ríkisins með 40% álagi. Sjálfur skattstiginn af þessum tekjum eftir frv. er við 36 þús. kr. tekjur kominn upp í 90%, og þýðir það, að tekið er 90 af hundraði af þeim tekjum, sem eru á milli 35 og 36 þús. kr. og 90% eða meir af því, sem þar er fram yfir. Tilsvarandi kreppuskattgjald í Khöfn er komið upp í 30%.


Þessi 4 blöð, sem ég nú hefi sýnt, lýsa skatti þess manns, sem á ekki neinar eignir. Næst tek ég þá skattstigann fyrir hreinar eignartekjur, þ. e. a. s. skattstiga þess manns, sem ekki hefir neinar at-

Viðbótar-tekju- og eignarskattur (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).



Skattskyldar tekjur í þúsundum króna.

1. mynd. — Skattstigi fyrir atvinnutekjur, til ríkissjóðs, lög 2⅝ '23, engin eign.




Skattskyldar tekjur í þúsundum króna.

2. mynd. —Skattstigi niðurjöfnunarn. Reykjavíkur 1933 fyrir atvinnutekjur, án eignar.

vinnutekjur, en á eign og hefir tekjur af henni. Til þess að geta gert þetta, verður nú að gera áætlun um, hvaða ávöxtun eignin gefi af sér, því að það gerir dálítinn mun, hvort eignin gefur háan eða lágan arð. Ég hefi reiknað með því, að eignin gefi af sér 5% á ári. Að ég geri ekki ráð fyrir meiru, stafar af því, að talsvert af þeim eignum, sem koma til framtals, gefa ekki neitt af sér, því að þær, sem engan arð gefa, eru skattskyldar eins og þær, sem gefa arð. Ég tel þess vegna ekki ósanngjarnt, til þess að sýna, hvernig eignarskatturinn kemur niður á tekjur af eignum, að gera ráð fyrir, að þær gefi af sér 5%.


Ég legg þá fyrst fram skattstigann eftir núgildandi skattalöggjöf til ríkisins (5. mynd). Það er að segja um þann stiga eins og þann fyrri, að hann

Viðbótar-tekju- og eignarskattur (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).



Skattskyldar tekjur í þúsundum króna.

7. mynd. — Skattstigi fyrir samanlagðan tekjuskatt til ríkis og útsvar af eignartekjum með 5% ávöxtun. — Punktalínan sýnir tilsvarandi skattstiga til ríkis og bæjar í Khöfn.



Skattskyldar tekjur í þúsundum króna.

8. mynd. — Skattstigi fyrir tekjuskatt og útsvar, að viðbættu álagi eftir frv. Ásg. Ásg., sem það lá fyrir Ed., af eignartekjum með 5% ávöxtun, í %af tekjum.


mann, sem býr í Khöfn, og hann kemst í næsta þrepinu upp í 51%. Það er samanlagður tekju- og eignarskattur af eignartekjum til ríkis og bæjarfélags. Loks kemur svo skattstiginn fyrir þessar tekjur eins og hann mundi verða eftir þessu frv., sem fyrir liggur, og núgildandi lögum (8. mynd). Þessi skattstigi rekur sig upp undir, þegar komið er upp í 10 þús kr. tekjur. En ég hafði ekki pláss á blaðinu til þess að ná mynd af hæð hans lengra en upp í 18 þús. kr. tekjur, og þá er skatturinn kominn upp í 130%. Það getur vel verið, að til séu einhverjir menn, sem finnist það býsna mikið að hafa 10 þús. kr. tekjur af eign, og þá sé ekki merkilegt, þó að einhver ósköp komi fyrir, þegar tekjurnar eru komnar svo hátt. En ég vil minna menn á dæmi hér í Rvík um borgara, sem býr í góðu meðalíbúðarhúsi, sem þótti svona við betri borgara hæfi fyrir 20 árum, þegar það var byggt. Ég veit til þess, að slíkum manni hefir verið gerð hér í Rvík til skatts húsaleiga af sinni eigin íbúð 6 þús. kr., og það eru náttúrlega hreinar eignartekjur, ef maðurinn á húsið skuldlaust, en slíkar eignartekjur gefa mönnum ekki mikið í vasann til þess að borga með upp í opinber gjöld. Ef þessi maður skyldi vera svo lánsamur eða ólánsamur að hafa af einhverju öðru 6 þús. kr. tekjur, þá er hann kominn undir þann skattstiga, sem rekur sig upp undir, þ. e. a. s. fer upp í meira en 100%. Menn geta nú haft mismunandi skoðanir um það, hvað rétt sé að fara hátt með tekju- og eignarskattstigann, en um hitt verður ekki deilt, að eins og ástandið er í Rvík a. m. k., þá eru þessir skattstigar orðnir svo háir fyrir, að það er alls ekki forsvaranlegt að bæta neinu við þá, og þessir skattar eru hjá okkur margfalt þyngri en fært mundi þykja annarsstaðar.

Ég má til með að gera grein fyrir því með nokkrum orðum, vegna hvers það er ekki fært að fara svo hátt í þessari álagningu, að allt, sem mönnum aflast fram yfir eitthvert visst mark, sé af þeim tekið í skatt, eða jafnvel meira. Það eru ýms atriði, sem eru þess valdandi, að þetta er alls ekki hægt. Það er nú fyrst, að öll þessi löggjöf um tekju- og eignarskatt getur því aðeins orðið heilbrigð, að hún yfirleitt sé byggð á því, að menn telji rétt fram tekjur og eignir. Þetta var nú þeim mönnum nokkurnveginn ljóst, sem bjuggu út löggjöfina um tekju- og eignarskatt til ríkisins árið 1921. Þeim var það ljóst, að það mátti ekki fara svo geist af stað í þessu efni, að menn yrðu hræddir og fengjust ekki til að telja rétt fram. Það varð að ala menn upp í því að skoða þetta sem eðlilegan þátt í gjöldum til ríkissjóðs, en ekki eins og eltingaleik, þar sem verið væri að beita þá ósanngirni af hálfu hins opinbera. Þegar þessir skattar fara úr hófi, eins og nú eru horfur á að verði hér, þá er óhjákvæmilegt, að úr þessum skatti verði það, sem Englendingar kalla **skatt á ráðvendni**, þ. e. a. s. að skattleggja þá eina, sem ekki vilja hafa sig til þess að draga undan. En þegar beitt er svo hörðum tökum, að öllum finnst ósanngjarnt, þá hverfur hjá öllum tilfinningin fyrir því, að menn eigi að virða löggjafarvaldið og telja rétt fram tekjur og eignir. Menn þurfa ekki einu sinni að brjóta lögin til þess að koma tekjum og eignum undan skatti; það eru til þess mörg ráð, og til þeirra verður náttúrlega gripið.

Annað atriði vil ég líka nefna. Hver sá, sem lítur yfir niðurjöfnunarskrá Rvíkur, hlýtur að sannfærast um það, að ef stóru gjaldendurnir væru þurrkaðir út, þá mundu koma svo há gjöld á allan almenning, sem hefir meðaltekjur og lágar tekjur, að við það gætu þeir ekki búið. Það er m. ö. o. svo með þennan tekjustofn, að sveitarfélögin a. m. k., og ríkið raunar líka, geta ekki náð inn háum upphæðum, nema því aðeins, að menn með nokkuð háum tekjum haldi áfram að vera til. Ef þannig er að farið, að þegar tekjurnar eru komnar upp í nokkuð hátt mark, og þó ekkert sérlega hátt, þá sé allt tekið, sem umfram er, eða jafnvel meira til, þá hætta þær tekjur að verða til, og þá fer um þennan skattstofn nokkuð líkt eins og fyrir bóndanum, sem langaði svo mikið í kjöt, að hann slátraði mjólkurkúnni sinni og varð eftir stuttan tíma bjargarlausari en áður.


Það er ekki við því að búast, eins og þjóðfélagið er orðið nú, að neinn maður

Viðbótar-tekju- og eignarskattur (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).



Skattskyldar tekjur í þúsundum króna.

3. mynd. — Skattstigi fyrir samanlagðan tekjuskatt eftir lögum 26/3 '23 og útsvar í Reykjavík af atvinnutekjum án eignar. — Punktalínan sýnir tilsvarandi skattstiga samkv. gildandi lögum um skatt til ríkis og bæjar í Kaupmannahöfn.




Skattskyldar tekjur í þúsundum króna.


4. mynd. — Skattstigi fyrir tekjuskatt og útsvar, að viðbættu álagi eftir frv. Ásg. Ásg. eftir breyt. í Nd. Punktalínan sýnir tilsvarandi skatta í Khöfn, að meðtöldu 40% álagi á ríkisskattinn (kreppuskatti).

er lögulegur útlits og fer ekki hærra en það, að á 35—36 þús. kr. tekjum er hann kominn upp í 36%. Næst kemur svo skattstigi niðurjöfnunarnefndarinnar í Rvík fyrir slíkar tekjur (6. mynd), og hann er nú nokkru ólögulegri útlits, þrepin mishá og misbreið og ekki sérlega lögulega smíðuð. Það, sem telja má merkilegast við þennan skattstiga, er það, að þegar komið er upp í 24 þús. kr. tekjur — og allt þar yfir —, þá er skattstiginn kominn upp í 97¾%, eða

Viðbótar-tekju- og eignarskattur (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).



5. mynd. — Skattstigi fyrir eignartekjur með 5% ávöxtun til ríkissjóðs eftir gildandi skattalögum.



6. mynd. — Skattstigi niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur fyrir eignartekjur með 5% ávöxtum, í % af tekjunum.

næstum 98% af tekjunum. Þetta er nú niðurjöfnunarnefndin ein, eftir þeim reglum, sem hún fer eftir. Þessu næst tek ég skattstigann fyrir þessar tekjur eftir núgildandi lögum og reglum í heild, þ. e. til ríkis og bæjar samanlagt (7. mynd). Þá kemur nú að því, að fyrir slíkar tekjur rekur skattstiginn sig upp undir, eins og nærri má geta, þegar lagt er saman það, sem ríkið heimtar, og það, sem niðurjöfnunarnefndin tekur. Myndin sýnir, að þegar komið er upp í 17 þús. kr. tekjur, þá fer stiginn upp yfir 100%, og af öllu því, sem þar er fram yfir, heimtar hið opinbera nú af Reykvíkingum meira heldur en allan tekjuaukann. — Nú læt ég til samanburðar fylgja á sama blaði tilsvarandi skattstiga fyrir

ur vilji sýna háu gjaldendunum hlífð vegna þeirra sjálfra, en þess ætti að mega vænta, sérstaklega af þeim flokki manna, sem heldur því fram, að tekjur og eignir séu yfir höfuð æskilegasti skattstofninn, að þeir líti á þetta mál með þeirri skynsemi frá sínu sjónarmiði, að þeir skilji, að þetta getur því aðeins orðið, að nokkuð háar tekjur haldi áfram að vera til, til þess að sú stighækkun á tekjuskattinum, sem almennt er viðurkennd og lögleidd, haldi áfram að koma að gagni. Ef farið er svo hátt með álagninguna, að girt er fyrir hátekjur, sem hér eru kallaðar, þá er þar með girt fyrir það, að ríkið og bæjarfélögin geti byggt sínar tekjur á þessum skattstofni, því að það mun reynast ókleift að velta allri núv. byrði af þessum skatti, hvað þá heldur aukinni byrði, yfir á meðaltekjur og lágtekjur. Frá skattateknisku sjónarmiði get ég því ekki séð neina skynsemi í þessu frv. eins og það er flutt og liggur fyrir. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh., sem hefir flutt frv., hafi ekki verið þetta fyllilega ljóst, og hann hefir fyrir því þær afsakanir, að stóri bróðirinn á þessu sviði, sem er niðurjöfnunarnefndin í Rvík, fer ekki eftir neinum lagaákvæðum eða reglum, sem hægt er að finna í stjórnartíðindum eða annarsstaðar. Það mun hafa verið í fyrsta skipti í fyrra, sem skattstigi niðurjöfnunarn. Rvíkur var birtur, og þá af einum nefndarmanni í óþökk meiri hluta nefndarinnar. En í ár hefir nefndin sjálf birt skattstiga sinn, þó ekki fyrr en eftir að þetta frv. kom fram. Í því hefir hæstv. ráðh. sína afsökun fyrir að hafa stungið upp á þessu.

Ég ætla ekki við þessa umr. málsins að ræða hina pólitísku hlið þess. En náttúrlega er þetta frv. rækilegt og stórt hnefahögg á stefnu þess flokks, sem vill styðja sjálfsbjargarviðleitni einstaklingsins. Hvötin til efnalegs sjálfstæðis hverfur vitanlega við það, ef menn eiga það yfir höfði sér, að von sé á uppástungum hvenær sem er og úr hvaða átt sem er um skattalöggjöf, sem gerir alla þeirra sjálfsbjargarviðleitni að engu.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hafði ekki ætlað að flytja langa ræðu við þessa umr. — Hv. 1. landsk. sagði, að mér hefði verið kunnugt um, að Sjálfstfl. hefði haft sínar eigin till. til tekjuöflunar. Mér var kunnugt um, að flokkurinn vildi leggja jafna prósentu á flesta gildandi tolla og skatta. En við það hefði ég ekki getað fellt mig, af því að skattakerfið sjálft er ekki réttlátt. Um leið og krafizt er réttlátrar kjördæmaskipunar, á líka að sýna réttlæti í þessum efnum. Mér var ljóst, er ég lagði fram stjfrv. um kjördæmamálið, að ýmsum framsóknarmönnum þætti of langt gengið, eins og sjálfstæðismönnum nú í skattamálunum. En menn verða að reyna að mætast sem næst miðri leið.

Ég hefi tekið það fram, að ef einhver ákvæði skattafrv. væru svo vaxin, að sýnt væri, að þau yrðu einstaklingum eða atvinnufyrirtækjum of þungbær, væri ég tilbúinn til samninga. En ég hefi ekki enn heyrt rök fyrir slíku. Ég mun þó gefa hér sömu skuldbindingar og áður, að taka fullt tillit til óyggjandi röksemda.

Það er vitanlega rétt, að tekjuskatturinn má ekki á neinu stigi fara fram úr tekjum. Það væri áþekkt ákvæðum um hámarkslaun, sem ekki samrímast atvinnulífinu eins og það er nú. En fyrir slíku er ekki gert ráð í frv. Hitt er annað mál, hvernig skatturinn samrímast við útsvörin. Fyrir álagningu þeirra eru litlar eða ókunnar reglur víðast hvar. En þótt útsvör séu beinn skattur, má ekki blanda þeim algerlega saman við tekjuskattinn. Mér hefir verið sagt, að útsvör væru stundum hærri en nemur öllum tekjum. Þetta getur því aðeins átt sér stað hér í Rvík, að um auðuga menn sé að ræða, sem það árið hafa haft litlar tekjur. En í sveitum, þar sem víða eru engar nettótekjur, verður þó að jafna niður þetta 4—10 þús. kr. og þaðan af meiru. Þetta kemur því ekki á tekjurnar, heldur á tap á atvinnurekstrinum. Þetta út af fyrir sig er sterk röksemd fyrir því að hækka tekjuskatt á nettótekjum. Þar er þó trygging fyrir því, að tekið sé af einhverju. Ég hefi ekki haft tíma til að athuga línurit hv. 1. landsk. af skattstiganum. Vildi ég því mælast til, að hann lánaði mér þau á milli umr., því að eins og ég hefi sagt mun ég beygja

mig fyrir öllum óyggjandi röksemdum. En hér mun einhver veila í vera.

Ég hefi látið gera áætlun yfir útsvör og skatta eftir frv. með tilliti til sömu gjalda í fyrra. Þær áætlanir gáfu allt aðra útkomu en töflur hv. 1. landsk. Ég get því miður ekki gagnrýnt þessar töflur nú, en merkilegt má heita, ef þær koma að öllu leyti heim við veruleikann. Ég skal þá taka þrjú dæmi úr þeim áætlunum, er ég hefi látið gera.

1.dæmi:

Tekjur kr. 8010,00, tekjusk. (Frádráttur: tekjusk. síðasta árs og fyrir 3 börn).	kr.	112,00
Eign kr. 3400,00, eignarsk.	—	31,80
Útsvar	—	300,00
Álag skv. frv.	—	44,80
Samtals	kr.	488,60

Ekki rekur þetta sig upp undir.

2. dæmi:

Tekjur kr. 12162,00, tekjusk. (Frádráttur fyrir 2 börn).	kr.	417,00
Eignir engar.		
Útsvar	—	1150,00
Álag	—	291,00
Samtals	kr.	1858.00

Ekki rekur þetta sig upp undir heldur. En ljóst er, hvort hér hirðir meira af tekjunum, bær eða ríki.

3. dæmi:

Tekjur kr. 27150,00, tekjusk.	kr.	1967,00
Eignir kr. 60000,00, ókunnugt um eignarskatt.		
Útsvar	—	370,00

Þetta rekur sig heldur ekki upp undir. Ég hefi að vísu ekki sagt, að slíkt geti ekki komið fyrir eftir frv., og í sveitum fara útsvörin langt upp yfir nettótekjur, ef nokkrum er þá til að dreifa.

Það eru slæmir skattar, sem verka eins og slátrað væri mjólkurkúnni, svo að eftir stuttan tíma er bæði kjötlaust og mjólkurlaust. En að því er snertir tekjuskattinn er um það eitt að ræða að njóta nytjanna af húsdýrunum. Hann má því teljast góður skattur.

Hv. 1. landsk. sagði, að frv. væri hnefahögg í andlitið á þeim flokki, er vildi styðja sjálfsbjargarviðleitnina í landinu. Þetta er harður dómur, sem ég vildi ekki eiga skilið. Og frv. er einmitt borið fram vegna ráðstafana, sem miða að því að hjálpa sjálfsbjargarviðleitninni í landinu. Það á með þessu að hjálpa þeim, sem hafa orðið fyrir ranglæti, sem þjóðfélagið gat ekki hindrað, og það verður ekki gert með öðru en því að taka af þeim, sem betur mega. Þegar svo sérstaklega stendur á, að slíkt ranglæti hefir skapazt við tilflutning á verðmætum, verður að leiðrétta það með þessum hætti, að þeir borgi, sem það geta. Og það er engin nýjung hjá okkur, þótt seilzt sé djúpt í vasa gjaldendanna á erfiðum tímum. Íhaldsmenn í Englandi hafa þannig eftir ófriðinn hjálpað til að hækka skatt af hátekjum svo mjög, að þetta frv. kemst þar ekki í hálfkvisti við. Ég mun ekki hafa fleiri orð að þessu sinni, en óska, að málinu verði vísað áfram til fjhn.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. var að efast um, að línurit þau af skattstiganum, er ég var með hér áðan, væru í samræmi við veruleikann, og færði fram þrjú dæmi, sem hann hafði gert sér upp um útreikninga á sköttum og útsvörum í samanburði við tekjur. En allt ber að sama brunni, það sem fer fram yfir þetta takmark, er ekki nema heimskan einber. Það er ekki hægt að búast við, að menn sækist eftir að afla sér tekna fram yfir þá upphæð, þegar gjöld til hins opinbera nema meiru en viðaukanum. Þar með er ekki sagt, að allar tekjur þess manns, er nær því takmarki, að opinber gjöld komist upp í 100% af tekjunum, nemi öllum tekjum hans, því nokkuð verður eftir af hinum lægri tölum. Af línuritinu má sjá það í einstökum dæmum, að af flatarmáli skattstigans undir 100% verður nokkuð eftir af tekjunum, en þegar kemur yfir það takmark, fara tekjurnar allar í opinber gjöld. Þetta er óeðlilegt, því þó að nokkuð verði eftir af tekjum í hinum einstöku dæmum, þá verður að gera þá kröfu til skattstigans, að hann reki sig ekki upp undir, að hann fari a. m. k. aldrei yfir 100%, ef nokkur skynsemi á að vera í álögunum. Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að tekjuskattur sé alltaf því eðlilegri sem hann fari meir stighækkandi. Það á að mjólka mjólkurkúna, en ekki að slátra henni, en það má líkja því við að slátra

henni, að gera tekjuskattsstigann svo hraðhækkandi, að hann heimti meira en allar tekjurnar. Með skattstiga, sem krefur vissan hóp gjaldenda, sem þjóðfélagið munar um, um meira en allar tekjurnar, er verið að stofna til alvarlegra afleiðinga í þjóðfélaginu, tekjuskatti, sem er þessum mönnum eintóm byrði. Það er kannske ekki rétt að líkja honum við það að slátra kúnni, heldur kannske fremur að gelda hana, en það á ekkert skylt við að nytja hana. Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að þetta frv. væri borið fram til þess að styrkja sjálfsbjargarviðleitni stórra stétta í landinu, en þessi staðhæfing hæstv. ráðh. getur ekki staðizt. Það má að vísu halda því fram, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til viðreisnar bændastéttinni, stefni að því að auka sjálfsbjargarviðleitni hennar, en þó er það aðeins skoðun, sem framtíðin ein getur dæmt um, hvort rétt er eða ekki. Það er erfitt að segja það fyrirfram, hvort þær ráðstafanir verða til að efla eða uppræta sjálfsbjargarviðleitnina, en að tilraun til þess að ná því fé, sem þarf til ráðstafananna á einn tiltekinn hátt, sé stuðningur við sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar, það er fullkominn misskilningur. Hinn bezti stuðningur við sérhverja gagnlega tilhögun er sá, að afla nauðsynlegs fjár til hennar með sem minnstum sársauka og truflunum fyrir þjóðfélagið, og ég þori að segja, að nú er svo ástatt, að sú leið til öflunar ríkistekna er líklegust, sem minnstu tjóni og truflunum veldur, en dreifir hinni auknu skattabyrði sem hóflegast á alla skattstofna þjóðfélagsins.

Hæstv. ráðh. talaði um, að ekki væri beint hægt að taka útsvör af sama gjaldstofni og skatta, og færði það til, að nauðsyn gæti knúið til þess öðruhverju að leggja á útsvör, sem jafnvel færu fram yfir allar þær tekjur, sem gjaldendur hefðu. En þetta er í raun og veru það sama, sem verið er að gera með frv. hæstv. ráðh. Munurinn er aðeins sá, að með frv. er verið að lögleiða reglu, sem á að ná yfir vissan hóp gjaldenda, en í hinu tilfellinu, um útsvörin, er um undantekningarráðstöfun að ræða; hvorttveggja er vitanlega alltaf vandræðaráðstöfun. Eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, er það alltaf neyðarúrræði að þurfa að nota eignir til greiðslu opinberra gjalda, í staðinn fyrir að greiða þau með tekjum. Ég get ekki dulizt þess, að slíkur skattur kemur aðallega niður á þeim gjaldendum, sem eiga innstæður í bönkum eða handbært fé, ef á að leggja hann á hina, sem ekki eiga slíkar eignir, atvinnurekendur, sem eiga sitt í húsum, fasteignum og framleiðslutækjum, ef á að leggja á þá hærri skatt heldur en tekjurnar hrökkva fyrir, þá er ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að minnka eignirnar, framleiðslutækin, eða þá að mynda skuld til þess að borga skattinn. Hvorttveggja er neyðarúrræði; að selja eignir til skattgreiðslu er það versta, en að greiða skatta með því að safna skuldum gengur ekki til lengdar. Það er engin vafi á því, að hættulegasta sköttun fyrir atvinnulífið er sú, að of freklega sé farið í það að nota tekju- og eignarskattinn.

Þá talaði hæstv. ráðh. um tilfærslu eigna í þjóðfélaginu, eða tilfærslu verðmæta, sem orðið hefði og skapað ranglæti, sem þyrfti að leiðrétta. Því miður hefir ekki farið fram nein rannsókn á efnahag hinna ýmsu stétta í þjóðfélaginu, sem gæti verið rök fyrir þessari staðhæfingu. Það hefir farið fram rannsókn á efnahag einnar stéttar, bændastéttarinnar, og útkoman hefir verið sú, að ástæða hefir þótt til sérstakra ráðstafana til þess að skapa heilbrigðara fjármálaástand í þeirri stétt. En hver yrði útkoman, ef samskonar rannsókn færi fram á efnahag sumra annara stétta í landinu? Ég er alveg óviss um, að útkoman yrði betri. Það getur verið, að mér sé það nokkuð ljósara en mörgum mönnum öðrum, hve þröngur efnahagur ýmsra stétta í kaupstöðunum er, og miða ég þá aðallega við Rvík. Það kemur sérstaklega vel í ljós við innheimtu opinberra gjalda, og ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að þær upplýsingar, sem maður fær gegnum þá innheimtustarfsemi, gefa ekki vonir um glæsilegri útkomu af rannsókn á efnahag bæjarbúa en bændastéttarinnar, ef eignir þeirra eru virtar eftir svipuðum reglum og eignir bænda. Það er vitanlega hægt að blása út glæsilegan efnahag með því að

virða langt yfir sannvirði verðmæti, sem ekkert gefa af sér, svo sem fatnað, húsmuni og þvílíkt, og ef reiknað er með því, að þessar eignir gefi af sér einhverjar afskaplegar tekjur, en það var ekki gert, þegar metnar voru eignir bænda. En þetta hefir stundum verið gert, þegar metnar hafa verið ástæður kaupstaðabúa, en slíkt mat má ekki leggja til grundvallar fyrir skattkröfum. Með því er vegið fastast að fátækustu stéttum bæjanna, þegar svo langt er gengið af hálfu þess opinbera um kröfur í skattstofna bæjarfélaganna, að fyrirsjáanlegt er, að til almennra vandræða horfir fyrir bæjarfélögin að fá nauðsynlegar tekjur. Ég er sannfærður um, að blóðtaka sú, sem þetta frv. boðar, veldur afskaplegum erfiðleikum. Það er ekki gott að sjá, hve lengi þessi lög verður hægt að framkvæma, en það er alveg víst, að þau stofna til kapphlaups milli bæjarstjórnanna og skattheimtumanna ríkisins, og endirinn verður sá, að fjöldi gjaldenda kemst í vandræði. Það er viðurkennt, að nú eru krepputímar, og það er sjálfsagt, að allir taki á sig þær byrðar, sem þeir geta, en því má ekki gleyma, að eina eðlilega kreppuráðstöfunin er sú, að ætla engum á slíkum tímum neina sérstaka þyngingu á þeirri byrði, sem hið opinbera leggur á sína borgara. Ég vil aðeins minna á það, að eftir lögum þeim, sem nú gilda, er hér í Rvík þegar tekið til venjulegra bæjarþarfa af venjulegum eignatekjum að segja má allt það, sem fer fram yfir 24 þús. kr. hjá einum gjaldanda, og líti maður á, hvað eftir verður hjá honum af tekjum yfir 10 þús. kr., þá kemur í ljós, að það verður aldrei meira en 2 til 3 þús., hve háar sem tekjur hans eru. Hér við bætist það, sem ríkið tekur. Þetta gerist ekki án þess að einhversstaðar komi skörð, ef svo á að fara að bæta við, þar sem allt er tekið og meira til.

Það er ekki nema eðlilegt, að fjmrh., sem hugsar um sitt embætti, leggi áherzlu á að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem hann þarf, en ég er dálítið undrandi yfir því, að þessi hæstv. ráðh. hefir ekki svo vart hafi orðið leitað samkomulags við sína stuðningsflokka um það, á hvern hátt aflað verði þess fjár, sem ríkissjóður þarf að fá. Hann hefir engin boð gert um það, hve mikið hann muni þurfa að fá, og ekki mér vitanlega leitað samkomulags um þetta. Í þess stað hefir hæstv. ráðh. borið fram eitt og eitt frv. í skattamálum, og hann hefir kvartað undan því, að þau fengju ekki góðar viðtökur. En þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt. Þessi frv. hafa yfirleitt hjá Sjálfstfl. mætt skilningi, en hann vill ekki nema hóflega hækkun á hverjum stað. Við höfum boðið upp á 50% hækkun á skemmtanaskattinum og að sá skattauki færi allur í ríkissjóðinn, og annað þvíumlíkt. Mér hefði fundizt eðlilegt, að hæstv. ráðh. liti á það sem sitt aðalverk að gera upp hinar nauðsynlegustu þarfir ríkissjóðs og síðan leita samkomulags við sína stuðningsflokka um fullnægingu þeirra þarfa. Mér er óhætt að segja það um Sjálfstfl., að hann er ekki í þeim hug að neita um nauðsynleg fjárframlög til ríkissjóðs síðan séð var fyrir um lausn stjórnarskrármálsins, og ég vil skjóta því til hæstv. ráðh., þó seint sé, hvort honum sýndist ekki réttast að gera fyrst rökstudda grein fyrir því, hvaða gjaldabyrði er nauðsynlegt að leggja á landsmenn, til þess að ríkissjóður safni ekki skuldum, og hvort ekki muni vera hægt að ná því fé án þess að fara út í öfgar á einstökum sviðum.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 1. landsk. undraðist það, að ég skyldi ekki hafa leitað samkomulags við Sjálfstfl. um skattafrumvörpin. Skattafrv. hafa verið borin fram eins og stjórnarskrárfrv. og önnur frv. stj. án þess að þau væru fyrirfram borin undir nokkra einstaka flokka. Þegar þetta frv. var fyrir hv. fjhn. Nd., ræddi ég um það við fulltrúa sjálfstæðismanna í n., en þar var ekki gefinn kostur á neinu samkomulagi um frv. Auðvitað höfum við, ég og meðráðh. minni úr Sjálfstfl., athugað möguleikana til samkomulags um þetta mál, en við höfum ekki eygt neina möguleika, sem mér hafi þótt aðgengilegir. Hér er ekki um það eitt að ræða, hvað ríkissjóður þarf að fá, og síðan að leita samkomulags um þær leiðir, sem ekki væru allt af þungbærar, eins og hv. 1. landsk. talar um. Það þýðir ekki að vera

að breiða yfir það, að hér er og um að ræða mismunandi skoðanir á því, hvernig eigi að leggja skatta á borgarana, og hér verða hv. sjálfstæðismenn að teygja sig lengra en þeir vilja fara eða þeim er geðfellt; í raun og veru verða allir að gera það. Ráðstafanir þingsins heimta, að meira sé lagt á landslýðinn en nemur venjulegum þörfum ríkisrekstrarins. Ég álít, að þurfa muni hálfa aðra millj. kr. í auknum tekjum, til þess að sæmilega sé séð fyrir þörfum ríkissjóðs. Um þetta er ekki hægt að segja nákvæmlega, en ekki má mikið á vanta, ef ekki á að fara illa. Áætlun er alltaf áætlun, og margt kemur til greina, svo sem árferði, sem hefir áhrif á afkomu ríkissjóðs. Stj. hefir jafnan haft þá aðferð, að hvor ráðherranna hefir talað við sinn flokk, og síðan hafa farið fram samkomulagstilraunir í stjórninni. Í þessu máli hafa þær tilraunir ekki tekizt, hvort sem þær takast hér í hv. d. eða ekki. Hv. 1. landsk. talar um, að kreppan megi ekki þyngja byrðar þær, sem ríkissjóður leggur á borgara þjóðfélagsins. Þó viðurkennir hann, að ríkissjóður verði að fá auknar tekjur til kreppuráðstafana og að hann megi ekki safna skuldum, en þá kemur að því, hverjir eiga að bera þessar auknu byrðar. Okkur kemur saman um það, að hinir aðþrengdu atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, megi sízt við að þola slíkar álögur, a. m. k. beint. Landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn eiga að sleppa bezt allra atvinnuvega, því það er hættulegast af öllu að taka fyrir kverkarnar á þeim mönnum, sem ausa af auðlindum náttúrunnar. Það verður því að sneiða sem mest hjá þessum atvinnuvegum, og það er ekki hægt á annan hátt en þann, að leitast við að leggja meira á óþarfa neyzlu og öruggar tekjur. Sá skattur, sem hér á að leggja á tekjur síðastl. árs, kemur ekki á þessa atvinnuvegi. Landbúnaðurinn hafði engar tekjur á því ári, og um sjávarútveginn er hið sama að segja; þó að vélbátaútgerðin hafi tommað, þá gekk illa fyrir stórútgerðinni, svo yfirleitt er ekki að tala um skatta á útgerðinni síðastl. ár. En svo eru allmargir menn í landinu, sem hafa góðar og öruggar tekjur, svo sem af verðbréfum og innstæðum, húsum og lóðum, tekjur, sem miklu minna hefir gengið á heldur en eignir og tæki annara manna, sem framleiðslu stunda. Að þessum mönnum verður að víkja um framlög; ég hefði ætlað, að slíkum mönnum yrði ekki óljúft að verða við slíkri beiðni, sem ekki er eingöngu hjálp fyrir bæjarfélagið, heldur fyrir ríkið. Það er einmitt vegna aðalatvinnuveganna, sem nú er farið fram á að skattleggja meira en áður hefir verið gert óþarfa og öruggar tekjur. Ég nefndi áðan tilfærslu á eignum í landinu. Hv. 1. landsk. sagði það réttilega, að engin rannsókn hefði farið fram í þeim efnum. Það væri vitanlega æskilegt, að svo hefði getað orðið, en ég hygg, að sú rannsókn yrði erfið eins og hagar til um okkar hagskýrslur, en það þarf enga rannsókn til þess að skilja það, að 60% verðfall á framleiðsluvörum landbúnaðarins veldur mikilli eignarýrnun hjá bændum. Þetta geysimikla verðfall afurðanna þýðir stórkostleg töp fyrir framleiðendur. En það þýðir ekki tap fyrir alla. Það eru til menn, sem græða á því. Þeir, sem halda sínum launum föstum, þeir, sem eiga verðbréf og aðrar eignir, sem halda áfram að gefa af sér öruggan arð, þeir græða á verðfallinu. En þetta misræmi má jafna að nokkru með því að hafa tekjuskatt hærri á slíkum árum, þegar miklar tilfærslur verða á kaupgetu frá framleiðendum til eignamanna, en í annan tíma. Það eru merkilegir tímar, sem við lifum á, og margt hefir skeð á tveim síðastl. árum, sem hefir orðið orsök í stórfelldum og óvenjulegum ráðstöfunum í nágrannalöndum okkar. Það þarf því engan að undra, þó að einnig hér á landi þurfi að gera ýmsar þær ráðstafanir, sem ekki geta kallazt venjulegar og ekki eru æskilegar frekar en það kreppuástand sjálft, sem er orsök alls. Það eru að vísu ekkert óvenjulegar ráðstafanir, þó að reynt sé að hjálpa stétt manna, sem hefir að ósekju orðið fyrir barðinu á verðfallinu, og ekki er hægt að segja slíkt frekar um hina hlið þess máls, tekjuöflun í þessu skyni. En hvað skyldi hafa verið sagt, ef ég hefði borið fram stórfelldar till. um tollahækkanir á nauðsynjavörum, eða mikil álög á framleiðsluvörur landsmanna?

Það hefði verið högg í andlitið á sjálfsbjargarviðleitni manna, en að segja slíkt um þetta frv. er hin mesta fjarstæða. — Nei, þessar ráðstafanir, er ég nú nefndi, vildi ég forðast, og því vildi ég frekar taka visst gjald af tekjum þeirra manna, sem síðustu árin hafa grætt á vandræðum annara, án þess þó að vera valdir að þeim.

Ég skal ekki nú fara út í það, að gera upp á milli ríkisins og Reykjavíkurbæjar, en ég held því fast fram, að ríkið geti ekki sleppt öllum hækkunarrétti á beinum sköttum gagnvart bæjarfélaginu. En sé það rétt, að nú sé tekið á annað hundrað prósent af tekjum borgaranna áður en þær komast yfir 17000 kr., þá virðist Reykjavík einfær um að hrinda fyrir ætternisstapa þeim, sem hér búa.

Hv. 1. landsk. fann að þeim þremur dæmum, sem ég tók, og taldi, að ég hefði viljað villa mönnum sýn með því að miða við bruttótekjur, en ekki skattskyldar tekjur. Ég taldi mér skylt að miða í dæmum mínum við bruttótekjur, því að sá misskilningur er algengur, þegar miðað er við skattskyldar tekjur, að menn draga tekju- og eignarskatt, útsvar og önnur opinber gjöld tvisvar frá. Ég skal taka dæmi. Segjum svo, að maður hafi 27000 kr. í árstekjur. Hann greiðir til bæjar og ríkis 7600 kr. samtals í skatt af þessum tekjum. Hann hefir þá til eigin umráða tæpar 20000 kr. Ef nú hefði líka verið dregið frá skattur og útsvar þessa manns frá fyrra ári, 6000—7000 kr., mundu flestir fá þá hugmynd, að þessi maður hefði ekki annað eftir til þess að lifa af en 14000 kr. Þessi villa kemur oft fyrir, ef skattskyldar tekjur eru lagðar til grundvallar dæmum, sem tekin eru.

En þegar skatturinn í ár er dreginn frá, er auðvitað gert ráð fyrir því, að skatturinn í fyrra sé dreginn frá tekjum undanfarandi árs, og svo koll af kolli.

Dæmi mín eru raunveruleg dæmi úr bæjarlífinu og hvorki snúin né skæld til að vekja rangar hugmyndir eða geigvænlegt hugboð um skattpyndingar, sem engan stað eiga sér í tillögum mínum.

Pétur Magnússon: Hæstv. fjmrh. sagði í síðustu ræðu sinni, að viðbótarskattur sá, sem hér er farið fram á, mundi ekki koma niður á aðalatvinnuvegum landsins, landbúnaði og sjávarútvegi, og ástæðan væri sú, að báðir þessir atvinnuvegir hefðu verið reknir með tapi á síðasta ári, en hæstv. ráðh. hefði eins vel getað sagt: á síðustu árum. Þetta er rétt, svo langt sem það nær. Og ég er sammála hæstv. fjmrh. um það, að framar öllu ber að forðast þær skattaálögur, sem koma þungt niður á þessum atvinnuvegum. Og það mun rétt, að viðbótar-tekjuskatturinn á síðastl. ári mun lítið hafa komið við þessa atvinnuvegi.

En með þessu er ekki öll sagan sögð. Það er vitanlegt, að almenningur lítur svo á, að skattgjald, sem búið er að lögfesta, verði áfram í gildi. Reynslan sýnir, að svo hefir jafnaðarlega farið. Í fyrra var lögfest talsverð aukning á tekjuskatti. Og í ár er þessu ekki einungis haldið, heldur farið fram á meiri aukningu. Það er því ekki óeðlilegt, að menn geri ráð fyrir, að haldið verði áfram á sömu braut. — En hver verður afleiðingin af þessum viðbótarskatti fyrir tvo aðalatvinnuvegi vora? Það má segja, að tekjuskatturinn snerti ekki mikið annan þeirra. Reynslan hefir sýnt það, að tekjur af landbúnaði verða hér sjaldan svo miklar, að tekjuskattur komi þar hart niður. Hinsvegar getur hin gífurlega eignarskattsaukning komið hart niður á bændum eigi síður en öðrum, og að vissu leyti máske harðar, vegna þess hve mikill hluti af eignum margra þeirra er óarðberandi. En öðru máli er að gegna um sjávarútveginn að því er til tekjuskattsins kemur. Það er öllum kunnugt, hve tíðar breytingar verða á afkomu sjávarútvegsins. Mörg árin verður stórmikið tap á útgerðinni, en eina hjálpin er sú, að við og við koma þannig ár, að atvinnureksturinn gefur góðan arð. En eigi nú að lögfesta skatt sem þennan, þar sem meginhlutinn af tekjum góðæranna er tekinn til þarfa ríkis og bæja, þá liggur í augum uppi, að hvöt útgerðarmanna til þess að auka tekjur sínar og atvinnurekstur er stórkostlega lömuð. Það má segja, að atvinnuvegur, sem rekinn er með lítilli áhættu ár frá ári, geti þolað það, að skattstiginn sé hækkaður, án þess að draga saman seglin.

En atvinnurekstur, sem fyrirfram er vitað um, að hlýtur annað veifið að gefa stór töp, hefir enga möguleika til þess að halda áfram, ef svo að segja allar tekjur góðu áranna eru teknar í skatta. Ég skal taka það fram, að hér í Reykjavík er þegar fengin reynsla fyrir þessu á síðustu árum. Stórútgerðin er stöðugt að draga saman seglin, togurunum fækkar o. s. frv. Ég veit það, að ýmsar fleiri ástæður liggja til þessa, svo sem óeðlilega hátt kaupgjald o. fl. En vafalaust á óttinn við skattana mikinn þátt í þessu, og bætist nú nýr skattur ofan á alla þá, sem fyrir eru, sé ég ekki annað en að stefnt sé í óefni. Og verði haldið enn áfram á þessari braut, hlýtur afleiðingin að verða sú, að útgerðin heldur áfram að þverra, en óhjákvæmileg afleiðing þess er aukið atvinnuleysi. En um það munu flestir sammála, að af öllum þeim erfiðleikum, sem við eigum nú við að stríða, sé atvinnuleysið örðugast viðureignar. Það væri vissulega illa farið, ef löggjafarvaldið aðhefðist nokkuð það, er yrði til að auka það þjóðarböl. — Ég vil því vænta þess, að hæstv. ráðh. hugsi vel um allar afleiðingar þessa viðbótarskatts, áður en frv. þetta verður afgr. Hann verður að gæta þess, að það eru ekki bara efnaðir menn, sem verða fyrir barðinu á honum, heldur líka allur almenningur, og það jafnvel þeir, sem sízt mættu við slíku.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og árað hefir síðastl. ár, þá hugði ég, að skattur eins og sá, sem ég fer nú hér fram á, mundi ekki snerta neitt aðalatvinnuvegi okkar. Og ég veit, að einmitt þessi skattur mundi ekki spilla atvinnumöguleikum manna. Sá viðbótarskattur, 25%, sem lagður var á síðastl. ár, hefir engin áhrif haft í þá átt, sem sjá má m. a. af því, að nú er talsvert meira fjör í atvinnulífi okkar en á sama tíma í fyrra.

Ég vil taka undir það með hv. 4. landsk., að viðbótarskattur, sem settur er á til eins árs, getur ekki gilt sem fyrirmynd fyrir skattaálögum í framtíðinni. Til þess er ekki ætlazt með þennan skatt frekar en 25% viðbótina í fyrra. En sá viðaukaskattur var m. a. samþ. af ágætum mönnum úr Sjálfstfl. Þessir skattaukar geta ekki gilt frá ári til árs, án tillits til afkomu undanfarins árs, þar sem mikill mismunur er milli ára í atvinnurekstrinum. Útkoman gæti þá orðið sú, að þó skatturinn yrði aldrei hærri en 27%, yrði útkoman af nokkrum árum negativ, en ekki positiv — og er sá möguleiki raunar til eftir núgildandi tekju- og eignarskattslöggjöf. Skattalögum verður að breyta á þann veg, að þau tryggi þeim atvinnurekstri, sem stopull er, en til þjóðþrifa, betri afkomu en nú er. Þótt ég geti engu um það lofað, á hvern hátt þessu verður breytt í framtíðinni, skal ég lofa mínu fylgi slíkum ráðstöfunum. Það er brýn nauðsyn vegna öryggis atvinnurekstrar okkar, að tekjuskatti verði jafnað niður á tekjur margra ára, en ekki á árstekjur, eins og nú er. Okkar „perioda“ er ekki eitt ár, heldur mörg ár. Ég veit ekki, hvað ég á að taka til, en sennilega væri 3—4 ár hæfilegur tími.

Ástæðan til þess, að ég flyt frv. á hvoru þinginu eftir annað um viðbót á núgildandi sköttum, er auðvitað það erfiða ástand, sem við eigum, eins og allar aðrar þjóðir, nú að stríða við. En þegar útlitið batnar, er tími til kominn að gera aðrar ráðstafanir um þessi efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 829, n. 905).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 7:2 atkv.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): N. hefir ekki haft langan tíma til að athuga málið, en meiri hl. hefir þó komizt að þeirri niðurstöðu, að ef frv. ætti að ná framgangi á þessu þingi, þá dygði ekki að gera á því breytingar, og leggur því til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Jón Þorláksson: Ég er þessu frv. mótfallinn og vísa um það til nál. og þeirra ástæðna, er ég flutti fram við 1. umr.

málsins. Finn ég ekki ástæðu til að endurtaka neitt af þeim, nema tilefni gefist.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr., að útreikningar hv. 1. landsk. eru miðaðir við, að tvisvar sé dreginn frá tekjuskattur og útsvar. Til viðbótar vil ég nefna nokkur dæmi: Maður hefir t. d. 19 þús. kr. tekjur. Samkv. þessum l. myndi viðbótin með útsvari og öllu, sem er áður í gildi, valda því, að skatturinn yrði 48%. Annað dæmi: Maður hefir 81 þús. kr. tekjur. Hann greiðir í skatt og útsvar 61% af tekjum sínum. Hvorugt rekur sig upp undir 100%-línuna. Þetta er reyndar nokkuð há hundraðstala, en þegar hækkanir verða hjá bæjarfélaginu, er ekki að undra, þótt svo verði einnig hjá ríkinu. Ráðstafanir þessa þings um kreppumál valda því, að svo verður að líta á sem hér er gert. Ég vil endurtaka það, að skatturinn rekur sig ekki upp undir tekjurnar á sama hátt og haldið hefir verið fram.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., ef ekki annað verra, að útreikningar mínir séu miðaðir við það, að tvisvar séu dregin frá tekjunum útsvör og tekjuskattur. Getur hann lesið um þetta í þar að lútandi l. Við ákvörðun skattskyldra tekna er eins árs tekju- og eignarskattur og útsvar dregið frá tekjunum. Síðan er skatturinn lagður á eftir skattstiganum, eins og l. tilgreina, og hefi ég dregið upp réttar myndir af þessu. Misskilningur hæstv. ráðh. stafar e. t. v. af því, að hann hefir ekki gert sér grein fyrir því, hvernig álagðir skattar eftir stiganum nema vissri hundraðstölu af öllum tekjunum, eða, eins og ég hefi minnzt á, að skattstiginn verður á vissum punkti svo hár, að sá skattauki, sem stafar af tekjuöflun þar umfram, verður meiri en tekjuaukinn, svo að gjaldandi tapar á því að afla sér þessa tekjuauka. Hinu hefi ég ekki haldið fram, að skatturinn taki allar brúttótekjurnar. Ég hefi bent á það, þeim til fróðleiks, sem þetta vilja athuga, að flatarmálið milli stigans og 100%-línunnar á línuritinu sýnir, hverju gjaldandi heldur eftir af tekjum sínum, en flatarmálið milli stigans og 0-línunnar sýnir, hve mikið hann hefir goldið í skatt. En það stendur jafnfast, að þegar skattstiginn er kominn upp í 100%, þá hættir að borga sig fyrir gjaldanda að afla meiri tekna. Sá flötur, sem verður milli 100%-línunnar og þess hluta stigans, sem upp úr henni stendur, sýnir, hverju skatturinn nemur umfram tekjurnar.

Ég held því fram, að sérhver skattamálastj. verði að reikna með því, að gjaldendur séu svo skynsamir, að þeir láti tekjuaukningu sína hætta, þegar ekki er lengur vinningur, heldur tap að henni, en það verður, þegar skattstiginn er kominn upp í 100%-línuna. Annars skil ég ekki, hvernig hæstv. ráðh. hefir fengið þann misskilning inn í sig, að tveggja ára skattur og útsvör séu dregin frá tekjunum í mínum útreikningi.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég átti við það, að þegar búið er að draga skatta undanfarinna ára frá tekjum manns, þá má ekki miða hundraðstöluna við það, sem þá er eftir. Ef það er gert, þá kemur fram tvöfaldur frádráttur. Því verður að miða við brúttótekjur. Ég neita því, að frv. geti valdið því, að menn tapi á því að auka tekjur sínar. Öll dæmi um þetta sýna, að því meiri sem tekjurnar verða, því meiri verður og afgangurinn, þegar skattur hefir verið greiddur.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Mér þykir undarlegt að heyra það af vörum hæstv. ráðh., sem búinn er að vera fjmrh. þó nokkuð lengi, að skattaprósentan miðist við brúttótekjur, en ekki skattskyldar tekjur. Hér á landi hefir það alltaf verið svo, að miðað hefir verið við skattskyldar tekjur, en ekki brúttótekjur. Þetta verður og að gera. Ef hæstv. ráðh. heldur, að skattaprósentuna eigi að miða við brúttótekjur, þá verður hann að búa út nýjar reglur fyrir þessa grein skattalöggjafarinnar, og mun ég ekki taka þessi ummæli hans gild, fyrr en búið er að fá slík l. samþ. En ég er þó hræddur um, að hann mundi reka sig einhversstaðar upp undir, ef hann ætlar sér það.

Þá sagði hæstv. ráðh., að öll dæmi sýndu það, að framhaldandi tekjuöflun

gæfi alltaf nokkurn afgang. Ég hefi ekki haft fyrir því að taka nein slík dæmi, en ég held, að treysta megi því, að þegar skattstiginn er kominn það hátt, að fyrir hverja 1000 kr. tekjuaukningu vex skatturinn um meira en 1000 kr., þá muni líka útreiknuð dæmi sýna þetta. En það fer svo, ef rétt er reiknað, þegar skattstiginn er kominn upp í 100%. Held ég því, að hæstv. ráðh. þurfi að athuga þetta mál betur, ef það hefir ekki verið meining hans að lögleiða hér þá aukningu á sköttum, sem á vissum punkti valdi stöðvun á tekjuöflun þeirra manna, sem reikna kunna og bera saman tekjur og skatta.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Þegar ég miða skattþungann við brúttótekjur, þá á ég ekki við, að skatturinn sé reiknaður af brúttótekjum. Hann er vitanlega reiknaður af skattskyldum tekjum. En þegar á að gera sér grein fyrir afkomu manns, þá verður að miða við brúttótekjur, og það er aðalatriðið.

Ég gæti nefnt fjölda dæma því til sönnunar, að skattþegnar yrðu ekki eins hart úti og sagt hefir verið; en ég skal að þessu sinni aðeins nefna tvö:

Tökum mann, sem hefir 27 þús. kr. í tekjur og 340 þús. kr. eign. Þetta er sæmilega efnaður maður. Hann greiðir í skatt samanlagt 5000 kr. og útsvar til bæjarins 9300 kr. Þetta eru samtals 14300 kr., eða um 53% af tekjunum, en þess ber að gæta, að þessi maður hefir sterkan bakhjarl í eigninni.

Tökum annan mann, sem hefir 81 þús. kr. í tekjur og yfir ½ millj. kr. eign. Hann greiðir alls í skatt 20 þús. kr. og í útsvar tæp 30 þús. Þetta gerir samtals tæp 50 þús. kr., eða um 62% af tekjunum.

Þessi og önnur dæmi hrekja það, að skattur fari yfir 100% af tekjunum, og bera þess jafnframt vott, að það er rétt að leggja brúttótekjur til grundvallar, ef leitað er eftir afkomu manna. Hitt er mjög villandi, að draga fyrst skatt undanfarinna ára frá tekjunum, áður en hundraðstalan er útreiknuð.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Ed., 3. júní, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 829, n. 905, 932).

Jón Baldvinsson: Þegar hv. 5. landsk. bar hér fram frv. um viðbótartekjuskatt, sem verja átti í sérstökum tilgangi, þá lýsti ég yfir, að vafasamt væri, hvort ég gæti fylgt því frv. gegnum þingið, sérstaklega eins og þá stóð á, og gerði ég þá grein fyrir, hvernig á því stóð. Í sjálfu sér er það í mínum augum réttlát aðferð til þess að ná tekjum í ríkissjóð, að hafa háan tekju- og eignarskatt, svo að því leyti er ég samþykkur þeirri stefnu, sem fram kemur í frv. hæstv. stj. á þskj. 829. En það gildir sama um þetta frv. eins og bæði frv. hv. 5. landsk. um 8000 kr. hámarkslaun og frv. hans um viðbótartekjuskatt, að ég er ákaflega ófús að veita stj., sem ég er í fullkominni andstöðu við, tækifæri til að nota þannig einstaka tekjustofna um stutt tímabil einungis til þeirra hluta, sem ég tel til hinnar mestu óþurftar.

Nú ætla ég að rifja dálítið upp, hvernig hefir verið tekið í till. okkar jafnaðarmanna viðvíkjandi framlögum til atvinnubóta, bæði á þessu þingi og síðasta þingi.

Ég heyrði í útvarpsumr. um daginn, að hæstv. fjmrh. sagði berum orðum, að við Alþflm. hefðum aldrei komið fram með neinar till. um bein framlög úr ríkissjóði til atvinnubóta án skuldbindinga bæjarfélaga, og ef slíkar till. kæmu fram síðar, þá væri það af því hann hefði á það bent. Ég vil taka það fram, að við höfum borið fram slíkar till., ekki á þessu þingi að vísu, en á síðasta þingi. Við bárum þær ekki fram nú vegna þess, hvað þær fengu herfilegar undirtektir hjá hæstv. ráðh. og flokki hans. Við fluttum í fyrra brtt. við fjárl. um að auka framlög til tiltekinna vega, og það var beinlínis tekið fram, að það ætti að vera til að draga út atvinnuleysinu. Þar var því um að ræða bein framlög frá ríkinu til atvinnubóta. Það var farið fram á að auka verklegar framkvæmdir ríkisins, og það skiptir engu máli, hvort þær eru kallaðar atvinnubætur eða ekki, þegar hvorutveggja er ætlað sama hlutverk. Þess vegna var það rangt hjá hæstv. fjmrh., þegar hann af miklum móði fullyrti í útvarpið um daginn, að Alþfl. hefði ekki komið fram með neinar till. um bein framlög úr ríkissjóði til atvinnubóta. En till. okkar í þá átt var

þannig tekið, að bæði flokkur hæstv. ráðh. og Sjálfstfl. snerust á móti þeim og steindrápu þær í báðum deildum.

Nú hefir hæstv. ráðh. og hans flokkur að lokum gengið inn á að heimila í fjárl. 300 þús. kr. til atvinnubóta, gegn tvöföldu framlagi frá sveitar- og bæjarfélögum. En á sama tíma er samþ. inn í fjárl. heimild til 400 þús. kr. fjárveitingar til bænda landsins til uppbótar á kjötverði. Og í lögum, sem nú er væntanlega búið að afgr., er ákveðið, að árin 1933 og 1934 skuli ríkissjóður greiða vexti af lánum bænda, sem hv. 3. landsk. gerði ráð fyrir, að mundu nema um 120 þús. kr. á ári, eða 240 þús. kr. bæði árin. Þá er í frv. um kreppulánasjóð ætlazt til, að ríkið leggi fram handa bændastéttinni 9 millj. kr. í skuldabréfum ríkissjóðs og 2½ millj. kr. í peningum, sem greiðist á næstu 10 árum. Þannig skilst mér, að með ráðstöfunum þessa þings sé samanlagt ætlað til stuðnings bændastéttinni 13 millj. kr. Aftur er þannig tekið undir beiðni verkamannastéttarinnar, að til hennar er gert ráð fyrir að láta af mörkum einar 300 þús. kr. til atvinnubóta. Í upphaflegu till. okkar jafnaðarmanna var farið fram á eina millj., og hefði það fremur verið ofurlítið í áttina að svara til þeirrar hjálpar, sem bændum er ætluð. Auk þess, sem ég taldi upp af framlögum til bænda, greiðir ríkissjóður ekki minna en 600 þús. kr. samkv. jarðræktarlögunum og er það beinn atvinnuleysisstyrkur handa bændum. Svo er Búnaðarfélaginu veittur styrkur sérstaklega og margvísleg önnur hlunnindi, og styrkveitingar handa bændastéttinni eru í lögum. Ég er alls ekki að sjá eftir neinu af þessu. Ég vil aðeins rifja þetta upp til þess að sýna, hvað þingið misskiptir fjármunum þjóðarinnar milli stéttanna og hversu dauflega Framsfl. tekur í að veita styrk handa verkalýðnum, þegar hann er nauðulega staddur, á sama tíma sem ekkert er sparað af því, sem hægt er að leggja fram handa bændastétt landsins. Það er rangt að misskipta þannig fé landsmanna milli stéttanna í landinu.

Nú er það ekkert efamál, að bæirnir verða mjög illa staddir á komandi vetri. Langvarandi atvinnuleysi hefir komið svo mörgum verkamönnum á vonarvöl, að þeir mega helzt engan dag missa atvinnu, ef skorturinn á ekki að heimsækja þá. Því verður óhjákvæmileg nauðsyn, að bæirnir leggi fram stórar fjárfúlgur til atvinnubóta hver fyrir sína íbúa. Hvernig það fé á að fást, er náttúrlega enn ekki útkljáð, en einhvernveginn verða bæirnir að fá það, annaðhvort að láni eða með álögum á bæjarbúa, ef fé er ekki fyrir hendi á annan hátt; það er augljóst mál. Það, sem bæirnir hafa til að leggja á, eru vitanlega tekjur bæjarbúa, auk þeirra gjalda af fasteignum, sem nú eru í lögum og sem eru fastbundin. Að öðru geta þeir ekki gengið til að afla fjár til framkvæmda.

Nú hefir hæstv. fjmrh. látið bera fram þetta frv. um nokkuð aukinn tekjuskatt, sem mun gefa ríkissjóði nokkuð miklar tekjur, kannske 600—700 þús. kr. Og ég er sammála hæstv. ráðh. og ósammála hv. 1. landsk. um það, að þessu fé megi ná, og að mótbárur hv. 1. landsk. séu ekki nein rök á móti frv. Ég álít, að ríkissjóður geti náð þessu fé og í raun og veru sé þetta ekki ósanngjörn álagning. En það er annað, sem kemur til greina, að hæstv. ráðh. ætlast til þess, að þetta álag innheimtist á árinu 1933, og þar í kemur mismunurinn í stefnu okkar jafnaðarmanna og hæstv. fjmrh. Við getum hvenær sem er verið með því að umleggja skattana og samþ. háan tekju -og eignarskatt í stað tollanna. En nú hefir stj. borið fram frv. um að hækka óbeinu skattana að miklum mun, og auk þess ætlar hún þetta ár að grípa upp úr bæjunum allmikla fjárfúlgu handa ríkissjóði, án þess að neitt af öðrum sköttum verði fellt niður. En það er aðalatriðið í skattamálum okkar jafnaðarmanna, að tekjuskatturinn komi í staðinn fyrir óbeinu skattana. Þess vegna er þetta engin umlagning á tekjuskattinum eða fjáröflunaraðferðum ríkissjóðs. Það er aðeins hugsað sér að grípa inn í eitt skipti til þess að afla tekna og láta það verða bæina og sjávarplássin, sem leggja þetta til, sem ætlað er svo að verja til styrktar bændum.

Það má líka vel vera, að þetta fé verði nægilegt í ríkislögregluna, og ég vil a. m. k. ekki stuðla til þess, að stj. hafi svo mikið fé undir höndum, að hún geti hald-

ið uppi þeirri ríkislögreglu, sem hún hefir haft um skeið.

En þegar bæirnir eru svo erfiðlega staddir eins og þeir eru nú, þá er augsýnilegt, að þeir þurfa allra sinna muna með, og ég mundi ekki hika við að vera með því að leggja aukaútsvar á íbúa bæjanna nú í haust, til þess að afla bæjarsjóðunum tekna til þess að halda uppi atvinnubótavinnu þar.

En þetta tekjuskattsfrv., sem á að grípa inn á árið 1933, mundi a. m. k. gera þennan möguleika erfiðan, ef ekki ómöguleg an á yfirstandandi ár. Þess vegna hefi ég borið fram þessa brtt., og ég tel ekki rétt að samþ. frv. nema sú breyt. komist fram. Eftir þeirri till. ætlast ég til, að 75% af þessum tekju- og eignarskatti renni til bæjarsjóða og sveitarsjóða og að ríkissjóður fái 25% af heildartekjunum, sem inn kæmu af viðbótar-tekju- og eignarskattinum. Það mundi verða eitthvað í áttina til þess, sem nú hefir verið samþ. sem fjárveiting til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, og þættist ég þá hafa hjálpað stj. til þess að útvega fé til þessara atvinnubóta, a. m. k. að miklu leyti. Hinsvegar ætlast ég til þess, að viðbótar-tekju- og eignarskattinum sé skipt milli bæjar- og sveitarfélaga á þann hátt, að hvert bæjarfélag og sveitarfélag fái jafnóðum og skatturinn innheimtist greitt í sinn sjóð 75% af því, sem innheimtist á hverjum tíma, og sé það gert upp mánaðarlega við sveitarsjóðina, þannig að ef í okt. og nóv. innheimtist t. d. 400 þús., þá greiði ríkissjóður í bæjar- og sveitarsjóði 300 þús. kr. af því, en heldur eftir 100 þús. kr. sjálfur, sem í hans hlut fellur, og féð skiptist á milli bæjanna eftir því, hvað mikið af skattinum kemur inn í hverju sveitarfélagi, þannig, að ef inn kæmi í Rvík einni saman 400 þús. kr. af þessum skatti, þá ætti Rvík að fá 300 þús. kr. í sinn hlut og ríkissjóður á sama hátt 100 þús.

Þessu fé ætlast ég til, að bæjar- og sveitarsjóðir verji til atvinnubóta, og af því að þetta er sérstök ráðstöfun vegna atvinnuleysis, hefi ég sett í till. mína, að fénu verði varið í samráði við stjórn Alþýðusambands Íslands. Það er flokkur verkalýðsins í landinu, og það er ekkert eðlilegra heldur en að forsvarsmenn verklýðsfélaganna og yfirstjórn Alþýðusambands Íslands hafi hlutdeild um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt og hvernig fénu skuli varið.

Ég álít því, að þessi till. sé sanngjörn, eftir því sem ástæður eru nú, eftir þeirri þörf, sem ég veit, að bæirnir hafa fyrir aukið fé til framkvæmda, og að ekki megi svipta þá möguleika þetta erfiða ár til þess að ná í tekjur handa íbúum sínum, til þess að styðja þá í erfiðleikum sínum.

Það er orðið dálítið erfitt með umr., þegar svona er komið að þingslitum, og ætla ég því ekki að hafa mín orð fleiri. Ég þykist hafa gert grein fyrir minni afstöðu til frv. og skýrt frá till., sem ég flyt, sem ég í rauninni álít fullkomlega greinilega.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 2. landsk. hefir flutt till. um það skilyrði, að ¾ hlutar tekjuskattsaukans renni til bæjar- og sveitarfélaga. Það liggur í hlutarins eðli, að stj. getur ekki fallizt á slíkt skilyrði. Ástæðan til þess, að stj. hefir flutt frv., eru þær nýju kvaðir, sem þetta þing leggur á ríkissjóð. Frv. er flutt til þess að fá fé upp í þær greiðslur, sem þegar eru lögbundnar. Það er þess vegna ekki hægt að ganga inn á nein skilyrði, sem fela í sér nýjar byrðar fyrir ríkissjóð, enda er það fjarstætt, að ríkið sé að innheimta beina skatta fyrir bæjarfélög, þar sem bæjar- og sveitarfélög hafa sína eigin heimild til þess að taka beina skatta. Eina skilyrðið, sem unnt er að orða, væri, að þessi viðbótar-tekju- og eignarskattur skuli renna til einhvers þess, sem þegar er búið að binda, svo sem til atvinnubóta, sem framkvæmdar verða samkv. heimildum, uppbótar á kjötverði, sem nauðsynlega yrði að grípa til samkv. heimildum, o. fl.

Þetta eru einu skilyrðin, sem hægt væri að ganga inn á. En nú vil ég spyrja hv. þm. að því, hvort hann muni hispurslaust greiða atkv. móti þessu frv., ef hans till. verða ekki samþ. **(JBald:** Ég hefi sagt það). Og mun hv. þm. gefa sama svarið um það, að setja þau skilyrði ein, sem bundin eru við þær ákvarðanir, sem þingið hefir þegar tekið? **(JBald:** Já). Að því upplýstu, að hv. þm. virðist ófáanlegur til þess að fylgja þessu frv., verð ég að

óska þess af hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá þangað til seinna í dag. Ég hafði gert mér vonir um, að hv. þm. mundi fylgja þessu frv., af því hann teldi réttlátast að ná með þessum hætti þeim tekjum, sem nú er orðið nauðsynlegt að afla ríkissjóði, en þegar sú von bregzt, verð ég vitanlega að athuga aðrar leiðir til að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegar eru. Vænti ég því, að hæstv. forseti vilji taka málið af dagskrá nú.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Það er aðeins stutt aths. til þess að bera af mér sakir, og ég vildi óska að fá til þess tækifæri áður en málið er tekið af dagskrá. Hæstv. fjmrh. vildi ennþá í síðustu ræðu sinni halda því fram, að það væri ekki rétt, sem ég hefði farið með í þessu máli og sýnt með línuriti, að það kæmi að því á vissu stigi tekna, að meira yrði tekið til opinberra þarfa en sem nemur tekjuaukanum sjálfum, og hann las upp útreikning á tveimur dæmum, sem hann taldi sanna þetta mál sitt. En þessi dæmi, sem hann nefndi, sönnuðu alls ekki það, sem hann vildi vera láta. Ég vil leyfa mér vegna þeirra, sem treysta betur talnareikningi en línuriti, að fara hér með útreikning, sem sýnir það, að niðurstöður þær, sem ég hefi skýrt frá, eru réttar.

Ég tek dæmið í samræmi við þann af skattstigunum, sem fer upp í 100% á 10 þús. kr. skattskyldum tekjum, og ég ber saman afkomu þessa gjaldanda eftir því, hvort hann hefir þær 10 þús. kr. skattskyldar tekjur eða aflar sér samkonar tekna í viðbót, svo að hann hefir 15 þús. kr., og það, sem ég hefi staðhæft, er það, að skattálagningin eftir þessu frv. og gildandi l. og reglum niðurjöfnunarnefndar er orðin svo, að fyrir þennan gjaldanda er það beint tap að afla sér þessa 5 þús. kr. tekjuviðbótar.

Ég tek fyrst skatt af 10 þús. kr. skattskyldum tekjum af eign með 5% ársvöxtum.

Tekjuskattur til ríkis	kr.	462.00
Eignarskattur til ríkis	—	621.00
Samtals	kr.	1083.00
100% álagning eftir frv	kr.	1083.00
Samtals	kr.	2166.00

Útsvar af tekj. kr. 860+15%	—	989.00
Útsvar af eign kr. 2975+15%	—	4387.00
Alls eftir frv.	kr.	7542.50
Afg. af skattsk. tekjum	—	2457.50
	Kr.	10000.00

Þá er að athuga, hvernig afkoma gjaldandans yrði, ef hann aflaði sér 5 þús. kr. í viðbót af samskonar tekjum. Hann hefir sömu frádrætti, því þeir eru ákveðnir af útsvari fyrra árs, svo sá frádráttur gerir engan mun.

Tekjuskattur til ríkis	kr.	1062.00
Eignarskattur til ríkis	—	1121.00
Samtals	kr.	2183.00
100% álagning eftir frv.	—	2183.00
Samtals	kr.	4366.00
Útsvar af tekj. kr. 1610+15%	—	1851.50
Útsvar af eign 5175+15%	—	7760.50
Alls eftir frv.	kr.	13978.00
Afg. af skattsk. tekjum	—	1022.00
	Kr.	15000.00

Í fyrra tilfellinu hefir maður afgang af skattskyldum tekjum kr. 2457,50, en í síðara tilfellinu kr. 1022.00. Mismunurinn, sem er beint tap gjaldenda af því að hafa aflað sér þessa tekjuauka, er kr. 1435.50.

Þetta er það, sem átt er við með því, að skattstiginn reki sig upp undir. Með þessu er auðvitað ekki sagt, hvað þessi gjaldandi hefir til að lifa af, því það fer eftir því, hvaða frádrætti hann hefir fengið, en þeir eru þeir sömu, hvort sem gjaldandinn aflar sér 10 þús. kr. eða 15 þús. kr. tekna, svo mismunurinn, sem hann hefir til eigin afnota, er sá sami, og hann er það, sem ég hefi áður sagt, kr. 1435.50. Það er tap hans á því að afla sér þessa tekjuauka. Þegar svo er komið skattaálagningunni, þá er komið upp í þá vitleysu, sem ekki þýðir að bjóða skynsemi gæddum verum, því menn hætta að afla sér tekjuaukans, þegar hann er orðinn þeim beint tap.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv.

2. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, GÓ.

nei: BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ, PM.

3. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 932 felld með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, JBald, BSn.

nei: HSteins, IP, JakM, JónJ, PHerm, EÁrna, GÓ.

JónÞ, JónasJ, MT, PM greiddu ekki atkv.

4. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. fellt frá 3. umr. með 7:5 atkv.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Lífeyrissjóður ljósmæðra.

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lífeyrissjóð ljósmæðra (þmfrv., A. 63).

Á 15. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég vona, að hv. þdm. láta það ekki villa sig, þó að stórt nafn sé á þessu frv., því að í rauninni þarf ekki að gera ráð fyrir, að það valdi ríkissjóði neinum nýjum útgjöldum. Hér er eiginlega ekki um annað að ræða en að þeim útgjöldum, sem frv. gerir ráð fyrir, verði hagað nokkuð öðruvísi en verið hefir, jafnframt því, sem þess er vænzt, að þau svari betur tilgangi sínum. Það er orðin hefð, að ekki allfáum ljósmæðrum séu greidd lítilsháttar eftirlaun að öllu leyti úr ríkissjóði, og nema þau nú samtals 7—8 þús. kr. Í ljósmæðralögunum er auk þess lögð skylda á ríkissjóð að greiða hlutfallslega þau eftirlaun, sem sýslunefndir kunna að ákveða ljósmæðrum. Má því gera ráð fyrir, að þó að engin lagasetning um þetta efni yrði sett, þá yrði að eyða í þessu skyni álíka upphæð og frv. gerir ráð fyrir, því að það er nú svo, að þegar búið er að taka persónulegar fjárveitingar þess háttar, sem hér um ræðir, upp í fjárlögin í eitt skipti, er talið sjálfsagt, að áframhald verði á því.

Ljósmæðrastéttin óskar eindregið eftir þessari lagasetningu, og vilja ljósmæður verja hluta af launum sínum til að leggja í þennan sjóð, til þess að tryggja sér þann lífeyri, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég ber sjálfur ekki ábyrgð á þeim útreikningi, sem frv. fylgir og við er miðað, en vona, að hv. þdm. beri fullt traust til þess manns, sem að honum hefir unnið. Það er maður, sem er viðurkenndur sérfræðingur í tryggingarmálum, Brynjólfur Stefánsson skrifstofustjóri.

Vil ég svo vona, að málið fái að ganga til 2. umr. og þeirrar n., sem ég tel það eiga helzt heima í, en það er fjhn.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég verð að gera fyrirspurn til hv. flm. viðvíkjandi skilningi á 2. gr. þessa frv. En það tilgangur hans, að það eigi að lögákveða 10 þús. kr. framlag úr ríkissjóði **árlega** í lífeyrissjóð ljósmæðra? Ég man ekki betur en að þegar stofnaður var lífeyrissjóður embættismanna, væru lagðar fram 50 þús. kr. í eitt skipti fyrir öll, en verði haldið áfram með 10 þús. kr. framlag á ári, fá yfirsetukonurnar eftir skamman tíma miklu meira í sinn sjóð en allir embættismenn landsins. Ég tók svo eftir, að hann teldi, að þetta væri í rauninni það sama og ríkið leggur nú fram samkv. 18. gr. fjárl., en þetta er ósambærilegt.

Um 9. gr. þessa frv. vil ég benda á, að hún er ógreinilega orðuð og getur vel skilizt þannig, að ljósmæður eigi bæði að fá styrk eins og þann, sem 18. gr. fjárl. ráðgerir og eftirlaun að auki. En þetta getur ekki verið tilætlunin.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Það er réttur skilningur hjá hæstv. ráðh., að það er tilætlunin, að 10 þús. kr. verði árlega veittar úr ríkissjóði til sjóðsins. Útreikningarnir, sem frv. fylgja, eru byggðir á því og við það er miðað, þegar áætlaðir

eru greiðslumöguleikar sjóðsins. Ef svo sýndist, að sú upphæð yrði of há, þá hefir þingið í sinni hendi að breyta því, og er hér þess vegna engin hætta á ferðum. Má að vísu gera ráð fyrir, að ríkissjóður þurfi að styrkja þennan sjóð tiltölulega meira en sjóð embættismanna, vegna þess að laun yfirsetukvenna eru svo lág, að þeim er ókleift að gjalda hlutfallslega jafnmikið til lífeyrissjóðs og embættismönnum er gert að greiða, enda munu embættismenn greiða 7% af launum sínum, en ljósmæður eiga aðeins að greiða 4% samkv. frv., sem er það hæsta, er þær treysta sér til.

Viðvíkjandi hinu, að skilja eigi ákvæði 9. gr. frv. svo, að þær ljósmæður, sem nú eru styrktar í 18. gr. fjárl., eigi **aukreitis** að fá styrk úr þessum sjóði, þá sér hæstv. ráðh., ef hann les greinina með athygli, að svo er ekki. Lífeyrissjóðnum er að vísu ætlað að taka að sér þær skuldbindingar að veita hinum svo nefndu „jubilljósmæðrum" sömu eftirlaun áfram sem þeim eru ætluð í síðustu fjárl., en þá heldur engin önnur eftirlaun. Er þetta skýrt tekið fram í 9. gr. frv., þar sem ákveðið er, að rétturinn til lífeyris nái yfirleitt ekki til annara ljósmæðra en þeirra, sem láta af störfum **eftir** að sjóðurinn er tekinn til starfa. Um þetta mun hæstv. ráðh. geta fullvissað sig, en ef hann telur það óljóst í frv., þá er e. t. v. hægt að breyta því og gera það enn skýrara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 14:1 atkv.

Á 32., 40. og 45. fundi í Nd., 21. og 30. marz og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 63, n. 176).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir haft þetta mál til meðferðar, og fyrir nokkuð löngu skilaði hún áliti um það. N. mælir ekki með því, að frv. verði samþ. að þessu sinni. En eins og sjá má af nál., er það þó ekki af þeirri ástæðu, að n. sé ósammála þeirri stefnu, sem fram kemur í frv. Þvert á móti lítur hún svo á, að slík sjóðsstofnun, sem fram á er farið í frv., sé nauðsynleg, og að gjarnan mætti taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að gera hlutverk sjóðsins víðtækara en frv. gerir ráð fyrir, þannig, að hann yrði jafnframt fyrir hjúkrunarkonur. En að n. sér sér ekki fært að mæla með því, að frv. verði samþ. nú, er vegna þess, að hún telur það tæplega nógu vel undirbúið til þess að verða að l. nú að þessu sinni. Og það, sem n. þótti sérstaklega skorta á nægan undirbúning, var, að sú áætlun um útgjöld sjóðsins, sem fylgir greinargerð frv., væri nægilega ljós og rökstudd. Getur n. ekki séð, að þessi áætlun gefi neina verulega tryggingu fyrir því, að sjóðurinn mundi standast þau útgjöld, sem ætlazt er til, að hvíldu á honum samkv. 12. gr. frv. Að vísu er svo ákveðið í frv., að ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, og þar af leiðandi ættu greiðslur úr honum að vera tryggðar. En n. verður að leggja áherzlu á það, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, hve þungum bagga fyrir ríkissjóð megi búast við af þessari ábyrgð. Ennfremur lítur n. svo á, að um þennan sjóð ættu að gilda svipuð ákvæði eins og eru um lífeyrissjóð barnakennara. Frá því er allmikið vikið í frv., og telur n., að rétt væri að samræma þau ákvæði. Sem sagt telur n. þörf á rækilegri undirbúningi í þessu máli. Lítur hún svo á, að stjórnin standi bezt að vígi til að framkvæma þann undirbúning. Ég get búizt við því, að flm. segi, að nefndin sjálf hafi ekki verið of góð til þess; það sé ekki meira en megi ætla henni. En til þessarar n. berast mörg mál, og n. sá tæplega fram á, að hún gæti varið nægum tíma til þessa máls, ef ganga hefði átt þannig frá því, að rétt hefði verið að gera það að l. nú. Þess vegna leggur n. til, að frv. verði afgr. með þeirri rökst. dagskrá, sem prentuð er á þskj. 176, þar sem skorað er á stj. að athuga málið og undirbúa fyrir næsta þing. Það hefir stundum verið sagt, að það væri viss aðferð til að drepa mál, að vísa þeim þannig til stj., en n. vill leggja áherzlu á, að þessa dagskrártill. hennar eigi fremur að skilja sem þáltill. um að þetta verk skuli gerast. Það er algengt í upphafi mála á Alþ., að borin er fram þáltill. um, að stj. taki mál til at-

hugunar og undirbúnings. Og í dagskrártill. n. felst bein áskorun til stj. um að vinna þetta verk.

Ég þykist ekki þurfa að fara nánar út í þetta. Þar sem till. n. fer í þessa átt, þýðir ekki að fara að ræða einstök atriði frv.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Í tilefni að síðustu ummælum hv. frsm. skal ég láta þess getið fyrir hönd stj., að hún telur ekki, að þessu máli sé vísað í gröfina með því að vísa því til stj. með rökst. dagskrá. En stj. mun, ef dagskrártill. verður samþ., láta fram fara ýtarlega rannsókn viðkomandi málinu, svo sem um skipulag sjóðsins, iðgjöld o. fl., og flytja málið á næsta þingi í samráði við sérfræðinga og landlækni. Ég hygg, að hvaða stjórn, sem komið gæti í stað núv. stj., gæti tekið við slíkri skyldu af þessari stjórn.

Vilmundur Jónsson: Ég get eftir atvikum sætt mig við afgreiðslu n. á þessu máli, með því að ég viðurkenni, að nokkur þörf er á að athuga það enn rækilegar en gert hefir verið. Og sérstaklega sætti ég mig við þessa afgreiðslu eftir að hafa heyrt hæstv. forsrh. lýsa því yfir, að hann telji ríkisstjórninni skylt, ef hin rökstudda dagskrá verður samþ., að leggja málið betur undirbúið fyrir næsta þing. Tel ég það jafngilda því að eiga vísan framgang þess á næsta þingi.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 176, frá fjhn., samþ. með 16 shlj. atkv.

---

2. Gelding hesta og nauta.

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um geldingu hesta og nauta (þmfrv., A. 226).

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Lárus Helgason): Þetta litla frv. hefir verið til meðferðar á undanförnum þingum, þó afgreiðsla þess hafi ekki gengið betur en raun hefir á orðið, þó það hafi haft mikið fylgi í þinginu. Að það náði ekki fram að ganga á síðasta þingi, stafaði af litlum ágreiningi milli deildanna, sem varð því að falli. Hv. Ed. vildi ekki, að frv. kæmi til framkvæmda fyrr en eftir 2 ár, en hv. Nd. leit svo á, að engin þörf væri á þeim drætti, enda er ekki sjáanleg nein ástæða til þess að fresta því, að frv. komi til framkvæmda. Það er vitanlega búið að ganga nógu lengi með þá ómannúðlegu meðferð á hestunum að rígbinda þá og reyra, þegar þeir eru geltir. Sú voðalega og illa aðferð má sannarlega leggjast niður. Og það er líka auðvelt, þar sem það er fengin örugg reynsla fyrir því, að hægt er að svæfa skepnurnar meðan þessi aðgerð fer fram. Ég býst við, að mönnum þætti það vont að láta fara með sig eins og farið hefir verið með hestana okkar, þegar þeir hafa verið geltir.

Annars lít ég svo á, að ekki sé þörf á því að hafa langa framsögu í svo einföldu máli sem þessu. Eins og ég sagði, hefir málið mætt velvilja hér í þinginu, svo ég sé ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum að svo komnu, nema tilefni verði til þess gefið í umr. Óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:3 atkv.

Á 40. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 226).

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 226, n. 319, 358).

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. d. kannast við þetta frv. Það gekk í gegnum allar mögulegar umr. í fyrra, og var síðast fellt í Sþ. Frv. er nú flutt í sama formi og það var þegar það fór úr þessari hv. d. í fyrra, að öðru leyti en því, að þá var ætlazt til, að það kæmi til framkvæmda einu ári seinna en nú er gert ráð fyrir. Þessi hv. d. hefir því samþ. þetta frv. í fyrra eins og það er, að öðru leyti en þessu eina atriði.

Landbn., sem þetta frv. hafði til meðferðar, leit svo á, að varla væri rétt að vera að togast á við hv. Nd. um þetta eina atriði, sem sé það, hvenær lögin skyldu koma til framkvæmda, hvort það yrði eftir eitt ár eða tvö. Það hefir unnizt frestur fyrir menn til umhugsunar frá því í fyrra, því menn hafa tæpast komizt hjá því að vita um það, að frv. var á ferðinni.

Ég hefi svo ekkert að segja fyrir n. hönd annað en það, að hún leggur til, að frv. verði samþ. En sjálfur er ég á þeirri skoðun, að það sé vafasamt, að hverju liði frv. verður, þó að það verði að lögum, en mér þykir það eftir öllum atvikum rétt að láta reynsluna skera úr, hvernig þetta gefst.

Halldór Steinsson: Ég á ásamt tveimur öðrum þm. brtt. við þetta frv. Eins og kunnugt er, þá mætti þetta frv. allmikilli mótspyrnu á þinginu í fyrra. Það, sem því var aðallega fundið til forráttu hér í d. í fyrra, voru einmitt þeir gallar, sem við með þessum brtt. viljum reyna að ráða bót á. Þessar brtt. eru 2. Önnur er sú, að gera frv. víðtækara en það nú er. Samkv. frv. eins og það er, þá nær þetta aðeins til tveggja dýrategunda, hesta og nauta. En þar sem frv. er flutt sem miskunnar- og mannúðarmál gagnvart dýrunum, þá virðist miskunnin ekki hafa náð langt, þar sem það nær aðeins til tveggja dýraflokka. Aðalbrtt. okkar gengur í þá átt að gera þessi lög víðtækari, þannig að láta þau ná til allra húsdýra. Þetta er önnur aðalbreyt. En hin breyt. er sú, að í staðinn fyrir að nota kloroform skuli staðdeyfa. Það ætti að vera hv. þm. kunnugt, að kloroform er hættulegt og talsverður vandi að fara með það, svo að ég er ekki í neinum minnsta vafa um það, að það er alls ekki á færi almennings að fara með það. Það er alls ekki forsvaranlegt að láta þá menn, sem þetta starf eiga að hafa með höndum, fara með þetta lyf, því að þótt það sé tekið fram í frv., að þessir menn eigi að fá tilsögn dýralæknis, þá verður hún aldrei svo fullkomin, að þeir geti fengið verulega þekkingu á ýmsum sjúkdómum, sem nauðsynlegt er til þess að geta notað þetta meðal.

Ég vil taka til dæmis lungnaveiki eða hjartabilun, að í þeim sjúkdómum er hættulegt að nota þetta lyf. Aftur á móti er hin aðferðin, að staðdeyfa, miklu hættuminni og einfaldari.

Ég vonast eftir, að hv. d. geti gengið inn á þessar brtt., því að þær miða að því, að áliti okkar flm., að gera frv. fullkomnara en það er nú.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég er sammála hv. þm. Snæf. um það, að þetta frv. eigi að vera miskunnarmál gagnvart dýrunum, og ég get þess vegna verið honum sammála um það, að þeir dýraflokkar, sem ekki eru nefndir í frv., ættu af þeirri ástæðu að takast með. Hinsvegar er ég hræddur um, í sambandi við geldingu lamba, að þá yrði þetta þungt í vöfum, en það má á það líta, að það er ekki algengt nú að ala upp sauði, eins og áður var.

Ég sé, að það eru tveir læknar, sem flytja þessar brtt. Þess vegna hætti ég

mér ekki út í að deila neitt við þá um það, hvafa lyf eigi að nota til þess að draga úr þeim sársauka, sem verður við uppskurðinn. Landbn. tók ekki ákvörðun um þessar brtt., svo að ég hefi ekkert umboð til þess að segja neitt fyrir hennar hönd. Ég get fyrir mitt leyti eftir atvikum fallizt á þær, og ég held, að ég megi segja, að a. m. k. annar samnm. minn sé ekki fjarri því heldur.

Í fyrra talaði n. við dýralækninn um þetta frv., m. a. hvort ekki væri heppilegra og hættuminna að deyfa, eins og hér er gert ráð fyrir. Leit hann svo á þá, að svo væri ekki. Hann taldi, að hætta gæti stafað af hvorritveggja aðferðinni. Ég get því engan mun á því gert, en get allt eins vel gengið inn á þessar brtt.

ATKVGR.

Brtt. 358,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 358,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 358,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um geldingu húsdýra.

Á 50. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 400, 412).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 412.— Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Eins og menn muna, þá varð allmikil breyt. á þessu frv. við síðustu umr., því það var fært mikið út, þannig að ákvæði frv. áttu að ná til allra húsdýra og þar af leiðandi sauðfjár. Ég hefi síðan hugsað nokkuð um þetta og komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé varla gerlegt að hafa þessi ákvæði svona víðtæk, sérstaklega að láta þau ná til lambanna. Eins og kunnugt er, er mikil hreyfing í þá átt að gelda unglömbin, vegna þess að kjöt af þessháttar skepnum fellur betur fyrir brezka markaðinn, sem við erum nú að reyna að byggja vonir okkar á. En kostnaður við það yrði svo mikill, að ekki er fært að leggja það á fjáreigendur, því eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, myndi lyfið fyrir hvert lamb verða 20—30 aurar. Og eins og verð er á afurðum fjár nú, sjá allir, að þetta yrði of þungur skattur. Auk þess er miklu síður þörf á að láta þessi ákvæði ná til svo ungra skepna eins og lambanna, því það er kunnugt, að ungviði verður miklu minna um þetta heldur en eldri skepnum. Í flestum tilfellum verður lömbunum sama og ekkert meint við þetta; þau eru sprellfjörug á eftir. Einnig má benda á það, að nú á síðustu árum er farið að flytja inn til landsins tengur, sem eru miklu heppilegri við þetta starf en þær aðferðir, sem notaðar hafa verið. — Ég hefi því leyft mér í brtt. á þskj. 412 að fara fram á, að þetta nái aðeins til dýra, sem eru veturgömul, en dýr á fyrsta ári séu undanþegin þessum ákvæðum. Og ég vona, að jafnvel frá mannúðarsjónarmiði sé ekkert athugavert við þetta, og vegna þess að það skiptir svo miklu, vona ég, að d. geti samþ. þessa brtt.

Halldór Steinsson: Ég get ekki verið samþykkur hv. flm. þessarar brtt., því mér finnst, að ef farið er að gera undantekningar frá þessum reglum, sem gilda í frv., þá sé farið út fyrir þann grundvöll, sem frv. byggist á. Frv. hefir áreiðanlega verið flutt í mannúðarskyni, og með því að binda deyfinguna við vissan aldur er kippt fótunum undan ástæðum fyrir frv. Það má auðvitað segja, að ungviði finni nokkuð minna til en fullorðnar skepnur við allskonar skurði, en það fylgir því á ungum sem gömlum alltaf talsverður sársauki. Það mundi t. d. engum lækni detta í hug að gera slíkar aðgerðir á piltbörnum án þess að deyfa eða svæfa. Það, sem gildir um menn, má í flestum tilfellum yfirfæra á dýrin. Mér finnst því vera kippt fótum undan ástæðum fyrir frv. með því að samþ. þessa brtt., og get ég því ekki greitt henni atkv. mitt.

Guðrún Lárusdóttir: Síðasti ræðumaður tók það fram, sem ég vildi sagt hafa, en ég vil þó bæta því við, að þó það sé langt síðan ég átti heima í sveitinni, þá rekur mig enn vel minni til þeirra kvala- og sársaukastunda, sem ég á æskuárum mínum lifði með litlu lömbunum, hel-

særðum, alblóðugum eftir deyfingarlausar aðgerðir og harðneskjufulla og grimmlega meðferð mannanna.

Þó ekki væri annað en þessar endurminningar, þá eru þær nægilegar til þess, að ég get ekki samþ. þessa brtt. hv. 3. landsk.

Eins og þegar hefir verið tekið fram, þá er með þessari brtt. kippt nokkurn veginn fótunum undan frv., því vissulega hefir Dýraverndunarfélagið ekki látið sér þetta í hug að gleyma litlu lömbunum eða undanþiggja þau þeirri vægð, sem frv. felur í sér fyrir dýrin.

Ég hygg, að hvað sem annars verður sagt um sársauka lambanna og fullorðnu kindanna, þá sé ekki gott að gera greinarmun á því eða bera um það, hver finnur mest til, þó mönnum virðist e. t. v., að lömbin séu fljótari að taka sig eftir slíkar aðgerðir heldur en fullorðið fé. Ég er alveg viss um, að það vakti fyrir Dýraverndunarfélaginu að varðveita ungu skepnurnar fyrir þessum sársauka, engu síður en þær eldri. Svo mætti og virðast, að eldri skepnurnar hafi fullt eins mikla herkju til þess að þola sársauka og þjáningar eins og yngri og veikgerðari dýrin. Ég get því ekki fellt mig við brtt. og greiði atkv. á móti henni.

Jón Jónsson: Hún er náttúrlega mjög virðingarverð þessi mannúð, sem kemur fram hjá þessum tveim hv. þm., en ég verð að segja það um hv. þm. Snæf., að mér finnst það einkennilegt, að hann skuli allt í einu nú fyllast þessari miklu mannúð, að vilja ganga lengra en n. í Nd., sem hefir borið þetta mál fyrir brjósti. Hann hefir nú setið um 20 ár á þingi, og maður hefir ekki orðið var við, að hann hafi borið svo mikla mannúð í brjósti í þessu tilliti, að hann þurfi nú að ganga svo langt að leggja svona mikinn skatt á bændastéttina, þegar hún á við svo mikla erfiðleika að stríða. Því þetta er ekki svo lítill skattur, þegar miðað er við það verð, sem fæst fyrir afurðir bænda. Ég held, að þessi mannúð, sem kemur fram hjá þessum tveim hv. þm., stafi af misskilningi og af því, að þeir þekkja ekki eins vel og við sveitamennirnir, hvernig þetta gengur til. Ég hefi oft séð lömb gelt og einnig verið við það sjálfur, og það hefir alltaf farið vel. Yfirleitt skiptir það minnstu, hvernig svæft er eða deyft, heldur að sæmilegir menn starfi að þessu, sem fara þriflega að verki. Ég verð því, þrátt fyrir ummæli þessara hv. þm., að vænta þess, að d. sjái sér fært að fylgja brtt. minni.

Halldór Steinsson: Hv. 3. landsk. sagði, að það hefði allt í einu komið fram þessi mikla mannúð hjá mér, þar sem ég hefði ekki flutt frv. í þessa átt á öllum þessum árum, sem ég hefi setið á þingi.

Hv. þm. má muna það, að á síðasta þingi kom fram þessi mannúð hjá mér viðvíkjandi þessu frv. Ég vakti athygli á því, að frv. væri einskis virði, ef það næði ekki til allra húsdýra, og síðan frv. kom fram hefi ég haldið sömu stefnu.

Hv. þm. hélt, að við, sem andmæltum þessu, vissum ekki, hvernig þetta gengi til. Ég hefi oft séð gerðar þessar aðgerðir á lömbum og allskonar skepnum, og einnig gert það sjálfur, svo ég hygg, að ég hafi eins góð skilyrði og hv. þm. til að vita, hve mikill sársauki þessum aðgerðum er samfara. Ég held því hiklaust fram, að þó það megi segja, að sársauki hjá ungviði sé nokkru minni en hjá eldri skepnum, þá sé hann þó alltaf allmikill, og ef á annað borð á að fást við deyfingar í þessu tilfelli, þá á það sannarlega að ná til dýra yfirleitt, en ekki að taka undan sérstakt aldursstig.

Það, sem skín út úr ræðu hv. þm., er það, að þetta frv. er ekki flutt í mannúðarskyni og þess vegna megi haga þessu eins og hann fer fram á. En ég hefi alltaf litið svo á, að þetta hafi verið gert til þess að taka sársauka frá dýrunum undir þessum aðgerðum, og það markmið næst því aðeins, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég veit ekki almennilega, hvað á að verða úr þessu frv. núna, eftir því sem ég hefi heyrt utan að mér. Það hljóta sennilega allir að vera á sama máli um það, að bezta fyrirkomulagið væri, að þetta næði til allra húsdýra, ungra sem gamalla. En svo er spurningin þessi, þegar til bændanna kemur, hvort þessi l. verða framkvæmd, ef felld er brtt. hv. 3. landsk., hvort l.

verða ekki að vettugi virt, ef bændur eru á sama máli og hv. þm., sem ég álít satt að segja vera málsvara bændanna. Þess vegna hefði ég viljað fá að vita, hver væri afstaða n. í þessu máli. Því ef l. verða að vettugi virt af bændum, svo framarlega sem brtt. hv. 3. landsk. verður felld, þá er tilgangi frv. alls ekki náð, og ef frv. verður fellt og brtt. líka, þá eru þeir, sem bera þetta mál fyrir brjósti — og ég tel mig vera einn af þeim — engu nær. Ég vildi því fá að vita, hvernig landbn. lítur á þessa brtt. og hvort hún álítur, að l., ef þau yrðu samþ., mundu þá ná tilgangi sínum, ef brtt. yrði felld. Mér finnst þessi kostnaður ekki vera svo gífurlegur. Ég hefi spurzt fyrir um, hvað lyfið mundi kosta á hvert lamb, og það fer ekki í smásölu fram úr 30 aurum, og ég er ekki í vafa um það, að ef lyfið væri keypt hjá áfengisverzlun ríkisins, væri hægt að fá það með sama verði og apótekarar fá, og væri þá alltaf slegið af ⅓ verðsins, svo lyfið mundi ekki verða nema 20 aur. á hvert lamb. Ég veit, að bændur tekur svo sárt til þeirra dýra, sem þeir umgangast, og vilja láta þeim líða sem bezt, að þeir munu varla láta sig muna um þetta litla gjald. En ef það ætti að verða frv. að falli, þá er ég í vafa um, hvort ég á að greiða atkv. með eða móti þessari brtt. hv. 3. landsk. Ég vænti þess vegna að fá upplýsingar frá n. um það, hvað hún álítur í þessu efni.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. þm. Hafnf. var að óska eftir áliti n. um þessa brtt. Ég get sagt hv. þm. það, að n. hefir ekki fjallað neitt um þessa brtt., því hún er fyrst fram komin á þessum fundi. Það verður því hver nm. að segja fyrir sig, hvernig hann lítur á þetta, svo hv. þm. geti fengið að vita hug og vilja n. Sjálfur get ég sagt það, að ég álít, að ef það verður jafnalmennt að gelda lömb eins og einu sinni var, er ég hræddur um, að margir bændur verði heldur tregir til þess að hafa þessa aðferð, bæði vegna kostnaðarins og þeirra óþæginda og tafa, sem ég geri ráð fyrir, að þessu verði samferða. Það er oft mikið að gera á vorin og erfitt að hafa mann við hendina, sem kynni að fara með þessi meðul, hvenær sem lömb eru gelt. Ég hafði nú hinsvegar búizt við því, að geldingaöldin á lömbunum væri um garð gengin, því það hefir um langt skeið verið svo lítið gert að því. (**JónJ:** Hún er að rísa upp aftur). Já, ég veit, að það er farið að bóla á henni á ný, en þó er mér ekki vel ljóst, hvernig þetta verður í framkvæmdinni.

Þegar litið er á þessa hlið málsins frá bláköldu sjónarmiði þess tilgangs, sem þetta frv. fyrst og fremst hefir, sem sé að firra þessar skepnur sársauka, þá eiga yngri húsdýr auðvitað jafnmikinn rétt á sér og þau eldri og stærri. En ef á að framkvæma þetta í stórum stíl á sauðfé, þá er ég hræddur um, að margir gleymdu að framfylgja þessum fyrirmælum, þegar um lömbin væri að ræða.

Jón Jónsson: Ég veit ekki betur en að það sé skoðun allra þeirra, sem mest hafa fengizt við sölu á frosnu kjöti til Englands, og þá sérstaklega þess manns, sem mest hefir kynnt sér frystingu kjöts og hvernig Ástralíumenn hafa skipað þessum málum, að mikið sé heppilegra fyrir brezka markaðinn, að hrútlömb séu gelt. Það hefir verið gert talsvert að því á Norðurlandi og fer mikið í vöxt, og það er þeirra skoðun, að við það verði vaxtarlag og holdafar miklu betra. Þetta, sem hér er um að ræða, getur því skipt miklu máli.

Ég vil þakka hv. þm. Hafnf., sem mun hafa verið einn af flm. brtt., sem var samþ. hér við 2. umr., fyrir þá sanngirni, sem hann vill sýna í þessu máli. Hann óskaði eftir að heyra álit n., og hefir hann nú heyrt, hvað hv. 2. þm. N.-M. sagði, og ég og hv. 4. landsk. leggjum mesta kapp á, að þessi brtt. verði samþ.

Ég býst við, að það geti orðið minni mannúð en til er ætlazt, að halda fast á móti þessari breyt., því að það getur orðið til þess, að frv. dagi uppi, og er þá verr farið en heima setið fyrir þessa hv. þm.

ATKVGR.

Brtt. 412 samþ. með 7:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 53. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 413).

Á 56. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Lárus Helgason): Þetta frv. hefir tekið þó nokkrum breyt. frá því það fór úr þessari hv. d., og þess vegna vil ég f. h. landbn. óska þess, að það verði tekið af dagskrá, svo að henni gefizt færi á að athuga það nánar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 413, 646).

Frsm. (Lárus Helgason): Þetta litla frv. er orðið svo þekkt hér í d., að varla mun þörf á löngum umr. um það nú. Ég vil aðeins láta þess getið f. h. n., að hún hefir ekki getað fallizt á þær breyt., sem Ed. gerði á frv., en vill breyta því í sama horf og það hafði, þegar málið var afgr. frá þessari d.

Það er kunnugt, að nú er mjög víða farið að svæfa dýrin áður en gelding fer fram, einkum hesta, og n. er ekki kunnugt um annað en það hafi gengið mjög vel. Um staðdeyfinguna er aftur á móti mjög óvíst, að hve miklum notum hún muni geta komið, og er hætt við, að þar yrði um meira kák að ræða.

Þetta frv. hefir allt frá byrjun verið flutt í mannúðarskyni, enda hefir d. tekið málinu vel, þó að erfiðlega hafi gengið að koma því gegnum þingið. Ed. hefir alltaf staðið einkennilega í vegi þess, að frv. gæti orðið að l. Eins og hv. þdm. muna, þá samþ. hún í fyrra frv. óbreytt að öðru leyti en því, að l. skyldu ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir 2 ár, en það vildi Nd. ekki fallast á. Nú hefir Ed. sleppt því, en fundið upp á þessu til að reyna að koma í veg fyrir, að málið geti gengið fram.

Ég álít, að óþarfi sé að fara fleiri orðum um þetta, en vona, að hv. d. sýni sama vilja og áður í þessu máli með því að samþ. brtt. n.

Steingrímur Steinþórsson: Ég vil skýra frá því, að ég var ekki á fundi, þegar landbn. afgr. þetta mál, og hefi því óbundið atkv. um frv., og skal ég þá lýsa því yfir, að ég er mótfallinn þessari afgreiðslu málsins. Þetta frv. mun hafa gengið í gegnum nær 20 umr. á þinginu í fyrra og nú. Ég sé enga ástæðu til að hrekja málið þannig lengur milli deilda, af því að hér er deilt um hluti, sem menn virðast enga hugmynd hafa um. Skal ég ekki deila um það út af fyrir sig, sem um er deilt, hvort staðdeyfing eða svæfing sé hentugri þegar gelda þarf húsdýr. En ég vil ekki, að lengur sé verið að hrekja þetta frv. aftur og fram milli deilda, og geri ég það því að till. minni, að frv. sé vísað til stj.

Frsm. (Lárus Helgason): Það er alveg rétt, að hv. 1. þm. Skagf. var ekki viðstaddur, þegar frv. var afgr., en mér láðist að geta þess í fyrri ræðu minni.

Ég vil vænta þess, að d. fari nú ekki að breyta um sínar fyrri gerðir í þessu efni, heldur fallist á þær brtt., sem fram hafa komið frá meiri hl. n. Þá er víst, að tilgangur frv. næst; fyrir því er reynsla fengin, en aftur á móti er allt óvíst um þá aðferð, sem Ed. vill láta hafa.

Ég vænti því, að d. fallist ekki á till. hv. 1. þm. Skagf., en samþ. brtt.

ATKVGR.

Till. 1. þm. Skagf. um að vísa frv. til stj. felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, VJ, BJ, BKr, HStef, IngB, JAJ, PHalld, StgrS.

nei: ÞorlJ, BSt, BÁ, GÍ, HG, HV, JJós, JónasÞ, LH, MJ, PO.

MG, ÓTh, JörB greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (SvbH, TrÞ, ÁÁ, HJ, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 646,1 samþ. með 14:1 atkv.

— 646,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 646,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:6 atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um geldingu hesta og nauta.

Á 72. fundi í Ed., 15. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 679).

Á 74. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Halldór Steinsson: Eins og kunnugt er, þá hefir þetta stóra frv. mætt nokkrum á-

greiningi á síðustu þingum. Þegar frv. lá núna fyrir þessari hv. d., voru gerðar á því breyt. til bóta, eins og t. d. að láta það ná til allra húsdýra o. fl., er betur mátti fara, en hv. Nd. færði það aftur til hins fyrra horfs, í trássi við þessa hv. deild. Þar sem nú mál þetta veldur svona miklum ágreiningi innan þingsins, þá vil ég leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til stj., í trausti þess, að hún taki málið til athugunar í samráði við dýralækna landsins og leggi fyrir næsta þing frv. um þetta efni. Ég vil því leyfa mér að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstj. í samráði við dýralækna landsins undirbúi og leggi fyrir næsta þing frv. til laga um geldingu húsdýra, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Snæf. samþ. með 9:1 atkv.

3. Höfundaréttur.

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl var útbýtt:

Frv. til l. um höfundarétt (þmfrv., A. 459).

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 459, n. 696).

Frsm. (Jón Jónsson): N. var alveg sammála hv. flm. þessa frv. um, að æskilegt væri, að sett sé ný löggjöf um þessi efni, því að engum dylst, að réttur rithöfunda og listamanna er mjög illa tryggður og nauðsynlegt að ráða á því bót. Í lögum erlendra þjóða er miklu betur frá þessu gengið. En hér er um mjög umsvifamikinn lagabálk að ræða og ekki hlaupið að því að semja hann, vegna þess að engin ráð né tillögur hafa enn fengizt frá þeim mönnum, sem hér hafa mest vit á. N. álítur því ekki, að gott sé að leggja frv. fyrir svo illa undirbúið, svo að hún hefir samþ. að leggja til, að málinu sé vísað til stj., sem svo gengst fyrir athugun og undirbúningi þess og leggur það fyrir næsta þing. Því legg ég fram af n. hálfu rökst. dagskrá, á þskj. 696, og legg til, að málið verði afgr. á þann hátt.

Jón Baldvinsson: Við vorum beðnir fyrir þetta frv. seint á þingi, 3 Ed.m. Það var því ekki von, að það gæti gengið í gegn á þessu þingi, og þeir, sem hlut eiga að máli, hafa sætt sig við, að því yrði vísað til stj., með því skilyrði, að hún leggi það betur undirbúið fyrir næsta þing. Flm. eru ekki bundnir við að fylgja frv. í einstökum atriðum, og má vera, að ég vilji einhverju víkja til í frv. En þetta liggur nú ekki fyrir, heldur hitt, að málið sé nú falið stj. til þess að undirbúa það enn betur og leggja það síðan fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 696, frá menntmn., samþ. með 11 shlj. atkv.

4. Lýðskóli með skylduvinnu nemenda.

Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (þmfrv., A. 224).

Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Þetta frv. er ekki nýr gestur hér á Alþingi. Það

hefir legið fyrir hverju þingi allt frá 1929, og hefir allmikið verið um það rætt. Það væri því að bera í bakkafullan lækinn að fara að halda langa framsöguræðu fyrir því nú. Eins og kunnugt er, þá er það samið og undirbúið af Björgvin Vigfússyni sýslumanni og flutt hér fyrir eindregin tilmæli hans. Hann hefir óbifandi trú á því, að þetta skólafyrirkomulag megi verða að miklu gagni, og virðist því ekki nema rétt, að sú trú hans megi fá að sýna sig í verkinu, eins og talið er nauðsynlegt um alla trú.

Í frv. er lagt inn á nýjar brautir í skólamálum. Það er sprottið upp af mikilli hugsun um þessi mál. Eins og kunnugt er, þá stóðu fyrir nokkrum árum allmiklar deilur um héraðsskólamál austursýslnanna, Árnes- og Rangárvallasýslu. Varð endir þeirrar deilu sá, sem menn vita, að skólinn var byggður á Laugarvatni. Töldu þá ýmsir, að enn væri óleyst héraðsskólamál Rangárvallasýslu, og voru ráðagerðir manna á ýmsa vegu um lausn þess máls. Ávöxturinn af þeim ráðagerðum er svo frv. þetta, þó í nýrri mynd sé. Aðaltilgangur frv. er að auka almenna lýðmenntun. Að konur eru útilokaðar frá skólum, sem starfa kunna með þessu fyrirkomulagi, er eins og segir í grg. sakir þess, að hyggilegra sé, að reynsla fáist um skóla þessa, áður en þeim sé gefinn kostur á að sækja þá.

Hvað snertir þá hlið þessa máls, sem snýr að ríkissjóði, þá er hún með öllu hættulaus fyrir hann; þar eru sett svo þröng takmörk. Sama máli gegnir um sýslufélögin og sýslubúa. Þau hafa alveg frjálsan rétt til þess að hafna þessum skólum, ef þeim sýnist svo.

Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá hefir mál þetta verið þrautrætt áður hér í þinginu, taldir fram kostir þess og lestir. Skal ég því ekkert endurtaka af því, sem um það hefir verið sagt, en ég vil benda hv. þm. á að lesa grg. frv., því að þar er saga þess rakin. Vænti ég svo, að þeir sýni því þá velvild að lofa því að ganga til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til menntmn. með 8 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 19. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 224, n. 685).

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta frv., svo mikið hefir það verið rætt síðan 1929. Það hefir ekki átt miklum vinsældum að fagna og hefir heldur ekki náð samþykki. Síðasta ferð þess varð nú til menntmn. Ed. Hefir nú verið gefið út nál. ásamt umsögn fræðslumálastjóra. Aðalhugmynd frv. er góð og merk. Er það leitt, að frv. skyldi ekki fá að reyna sig neitt, því að það felur í sér möguleika til framfara á þessu sviði. Hnígur hugmyndin í átt þeirrar skoðunar, sem nú er mjög að ryðja sér til rúms annarsstaðar, og má þar til nefna Þýzkaland. Hefi ég lesið og þýtt kafla úr ritgerð eftir þýzkan lýðháskólakennara, sem ég vildi, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa hér upp. Greinin var rituð áður en Hitlersstjórnin tók við völdum:

„Þýzkaland er sem stendur eina landið í heiminum, sem hefir komið á hjá sér sjálfboðavinnu í uppeldisskyni. Í júlí 1931 var gefin út reglugerð um þessa starfsemi, en hún var þá þegar hafin og átti sér mikið fylgi um allt land. Það er komizt þannig að orði í reglugerðinni:

Fyrirkomulag hinnar frjálsu sjálfboðastarfsemi gefur æskulýð Þýzkalands tækifæri til að inna stórkostlega þýðingarmikið starf af hendi í þarfir alþjóðar, jafnframt því að þroska og efla eigin hæfileika til líkama og sálar.

Þessi sjálfboðavinnuhreyfing hefir eflzt mjög mikið, og við síðustu áramót tóku virkan þátt í henni um 280 þús. menn og konur. Svo að segja allir lýðskólar í Þýzkalandi, mikill hluti kvöldskóla og félög þau, sem starfa að menntun alþýðu, taka virkan þátt í þessari sjálfboðavinnu. Skólarnir skipta nemendum sínum og félögum í nemendadeildir, sem vinna að ýmiskonar störfum vissan hluta dagsins, svo sem garðyrkju, jarðyrkju, trjáyrkju, byggingum, iþróttavallagerð o. fl.“.

Ég þýddi þetta að gamni mínu, því að mér virtist hér vera stefnt í svipaða átt

og í frv., í því að sameina vinnu og nám á hentugan hátt. Þó að hér greini nokkuð á um framkvæmdirnar, er þó í frv. nokkur hluti, sem athuga ætti nánar. Til þess að þurfa ekki að tefja mikið fyrir hv. d. með löngu máli um frv., sem því miður mun ekki eiga sér lífsvon hér í hv. d., hefi ég hugsað mér að bera fram svofellda rökstudda dagskrá:

„Í því trausti, að ríkisstj. láti íhuga þetta mál í sambandi við athugun þá á alþýðufræðslulöggjöfinni, sem menntmn. Nd. hefir lagt til, að gerð verði, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá".

Einar Árnason: Ég hefi skrifað undir þetta mál með fyrirvara, og stafar það af því, að ég er ósamþykkur nál. að öðru leyti en niðurstöðu þess, að fella frv. Í nál. segir, að n. viðurkenni höfuðhugsunina í frv. Ég tek það fram, að ég viðurkenni ekki þá höfuðhugsun þess, að gefa sýslunefndum heimild til að hneppa alla unga karlmenn í 7 vikna áþján fyrir rétt til 6 mánaða skólavistar innan sýslunnar, og það þó að þeir hafi e. t. v. engin tök á að sækja skólana og vilji jafnvel hvorki heyra þá né sjá. Ég viðurkenni heldur ekki þá hugsun að útiloka ungt kvenfólk frá því að eignast þann rétt, sem piltum er ætlað að öðlast með skylduvinnunni. Þá viðurkenni ég heldur ekki réttmæti þess, að skólavistin verði dýrari þarna en í öðrum skólum landsins, en það hlýtur að verða. Þá segir í nál., að n. styðji fellingu frv. við ummæli fræðslumálastjóra. Ég hefði lagt á móti frv., hver svo sem orðið hefðu ummæli fræðslumálastjóra. Annars sé ég ekki ástæðu til að fara út í frekari umr. um þetta frv., sem n. leggur til, að verði samþ.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég sé ekki ástæðu til þess, að hv. d. fari að samþ. þá rökst. dagskrá, sem hér var borin fram, m. a. vegna þess, að þáltill. sú, sem menntmn. bar fram í Nd., hefir ekki enn verið rædd þar og því síður samþ. Er óvíst, hvernig fer um þessa þáltill. Í annan stað get ég ekki mælt með þessum frágangi á frv., því að það er óþarfa krókaleið til þess að láta málið sofna. Held ég, að frv. verði jafnljúfur svefn í faðmi hv. flm. eins og einhverrar stj., enda þótt hugmyndin kunni að vera að einhverju leyti nýtandi.

Halldór Steinsson: Ég skil ekki óvild hæstv. ráðh. gegn þessu frv. Hann og aðrir viðurkenna, að hugmundin sé góð, og þó eru þeir hinir sömu með allskonar útúrdúra til þess að koma henni fyrir kattarnef. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri ástæða til þess að samþ. þessa rökstuddu dagskrá, þar sem þessi þáltill. lægi nú fyrir Nd. En það eru einmitt líkur fyrir því, að sú þáltill. verði samþ., og þó að hún næði ekki samþ., þá er samt hart að heyra úr ráðh.stóli amazt við því, að einhverju máli sé vísað til stj. til athugunar.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að með þessu yrði áþján leidd yfir unglinga landsins. Get ég ekki verið honum sammála um það. Annars er það undarlegt, að flestir, sem taka til máls um þetta, viðurkenna, að hugmyndin sé góð, en vilja þó reyna að koma henni fyrir kattarnef.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég hélt, að það væri ekkert nýmæli að vísa svona málum til stj., og ég tel, að hún sé ekki neitt of góð til að taka við þeim. Hitt er annað mál, ef hv. dm. leggjast á móti því, að þá verður þar við að sitja. — Ég átti ekki von á því, að hv. 2. þm. Eyf. yrði svona mótfallinn málinu. Hann virðist hafa herzt í andstöðunni gegn því síðan við áttum tal saman um málið í menntmn. Annars held ég, að þetta mál sé fullkomlega þess virði, að það sé tekið til rækilegrar íhugunar í sambandi við athuganir og ef til vill breytingar þær, sem væntanlega verða gerðar á alþýðufræðslunni.

Ég vil ekki vera að stofna hér til deilna um þetta mál. Finnst mér það ætti sem bezt að geta farið á friðsamlegan hátt út úr d.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 6. landsk. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, GL, HSteins, JakM, JónJ, JónÞ, MT, GÓ.

nei: PHerm, EÁrna, IP, JBald, JónasJ.

Einn þm. (PM) fjarstaddur.

5. Útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Á 4. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum (þmfrv., A. 36).

Á 5. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Í grg. þessa frv. hefi ég tekið fram aðalrökin fyrir því, að rétt sé að afnema með öllu útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta efni. Það er öllum kunnugt, að verð á útflutningsvörum landbúnaðarins er orðið svo lágt, að til stórra vandræða horfir, og hafa af þessum ástæðum meira að segja komið fram kröfur um útflutningsverðlaun til handa þeim bændum, sem flytja vörur sínar á erlendan markað. Lítur enda út fyrir, að þessar vörur séu ekki heppilegur gjaldstofn á þennan hátt. — Ég skal ekki fara út í það, hvort komið geti til mála að afnema útflutningsgjald af öðrum vörum, en að því er sjávarafurðirnar snertir verður ekki sagt, að um þær gildi sú sama augnabliksnauðsyn sem um afurðir landbúnaðarins, því að þær eru nú í allháu verði.

Ef frv. þetta verður samþ., verður nauðsynlegt að gera ýmsar ráðstafanir til að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, sem af þessu leiðir, en ég sá þó ekki ástæðu til að gera neinar till. í þessa átt í sambandi við niðurfelling l.

Að lokum vil ég aðeins leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 172 og 182).

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Í n. hefir ekki orðið mikill meiningarmunur um þetta mál. Hv. 1. landsk. vill samþ. það með vissum skilyrðum, en meiri hl. vill samþ. það óbreytt. Útflutningsgjaldið nemur nú 40—50 þús. kr. á ári, eða álíka upphæð og greidd er til ræktunarsjóðs. Ræktunarsjóður mun nú vera um 800 þús. kr., og vantar því um 200 þús. upp í tillög ríkissjóðs til að hann nái milljón. Nú er ekki aðskilinn fjárhagur milli landbúnaðar og sjávarútvegs, og sé ég því ekki ástæðu til að breyta ákvæðum laga frá 1925 um framlag til sjóðsins, þegar þess er gætt, að næstum allur markaður fyrir sjávarafurðir er erlendis, en meira en helmingur af landbúnaðarafurðum hefir sinn markað innanlands, og að sá markaður er bæði betri og ábyggilegri en erlendi markaðurinn. Því hlýtur öll sanngirni og skynsemi að mæla á móti að nota þá vöru landsmanna sem skattstofn, sem langverst er sett um markað, og er jafnvel ástæða til að ætla, að hættulegt geti verið að hafa þennan skatt, að það geti orðið til að spilla fyrir samningum við aðrar þjóðir að nota þessar vörur sem grundvöll undir skatti. Það liggur því í augum uppi, að þessi skattur getur ekki staðizt lengur. Hitt er annað mál, hvort menn vilja fallast á brtt. hv. 1. landsk.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Brtt. mín felur það í sér, að gjald þetta skuli fellt niður án þess að íþyngja ríkissjóði með tekjumissi, því að með henni er ríkissjóður losaður við útgjöld, er nema þeim hluta útflutningsgjaldsins, er fella á niður.

Í ræktunarsjóðslögunum er svo ákveðið, að ríkissjóður skuli smátt og smátt leggja fram fé til ræktunarsjóðs, er nemi einni milljón króna. 1925 voru svo samþykkt lög um hækkun á útflutningsgjaldi, og var svo ákveðið, að ræktunarsjóður nyti þeirrar hækkunar, þó þannig, að frá 1. jan. 1927 átti þessi hækkun að skiptast svo, að ¾ rynnu til strandgæzluskips, en ¼ til ræktunarsjóðs. Var þannig ætlazt til, að gjaldaukinn af landbúnaðarafurðum rynni til ræktunarsjóðs, en útflutningsgjald af sjávarafurðum til landhelgisgæzlu. Sá hluti útflutningsgjaldsins, sem frv. fer fram á að falli niður, er því sá, er gengið hefir til ræktunarsjóðs. Ef frv. verður að lögum, er ekki sanngjarnt,

að ríkissjóður haldi áfram að greiða tillagið, þar sem gert er ráð fyrir sérstökum tekjum til þess. Að því er snertir höfuðstól ræktunarsjóðs er það að segja, að hann er 2684000 kr., en hv. frsm. meiri hl. mun hafa átt við þá upphæð, er ríkissjóður átti að greiða, og er nú komin á 8. hundr. þús.

Greiðsla úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs var síðasta ár 44 þús. kr., eða sama upphæð og útflutningsgjald að landbúnaðarafurðum.

Nú er það svo, að ræktunarsjóður fær ekki fé til útlána með því að stofna höfuðstól, heldur sem milliliður milli lánveitenda og lántakenda. Hann gefur út jarðræktarbréf og hefir á þann hátt haft 2921000 kr. í umferð. Þessi fjáröflunarleið stendur sjóðnum enn opin, og skiptir því litlu máli fyrir útlánastarfsemi sjóðsins, hvort hann fær 40—60 þús. kr. úr ríkissjóði eða ekki. Mér finnst óeðlilegt að leggja á skatta til að safna í sjóð, sem á að lána mönnum peninga. Viðhorf manna gagnvart skuldum og lánum er líka annað en það var 1925. Þá þótti mest um vert, að hægt væri að veita bændum sem mest lán, en nú er kvartað yfir því, að meira lánsfé sé komið í landbúnaðinn en hann geti risið undir. Hvað sem segja mátti um þetta framlag 1925, er það úrelt nú. Brtt. gerir frv. aðgengilegra, því að verði hún samþ., er hag ríkissjóðs ekki íþyngt meira en þörf er á.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég býst við að geta greitt frv. þessu atkv. mitt, ef brtt. á þskj. 182 verður samþ. En að mínu viti gildir það ekki um landbúnaðinn einan, að útflutningsgjald sé óheppilegur skattstofn. Ég ætla, að sama megi segja með sanni um sjávarafurðir. En ef þessi ráðstöfun þarf ekki að koma við hag ríkissjóðs, tel ég ekki skipta máli, þótt frv. verði samþ., en sú samþykkt verður til að styrkja þá kröfu, að útflutningsgjald verði einnig fellt niður á sjávarafurðum.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Það var rétt, að þegar ég talaði um milljón króna höfuðstól ræktunarsjóðs, átti ég við framlag ríkissjóðs. Ég skal ekki fara út í deilur um það, hvort rétt sé að fella niður framlagið. En hitt vil ég leggja áherzlu á, að ósæmilegt sé að hafa landbúnaðarvörur sem skattstofn.

Hitt er annað mál, að ég tel eðlilegra, að staðið verði við samningana um framlagið, en mér finnst, að komið gæti til greina, ef hv. 1. landsk. tæki brtt. sína aftur, að fresta þessu framlagi ríkissjóðs um stund.

Ég vil ekki mótmæla hv. 1. þm. Reykv. um það, að útflutningsgjald á sjávarafurðum sé ekki skemmtilegur skattstofn heldur, en markaðurinn er þó ekki lokaður fyrir þeim vörum og verðið ekki sem verst, og heldur batnandi.

Í öðru lagi er það eðlilegt fyrir það, að sjávarútvegurinn hefir að sumu leyti betri aðstöðu en landbúnaðurinn, þar sem sjávarútvegurinn byggist á rányrkju. Hann tekur fiskinn í hafinu án þess að kosta nokkru til þess að ala hann upp handa sér, en landbúnaðurinn þarf aftur á móti að afborga og standa undir 50 millj. kr. höfuðstóli í hinu nýtilega landi. Þess vegna er það ekki hyggilegt fyrir þá, sem vilja afnema útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, að samþ. brtt. 182. Hitt er annað mál, að hægt væri að fresta um eitt ár styrkveitingu til ræktunarsjóðsins, ef mönnum sýndist það svara fyrirhöfn.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég ætla ekki að bera brigður á það, að landbúnaðurinn þurfi nú aðstoðar með; ég veit, að sjá atvinnuvegur er nú í mikilli þröng staddur, enda geri ég ekki ráð fyrir því, að þetta þing líði svo, að eitthvað talsvert verði ekki gert í þá átt að hjálpa bændum. Hitt verð ég að segja, að þó þetta frv. sé fram borið í góðum tilgangi, þá sé það nú í raun og veru meira til að sýnast en vera. Það, sem hér ræðir um, er svo mikið smælki, svo óverulegt atriði, að ekki er hægt að hugsa sér, að það sé nokkur hjálp fyrir bændur. Það er kunnugt, að meiri hl. af öllu kjöti, sem út er flutt, er flutt fryst til Englands. Það mun láta nærri, að á síðasta ári hafi kjötverðið verið 50 aurar pr. kg. Meðalþyngd á hverju lambi er nálægt 12 kg., eða 6 kr. virði lambskroppurinn. Ef nú útflutningsgjaldið yrði fellt niður, þá mundi það nema verðuppbót 9 eða í hæsta lagi 10 au. á hvern skrokk. Sá

bóndi, sem hefði 100 dilka til innleggs, fengi þá 9—10 kr. meira fyrir innlegg sitt, ef útflutningsgjaldið yrði fellt niður. Ég segi það eitt, að það stendur nokkuð í járnum fyrir þeim bónda, sem þetta getur orðið til björgunar. Á hitt er aftur að líta, þó þetta muni hvern bónda lítið, þá er þetta talsverð tekjurýrnun fyrir ríkissjóðinn, og ef sú tekjurýrnun á að ganga út yfir ræktunarsjóð, sem gert er ráð fyrir í l. frá 29. maí 1925, að fái samtals 1 millj. kr. af útflutningsgjaldinu, þá verð ég að telja það vafasama ráðstöfun. Eins og kunnugt er, þá hafa verið gefin út jarðræktarbréf af sjóðnum, og trygging fyrir þessum bréfum er einmitt þessi eina milljón, sem sjóðurinn á að fá af útflutningsgjaldinu, og þó ég telji það að vísu fullljóst, að jarðræktarbréfin eru vel tryggð og ef til vill betur tryggð en önnur verðbréf hér á landi, jafnvel þó ekki kæmi til sjóðsins nema þær 800 þús. kr., er hann hefir þegar fengið af útflutningsgjaldinu, þá tel ég það alveg vafamál, að ríkissjóður geti verið að hringla með það, sem treyst hefir verið á í þessu efni, að ræktunarsjóður fengi samtals 1 millj. kr. Mætti ætla, að eigendur jarðræktarbréfanna teldu sig gabbaða og að það gæti haft áhrif á sölu þeirra. Ef þær yrðu afleiðingarnar, er sýnt, að ókostir frv. yrðu meiri en kostirnir.

Hitt verð ég og að segja, ef frv. verður samþ. óbreytt og ræktunarsjóður heldur sínum tekjum, þá er það ekki sanngjarnt að láta sjávarútveginn einan gefa þessar tekjur ræktunarsjóðs, sem ómótmælanlega aðeins koma þeim til hagsbóta, sem landbúnað stunda.

Þegar gætt er að öllu þessu, er það auðséð, að vinningur af þessu frv. er mjög lítill og ekki líklegur til að koma þeim að gagni, sem til er ætlazt, en hinsvegar nokkurnveginn séð, að eitthvert tjón gæti hlotizt af samþykkt þess. Þykir mér réttast að greiða atkv. móti frv. þegar við þessa umr.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Hv. flm. taldi það ekki hyggilegt að samþ. brtt. mína fyrir þann, sem annt væri um að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, en ég lít svo á, að stj., sem auðvitað lætur sig miklu skipta mál eins og þetta, sem hefir áhrif á tekjur ríkissjóðsins, hún leggi áherzlu á það, að heldur sé farin sú leið, sem tryggði það, ef hægt væri, að ríkissjóður þyrfti einskis í að missa. Ég tel því þá, sem annars vilja fella útflutningsgjaldið niður, gera réttast í því að greiða brtt. minni atkv.

Hitt kemur mér ekki á óvart, að hv. 4. landsk., sem verið hefir forstjóri ræktunarsjóðs frá því hann var stofnaður árið 1925, þyki sárt að missa framlagið til sjóðsins, en rök þau, er hann færði fyrir sinni skoðun, gat ég hinsvegar ekki fallizt á. Það er að vísu rétt, sem hann tók fram, að þessi fyrirhugaða milljón er trygging fyrir jarðræktarbréfum ræktunarsjóðs, en lög sjóðsins mæla svo fyrir, að gefa megi út jarðræktarbréf, er nemi samtals sexfaldri sjálfseign sjóðsins. Það er álitið nóg, að sjálfseigin sé ⅙ móti jarðræktarbréfunum. En enn er nú ekki búið að gefa út fleiri bréf en það, að hlutfallið er þannig, að jarðræktarbréfin eru aðeins $\frac{1}{10}$ hærri en sjálfseignin. Það á því svo langt í land, að þetta skipti nokkru um tryggingu jarðræktarbréfanna, hvort tillagið til ræktunarsjóðs fellur niður eða ekki, að ekki er sjáanlegt, að um það þurfi að hugsa í næstu framtíð.

Í sambandi við það, sem hv. flm. sagði um, að það gæti komið til mála að fresta greiðslunni til ræktunarsjóðs, þá vil ég benda á það, að jafneðlilegt væri, að ákvæðið um að fella niður útflutningsgjaldið væri þá einnig til bráðabirgða. Þetta tvennt, útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum og tillag til ræktunarsjóðs, er sama eðlis, og því eiga ráðstafanir um þessi atriði að haldast í hendur. Ef þær verða gerðar til frambúðar, þá á það að ná til þessara atriða beggja, en ef ráðstafanirnar verða aðeins til bráðabirgða, þá eiga þær að ná jafnt til útflutningsgjaldsins og ræktunarsjóðsins.

Það má ekki ganga framhjá því, að þegar þetta framlag til ræktunarsjóðs var ákveðið, þá var jafnframt ákveðið að afla tekna á sérstakan hátt í því augnamiði. Þess vegna er það eðlilegt, að þessi tvö atriði verði látin fylgjast að, hvort sem ráðstafanirnar verða látnar gilda til bráðabirgða eða frambúðar. En ég er

ekki hræddur við það, þó nú verði gerðar breyt. til frambúðar í þessum efnum, því ræktunarsjóður getur sér að meinalausu misst þessar tekjur. En hitt er hvorki rétt né hyggilegt á þessum tímum, að vera að safna fé í sjóð með skatti á lamaðan atvinnuveg til þess að veita sama atvinnuvegi lán.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég álít, að ég þurfi ekki að svara hv. 4. landsk., þar sem hv. 1. landsk. hefir nú hrakið þær almennu ástæður, sem hann færði á móti frv. En ég veit, að hv. þd. hefir tekið eftir því í umr., að engin gagnrýni hefir komið fram á því, sem er aðalatriði frv., sem sé því, að það sé ekki sanngjarnt að taka skatt af nokkrum hluta einnar atvinnustéttar, þeim, er erfiðast gengur að selja sína framleiðslu, og nota svo það fé til þess að byggja grundvöll stéttarinnar í heild. Þetta mál er nefnilega fyrst og fremst réttlætismál og þar næst fjárhagsatriði. Þó hér sé ekki um að ræða nema 45 til 50 þús. kr., þá er það gjald, sem kemur mjög óréttlátlega niður, eins og ég hefi lýst, og því getur það munað ekki alllitlu.

Þá var það ekki alveg rétt, sem hv. 1. landsk. hélt fram, að þetta tvennt, útflutningsgjaldið og tillagið til ræktunarsjóðs, yrði undir öllum kringumstæðum að fylgjast að. Þegar þessi skattur var lagður á útflutta vöru í tíð 1. landsk. sem fjmrh., var svo fyrir mælt, að allt útflutningsgjaldið skyldi ganga til ræktunarsjóðs í 2 ár, en síðan ekki nema ¼ hluti þess, og þegar tillögin samtals væru búin að ná vissri hæð, þá átti útflutningsgjaldið allt að ganga til sjávarútvegsins, þá átti að hætta að styrkja landbúnaðinn; það verður kannske eftir svo sem 2 ár. Af þessu sést, að það þarf hreint ekki endilega að láta þessi tvö atriði fylgjast að. Ég álít því réttast að láta lögin hafa sinn gang um tillagið til ræktunarsjóðs, nema ef frestun gæti komið til mála. En það, sem mestu máli skiptir nú, er að létta skattinn á þeim, sem harðast verða úti.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég álít, að því megi tæplega vera ómótmælt, sem hv. 5. landsk. sagði, þegar hann var að bera saman landbúnaðinn og sjávarútveginn, að landbúnaðurinn stæði undir 50 millj. kr. höfuðstól, þar sem sjávarútvegurinn stæði ekki undir neinu, eftir því sem hv. þm. helzt virtist halda fram. Hvort rétt er eða rangt skýrt frá um höfuðstól landbúnaðarins, skal ég láta ósagt, en hitt er víst, að höfuðstóll sjávarútvegsins er margfalt meiri. Þó það sé rétt, að fiskurinn fáist ókeypis úr djúpinu, þá vantar ákaflega mikið á það, að ókeypis sé sótt á miðin. Það kann nú að vera, að afkoma sjávarútvegsins sé að þessu sinni eitthvað skárri en landbúnaðarins, en ég er ekki viss um, að þar muni eins miklu og hv. flm. heldur fram, og það liggur a. m. k. í augum uppi, að þegar um framtíðarskipulag er að ræða, dugir ekki að miða við aðeins eitt ár, þegar öðrum atvinnuveginum gengur óvenjulega illa. Hin almenna sanngirniskrafa hlýtur því að verða sú, að útflutningsgjaldið falli niður jafnt í báðum tilfellum. Það er ómögulegt með neinum rökum að halda því fram, að útflutningsgjald á landbúnaðarafurðum sé ósanngjarnt, en útflutningsgjald á sjávarafurðum sanngjarnt.

ATKVGR.

Brtt. 182 felld með 8:5 atkv.

1. gr. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, IP, JBald, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, GL, GÓ.

nei: JakM, PM, BSn.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 36, 220).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 220. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jakob Möller [óyfirl.]: Brtt. mín fer fram á það, að 2. gr. frv. verði breytt þannig, að hún hljóði aðeins um, að niður falli l. frá 1925 um hækkun útflutningsgjalds. Er óþarft að taka þetta fram um l. frá 1921, því að þau falla úr gildi af sjálfu sér með þessari lagasetningu, að því er snertir landbúnaðarafurðir. Ákvæði 1. gr. tekur af allan vafa um það,

að þau eru úr gildi fallin. En jafnframt fer brtt. fram á nýtt atriði, sem sé það, að l. frá 1925 falli ekki einasta úr gildi að því er snertir landbúnaðarafurðir, heldur sé líka felld úr gildi hækkun á útflutningsgjaldi af öðrum afurðum. Vil ég vekja athygli á því, að öll sanngirni mælir með því, að ef létt er hækkun útflutningsgjaldsins af landbúnaðarafurðum, þá nái það einnig til sjávarafurða. Hér er um það eitt að ræða, að niður falli hækkun sú á útflutningsgjaldi, sem gerð var 1925. Í frv. er farið fram á það, að allt útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum falli niður, og yrði þá að sjá ræktunarsjóði fyrir því fé, er hann á að fá, af öðrum tekjum ríkisins. Mælir þá sama sanngirni með því, að ríkinu sé séð fyrir því fé, er til verður að kosta, er þessar tekjur falla niður.

Ég veit, að mönnum mun verða það ljóst, að ástæður sjávarútvegsins, ekki síður en landbúnaðarins, eru þannig, að hann þarf aðstoðar við. Reykjavík hefir gert mikið til þess að létta gjöldum af sjávarútveginum, t. d. með því að lækka til muna hafnargjöld. Færi vel á því, að ríkið veitti slíka aðstoð líka. Geri ég ráð fyrir því, samkv. áætlun fjárl. um þessar tekjur, að verið geti að ræða um allt að 250 þús. kr., sem ríkissjóður missir við með lækkun útflutningsgjaldsins. Yrði þá að sjá honum fyrir öðrum tekjum til að bæta þetta upp, ef það er ekki hægt með auknum sparnaði, sem ég held þó, að sé fær leið. Vænti ég svo þess, að hv. d. samþ. till.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að leyfa mér að gera litla aths. viðvíkjandi þingsköpum. Ég fer fram á það, að málið verði tekið út af dagskrá, til þess að n. geti fengið tækifæri til að athuga þessa mikilvægu breyt., sem fyrir liggur.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég ætla að óska eftir, að málið verði tekið út af dagskrá, til að hv. þdm. geti fengið tíma til þess að athuga þskj. 220. N. hefir ekki komið fram með aths. og engin till. verið gerð í málinu. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að í rauninni tel ég mjög æskilegt, að létt verði útflutningsgjaldi af sjávarútveginum, ef hægt er, þó ekki væri farið fram á meira en að burt falli sérstök hækkun á útflutningsgjaldi (l. 1925 eru aðallega í sambandi við stofnun ræktunarsjóðs og ákveðið, að nokkur hluti af þessari gjaldhækkun rynni til rekstrar strandvarnarskipa). Frv. felur ekki aðeins í sér lækkun á útflutningsgjaldi, heldur að það verði með öllu fellt niður. Ég tek nú þá afstöðu til þessa, að ríkissjóður verði ekki fyrir halla af niðurfellingunni, og bar því fram brtt. þegar við 2. umr. En meiri hl. hv. d. leit svo á, að ekki væri þörf á að sýna ríkissjóði neina hlíf, heldur mætti hann við því að missa þessar tekjur; er þetta í samræmi við afstöðu hv. d. til ívilnunar á gjaldi sjávarútvegsins. Ég tel rétt, að frv. fari til Nd. í þeirri mynd, að báðum atvinnugreinum verði veitt ívilnun, þótt farið verði lengra að því er landbúnaðinn snertir, nefnil. að útflutningsgjaldið verði alveg fellt niður. Ég tek það fram, að ég mun greiða atkv. með brtt. á þskj. 220, og vona, að hv. d. sýni báðum atvinnugreinum fulla sanngirni.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég ætla mér ekki að bera brigður á mál hv. 1. þm. Reykv. og 1. landsk. Auðvitað kemur það sér vel fyrir útveginn, að létt verði af honum sköttum. En hinsvegar kemur það ekki til greina, að ríkissjóður verði látinn missa þann tekjustofn, sem þar að auki hefir til langframa ekki svo mikinn kostnað í för með sér fyrir útveginn. Á hinn bóginn er alveg sjálfsagt að fella niður gjaldið af landbúnaðarafurðum, því hér er ekki um réttlátan skatt að ræða, því að þetta háa gjald kemur einungis niður á helmingi bændastéttarinnar, meira að segja þeim hluta hennar, sem erfiðast á um þessar mundir. Allt öðru máli væri hér að gegna, ef missir þessarar tekjulindar gerði ríkissjóði miður kleift að halda uppi strandgæzlu, — en strandvarnarskip eru nú 3. En fjmrh. hefir látið í ljós þá skoðun, að þetta gjald megi missast, og verði þó kleift að halda úti öllum skipunum.

Jakob Möller [óyfirl.]: Eftir útliti fjárlagafrv. eins og það er afgr. frá fjvn. Nd., þótt gera megi ráð fyrir, að eitthvað verði lækkaðir tekjuliðirnir eftir áætlun stj., er það vafasöm ástæða til neitunar, að tekjuleysi sé við borið, því að frekar má gera ráð fyrir, að tekjurnar innheimtist betur en nú yfirstandandi og síðastl. ár. Afkoma ríkissjóðs virðist mun betri, fjárlögin eru sama sem tekjuhallalaus. Ég tel því, að erfitt sé fyrir d. að neita um lækkun á útflutningsgjaldi á sjávarafurðum. Mér finnst alveg ástæðulaust að samþ. frv., þar sem engar eða miklu minni kröfur eru gerðar um ívilnun fyrir útveginn, og vona ég, að bætt verði úr þessu á sanngjarnan hátt.

Jón Baldvinsson: Ég vil láta það álit í ljós, að ekki sé rétt að afgr. þetta mál sérstakt, heldur láta það bíða þangað til hægt er að taka það með öðrum málum, er miða að úrlausn á vandræðum þeim, er bændur eiga við að búa. Vil ég því mælast til þess við hv. flm. og forseta, að málið verði tekið af dagskrá og komi ekki fyrir aftur, nema í sambandi við önnur mál, er ræða um, hvernig létta skuli undir með bændum. Á slíkum till. mun vera von frá búnaðarþinginu.

Að öðru leyti skal ég játa, að flm. rökstyður mál sitt vel. Rétt mun það vera, að útflutningsgjaldið komi harðast niður á nokkrum hluta bænda, sem eigi bágt með að greiða það. En hér er ekki um mjög mikla fjárhæð að ræða. — Legg ég þá til, að málinu verði skotið á frest þar til er fleiri till. um lausn á erfiðleikum bænda geta orðið því samferða.

Halldór Steinsson: Ég er á sama máli og hv. 2. landsk. um, að ekki beri að flýta afgr. frv., því að það hefir í för með sér allverulega skerðingu ríkissjóðstekna, og tel ég því ekki, að frv. sé rétt afgr. án þess að fjmrh. hafi látið í ljós álit sitt á því, að hvaða leyti og hve mikið þetta hafi áhrif á ríkissjóð. Ég verð að segja, að fjmrh. hafi sýnt mikið tómlæti með því að sýna sig ekki í deildinni á meðan umr. fóru fram. Vil ég því taka undir með þeim, sem vilja taka málið af dagskrá, svo að hv. d. geti síðar fengið tækifæri til þess að heyra álit hæstv. fjmrh.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Jón Jónsson: Ég hefi ekki tekið þátt í umr. um þetta mál og ætla að láta það afskiptalaust að mestu, því að ég lít svo á, að hér sé um smámál að ræða, sem skipti litlu fyrir landbúnaðinn. Það, sem hér er farið fram á, er að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarvörum, og eins og hv. 4. landsk. benti t. d. á, þá munar það hvorki til né frá fyrir bændur, hvort það er fellt niður eða ekki, þar sem það mun ekki nema meira en 10—15 aur. á hvern dilk, en slíkt dregur ekki langt.

Það var alveg réttilega tekið fram af flm. frv., að gjald þetta kemur mjög illa niður, þar sem það lendir eingöngu á þeim, sem sæta verða hinum erlenda markaði, en hinir sleppa, er selt geta afurðir sínar á innlendum markaði.

Hvað snertir brtt. á þskj. 220, þá verð ég að andmæla henni. Ég vil alls ekki fá þau hlunnindi, sem frv. felur í sér, ef hún á að fljóta með, því að hún hefir í för með sér 300 þús. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóðinn. Samkv. síðasta yfirliti yfir tekjur og gjöld ríkisins nam útflutningsgjaldið um 1 millj. kr., en hér er farið fram á að lækka það um ⅓ part. Ég fæ ekki séð, að ræktunarsjóður sé svo öflugur, að hann megi við því, að felld verði úr lögunum frá 1925 þau ákvæði, sem brtt. hv. 1. þm. Reykv. fjallar um. Ég legg því mikla áherzlu á það, að hún verði felld. Mér liggur raunar í léttu rúmi, þó slík yrðu einnig afdrif þessa frv., enda geri ég ráð fyrir því, að það verði tæplega að lögum, þó það verði samþ. hér í þessari hv. d. Ég veit, að innan skamms er von á till. hér í þinginu um hjálp handa bændastéttinni. Þær vona ég, að verði samþ. á þessu þingi, og ef það verður, þá munu þær verða bændum mjög til stuðnings á þessum vandræðatímum. En brtt. hv. 1. þm. Reykv. er svo stórfelld, að hún má ekki ná fram að ganga.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég tek til máls aðallega út af ummælum hv. 3. landsk., þar sem hann hélt því fram, að ræktunarsjóður væri ekki svo öflugur, að hann þyldi að missa þær tekjur, sem honum eru ætlaðar með lögunum frá 1925. Ég ætla, að þarna sé um misskilning að ræða hjá hv. þm., því þó þau ákvæði laganna yrðu felld úr gildi, sem brtt. mín leggur til, að felld séu, þá snertir það ekki þá einu millj. kr., sem ræktunarsjóði er ætluð með þessum lögum, ef frv. á annað borð verður samþ. og útflutningsgjaldið af landbúnaðarvörum verður afnumið, því einmitt það á samkv. lögunum frá 1925 að ganga til ræktunarsjóðs. Hinsvegar á útflutningsgjaldið af sjávarafurðum alls ekki að ganga til ræktunarsjóðs. Þessi brtt. mín kemur því ekki ræktunarsjóði við.

Ég vil auk þessa leiða athygli hv. þdm. að því, að það er ólíku saman að jafna með þessar tvær till. Annarsvegar er lagt til, að allt útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum sé fellt niður, en hinsvegar aðeins ⅓ af útflutningsgjaldi sjávarafurða. Ég hygg því, ef það þykir sanngjarnt að fella alveg niður gjald af landbúnaðarafurðum, þá verði erfitt að sýna fram á, hver sanngirni er í því að neita með öllu niðurfærslu á útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum, sem ég hygg, að ekki hafi verið meint, að ætti að gilda til frambúðar, fremur en útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, heldur hafi hvorttveggja gjaldið átt að vera til bráðabirgða.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég vildi aðeins í sambandi við brtt. hv. 1. þm. Reykv. rifja upp þau rök, sem ég hefi áður fært fram í þessu máli. Eftir lögunum frá 1925 er greinilegur eðlismunur á útflutningsgjaldinu af þessum tveimur tegundum framleiðsluvara, þar sem annarsvegar á að verja tekjunum til þess að standast varanlegan kostnað, sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að falli niður, þar sem er hin dýra strandgæzla, er eingöngu er framkvæmd vegna sjávarútvegsins, sem á þess vegna að greiða skatt til hennar. Hinsvegar á útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum að renna til ræktunarsjóðs, þangað til hann er búinn að fá vissa, ákveðna upphæð. Ef haldið er svo áfram með þennan skatt af landbúnaðarafurðum, verður útkoman sú, að eftir nokkur ár fer landbúnaðurinn að borga í hinn varanlega kostnað strandgæzlunnar. Á það er ennfremur að líta, eins og hv. 3. landsk. tók fram, að með því að taka útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum er mikið ranglæti framið, þar sem það nær ekki til nema nokkurs hluta þeirra manna, sem framleiða landbúnaðarafurðir, og það einmitt þess hluta bænda, sem langverst fer út úr kreppunni. Það getur því varla verið alvara hv. 3. landsk., úr því hann skilur þennan órétt, að láta sér á sama standa, þó hann haldi áfram. Ef þörf er á því að leggja skatt á bændur til þess að styrkja ræktunarframkvæmdir, þá á það að vera almennur skattur, en ég hygg, að hv. 3. landsk. fái bændur aldrei til að líta svo á, að ranglátur skattur sé lítils virði.

Jón Jónsson: Út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ég býst við, að hann hafi rétt fyrir sér um það, að brtt. hans, ef hún er lesin saman við ræktunarsjóðslögin, rýri ekki tekjur ræktunarsjóðs.

Hv. 5. landsk. segir, að ég muni ekki óska eftir því, að ranglætið haldist við. Ég held því aðeins fast fram, að það skipti mjög litlu, hvort þetta útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum verður afnumið eða ekki. Það væri kannske eðlilegt gagnvart hinum atvinnuveginum, að lagt yrði eitthvert lítilsháttar gjald á landbúnaðarafurðir yfirleitt. Það kynni að þykja ósanngjarnt, að þær væru alveg undanþegnar samsvarandi skatti þeim, er sjávarafurðir standa undir. En hvað frv. hv. 5. landsk. viðkemur, þá sé ég ekki, að það skipti miklu, hvort þetta 10 til 15 aur. gjald á hvern dilk verður fellt niður eða ekki, en ef það á að kosta svo stórkostlegan hnekki fyrir ríkissjóð sem brtt. hv. 1. þm. Reykv. gerir ráð fyrir, þá get ég ekki fallizt á neina breyt. á lögunum.

Halldór Steinsson: Þetta mál hefir nú verið allmikið rætt, en þrátt fyrir það hefi ég ekki heyrt neitt á það minnzt, á

hvern hátt á að bæta ríkissjóði upp þá tekjurýrnun, sem bæði frv. og brtt. hv. 1. þm. Reykv. valda honum. Hér er um að ræða hvorki meira né minna en á fjórða hundrað þús. kr. tekjurýrnun, og fæ ég ekki séð, hvernig ríkissjóður fær á þessum tímum risið undir slíku. Það væri sannarlega ekki vanþörf á því að benda á leiðir til þess að bæta upp þennan tekjumissi ríkissjóðs, en á það hefir ekkert verið drepið. Ég vil því endurtaka það, sem ég tók fram við fyrri umr. málsins, að ég vildi gjarnan heyra till. í þá átt, og ennfremur það, hvernig hæstv. fjmrh. lítur á þetta mál. Mig furðar á því, að hann skuli ekki sýna sig hér í þessari hv. þd., þegar slíkar skerðingar á tekjum ríkissjóðs eru á dagskrá. Ég sé mér því ekki fært að samþ. þetta frv. eða brtt., meðan hvorki hæstv. ráðh. né aðrir þdm. benda á ráð til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. þm. Snæf., að af hálfu okkar flm. frv. og brtt. hafa ekki komið fram neinar till. til fjáröflunar í það skarð, sem frv. og brtt. höggva í tekjur ríkissjóðs. En ég ætla, að ég hafi bent á það, þegar ég bar fram mína brtt., að ég teldi, að hægt væri að vinna upp sem svaraði þeirri tekjurýrnun, er hún kæmi til að valda, með sparnaði á fé ríkissjóðs, og hygg ég, að það væri heppilegasta leiðin. Væri betur farið nú, ef meira hefði verið að gert í þá átt undanfarin ár.

ATKVGR.
Brtt. 220 felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, GL, JakM, JBald, JónÞ.
nei: PHerm, EÁrna, IP, JónJ, MT, GÓ. PM, HSteins, JónasJ greiddu ekki atkv.

Forseti (GÓ): Ég verð að segja það, að ég kann yfirleitt illa við það, er hv. þdm. greiða ekki atkv., þegar nafnakall er viðhaft, án þess að tilgreina ástæður, en sízt þykir mér það eiga við hjá þeim, er sjálfir óska nafnakalls. (**JónasJ:** Þetta er síður hér í hv. þd.).

Halldór Steinsson: Ég þóttist í síðustu ræðu minni gera grein fyrir því, hvers vegna ég greiddi ekki atkv. [**Forseti:** Ég játa það og tek ástæður hv. þm. Snæf. til greina].

Frv. samþ. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, IP, GÓ.
nei: PM, BSn, GL, JakM.
JónJ[1]), JónÞ[2]), HSteins, JBald greiddu ekki atkv.

Frv. afgr. til Nd.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Út af því, að hæstv. forseti sagðist við nýafstaðna atkvgr. kunna sérstaklega illa við það, að þeir, sem óskuðu nafnakalls, greiddu sjálfir ekki atkv., vil ég benda honum á, að þetta er misskilningur hjá honum. Það er vitaskuld skylda forseta að veita nafnakall, þegar um það er beðið, og sömuleiðis að ganga eftir því, að greidd séu atkv., eða þá fullgildar ástæður færðar fram, ef atkv. er ekki greitt. Hinsvegar er það, ef það er orðin venja að ganga ekki eftir því, að atkv. séu greidd eða ástæður færðar fram, þá kemur forseta það ekkert frekar við, hvort þm., sem ekki greiðir atkv., hefir óskað nafnakalls eða ekki. Í þessu tilfelli hafði ég fulla ástæðu til þess að greiða ekki atkv., þar sem hér var um að ræða sjálfstæða brtt., sem var frv. minu alveg óviðkomandi. Ég hygg, að hæstv. forseti fallist á þetta við nánari athugun.

Halldór Steinsson: Mér finnst þetta vera ómakleg orð hjá hv. 5. landsk. til forseta. Ég get ekki annað séð en að hæstv. forseti hafi nákvæmlega fylgt þingsköpum með því að finna að því, að hv. 5. landsk. greiddi ekki atkv. án þess að tilgreina ástæður, því eins og allir vita, er það gagnstætt þingsköpum.

Jónas Jónsson: Ég get vel skilið það, að hv. þm. Snæf. skilji þetta ekki;

1) **JónJ:** Ég tek mér meiri menn til fyrirmyndar og greiði ekki atkv. (**JBald:** Er þetta nægileg ástæða?).
Forseti (GÓ): Mér er ómögulegt að neita þessari ástæðu, ef það er rétt, að þm. taki sér meiri menn til fyrirmyndar, en hinsvegar dæmi ég ekki um það, hvort hann hefir fordæmi sér meiri manna eða ekki.
2) **JónÞ:** Ég fylgi fordæmi hv. flm. og greiði ekki atkv.

það er af því, að hann og hans flokksmenn eiga hér hlut að máli. Það hefir þrásinnis komið fyrir í þessari hv. d., að hæstv. forseti hefir liðið þeim að sitja hjá við atkvgr. án þess að tilgreina ástæður, en beitt valdi þingskapanna gegn mönnum úr öðrum flokkum. Það á því sízt við, að hv. þm. Snæf. sé að blanda sér inn í þessa deilu; hún kemur honum og öðrum sjálfstæðismönnum ekki við.

Hinsvegar er það, ef hæstv. forseti ætlar nú að taka rögg á sig og fara að krefjast þess, að þdm. tilgreini ástæður, ef þeir greiða ekki atkv., þá býst ég við, að þdm. krefjist þess, að hann láti ganga jafnt yfir alla.

Halldór Steinsson: Það má vera, að mér komi þessi deila ekki mikið við, en þó hygg ég, að hún komi mér eins mikið við og hv. 5. landsk. Ég skal hiklaust taka undir það með honum, að forseti megi ekki sýna hlutdrægni í þessum efnum, en ég vil jafnframt mótmæla því harðlega, að hann hafi gert það hvað okkur sjálfstæðismenn snertir.

Forseti (GÓ): Þetta eru nú að verða mikið skemmtilegar umr., og mun ég sjálfsagt, þar sem fundartíminn er nægur, leyfa, að þær haldi áfram nokkuð enn. Á eftir mun ég kannske svara þeim hv. þm. nokkru, sem vakti umr.

Jón Baldvinsson: Mér finnst nú eiginlega, að þessar umr. komi mér mest við af öllum. Eins og kunnugt er, hefir þessi hæstv. forseti kveðið upp yfir mér ekki færri en 6 til 7 úrskurði í sambandi við atkvgr. á undanförnum þingum, og oft með þeim úrskurðað mig óatkvæðisbæran. Nú vil ég því nota þetta tækifæri til þess að óska þess, að hæstv. forseti kveði jafnan upp úrskurði yfir þeim hv. þm., er sitja hjá við atkvgr., ef þeir færa ekki fram nægilegar ástæður, eða ef þeirra ástæður eru ekki teknar til greina, eins og þrásinnis hefir verið með mig. Ég sé ekki, að nú sé nema um tvennt að velja, að úrskurða eða úrskurða ekki, ef á að láta jafnt yfir alla ganga.

Forseti (GÓ): Ég býst nú við, að ég haldi mínum siðum, hvað sem hinn virðulegi hv. 5. landsk. segir. Ég hefi haft þá reglu jafnan að heimta, að þm. tilgreindu ástæðu, ef ég sá, að það hafði áhrif á afgreiðslu mála, að þeir greiddu ekki atkv. Annars vil ég segja það, að mér finnst það koma úr hörðustu átt frá hv. 5. landsk. að bera mér á brýn hlutdrægni í þessum efnum, því ef ég hefi sýnt hér hlutdrægni, þá mundi hún helzt hafa verið honum í vil. Ég býst við, að hann geti, ef hann vill, fundið þau dæmi, þar sem ég hefi gert minni kröfur til hans en sumra annara í þessum efnum, og má þar til nefna þetta síðasta dæmi, sem er alveg óvenjulegt, að sá þm., sem óskar nafnakalls, greiðir ekki atkv. Það getur verið, að það sé þessi hlutdrægni, sem hv. 5. landsk. vill ásaka mig fyrir.

Hv. þm. Snæf. bar mér góða sögu og sagði, að ég hefði ekki beitt sig eða sína flokksmenn hlutdrægni, þó í andstöðuflokki séu, og hygg ég, að það sé betri málsvörn fyrir mig heldur en umsögn frá mínum samflokksmanni. Enda býst ég alls ekki við að spyrja hv. 5. landsk. að því, hvenær ég kref hv. þm. um ástæður og hvenær ekki. Ég skal taka það fram um hv. 2. landsk., að þó ég hafi oft átt erfiðara með þennan þm. heldur en flesta aðra, þá held ég nú, að hann hafi að gamni sínu margfaldað tölu úrskurðanna.

Jón Baldvinsson: Ég er ekki að áfellast hæstv. forseta fyrir hlutdrægni; hann sýnir yfirleitt liðlegheit í fundarstjórn. En mér virðist hann venjulega ekki ganga jafnríkt eftir því, að hv. þm. úr hinum tveim flokkunum, Sjálfstfl. og Framsfl., greiði atkv. eins og hann gengur fast eftir því við mig, eða þá hann vill hlífa sjálfum sér við því að kveða upp sína frægu úrskurði, en nokkuð er það, að hæstv. forseti hefir allt aðrar venjur í þessum efnum heldur en gerist í hv. Nd.

Forseti (GÓ): Ég býst við, að hv. 2. landsk. hafi ekki síður ástæðu til að kvarta heldur en hv. 5. landsk.

Jónas Jónsson: Ég ætla að nota mér það leyfi, sem hæstv. forseti hefir gefið til þess að tala um þingsköp.

Hæstv. forseti verður að skilja það og viðurkenna, að hann verður að hafa fasta reglu um það, að heimta grg. af þm., ef þeir greiða ekki atkv. Það verður ekki þolað, að hann heimti það af sumum, en ekki öllum. Við verðum að heimta af honum jafnrétti, og þó það sé leiðinlegt fyrir mig, sem lengi hefi starfað með honum sem samflokksmanni, og það með góðri samvinnu, þá verður ekki hjá því komizt að segja honum þetta, úr því hann finnur það ekki sjálfur, að hann verður að vera réttlátur í kröfum sínum. En það hefir komið fyrir í vetur oft, að hæstv. forseti hefir sýnt hlutdrægni með því að líða það átölulaust, að hv. sjálfstæðismenn greiddu ekki atkv. við nafnakall án þess að tilgreina ástæður. Og í þetta sinn tilgreindi ég ekki ástæðu fyrir því, að ég greiddi ekki atkv., til þess að vita, hvort ástæður yrðu heimtaðar af mér fremur en öðrum.

Forseti (GÓ): Ég býst nú ekki við, að ég hafi síðasta orðið í þessum umr., en ég vil taka þetta fram: Ég hefi jafnan fylgt þeirri reglu að ganga ekki eftir því, að hv. þdm. greiddu atkv., þegar ég sé, að það hefir ekki áhrif á afdrif mála, en mér fannst ástæða til þess að gera þá aths., er ég gerði áðan við atkvgr. hv. 5. landsk., því það er ekki algengt, að sá, sem biður um nafnakall, greiði ekki atkv. (**JakM:** Hann hefir gert það áður). Ég man ekki eftir því, þó það geti verið, en ég kann illa við það og ég býst við, að fleiri muni líta svo á, að sá, sem óskar nafnakalls, eigi sjálfur að greiða atkv.

Jónas Jónsson: Ég held fast við það að átelja hæstv. forseta fyrir, að hann beitir flokkana misrétti um að ganga eftir því, að einstakir þm. tilgreini ástæður. Og hann getur ekki með neinum rökum mótmælt þeirri ástæðu, sem ég hefi fært fram fyrir því, að ég greiddi ekki atkv. Að öðru leyti kemur hæstv. forseta ekki við, hvort þm. greiða atkv. eða ekki, þegar ástæður eru færðar fram.

Pétur Magnússon: Það má segja, að ég hafi gefið tilefni til þeirrar deilu, sem hér hefir risið út af þingsköpum, þar eð ég var sá fyrsti, sem ekki greiddi atkv. Úr því farið er að gera þetta veður út af atkvgr., þá vildi ég sýna fram á, að ég hafði fullgilda ástæðu til þess að greiða ekki atkv. um brtt. Ég hafði sýnt það bæði við 1. og 2. umr. þessa máls, að ég var á móti málinu í heild sinni; ég gat því ekki greitt atkv. með brtt., og heldur ekki á móti, þar sem ég áleit, að réttast væri, að hún næði fram að ganga, ef frv. yrði samþ. á annað borð. Ég skal játa það, að ég hefði átt að gera grein fyrir þessu í upphafi, en mér fannst málið svo lítilfjörlegt, að ekki tæki því að fara að tilgreina ástæðu, þótt ég greiddi ekki atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 36).

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15:1 atkv.

Á 73. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 36, n. 629 og 650).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Meiri hl. fjhn. leggur það til, að þetta litla frv. verði samþ. óbreytt. Mál þetta er að vísu ekki stórt fjárhagsmál, hvorki fyrir framleiðendur né heldur fyrir ríkissjóð; það játa ég. En meiri hl. n. leit svo á, að hér væri um sanngirnismál að ræða og þess vegna væri rétt að samþ. það.

Það þarf nú ekki að fara orðum um það, hve stórfellt verðfall hefir orðið á landbúnaðarafurðum hin síðustu ár og í hve miklu hraki landbúnaðarafurðir eru. Þegar svo er ástatt, virðist það varla ómaksins vert að leggja útflutningsgjald ofan á hið lága verð þeirra. Þó er önnur ástæða, sem er ríkari, fyrir því að samþ. beri þetta frv., því vegna þeirra skilyrða, sem fyrir hendi eru, kemur fram greinilegt misrétti milli þeirra manna innbyrðis, er landbúnað stunda. Þótt verð-

ið á innlenda markaðnum fari að nokkru leyti eftir því verði, er fæst á útlendum markaði, þá er þó innlendi markaðurinn að jafnaði betri, og þeir framleiðendur því betur settir, er njóta hans. Þeir framleiðendur landbúnaðarafurða, sem selja á betri markaðnum, þeim innlenda, eru lausir við þetta gjald, en þeir, sem verri hafa aðstöðuna og verða að flytja sínar afurðir á útlendan markað, verða að gjalda það af vöru sinni. Þetta útflutningsgjald leggst því fyrst og fremst á þá, sem versta hafa aðstöðuna allra framleiðenda í landinu. Þetta gjald er að vísu lítið; ég játa það. Og frv. skiptir því ekki mjög miklu máli. En fyrst það er fram komið og eins og ástæðurnar eru nú, þá er þó sjálfsagt að samþ. það.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. taldi þetta ekki stórt fjárhagsmál, en taldi, að það væri stórt sanngirnismál. — Það er rétt, að þetta er ekki stórt fjárhagsmál, ef litið er eingöngu til hagsmuna þeirra manna, sem á að létta þessum skatti af. Það eru víst ekki nema 10 aurar á skrokk. Munar það ekki miklu og er því ekki stórt fjárhagsmál fyrir bændur. En eigi að skoða þetta sem sanngirnismál, þá getur það orðið stórt fjárhagsmál fyrir ríkissjóðinn. Sé frv. samþ. á þeim grundvelli, þá má búast við, að sjávarútvegurinn komi með samskonar sanngirniskröfu. Hann mundi þá með sömu rökum geta gert þá kröfu, að létt yrði af þeim 20—30% skatti, sem nú er á útfluttri síld, og 5—7% skatti, sem er á síldarmjöli því, sem út er flutt. Ef því sanngirnismáli verður sinnt, þá fer það að verða stórt fjárhagsmál fyrir ríkissjóðinn, þótt bændur hafi hinsvegar sáralítið gagn af þessari vesaldartill., þó samþ. verði, sem ekki er til annars en að gera bændur hlægilega, en snertir sáralítið þeirra hagsmuni.

Þótt frá því sé skýrt og það fært fram sem ástæða fyrir því, að samþ. beri þetta frv., að þessi tollur leggist á þá bændur eingöngu, sem framleiði til sölu á erlendum markaði og fái því minna verð fyrir framleiðslu sína, þá get ég nú sagt hv. frsm. meiri hl., að nýr fiskur er líka seldur hér innanlands fyrir 4—5 sinnum hærra verð heldur en fyrir hann fæst saltaðan og verkaðan á erlendum markaði í Miðjarðarhafslöndunum. Þeir, sem selja fisk sinn til neyzlu innanlands, sleppa við útflutningsgjöld, en við, sem flytjum fiskinn út og fáum margfalt lægra verð, verðum að gjalda þennan háa toll. Við getum því komið með sömu kröfur og sloppið við útflutningsgjaldið með nákvæmlega sömu rökum. Þetta frv. er því ekkert nema loddaraleikur og rófudingl framan í bændur, borið fram í þeim einum tilgangi að sýnast, enda dæmt svo af flestum flokksbræðrum hv. meiri hl. fjhn. í Ed. Og það eru engar getsakir í þeirra garð, þótt sagt sé, að þeir óski helzt allir eftir því, að þetta mál sofni, og telji það alveg skaðlaust, þótt frv. gangi ekki fram. Ég endurtek það, að bændum er enginn greiði gerður með slíkri bónorðsför til löggjafans. Þetta gjald er svo lítið, að það snertir ekki þeirra pyngju svo neinu nemi. Minni hl. fjhn. leggur því til, að frv. verði fellt. Er það lagt til út frá því sjónarmiði sérstaklega, að ef frv. verður samþ., þá geta þeir, sem sérstaklega bera hag landbúnaðarins fyrir brjósti og notið hafa stuðnings þeirra manna um fjárframlög til hans, sem sjálfir borga hin þungu útflutningsgjöld af sjávarafurðum, eða eru umboðsmenn þeirra manna, sem gjalda þau, — þeir menn geta ekki staðið á móti samskonar kröfu frá sjávarútveginum og í frv. felst. Umbjóðendur sjávarútvegsins fara að eiga drjúga réttlætiskröfu um, að felld verði niður gjöld af sjávarútveginum, ef samskonar gjald af landbúnaðarafurðum verður fellt alveg niður. Þetta er því hættulegur leikur, sem hér er leikinn, og eftirleikurinn getur orðið hættulegur.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vildi aðeins, vegna þess, sem hv. frsm. minni hl. sagði, bæta því við, að sjávarafurðir eru líka í lágu verði, því vitað er, að þær eru ekki í hærra verði en þær voru í fyrir stríð, og að sjávarútvegurinn hefir auk þess orðið að gjalda sem svarar 10 og upp í 20% í toll af þeim innfluttum vörum, sem hann hefir þurft að nota til sinnar framleiðslu, og ríkissjóður hefir þannig tekið miklu stærri skerf af framleiðslu hans heldur en landbúnaðarins. Auk þess ættu menn

að minnast þess, að þeir, sem eru fulltrúar þeirra manna, sem lifa sérstaklega á sjávarútvegi, hafa gengið fúslega að því að leggja á sig aukaskatta, sem á sumum árum hafa numið allt að 1 millj. kr., til þess að styrkja landbúnaðinn sérstaklega. Ég er hræddur um, að svona smámunasemi og heimskuleg singirni, eins og með þessu frv. kemur fram, geti skapað þá andúð, sem verði landbúnaðinum þyngri í skauti en þær fáu krónur, sem hér er um að ræða. Ég vil því eindregið mælast til þess, að þetta frv. verði ekki látið ganga fram, með það sérstaklega fyrir augum, að spilla ekki þeim góða hug, sem allir hafa sýnt landbúnaðinum á undanförnum þingum, líka þeir, sem hafa lagt mikið á sig til þess að styðja hann.

Lárus Helgason: Þetta frv. mun vera eitt af þeim, sem eiga að miða að því að styrkja landbúnaðinn. En ég verð að segja það, að mér finnst, að hér sé um svo lítið að ræða, að tæplega sé gerlegt að togast mikið á um það. Við vitum, að oft getur verið um það að ræða, að annað árið gangi betur fyrir sjávarútveginum, en hitt árið kannske betur fyrir landbúnaðinum.

Ég álít, að það eigi ekki að vera nein togstreita á milli þeirra, sem stunda sjávarútveg, og hinna, sem stunda landbúnað. Því er það, að ég tel, að rétt væri að athuga þetta mál betur, og vil þess vegna óska þess, að það verði tekið af dagskrá. (**Dómsmrh.:** Það er rétt).

Ef gengið verður inn á þá braut að afnema útflutningsgjald af afurðum atvinnuveganna, þá býst ég við, að því yrði haldið áfram. Og þá held ég, að réttara væri að athuga málið vel, áður en gengið er inn á þá braut, þó sú stefna eigi fullan rétt á sér, en ástæður ríkissjóðs verða að sýna möguleika til þessa.

Sveinn Ólafsson: Ég er ekki svo lítilþægur sjálfs mín vegna eða stéttarbræðra minna, að ég vilji taka á móti þessu tilboði. (**Dómsmrh.:** Alveg rétt!). Ég álít þetta skipta svo sáralitlu fyrir landbúnaðinn. En hinsvegar getur það vakið eftirtölur og orðið til þess, að fram komi kröfur um hliðstæða niðurfærslu á útflutningsgjöldum af öðrum afurðum. Tel ég enda hið síðarnefnda alveg víst. Þetta vildi ég taka fram, áður en málið er tekið af dagskrá, en skírskota að öðru leyti til þess, sem sagt hefir verið á móti frv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Úr því að óskir hafa komið fram um að taka þetta mál af dagskrá, til þess að athuga það betur, vil ég ekki fyrir mitt leyti standa á móti því, að svo verði gert. Annars get ég ekki séð, að þetta mál sé svo margbrotið, að það þurfi að bíða með afgreiðslu þess, til þess að athuga það betur. Ég álít, að menn geti nokkurnveginn ráðið það við sig nú þegar, hvort þeir vilja ljá því lið eða ekki.

Hv. frsm. minni hl. var að tala um, að þetta væri ekki stórt fjárhagsmál, sízt fyrir bændur, sagði hann, en ef ætti að taka það upp sem sanngirnismál, þá gæti það orðið stórt fjárhagsmál fyrir ríkissjóð, því að sjávarútvegsmenn mundu koma á eftir og krefjast samskonar réttarbóta fyrir sig. Mér hefir nú virzt það algerlega viðurkennt af öllum, að landbúnaðurinn standi lakast að vígi allra atvinnuvega í landinu. Og þess vegna sýnist það ekkert óeðlilegt, þótt hann yrði þá þess aðnjótandi að losna við þetta gjald, jafnvel þótt því yrði ekki létt af öðrum atvinnuvegum.

Út af því, sem ég sagði um mismun á aðstöðu þeirra bænda, sem selja afurðir sínar innanlands, og hinna, sem selja þær til útlanda, vildi hv. frsm. minni hl. halda því fram, að sama gilti um sjávarútveginn; fiskur væri seldur miklu hærra verði innanlands heldur en fengist fyrir hann á útlendum markaði. Þetta er að vísu rétt, það sem það nær. En það hefir bara svo sáralítið að segja hvað sjávarútveginn snertir, því það er svo örlítið brot af afurðum hans, sem selt er á innlendum markaði.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að þetta væri bónorðsför hjá bændum. Ég get alls ekki viðurkennt, að þetta sé nein bónorðsför. (**ÓTh:** Bónorðsför til bænda þá). Má þá aldrei bera fram mál, sem einn þm. álítur nauðsynlegt og réttmætt, þó að hann hafi ekki verið beðinn um það? (**JAJ:** Það verður þá a. m. k. að vera skynsamlegt). Já, og að þessu frv. liggja fullgild rök, sem ég nefndi áðan, að þessi atvinnuveg-

ur sýnist ekki beint til þess fallinn sem stendur, að tekið sé af því litla verði, sem fæst fyrir framleiðslu hans, enda þótt litlar upphæðir séu.

Þá var hv. þm. N.-Ísf. að tala um smámunasemi í sambandi við þetta frv. En ég vil minna á, að skammt er síðan hér var á ferð í þinginu mál, sem ekki var stærra hagsmunamál sjávarútvegsins heldur en þetta er fyrir landbúnaðinn, og var þó lagt hið mesta kapp á það. Ég játa, að þetta er ekki stórmál og hefir ekki mikla fjárhagslega þýðingu, og ef það, eins og hv. þm. N.-Ísf. talaði um, getur vakið andúð gegn heilli stétt í landinu, þá eru menn orðnir undarlega viðkvæmir. Ég get ekki gert neitt úr slíku.

Ég fer svo ekki frekar út í þetta mál, þar sem ég fyrir mitt leyti geng inn á, að það verði tekið af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 36, n. 629 og 650, 734).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þrtt. 734. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Hannes Jónsson: Ég hafði ekki skrifað niður hjá mér þau köpuryrði, sem féllu hjá einum dm. út af þessu frv., þegar það var til umr. hér um daginn. Sá þm. held ég að hafi verið hv. þm. G.-K., og var hann að tala um það, að þeir, sem stæðu með frv., væru að dingla rófunni framan í bændur landsins. Nú geri ég ráð fyrir því, að hann þykist hafa dinglað rófunni framan í sömu menn, með afskiptum sínum af norska samningnum, og segi ég honum það ekki neitt til lasts. En ef yfirleitt á að nota svona löguð ummæli um það, þegar gert er eitthvað hér á þingi til að reyna að greiða fram úr málum bænda, þá má nú segja, að gripið sé til ýmissa ráða til þess að veita þeim andstöðu á þingi. Þm. G.-K. hefir sjálfsagt ofreynt sig á þessu rófudingli viðkomandi norsku samningunum, því að honum er farið að fatast í því, sem kom fram í umr. um mál það, sem rætt var hér næst á undan. Þá tókst honum það svo ófimlega og máttleysislega, að sennilega mun hann hafa bilazt í liðnum. Vonandi verður þó rófan komin í gott lag, þegar hann þarf að fara að finna bændur, er líður að næstu kosningum. Ég held, að þessi sami þm. og ýmsir fleiri hafi ekki gert það neitt utan við sig að greiða atkv. með þeirri brtt. sem dró allmikið úr þeirri gagnsemi, sem bændur hefðu annars haft af kreppulánasjóðsfrv.

Það sýnist ekki ósanngjarnt, þegar svona er óvíst um sölu á þessari vöru, þó létt væri útflutningsgjaldi af henni, enda þótt það sé nú ekki mikið. Það er að vísu ekki stór upphæð, sem kemur á hvern bónda eða fjáreiganda, en samt verður heildarupphæðin töluverð. Í raun og veru er hér ekkert annað á ferð en viðurkenning á því, að hinir afskekktari bændur landsins eigi við örðug skilyrði að búa nú sem stendur. Ég skal líka fallast á það, að þær röksemdir, sem færðar hafa verið gegn þessu, eiga nokkurn rétt á sér, að bændur eigi að draga úr framleiðslunni. En á meðan það er að gerast, verður ríkið að hlaupa undir baggann.

Það hefir verið tekið fram, að bændur úti um land eigi mjög mismunandi aðstöðu um að njóta innlends markaðar fyrir vörur sínar, og hinir verði verr úti. Mér hefir virzt það koma fram, að þeim, sem hér á þingi eru úr þeim héruðum, sem hægast eiga með að nota innlenda markaðinn, sé einna ósárast um, þótt þetta útflutningsgjald af vörum bænda haldist, sem sízt er fórnfýsi í garð hinna, sem verri aðstöðu hafa. Og einmitt nú, þegar við erum að ganga frá máli, sem mjög getur létt undir með þeim bændum, sem nærri standa Reykjavíkurmarkaðinum, sem er sennilega bezti innlendi markaðurinn fyrir framleiðslu bænda, þá er það nokkuð harkalegt, að létta ekki undir með hinum, sem hafa mjög illa aðstöðu til markaðarins. Og ákaflega ómerkileg er sú ástæða fyrir þeirri synjun, að bændur muni ekki nokkurn skapaðan hlut um útflutningsgjaldið.

Þessi hv. d. hefir verið því samþykk að létta undir með öðrum greinum framleiðslunnar í landinu, t. d. að lækka mikið útflutningsgjald af fiskmjöli. Og þótt þar væri ekki heldur um mikla upphæð að ræða, sá þingið ekki ástæðu til að

standa á móti óskum þessara útflytjenda. En í þessu máli er það aleina ástæðan, sem færð er fram á móti afnámi útflutningsgjaldsins, að um það muni bændur alls ekki neitt. Ekki standa bændur betur að vígi en þeir, sem framleiða fiskmjöl.

Við umr. var það fært fram sem ástæða fyrir hækkun á útflutningsgjaldi af hausum og beinum, að vinnsla þessarar útflutningsvöru væri framkvæmd fyrir erlent fé, og ekki bæri okkur skylda til að styðja þá atvinnugrein, en eigi að síður var þó gengið inn á að lækka útflutningsgjaldið, vegna hagsmuna þeirra, sem seldu hausana og beinin. En þegar við erum að tala um að létta eitthvað ósköp lítið kjör bænda, sem ekki geta notið hins innlenda markaðar, þá er talað um, að verið sé að dingla rófunni framan í þá og fremja eitthvert það glapræði, sem geti orðið til þessa og hins ófarnaðar fyrir land og þjóð. Hygg ég, að móti þessu máli sé staðið af einhverjum sérstökum ástæðum öðrum en þeim rökum, sem menn álíta, að gildi um það.

Það má ekki, að þessara manna áliti, verja fé til styrktar landbúnaðinum, sem er eitthvað verulegt. (**Dómsmrh.**: Það hefir ekki verið synjað um ríkisfé). Og það má heldur ekki nema burt þetta gjald, af því að það munar svo litlu. Hv. dm. verða að skilja það, að það er ekki verið að fara fram á framtíðarhjálp til bænda með kreppulánasjóðsfrv. Það í því, sem gat skoðazt þannig, var strikað út, og að því er mér skildist vegna þess, að það væri of dýrt fyrir ríkissjóð.

Sveinbjörn Högnason: Í frv. um kreppulánasjóð, eins og það var upphaflega borið fram af hæstv. ríkisstj., er í 25. gr. ákvæði um fjárveitingarheimild fyrir stj., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „a) að veita bændum verðuppbót á kjöti, er þeir selja til útflutnings af framleiðslu ársins 1933, allt að þeirri upphæð, sem þarf til þess að þeir fái 60 aura fyrir hvert útflutt kg. af I. og II. flokks dilkakjöti að meðaltali". M. ö. o.: stj. og öllum þm. er ljóst, að svo miklir erfiðleikar eru á því að flytja út kjöt og selja á erlendum markaði, að gera þarf sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja, að framleiðendur geti fengið viðunandi verð fyrir það. Ég viðurkenni, að þörf sé á þessu. En ef svo er, hvaða vit er þá í því að halda skatti á sölu þessarar framleiðslu. Þótt hér sé ekki um stóra upphæð að ræða, er það þó alveg sjálfsögð leið, að byrjað verði á því að létta þessari byrði af framleiðslunni, áður en þingið fer að veita beinan styrk henni til hjálpar. Mér virðist það koma úr hörðustu átt, er frá hv. þm. V.-Sk. koma þau ummæli, að þetta sé hégómi, sem í mörgum tilfellum muni ekki nema 10—20 kr. á hvern fjáreiganda. En því miður er ástandið þannig, að ég held, að margan bóndann muni um, þótt ekki sé nema 10 eða 20 kr. Og ég álít, að engum standi það nær en hv. þm. V.-Sk. að stuðla að því með oddi og eggi, að ekki aðeins verði létt af landbúnaðinum þessu útflutningsgjaldi, heldur einnig að tekið verði upp aftur það ákvæði, sem fellt var niður úr kreppulánasjóðsfrv., sem upphaflega var sett til að tryggja aðstöðu þeirra, sem erfiðast eiga um markað fyrir sína framleiðslu. Ég skal lofa því, að vera með um að styðja hvorttveggja.

Það er verið að gera víðtækar ráðstafanir og áreiðanlega réttmætar til þess að styrkja bændur í framleiðslustarfsemi sinni, sem nú eiga svo þungan róður að þreyta, að ekki er enn séð fyrir, hvernig lýkur. Það má segja það um hvert einstakt atriði í þessum ráðstöfunum, að út af fyrir sig sé það engin algerð bót á ástandinu. En þegar þær eru skoðaðar allar í heild, verður það ljóst, að þetta hv. þing hefir lagt sig fram til að reyna að ráða bót á meinum landbúnaðarins, sem nú þjá hann.

Við hv. 1. þm. Skagf. höfum borið fram brtt. við þetta frv., sem miðar í þá átt, að hér verði um bráðabirgðaráðstafanir að ræða. Er hún á þskj. 734 og fer fram á, að þetta útflutningsgjald verði fellt niður um 3 ára skeið fyrst um sinn. Þó að hér sé ekki um áhrifamikið bjargráð að ræða, er þetta þó spor í áttina til að létta undir með bændum, og ég ætla, að enginn, sem vill styðja þá viðleitni, geti verið því andvígur að fella þetta óréttláta gjald niður.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. var með hnútur til

mín. Hann hefir verið einkennilega skapstirfinn eða skapillur undanfarna daga, og veit ég þó ekki til þess, að ég persónulega geti átt neinn þátt í því. Milli vonzkukastanna var svo hv. þm. að koma með ýmsa mislukkaða fyndni, sem enginn hló að nema hann sjálfur. En það fór minna fyrir röksemdunum hjá honum. Hann vildi bera þetta frv. saman við annað frv., sem hefir verið hér á ferð, um að lækka útflutningsgjald á fiskimjöli. En það er dálítill munur á að færa gjaldið úr 4—5% niður í venjulegt útflutningsgjald, eins og þar var um að ræða, eða losa aðra höfuðgrein framleiðslunnar í landinu alveg undan útflutningsgjaldi.

Ég tók fram rök mín gegn frv. við síðustu umr. og skal ekki fara að endurtaka þau nú. En ég vil benda hv. 2. þm. Rang. á það, að hlægilegt er, þegar hann er að bera þetta frv. saman við þær ráðstafanir, að reyna að tryggja bændum lágmarksverð fyrir kjöt sitt. Þær ráðstafanir miða að því að hækka kjötverðið um 15 aura á kg., en útflutningsgjaldið nemur aðeins ⅔ aur. á kg. Þetta er svo hlægilegt, að enginn þm. ætti að vera að skemma málstað bænda með því að bera slíkt fram. Annars er frv. bezt lýst með ummælum hv. 1. þm. S.-M. Hann sagðist ekki vera svo lítilþægur fyrir hönd bænda, að hann vildi nýta frv. Þetta er hugur flestra bænda í þessu máli. Bægslagangur hv. þm. V.-Húnv. út af frv. er ekki sprottinn af málefnislegum ástæðum, heldur af sömu ástæðum og vöktu fyrir flm. þess í Ed., að dingla skottinu framan í bændur fyrir kosningarnar.

Annars er þetta smámál, sem ekki er hægt að gera mikið úr, nema að því verði horfið að fella niður útflutningsgjald af sjávarafurðum, eins og öll sanngirni mælir með, ef þetta frv. verður samþ. Útgerðin er rekin með tapi, svo að næstum hvert einasta útgerðarfyrirtæki hefir tapað hin síðustu ár. Það er fullkomlega réttmætt, að hlaupið sé undir bagga með landbúnaðinum á erfiðum tímum. En þeir, sem það gera, eiga rétt á því, að foringjar bænda hjálpi til að létta byrðar sjávarútvegsins. En verði horfið að því að fella niður útflutningsgjald á sjávarafurðum, mun það koma fram, að ríkissjóður hefir ekki ráð á að taka afleiðingunum af slíkri samþykkt. Þess vegna mun ég ekki flytja slíka brtt., en greiði atkv. á móti frv. eins og það liggur fyrir.

Lárus Helgason: Þetta er ekki stórt frv., enda hefi ég ekki séð bjargráð í því. Þetta er hégómamál, sem segja má, að standi á sama um, hvorum megin hryggjar það liggur, Hv. 2. þm. Rang. sagði, að útflutningsgjaldið næmi 10—20 kr. á meðalbónda. En slíkri upphæð nær það ekki nema hjá stórbændum, því að fáir bændur munu leggja inn 100 dilka á hausti, hvað þá 200.

Ég legg svo litla áherzlu á þetta mál, að ég læt mig engu skipta, hvort það verður samþ. eða ekki. En hitt er réttmætt og mikilsvert, að finna ráð til þess, að bændur fái ekki minna en einhverja tiltekna upphæð fyrir kjöt sitt.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að það kæmi úr hörðustu átt frá mér, að leggjast gegn frv. Ég veit ekki, hvernig átt hefir að skilja þetta, nema að hann hafi átt við, að ég hafi unnið bændum í Skaftafellssýslu minna gagn en hann rangæskum bændum. Ég tek þessa slettu þó ekki alvarlega, vegna þess hve málið, sem fyrir liggur, er ómerkilegt, en læt mér nægja að vísa henni til föðurhúsanna.

Halldór Stefánsson: Það var lagt mikið kapp á það við 1. umr. að mótmæla þessu frv. Þegar frsm. minni hl. hafði gert grein fyrir afstöðu minni hl., spratt hv. þm. N.-Ísf. upp þegar á hæla honum til aðstoðar, og síðan tveir hv. þm. Framsfl., enda þótt hv. þm. V.-Húnv. hefði kvatt sér hljóðs á undan öðrum þeirra, og málið síðan tekið út af dagskrá án þess að hv. þm. V.-Húnv. eða öðrum væri gefið tækifæri til andsvara.

Andmæli þessara hv. þm. gegn frv. voru mjög á sömu lund og eftirtektarverð: óvirðingarorð um frv. og þá, sem því fylgja, talað um heimskulega sníngirni og annað af svipuðum toga, sem hefir verið endurtekið nú. Þessara og þvílíkra ummæla hefði ekki verið þörf, ef aðrar gildari ástæður hefði verið hægt að færa gegn frv. Þá komu og fram á hinn bóginn ógnanir um, að fleiri kröfur skyldu koma á eftir um lækkanir á út-

flutningsgjöldum. Nú var annað hljóð í strokknum en þegar rætt var um lækkun útflutningsgjalds af fiskimjöli. Í því tilfelli var þó aðeins að ræða um hagsmuni fáeinna fiskimjölsverksmiðja, sem reknar eru með erlendu fjármagni, sumar hverjar — að sögn —, en hér er að ræða um hagsmuni fjölmargra bænda, þótt ekki geti kallazt um stóra hagsmuni í hverju einstöku tilfelli. Þá var enn talað um það í eftirtölutón, að bændum hefði verið veitt sérstök vörn í kreppumálunum. Þetta sýnir ekki einlægt fylgi við þær bjargráðaráðstafanir, og er ástæða til að ætla, að þeir menn, er svo tala, hafi villzt þangað með stuðning sinn.

Almennt sagt tel ég útflutningsgjaldið ekki slæman né óeðlilegan gjaldstofn, ef hægt er að ganga út frá því, að framleiðslan beri sig. Útflutningsgjaldið fellur beint á framleiðsluna, og þar sem telja verður, að hún beri uppi beint og óbeint öll gjöld, opinber og einkaleg, ætti það að mega teljast kostur, og þótt fyrir komi ár og ár, sem framleiðslan ber sig ekki, væri það varla nægileg ástæða til að hreyfa gjaldið til, ef slíkt ástand er ekki til langframa. En aðalástæðan til að afnema útflutningsgjaldið af landbúnaðarvörum, er sú, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, að það lendir aðeins á tiltölulega litlum hluta landbúnaðarvaranna og eingöngu á þeim hluta, sem verst er settur með tilliti til markaðar. Þetta skapar mjög áberandi misrétti bæði á milli þess hluta landbúnaðarvara, sem selt er innanlands, sem er meiri hlutinn, og þess, er selja verður á erlendum markaði, og eins gagnvart öðrum útflutningsvörum, svo sem fiski, sem að miklum meiri hluta er seldur úr landi en innanlands. Frv. er því algerlega réttmætt frá almennu sjónarmiði. En til þess að þeir, sem eru andvígir frv., þurfi ekki að hafa eftirtölur um það, að landbúnaðurinn sé hér að smeygja sér undan opinberum gjöldum, hefir mér komið í hug, að taka mætti tilsvarandi gjald við útflutningsgjaldið af landbúnaðinum með öðru réttlátara móti, t. d. með lausafjártíund. Ég myndi geta fallizt á, að lág tíund yrði lögð á búpening, sem svaraði til útflutningsgjaldsins. Hún þyrfti ekki að vera há til að gefa jafnmikið í ríkissjóðinn og útflutningsgjaldið, og kæmi réttlátlegar niður, og þá þyrfti engar eftirtölur. Ég tel þetta ekki sérstaka kreppuráðstöfun, heldur almennt réttlætismál, og gæti fallizt á, að tíundin væri jafnvel eitthvað hærri en útflutningsgjaldinu nemur, og væri þá ekki óréttlátt að verja mismuninum til að bæta upp verð á útflutningsvörum landbúnaðarins eitthvað til jöfnunar við það verð, sem fæst á innlenda markaðinum.

Ég hefi þá stuttlega gert grein fyrir afstöðu minni og ástæðunum til þess, að ég greiði frv. atkv. mitt.

Jón Auðunn Jónsson: Mér datt í hug, þegar ég sá þetta frv., að ekki væri ennþá búið með það uppboð, sem hér hefir oft og tíðum farið fram. En þetta frv. er svo lítils virði, að það er eins og smáuppboð fyrir þá bændur, sem smátækastir eru og lítilssigldastir. Hér er ekki verið að taka neina stóra muni. Það er líkast uppboði, sem maður nokkur hélt til að selja ónýtt skran. Þegar svo uppboðshaldarinn tók hálfslitinn reiðing til að bjóða upp, tók hinn hann af honum og sagði, að á svona uppboðum seldu menn ekki svo góða hluti.

Það virðist kominn í menn sami blóðhitinn á þessu uppboði hér, eins og venjulegt er í einstaka mönnum á uppboðum. Þegar sumir menn koma á uppboð, missa þeir alla athugun og kaupa lélega muni fyrir hátt verð. Það eru t. d. mörg dæmi til þess, að fólk kaupir búðarvarning fyrir 20% hærra verð heldur en hægt er að fá hann fyrir í verzlunum, og það þó það þurfi kannske að flytja hann helmingi lengri leið af uppboðinu heldur en úr búðinni.

Allur þessi leikur er eiginlega meira til að horfa á hann heldur en andmæla honum, — svo fráleitt er þetta. Ég er sannfærður um, að það er í óþökk alls þorra bænda, að þetta frv. er fram komið. Meðhaldsmenn frv. hafa e. t. v. ekki athugað það, að þarna eru þeir að taka af bændum sjálfum sem svarar 3/13 af því, sem þeir greiða í útflutningsgjald. Því eins og menn vita, hafa bændur fengið ½% af öllu útflutningsgjaldi í ræktunarsjóð, sem veitir þeim aftur hagkvæmustu lánin, sem þeir eiga kost á enn sem komið er. Þessa 3/13 af útflutningsgjaldi landbún-

aðarafurðanna vilja meðmælendur frv. taka af bændum, til þess að geta tekið hinn hlutann af ríkissjóði.

Sumir hv. þm. hafa borið þetta frv. saman við frv., sem hér var á dagskrá nýlega um útflutningsgjald af fiskimjöli. Þar er ólíku saman að jafna. Útflutningsgjaldið af fiskimjölinu var frá 6—8% af söluverði vörunnar, og var það fært niður í 1⅝%, eða sama hundraðshluta og útflutningsgjaldið er af öðrum vörum. Þar var því verið að lækka óvenjulega hátt útflutningsgjald, en hér er aftur á móti farið fram á, að fellt sé niður lægsta útflutningsgjald. Það má nærri geta, að allur þorri þeirra, sem við sjóinn vinna, telja sjálfsagt, að a. m. k. framlagið til ræktunarsjóðs hverfi, ef útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum er fellt niður. Enda ætti engum að detta í hug að fara fram á það, að sjávarútvegurinn greiði ½% af öllum sínum útflutningi til ræktunarsjóðs, þrátt fyrir það, þó bændur vilji ekki greiða það gjald að sínum hluta, þó þeir eigi einir að njóta sjóðsins.

Þess ber og að gæta í þessu sambandi, að fullur helmingur þeirra landbúnaðarafurða, sem hér eru framleiddar, mun vera notaður innanlands. Þess vegna þurfa bændur ekki að greiða útflutningsgjald nema af helmingnum af sínum vörum. Aftur mun ekki meira en 1/30 af sjávarafurðum notaður innanlands, svo af 29/30 af sinni framleiðslu verða útvegsmennirnir að greiða útflutningsgjald.

Þegar verið er að tala um ástæður atvinnuveganna, er eins og menn gleymi því oft, að öll stærri útgerðin hefir verið rekin með stórtapi undanfarin ár. Árið 1931 var tap togaranna frá 25 upp í 100 þús. kr. á hvert skip, en línuveiðararnir töpuðu það ár frá 4 þús. upp í 35 þús. kr. á hvert skip. Árið 1932 nam tap togaranna minnst 12 þús. kr., að einu skipi undanskildu, og upp í 70—80 þús. kr. Á þessu ári er sýnilegt, að fiskverðið verður lægra en síðastl. ár, og því má búast við, að afkoma útgerðarinnar verði a. m. k. ekki betri. Það má geta nærri, að þeir, sem búa við slíka erfiðleika ár eftir ár, séu ekki fúsir að taka á sig allar byrðarnar af hinum atvinnuveginum. Enda vakti nú hv. 1. þm. N.-M. máls á því að leggja nýjan skatt á landbúnaðinn, eða taka upp gamla skattinn, tíundina. Ég sé ekki, að þeir, sem stinga upp á slíku, geti í sömu andránni verið með því að létta af þessu lítilfjörlega útflutningsgjaldi. Það er a. m. k. mjög skrítin aðstaða, og sýnist þegar betur er að gáð lítt samræmanleg, enda munu flestir hv. þdm. í hjarta sínu vera sammála um, að óheppilegt sé að fella niður þetta litla gjald, sem eins og ég hefi tekið fram áður, er ekki nema örlítið brot af útflutningsgjaldinu af öðrum framleiðsluvörum landsmanna. En uppboðið þarf að halda áfram, og vænti ég, að það komist í algleyming við 3. umr., svo þeir, sem berjast fyrir frv., komist upp í 40 stiga blóðhita, eins og gerist á allra vitlausustu uppboðum. Þá verður líklega lagt til, að útflutningsgjaldið falli niður lengur en til 1936, eins og nú er farið fram á, og ákvæði sett í frv. um, að það skuli gilda meðan Ísland er byggt. Hv. flm. frv. má sannarlega vera ánægður yfir að geta komið þessu uppboði í gang hér á Alþingi, því það mun hafa verið eini tilgangurinn með flutningi frv., eins og vænta mátti úr þeirri átt.

Sveinbjörn Högnason: Ég ætlaði ekki að fjölyrða mikið um þetta mál. En mér þykir leitt, að hv. þm. V.-Sk. skuli ekki vera viðstaddur, því ég ætlaði að svara honum örfáum orðum.

Ég ætla ekki að fara út í samanburð á því, hver okkar hefir unnið meira gagn sínum umbjóðendum hér á Alþingi. En ég get borið hv. þm. V.-Sk. það, að ég er sannfærður um, að hann hefir notað hvert tækifæri, sem hann hefir getað, til þess að vinna bændum í Vestur-Skaftafellssýslu gagn. Og ég þekki hann að mesta dugnaði og myndarskap í því að vinna fyrir mál bænda heima í héraði. Einmitt þess vegna segi ég, að það komi úr hörðustu átt, ef hann ætlar að slá á móti framréttri hendi til hjálpar bændum í þessu máli. Hefði ég þekkt hv. þm. að ódugnaði í héraðsmálum og að vera bændum yfirleitt til óþurftar, þá hefði mig ekki þurft að undra framkomu hans nú. Hefði hv. þm. V.-Sk. verið fulltrúi fyrir hérað, sem þetta frv. var til óþurftar fyrir, þá hefði ég ekki viðhaft þau orð, að mótstaða frá honum kæmi úr hörðustu átt. En ég hefi áður bent á það, að þegar

fulltrúar þeirra héraða, sem njóta góðs af þessu frv., slá hendi við þeirri hjálp, er það veitir, þá megi búast við því, að á þá sömu menn muni renna tvær grímur síðar, þegar til atkvæða koma till. um beinan fjárstyrk til bænda. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ef bændur úr þeim héruðum, sem framleiða þessa verðlausu útflutningsvöru, kjötið, finna ekki ástæðu til þess að fella niður skatt af þessari vöru, þá geti þeir varla lagt til, að hið opinbera fari að borga beinan styrk eða verðuppbót á þessa sömu vöru. Mér finnst, að slíkt stríddi greinilega hvað á móti öðru. En ég hefi haldið, að hvorttveggja ætti að gera, að létta skattinum af og að veita hjálp til þessara manna, sem verst standa að vígi fyrir það, að þeir hafa ekki annað en útflutningsvöru að selja. Mér finnst það óneitanlega einkennilegt, ef menn úr þessum héruðum segðu sem svo: við kærum okkur ekki um, að létt sé sköttum af okkar vörum, en við viljum fá svo eða svo mikinn styrk til þess að bæta verðið á þessum vörum. Við erum til með að borga hundrað kr. í útflutningstoll, en við viljum fá þúsundir kr. í styrk til þess að geta borgað þennan toll. Ég sé ekki, að þessi rökfærsla sé byggð á nokkru viti.

Ég ætla annars ekki að fjölyrða um málið í þetta sinn, en af því að ég hefi orðið þess var, að sumir menn telja, að það geti verið álitamál, hvað átt er við í frv. með orðinu „landbúnaðarafurðir", þá hefi ég hugsað mér að bera fram þá skriflegu brtt. við brtt. 734 nú við þessa umr., að í stað þess orðs komi „búfjárafurðir". Og leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa till.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. við brtt. 734, frá hv. 2. þm. Rang., um að í stað orðsins landbúnaðarafurðum í 1. lið komi búfjárafurðum.

Það er nú svo ástatt, að deildin er ekki ályktunarfær, og verður því að bíða að leita afbrigða fyrir þessa brtt.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 2. þm. Rang. hefir nú borið fram þá brtt., sem ég benti honum á fyrir nokkrum mínútum, að nauðsynleg mundi verða til þess að ákvæði frv. njóti sín svo sem til er ætlazt af hv. flm., því það er t. d. engin ástæða til þess að fara að fella niður útflutningsgjald af dún, því hann er ein sú vara, sem enn er nokkurnveginn í fullu verði, miðað við það, sem var fyrir verðfallið. Eins og vafi hefði getað verið á því, hvort dúnninn heyrði undir landbúnaðarafurðir, hefði sömuleiðis getað orðið álitamál um laxinn, en nú tekur brtt. af allan efa í því efni. Þrátt fyrir þetta get ég ekki séð, að það eigi að samþ. þetta frv. Á Alþingi árið 1925 var samþ. að hækka útflutningsgjald af öllum útfluttum vörum um ½% af verði varanna. Þessi hækkun var þeim samningum bundin, að tollinum skyldi varið til eflingar landbúnaðinum og sjávarútveginum, þannig, að til ársloka 1926 skyldi hann allur renna til ræktunarsjóðs, en frá 1. jan. 1927 skyldu ¾ þess tekjuauka, er þessi hækkun á útflutningsgjaldinu orsakaði, fara til styrktar sjávarútveginum, en ¼ til ræktunarsjóðs. Það er því bert, ef frv. verður að lögum, að þá er það til mikils hnekkis fyrir ræktunarsjóð, og óneitanlega koma þær afleiðingar, sem þar af leiðir, eingöngu niður á bændum landsins. Það er og kunnugt, að aðalbankastjóri Búnaðarbankans, sem hefir umsjón með ræktunarsjóði, telur það misráðið að svipta hann þessum tekjum, og sömuleiðis hefi ég talað nýlega við hinn bankastjóra Búnaðarbankans, sem sæti á í þessari hv. d., og skildist mér, að hann væri sammála aðalbankastjóranum. Hér er verið að ræða um að taka af sjóði þeim, sem myndaður er til þess að hjálpa bændum, og skila því til bændanna sjálfra. Það er því að nokkru leyti verið að taka úr einum vasanum og láta í hinn með þessu frv. Það verður á það að líta, að það er alveg nauðsynlegt að efla ræktunarsjóð, til þess að hann nái því takmarki, sem honum var upphaflega ætlað að ná, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að sjávarútvegurinn sætti sig við að greiða allt það gjald, sem ræktunarsjóður á að fá samkv. samningunum 1925, ef landbúnaðurinn dregur sig alveg til baka; afleiðingarnar af því mundu ganga út yfir bændur síðar. Ég held þess vegna, að það sé tvieggjað sverð, að samþ. þetta frv. Hér er heldur ekki um svo mikilsvert atriði að ræða, að það taki því að

fara að leggja það í hættu, sem í hættu kann að vera.

Guðbrandur Ísberg: Þess hefir verið getið í umr., að hér væri lítið frv. á ferðinni, og þess hefir ennfremur verið getið, að það væri lítilsvert, þannig, að það væri ekkert verulegt fjárhagsatriði fyrir þá, sem hlut eiga að máli, hvort það yrði samþ. eða ekki. En ég vil bæta því við, að auk þess sem frv. er lítið og lítilsvert, þá er það líka leiðinlegt af því að það gengur of nærri metnaði bændastéttarinnar, þeirrar stéttar, sem hér á að fara að hjálpa. Þegar rætt er um hugarfar og hagsmuni bændastéttarinnar, tel ég mig geta úr flokki talað. Í fyrsta lagi af því, að ég er alinn upp í sveit, í öðru lagi fyrir það, að ég hefi verið bóndi í 7 ár. En auk þess, sem ég hefi verið bóndi, hefi ég líka verið verkamaður, skrifstofumaður og sjómaður, og hefi því fleira til samanburðar við bóndastöðuna en flestir aðrir. Og ég vil taka það fram í þessu sambandi, að mér væri það ekki óljúf tilhugsun að verða bóndi aftur. Örðugleikar þeir, sem bændastéttin á við að búa, vaxa mér ekki í augum. En það er annað, sem mér mundi falla þyngra, ef fyrir mér ætti að liggja að verða aftur bóndi, og það er það, ef búið yrði að ganga svo nærri metnaði bændastéttarinnar, að þeir væru farnir að líta á sjálfa sig sem ölmusustétt, og allar aðrar stéttir þjóðfélagsins teldu sig hafa fengið rétt til þess að líta niður á þá. Ef svo væri komið, mundi mér falla þungt að gerast bóndi aftur.

Nú ætlast ég ekki til, að þessi ummæli mín séu skilin svo, að ég telji alla styrki og öll lán til bænda ölmusugjafir. Um lán úr byggingar- og landnámssjóði, sem að nokkru leyti eru líka styrkir, er það að segja, að það kemur mest til góða fyrir framtíðina, fyrir eftirkomendurna. Þeir bændur, sem leggja í þær byggingar, njóta þeirra ekki nema að litlu leyti, og þau þægindi, sem þeir hafa af þeim, gera a. m. k. ekki betur en jafnast á móti þeim óþægindum af auknum skuldum, sem bændurnir lenda í vegna byggingana. Svipað er með þann styrk, sem veittur er til ræktunar. Þar er verið meðfram að vinna fyrir eftirkomendurna. Það er á sinn hátt fjárhagsleg nauðsyn bæði núlifandi og komandi kynslóða. Loks eru kreppulánin. Sú hjálp er nú hugsuð sem lán, en ekki styrkur, og þau eiga að gera mögulegt fyrir bændur að haldast við í sveitunum og koma í veg fyrir það, að þeir flytjist í kaupstaðina og bætist í hóp atvinnuleysingjanna á mölinni. Í öllum þessum tilfellum er um þjóðarnauðsyn að ræða. En þegar þetta frv. kemur, þá er það viðurkennt jafnvel af flutningsmönnunum sjálfum, að þar sé alls ekki um neina nauðsyn að ræða. Nú er hér ekki um beinan styrk að ræða. Það mætti miklu fremur segja, að það væri óbeinn styrkur. Það er farið fram á að fella niður útflutningsgjald af kjöti, sem aðeins nemur einum eyri af hverju kg. Þetta er svo nauðalítið gjald, að það sýnist ekki muna framleiðendur neinu, en þó er þetta sótt af mjög miklu kappi. Það er eftirtektarvert, að einn af þeim hv. þm., sem hafa gerzt formælendur frv., lét sig ekki klígja við því fyrir fáum dögum að berjast fyrir því, að hækkað yrði útflutningsgjald af einni framleiðsluvöru um ekki minna en 25%, og þó var þar um vöru að ræða, sem fátækir verkamenn í þorpum framleiða og hafa atvinnu við. (Svb H: Hver var það?). Það var hv. þm. V.-Húnv. Þetta útflutningsgjald, sem frv. fjallar um, rennur í ríkissjóð, en er svo aftur greitt þaðan sem framlag til lánsstofnunar bænda, Búnaðarbankans. Hér er því í raun og veru um það að ræða, að taka úr einum vasanum og láta í hinn.

Ég geng ekki að því gruflandi, að það verður kastað á mig steini fyrir að mæla á móti þessu frv., en ég læt mér það í léttu rúmi liggja. Við heyrðum hér í gær tvo bændaöldunga og héraðshöfðingja rísa upp og mótmæla þessu frv. fyrir það, að það gengi of nærri metnaði bændastéttarinnar. Ég minnist þess og að hafa heyrt, að einn af bændahöfðingjum Suðurlands hafi svarað fyrirspurn frá hærri stöðum um skuldir manna í hans hreppi á þá leið, að hann gæfi engar upplýsingar, hans sveit hefði hingað til komizt af án styrks og á sama hátt ætlaði hún að reyna að bjargast af hér eftir. Ég minnist þess enn, að á fundi, sem ég var staddur á norður í Húnavatnssýslu, var stungið upp á því, að ríkissjóður greiddi verðuppbót á kjöti, svo sem 10 au. á kg. En þá reis

upp bóndi úr Vatnsdal, sem talinn er þó einn af róttækustu bændum sýslunnar, og sagðist hafa þann metnað fyrir sig og sína stétt, að slíkan styrk vildi hann ekki þiggja, og svo einkennilega vildi til, að þessi maður var einmitt mágur hv. þm. V.-Húnv. Í yfirlýsingum allra þessara manna kemur fram konungurinn í íslenzka bóndanum, hin frjálsa mannslund íslenzka bóndans, sem varðveitzt hefir í þúsund ár, þrátt fyrir eldgos og harðindi, hallæri og drepsóttir. Þetta allt hefir hún getað staðizt. En ég óttast, að ef farið er að bændastéttinni eins og gert er í þessu frv., þá standist hún ekki lófastrokur atkvæðaveiðaranna, en láti flekkast til þess að þyggja styrki, beina eða óbeina, að nauðsynjalausu, og glati við það metnaði sínum. En geri hún það, er framtíð hennar í veði. Þess vegna má það aldrei verða.

Sveinbjörn Högnason: Það er ekki í fyrsta skipti hér á Alþingi, ef talað er um að styrkja bændur að það heyrist hljóma, að nú sé verið að biðjast ölmusu handa þeim. Í hvert einasta skipti, sem á það er minnzt að rétta þeirra hlut, hljóma sömu svörin: gjafir og ölmusa. Það eru svörin til þeirra manna, sem borið hafa mestan þungann af endurreisn landbúnaðarins á síðustu árum. Og þessi svör koma frá þeim mönnum, sem ekki hafa staðið að neinu viðreisnarstarfi fyrir þjóðfélagið, mönnum, sem aldrei hafa lagt á sig nokkurt erfiði. En ef það er ölmusa að veita styrk þeim, sem við mesta erfiðleika eiga að búa vegna óviðráðanlegra orsaka, mönnum, sem aldrei hafa þegið af öðrum, hvað á þá að kalla þá menn, sem þegið hafa af fé almennings, ekki tugi þúsunda, heldur millj. kr., og það í bezta árferði? Hvað á að kalla þá menn, sem í mestu góðærunum sóuðu milli 30 og 40 millj. kr. í útgerð og braski, ef á að kalla bændur ölmusumenn, þó þeir þurfi að fá styrk á þeim alerfiðustu tímum, sem komið hafa yfir þessa þjóð? Hvað á þá að kalla þá menn, sem taka tugi þúsunda í laun fyrir að vinna lítið verk, 10, 20 upp í 30 þús. kr. fyrir sáralítið starf? Það má lengi segja, að hér sé lítið um að ræða, þar sem er þetta útflutningsgjald. Það er satt, það er lítið, 10 til 30 kr. á hvern bónda. Það er lítið frá sjónarmiði þeirra manna, sem hafa tugi þús. kr. í árslaun, en bændur hafa ekki því að heilsa að mæla á svo stórstígan mælikvarða. Og ég skil konungslund íslenzkra bænda ekki síður í því, að þeir heimti sinn rétt, heldur en að þeir komi sem ölmusulýður krjúpandi að fótum þeirra manna í þjóðfélaginu, sem við kjötkatlana sitja nú.

Steingrímur Steinþórsson: Það ganga hátt öldurnar nú hér í þessari hv. d. Ég ætla mér ekki að kynda það bál, sem hér er farið að loga, fremur en orðið er, en af því ég er annar sá þm., sem skrifaði undir brtt. með hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. V.-Húnv., og af því að mér hefir fundizt sumt af því, sem komið hefir fram gegn frv., af fullu skilningsleysi ef ekki af taugaóstyrk talað, þá vildi ég víkja nokkrum orðum að þessu máli. Ég held, að sumir hv. þm. gái ekki að kjarna þessa máls, sem sé þeim, hve þetta gjald er ósanngjarnt eins og það er. En ef það er ósanngjarnt eins og það er, þá á að samþ. það í öðru formi. Ég get verið samþykkur till. hv. 1. þm. N.-M., því ég álít það réttlátt að leggja gjald á allan landbúnaðinn, sem svarar til útflutningsgjaldsins, t. d. leggja það á búpening eins og tíund. Eins og nú er kemur þetta gjald aðeins á þá framleiðendur eina, sem sízt geta undir því risið. Það kemur á þá tegund búpeningsins, sem langmest hefir fallið í verði. Ef leggja á gjald á framleiðsluvörur landbúnaðarins, þá á ekki að byrja á þeim greinum, sem verst eru settar; því mega menn ekki gleyma.

Það er ekki viðeigandi í þessu máli að rísa upp með rosta og hávaða eins og hv. þm. Ak. gerði og fara að tala um ölmusu og glataðan metnað, án þess að koma nokkuð inn á kjarna málsins. Slíkt ber aðeins vott um taugaóstyrk eða eitthvað annað óskiljanlegra. Það er líka annað í þessu sambandi. Það hefir verið talað um það, að greiða verði verðuppbót á útflutningsvörur bænda úr kreppulánasjóði. Mér sýnist það beinlínis hlægilegt að fara þá að taka útflutningsgjald af sömu vöru, og þegar auk þess er litið á þetta frv. sem kreppuráðstöfun, þar sem í brtt. eru ákvæði þess miðuð við þrjú ár, sem ég fyrir mitt leyti gæti fallizt á, að

fært yrði niður í tvö til samkomulags. Og ég skyldi lofa því, ef ég fjalla um löggjafarmál framvegis, að ég skuli vera með því að leggja gjald á landbúnaðinn, ekki aðeins sem svarar núv. útflutningsgjaldi, heldur dálitið meira, eftir því sem mér finnst réttlátt gagnvart útveginum. En það er sá meginmunur á þessum tveimur atvinnuvegum, þegar um útflutningsgjald er að ræða, að sjávarútvegurinn flytur út nálega alla sína framleiðslu, en meginhluti landbúnaðarafurða er notaður í landinu sjálfu og kemst því undan þessu gjaldi. Ég skil því ekki ofstæki þeirra manna, sem þjóta upp á nef sér í svona máli. Ég ætla ekki, þó hv. þm. Ak. hefði átt það skilið, að taka til athugunar þau slagorð og fullyrðingar um lágar hvatir, sem hann slöngvaði að okkur fylgismönnum þessa frv. Ég ætla ekki að gefa tilefni til nýrra fjarstæðna. Mér dettur ekki í hug, að hv. þm. Ak. eða aðrir, sem talað hafa gegn þessu frv., geri það af því, að þeir vilji troða á rétt sumra bænda, en þá vil ég líka neita því, að þessi hv. þm. hafi rétt til að tala um frv. sem ölmusu eða kosningabeitu. Það kom líka fram í ræðu hans, að bændur mundu ekki vilja þiggja þessa hjálp. Samræmið í ræðu hans var nú ekki meira en þetta. Hann talaði um, að þetta væri kosningabeita, en svo sagði hann, að þeir, sem hún væri ætluð, vildu ekki við henni líta. Þannig var ræða hans full af mótsögnum og byggð á mótsögnum.

Ég vildi aðeins lýsa afstöðu minni til málsins og láta þess getið, að ég er sízt á móti því, að landbúnaðurinn beri gjald, sem er hliðstætt útflutningsgjaldinu að einhverju leyti, en það nær ekki nokkurri átt, að lagt sé á hann eins og gert er nú. Það er ekkert höfuðatriði, hvort gjaldið er stórt eða lítið, en ef það er ranglátt, þá á að breyta til og leggja það á annan hátt á. En um hitt þarf ekki að deila, að með annari hendinni að taka gjald af verðlausri framleiðslu, en með hinni að gefa verðuppbót til hinnar sömu framleiðslu er ákaflega heimskuleg aðferð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en úr því að umr. voru ordnar svona langar, gat ég ekki látið hjá líða að lýsa minni afstöðu til málsins.

Guðbrandur Ísberg: Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem mér virtist koma fram í ræðu hv. 2. þm. Rang., að ég hefði talað um bændur sem ölmusustétt. Þetta er rangt, en ég vil koma í veg fyrir, að nokkurn tíma verði hægt að tala um þá þannig.

Ég þarf ekki mörgu að svara hv. 1. þm. Skagf. Hann lagði aðaláherzluna á það, að útflutningsgjaldið á kjöti væri ósanngjarnt og miðaði vitanlega við það, að kjötframleiðslan bæri sig ekki. En sé miðað við annað útflutningsgjald, þá verður svipað uppi á teningnum, því ég veit ekki betur en að sjávarútvegurinn sé einnig rekinn með tapi, og þá er gjaldið á honum líka ósanngjarnt. Og að auki kemur það, sem hæstv. dómsmrh. benti á, að gjaldið, sem bændurnir greiða, rennur til þeirra sjálfra, en svo er ekki um gjaldið á sjávarafurðum.

Þá sagði sami hv. þm., að ég hefði komizt í mótsögn við sjálfan mig, vegna þess að ég teldi, að bændur mundu ekki vilja þiggja styrkinn. Það er líka skoðun mín, að svo sé um marga bændur, en því miður eru þeir bændur til, sem eru svo lítilþægir, að þeir mundu taka við þessu tveim höndum. Og á þann hátt getur þetta orðið kosningabeita. Annars skal ég ekki fara frekar út í þetta. Hv. þm. lét þau orð falla, að þessar umr. hefðu hlaupið í taugarnar á mér. Það má vel vera. Einmitt af því að ég er alinn upp í sveit og hefi sjálfur verið bóndi og á e. t. v. eftir að verða það, er mér það tilfinningamál, að eigi verði gengið of nærri metnaði íslenzkra bænda, með því að leysa þá eina af framleiðendum landsins undan útflutningsgjaldi, sem þó rennur aftur til þeirra sjálfra og er eigi hærra en svo, að viðurkennt er af öllum, að því er virðist, að það skipti engu með tilliti til afkomu bændanna, hvort þessi fríðindi verði samþ. þeim til handa eða ekki.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Ég er hissa á þessum löngu umr. um svona ómerkilegt frv., og þó að ég sé frsm. minni hl., þá hefi ég ekki tekið mikinn þátt í þeim ennþá og mun ekki gera það.

Mig undrar einna mest á ræðu hv. 1. þm. N.-M., og þá m. a. á því, að honum hafði ekki skilizt, að það væri neinn mun-

ur á því annarsvegar að stuðla að því, að útflutningsgjald á vissri framleiðsluvöru sjávarútvegsmanna væri fært niður, og þessu máli, þar sem farið er fram á að afnema með öllu útflutningsgjald. Það er meiri grautarhausinn, sem ekki skilur þetta, ef hann á annað borð leggur sig í bleyti. En það er með öllu óviðeigandi og ástæðulaust að vera hér að bera þeim mönnum á brýn illvilja í garð bænda, sem í þessu sambandi hafa minnzt á, að fyrir þinginu liggi frv. um stórvægilegan styrk til bænda, sem ber með sér skilning löggjafans á nauðsyn bænda. Og samtímis er verið að bera fram frv. eins og þetta, sem í sjálfu sér er þýðingarlaust, því bændur gera hvorki að standa né falla með samþykkt þess eða falli.

Þetta frv. er svo auðvirðilegt, að það má fullyrða með óyggjandi rökum, að engan mann, þeirra er því er ætlað að vernda, skipti það nokkru. Það er margt í ræðu þessa hv. þm. og annara hv. þm., sem gefur tilefni til andsvara, en ég ætla þó að mestu leyti að neita mér um að tæta í sundur þær rökvillur, sem hjá þeim hafa komið fram.

Hv. 2. þm. Rang. og hv. 1. þm. Skagf. vil ég benda á það, að ég get ekki séð, að það séu frambærileg rök, að þó að játað sé, að það þurfi að styrkja bændur með vissum og viðeigandi ráðstöfunum, þá liggi það í hlutarins eðli sem afleiðing af þeirri játningu, að það beri að létta af þeim öllum gjöldum. Ég get ekki séð, að krafan um afnám útflutningsgjalds á landbúnaðarafurðum geti átt sér stoð í þeirri staðreynd, að bændur eru styrksþurfar vegna árferðis og kreppu. Það væri ákaflega örðugt að lögfesta ákvæði bændum eða öðrum stéttum til framdráttar, ef ekki mætti veita þeim styrk nema áður væri búið að létta af þeim öllum gjöldum, sem þeir bera samkv. almennum skattalögum. Það mætti þá með sama sanni segja, að ekki væri ástæða til þess að greiða bændum lágmarksverð á kjöti meðan heimtaðir eru svo og svo margir aurar af sykurkg. og kaffikg. og annari matvöru. Allir hljóta að sjá, út á hvaða braut þetta leiðir. Það má heita, að með þessu verði ómögulegt að lögfesta ákvæði einni eða annari stétt til framdráttar, ef fyrst á að undanþiggja hlutaðeigandi stétt þeim gjöldum, sem hún innir af hendi samkv. almennri skattalöggjöf.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, og ég vil halda því á lofti, að það væri í sjálfu sér ekki aðalatriðið, hvort útflutningsgjaldið væri stórt eða smátt, heldur það, að gjaldið væri ósanngjarnt og því ætti að afnema það. Ég get gefið hv. þm. rétt í þessu, en ég vil þá bara spyrja hann, hvort hann sé reiðubúinn að taka afleiðingum af þessari skoðun sinni og aflétta því útflutningsgjaldi, sem enginn óbrjálaður maður getur annað en viðurkennt, að sé ákaflega ósanngjarnt, eins og að leggja 20—30% útflutningsgjald á síld. Útflutningsgjaldið á síldartunnunni er nú 1 kr.; undanfarin ár hefir það verið 1.50 kr. og stundum 3 kr. Hráefnið hefir komizt upp í 60—70 kr., en er nú í 3 kr. Þetta er ósanngjarnt, og þessi hv. þm. og allir, sem honum eru sammála hvað þetta snertir, verða þá að ljá þessu máli lið, og ég get gefið þeim tækifæri til þess.

Það má vel vera, að þetta gjald kæmi réttlátar niður með því að afnema útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum og taka í þess stað upp hina gömlu tíund. En ef það er tilgangurinn að létta ekki gjaldinu af bændum, heldur koma löggjöfinni þannig fyrir, að allir bændur eigi við sama rétt að búa í þeim efnum, þá hefði ég kunnað betur við, að afnám útflutningsgjalds á landbúnaðarafurðum hefði verið borið fram sem afleiðing af því og jafnframt löggjöf um tíund.

Ég er sammála því, sem hv. 1. þm. S.-M., hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. Ak. gleggst tók fram í sinni ræðu, að það er í sjálfu sér vansæmd fyrir bændastéttina, að þetta frv. er fram komið á þinginu. Og um gildi frv. skal ég segja það, að ég veit, að ég segi það satt, að svo að segja hver hv. dm. er í hjarta sínu heldur óánægður yfir því, að frv. er fram komið, þó að sumir þeirra hafi af ýmsum ástæðum slæðzt til þess að ljá því fylgi sitt. Frv. er nauðaómerkilegt og í sjálfu sér andstætt hugarfari flestra hv. dm., og m. a. þeirra, sem það hafa flutt. Það munu ekki margir hv. þm. gerast til þess að mótmæla þessu.

Halldór Stefánsson: Ég stend ekki upp til þess að auka á kapp í umr.; ég álít

það óeðlilega mikið og skil eiginlega ekki, hvað mönnum hefir verið þetta viðkvæmt mál, sem talað hafa á móti frv. Af öllum þeim, sem talað hafa á móti frv., hefir eiginlega enginn andmælt því rólega, nema hæstv. dómsmrh., sem talaði um málið sanngjarnlega og færði fram sérstakar ástæður, sem vert er að líta á.

Ég hefi áður gert grein fyrir því, á hverju afstaða mín til málsins byggist, sem sé fyrst og fremst á því, að þetta gjald er og hefir verið, og er einkanlega nú ákaflega ranglátt og óeðlilegt, um leið og vissa er fyrir því eða mjög sterkar líkur, að ekki verði hægt um langa hríð að framleiða landbúnaðarafurðir til útflutnings, svo að svari kostnaði.

Ég hefi bent á, að ef mönnum er svo sárt um að fella þetta gjald niður, þá er til önnur leið, sem ég og fleiri fylgismenn frv. myndu geta fallizt á, og það væri að dreifa þessu gjaldi á alla landbúnaðarframleiðslu og leggja á lága tíund. Það mætti þá ákveða einhvern tilsvarandi hluta af því til ræktunarsjóðs. (**BÁ:** Það liggur ekkert fyrir um það). Ég játa það með þeim hv. þm., sem fram í tók, og hv. þm. G.-K., að engin till. liggur fyrir um það samtímis, en ég sé ekki, að það sé neinn skaði skeður, þó hún liggi ekki formlega fyrir; það er fljótbætt úr því, af menn eru sammála um efnið.

Ég skal ekki neitt sérstaklega minnast á umr. manna annað en það, sem hv. þm. G.-K., minn góði samherji úr n., vék að mér með sérstaklega prúðmannlegu orðbragði og þótti það vera meira skilningsleysið af mér að geta ekki skilið þann mun, sem væri á frv. um lækkun á útflutningsgjaldi fiskimjöls og þessa frv. Ég skil fullvel þann mun. Í öðru tilfellinu er farið fram á að fella niður gjald, sem er hátt á 2.%, en í hinu tilfellinu aðeins að lækka sama gjald á annari útflutningsvöru, en lækkunin nemur hærri hundraðshluta af verðinu en niðurfellingin. Það vona ég, að hið gáfaða höfuð hv. þm. skilji. (**ÓTh:** Nú fer málið að fara í taugarnar á mér).

Ég vil benda hv. þm. og öðrum á það, að ég rökstuddi málið í minni ræðu ekki með öðru en almennum ástæðum og rökum, en hafði ekki sama hátt á mínu máli eins og andmælendur frv. voru þá þegar búnir að viðhafa.

Ég talaði um málið frá almennu sjónarmiði, en ekki með neinni áreitni til annara. — Svo skal ég láta umr. falla niður frá minni hálfu, því þetta kapp og taugaóstyrkur er óeðlilegt, hvernig sem annars á málið er litið, hvort sem menn eru því andstæðir eða fylgjandi.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þessar umr. eru nú komnar inn á aðra braut en ég tel rétt. Það er náttúrlega álitamál, hvort betra er að skipta um og leggja annan skatt á landbúnaðinn en útflutningsgjald. Um það má ræða, en fyrr en þær till., sem fram eiga að koma, liggja fyrir, er ekki hægt að dæma um, hvort þær eru betri en það, sem nú er. En ég held, að þegar frv. þetta var borið fram, þá hafi það ekki verið, eins og hv. 1. þm. Skagf. tók fram, með tilliti til þess, hve gjaldið kæmi ósanngjarnlega niður. Það hefir ekki allan þennan tíma, sem þingið er búið að sitja, bólað neitt á till. um nýja skatta á landbúnaðinn. Ég held því, að þetta sé aðeins fundið upp af því, að meðmælendur frv. finna, að þetta er í raun og veru ekki sanngirnismál eins og það liggur fyrir, og ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan viðvíkjandi þeim samningum, sem gerðir voru 1925 um þessi mál. En annars get ég ekki neitað því, að mér fannst annar andi í ræðu hv. 2. þm. Rang. en ræðu hv. samþm. míns, þó að þeir séu báðir flm. að brtt. við þetta frv.

Ég hefi svo ekki ástæðu til að lengja umr. frekar.

Bjarni Ásgeirsson: Mér finnst óþarflega mikill hiti kominn í þessar umr., því þetta er sannarlega ekki stórmál, og mér finnst það leiðinlegt mál og ég get ekki fylgt því. Til þess liggja ekki önnur rök en þau, sem búið er fram að bera af ýmsum andstæðingum frv.

Fyrst og fremst álít ég þetta mál ákaflega lítils virði fyrir útflytjendur landbúnaðarafurða, þar sem um er að ræða ca. 10 aura gjald á kjötkropp, en aftur á móti vel til þess fallið að koma inn illu blóði hjá öðrum stéttum þjóðfélagsins, sem greiða verða samskonar gjald af

sínum vörum. Og ég er hræddur um, að það skapi kröfu, og það eðlilega kröfu um að þau fái líka niðurfelld sín gjöld, sem ríkissjóður má ekki við að missa.

Í öðru lagi vil ég benda á það, sem hæstv. dómsmrh. hefir tekið fram, að með samþykkt l. um ræktunarsjóð eru í gildi samningar, sem að nokkru leyti yrðu rofnir með niðurfellingu þessa gjalds, þar sem gjald þetta var hækkað almennt með tilliti til þess, að ákveðinn hluti rynni í ræktunarsjóð, sem er stofnun, sem starfar fyrir íslenzka bændur. Meðan l. þessi eru í gildi og meðan ríkissjóður heldur áfram að greiða ákveðna greiðslu til ræktunarsjóðs, þá er ósæmandi, að landbúnaðurinn, sem nýtur þessa gjalds, kippi að sér hendinni með að greiða þetta tiltölulega litla gjald, sem frá honum rennur í þennan sameiginlega sjóð.

Eina röksemdin, sem mér virðist takandi til greina í þessu máli, er sú, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Skagf., að útflutningsgjaldið í heild sinni kæmi ójafnt niður á framleiðslu bænda. Úr því tel ég sjálfsagt að bæta með því að breyta gjaldinu þannig, að því verði á einn eða annan hátt jafnað niður á afurðir bænda í heild, hvort sem þær eru fluttar út eða ekki, t. d. með því að taka það sem fasteignaskatt. En mér finnst, að við getum ekki kippt af okkur gjaldinu fyrr en búið er að leiðrétta þetta.

Út af þessu vildi ég bera fram svofellda rökstudda dagskrá:

Jafnframt því að ríkisstj. er falið að undirbúa fyrir næsta þing frv. til l., er tryggi það, að gjald frá landbúnaðinum, sem svari til útflutningsgjalds þess, sem nú er af landbúnaðarafurðum, kæmi réttlátar niður á framleiðslu búnaðarins en nú er, og í trausti þess, að Alþingi geri sitt til að tryggja raunverulega afkomu bænda á þessum örðugleikatímum, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. 2. þm. Rang. (sjá þskj. 745) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Hannes Jónsson: Ég hafði ekki hugsað mér að tala meira, en af því að hv. þm. Ak. vék að mér nokkrum orðum í ræðu sinni, þá vildi ég svara honum og kvitta fyrir. Annars var þessi hv. þm. óvenjulega skáldlegur í ræðu sinni, setningarnar komu fram í svo ljóðrænum búningi, að ef ég hefði verið tónskáld, þá hefði ég samið undireins lag við ræðu hans. Hv. þm. talaði um það með miklum fjálgleik, hvað hann hefði mikla hæfileika til þess að vera bóndi og hvað hann bæri sterka þrá í brjósti til þess að verða bóndi í annað sinn. En hvað er það, sem hefir komið honum út af þeirri braut, sem hann þráir svo mikið, að hann getur ekki hugsað sér framtíðina öðruvísi en að vera bóndi? Ætli það hafi ekki verið það, að helzt til fáar kringlóttar komu í vasa hans af því að vera bóndi. Ekki geta allir bændur, sem illa stendur á fyrir, orðið fulltrúar bæjarfógetans á Akureyri eða sýslumenn í Húnavatnssýslu. Þar komast ekki allir að. En hv. þm. Ak. hafði möguleika til þess að komast burt úr því öngþveiti, sem flestir bændur eiga við að búa. Þegar honum gekk illa búskapurinn, fór hann bara í annað, og sagði þeim, sem eftir voru, að sitja á sínum þúfum og svelta, hann ætlaði að láta sér líða betur. Nei, þessi bændavinur, hv. þm. Ak., kemur ekki fram hér á þingi í neinum skrípabúningi. Hann kemur í einkennisbúningi sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Hv. þm. talaði langt mál til þess að sýna fram á, hvað þetta væri mikið ölmusuboð bændum til handa. En hvað eru kreppulánaráðstafanirnar? Eru þær ekki líka ölmusuboð, sem bændur eiga að telja neðar virðingu sinni að þiggja? Er ekki allt það, sem gert er til þess að auka gengi bændanna, ölmusuboð í þeirra garð? Ef svo er ekki, því þá sérstaklega þetta atriði? Hv. þm. gaf í skyn, að hann teldi þetta gjald óréttmætt. En því má þá ekki létta þessu óréttmæta gjaldi af? Það get ég ekki skilið.

Við ræðu hv. þm. Mýr. varð mér svo, að mér heyrðust Reykjakýrnar baula í gegnum hana. Þessi hv. þm. hefir tekið öllum þeim ráðstöfunum, sem Alþingi hefir gert til hagsbóta fyrir atvinnurekstur hans og þeirra, sem líkt eru settir, fegins hendi. En nú vill hann endilega, að beðið sé átekta, og helzt, að

ekkert sé gert í þessu máli. Þar sést samræmið og sanngirnin út yfir eigin hagsmuni.

Hv. þm. G.-K. lét skína í gegnum ræðu sína, að gengi Alþ. að þessu frv., kæmu allir aðrir íslenzkir framleiðendur og heimtuðu, að útflutningsgjaldi væri einnig létt af þeirra afurðum. En ég ætla, að það standi talsvert öðruvísi á um flesta aðra framleiðendur hér á landi. Eða því er verið að gera stórfelldar ráðstafanir til hjálpar landbúnaðinum? Auðvitað af því, að sá atvinnuvegur stendur sérstaklega höllum fæti.

Ég sé, að hæstv. forseti er farinn að gefa mér bendingar um, að tími minn sé búinn, og sökum þess, að hæstv. forseti er stjórnsamur mjög, en ég löghlýðinn vel, vil ég nú láta máli mínu lokið, þótt ýmislegt sé eftir ósagt.

Steingrímur Steinþórsson: Ég vildi aðeins taka fram afstöðu mína gagnvart rökst. dagskrá hv. þm. Mýr. Ég játa það, að dagskrá þessi kom mér í talsverðan vanda; ég er henni samþykkur að því leyti, að stj. sé falinn undirbúningur fyrir næsta þing um breyt. útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum í betra horf en nú er. En samt get ég ekki greitt atkv. með dagskránni, sökum þess, að till. er vísað frá um leið. En ég get ekki sætt mig við þá afgreiðslu þessa máls, að ekki verði af létt þessu útflutningsgjaldi af landbúnaðarafurðum einmitt nú á þessu erfiða ári. Hefði dagskráin komið fram í tillöguformi, hefði ég glaður samþ. hana, því að þá hefði mátt samþ., að þetta gjald yrði látið niður falla á því eina ári, sem hér um ræðir. En ég get ekki samþ. dagskrána eins og nú stendur á, þó að ég geti skrifað undir þær röksemdir, sem að henni liggja.

Guðbrandur Ísberg: Það er nú svona rétt um það, að ég nenni að standa upp aftur, en þó tel ég mig verða að svara hv. þm. V.-Húnv. nokkrum orðum. Hann byrjaði ræðu sína með því að benda á það, hvað ég væri mikið skáld. Ég hefi nú ekki orðið var við þann hæfileika hjá mér enn sem komið er, en sé þessum hv. þm. einhver þægð í því, skal ég athuga það betur í framtíðinni. Þá sagði hv. þm., að ég hefði í ræðu minni gert mikið úr hæfileikum mínum og löngun til búskapar. Ég talaði um hvorugt. Ég gerði aðeins ráð fyrir þeim möguleika, að ég yrði bóndi aftur.

Hv. þm. spurði, hvort allur sá styrkur, sem Alþ. veitti bændum, væri ölmusa. Ég tók svo skýrt fram afstöðu mína til þessara mála í fyrri ræðu minni, að ég tel óþarft að endurtaka það nú. — Loks sagði hv. þm. viðvíkjandi því, að ég hætti búi, að ég hefði kvatt bændurna og sagt þeim að sitja á sínum þúfum og svelta! Ég stóð upp til þess að undirstrika þessi orð. Þau eru auðvitað tómur tilbúningur, en þau eru einkennandi fyrir þennan hv. þm., og tel ég vel til fallið, að hann hafi þau í veganesti, er hann fer næst í biðilsferð til kjósenda sinna, bændanna. En ég vildi taka þau upp til að fyrirbyggja, að hann strikaði þau út úr ræðu sinni.

Jón Auðunn Jónsson: Það er nærri því grátbroslegt að heyra hv. dm. vera að reyna að finna einhver rök til stuðnings þessu máli. Þeir tala hátt um ranglátar skattaálögur og annað slíkt, sömu mennirnir, sem hafa barizt á móti lækkun útflutningsgjalds, sem er mörgum sinnum hærra og ranglátara en það, sem hér um ræðir. Þeir hafa barizt á móti lækkun útflutningsgjalds af síldarframleiðslu, þar sem borga þurfti 1 kr. í útflutningsgjald af hverri tunnu. Og ég hefi ekki heyrt neinn grátstaf í kverkunum á síldarútgerðarmönnum, þó að þeir hafi kannske á sama tíma ekki fengið nema 2 kr. af hverri tunnu upp í kaup sjómanna og annan kostnað af útgerðinni. — Nei, þetta frv. er hrein og bein kjósendabeita, og það af örgustu tegund, og mig furðar á því, ef hv. þdm. láta gabba sig til þess að samþ. það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. maí, var fram haldið 2. umr. (atkvgr.) um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Mýr. samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SvÓ, ÁÁ, BÁ, GÍ, HV, JJós, JAJ, JÓl, JörB.
nei: JónasÞ, StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, HStef, HJ, HG, IngB.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

6. Salerni í sveitum.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um salerni í sveitum** (þmfrv., A. 197).

Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Ég þarf ekki að láta nema fáein orð fylgja þessu frv. Í grg. er minnzt á, af hverju frv. þetta er fram borið, og fram á það sýnt, hversu mikil nauðsyn er á því. Veit ég, að engum blandast hugur um, að svo er. Það hefir nokkuð verið ritað um það megna sleifarlag, sem er á þessu, ég vil segja bæði heilbrigðis- og menningarmáli, og ber það vott um, maður getur sagt hálfgerðan skrælingjahátt. En þrátt fyrir þessi skrif, þ. á m. fyrir nokkrum árum í almanaki Þjóðvinafélagsins, hefir lítill árangur sézt. Og þeir, sem málinu eru kunnastir, telja, að því muni seint verða kippt í lag á annan hátt en með lagaboði. Er því frv. þetta fram komið. Það getur vel verið, að einhverjir líti öðrum augum á einstök atriði þessa máls en við flm., t. d. hve mikið skuli styrkja þetta og eins hitt, hve víðtækt það eigi að vera, hvort það eigi ekki að ná til sjávarþorpa líka. En þessu öllu má breyta í n., ef þurfa þykir. — Ég tel, að rétt muni að vísa þessu frv. til hv. landbn. og ber fram till. um, að svo verði gert.

Halldór Steinsson: Það má segja, að þetta sé þrifamál, og mun ég því sízt leggjast á móti því. Frá heilbrigðissjónarmiði er nauðsynlegt að koma þessu máli í gott horf. En að því er þetta frv. snertir, þá er ég þó ekki fyllilega ánægður. Það tilgreinir aðeins sveitirnar, og að því leyti tel ég, að það nái of skammt. Það er vafalaust þörf á því, að þessi skylda nái einnig til kauptúnanna. Er því að mínu áliti réttara að gera skylduna almenna. Mætti gera það á þann einfalda hátt að sleppa úr frv. orðunum „í sveitum". Gilti þá ákvæðið almennt. Eins og nú er, er almenn skylda um þetta í kaupstöðum, og einnig er þetta gert að skyldu í heilbrigðissamþykktum margra kauptúna. En í mörgum sjávarþorpum er þó ekki svo, og ná l. því ekki tilgangi sínum, ef þau eru einskorðuð við sveitirnar. En ég er ekki heldur ánægður með kostnaðarhlið þessara framkvæmda eftir frv. Mér þykir óþarfi að láta ríkið leggja fram mikið fé til þessa. Þetta kostar ekki nema örlítið fé, og má gera ráð fyrir því, að hvert heimili sé fært um að annast framkvæmd þessa á eigin spýtur. Ég vil því fella úr frv., að ríkissjóður leggi til þessa.

Þá þykir mér það vera nokkuð hátíðlegt ákvæði í frv., að ráðh. skuli setja reglur um framkvæmd þessa verks. Ég hélt hún gæti orðið í sæmilegu lagi, þótt gerð væri eftir ákvörðun hreppsnefnda, máske í samráði við héraðslækni. Ég set þessar aths. fram til þess, að hv. n. gefist kostur á að taka þær til athugunar.

Guðmundur Ólafsson: Ég var spurður að því nú, er ég yfirgaf forsetastólinn, hvort ég þyrfti á salerni að halda. — Það er nú víst að sumu leyti rétt, að ég þurfi að koma þar við. — Ég vildi lítillega víkja að því, sem hv. þm. Snæf. sagði. Hv. aðalflm. viðurkenndi nú reyndar, að það, sem athugunarvert þætti við frv., mætti laga í n., og voru aðfinnslur hv. þm. Snæf. þess eðlis, að ætlazt mætti til, að n. taki þær til athugunar og lagfæri frv. samkv. því, eftir því sem ástæða þykir til. Það er rétt, sem hv. þm. Snæf. tók fram, að salerni mun víða vanta í kauptúnum og sjávarþorpum, jafnvel ekki loku fyrir skotið, að slíkt hittist líka í kaupstöðum. Og sízt er betra, að slíkt ástand eigi sér stað í þéttbýlinu en í sveitunum, þótt vitanlega sé það hvergi ánægjulegt, að salerni vanti.

Þá fór hv. þm. að tala um einhvern hátíðleik í frv. — Ekki ætti það nú að vera neitt verra, þó það væri að einhverju leyti hátíðlegt. Skoða ég það frekar sem lof en last.

Þá þótti hv. þm. frv. tiltaka of háan styrk fyrir þessar framkvæmdir. Sá styrkur er þó ekki hærri en sá, sem tiltekinn er í jarðræktarl. — Hann taldi tæplega þörf á svona miklum styrk. En þetta kostar þó mikið, ef byggðar eru góðar safnþrær í sambandi við salernin, en það er nauðsynlegt í sveitum áburðarins vegna og auk þess heppilegast fyrirkomulag.

Við flm. gerum þó ekki að neinu sérlegu kappsmáli, hvort styrkurinn verður ákveðinn hærri eða lægri, og ekki heldur hin önnur atriði, sem á hefir verið minnzt. Fyrir okkur vakir það fyrst og fremst, að aðaltilgangur frv. náist. Við vonum, að hv. n. lagi þetta eftir því sem við þykir eiga, eftir nánari athugun. Og við vonum, að hún álíti þetta ekkert hégómamál, sem ekki sé eyðandi tíma í að athuga og afgreiða. Vonum við, að hún afgr. frv. fljótlega og liggi ekki eins lengi á því eins og við hefir brunnið um ýms önnur frv. hér, því miður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 312).

Frsm. (Jón Jónsson): N. hefir fallizt á fyrir sitt leyti, að þetta mál eigi rétt á sér, og mælir með, að það nái fram að ganga með nokkrum nauðsynlegum breyt. Aðalbreytingarnar eru tvær, eins og segir í nál.

Fyrst er gert ráð fyrir í brtt. n. á þskj. 312, að lögin séu látin ná til fleiri en bæja í sveitum, að þau nái líka til íbúðarhúsa í sjávarþorpum, þar sem ekki er heilbrigðissamþykkt. Tel ég víst, að enginn ágreiningur verði um það, að þetta sé æskilegt. Hinar brtt. miða að því að tryggja betri framgang þessa máls, með því að gera hreppsn. það að skyldu að láta héraðslækninn fylgjast með í því, hvað salernagerðinni miði áfram, og að hann geri skyldu sína til þess, að lögin nái tilgangi sínum. Þá hefir n. sett ýms skýrari ákvæði um það, hverjir eigi að bera kostnaðinn af salernagerðinni, og leggur hann á jarðeigandann, en gert er ráð fyrir, ef um vanrækslu verði að ræða á þessu, að þá sé leiguliða heimilað að framkv. verkið á kostnað eiganda. Loks hefir n. breytt orðalagi 6. gr., sem betur mátti fara. Þessi breyt. gerir enga efnisbreyt., og vænti ég þess, að um það verði enginn ágreiningur.

Frv. leggur ekki neinn aukinn kostnað á ríkissjóð, því að sá eini kostnaður, sem lendir á ríkissjóði, ef þetta verður samþ., er við safnforir, sami og eftir núgildandi jarðræktarlögum, og er því ekki um neina breyt. að gera.

Ég vil svo fyrir hönd n. óska þess, að málið nái fram að ganga með þeim breyt., sem eru á þskj. 312.

Halldór Steinsson: Ég get verið hv. n. þakklátur fyrir það, að hún hefir næstum því að öllu leyti tekið til greina þær aths., sem ég gerði við 1. umr. þessa máls. Ef þessar breyt. verða samþ., þá tel ég, að frv. sé komið í það horf, að sjálfsagt sé að samþ. það, og að það horfi til mikilla bóta.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég vil líka taka undir það með hv. þm. Snæf. að þakka hv. n. fyrir góða afgreiðslu þessa máls.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni fyrir þessu máli, þá var ekki aðalatriðið fyrir okkur flm., að engar breyt. yrðu gerðar á þessu frv., heldur það, að hv. n. vildi skilja nauðsyn þessa máls, og það hefir hún gert.

Ég hefi athugað breytingarnar á þskj. 312, og finnst mér, að þær séu yfirleitt til bóta. Þess vegna vil ég líka láta í ljós þá skoðun mína á þessu frv., að bezt sé að afgr. það með þeim breyt., sem hv. n. fer fram á.

ATKVGR.

Brtt. 312,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 312,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 312,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 312,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
5 gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 312,5 (ný 6. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 337).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 337).
Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 337, n. 721 og 749).

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. hefir klofnað um þetta mál. Hv. þm. Mýr. vill samþ. frv. óbreytt, en meiri hl. getur ekki fallizt á, að það verði gert að lögum í þessari mynd. Að vísu telur hann, að rétt sé stefnt í því, að laga þurfi þennan gamla óvana, sem því miður er enn víða ríkjandi. En þrátt fyrir það getur hann ekki séð sér fært að samþ. það, en leggur til, að því verði vísað til Búnaðarfél. Íslands til frekari lagfæringar. Þess vegna vill meiri hl. leyfa sér að leggja til, að frv. verði afgr. með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er í nál. á þskj. 721.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að svo stöddu.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 721, frá meiri hl. landbn., samþ. með 16:3 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Siglingalög.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914 (þmfrv., A. 145).

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv. lá fyrir þinginu í fyrra, en náði þá ekki fram að ganga. Ég álít óþarft að gera frekari grein fyrir því en gert er í grg. þeirri, sem fylgir frv. Svo óska ég, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, n. 331).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Með þessu frv. er farið fram á, að sjóveðréttur samkv. 11. kafla siglingalaganna frá 1914 fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skuli einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds meðan það er ekki af höndum greitt. Einnig eru gerðar ráðstafanir til þess með þessu frv., að ekki sé greitt vátryggingaféð fyrr en nokkur tími er liðinn frá því er sjópróf var haldið út af skiptapi.

Hér er ekki farið lengra inn á það svið en svo, að gera kröfu til sérréttinda fyrir kaupi skipshafnar og skipstjóra, en vitanlega ná ákvæði um sjóveðrétt samkv. 11. kafla siglingalaganna til fleiri aðila en hér um ræðir.

N. hefir kynnt sér þetta mál allýtarlega og borið það undir lögmanninn í Reykjavík, og fylgir álit hans hér með. Eins og sjá má, kemst hann að þeirri niðurstöðu, að óheppilegt sé að gera breytingar eða setja sérákvæði inn í siglingalögin á þessu stigi málsins, og ekki sízt vegna þess, að nú liggur fyrir að endurskoða siglingalöggjöfina, til þess að samræma hana við gildandi alþjóðaákvæði, sem Ísland mun hafa gengizt undir. Gæti þetta því komið til greina við hina almennu endurskoðun laganna.

N. spurðist sérstaklega fyrir um það, bæði hjá lögmanni og Sjóvátryggingarfélagi Íslands, hvaða venja hefði gilt í þessu efni undanfarið. Svaraði lögmaður því, að engin venja hefði myndazt um þessi atriði hér. Samkv. þessu komst n. að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að vísa þessu máli til stjórnarinnar og ganga þá út frá því, að ákvæði, sem snertu sjóveðréttinn, verði athuguð um leið og hin almenna endurskoðun á siglingalögunum fer fram.

Ég skal þá aðeins geta þess, af því að nál. er ekki undirskrifað af öllum nm., að einn var veikur þegar málið var afgr., nefnilega hv. þm. Barð.

Héðinn Valdimarsson: Ég get ekki fallizt á það, að vísa þessu máli til stjórnarinnar, þó að ég þykist sjá forlög þessa

máls fyrst nefndin hefir lagzt svona á sveifina.

Þetta virðist augljóst mál og sjálfsagður réttur fyrir sjómenn að fara fram á þetta. Er því engin ástæða til að bíða eftir allsherjarbreytingu á lögunum.

ATKVGR.

Till. á þskj. 331, frá sjútvn., um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MJ, ÓTh, PHalld, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, JJós, JAJ, JÓl, JörB.

nei: VJ, HG, HV.

StgrS greiddi ekki atkv.

Átta þm. (JónasÞ, MG, PO, TrÞ, ÁÁ, BJ, BSt, IngB) fjarstaddir.

2. Skemmtanaskattur (undanþága um sérstakar kvikmyndasýningar).

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 20. júní 1923, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 265).

Á 40. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um að lengja ekki umr., enda er það óþarfi í þessu máli. Er allt, sem þarf, tekið fram í grg. frv. Ég vil aðeins óska þess, að málinu verði vísað til fjhn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 265, n. 378).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Þetta óbrotna mál, sem hér liggur fyrir, gengur út á það, hvort rétt mundi vera að undanþiggja þau kvikmyndahús frá því að borga skemmtanaskatt, sem rekin eru af bæjarfélögum. Ástæðan fyrir því er sú, að komið hefir upp ágreiningur um þetta atriði á milli ríkisstj. og bæjarstj. á Ísafirði.

N. getur ekki fallizt á að gera mun á kvikmyndahúsunum eftir því, hverir þau reka, en telur hinsvegar sjálfsagt, að bæjarfélög, sem reka kvikmyndahús, séu engum órétti beitt og að ekki sé beitt meira harðræði um innheimtu skatta vegna þeirra kvikmyndahúsa heldur en hinna, sem rekin eru af einstaklingum. N. hefir, eins og áður er sagt, ekki getað fallizt á frv. og mun greiða atkv. á móti því.

Jón Auðunn Jónsson: Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Ég er sömu skoðunar og áður um, að það hafi ekki verið heppilegt að svipta bæjarfélög þessum tekjum, eins og gert var 1923 með l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Ýms þeirra vörðu þessu fé í sérstöku augnamiði, eins og t. d. að á Ísafirði var því varið til líknarstarfa. Bæjarfélög hafa ekki haft of marga tekjustofna og hafa komizt í mikla fjárþröng nú á síðari árum. Afstaða mín er óbreytt í því, að ég álít, að það hafi verið misráðið að setja þessi l. En hinsvegar, að skemmtanaskatturinn ætti að vera einn af föstum tekjustofnum bæjar- og sveitarfélaga.

Vilmundur Jónsson: Það var ekki rétt, sem hv. frsm. sagði, að þetta frv. væri flutt til þess að undanþiggja jafnan kvikmyndasýningar, sem bæjarfélög standa fyrir, skemmtanaskatti, heldur því aðeins þá, er ágóðanum er öllum varið til menningarmála, og er ráðh. ætlað að hafa eftirlit með því, að þess sé að fullu gætt.

Ég hjó eftir því, að hv. þm. N.-Ísf. mælti það, sem mun vera almennt álit hv. dm., að ekki hafi verið heppilegt að taka þennan gjaldstofn af bæjarfélögunum. Og ég vil þá mega ætlast til, að bæði hann og aðrir hv. dm. vilji höggva skarð í þann órétt, sem bæjunum hefir verið gerður, og samþ. þetta frv.

Ég vík að því í grg., að nokkur ástæða er til að ætla, að bæjarfélög muni hafa hærra markmið en einstakir menn með rekstri kvikmyndahúsa. En hinsvegar mundi ég ekki vera á móti því, að frv. yrði breytt á þann hátt, að þessi fríðindi næðu líka til annara rekenda kvikmyndahúsa, sem hefðu það markmið að afla fjár einungis í því skyni að verja því til almennra menningarmála. Ég gæti t. d. hugsað mér, að góðgerðarfélag tæki að sér að reka kvikmyndasýningar og vildi verja öllum ágóðanum í guðsþakkarskyni. Teldi ég þá sanngjarnt, ef svo stæði á, að láta það njóta sömu fríðinda og í frv. er ákveðið um kvikmyndahús, sem rekin eru af bæjarfélögum og binda ágóðann á þann hátt, sem þar greinir.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er gamalt deilumál hér í þessari d., hvort rétt sé að taka þessar tekjur af sveitar- og bæjarfélögum. Það er ekki það, sem kemur hér til greina. Það má líka deila um það, hvernig ætti að beita heimild skemmtanaskattslaganna, þegar um er að ræða, að fé gangi annaðhvort til þjóðleikhúss eða menningarstarfsemi á þeim stað, þar sem fé er innheimt.

En nú hefir verið breytt til, og þessum skatti er ætlað að vera ríkistekjur, og ég vona, að það verði svo framvegis. Á þessu þingi koma ekki sömu undanþágur til greina í þessu efni eins og áður en núv. skipulag hófst. Stj. óskar þess, að skemmtanaskatturinn megi, eins og verið hefir, renna óskertur í ríkissjóð enn um nokkurn tíma.

Annað mál er það, hvernig rétt kunni að vera að úrskurða um þann skatt, sem féll í gjalddaga áður en ríkið tók þennan skatt í sinn eigin sjóð, fyrir 1. júlí síðastl. Ég get f. h. stj. lofað hv. flm. því einu, að taka þá hlið málsins til nánari athugunar. En á meðan þessi skattur á að renna í ríkissjóð og tímarnir eru svo erfiðir sem nú, mun stj. veita sem allra fæstar slíkar undanþágur, þó að heimild sé fyrir því í l.

Mín till. er því sú, að frv. verði ekki samþ.

Vilmundur Jónsson: Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir hans vinsamlegu orð um, að stj. muni taka til athugunar, hvernig sanngjarnt sé að úrskurða um þann skatt, sem féll í gjalddaga fyrir 1. júlí síðastl. og ágreiningur hefir orðið um. En að öðru leyti vil ég gera þá aths. við ræðu hans, að ástæða er til að taka tillit til þess, að það er aðeins bráðabirgðafyrirkomulag að láta skemmtanaskattinn renna beint í ríkissjóð. En þetta frv., sem ég flyt hér, er frv., sem ég ætlast til, að verði að l. fyrir framtíðina. Ég vona fastlega, að það fyrirkomulag haldist ekki lengi, að skemmtanaskatturinn verði tekinn til beinnar eyðslu ríkisins, heldur verði honum innan skamms og síðan jafnan framvegis varið til einhvers sérstaks menningarmáls. Vænti ég þess, að hv. þdm. geti fallizt á að samþ. þetta litla frv. Hér er hvort sem er ekki um annað að ræða en lítilræði á mælikvarða ríkissjóðs, sem hann engu munar.

ATKVGR.

Till á þskj. 378, frá fjhn., um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 11:6 atkv.

3. Einkennisbúningar og önnur einkenni.

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um notkun einkennisbúninga og annara einkenna (þmfrv., A. 458).

Á 61. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Steingrímur Steinþórsson: Hv. fyrri flm. er ekki viðstaddur, svo ég verð að hlaupa í skörðin og segja nokkur orð um frv. það, sem hér liggur fyrir. Mun að mestu nægja að vísa til grg. Tilgangur frv. er, eins og það ber með sér, að banna það, að notaðir séu einkennisbúningar eða sérstök merki í þágu ákveðinna stjórnmálaskoðana og stjórnmálaflokka. Það hefir verið svo um okkur Íslendinga, að við höfum lítið skreytt okkur með einkennisbúningum og enginn her-

mennskuandi verið ríkjandi með þjóð okkar hinar síðustu aldirnar. Ég hygg, að það muni vera almenn skoðun okkar á meðal enn, að það muni lítið efla þroska okkar eða gengi á nokkurn hátt, þótt slíkar venjur yrðu teknar upp. Nú er farið dálítið að bóla á því hér að nota merki, og jafnvel ef til vill búninga að einhverju leyti, í þágu sérstakra stjórnmálaflokka. Það er ekki ástæða til að æsa upp hugi manna með því að bera utan á líkama sínum tákn um, að menn fylgi sérstökum stjórnmálaflokki, sem hæglega getur orðið til að æsa upp, einkum óþroskaða unglinga, sem þykir mjög mikið varið í að skreyta sig með slíkum búningum eða merkjum, enda þótt þeir hafi enga ákveðna sannfæringu um þá stefnu, sem merkið táknar. Ef börn innan við fermingu fara að bera slík merki, tel ég það öfgar, sem vart er hægt að líða.

Við flm. lítum svo á, að setja beri skorður við þessu strax, áður en þessi ófögnuður nær meiri útbreiðslu, því að réttara sé að byrgja brunninn áður en barnið fellur í hann. Einkum teljum við hættulegt, ef óþroskaðir unglingar af ungæðisskap og æfintýralöngun lenda inn á þessar brautir, og getur það með öðru orðið til þess að skipa þeim í sveit ýmissa öfgastefna, sem nú er svo mikið af bæði hér heima og erlendis.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar inn á að ræða þetta mál, nema ef umr. gefa tilefni til.

Um form frv. vil ég taka það fram, að við flm. erum fúsir til breyt. á því, ef ástæða þykir til, einkum í samráði við hæstv. dómsmrh. Formsatriði frv. er okkur flm. ekki mest áhugamál, heldur hitt, að hindra útbreiðslu notkunar á einkenningsbúningum sem tákn sérstakra stjórnmálaskoðana, sem að okkar áliti getur aukið ófriðarhættu í landinu. Við Íslendingar höfum ekki reynslu um þetta enn sem komið er, en aðrar þjóðir hafa orðið að grípa til þess að gera slíkar ráðstafanir sem í frv. getur, vegna þess að svo mjög hefir borið á óeirðum í sambandi við það, að ýmsir stjórnmálaflokkar hafa komið einkennisbúnum sveitum upp, sem stundum er notað sem árásarlið eða til varnar eftir ástæðum.

Að svo mæltu óska ég, að hv. dm. leyfi málinu að ganga til 2. umr. og að því verði vísað til allshn.

Jóhann Jósefsson: Það er efalaust góður tilgangur hv. flm. með þessu frv. En ég vil, út af því, sem tekið er fram í grg. um samskonar bann í Danmörku, benda á það, að þar horfir þetta nokkuð öðruvísi við heldur en hér á landi. Öllum er það vitanlegt, okkur hér líka, að suðurlandamæri lands þeirra er þeim viðkvæmt mál, eins og líka norðurlandamæri Þýzkalands eru Þjóðverjum viðkvæmt mál. Nú horfir þetta svo við, að Danir álíta sér mikla hættu stafa af þjóðernishreyfingunni í Þýzkalandi og þeim mönnum í Slésvík, sem fylgja þessari hreyfingu. En þessi hreyfing hyllir þá stefnu, sem Danir eru hræddir við, að landamærin þarna breytist á ný. Þetta mun nú vera aðalundirrót þess, að Danir hafa amazt við því, að teknir séu upp þessir einkennisbúningar hjá stjórnmálaflokkum. Hér á landi bólar ekki á neinu, sem á skylt við þetta. Það er ekki vitanlegt, að hér séu neinir flokkar, sem tekið hafa upp að nota einkennisbúninga. Hitt er vitanlegt, að fánanælur og tákn og merki hafa sumir stjórnmálaflokkar haft hér á landi, án þess að mönnum hafi dottið í hug að amast neitt við því fyrr en nú. Það er einkennilegt, að nú skuli vakna mótmæli gegn þessu, þar sem nú er að rísa þjóðernishreyfing, sem vill hrinda óheillavænlegum, erlendum stjórnmálaskoðunum af höndum okkar. Ef hægt væri að koma í veg fyrir alla æsingu í stjórnmálum með því einu að banna mönnum að bera nælu í hnappagatinu, þá væri það góðra gjalda vert að gera það. En slík bönn geta því miður aldrei verið nein lækning á stjórnmálaæsingum.

Í 2. gr. frv. stendur, að þeim, sem þegar hafa helgað sér slík merki, skuli verða leyft að nota þau áfram. Það er vitanlegt, að til eru stjórnmálaflokkar hér á landi, sem hafa helgað sér ákveðin merki um langt skeið, og eftir þessu ættu þeir að fá að halda sínum merkjum, en þeim, sem hefja vilja baráttu í andstöðu gegn þeim, er gert erfiðara fyrir. Ég vil benda hv. flm. á það, að ef það er höfuðtilgangur þeirra með frv. að forða árekstri milli

stjórnmálaflokkanna í landinu, þá er þetta ekki öruggasta meðalið til þess.

Ég tók eftir því, að hv. þm. var í ræðu sinni að tala um hættu á því, að unglingar innan við fermingu væru dregnir í dilk sérstakra stjórnmálaflokka. Þetta hefir átt sér stað um langt skeið, sérstaklega hjá kommúnistum. Ég get tekið undir það með hv. þm., að þetta er mjög ámælisvert. En bann gegn einkennismerkjum er ekki öruggasta ráðið til að halda æsingamönnum í skefjum, heldur hitt, að ríkisvaldið sé nægilega öflugt til þess að geta kveðið niður þá, sem ekki vilja þola lögin. Það eina, sem getur hamið þá, sem á annað borð vilja nota ófrið og æsingu, er nógu sterkt lögregluvald. Um það býst ég við, að hv. flm. geti verið mér sammála. Öll lagaboð um þessi efni eru gagnslaus, svo fremi, sem ekki er til nægilega öflugt framkvæmdavald til þess að framfylgja þeim, og alveg sama gegnir um frv. það, er hér liggur fyrir. Það mun á engan hátt geta komið í veg fyrir árekstra á milli hinna æstu flokka. Ég mun þó greiða því atkv. til 2. umr. og n., með því líka að ég á sæti í n. þeirri, sem fær það til meðferðar. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram strax, til þess að hv. flm. vissi afstöðu mína til málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 458, n. 578 og 605, 635).

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Eins og nál. ber með sér, klofnaði n. um þetta mál. Meiri hl. n. leggur til, af frv. verði samþ. óbreytt. Telur hann þörf á því einmitt nú á tímum að stemma stigu fyrir því, að ofstopamenn geti vaðið uppi. Það sé ekki holt, að unglingum líðist að stofna skipulagða flokka til áfloga. Þetta er rétt í uppsiglingu hér og væri því bezt að stemma á að ósi og hindra það, að unglingar geti notað einkenni og einkennisbúninga til þess að eiga hægara með að beita sér fyrir áflogum hér í bæ og annarsstaðar. Meiri hl. n. leggur því til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Bergur Jónsson): Eins og sést á nál. á þskj. 605, hafa 2 nm., hv. þm. Vestm. og ég, ekki getað samþ. þetta frv. Ástæðan er sú, að okkur finnst þetta skerða frjálsræði manna, ef þeir mega ekki bera merki, er sýni, hvaða stofnunum eða félögum þeir tilheyra. Það er ástæðulaust, ef ekki er um stjórnmálaflokka að ræða, að félög eins og t. d. stúkur, stúdentafélög o. fl. þurfi að sækja um heimild til ráðherra um það, hvort þau megi bera merki eða ekki. Það á að vísu ekki að banna þeim félögum eða stofnunum, sem þegar hafa merki, að bera þau áfram, en þau verða að sækja um heimild til þess til ráðherra innan 14 daga, en það virðist skapa mönnum óþarfa ómak.

Í öðru lagi verður erfitt að hindra það, að menn beri einkenni, ef menn einsetja sér að nota þau og nokkur alvara fylgir. Það er hægt að brúka merki, sem menn taka ekki eftir í fljótu bragði eða vita ekki, hvað þýða.

Hv. flm. heldur því fram, að einkenni eða einkennisbúningar verði til þess, að hægara verði að koma við stjórnmálaæsingi og það muni jafnvel létta undir bardaga og skærur. En ég get ekki séð, að þetta bann verði til þess að hindra æsingar; síður en svo. Ef um verulega mannmarga flokka er að ræða, sem ganga með einkenni eða í einkennisbúningi, þá er ríkisvaldið hér á landi ekki svo öflugt, að það geti hindrað það. Lögreglan stendur algerlega varnarlaus fyrir nokkrum hundruðum manna.

En ef litið er á hitt, að það gæti átt sér stað, að hægara yrði að koma af stað bardögum, þá yrðu þó a. m. k. ekki framin bræðravíg, ef menn bæru einkenni, þá kæmu höggin þar niður, sem til var ætlazt. Ég get sem sagt ekki séð, að bann við þessu hefði nokkur áhrif á eða mundi draga úr, ef til alvarlegra áfloga kæmi.

Héðinn Valdimarsson: Ég á brtt. við þetta frv. á þskj. 635 á þá leið, að stjórn-

málaflokkum eða félögum, sem fylgja ákveðnum stjórnmálaskoðunum, sé bannað að nota íslenzka fánann sem sérmerki eða nota merki á íslenzka fánanum. Það hefir talsvert borið á því, að Sjálfstfl. hefir tileinkað sér þann fána, sem á að vera merki allra Íslendinga, og nú hefir nazistasveit gengið um götur bæjarins með íslenzka fánann og efst á húninum merki blóðhundanna þýzku. Þetta er svívirðing á íslenzku þjóðinni og ekki nema sjálfsagt að banna, að íslenzki fáninn sé notaður á slíkan hátt.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. 2. þm. Reykv., að ummæli þau, sem hann lét falla í garð erlendrar stjórnar, eru ekki viðeigandi.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson: Ég verð að segja, að það brá undarlega við, þegar þetta frv. kom fram. Ég býst við, að því hafi valdið hreyfing sú, sem kölluð hefir verið þjóðernishreyfing Íslendinga og fyrir skömmu er hafin hér í Rvík og e. t. v. víðar á landinu. En ég hygg, að sú hreyfing sé harla léttvæg ástæða fyrir því að bera fram slíkt frv. sem þetta, nema þá ef ganga á svo langt að banna mönnum að nota íslenzka fánann á mannfundum, eins og hv. jafnaðarmenn hafa nú flutt till. um. Ég skil vel þann óróa, sem gripið hefir hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræður hans, því öllum, sem einhverja þjóðernistilfinningu hafa, hlýtur að leiðast að ganga undir erlendum merkjum, þegar þeir sjá aðra samtímis ganga undir þjóðfána sínum. Þess vegna vill nú hv. 2. þm. Reykv. banna öðrum að ganga undir þjóðfánanum og nota hann við fundahöld. En hinsvegar finnst mér hann ekki geta vænzt þess, að Alþingi fallist á að banna Íslendingum að nota sinn eiginn fána. Það væri nær fyrir hann að leggja niður hinn útlenda rauða fána og taka upp íslenzka fánann. Enn er öllum Íslendingum heimilt að nota hann, og ég vona, að Alþingi gangi aldrei inn á þá braut að banna mönnum að ganga undir íslenzka fánanum hvar sem er, þegar menn aðhafast ekki annað en það, sem lög leyfa.

Ég er hv. þm. Barð. sammála um það, að erfitt gæti orðið að neita mönnum um að ganga undir félagsmerkjum og fánum í skrúðgöngum og kröfugöngum. Slíkt hefir þegar tíðkazt alllengi, án þess till. hafi komið fram um að banna það. E. t. v. vilja nú sócialistar vinna til að leggja niður sín merki, til þess að kommúnistar missi sín merki líka. Væri vel farið, ef þeir af fúsum vilja og innri þjóðernishvöt vildu hætta að veifa þessum rauðu dulum.

Jóhann Jósefsson: Ég vil taka undir andmæli hv. þm. Barð. gegn þessu frv. Eins og kunnugt er, erum við báðir á þeirri skoðun, að ekki sé þörf slíkra lagaákvæða sem hér er um að ræða og að þau yrðu á engan hátt til bóta.

Sócialistar hér í hv. d. hafa nú flutt brtt. við frv., á þskj. 635, um að fyrirbjóða þeim mönnum að nota íslenzka fánann, sem hafa ákveðnar stjórnmálaskoðanir. Hvað skyldu það vera margir menn á landi hér, sem ekki má telja, að fylgji ákveðnum stjórnmálaskoðunum? Með þessari till. má segja, að sett sé met í ófyrirleitni. Aldrei hefi ég orðið þess var, að nokkur flokkur eða einstakur maður hafi flutt eins ósvífna till. eins og hér er um að ræða. Þessir menn, sem aldrei hafa hreyft sinn minnsta fingur til þess að auka virðingu hins íslenzka þjóðernis né hins íslenzka fána og nota hvert tækifæri til þess að veifa hinum útlendu fánum sócialista og kommúnista, en aldrei sjást nota fána þjóðar sinnar, þeir vilja nú fá Alþingi Íslendinga til þess að banna landsins börnum að ganga undir sínum eigin þjóðfána. Það fer að vísu ekkert illa saman við aðra opinbera framkomu hinna íslenzku sócialista að bera slíkt fram á þingi. En það er líka þeim einum mögulegt og við hæfi þeirra einna, sem prédika forsorgun fyrir þeim, sem fátækir eru, en nota jafnframt aðstöðu sína í stjórnmálum til þess að auðga sjálfa sig.

Þá var hv. 2. þm. Reykv. eitthvað að harma það, að íslenzki fáninn nyti ekki þeirrar virðingar, sem hann ætti skilið,

ef þeim, sem hafa ákveðna stjórnmálaskoðun, væri ekki bannað að nota hann. Það er ekki furða, þó hv. þm. taki sárt til íslenzka fánans. Hann getur eflaust bent á mörg dæmi þess, að hann hafi unnið að því að efla virðingu þessa tákns þjóðernisins! Ég hélt nú reyndar, að það væri annar fáni, sem stæði honum nær, rauði fáninn. Það er sama dulan, sem hundtyrkinn bar í fararbroddi þegar hann var að ræna Ísland hér á árunum. Ég get vel skilið, að hv. 2. þm. Reykv. vilji fá einkarétt til að nota það merki.

Hv. þm. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu misnotað íslenzka fánann. Ég veit ekki, hvað hann á við með því. Ég veit ekki annað en það sé almenn og viðurkennd regla hjá hverri þjóð, að landsins eigin börn megi nota þjóðfánann á opinberum stöðum við hvaða tækifæri sem er. Það er þó ein frændþjóð okkar, sem ekki má nota sinn eiginn fána. Hann er að vísu ekki alþjóðlega viðurkenndur sem þjóðfáni. Danir hafa sett það met í hyggindaleysi í sinni utanríkispólitík að amast við því, að Færeyingar noti sinn eiginn fána heima fyrir. Það er í fótspor þeirra, sem hv. 2. þm. Reykv. vill nú feta með því að banna okkur að nota íslenzka fánann á mannfundum og götum bæjarins.

Ég býst ekki við, að það sé ástæða til að eyða mörgum orðum um jafnfáránlega till. og hér er fram komin. Ég skil ekki í, að nokkur hv. þm. fái sig til að leggja henni lið, aðrir en þeir, sem hana hafa flutt. En svo mikið er víst, að þó þingið væri þannig samansett, að það féllist á þá till. hv. 2. þm. Reykv. að banna Íslendingum að nota fána sinn, þá mundi verða erfitt að koma í veg fyrir, að ýms félög, jafnvel þó stjórnmálalegs eðlis væru, notuðu fánann eftir sem áður, ef þeim sýndist svo. Ég tala nú ekki um þegar bannið kæmi frá þeim flokki manna, sem alla sína stjórnmálatíð hafa lifað á erlendu snikjufé og notað það m. a. við kosningar hér heima, — frá hinum íslenzku sósialistum, þeim flokki, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði fyrir skömmu á fundi í Vestmannaeyjum, að hefði sama markmið og kommúnistar, en vildu bara fara aðra leið. Vona ég, að hv. þm. minnist þessara orða sinna. Það er vonlaust, að sá hluti þjóðarinnar, sem annars er á annari skoðun en hv. 2. þm. Reykv. og hans nótar, mundi beygja sig fyrir slíku banni, þó einhverjir væru svo vitlausir að samþ. það.

Forseti (JörB): Það féllu hér nokkur ummæli hjá hv. síðasta ræðumanni í garð erlendrar ríkisstjórnar, sem eru með öllu óviðeigandi. Vænti ég, að hv. þm. gæti þess í þessum umr. sem öðrum, að sveigja ekki að erlendum þegnum eða erlendum stjórnarvöldum.

Héðinn Valdimarsson: Mér finnst hart að fá ekki að svara hv. þm. Str., sem það um orðið á undan mér, en verð líklega að láta mér það lynda.

Þeir hafa verið bæði margorðir og harðorðir, sjálfstæðisþm., eins og venjulegt er. Hv. þm. N.-Ísf. talaði um, að rauði fáninn væri erlent merki. Honum er nú e. t. v. nokkuð fyrirgefandi, hvað hann segir um slíka hluti, vegna þess hvað lítið skynbragð hann ber á þá. Eins og kunnugt er, þá er rauði fáninn merki alþjóðlegrar stefnu, sem á fylgjendur í öllum löndum. Hann er ekki fremur erlendur en íslenzkur, því hann er alþjóðlegur. Það mætti eins segja, að merki kirkjunnar, krossmerkið, væri útlent merki; það er alþjóðlegt merki alveg eins og rauði fáninn.

Þeir, sem mest hafa hreykt sér undir íslenzka fánanum nú og misnotað hann í flokksþágu, eru þessir „þjóðernissinnar", eins og þeir kalla sig. Hreyfing þeirra er nývöknuð hér. Hafa þeir nú gefið út fyrsta blað sitt. Í því er bæði klám og guðlast, svo falleg er nú stefnan, sem þeir vilja hafa þjóðfánann að tákni fyrir. (**ÓTh:** Eru þeir nú farnir að guðlasta í blöðunum!). Þeir, sem forgöngumenn þessarar hreyfingar hér á landi hafa tekið sér til fyrirmyndar, eru þeir, sem nú elta menn uppi í Þýzkalandi og drepa þá á laun, taka verkamenn, sósialista og kommúnista og varpa þeim í fangelsi í þúsundatali, pynda þá og drepa. Þeir virðast jafnvel láta sér annara um þjóðfána sinn heldur en þeir tveir hv. þm., sem hér töluðu síðast. Það kom í útvarpsfregn hér, að Hitlersmaður einn hefði staðið upp og mótmælt því, að ríkisfán-

inn þýzki væri notaður í leikriti einu, vegna þess hvað það væri lélegt. Hvað ætli sá maður hefði sagt, ef ríkisfáninn hefði verið borinn á undan æpandi strákaskríl, sem veður um göturnar í þeim tilgangi að berja menn niður fyrir það að hafa aðrar skoðanir. Það væri þá betra að hafa engan þjóðfána heldur en að misnota hann þannig.

Við jafnaðarmenn erum eins og kunnugt er miklu betri Íslendingar heldur en þeir, sem kalla sig sjálfstæðismenn. Ég man þá stund 12. júní 1912, þegar við íslenzku stúdentarnir, sócialistarnir ekki síður en hinir, rifum niður danska fánann hjá föður hv. þm. G.-K., vegna þess að hann vildi ekki draga hann niður þegar aðrir hófu íslenzka fánann á stöng í mótmælaskyni við danska herskipið, er hafði gert íslenzkan fána upptækan á Rvíkurhöfn. Sá atburður sýndi ásamt öðru, að þjóðernistilfinningin á ekki djúpar rætur í brjóstum hinna hálfdönsku uppskafninga hér á landi. Í hinum svokallaða Sjálfstfl. er fullt af mönnum, sem þannig hafa komið fram í sjálfstæðismálum þjóðarinnar og fánamálinu, að beinlínis er til skammar. Menn muna framkomu þeirra í sambandsmálinu 1918. Og síðast en ekki síst má minna á norska samninginn, þar sem hv. þm. G.-K. gekk í broddi fylkingar við að veita útlendingum þau mestu réttindi, sem þeim hafa verið veitt hér á landi. Þessir menn vilja telja sig hina einu og sönnu sjálfstæðismenn og ganga um bæinn undir íslenzka fánanum, eins og hann væri þeirra flokksmerki. Með því finnst mér fánanum gerð svo mikil svívirðing, að ég get ekki skilið annað en allir utan þessa flokks geti fallizt á að banna slíkt athæfi.

Hv. þm. Vestm. vildi láta líta svo út, að með till. okkar ætti yfirleitt að banna Íslendingum að nota fána sinn. Það er síður en svo. Mönnum á aðeins að vera óheimilt að nota fánann sem sérmerki til þess að fegra með honum ófagran stjórnmálaflokk. Hvar sem menn mæta annarsstaðar en á stjórnmálafundum eða stjórnmálagöngum mega menn auðvitað nota íslenzka fánann óhindrað.

Viðvíkjandi fjárframlögum til stjórnmálaflokka þarf ég ekki margt að segja. Það er öllum kunnugt, að jafnaðarmenn um allan heim standa saman í baráttunni fyrir sinni stefnu og þeir styrkja hverjir aðra þegar þeir geta. Því fylgja engin skilyrði um það að semja réttindi af þjóð sinni, eins og hv. þm. G.-K. hefir unnið að og hv. þm. Vestm. greitt atkv., þó hann talaði móti því í d. Jafnaðarstefnan er þess eðlis, að flokkar hennar í ýmsum löndum geta vel unnið saman. Alþýðan í öllum löndum hefir sömu hagsmuna að gæta sameiginlega gegn yfirstéttunum. En hver alþýðufl. fyrir sig er öðrum óháður fyrir því. Öðru máli er að gegna þegar útlendingar, sem atvinnurekstur hafa í einhverju landi, leggja þar fram stórfé í pólitískum tilgangi, bókstaflega til að efla sína eigin hagsmuni, eins og þegar Morgunblaðið var stofnað hér. Þá er ekki hægt að segja, að verið sé að efla neina alþjóðlega stefnu; það eru aðeins hagsmunir útlendra fjárplógsmanna, sem um er að ræða. Og starfsemin fyrir hið erlenda fjármagn hefir verið allstór liður í baráttu Sjálfst.fl.

Ég þykist vita, að sjálfstæðismennirnir, sem svo kalla sig, íhaldsmennirnir íslenzku, berjist fast fyrir því að fá að nota íslenzka fánann áfram á sama hátt og þeir hafa gert, t. d. á kosningabíla sína og handa þessum nazistaskríl sínum, sem þeir hafa til að ganga hér um göturnar. Þeir vilja í friði fá að setja merki þýzku harðstjóranna, þórshamarinn, fyrir ofan sjálfan fánann á stöngina, sem getur orðið til þess, að aðrir fái ógeð á öllu saman, og er þá illa farið.

Tryggvi Þórhallsson: Ég ætla aðeins að skjóta örfáum orðum inn í þessa umr., en vil leiða minn hest frá að taka þátt í þeim hörðu deilum, sem nú hafa farið fram um hríð af hálfu þeirra tveggja þingflokka, sem andstæðastir eru í skoðunum.

Ég vildi láta þá skoðun í ljós, að mér finnst, að þó ein af nágrannaþjóðum okkar hafi sett löggjöf slíka sem hér er um að ræða, vegna aðstöðu, sem er alveg gerólík aðstöðunni á okkar landi, þá sé ástæðulaust fyrir okkur að fara út á þá braut. Ástæðan til þessarar lagasetningar nágrannaþjóðar okkar er landamæramál, sem er mjög viðkvæmt báðum

þjóðunum. Hjá okkur er ekki um neitt þesskonar að ræða.

Ég vil því gera að till. minni, að þessu máli sé vísað til hæstv. ríkisstj. Tel ég ástæðulaust að hafa um það miklar umr. Ég vil mega telja víst, að þingið geri ráðstafanir til, að hægt verði að halda uppi viðunandi löggæzlu í landinu, hvað sem í skerst, og kæri mig ekkert um að „dependera" af Dönum í þessu efni.

Hannes Jónsson: Margt er sér til gamans gert, má segja þegar slík frv. eru flutt á Alþingi og slíkar ræður haldnar sem nú. Það er eins og menn séu svo hræddir við þessar dulur, sem stjórnmálaflokkarnir skreyta sig með, að þeir óttist þær miklu meira en mennina sjálfa.

Ég er hræddur um, að það yrði nokkuð erfitt að framkvæma sum ákvæðin í þessu frv. Ég hefi ekki betur séð en sumir kommúnistar hér séu farnir að ganga í bláum vinnufötum sem einkennisbúningi, og mér finnst nokkuð langt gengið, ef fara ætti að klæða greyin úr þeim. Þjóðernissinnar svokallaðir þyrftu ekki annað en fara að ganga í brúnum vinnufötum. Við skulum segja, að þeir yrðu klæddir úr þeim. En þar sem gera má ráð fyrir, að þeir séu svo þjóðlega sinnaðir, að þeir fari að ganga í íslenzkum prjónanærfötum, þá mætti þekkja þá úr eftir sem áður. Það yrði þá að rýja skinnin alveg, en það yrði út af fyrir sig einkenni líka; svo ég veit ekki, hvernig ætti að fara að þessu.

Annars er sumt í þeirri brtt., sem fram er komin, þess eðlis, að það mætti vel athuga. T. d. það, að ekki megi setja sérstök merki í íslenzka fánann. Það kann ég ekki við. En þó stöngin, sem fáninn er borinn á, sé með einhverjum einkennum, finnst mér það ekki vera stórhneykslanlegt. Ég hefði t. d. ekkert við það að athuga, þó íslenzki fáninn væri borinn á rauðri stöng.

Hér er ekki um neitt alvörumál að ræða, enda mun það ekki flutt af mikilli alvöru. Og það er ekki rétt að tefja þingstörfin með slíku, því nóg liggur fyrir af alvörumálum til úrlausnar.

Steingrímur Steinþórsson: Ég ætla ekki að ræða um það atriði, sem aðallega hefir hleypt hita í þessar umr., brtt. hv. jafnaðarmanna um bann gegn misnotkun íslenzka fánans. Mun ég sleppa framhjá mér að koma inn í þær deilur, en lofa þeim aðilum einum að bítast um það.

Aðalmótbárurnar, sem fram hafa komið gegn frv. sjálfu, voru í ræðu hv. frsm. í gær og í ræðum hv. þm. Str. og hv. þm. V.-Húnv. nú. Mesta áherzlu skildist mér hv. frsm. leggja á það, hvað erfitt mundi að framfylgja ákvæðum frv. um bann gegn einkennisbúningum. Það er nú svo um mörg lög, að segja má, að erfitt sé að framfylgja þeim að fullu. Og það er engin fullgild mótbára gegn lagaákvæðum, þó ekki sé hægt að fyrirbyggja, að þau verði brotin. En ég hygg, að ekki yrði svo mjög erfitt að framfylgja ákvæðum þessa frv., ef stjórnmálafélögin sjálf og stjórnir þeirra væru látin vera ábyrg fyrir því, ef þau væru brotin af félögum þeirra eða flokksmönnum. Það mundi verða sá spori, sem kæmi í veg fyrir, að lögin yrðu brotin í stórum stíl. Mætti vel taka til athugunar að bæta inn í frv. einhverjum ákvæðum í þá átt fyrir 3. umr.

Hv. þm. Str. talaði um, að við værum að apa upp eftir Dönum, og hér væri þó gerólík aðstaða. Það skal að vísu játað að vissu leyti, að sambúðin við Þjóðverja á suðurlandamærunum gerir aðstöðu Dana í þessu efni verri en okkar. Mun það hafa ýtt undir þessa lagasetningu þeirra og gert það að verkum, að hún var drifin gegnum þingið á einni nóttu. En það kemur skýrt fram í umr. um málið í danska þinginu, að sambúðin við Þjóðverja var ekki eina ástæðan. Allflestir stjórnmálaflokkar í Kaupmannahöfn, þrír eða fjórir, voru búnir að koma sér upp einkennisbúningum, og einkennisbúnar sveitir úr stjórnmálaflokkunum voru farnar að ganga um göturnar og valda óeirðum. Um það þarf ekki að þrátta, að ef upp þot verða á annað borð, þá verða þau miklu hættulegri þegar einkennisbúnum flokkum lendir saman heldur en ef menn þekkja ekki sína menn frá andstæðingunum. (**ÓTh:** Ég held, að það geri ekki til, þó eitt kjaftshögg lendi á skökkum manni). Það má vera, að hv. þm. G.-K. sé sama, hvort hann ber sína samherja eða andstæðinga sína. En flest-

ir munu þannig gerðir, að þeir vilja vinna fyrir sitt málefni, og ef til óeirða kemur, dregur það úr þeim, ef þeir vita ekki, hvort höggin lenda á sínum mönnum eða andstæðingunum. Um þetta þarf ekki að deila. Það vita allir, að göngur einkennisklæddra flokka auka æsingu og skapa möguleika til upphlaupa. Á því og engu öðru byggist frv., sem hér liggur fyrir. Það má vera, að ekki sé þingvilji fyrir því nú, að það nái fram að ganga. En það er spá mín, að til slíkra ráðstafana verði þá gripið síðar, í sambandi við óeirðir, sem ég því miður er hræddur um, að verði óumflýjanlegar hér sem annarsstaðar á næstu árum. Og það ber vott um litla framsýni hjá hv. þm. að vera frv. andvígir nú, því fyrir slíka hluti, sem hér er um að ræða, er betra að taka í tíma, áður en þeir hafa náð mikilli útbreiðslu eða alvarlegar óeirðir hafa brotizt út í sambandi við það, að þingið þekkir ekki sinn vitjunartíma, að taka í taumana áður en veruleg hætta er á ferðum.

Ég tala ekki um þetta í sambandi við neina sérstaka menn eða sérstaka stjórnmálaflokka, heldur skoða ég það algerlega almenns eðlis, til þess að fyrirbyggja eða draga úr möguleikum fyrir því, að alvarlegir atburðir gerist þegar ólga kemur í flokkana og ólíkar stefnur þeirra rekast hastarlega á, eins og vitað er, að þegar hefir orðið hér á landi. Ástandið í þessum efnum er nú orðið það iskyggilegt, að það er full ástæða til að draga úr hættunni eins og hægt er, og ég hygg, að hér sé um einn möguleika að ræða. Hv. þm. V.-Húnv. sló þessu öllu upp í grín. Ég get því ekki tekið hans ræðu alvarlega, því hún er alls ekki svaraverð. Í henni var engin heil hugsun. Hann var að tala um, að það ætti að banna blá verkamannaföt og gerði mikið gys að, hvílík fjarstæða það væri. Það er vitanlega sjálfsagt að banna blá verkamannaföt, séu þau notuð sem einkennisföt, í kröfugöngum og áflogum. Það er einmitt það, sem á að gera, að banna hverskonar einkenni, sem notuð eru til þess að sérkenna stjórnmálaflokka, hvort sem um blá verkamannaföt er að ræða eða eitthvað annað. Annars sýndi hv. þm. það, eins og ég hefi tekið fram, að hann skilur ekki nokkurn skapaðan hlut í málinu, eða vill ekki skilja það. Till. hv. þm. Str. um að vísa málinu til stj. er ég algerlega mótfallinn. Ég vænti, að d. geti fallizt á að lofa frv. að fara til 3. umr., og skal ég vera fús til samvinnu um brtt. við það fyrir þá umr.

Jóhann Jósefsson: Hv. frsm. meiri hl. talar um þetta frv. eins og einhverskonar voltakross gegn öllum óeirðum og æsingum. En ég vil spyrja hv. frsm., hvort það hafi verið nokkrir einkennisbúningar eða merki, sem hleyptu af stað ólátunum 9. nóv. Var það vegna einkennisbúninga eða einhverra slíkra hluta, að menn voru þá barðir til óbóta, að brotnir voru stólar og aðrir hlutir til þess að fá barefli að berja á náunganum með? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvort óeirðir þessar með sínum átakanlegu afleiðingum hafi verið af völdum einhverra einkennisbúninga.

Steingrímur Steinþórsson: Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Vestm., að að ég hefi talað um þetta frv. sem einhvern voltakross gegn öllum óeirðum. Það hefi ég aldrei sagt, en ég talaði um það sem einn lið í þeirri vörn, sem þarf að komast á í þeim efnum, og þar með er í raun og veru líka svarað fyrirspurn hans um áhrif einkennisbúninga í óeirðunum 9. nóv. Það er ómögulegt að segja um, þó hv. þm. viðurkenni og allir með honum, að þær óeirðir hafi verið geigvænlegar á okkar mælikvarða, nema þær hefðu getað orðið ennþá alvarlegri, ef árásarmennirnir hefðu verið einkennisbúnir. Það er enginn, sem getur sagt um það, ef búið er að æfa flokk kannske í fleiri ár, að það hefi enga þýðingu fyrir þá að vera einkennisbúna eða auðkennda í slíkum bardögum sem 9. nóv. Ég er fullviss um, að verr hefði farið 9. nóv., ef þar hefðu mætzt einkennisbúnir flokkar, og þess vegna er langt frá, að fyrirspurn hv. þm. Vestm. dragi neitt úr því gildi, sem ég tel frv. hafa. Ég hefi aldrei sagt annað en það, að bann þetta mundi draga úr hættunni. Mér hefir aldrei dottið í hug, að með því tækist að fyrirbyggja hana.

Héðinn Valdimarsson: Mér skilst, að þm. Vestm. hafi beint þeirri fyrirspurn

til mín, hvort óeirðirnar 9. nóv. síðastl. hefðu stafað af einkennisbúningum. Ég hefi ekkert talað um einkennisbúninga í sambandi við þetta mál. Ég hefi aðeins talað fyrir þeirri brtt., sem ég hefi flutt við frv., og ég mun greiða henni ásamt frv. atkv. til 3. umr.

Óeirðir geta risið út af fleiru en einkennisbúningum, en þær minnka ekki við, að andstöðuflokkarnir hafi hver sinn einkennisbúning. En ef lögreglan hefði ekki 9. nóv. verið einkennisbúin, þá hefði hún ekki orðið eins fyrir barðinuu á verkamönnunum og hún varð. Annars hélt ég, að allir vissu um ástæðurnar fyrir óeirðunum 9. nóv. Þær voru eingöngu hið lélega stjórnarfar hér í bænum — um það verður rætt síðar hér í þessari d. —, þegar meiri hl. bæjarstj. hugðist að svipta bláfátæka verkamenn með ofbeldi, þá, sem lægstu launin höfðu, þriðjungi af þessu lága kaupi, sem þeir höfðu. Óeirðirnar stöfuðu af því, að bæjarstj. vildi ekki hætta við þetta óheyrilega áform sitt. Þær eru algerlega eðlileg afleiðing af þeirri óstjórn, sem ríkir í flokki þm. Vestm., óstjórn, sem fólkið vildi mótmæla þegar lögreglan réðst á það. Ástæðurnar fyrir óeirðunum 9. nóv. voru því gefnar af flokki þm. Vestm., sem auk þess er fulltrúi einvaldskúgaranna þýzku hér á landi og stuðningsmaður og ráðunautur skoðanabræðra þeirra hér á landi, fasistanna íslenzku.

Hannes Jónsson: Af því þetta er síðasta mál á dagskrá og nokkuð eftir af fundartíma, þá finnst mér það ekki saka, þó um það verði eitthvað meiri umræður heldur en því hæfir í raun og veru.

Úr því að hv. frsm. meiri hl. hélt því fram, að ég bæri lítið skynbragð á þessa hluti, þá skal ég að vísu játa, að ég er heldur fákunnandi í þessum efnum, en þó er það sérstakt, hvað ég á ákaflega erfitt með að samræma skoðanir hans, sem koma fram hér í umr., við ákvæði 2. gr. frv., því þar er beint sagt, að félög, sem helgað hafi sér merki áður en frv. þetta kom fram, skuli óáreitt fá að halda þeim framvegis. (**StgrS:** Þetta er tómur misskilningur). Hvernig er sá misskilningur? (**StgrS:** Það er aðeins heimilað, ef merkið er ekki notað sem tákn sérstakra stjórnmálaskoðana). Þessi ákvæði standa skýrum stöfum í 2. gr., að þeir fái undanþágu, sem þegar hafa tekið sér upp merki. (**JónasÞ:** Vill hv. þm. ekki lesa 2. gr. til enda?). Hv. þm. Dal. er óhætt að trúa því, að þetta er rétt. (**JónasÞ:** Þessu verður útvarpað í kvöld). — Annars get ég ekki skilið þennan ótta við einkennisbúningana. Mér finnst einmitt öryggi í því, að óaldarflokkarnir séu merktir. Þá fengju þeir tækifæri til að klappa hver öðrum og njótast í friði (**HG:** Ætli þeir mundu ekki heldur njótast í ófriði?), en friðsamir menn fengju þá að vera óáreittir. Með bezta vilja til þess að skilja tilgang þessara manna hefi ég ekkert getað fundið út úr frv., er nokkur áhrif mundi hafa í þá átt að minnka ólætin. Hér hafa orðið alvarlegar óeirðir án allra ytri merkja eða tákna, og ég hefi meira að segja heyrt, að 9. nóv., þegar þær náðu hámarki hér á landi, þá hafi friðsamir menn, sem lentu í þvöguna, orðið fyrir óréttmætum árásum af hendi upphlaupsmannanna, og að þykkja hafi verið tekin upp fyrir þeirra hönd. Ef ómögulegt er að komast hjá því, að flokkar vilji afgreiða sín mál með höndum og bareflum, þá er bezt, að þeir útkjái þau sjálfir án þess að aðrir dragist inn í þá bardaga. Það er ekkert í frv., sem bendir til þess, að það leiði til meiri friðar meðal manna, þó merki séu bönnuð. Það gæti þá fyrst komið til mála um einhvern árangur af lögunum, ef menn væru skyldaðir til að klæðast einhverjum vissum litum, sem hefðu róandi áhrif á skap manna. Ég veit ekki, hvort rauði liturinn væri sá líklegasti. Ég hefi heyrt, að a. m. k. verki hann ekki vel á sumar stéttir manna. (**HG:** Hann verkar sérstaklega illa á vissar stéttir manndýra). Já, hann verkar illa á eina tegund húsdýra vorra, og má vel vera, að hann geti haft samskonar áhrif á suma menn. Annars verð ég að segja það, að mér þykir þetta frv. svo ómerkilegt, að ég get ekki einu sinni greitt því atkv. til stj., heldur vil ég fella það þegar í stað, því d. hefir margt þarfara að vinna en að fást við annað eins mál og þetta. Ég álít, að stj. hafi heldur ekkert með málið að gera. Hún hefir enga þörf á einkennisbúningum og

getur unnið sín störf án þess að vera einkennisbúin.

Jóhann Jósefsson: Fyrirspurn þeirri, sem ég beindi til hv. 1. þm. Skagf., var eiginlega ekki stefnt til hv. 2. þm. Reykv., þó hann taki hana til sín. (**HV:** Mér var sagt, að hún hefði verið til mín). Hv. 1. þm. Skagf. hefir nú svarað minni fyrirspurn, en það er nærnt móðureyrað hjá hv. 2. þm. Reykv., og það lítur út fyrir, að þar hafi sök bitið sekan. Mér er ekki kunnugt um það, hve mikinn þátt þessi hv. þm. hefir átt í atburðunum 9. nóv., en hinsvegar hefi ég heyrt, að hann hafi tekið mjög raunverulegan þátt í þeim, og þá er nú sennilegt, að hann geti ekki verið óhlutdrægur dómari um þá hluti, sem þá gerðust. Hv. 2. þm. Reykv. benti á það ráð til þess að komast hjá alvarlegum afleiðingum, þegar verkamenn gerðu uppþot, að hafa lögregluna ekki einkennisbúna. Þegar hann gengst fyrir óeirðum, þá vill hann enga lögreglu hafa. Annars benti ég á það við 1. umr., hvaða spor þyrfti að stíga til þess að koma í veg fyrir það, að vandræði hlytust af upphlaupum kommúnista, en það er að auka lögregluna. Flokkur hv. 2. þm. Reykv. er nú búinn að prédika það í mörg ár, að það eigi að afgera málin með handaflinu, ef það tekst ekki á annan hátt. Afleiðingin af slíkum kenningum hlýtur að verða sú, þegar varnarlið þjóðfélagsins skipar sér í andstöðu gegn þeirri aðferð, að þá hlýtur að verða árekstur. Þegar slíkar uppreisnarkenningar verða að veruleika, þá er það fyrsta sporið fyrir ríkisvaldið að skapa sér aðstöðu til þess að halda uppreisnarmönnunum í skefjum. Bregðist ríkisvaldið þeirri skyldu sinni, þá þýðir það ekkert að banna einkennisbúninga. Þetta vil ég minna hv. flm. frv. á, sem eg efa ekki, að flytji það í góðum tilgangi.

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að ég sé einn þeirra, sem séu í ráðum með þeim, sem stofnað hafa til hinnar nýju þjóðernishreyfingar. Ég skal ekki finna að því, þó ég sé bendlaður við þessa hreyfingu, eða þó sagt sé, að þeir, sem fyrir henni standa, leiti heldur til mín en hv. þm., sem kunnugt er, að fyrirlítur allt, sem þjóðlegt er. Það er alkunnugt, að hann er sjálfur aðalfyrirsvarsmaður útlendrar hreyfingar hér á landi, og því er þess tæplega að vænta, að þeir, sem hafa þá stefnuskrá að berjast fyrir, að landið skuli vera eign og til afnota fyrir landsins börn, leiti til hans ráða í sínum málum.

Hitt, sem hv. þm. var að beina til mín, að ég stæði í sambandi við þýzku stj., kemur að sjálfsögðu ekkert þessu máli við, enda er það samband ekki annað en það, að ég er ræðismaður þeirrar þjóðar í einum hluta landsins. Það ræðismannsstarf hefi ég haft í mörg ár, án þess hv. þm. hafi fundið neitt við það að athuga. Ég hefi verið það líka meðan jafnaðarmenn stjórnuðu í Þýzkalandi. Þetta kemur því alls ekkert við því máli, er hér um ræðir.

Að síðustu vil ég taka undir það með hv. þm. V.-Húnv., að mér finnst eins og honum frv. þetta svo ómerkilegt, að ekki eigi að láta það halda áfram, heldur að fella það strax.

Steingrímur Steinþórsson: Það eru aðeins örfá orð út af seinni ræðu hv. þm. V.-Húnv. Hann gat ekki betur sannað það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, en hann gerði nú, að hann hefir ekki kynnt sér þetta frv. áður en hann fór að dæma um það. Hv. þm. heldur, að 2. gr. tryggi það, að hver sá stjórnmálaflokkur, sem búinn er að helga sér merki eða búning þegar frv. verður að lögum, geti óáreittur haldið því og notað í pólitískri starfsemi sinni framvegis. Þetta er svo mikil vitleysa, að hún nær vitanlega ekki nokkurri átt. Það er sagt í þessari sömu 2. gr., að félög megi halda sínum merkjum áfram, er þau hafa áður haft, ef notkun þeirra kemur ekki í bága við ákvæði 1. gr., en þar er tekið fram, að enginn megi nota merki eða einkenni sem tákn sérstakra stjórnmálaflokka eða skoðana. Í raun og veru er ekki ástæða til að segja neitt fleira um þetta atriði. Ég vil aðeins taka það fram út af ræðu hv. þm. Vestm., að það er fyrst og fremst nauðsynlegt að geta haldið óeirðunum í skefjum, og ég er honum sammála um það, að þjóðfélagið þarf að hafa afl til slíkra hluta, en nauðsynlegast af öllu er að geta búið svo um hnútana, að sem minnst afl þurfi

til þess, og enginn hefir mótmælt því, að einkennisbúningar hefðu þau áhrif að auka þá hættu, að óeirðir brjótist út, og því er nauðsynlegt að banna þá eins og allt annað, sem gefur tilefni til þess, að hættan verði meiri. Og með tilliti til lögreglufrv. vil ég segja það, að þó lögreglan verði eitthvað aukin, þá á sú löggjöf fyrst og fremst að stefna að því að minnka ófriðarhættuna hvar sem er. Okkar löggjöf verður vissulega að stefna að því, að ekki þurfi her manns til þess að halda óeirðum í skefjum, heldur verði svo stýrt, að ekki þurfi til slíkra óyndisúrræða að grípa.

Frsm. minni hl. (Bergur Jónsson): Hv. 1. þm. Skagf. hnekkti engu af því, sem ég sagði í gær um það, að frv. þetta mundi reynast erfitt í framkvæmd og mundi ekki ná þeim tilgangi, sem ætlazt væri til í grg. þess. Hann benti á þá leið til að koma í veg fyrir brot gegn þessum lögum, að sekta þau félög, sem stæðu að ólöglegri notkun einkennisbúninga. Ég held satt að segja, að slíkt ákvæði gerði ekki mikið gagn. Fyrst og fremst er það, að erfitt gæti orðið að sanna það, þó einhverskonar merki hefðu verið notuð í óeirðum og upphlaupum. Í öðru lagi hefði það lítið að segja eftir á, þó einstök félög yrðu sektuð eftir að þeir atburðir hefðu gerzt, sem einkennisbúningarnir hefðu orsakað.

Brtt. jafnaðarmanna get ég ekki greitt atkv. þó ég hinsvegar viðurkenni, að það sé leiðinlegt, ef sérstakir stjórnmálaflokkar taka upp á því að nota þjóðfánann sem sitt sérmerki, en við því er þá það ráð, að allir flokkar taki upp sama sið; ef þeir viðurkenna fánann, þá hættir hann af sjálfu sér að vera sérmerki vissra flokka.

Þó sá tilgangur þessa frv. að draga úr ófriðarhættu sé auðvitað góður, þá get ég ekki séð, að í frv. felist nokkur trygging fyrir því, að þeim tilgangi verði náð. Ég get ekki séð, að bardagarnir yrðu á nokkurn hátt hættuminni, þó menn séu ekki einkennisbúnir. Það kom oft fyrir í bardögum til forna, að liðsmönnum lenti saman innbyrðis, af því þeir þekktu ekki hvorir aðra. Slíkt kæmi ekki fyrir, ef menn væru einkennisbúnir. Þá yrðu bardagarnir skipulegri og menn berðu þó ekki á öðrum en óvinum, og má ætla, að hvorumtveggja væri það ljúfara.

Guðbrandur Ísberg: Eins og sjá má á nál. meiri hl. allshn., hefi ég skrifað undir það með fyrirvara. Ég er í aðalatriðum samþykkur þeirri hugsun, sem liggur á bak við þetta frv. Er það af tveim ástæðum, fyrst vegna þess, að ég tel einkennisbúninga einkar vel til þess fallna að draga að sér athygli óþroskaðra unglinga og barna, og mundi það geta orðið til þess, að unglingarnir leiddust miklu fyrr en æskilegt er til þátttöku í stjórnmálafélagsskap. Eins og kunnugt er, er athygli barna almennt miklu betur vakandi en fullorðinna; þau eru næm fyrir áhrifum og miklu glysgjarnari. Og þegar þau sjá fullorðna fólkið skreyta sig með merkjum og einkennisbúningum, langar börnin og unglingana til að gera slíkt hið sama, og sækjast þar af leiðandi eftir því að komast í þann félagsskap, sem slíkt hefir að bjóða, og flækjast þannig hugsunarlaust inn í stjórnmálafélagsskap, löngu fyrr en heppilegt verður talið.

Hin ástæðan, sem ég tel mæla með frv., er sú, sem hv. frsm. benti á, að þegar til óspekta dregur, þá eru allar líkur til þess, ef menn eru þannig klæddir, að flokkarnir þekkja hvorir aðra, að þá verði árekasturinn harðari. Þegar þeir, sem vilja berjast, aftur á móti þekkja ekki sundur vini og óvini, þá dregur það úr þeim bardagalöngunina. Ástæðan til þess, að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, er sú, að ég hefi mjög litla trú á því, að hægt verði að framkvæma lögin, og í því sambandi vil ég gera eina ákveðna fyrirspurn til hv. sócíalista hér í d., ef einhver þeirra skyldi vera hér við látinn. Í 2. gr. er sagt, að félögum, sem helgað hafi sér félagsmerki áður en lög þessi ganga í gildi og æskja þess að fá að hafa þau merki áfram, skuli veitt það, ef merkin eru ekki notuð í bága við 1. gr., en það þýðir, að þau séu ekki notuð sem tákn sérstakra stjórnmálaskoðana. En sé svo, skal leyfið eigi veitt. Nú er það kunnugt, að sócíalistar hafa mörg undanfarin ár tiltekinn dag gengið hér um göturnar með merkjum og rauðum borðum. Ég vil

spyrja þessa menn, hvort þeir muni, ef frv. verður samþ., hætta að nota þessi merki. Atkv. mitt verður nokkuð eftir því, hvaða svar ég fæ.

Steingrímur Steinþórsson: Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. frsm. minni hl. mælti hér áðan út af því, sem ég varpaði fram, að það gæti komið til mála að gera stjórnmálaflokka eða stjórnir flokkana ábyrga fyrir því, ef l. væru brotin. Hann taldi, að það mundi koma að litlu haldi, þó einhverjar sektir kæmu eftir á, þegar búið væri að brjóta l. Mér þótti þessi röksemdafærsla undarleg, og þá einkanlega, þegar hún kom frá einum af lögreglustjórum þessa lands. Með sama rétti mætti segja, að það sé gagnslítið að hegna mönnum, þótt þeir stælu eða fremdu morð eða einhver almenn brot á borgaralegum l. En til þess eru slíkar hegningar, að hindra, að slík brot verði framin eftirleiðis, meira en að þær eigi að skoðast sem hegning á þá sérstöku persónu, sem um er að ræða. Ég tel þetta því mjög lítilsverða mótbáru.

Þá sagði hv. frsm., að það yrði mjög erfitt að hafa eftirlit með þessum merkjum, og einkanlega þeim, sem væru að meira eða minna leyti ósýnileg. Ég játa náttúrlega, að þau merki, sem borin yrðu þannig, að þau væru ekki sýnileg, mun verða erfitt að hafa eftirlit með að ekki séu misnotuð. En þau eru þá og miklu ósaknæmari en hin, því þau, sem eru ósýnileg, vekja heldur ekki þá hættu, sem þessu frv. er ætlað að forða, að brjótist út. Þar væri að vísu um brot að ræða, en meinlítið, því það skapar ekki sömu möguleika til óróa.

Ég man ekki fleiri rök, sem hv. frsm. hafði fram að færa gegn því, að frv. verði samþ.

Út af því, sem hv. þm. Ak. sagði, hefi ég ekki ástæðu til að segja neitt, því hann viðurkenndi í aðaldráttum og á sama grundvelli og við flm. það gagn, sem af frv. gæti orðið í vissum tilfellum.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. flm. (StgrS) jafnaði hér saman að bera einkennisbúninga, t. d. brúna jakka og rauðar buxur, og fremja stuld eða morð. (**StgrS:** Ég jafnaði því ekki saman; ég dró þá ályktun). Já, ályktun af því, að þetta væri nokkurnveginn það sama. Þetta átti að vera til þess að afsaka framkomu frv. Ég held, að hér sé nokkuð langt vitnað; a. m. k. hefði hv. flm. þá átt að setja einhver hegningarákvæði í þetta frv., ef þetta væri sambærilegt. — Annars fannst mér hv. flm. gera mest úr þeirri hugsun, að þeir flokkar, sem kynnu að eigast við, þekktu ekki sína flokksmenn og berðust þá máske innbyrðis, og með því yrði hlé á slíkum uppþotum. Þetta er hreinasta firra. Ég hygg, að þegar menn fara út í slík uppþot, þá séu þeir ákveðnir og þekki sína flokksmenn, og engin hætta sé á því, að þeir berjist innbyrðis.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér digurbarkalega um þjóðerni og sjálfstæði þjóðarinnar. Við erum nú orðnir vanir því hér í d. En það vill renna af honum gorgeirinn, þegar hann kemur til kóngsins Kaupmannahafnar til að snikja skildinga til uppihalds sinnar stefnu. Þá færist hjartað nær rumpinum og hreyfingarnar verða allar fleðulegri, þegar hann er þangað kominn. (**HV:** Hvenær hefi ég verið í Kaupmannahöfn að snikja fé?). Það er vitanlegt, og hv. þm. hefir heldur ekki neitað því, að hann hafi fengið fé, eða flokksmenn hans. (**HV:** Já, það er vissara að taka það aftur strax). Ég tek ekkert aftur. Það er sama, hvort hv. þm. slær sjálfur út fé með eigin orðum eða lætur aðra gera það fyrir sinn munn.

Guðbrandur Ísberg: Ég vil leyfa mér að endurtaka þá fyrirspurn, sem ég gerði áðan til formanns jafnaðarmanna hér í d., hvort þeir muni framvegis, ef frv. verður samþ., bera merki sérstaks stjórnmálaflokks á götum bæjarins.

Héðinn Valdimarsson: Það er nú enginn okkar formaður flokksins hér í d., en ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi verið að beina fyrirspurninni til mín. Ég skal svara því, ef ég fæ að vita, hvort það verður tekið gilt framvegis, ef Alþýðuflokkurinn segir fyrirfram, að hann sé mótfallinn einhverjum l., þá verði þau ekki samþ., en hinsvegar, ef hann óskar að l. verði samþ., þá verði það gert.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JAJ, LH, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, GÍ, JörB.

nei: JJós, JÓl, JónasÞ, StgrS, VJ, ÞorlJ, BJ, BKr, HJ, HG, HV.

MG greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (SvbH, HStef) fjarstaddir.

4. Eftirlit með sparisjóðum.

Á 7. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með sparisjóðum (þmfrv., A. 42).

Á 10. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál er svo sjálfsagt og eðlilegt og svo ýtarlega útskýrt í grg., að ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú, en óska, að því verði að lokinni umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, GÓ.

GL, JakM, JónÞ, BSn greiddu ekki atkv.

Einn þm. (PM) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 7 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 455 og 537).

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Fjhn. hefir klofnað um þetta mál og skilað tveimur nál. Af áliti meiri hl. sést, að við höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að eðlilegast sé að leggja þetta starf niður og láta ekkert koma í staðinn. Í frv. var gert ráð fyrir því, að stjórn Landsbankans yrði fyrir lága upphæð falið þetta eftirlit með sparisjóðum, en með því að á því þóttu ýmsir annmarkar, var það ráð tekið að fella embættið niður, þar sem ekki verður séð, að sparisjóðir hafi notið neins gagns af þessu starfi.

Af bréfum frá bönkunum, Útvegsbankanum og Landsbankanum, sést, að í raun og veru hefir þessi embættismaður ekki notið þar þess trausts, að ástæða sé þeirra vegna að halda starfinu áfram. Það er beinlínis sagt, að nú fyrir nokkru hafi Landsbankinn samþ. ósk um, að hann yrði leystur undan skyldunni til að standa undir þessu embætti, og er það skýrt tekið fram af stjórn bankans, hvers vegna hann óski ekki eftir, að þessu starfi sé haldið áfram. Aftur á móti hefir Íslandsbanki greitt til þessa starfa 35 þús. og nokkur hundruð, en Útvegsbankinn ekkert, síðan hann tók til starfa. En að því er Búnaðarbankann snertir, þá hefir þetta ekki komið til greina, því að þessi embættismaður hefir aldrei skipt sér neitt af honum.

Þetta embætti svífur því nú í lausu lofti, og munu allir sammála um, að eðlilegast sé að leggja það niður. Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, þar sem svo skýr rök liggja fyrir því, að þetta starf svarar alls ekki kostnaði.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég er algerlega ósammála meiri hl. n. um það, að rétt sé að leggja þessa sýslan niður. Meiri hl. n. sendi fyrirspurn um þetta til tveggja af bönkunum. Ég get vel ímyndað mér, að margar þær stofnanir, sem eru undir eftirliti, mundu, ef þær væru um það spurðar, hafa einhverjar slíkar tilfinningar í brjósti, að þær kærðu sig ekkert um, að þessu eftirliti væri haldið áfram. Ég tel það lítilfjörlegt sönnunargagn, þó að stjórn banka hafi látið það í ljós, að hún kæri sig ekki um, að haldið sé áfram að hafa eftirlit með hennar gerðum, en þetta er þó eina upplýsingin, sem hv. meiri hl. byggir till. sínar á.

Mér sýnist, að hér eigi að leita upplýsinga á allt öðrum stað. Það ætti t. d. að spyrja þá menn, sem eiga innstæðufé í bönkum, hvort þeir óski eftir því, að það eftirlit, sem nú er samkv. l. með bönkum og sparisjóðum, verði burt numið. Ég er ekki í neinum vafa um, að þessir menn,

sem eru þeir, sem hér eiga raunverulega hagsmuna að gæta, mundu frekar óska eftir auknu eftirliti heldur en að það yrði rýrt eða fellt burt.

Sú tilhögun, sem við höfum á þessu sviði, er sú sama og hjá nágrannaþjóðunum, og það eina, sem mér sýnist, að hægt sé að færa fram sem ástæðu fyrir því, að embættið sé lagt niður, er það, að þetta þyki of dýrt. Það er náttúrlega svo, að hér hjá okkur eru slíkar stofnanir færri og smærri en hjá nágrannaþjóðunum, og gæti því hugsazt sú mótbára, að þetta sé tæplega nóg verkefni fyrir einn mann á venjulegum tíma. Ég hefi því í nál. mínu leitt athygli að því, að ég telji fulla ástæðu til að auka verkefni eftirlitsmannsins, og þá fyrst og fremst þannig, að við hann sé bætt eftirliti með fjárvarðveizlu opinberra sjóða. Það eru ekki litlar eignir, sem teljast nú til opinberra sjóða. Munu þær nú nema a. m. k. á 2. millj. kr., t. d. sjóður Brunabótafélagsins, sem er einn af þeim stærstu, og í raun og veru er hann að því er lagaákvæði snertir undir ófullnægjandi eftirliti. Ég þarf ekki að telja upp aðra opinbera sjóði; menn vita, að þeir eru margir.

Þá vil ég benda á, að komið gæti til mála að fela þessum manni eftirlit á einu allmikilvægu sviði, þar sem okkur vantar stofnun tilsvarandi við það, sem nú er í nágrannalöndunum, og það er meðferð á ómyndugra fé. Hér á landi hefir ekki verið ennþá neitt fast skipulag á þeim málum, en í öðrum löndum eru sérstakar fjárráðastofnanir, sem ber skylda til að sjá um fé ómyndugra, nema þá að því hafi verið ráðstafað sérstaklega á einhvern annan hátt.

Ég tel því, að hér séu það mörg verkefni fyrir hendi, að full þörf sé á einum manni til að sinna þeim. Þessi verkefni eru meira að segja miklu meiri en svo, að rétt sé að leggja þau á einn mann, og er því auðvelt að bæta við starf þessa eina manns, ef mönnum virðist, að á venjulegum tímum sé það starf, sem hann hefir nú, ekki nægilegt einum manni. Ég er sannfærður um það, að menn mundu ekki una til lengdar þeirri skerðingu á tryggingunni fyrir varðveizlu á innlánsfé manna, sem það væri, ef l. um eftirlitsmanninn með bönkum og sparisjóðum eru felld úr gildi. Í samræmi við þessa skoðun mína hefi ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá á þskj. 537:

„Í því trausti, að ríkisstj. leggi fyrir næsta Alþingi till. um útfærslu á verksviði eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum, þannig að hann hafi einnig eftirlit með fjárvarðveizlu opinberra sjóða, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá".

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég ætla ekki að tala um efni þessa frv., en þar sem svo er ástatt, að ég á sæti hér í d., en þetta mál snertir mig hinsvegar ekki alllítið persónulega, enda þótt hér sé verið að úrskurða um mál, sem er yfirgripsmeira en svo, að það snerti aðeins einn mann, þar sem hér er í raun og veru verið að úrskurða um það, hvort starfsemi eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum eigi að vera eins háttað eins og í nágrannalöndum okkar, þá vil ég leyfa mér að fara fram á við hæstv. forseta, að hann úrskurði, hvort ég er atkvæðisbær um þetta mál eða ekki.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 1. landsk. vill afgreiða þetta mál með rökst. dagskrá, þar sem hann óskar eftir, að stj. leggi fyrir næsta þing frv. til l. um breyt. á þessu starfi, þannig að það verði fært út, svo að eftirlitið nái til opinberra sjóða. Sé ég ekki ástæðu til að tala um þetta, enda mundi hv. 1. landsk. hafa gert till. í þessa átt meðan hann var fjmrh., ef hann hefði fundið nokkra hvöt til umbóta í þessu efni. Þá er og enn síður ástæða til að samþ. dagskrána, þar sem fyrir Nd. liggur nú frv. um þetta efni, víðtækara og miklu þýðingarmeira, þar sem stefnt er að því að setja alla opinbera sjóði undir sérstaka stj., sem hafi útlánastarfsemi sjóðanna með höndum, svo að eignir þeirra geti verið sæmilegar tryggar. Afstaðan til þessarar dagskrártill. hv. 1. landsk. verður því eingöngu að miðast við það, hvort menn álíta, að halda eigi þessu starfi við eða ekki. Hv. 1. landsk. reyndi ekki að hnekkja þeim rökum, sem færð eru fram í nál. meiri hl. fyrir því,

að rétt sé að leggja þetta embætti niður, með öðru en því, að eðlilegt væri, að bankarnir kærðu sig ekki um slíkt eftirlit. En hér er um annað og meira að ræða. Erlendis er það þannig siður, að eftirlitsmaðurinn starfi í bönkunum og ferðist á milli þeirra, en hér hefir það komið fyrir, að annar stórbanki landsins hefir neitað að borga sinn hlutann af launum eftirlitsmannsins, og í bréfi frá bankaráði Landsbankans, 4. apríl í ár, segir svo, að bankaráðinu sé ekki kunnugt um, að eftirlitsmaðurinn hafi nokkurt eftirlit rækt í Landsbankanum 2—3 síðustu árin, og hafi bankaráðið því ástæðu til að telja eftirlit hans þar óþarft. (Sbr. þskj. 455). Liggur þannig fyrir yfirlýsing frá stærstu peningastofnun landsins um það, að þetta embætti hafi ekki verið starfrækt á þann hátt, sem stofnunin telji viðunandi. Að því er sparisjóðina úti á landi snertir, þá getur varla verið vafi á því, að þeir hafi gott af því að vera skoðaðir einu sinni á ári. Hefir n. óskað eftir skýrslum frá fjmrh. um það, en ráðuneytið hafði engar skýrslur að senda n. í því efni, heldur sendi ráðuneytið n. skjalapakka einn mikinn, sem m. a. bar það með sér, að stj. hefði sent eftirlitsmanninum reglugerðir nokkurra sparisjóða og fengið svör hans við. En þar sem þessi starfsmaður á sæti hér í d. og hefir nú auk þess beðið um orðið, væri eðlilegast, að hann færði hér fram skýringu á vinnu sinni við sparisjóðina og léti d. m. a. vita, hve mikill hl. sparisjóðanna hefir verið endurskoðaður. Ég vil halda því fram, að hv. 1. þm. Reykv. hafi lítið rækt þessa hliðina á starfi eftirlitsmannsins, og liggja að vísu til þess ýmsar orsakir, og m. a. heilsuástand hv. þm.

Hv. 1. landsk. veit það ósköp vel, að það er ekki eingöngu þetta embætti, heldur og einnig mörg önnur embætti, sem eru álíka hátt launuð, er valda mikilli óánægju hjá landsfólkinu í því árferði, sem nú er. Laun eftirlitsmannsins eru á við árstekjur margra verkamannafjöldskyldna, sem þó standa undir þjóðarbúskapnum. Engu að síður er þó starf eftirlitsmannsins gagnslaust, eins og greinilega kemur fram í því, að aðalbanki landsins neitar að greiða laun þessa manns að sínu leyti. Þar sem hér eingöngu er því um að ræða skatt á ríkissjóði, verð ég að segja það, að sparnaðarviðleitnin hjá hv. þm. er ekki mikil, þrátt fyrir allt skrafið, ef Alþingi sér sér ekki fært að gera þá breyt. á þessu, sem hér er farið fram á. Það má vera, að slíkt eftirlit sé haft erlendis, en það er áreiðanlega einsdæmi, að þær stofnanir, sem við eftirlitið eiga að búa, lýsi yfir því, að eftirlitið hafi ekki verið rækt, og neiti að borga kostnaðinn við það að sínum hluta út frá þeim forsendum.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það voru nokkur orð, sem hv. 5. landsk. beindi að því, hvernig starf eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum hefir verið rækt, er valda því, að ég kvaddi mér hljóðs.

Hv. þm. lét svo um mælt, að heppilegast væri, að eftirlitið með sparisjóðunum væri framkvæmt einu sinni á ári. Mun þó hvergi ætlazt til þess, að slíkt eftirlit sé framkvæmt árlega. Í Danmörku er sparisjóðaeftirlitið t. d. framkvæmt þannig, að sparisjóðirnir eru skoðaðir á 5 ára fresti, og munu þó ekki allir sjóðir þar hafa verið skoðaðir enn, svo að þegar ég var í Danmörku og tók þátt í skoðun nokkurra sjóða þar, 1924—1925, hafði starfsmaður sparisjóðaeftirlitsins, sem með mér var, ekki séð suma sjóðina, og höfðu þeir aldrei verið skoðaðir áður. Og sama máli gegnir um bankana. Kemur engum til hugar, að þá eigi að skoða árlega. Þó hefi ég orðið þess var, að sumir þm. álíta, og nokkrir fleiri, að eftirlitsmaðurinn eigi að hafa jafnvel daglegt eftirlit með bönkum og sparisjóðum, en eins og hver maður sér, þá er þetta ómögulegt. Hér eru um 50 sparisjóðir, 3 aðalbankar og ótal útibú frá þeim víðsvegar úti um land. Liggur það í þessari aðstöðu, að ekki er hægt að framkvæma slíkt daglegt eftirlit. Hinsvegar hefi ég gert till. um reglugerð fyrir þetta starf, sem liggja í stjórnarráðinu, þar sem gert er ráð fyrir, að eftirlitið sé framkvæmt eins og í öðrum löndum, og hefði hv. 5. landsk. getað kynnt sér þetta meðan hann var ráðh., ef hann hefði haft nokkra löngun til að dæma um þetta starf af viti og sanngirni.

Hv. 5. landsk. vildi lesa hnútur til mín út úr bréfinu frá bankaráði Landsbank-

ans, þar sem segir, að ég hafi ekki framkvæmt þar neitt eftirlit 2—3 síðustu árin, en ég skal segja hv. þm. það, að ég skil þetta ekki sem hnútur. Það er ekki venja, að bankaeftirlitið skoði bankann nema á fleiri ára fresti, svo að þetta er í alla staði eðlilegt. Annað mál er það, hvort ástæða er til að hafa Landsbankann og Útvegsbankann undir slíku eftirliti, og skal ég ekki dæma um það að svo stöddu. Það mun hinsvegar rétt, sem hv. 5. landsk. upplýsti, að Útvegsbankinn hefir ekki tekið þátt í kostnaðinum af eftirlitinu, en engu að síður hefir bankinn þó beðið mig að koma til að athuga plögg bankans og meta hans hag. Þykir mér rétt, að þetta komi fram. Að því er Landsbankann snertir, þá hefir hann greitt sinn hluta af eftirlitskostnaðinum, framan af a. m. k., og skal ég ekkert um það segja, hvort hann hefir hætt því. Þótt Útvegsbankinn hafi neitað að greiða sinn hluta af kostnaðinum, er bankinn skyldugur til að greiða þetta að l., og eins og hver önnur vanræksla af ríkisstj. að láta bankann ekki borga. Útvegsbankinn heyrir undir l. frá 1923 um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum og getur ekki komizt undan því að greiða þau gjöld, sem á hann eru lögð.

Mér er það ljóst, að tilefnið til þess, að frv. er fram komið, er misskilningur á því, hvernig þetta starf er starfrækt og hvernig hægt er að starfrækja það. Má vera, að ég hefði getað varið meiri tíma í eftirlitið en ég hefi gert, en það liggur í öllum aðstæðum, eins og ég fyrr sagði, að daglegt eftirlit verður ekki framkvæmt.

Hv. 5. landsk. spurði að því, og þó varla af því, að hann ætlaðist til þess, að því yrði svarað, hvort eftirlitið hefði afstýrt nokkrum óhöppum í sambandi við sparisjóðina. Get ég upplýst hv. þm. um það, að 2 sparisjóðir a. m. k. eiga mér líf að launa, ef svo mætti segja. Höfðu þessir sparisjóðir orðið fyrir heiftarlegum árásum, sem ég get gert hv. 5. landsk. nánari grein fyrir, ef hann óskar eftir, í samtali, er keyrt höfðu þá í strand að meira og minna leyti, en að ég kom og skoðaði sjóðina og gaf yfirlýsingu um hag þeirra, hafði þær verkanir, að þeir störfuðu áfram og starfa væntanlega framvegis, ef yfirstandandi vandræðatímar koma þeim ekki á kaldan klaka. Gæti ég nefnt mörg fleiri dæmi slík um þýðingu starfs míns, jafnvel í sambandi við banka, þótt ofsóknirnar, sérstaklega gegn einni bankastofnun, hafi verið meiri en svo, að eftirlitið réði við það.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú skýrt þetta mál nokkuð frá sínu sjónarmiði, og sé ég ekki, að það styrki málstað þessa embættismanns ýkjamikið.

Hv. þm. segir, að ekki sé venja í einu af nágrannalöndum okkar að skoða sparisjóðina nema einu sinni á hverjum fimm árum, og þurfi því ekki fremur hér. Vil ég benda hv. þm. á það, að þótt eitthvað sé lag í einu landi, illt eða gott, er það ekki bindandi í öðru landi fyrir það. Ég veit til þess, að líta átti eftir sjóðum sýslumannanna á 3 ára fresti, en var þó ef til vill ekki gert einu sinni á hverjum 10 árum. En nú um tíma hefir verið framkvæmt hjá þeim árlegt eftirlit, sem er báðum til gagns, sýslumönnunum og ríkissjóði, auk þess sem eftirlitið er ódýrara í framkvæmdinni því oftar, sem það er gert. Ég verð að segja það, að það er óneitanlega skrítið þetta eftirlit hv. 1. þm. Reykv., sem honum þó er greitt nokkrum þúsundum meira fyrir en ráðherralaunum nemur, ef hann, eins og segir í bréfi Landsbankans, sem ég gat um, hefir ekki rækt neitt eftirlit þar í 2—3 síðustu árin, og sambandið milli hans og þessarar stofnunar er heldur ekki meira en svo, eftir því, sem honum sjálfum segist frá, að hann veit ekki, að stofnunin hefir neitað að borga fyrir eftirlit hans með þeim rökstuðningi, að um svo litla vinnu væri að ræða. Þegar svo hér við bætist, að hv. þm. hefir ekki séð sér fært að ferðast um og skoða sparisjóðina, eins og eðlilegast væri, að hann gerði, en hinsvegar situr hér á þingi fjórðung ársins, án þess að honum beri hin minnsta skylda til þess, verður manni á að spyrja, til hvers þjóðin sé að hafa þennan mann. Þótt stórþjóðirnar kunni að hafa sambærilegt embætti, er hér við að athuga, að hlutaðeigandi embættismaður hjá þeim er alltaf upptekinn við starf sitt, sem hv. þm. er ekki, eins og ég hefi bent á, enda þótt

hann ætti að starfa a. m. k. ekki minna en útibússtjórarnir gera, og myndi líka vafalaust hafa gert það, ef hann hefði ekki haft þá stórhættulegu skoðun, að honum bæri lítið að gera fyrir þessa aura, sem hið fátæka föðurland hans borgar honum fyrir vinnuna.

Hv. þm. lét orð falla á þá leið, að Útvegsbankinn hefði beðið hann að athuga hag bankans, og er þetta að vísu í ósamræmi við það, sem kemur fram hjá fulltrúaráði þessa banka í bréfi frá 30. marz í ár, þar sem segir, að fulltrúaráðið hafi samþ. það á fundi sínum 15. okt. 1930 að tilkynna fjmrh., að fulltrúaráðið óskaði eftir, að bankinn væri undanþeginn þeirri kvöð að greiða hl. af launum eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum (sbr. þskj. 455), og hefir bankinn staðið við þetta síðan. 1930 hefir þannig verið slæmt ár fyrir hv. 1. þm. Reykv. Báðir bankarnir segja honum þá upp hlýðni og hollustu á hinn eftirminnilegasta hátt.

Ég álít, að eftirlitsmaðurinn eigi að vera við starf sitt alla daga ársins, nema hvað hann ef til vill fengi sumarfrí, eins og aðrir opinberir starfsmenn, og ætti honum þá að vera yfirkomanlegt að skoða alla sparisjóðina á landinu a. m. k. annaðhvert ár. Hv. þm. hefir lýst því hér fyrir d., hve mikla og skemmtilega þýðingu starf hans hefir haft fyrir 2 sparisjóði í landinu, þar sem heilbrigðisvottorð, sem hann gaf sjóðunum, forðaði þeim frá hruni, eftir því, sem hv. þm. sagðist frá, og ætti starf hans ekki að hafa minni þýðingu fyrir aðra sparisjóði, ef það væri rækt, og hv. þm. hefði ekki þær lífsskoðanir, sem meina honum að rækja það. Hér er um almenna gagnrýni að ræða, án tillits til persónulegra verðleika þm. sjálfs. Þetta embætti er mjög dýrt, en þó hygg ég, að ef hv. þm. hefði t. d. lagt jafnmikla vinnu í starf sitt og t. d. bankastjórar gera og unnið nokkra tíma daglega, sem dreifðust á stofnanirnar, hefði engum þm. komið til hugar að leggja embættið niður, því að þá hefði sú ástæða ekki legið fyrir, sem Landsbankinn ber við, að hér sé um engin vinnubrögð að ræða. Hv. 1. landsk. segir, að engar skýrslur liggi fyrir um það, hvað þessi maður hafi gert, en að hinu leytinu telur hann þó, að starfið þurfi endurbóta við, og m. a. að nauðsynlegt sé að færa starfið út, verksvið eftirlitsmannsins sé of lítið, og þurfi nú að skapa handa honum einskonar atvinnubótavinnu, þar sem hann hefir ekki fundið næg verkefni í þeim verkahring, sem honum var trúað fyrir. Ég álít nú reyndar, að heppilegra sé að setja hina opinberu sjóði undir stj. Landsbankans, og vænti ég, að hv. 1. landsk. geti verið mér samdóma um það. Hér er um mjög dýrt embætti að ræða og þó óþarft, eins og ég hefi bent á, og því spurningin í þessu máli aðeins sú, hvort áfram á að borga 16 þús. kr. fyrir starf, sem ekki er árangursmeira en þetta starf bankaeftirlitsmannsins.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég vil vekja athygli á því, að hv. 5. landsk. blandar saman 2 óskyldum atriðum í þessu máli, hvort ástæða sé til að leggja starf bankaeftirlitsmannsins niður, og hinsvegar, að ég hafi vanrækt þetta starf. Er þetta tvennt mjög ólíkt. Hv. þm. sagði, að ef ég hefði unnið að þessu starfi eitthvað á hverjum degi, mundi engum hafa dottið í hug að bera fram frv. Í hinu orðinu segir hv. þm., að þetta starf sé gersamlega óþarft. Hvað skiptir það nú máli, hvernig ég hefi rækt þetta starf, úr því að hér er um tilgangslaust og þýðingarlaust verk að ræða?

Ég hefði haldið, að þessi hv. þm. hefði haft þau völd innan stj. meðan hann átti þar sæti, að honum hefði átt að vera auðvelt að segja mér upp starfinu, ef ég hefði vanrækt það. Hv. þm. er því hér í fullri mótsögn við sjálfan sig.

Hv. þm. var með bollaleggingar um það, hvernig ætti að vinna starfið. En ég get frætt hann um það, að það er mesti misskilningur, ef hann heldur, að slíkir eftirlitsmenn séu alla daga að endurskoða. Slíkt tíðkast hvergi. T. d. var það svo, er ég var í Kaupmannahöfn til að kynnast þessum málum, að þá voru engir sparisjóðir undir eftirliti, og það var aðeins gert fyrir mig, að eftirlitsmaður var sendur frá bankanum. Og þessu er ekki svo farið í Danmörku einni, heldur alstaðar um lönd. Hv. þm. getur auðvitað sett sig sem dómara um þetta, en ég leyfi

mér að þykjast fullkomlega eins dómbær og hann um þessi mál.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. hefir nú talað tvisvar, og hefir farið fyrir honum eins og vant er, ef hann fær að skeiða með laust beizlið, að hann hefir farið í kringum sjálfan sig og ratað í fyllstu mótsagnir. Hann taldi eftirlitið gott, en eftirlitsmaðurinn yrði að gefa sig við því allan ársins hring, að undanskildu sumarfríi. Með þessari yfirlýsingu hefir hann alveg kippt fótunum undan því meginatriði frv. síns, að leggja starfið niður. Ef eftirlitið væri alveg óþarft, kæmi í sama stað niður, hvort mikið eða lítið verk væri í það lagt. En sé starfið nauðsynlegt, eins og hv. þm. viðurkennir, en hinsvegar ekki nógu vel rækt, á auðvitað að skipta um þann mann, sem gegnir því, en ekki leggja það niður. Hv. þm. er því alveg kominn út fyrir grundvöll málsins, eins og hans var von og vísa.

Ég skal ekki fara út í það, hvernig eftirlitsmaðurinn hefir gegnt starfi sínu, en mér er kunnugt um það úr minni stjórnartíð, að hann hefir gert mikið gagn, og ég er þess fullviss, að ef starfið yrði lagt niður, myndi ekki líða á löngu áður en menn söknuðu þess. Hv. þm. sagði, að einhver banki hefði neitað að greiða fyrir starfið. Þetta er ásökun í garð stj. og ekki góð lýsing á þeim banka, er gert hefir sig sekan í slíkri vanrækslu, en það sannar ekkert um, að starfið sé óþarft.

Þá færði hann það gegn dagskrártill. minni, að á ferðinni væri till. um að leggja alla opinbera sjóði undir þjóðbankann. En nú er það svo um marga þessa sjóði, að fyrirmæli eru um stjórn þeirra í gjafabréfum, og ég tel það óforsvaranlegt að ganga á snið við þann vilja gefendanna, og tel, að samþykkt slíkra ákvæða, sem felast í till. þeirri, er hv. þm. nefndi, gæti hreint og beint orðið til þess, að menn hættu að gefa fé í slíka sjóði, ef þeir sjá, að vilja gefenda er svo troðkað. En hitt er rétt, að hafa gætur á, að stjórnendur sjóðanna misbrúki ekki sína stöðu. Því hefir hv. þm. ekki getað hnekkt því í dagskrá minni, að hafa þurfi eftirlit með opinberum sjóðum.

Forseti (GÓ): Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að hann hafi atkvæðisrétt í þessu máli.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 537, frá minni hl. fjhn., felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, HSteins, JónÞ, PM, BSn.

nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, GÓ.

JakM greiddi ekki atkv.

Brtt. 455 samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins.

JakM greiddi ekki atkv.

2.—3. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, IP, JBald, JónJ, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins.

JakM greiddi ekki atkv.

Á 66. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 573).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, IP, JBald, JónJ, MT, PHerm, GÓ.

nei: PM, BSn, GL, HSteins, JónÞ.

JakM greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 573).

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:4 atkv. og til fjhn. með 17:1 atkv.

Á 91. fundi í Nd., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 573, n. 849).

Jón Auðunn Jónsson: N. lítur líkt á þetta mál og á seinasta þingi, þegar það var til umr. hér, afgr. frá n. — Það er í fyrsta lagi það, að n. þykir ekki rétt að fella niður það öryggi, sem eftirlitið á að veita með bönkum og sparisjóðum, og eins og menn sjá, er gert ráð fyrir því, að eftirlitið með sparisjóðum sé falið Landsbankanum. N. leitaði umsagnar Landsbankastj. um þetta atriði. Reyndar hefir ekki ákveðið svar fengizt, vegna þess, að form. bankaráðsins er erlendis, en hinsvegar hafa þeir bankastjórar, sem við eru, tjáð nm., að þeir myndu ekki geta fallizt á, að bankinn tæki á sig slíkt eftirlit, enda myndi það verða óvinsælt, ef Landsb. ætti að hafa yfirumsjón með öðrum bankastofnunum í landinu á þennan hátt. Hinsvegar var það svo í n., að menn höfðu óbundnar hendur um að koma fram með breyt. á frv., en eins og séð verður, þá hefir það ekki verið ætlun neinna nm. Því er það, að fjhn. leggur einróma til, að frv. verði vísað til stj.

Það eru nokkuð skiptar skoðanir innan n. um það, hversu starfið hafi verið rækt. En það má ekki, vegna þess sérstaklega, að maðurinn, sem því hefir gegnt, hefir verið mjög lengi veikur — eitt árið svo að segja algerlega —, dæma það hart. En hins má geta, að bankarnir telja sér ekki nauðsyn á, að þetta eftirlitsstarf verði framkvæmt þeirra vegna, og mætti e. t. v. álíta, að það væri nauðsynjalítið bankanna vegna. En fjmrh. gat þess hér á þingi í fyrra, að hann vildi fá það athugað, hvort rétt væri að sleppa eftirlitinu vegna aðstöðu ríkisstj. til þessara stofnana. Hann taldi þá þörf á því, að ríkisstj. hefði á að skipa manni, sem undir öllum kringumstæðum gæti, ef þess væri óskað, rannsakað nákvæmlega hag bankanna og gefið ríkisstj. þær bendingar um starfræksluna, sem við þætti þurfa. — Ég sé, að hv. frsm. og form. n. er kominn í d., og skal ég því ekki segja fleira.

Steingrímur Steinþórsson: Í fyrra var ég riðinn við frv. um að fella niður eftirlitsstarfið með bönkum og sparisjóðum, en féllst á það þá til samkomulags í fjhn., eins og hv. þm. N.-Ísf. gat um, að málinu yrði vísað til stj. Var það af því, að ég gat við frekari athugun fallizt á, að rétt væri að athuga, hvort ekki myndi nauðsynlegt að hafa einhverskonar eftirlit, eins og verið hefir a. m. k. að nafninu til, hvað þetta snertir. Og í nál., sem kom frá fjhn. í fyrra, var lögð mikil áherzla á það, að stj. léti athuga fyrir næsta þing, hvort ekki væri ástæða til að breyta til um eftirlitið á einn eða annan hátt. En þetta varð aldrei útrætt í d. í fyrra og því ekki að vænta, að stj. hafi látið athuga það, sem fólst í nál. fjhn. þá. Nú sé ég, að fjhn. þessarar d. hefir komizt að sömu niðurstöðu nú, að vísa beri málinu til stj., og þar sem nál. er byggt á sömu röksemdum og í fyrra og ég var talsvert við málið riðinn þá, vil ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til stj., einkum hæstv. fjmrh., hvort ekki mætti treysta því, að ef þessi till. fjhn. verður samþ., fari fram athugun á þessu starfi fyrir næsta þing, því að það skilst mér vaka fyrir fjhn. nú, eins og áreiðanlega vakti fyrir henni í fyrra, þegar hún afgr. þetta mál, því að skoðanir voru allskiptar, eins og mun vera nú, eftir ræðu hv. þm. N.-Ísf. að dæma. — Ég ætla ekkert að fara að taka upp aftur af því, sem ég hélt hér fram í fyrra, að starfið er gagnslaust eins og það hefir verið rækt, því að það mun nú algerlega vera hætt að fara eftirlitsferðir vegna sparisjóðanna, og hv. þm. N.-Ísf. gat þess, að bankarnir teldu, að ekki væri þörf fyrir þetta eftirlit sinna vegna, enda eru þeir hættir að greiða þann hluta, sem þeim ber af launum eftirlitsmannsins. Þeir telja hann algerlega óþarfan með því skipulagi, sem nú er komið á bankamálin. Ef þetta er gagnslaust eftirlit, verður að breyta til og taka eitthvað fram um, hvernig varið skuli eftirliti með sparisjóðum. Ég get að því leyti fallizt á ummæli, sem fram komu hér í d., að það gæti verið ástæða til að hafa eftirlit með opinberum sjóðum, og væri þá meira en sparisjóðirnir, sem um væri að ræða. Við það, sem kemur fram í þessu frv., að það sé einmitt Landsbankinn, sem ann-

ist þetta eftirlit, þá get ég ekki séð, að það yrði sérstaklega óvinsælt. Landsbankinn er okkar aðalpeningastofnun og á að veita forgöngu í okkar peningamálum. Það er því mjög eðlilegt, að Landsbankanum verði falið þetta, og ég get ekki séð, að hann gæti skorazt undan því. En ég vildi einkum geta þess, að ég mun greiða atkv. á móti því, að frv. verði vísað til stj., í því trausti, að frv. verði samþ. En hinsvegar geri ég ráð fyrir því, að því verði vísað til stj., og vildi því beina því til hennar, hvort ekki mætti vænta þess, að þetta yrði athugað rækilega fyrir næsta þing. Mætti þá vænta frekari till. í þessu máli.

Annars ætla ég ekki að ræða þetta neitt frekar nú eða um gagnsemi eftirlitsins eins og það hefir verið rækt. Það var gert í fyrra, og ég tók þátt í þeim umr. og endurtek ekkert af því, því að ég er sama sinnis um það atriði.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þótt nál. væri gert í fyrra, sem mun hafa verið samið af hv. 1. þm. Eyf., og till. gerð þá, bæði af hv. 1. þm. Eyf. og hv. 1. þm. Skagf. um að vísa málinu til stj., þá munu þær aldrei hafa komið til atkv. (**StgrS:** Það er rétt). En þar sem þetta kemur nú til atkv. og verður sennilega vísað til stj., mun stj. fara með það eins og fyrir er mælt í nál. Ég vil geta þess, sem ég raunar gat um í fyrra, að þótt sumum þyki eftirlitsmaðurinn hafa verið starfslitill sum árin, þá á það rót sína að rekja til mikilla veikinda, sem nú hafa breytzt til batnaðar, svo að hann hefir getað starfað meira á seinasta ári en áður. Stj. mun hafa þá meðferð, sem þarna er um getið, og verða við tilmælum n., ef málinu verður vísað til stj., sem ég tel æskilegast, að verði gert.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég var ekki staddur í d. þegar málið var tekið fyrir, en samnm. minn, hv. þm. N.-Ísf., mun hafa gert þá grein fyrir málinu, sem þörf var á. En ég vildi út af ræðu hv. 1. þm. Skagf. staðfesta það, sem hann sagði, að við höfum vísað til nál. frá í fyrra um þetta sama mál og ætlumst til þess, ef þetta yrði samþ., að stj. kynni sér það, sem þar stendur, og ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp fáein orð úr nál., sem við höfðum einkum í huga:

„Nefndin telur nauðsynlegt, að þetta mál verði athugað rækilegar en enn er orðið. Þá athugun stendur stj. bezt að vígi að gera. Vill n. því ráða til, að stj. verði falið að athuga málið, og væntir þess, að hún leggi till. sínar þar um fyrir næsta þing, ef ástæða þykir til breytinga. Telur n. þá leið varlegri en að hrapa nú að afgreiðslu þessa máls, lítt athugaðs".

Till. um málið var engin afgr. í fyrra og þess vegna er e. t. v. eðlilegt, að stj. hafi ekki lagt neina vinnu í athugun þessa máls. Út af því, sem minnzt hefir verið á, að starfið muni hafa verið minna rækt en vert væri, þá man ég, að það kom fram við umr. í fyrra, og vil einungis minna á það aftur, að það mun aldrei hafa verið samin nein reglugerð fyrir þetta starf eða erindisbréf fyrir eftirlitsmanninn. Það gæti verið ástæðan til, að starfinu hefir verið minni gaumur gefinn en ella hefði verið og heldur en ég tel, að vert væri, því að ég tel þetta starf geta verið mjög gagnlegt og nauðsynlegt, bæði fyrir þær stofnanir, sem eiga hlut að máli, eins og fyrir ríkisstj. og almenning, þar sem heita má, að ríkið beri nú ábyrgð á meiri hluta fjár þess, sem bankarnir hafa með höndum, og almenningur á hagsmuna að gæta um innlánsfé sitt í sparisjóðunum.

ATKVGR.

Till. fjhn. á þskj. 849, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 14:5 atkv.

Lagafrumvörp tekin aftur.

1. Bætur vegna kjöttollshækkunar í Noregi.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstafanir til að bæta bændum halla af hækkun innflutningstolla eða aðflutningsbanni á íslenzku saltkjöti í Noregi (þmfrv., A. 394).

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er náttúrlega óþarfi að ræða um þetta mál eins og nú er högum háttað, að samningarnir hafa verið samþ., en frv. gerir ráð fyrir að bæta bændum landsins upp toll, sem kynni að verða lagður á saltkjöt í Noregi, ef samningarnir yrðu ekki samþ. Nú hafa þessir samningar verið samþ. sem l. frá Alþingi, og þá er ekki annað að gera en að taka þetta frv. aftur, því að það er greinilegt, að bændurnir, sem að sjálfsögðu hefðu átt að taka þessa till. til athugunar, þeir hafa fyrst og fremst ekki óskað að taka hana til athugunar, og því sé ég ekki ástæðu til að halda þessu frv. lengra áfram. Það er búið að samþ. samningana. Þeir ganga í gildi og það eru miklar líkur til, að þeir komi til framkvæmda, nema eitthvað annað komi til, sem hindri að einhverju leyti framkvæmd þeirra, og það er ekkert, sem þá gæti komið fyrir, nema ef verkalýðurinn til lands og sjávar tæki sig saman og tæki málið í sínar hendur til athugunar. Það er ekki óhugsandi, að þannig geti þetta mál snúizt, en ég þarf ekki að ræða frekar um það mál hér og tek ég þetta frv. aftur.

2. Fátækralagabreyting.

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 43 frá 1927 [Fátækralög] (þmfrv., A. 112).

Á 20. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Þetta frv. er mjög fábrotið og ætti ekki að þurfa að valda miklum ágreiningi. — Má segja, að frv. sé aðeins breyt. á einu orði, en þessi orðabreyt. felur þó jafnframt í sér, að ákveðinn kostnaður, sem hingað til hefir verið greiddur úr sveitarsjóðum, verði framvegis greiddur úr ríkissjóði, og þar sem frv. að þessu leyti hefir í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, en allar slíkar till. vekja mönnum varhuga, ekki sízt á þeim krepputímum, sem nú standa yfir, vil ég gera nokkru frekari grein fyrir frv. en í grg. þess felst. Vil ég þá fyrst lesa hér upp 51. gr. fátækralaganna frá 1927, sem frv. fer fram á áðurnefnda breyt. á. Hún hljóðar svo:

„Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstj. láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess

í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðh. þar um setur. — Kostnaður við fangelsisvist eftir gr. þessari greiðist af sveitarsjóði".

Gr. þessi er að efni til nákvæmlega eins og 61. gr. fátækralaganna frá 1905, en enda þótt sveitarstj. hafi þannig verið heimilt að lögum að setja óreglumenn og slæpingja í fangelsi eða þvingunarvinnu, höfðu sveitarstj. þó ekki notað sér þessa heimild, svo að mér sé kunnugt um, allt þar til vinnuhælið á Litla-Hrauni var sett. Ástæðan til þessa hefir auðvitað fyrst og fremst verið sú, að þangað til vinnuhælið var sett á Litla-Hrauni, var hér ekki til nein slík refsistofnun í landinu, er væri við hæfi þessara manna, því að ekki var líklegt, að þessir menn vendust á iðjusemi, þótt þeir væru látnir dúsa í þröngum fangaklefum eða haldið að einhæfri vinnu, þótt sá tilgangur laganna hinsvegar næðist með þessu móti, að halda þessum mönnum frá óreglu. — Með stofnun vinnuhælisins á Litla-Hrauni, með l. nr. 26 7. maí 1928, er loks komin upp heppileg stofnun í landinu fyrir þessa óreiðumenn, enda munu sveitarstj. hafa hugsað gott til glóðarinnar með að knýja nú fram greiðslu hjá þeim á framlögðum sveitarstyrk, sem þeir ýmist hirtu ekki að greiða eða gátu ekki greitt vegna óreglu. Þótt þetta hafi og borið nokkurn árangur, hefir hinsvegar komið fyrir, að sveitarstj. hafa orðið að greiða svo skiptir hundruðum króna vegna dvalar þessara þurfalinga sinna á vinnuhælinu, og virðist það sízt sanngjarnt gagnvart fátækum sveitarfélögum, sem eru að sligast undir framfærslu þurfalinga sinna, að þurfa þannig ekki aðeins að ala önn fyrir slæpingjum og óreglumönnum samkv. ákvörðun löggjafans, heldur og einnig samkv. ákvörðun hans að greiða dvalarkostnað þessara manna á opinberri refsistofnun.

Jafnframt því sem sett voru 1928 l. um vinnuhælið, voru það sama ár gerðar nokkrar breyt. til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðaukar við hana. Upp í þessa bráðabirgðabreyt. á hegningarl. eru einmitt tekin frekari ákvæði um refsingar á óreiðumönnum. Segir svo í 9. gr. þessara laga:

„Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann af sömu ástæðum vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá refsa honum með fangelsi, ef hann vill ekki sinna forsvaranlegri vinnu, sem fátækrastj. eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er endurtekið, má refsa honum með allt að 1 árs betrunarhússvinnu".

Þessi gr. er að efni til mjög áþekk 51. gr. fátækral. frá 1927, sem ég áður las upp, nema hvað hér aðeins er ríkar að orði kveðið, því að þessi gr. beinlínis skyldar til að refsa óreiðumönnum með fangelsi, en þetta var hinsvegar samkv. eldri gr. sett í sjálfsvald sveitarstj. sem heimildarákvæði aðeins. — Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að meining löggjafans með þessu ákvæði hefir verið sú, að létta þessari kvöð af sveitarfélögunum, þannig að kostnaðurinn af allri slíkri refsivist greiddist af almannafé, eins og annar kostnaður af dvöl á refsistofnun. Í auglýsingu 21. okt. 1930 um vist þurfamanna á vinnuhælinu á Litla-Hrauni er þó aðeins vitnað í 51. gr. fátækral. frá 1927, en 9. gr. l. um bráðabirgðabreyt. á hegningarlöggjöfinni frá 1928 er hinsvegar að engu getið í þessari auglýsingu. Get ég ekki hugsað mér, að aðrar ástæður hafi legið á bak við þessa „gleymsku" en að framkvæmdarvaldið hafi hér viljað spara á þessum útgjaldalið og þess vegna einskorðað auglýsinguna við þessa gr. fátækral. frá 1927, þar sem ákveðið er, að þessi kostnaður skuli greiðast af sveitarsjóði, en gengið framhjá nýrra ákvæðinu frá 1928, sem þó er miklu fyllra og felur í sér ákvörðun löggjafans um, að óreiðumönnum **skuli** refsa, en þetta samkv. eldri gr. aðeins er **lagt á vald** sveitarstj. sem heimildarákvæði, eins og ég áður sagði. Með því að skylda sveitarfélögin til að láta refsa óreiðumönnum hefir ríkisvaldið hinsvegar óbeint tekið á sig að bera útgjöldin vegna þessarar refsingar, sem á óreiðumenn ber að leggja, enda verður þetta ákvæði l. annars gagnslaust, því að sveitarfélögin mundu hliðra sér hjá að

koma fram refsingu á þessum mönnum, ef þau ofan á allt annað ættu að bera kostnaðinn af refsingunni. — Þetta frv. miðar í þá átt að kippa þessu í lag, og þar sem hér er ekki um tiltölulega mikinn kostnað að ræða, sé ég ekki, að það sé frambærileg ástæða til að skjóta sér undan kostnaðinum af refsidvöl þessara manna fremur en öðrum kostnaði af dvöl manna á refsistað. — Ég leyfi mér að síðustu að leggja til, að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég ætla að gefa þær skýringar, sem mér fannst ræða hv. þm. Ak. gefa tilefni til. Mér skildist á honum, að hann áliti, að sveitarsjóðir ættu að bera kostnaðinn af því, þegar óreiðumenn og slæpingjar eru dæmdir eftir bráðabirgðabreyt. á hegningarlögunum frá 1928. Þetta hefir þó ekki verið framkvæmt svo. Held ég, að ég megi fullyrða, að þegar slíkir menn eru settir inn eftir dómi, beri ríkissjóður allan kostnaðinn, en hinsvegar kemur kostnaðurinn á sveitarsjóðina, þegar *mennirnir eru settir inn eftir beiðni* sveitarfélaganna og án dóms. Ef skilyrði bráðabirgðabreyt. eru fyrir hendi, geta sveitarsjóðirnir þannig alltaf komið kostnaðinum af sér yfir á ríkissjóð með því að heimta, að maðurinn sé dæmdur eftir l. Held ég, að ákvæði fátækral., sem hv. þm. nefndi, sé sjaldan notað í slíkum tilfellum. Ég þekki a. m. k. aðeins eitt tilfelli. Hinsvegar skiptir þetta miklu máli, því að kostnaðurinn af þessu er mjög mikill, vegna þess, hve dvölin er dýr á vinnuhælinu, og ég fyrir mitt leyti vil ekki opna sveitarfélögunum leið til þess þannig að dæma barnsfeður, sem ekki geta greitt meðlag, á vinnuhælið. Það verður að skera úr því með dómi, hvort skilyrðum laganna frá 1928 er fullnægt. Það atriði má ekki leggja undir úrskurð sveitarstjórna, því að fjölmargir barnsfeður, sem ekki geta greitt, eru hvorki slæpingjar né óreglumenn.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Mér er það gleðiefni, að hæstv. dómsmrh. leggur þann skilning í l. frá 1928, að það opinbera eigi að borga kostnaðinn, ef slæpingjar eða aðrir óreiðumenn eru settir inn eftir dómi. Ef þetta er rétt, geta og sveitarfélögin komið þessum kostnaði af sér með því að heimta slíka menn dæmda, en þetta frv. er hinsvegar fram komið vegna þess, að komið hefir krafa um endurgreiðslu á dvöl manns á Litla-Hrauni samkv. dómi, og hélt ég, að ef til vill ætti að draga þá ályktun af þessu, að ríkisstj. líti svo á, að sveitarfélögunum bæri að endurgreiða þetta. Verði skilningi hæstv. ráðh. á þessum lagastað hinsvegar haldið í framtíðinni og l. framkvæmd samkv. honum, má segja, að þessi breyt., sem farið er fram á með þessu frv., sé óþörf, en eins og ég tók fram, er frv. fram borið fyrst og fremst vegna þessarar endurgreiðslukröfu, sem ég gat um, að fram hefði komið.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er sjálfsagt að rannsaka nánar, hvort venjan í þessum efnum er sú, sem ég sagði. Ég þori ekki að staðhæfa þetta. Ég man og eftir þessu eina tilfelli, sem hv. flm. mun eiga við, og getum við talazt nánar við um það milli umr., en eins *og ég áður sagði, er ég því samþykkur*, að ríkið sé látið greiða þennan kostnað eins og annan kostnað af dvöl manna á refsistað, en þó því aðeins, að dómur hafi gengið um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, n. 329).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Allshn. hefir haft frv. þetta til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna hefir þó ekki skrifað undir nál., vegna þess að hann var fjarverandi, þegar málið var afgr.

Þetta mál er að vísu svo einfalt, að ekki ætti að þurfa að fjölyrða um það. Ýms rök voru færð fyrir því við 1. umr., en af því að ég get búizt við, að sumir hv. þm. hafi gleymt þeim síðan, vil ég nú taka fram helztu atriði þeirra.

Hér er farið fram á, að kostnaður af dvöl óreglumanna á refsistofnun, sem

samkv. 51. gr. fátækral. á að greiðast úr sveitarsjóði, skuli greiðast úr ríkissjóði. Greinin fjallar sem sé um það, að sveitarstjórnir geti fengið þurfamenn, sem sýna óhlýðni og þrjózku við sveitarstjórn, eða leti og óreglu, setta í þvingunarvinnu eða fangelsi. Alveg samskonar ákvæði er í l. frá 1928. Það er þessi 51. gr. fátækral. tekin svo að segja óbreytt upp í 9. gr. þeirra l., en þar er því bætt við, að þeim mönnum, sem þannig verða sveitarfélagi til þyngsla, skuli refsað með fangelsi. Hæstv. dómsmrh. upplýsti það við 1. umr. þessa máls, að kostnaður við dvöl þeirra, sem eru dæmdir á vinnuhælið, væri greiddur úr ríkissjóði. Munurinn á þessu tvennu er því þessi: Í öðru tilfellinu má eftir kröfu sveitarstjórnar flytja menn á vinnuhælið, og þá á sveitarsjóður að greiða kostnaðinn. En í hinu tilfellinu skal það gert, og vitanlega eftir kæru sveitarstjórnar, en þá greiðir ríkissjóður kostnaðinn. Í framkvæmdinni hefir þetta valdið ágreiningi og misskilningi, og þetta frv. er borið fram til þess að fyrirbyggja, að svo verði framvegis. Það mun hvað eftir annað hafa komið fyrir, að menn hafa verið sendir á Litla-Hraun eftir kæru sveitarstjórnar með tilvísun til 9. gr. laga um bráðabirgðabreyt. á hegningarlögum frá 1928, en dvalarkostnaðarreikningur síðan sendur hlutaðeigandi sveitarfélagi. Sveitarfélög geta ekki notað sér þessi ákvæði l. frá 1928, ef kostnaðurinn á að greiðast af sveitarsjóðum, ofan á það, að þeir hafa í flestum eða öllum tilfellum orðið að greiða af höndum margvísleg önnur útgjöld vegna þessara manna. Með því að halda svona áfram verða ákvæði l. um þetta gagnslaus, en það var áreiðanlega ekki tilgangurinn 1928.

Ég vona, að þetta mál sé hv. dm. svo ljóst, að þeir séu reiðubúnir til að taka afstöðu til þess án frekari skýringa.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég sé ekki ástæðu til að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er rétt, sem ég tók fram við 1. umr., að jafnan þegar dómur gengur um þessi mál, þá greiðir ríkissjóður kostnaðinn. Hér er því um það að ræða, að ríkissjóður greiði kostnað, sem af því leiðir, að þessir menn séu settir á Litla-Hraun án dóms. Nú þykir mér það ákaflega undarlegt að fara fram á það, að ríkissjóður greiði fyrir þessa menn, sem settir eru þannig á Litla-Hraun, þegar svo stendur á, að ekki er úr því skorið með dómi, hvort þessir menn falli undir lögin frá 1928. Það er sem sé ekki skylda ríkissjóðs að greiða með þessum mönnum, nema þeir séu slæpingjar eða óreiðumenn. En ef uppfyllt eru þau skilyrði, sem sett eru í lögunum frá 1928, er ekki annað en fá dóm yfir þeim; þá er víst, að ríkissjóður greiðir fangavist þeirra eins og annara fanga. Mér fannst hv. flm. taka vel í þetta við 1. umr., að fara að eins og ég stakk þá upp á, og er ég því hálfhissa á að sjá frv. koma fram aftur. Það mun hafa komið fyrir eitt tilfelli, þar sem sveitarfélagi hefir verið neitað um greiðslu fyrir þurfaling vegna dvalar hans á Litla-Hrauni. Mér er að sjálfsögðu illa við að íþyngja ríkissjóði. Þegar nú sveitarfélögin geta, ef skilyrði laganna frá 1928 eru fyrir hendi, komið öllum kostnaði af fangavist þessara þurfamanna sinna yfir á ríkissjóð, með því að láta dóm ganga í málum þeirra, þá finnst mér þau megi vel við una.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Það, sem ég benti á, var það, að þessar tvær gr., 51. gr. fátækral. frá 1927 og 9. gr. laga um bráðabirgðabreyt. á hegningarlögunum frá 1928, væru svo að segja samhljóða, þar sem um það er að ræða, að sveitarstjórnir geti fengið þurfalinga setta á vinnuhæli sakir óhlýðni, þrjózku, leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta. Munurinn á ákvæðum þessara greina er aðeins sá, að í hinni fyrri er talið, að samþykki lögreglustjóra þurfi að koma til, en hinni síðari tekið fram, að dómur þurfi að ganga í málinu. Ég sé því ekki neinar líkur til, að þar sem það er sami maðurinn, sem í báðum tilfellunum á að úrskurða eða dæma, þá verði, hvort sem dómur eða úrskurður er uppkveðinn, byggt á sömu forsendum. Það, sem ég því vil undirstrika, er það, að þar sem það er rétt, að sveitarstjórnir geti fengið greiddan dvalarkostnað fyrir slæpingja sína á vinnuhæli, ef þau heimti dóm yfir þeim, þá eigi það ekki að koma fyrir, að

úrskurður komi í staðinn fyrir dóm og kostnaðurinn lendi á sveitarfélögunum.

Þar sem nú hér er ekki um að ræða að auka ríkissjóði kostnað umfram það, sem honum ber, þá fæ ég ekki séð, hvað geti verið á móti því að breyta orðalagi 51. gr. fátækralaganna. Þannig leit allshn. líka á og þess vegna kom frv. aftur fyrir deildina.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. frsm. skýrði rétt frá lagafyrirmælunum um þetta. En það var hæpið hjá honum, er hann sagði, að samþykki lögreglustjóra væri sama og úrskurður hans. Eftir þessu frv. er nóg, að hann skrifi bréf og leyfi, að viðkomandi maður sé settur á vinnuhæli, en það er allt annað en dómur. Annars kemur það hér fram sem oftar, að ríkissjóður á fáa formælendur. Það þykir alltaf fært að bæta á hann. Hv. frsm. sagði t. d., að þetta skipti engu fyrir ríkissjóð, en það skiptir þá alveg eins engu fyrir sveitarfélögin. Ég tel þetta þvert á móti skipta allmiklu máli, þar sem uppihaldskostnaður fyrir einn þurfaling á Litla-Hrauni nemur á ári fullkomlega meðalprestslaunum. Ég vil því halda mig við það, að þetta ákvæði um samþykki lögreglustjóra sé of lint, og að meiri trygging sé fengin í því, að dómur sé látinn ganga í málinu. Ég vil því mælast til, að frv. þetta verði ekki látið ganga lengra, því að það er alveg þýðingarlaust, þar sem sveitarfélögin geta náð alveg sama takmarki með því að láta ganga dóm um málið. En með því á að vera útilokað, að hægt sé að demba á ríkissjóð kostnaði, sem hann á ekki að bera að lögum.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Ég er sammála hæstv. dómsmrh. um það, að sveitarfélögin geti náð sama marki með því að láta ganga dóm í málum viðkomandi manna, eins þó að frv. þetta verði ekki samþ., og þarf þeirra hluta vegna ekki neina sérstaka lagabreyt. í þessum efnum. En sveitarfélögunum er þetta bara ekki ljóst. Og í því efni byggja menn á auglýsingu frá 1930, en hún fjallar aðeins um 51. gr. fátækralaganna.

Til þess að útiloka þennan misskilning og gera almenningi ljóst, hvaða réttindi sveitarfélögin hafa í þessum efnum, er frv. þetta flutt. Ég gæti því gengið inn á að draga frv. til baka, ef gefin væri út auglýsing, sama efnis sem auglýsingin frá 1930, að öðru en því, að þar væri byggt á og vísað til 9. gr. laga um bráðabirgðabreyt. á hegningarlöggjöfinni frá 1928, enda tekið fram, að kostnaður af vinnuhælisvist samkv. þeirri lagagrein greiðist úr ríkissjóði.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég skal strax lýsa yfir því, út af ummælum hv. frsm., að sé sveitarstjórnum ekki ljóst, hvernig málum þessum er varið, er ég fús til að gefa út auglýsingu, sem skýrir þetta vafaatriði, en vænti þá, að hann taki frv. aftur.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Þar sem mál þetta hefir gengið til nefndar og kemur nú frá nefnd, vil ég bera mig saman við hana áður en ég get sagt um það, hvort það verður tekið aftur eða ekki. Vil ég því mælast til, að það verði tekið út af dagskrá nú.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Þetta frv. hefir ekki verið tekið til athugunar í n. síðan við síðustu umr., en eftir að hafa hugsað málið í sambandi við yfirlýsingu, sem hæstv. dómsmrh. gaf, þegar málið var til umr. hér síðast, get ég sem aðalflm. lýst yfir því, að frv. er tekið aftur.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Fiskframleiðsla ársins 1933.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til íhlutunar um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933 (stjfrv., A. 27).

Á 4. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hinn 5. des. f. á. voru gefin út bráðabirgðalög samhljóða þessu frv., sem er lagt fyrir Alþingi samkv. 23. gr. stjskr. Um ástæðurnar fyrir útgáfu þessara bráðabirgðalaga get ég væntanlega látið mér nægja að vísa til fskj. þess, sem prentað er með frv., og að svo komnu máli tel ég ekki þörf á að gera annað en benda á, að með því að lög þau, sem frv. er endurprentun af, eiga ekki að gilda lengur en til 1. apríl næstkomandi, þarf þingið í raun og veru ekki að taka afstöðu til frv., nema það vilji annaðhvort lengja eða stytta lífdaga laganna, en um það gerir ég að svo stöddu enga tillögu.

Þegar þessi umr. er á enda, óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Haraldur Guðmundsson: Allt fram á síðustu tíma hefði það ekki þótt lítil tíðindi, að gefin væru út l. um einkasölu á saltfiski með þeim hætti, að ráðh. og konungur gæfu heimild til þess. Og þegar þess er gætt, að þeir, sem sömdu þessi l., voru einmitt mennirnir, er harðast hafa barizt gegn slíku skipulagi, þá smækka tíðindin ekki við það. Skal ég ekki að þessu sinni fjölyrða um saltfiskverzlun okkar Íslendinga, en geymi mér það til síðari umr. málsins. Hv. þdm. er kunnugt, að fyrir ekki löngu síðan var í útvarpinu — og sjálfsagt í blöðunum líka — birt áskorun frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda til saltfiskútflytjenda að láta Sölusambandinu í té upplýsingar um það, hvort þeir vildu fela því umboð til að selja fisk sinn á þessu nýbyrjaða ári. Ég veit ekki, hvort komið er svo mikið af svörum, að Sambandið geti um það sagt, hvort það muni halda áfram svipaðri sölustarfsemi og í fyrra, því að í áskoruninni var þess getið, að það væri undir undirtektunum komið, hvort Sölusambandið héldi áfram. Vil ég nú mælast til þess, að hæstv. dómsmrh. upplýsi, hvort svörin við þessari áskorun eru komin og hvort líkindi megi þá telja til, að þegar bráðabirgðal. falla úr gildi 1. apríl, verði haldið áfram svipuðu skipulagi og seinasta ár, þ. e. a. s. að næstum öll saltfiskverzlunin verði í höndum Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Þykir mér fara vel á því, að hæstv. dómsmrh. svari þessu nú við 1. umr. málsins.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru ekki nema örfáir dagar síðan ég sá auglýsingu um þetta atriði, er hv. þm. Seyðf. gat um, og ég hefi alls ekki forvitnazt um, hvort nokkur svör eru komin. En mér þykir ólíklegt, að komin séu svör frá öllum þeim, sem vænta má svars frá.

Haraldur Guðmundsson: Mér þykir hæstv. dómsmrh. ekki forvitinn í þessu efni, að grennslast ekki eftir jafnmikilvægu atriði og því, hvort menn muni vilja fela Sölusambandinu að selja fisk sinn. Það getur tæplega verið meiningin að

veita heimildina til 1. apríl og sleppa svo öllu lausu aftur. — Sölusambandið óskaði eftir svörum ekki síðar en 19.—20. febr. Það er nærri þessum tímamótum nú. Hygg ég því, að vænta megi, að Sambandið hafi þegar fengið svör í þessu efni; aðeins ef hæstv. ráðh. vildi leita upplýsinganna, getur hann sjálfsagt fengið þær. En þær eiga að mínu áliti að fylgja þessu frv. nú þegar.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það getur vel verið, að ég hafi ekki verið nógu forvitinn, en mér heyrðist hv. þm. segja sjálfur, að ekki væri von á svörum fyrr en 19.—20. þ. m., og má búast við, að einhverjir noti þann frest. Hv. þm. vill, að svörin fylgi þessu frv. til n., en við ætlum eftir fáeinar mínútur að vísa því til n.! Þetta er ekki sanngjarnt. (HG: Það má fresta að vísa frv. til n.). Það er undarlegt, ef ekki má vísa málinu til n. strax. Hún getur geymt málið hjá sér meðan svörin eru ókomin, ef henni þykir ástæða til. Annars hefi ég ekkert á móti því að grennslast eftir þessu, þegar svörin eru komin.

Jón Auðunn Jónsson: Ég held, að það standi ekki í sambandi við frv., hvernig svörin frá fiskframleiðendunum verða til Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Ég lít svo á, að nú séu burt fallnar þær ástæður, sem voru til útgáfu bráðabirgðal., og vænti, að ekki þurfi að framlengja þau. Þá voru sérstakar ástæður fyrir hendi, og mér vitanlega eru þær nú þegar fallnar burt. Svör munu vera óvíða að komin, en allt bendir í þá átt, að Sölusambandið haldi áfram með svipuðu fyrirkomulagi, enda væri það glapræði að slíta nú þessum frjálsu samtökum framleiðenda. Hygg ég, að fisksölunefndin sé mér sammála um, að lögin geti nú bráðlega fallið úr gildi.

Haraldur Guðmundsson: Mér finnst hv. þm. N.-Ísf. gera flm. mikinn greiða með því að tala eins og sá, sem þekkinguna og valdið hefir, en flm. veit ekki nokkurn skapaðan hlut. Hv. þm. N.-Ísf. segir ástæðurnar fyrir útgáfu bráðabirgðal. fallnar burt og að l. hafi vakið óhug og verkað illa. Hvað meinar hæstv. dómsmrh. með því að vera að láta okkur samþ. hér slík l., ef burt eru fallnar ástæðurnar fyrir því? Þetta er ljóta ástandið! Það hefði ekki veitt af, að hæstv. dómsmrh. hefði verið dálítið forvitnari, ef þessar upplýsingar frá hv. þm. N.-Ísf. eru gulláreiðanlegar — sem ég ætla nú ekki að fullyrða neitt um. Hv. þm. fullyrðir ennfremur, að allt bendi til, að Sölusambandið muni starfa áfram á sama grundvelli og verið hefir. Ég get þakkað hv. þm. fyrir svörin, því að eftir þessu var ég að grennslast nú.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég hélt, að hv. þm. Seyðf. væri sama, hvaðan gott kæmi, fyrst hann er jafnófróður um þetta atriði og ég. En þar sem hann spurði, hvers vegna verið væri að leggja frv. fyrir þingið, vil ég taka það fram, að slíkt er lagaskylda. Og ég tók það fram, að ef ætlazt væri til, að l. gildi áfram, þá þarf að samþ. frv. með breytingu, annars þarf ekki neitt.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. dómsmrh. hefir bent á, að það er sjálfsögð skylda að leggja bráðabirgðal. fyrir þingið og því sjálfsagt, að frv. komi hér fram. Hinsvegar er eðlilegt, að ég sé kunnugri þessu máli en hæstv. dómsmrh., þar sem ég er form. Fisksölusambands Vestfirðinga og kem daglega í skrifstofu sambandsins, þegar ég er staddur hér. Held ég, að það sé ekkert launungarmál, þar sem nefndin sagði mér frá því síðast í morgun, að allt útlit væri fyrir, að Sölusambandið myndi halda áfram starfsemi sinni í ár, og jafnframt, að sú brýna þörf, sem var til staðar, er bráðabirgðalögin voru gefin út, að ráði sölusambandsnefndarinnar, væri nú að mestu horfin.

Haraldur Guðmundsson: Það má vel vera, að hv. þm. N.-Ísf. sé kunnugri þessu máli heldur en stjórnin sjálf, eða hæstv. dómsmrh., sem þó flytur frv. þetta eða leggur það fyrir þingið. Sýnist þó rétt, að hæstv. ráðh. hefði aflað sér þeirrar vitneskju um málið, að hann gæti gefið þdm. nauðsynlegar upplýsingar um það.

Það svar, að skylda sé að leggja bráðabirgðalög fyrir þingið, er svo mikill barnalærdómur, að alveg er óþarft að

fara að koma með það í þessu sambandi. En um leið og hæstv. dómsmrh. framkvæmdi þá sjálfsögðu skyldu að leggja bráðabirgðal. fyrir Alþingi var og sjálfsagt, að hann léti þess getið, hvort meiningin væri, að þau féllu úr gildi þegar í stað, eða að þau gerðu það ekki fyrr en 1. apríl.

Af því að lítil grein hefir verið gerð fyrir nauðsyn og tilgangi þessara bráðabirgðal., þykir mér rétt að minna á það, sem h. h. konungurinn segir fyrir munn síns elskulega þjóns um tilgang og nauðsyn bráðabirgðal. Með leyfi hæstv. forseta segir þar svo:

„... Sé sala og útflutningur nýju fiskframleiðslunnar með öllu frjáls, eru líkur til, að það valdi verðlækkun á eldri fiskbirgðum, en einkum þó á nýju framleiðslunni. Mundi slíkt ... sennilega ... ríða þessum þörfu samtökum að fullu ...“. Þetta er fullyrt 5. des. 1932. Eru nú ástæður þær, sem þá voru fyrir hendi, fallnar burt? Um þetta atriði vantar fullnægjandi upplýsingar. Og það er alveg eins, þótt hv. þm. N.-Ísf. segði, að ýmislegt benti til, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda haldi áfram störfum. Það starfaði einnig þegar bráðabirgðal. voru gefin út.

Ólafur Thors: Hv. þm. Seyðf. bar fram fyrirspurnir í sambandi við þessi l., um það, hvort ástæður grg. fyrir nauðsyn þeirra væru enn fyrir hendi, en jafnframt taldi hann, að ekki hefðu verið gefnar nægilegar skýringar fyrir því, að l. voru sett.

Ég býst nú reyndar við því, að öllum hv. alþm. sé kunnugt um, hvers vegna bráðabirgðal. voru sett, og þá hv. þm. Seyðf. líka. Án þess að fara nákvæmlega út í það mál, vil ég þó skýra frá því, að það var stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem átti frumkvæðið að því, að l. voru sett. Stjórn Sölusambandsins kom öll á fund ríkisstj. og tjáði henni, að hún teldi nauðsynlegt, til þess að vernda samtök fiskiframleiðenda, að lögð yrðu höft á sölu nýju framleiðslunnar, meðan eldri birgðir væru að seljast. Ríkisstj. leit svo á, að væri þetta eingöngu gert til verndar gömlu framleiðslunni, þá væri vafasamt, hvort slíkt ætti að veita, og stjórnin ekki tilbúin til þess að taka afstöðu til þess principielt. En aðspurð um þetta, kvað stjórn Sölusambandsins nauðsyn slíkra bráðabirgðal. eins mikið felast í því að vernda áframhaldandi starfsemi Sölusambandsins og halda uppi verði á nýju framleiðslunni. — Stjórnin áleit lífsnauðsyn, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda héldi áfram starfsemi sinni. Og að fengnum framangreindum upplýsingum, ásamt skriflegri greinargerð, taldi ríkisstj. sig tilbúna að verða við tilmælum stjórnar Sölusambandsins og setti því bráðabirgðal. — Vænti ég svo, að ekki þurfi meira um þetta atriði málsins að ræða.

Um það atriði, hvort fella beri l. úr gildi nú þegar, er ekki mikið að segja. Það kann að orka tvímælis, hvort nauðsynlegt sé, að þau standi til 1. apríl. En það ætti þó að vera alveg skaðlaust. Stj. Sölusambandsins er vitandi þess, að nauðsynlegt er, að menn hafi sem frjálsastar hendur um sölu á framleiðslu sinni. Hún gerir það því alls ekki að gamni sínu að hindra sölu manna, þó það muni hafa verið gert í einstaka tilfelli. Þess má geta, að á aðalfundi Fiskifélagsins kom fram till. um að afnema l. strax að því er snertir sölu á blautum fiski. Var sú till. rökrædd. En niðurstaðan varð sú, að allir, nema einn, greiddu atkv. gegn till. Bar sú afgreiðsla vott um, að annaðhvort hefir meiri hl. fundarins talið nauðsynlegt, að l. giltu áfram, eða a. m. k. að það skaðaði ekki. Ég tel og, að heppilegt geti verið, að bráðabirgðal. gildi til 1. apríl og að það sé a. m. k. alveg hættulaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Laun embættismanna (framlenging dýrtíðaruppbótar).

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 8 sept. 1931 [Laun embættismanna] (stjfrv., A. 8).

Á 8. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Með því að hæstv. forsrh. er ekki við, þá ætla ég að leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. En ég óska, að umr. verði geymdar þangað til við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 210 og 234).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Svo sem sjá má á nál. frá minni hl. fjhn., hefir n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Það er nokkuð nánar vikið að því í nál. okkar meirihl.-manna, hverjar eru ástæðurnar fyrir því, að við sjáum okkur ekki fært að greiða atkv. með frv. óbreyttu, og í raun og veru geri ég ráð fyrir, að lítt virðist þörf á að skýra það öllu nánar.

Afkoma þeirra landsmanna, sem við framleiðslu fást, bæði atvinnurekenda og hinna, sem við framleiðsluna vinna fyrir kaupi, er á þann veg, að ekki er hægt að bera hana að neinu leyti saman við afkomu þeirra, er föst laun hafa. Með því vil ég þó ekki segja, að laun allra starfsmanna ríkisins séu nægileg, en hitt er víst, að auk þess sem þau eru miklum mun hærri en sá framfærslueyrir, sem alþýða manna í landinu hefir, þá hafa þau þann kost, að fyrirfram eru þau ákveðin og trygg, og á þessum tímum er það ekki lítill kostur, því að þó að menn hafi allan hug á að spara sitt lífsframfæri, verður þó alltaf erfiðara að framkvæma það, þegar með öllu er óvíst um, hverjir mögu-leikarnir verða. Ég held, að það sé ekki ástæða til að lýsa þessu öllu nánar. Því verður ekki neitað, að það verði að gera þær kröfur til þeirra, sem laun taka hjá því opinbera, að þeir einnig á þessum tímum neiti sér um margt eins og aðrir, og ég hygg, að fyrir starfsmönnum ríkisins sé það svo, að eftir að launin eru komin upp yfir 4000 kr., þá sé mögulegt að komast af, ef fjölskylduþyngsli eru ekki mjög mikil. Við höfum því, meiri hl. n., gengið inn á — og sérstaklega með það fyrir augum, að samkomulag næðist um afgreiðslu málsins —, að dýrtíðaruppbót verði framvegis greitt á hin lægri laun. Við gerum ráð fyrir, að það megi til sanns vegar færast, að það sé ekki með öllu ástæðulaust, þó að dýrtíðaruppbótin verði ákveðin samkv. brtt. okkar, en hinsvegar getum við ekki fundið, að það verði á neinn hátt réttlætt, eins og tímarnir eru nú, að greiða dýrtíðaruppbót á laun, þegar þau eru orðin svo, að viðunandi mætti teljast til lífsframfærslu.

Ég skal að svo stöddu ekki fara langt út í þann ágreining, sem er milli nefndarhlutanna, eða þær ástæður, sem minni hl. færir fyrir því, að hann vill samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Mér virðist það vera af því, að nokkurt ósamræmi sé á launum þeirra, er laun taka samkvæmt launal., og öðrum starfsmönnum, sem laun taka eftir sérstökum lögum. Þetta má vel vera, og því er ekki að neita, að á launagreiðslum hins opinbera er mikið ósamræmi, en ég tel, að þessa leið sé ekki rétt að fara, að jafna þetta á þann hátt að bæta upp þeim, sem lægra eru launaðir, ef þeir hafa þau laun, sem telja verður á þessum tímum, að við verði unandi. Ég tel, að hina leiðina eigi frekar að fara, að lækka á þeim starfsmönnum, sem laun taka eftir sérstökum l., ef þau eru ekki sambærileg við laun hinna. Ég skal játa, að launal. eru þannig, að hin brýnasta þörf er á, að þau séu endurskoðuð, og hefir öllum þm. verið það ljóst um langt árabil, en þingið hefir ýtt því máli á undan sér með þeirri aðferð, sem hingað til hefir verið höfð: að framlengja dýrtíðaruppbótina — og mér virðist, að einmitt það, að haldið er áfram á þessari braut, ýti undir það, að enn um skeið verði því máli ekki sinnt, að endurskoða

launalögin. Má vel vera, að segja megi, að tímarnir séu ekki hentugir til slíkra hluta, en ég hygg þó, að það starf hljóti að taka nokkurn tíma, og þess fyrr sem undirbúningur verði hafinn, þess fyrr megi vænta lausnar á málinu.

Ég vil taka það fram að því er snertir meiri hl. fjhn., að við munum ekki greiða atkv. með frv., ef brtt. okkar verða felldar, og ég hygg, að þannig sé ástatt hér í hv. d., að falli brtt. okkar, þá séu ekki miklar líkur til, að frv. gangi fram. Ég vil vænta þess, að hv. d. gangi inn á þessa miðlunarleið okkar og samþ. brtt. okkar, því að ég geri ráð fyrir, að fyrir þá, sem það vakir fyrir að geta fengið frv. samþ. eins og það liggur fyrir, þá sé betra að fá það samþ. með brtt. okkar en að fá enga réttarbót.

Ég skal svo að þessu sinni láta máli mínu lokið og geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að ræða þetta mál öllu meira frá minni hálfu. Málið er allljóst og till. okkar eru a. m. k. fyllilega í samræmi við það, sem nú er talið, að uppi verði að vera á teningnum um öll fjárútlát ríkissjóðs.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég finn ekki ástæðu til að flytja langa ræðu um afstöðu mína til þessa frv. Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt. Það er stjfrv., og sá ráðh., sem hefir flutt það, er nú viðstaddur hér í d., til þess að halda uppi svörum fyrir því. Ég vil leiða athygli að því, að meiri hl. n. hefir ekki gert nokkra tilraun, hvorki á fundum n. né í nál. sínu né heldur í framsöguræðunni, til þess að leiða rök að því, að launakjör þeirra embættismanna, sem eiga að missa dýrtíðaruppbótina eftir till. þeirra, verði viðunandi eftir það. Mér finnst þó, að við svona mikilvæga breyt. verði samt ekki ætlazt til minna en að það hefði verið reynt að gera einhvern samanburð á launakjörum þessara manna eftir slíka breyt. og launakjörum annara manna, sem þeim geta talizt hliðstæðir í þjóðfélaginu, hvort sem það eru fastlaunaðir menn, þ. e. a. s. án dýrtíðaruppbótar, menn í þjónustu bæjar- eða sveitarfélaga eða menn á launum hjá einkafyrirtækjum. Ég er sannfærður um, að verði slíkur samanburður gerður án hlutdrægni, mun hann sýna það, að þeir embættismenn, sem eiga að missa dýrtíðaruppbótina, verða við það miklu miður launaðir heldur en hæfilegt er, jafnvel á þeim krepputímum, sem yfir standa í þessu þjóðfélagi. Stafar þetta af því, að grunnlaunin samkv. launal. frá 1919 eru yfirleitt, og ekki sízt að því er snertir hina svokölluðu „hálaunuðu" embættismenn, orðin afarlág, eftir því sem gildi peninga nú er og verðlag og allir hættir í þjóðfélaginu. Ég tel þess vegna ekki með nokkru móti forsvaranlegt að svipta þessa menn þeirri tiltölulega mjög lágu viðbót, sem enn er eftir af þessari svokallaðri dýrtíðaruppbót, án nokkurra röksemda. Ég tel ekki, að enn hafi komið fram nokkur röksemd fyrir því, að þetta sé rétt.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Þetta frv. er samskonar eins og borið hefir verið fram á undanförnum þingum og jafnan verið samþ. Að vísu hefir það komið fyrir, að frv. væri ekki borið fram fyrr en í þinglokin og þá afgr. í hvelli með öllum afbrigðum. Ég hugsaði mér nú að hafa hina aðferðina, að leggja það fyrir í þingbyrjun og hika ekkert við það að sinna þessari nauðsyn hreinlega, að dýrtíðaruppbótin verði framlengd. Dýrtíðaruppbótin hefir farið stórum lækkandi og er ekki nú eftir af henni hjá hærra launuðu mönnunum nema 15%. Þetta eru einu launin í landinu, sem fara eftir vísitölu, og þess vegna er það líka, að engir í landinu hafa fengið meiri launalækkun en þeir starfsmenn, sem taka laun eftir launal.

Mér er kunnugt um, að starfsmenn t. d. við samvinnufélög, kaupfélög, sláturfélög, útgerðarfélög og við verzlanir hafa ekki fengið nærri því tilsvarandi lækkun, og þó eru þetta starfsmenn hjá þeim atvinnurekendum, sem eiga um sárast að binda og standa næst verðlækkun afurðanna. Það hefir verið farið verr með þessa starfsmenn, sem taka laun eftir launal., en nokkra aðra stétt í landinu. Ég verð að leggja áherzlu á, að dýrtíðaruppbótin, svo lág sem hún er orðin, sé framlengd með sama hætti og verið hefir. Það er full ástæða til að bera þennan launaflokk manna saman við þá starfsmenn ríkisins, sem taka laun utan launal.

Lækkunin á þeim hefir ekki verið tilsvarandi, og yfirleitt eru menn í slíkum stöðum sambærilegum töluvert betur launaðir en þeir, sem sitja í gömlum embættum og heyra undir launal. Mætti lækka launin á þeim, sem taka laun utan launal., til þess að þeir hefðu sömu laun og þeir, sem taka laun eftir launal., þó að þeir héldu dýrtíðaruppbótinni. Það er öllum vitanlegt, hvað kostar að lifa hér í Rvík, og hagur þeirra manna, sem lifa samkv. launal., er mjög þröngur, enda er það ekki að undra, þegar þeir fá ekki nema svona lítinn part af þeirri raunverulegu verðhækkun, sem hefir orðið síðan 1919. Ég verð að leggja áherzlu á, að afgreiðsla þessa máls verði með sama hætti eins og hún hefir alltaf verið undanfarið, þó að nokkur dræmingur hafi verið í þeirri afgreiðslu.

Jón Baldvinsson: Fyrir nokkrum árum flutti ég frv. um framlengingu þessara l., seint á þinginu, af því að ég sá ekki, að stj. ætlaði að gera það, og af því að mér þótti það réttlátt, að starfsmenn hins opinbera héldu þeirri uppbót, sem launal. frá 1919 veita þeim.

Blöð hæstv. stj., sérstaklega Framsóknarflokksins, hafa mjög áfellt mig og aðra fyrir það að hafa flutt þetta frv., og það er ekki meira en liðugur mánuður síðan hv. 5. landsk. var í Tímanum að skrifa um þetta og m. a. áfelldi mig (**JónasJ:** Og íhaldið líka.) fyrir að hafa samþ. þessi l. í fyrra. Nú kom stj. hv. þm. með þetta frv. fyrir þingið, sem hann í samræmi við sínar greinar í Tímanum ætlar ekki að fylgja að þessu sinni. Ég held, að það verði ekki færðar nokkrar líkur fyrir því, að starfsmenn ríkisins, eftir þeim launakjörum, sem þeir flestir hafa, megi við því að missa það kaup, sem þeir mundu missa, ef brtt. meiri hl. fjhn. væru samþ. Afleiðingin, ef þetta kæmist á, yrði sú, að ríkið missti alla sína beztu starfsmenn, sem færu í eitthvað annað, sem betur væri borgað. Afleiðingin af því, að ríkið greiðir nú heldur lág laun, er, að það missir góða menn úr þjónustu sinni, og það er ekki nema eitthvað mánuður síðan ríkið missti úr þjónustu sinni starfsmann, sem um langt skeið hafði verið starfsmaður ríkisins og þótti ágætur starfsmaður, að áliti yfirboðara sinna, þar á meðal hæstv. núv. fjmrh. Ríkið missti hann úr sinni þjónustu af því að honum buðust betri kjör annarsstaðar. Þetta, sem meiri hl. fjhn. stingur upp á, ber sennilega svo að skilja, að í raun og veru falli dýrtíðaruppbótin algerlega niður af öllum hærri launum, þannig að laun og dýrtíðaruppbót nemi 3000 kr. fyrir þá, sem eigi hafa ómaga á skyldaframfæri, og 4200 kr. fyrir þá, sem hafa ómaga á skyldaframfæri.

Þetta þýðir sennilega ekki það, að þessir menn, sem samkv. launal. hafa 6000 kr., lækki niður í 4200 kr., sem nær því mætti skilja af þessum brtt. Ég geri ráð fyrir, að í rauninni sé sú ekki meiningin hjá flm. — Ég mun því í samræmi við mína skoðun á þessu máli styðja stj. í því að koma fram þessu frv. og mun greiða atkv. á móti till. meiri hl. fjhn.

Jón Jónsson: Ég get fyrir mitt leyti ekki annað en vottað meiri hl. fjhn. þakkir fyrir till. sínar, þrátt fyrir það, þó að þær hafi ekki fengið hér góðar undirtektir það sem af er. Ég verð að segja, að eins og nú er högum háttað hjá miklum meiri hl. þjóðarinnar, fyrir hvaða kaupi hann verður að vinna, þá sé ekki með öllu ósanngjarnt, þó að ekki séu bætt upp laun þeirra manna, sem hafa margfalt meira kaup en almenningur í landinu. Það verð ég að segja, ef rannsökuð væru launakjör almennings í landinu, sérstaklega bændastéttarinnar, að þá væri það miklu minna en þessu nemur, og það mætti gera róttækar ráðstafanir, ef kaup bænda ætti að vera meira en þessir menn hafa. Svo ég held, að þetta geti ekki verið sérstakt hneyksli eins og nú standa sakir.

Það er rétt, sem hv. 1. landsk. tók fram, að ýmsir, sem taka laun utan launalaganna, hafa of há laun, miðað við þessa menn, en þá er það gefið, að það á að lækka þeirra laun á einhvern hátt. Það er ekki við öðru að búast en það hneyksli almenning í landinu, sem lifir við mesta skort, vegna þess hvernig gengur með afurðasöluna, ef sérstaklega á að fara að hlynna að þeim mönnum, sem eru margfalt betur settir. Ég hefði því heldur búizt við, að stjórnin kæmi

með frv., áður en þingi sliti, sem færi í þá átt að lækka laun þeirra manna, sem betur eru settir. Ætti það að grípa yfir þá, sem eru utan launalaganna og þess vegna hafa hærri laun. Ég tel sjálfsagt, að það ætti að koma fram sem skattafrv., ef það ekki yrði á annan hátt.

Annars finnst mér, að það sé kominn tími til að endurskoða launalögin og að kippt verði í lag því misræmi, sem á sér stað með launagreiðslur. Væri því ekki úr vegi, að Alþ. fæli stj. að byrja á þeim undirbúningi, hvort sem það gæti orðið að framkvæmd fyrir næsta þing.

Af þeirri ástæðu, hvernig ástatt er með launakjör mikils meiri hluta þjóðarinnar, þá hika ég ekki við að greiða atkv. á móti frv.

Jónas Jónsson: Ég ætla aðeins að skjóta því fram til hv. 2. landsk., sem hefir verið mikill stuðningsmaður þessa frv. á undanförnum þingum, að frá hans sjónarmiði hlýtur það að vera hætta að stofna frv. í voða. Hv. 2. landsk. hlýtur að muna það, að fyrir 2 árum var borið fram samskonar frv. og þetta, og þá komum við framsóknarmenn með svipaðar till. og nú, en þær voru felldar af honum og öðrum íhaldsmönnum í d. Þá var opin leið fyrir okkur hina að fella frv., en það gerðum við ekki. Nú bættist við einn maður úr okkar flokki, sem lýsti því yfir, að hann væri tregur til að greiða frv. atkv., og ég býst við, að það gætu verið fleiri með í því. En af því að hv. 2. landsk. virðist hugsa meira um þá menn, sem hafa lág laun, og öll sanngirni mælir með, að dýrtíðaruppbót haldist á þeim launum frekar en á hærri launum, þá er það vafasamur greiði, sem þeir gera með því að vera á móti brtt., því þá getur farið svo, að frv. verði fellt og niður falli dýrtíðaruppbót á lágum launum.

Halldór Steinsson: Ég vil gera eina fyrirspurn til hv. n. Ég vil spyrja hv. n. að því, hvort hún hafi gert sér ljóst, hve mikinn sparnað leiddi af því, að þessi till. yrði samþ. Ef þingið tekur þá ákvörðun, að laun með dýrtíðaruppbót fari ekki yfir 4200 kr., þá held ég að sparnaðurinn verði ekki stórkostlegur, því að það eru tiltölulega fáir af embættismönnum ríkisins, sem hafa hærri laun. En aftur á móti eru fjöldamargir af öðrum starfsmönnum ríkisins, sem hafa langtum hærri laun, t. d. við útvarpið, ríkisútgerðina, ríkisprentsmiðjuna, áfengisverzlunina o. fl. ríkisfyrirtæki. En ef það er meiningin að hreyfa ekkert við launum þeirra starfsmanna ríkisins, sem hæst eru launaðir, en aðeins klípa af launum hinna lægst launuðu, þá fer réttlætið að verða létt á metunum og sparnaðurinn vafasamur. Það væri því gott að fá upplýsingar um það frá hv. n., hvort hún hefði gert sér það ljóst, hve mikið sparaðist, ef þessi till. yrði samþ. En ef það er, sem mig grunar, að það mundi verða lítið, þá veit ég ekki, hvort tekur því að samþ. það nú á þessu þingi.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Hv. 1. landsk. lýsti eftir samanburði frá okkur nm. til þess að geta stutt okkar till. Ég verð að segja það, að mér virtist ég gera samanburð í minni fyrstu ræðu. En það var sá munur, að ég gerði samanburð á þeim mönnum landsins, sem eiga við erfiðastan kost að búa, þá menn í landinu, sem mest útgjaldaþyngslin hvíla á. Ég hygg, að ef hv. 1. landsk. vill hlusta á þann samanburð, þá muni hann ekki hrekja mikið af því, sem ég sagði. En það var allt öðru máli að gegna með þann samanburð, sem hann gerði, sem var samanburður á starfsmönnum, sem tækju laun eftir allt öðrum mælikvarða en launalögunum. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst, að þann samanburð eigi ekki að gera, það sé ekki sá samanburður, sem afgreiðsla þessa máls á að byggjast á.

Ég skal ekki bera á móti því, að mörgum starfsmönnum ríkisins, og ekki síður starfsmönnum ýmsra atvinnufyrirtækja, eru greidd hærri laun en þeim, sem taka laun eftir launalögunum. Ég vil segja hv. 1. landsk. það, að ég er fús til samvinnu við hann um það, að gera tilraun til að samræma þetta á þann hátt, að hægt verði að lækka þau laun, til þess að þau verði sambærileg þeim launum, sem ég legg til, að verði grundvöllurinn með afgreiðslu þessa máls.

Ég held, að á þessum tímum verði það ekki talið heppilegt ráð til að leysa úr

þeim vandræðum, sem margir einstaklingar í þjóðfélaginu eiga við að búa, að taka til fyrirmyndar þær launagreiðslur, sem hæstar eru. Annars hefir hv. 3. landsk. tekið í sama streng að því er þetta snertir, og tel ég því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Hæstv. fjmrh. lét þau orð falla, að starfs- og embættismenn ríkisins hefðu orðið fyrir launalækkun. En ég held, að það megi finna orð eftir hæstv. ráðh. sjálfan, sem sanna, að allur fjöldi landsmanna hafi orðið fyrir launalækkun, sem nemur margfalt meiru. En það er einmitt samanburður á launum þeirra manna, sem ég vil gera.

Að því er snertir fyrirspurn hv. 2. landsk., hvernig beri að skilja brtt. okkar, þá held ég, að sé engin ástæða til að véfengja, hvernig beri að skilja hana. Ég held, að það sé sæmilega ljóst, að við erum ekki að gera neinar breyt. á grunnlaunum nokkurs starfs- eða embættismanns. Það getur hann bezt séð sjálfur með því að athuga, hvaða lög er verið að ræða um.

Hv. þm. Snæf. spurði um það, hvort n. hefði gert sér ljóst, hvað sparaðist við þessa brtt. okkar meiri hl. Ég skal viðurkenna það, að ég er ekki reiðubúinn að svara þessu með fullri vissu, því að það er afarmikið verk, næstum óvinnandi að fá það út nákvæmlega. Ég held samt sem áður, að það muni spara það mikla upphæð, að hún gæti komið að góðum notum til þess að lagfæra á öðrum sviðum fyrir þeim, sem lægra eru settir í þjóðfélaginu heldur en þeir menn, sem nú mundu missa lítinn hluta af launum sínum.

Ég tel ekki rétt að nefna neinar tölur, því það er ekki nægilega ábyggilegt til þess að hægt sé að byggja á því. Það má vel vera, að meiri hl. n. hefði átt að gera það, en ég hygg, að erfitt væri að fá þær tölur ábyggilegar.

Ég vil svo beina því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki taka málið út af dagskrá að þessu sinni, af þeim einföldu ástæðum, að þó ég vilji gjarnan koma fram brtt. okkar, þá vil ég á engan hátt vinna málinu meiri skaða en þörf er á.

Ég lýsti því yfir í minni fyrri ræðu, að mér er það fyllsta alvara, ef brtt. okkar verður felld, að greiða atkv. á móti frv. Ég held því, að bezt verði að þessu sinni, að málið verði ekki borið undir atkv., því ég tel, að þeir, sem vilja halda dýrtíðaruppbótinni óbreyttri, verði að viðurkenna, að nokkur réttarbót sé í till. okkar, sem erum í meiri hl., frá því að lögin yrðu alveg numin úr gildi.

Ég skal svo að lokum geta þess, út af orðum hæstv. fjmrh., er hann sagði, að samskonar frv. hefðu verið samþ. á undanförnum þingum, að það er alveg rétt, þau hafa alltaf gengið í gegn. En ég veit, að ég þarf ekki að minna hæstv. fjmrh. á það, að a. m. k. frá mér hafa komið alvarlegar till. um, að lögin yrðu framlengd í einhverri annari mynd, og ég hefi áður gert till. til breyt. um það. En ég skal játa það, að ég tel viðurhlutamikið að fella lögin úr gildi, vegna þeirra manna, sem við viljum taka tillit til með brtt. okkar. En nú er dýrtíðaruppbótin orðin svo lág, að þar er mikið minna um að ræða en áður, og sé ég því ekki fært að láta reka á reiðanum lengur með framlengingu þessa frv., eins og áður hefir verið gert.

Jón Baldvinsson: Ég held mér við þetta frv. eins og það liggur fyrir, og eins og ég hefi tekið fram við þessa umr., er það af margvíslegum almennum ástæðum, sem ég er á móti þessari till.

Ég skil ekkert í bændunum. Það er alltaf einhver meinloka í þeim, þegar um kaupgjald er að ræða. Mér finnst, að íslenzkir bændur ættu nú að vera með því að hafa launin eins há og mögulegt er að gjalda, heldur en að vera að beita sér fyrir launalækkun, til þess að það sé ofurlítið meiri markaður fyrir þær vörur, sem nú er að lokast markaður fyrir annarsstaðar en innanlands, en það eru einmitt landbúnaðarafurðir. Með minnkandi kaupgjaldi verkafólks og lækkun launa embættismanna falla þessar vörur í verði, sem eðlilegt er, því að þegar lágt er goldið, kaupa menn það minnsta, sem þeir geta komizt af með, og með því mundi lokast að miklu leyti sá markaður, sem nú er innanlands fyrir þessar vörur. En ef fólkið hefði sæmilegt kaup, mundi það kaupa meira af framleiðsluvöru bænda en það að öðrum kosti gerir.

Það er orðinn svo mikill hluti af framleiðslu bænda, svo að segja af öllu Suð-

urlandi og mikið af Norðurlandi, sem selst á innlendum markaði, í kaupstöðum og kauptúnum hér við Faxaflóa og víðar á landinu. Mikill hluti af þessum vörum selst hér, og þegar bændur eru að tala um að lækka laun algengra verkamanna og opinberra starfsmanna, þá eru þeir með því að draga úr þeim möguleika, að þetta fólk geti keypt þær vörur, sem þeir þurfa fyrir hvern mun að selja innanlands og annars verður ónýtt í höndunum á þeim. Þegar þeir eru búnir að koma launum opinberra starfsmanna og kaupi verkafólks niður í það, sem einstaka þröngsýnir bændur halda fram, þá geri ég ráð fyrir, að þeir mundu fljótt sjá mun á sölu afurða sinna innanlands, og þá gæti verið, að þeir fyndu til þess, hversu innlendi markaðurinn er þeim mikils virði.

Það er rétt, því miður, að fjöldi verkamanna hefir ekki einu sinni þetta lága kaup, sem sumir opinberir starfsmenn hafa og lægst eru launaðir, jafnvel þó að brtt. hv. meiri hl. n. væru samþ. Það er líka rétt, að sjálfsagt einhverjum af verkamönnum finnist það ranglátt, að þessir menn hafi hærra kaup, og fjöldi verkamanna kynni að vera með því að lækka launin ennþá meira á starfsmönnum ríkissjóðs. En það þýðir það, að þessir starfsmenn, sem margir hverjir eru velviljaðir verkamönnum, bætast í þann hóp manna, sem alltaf heimtar áframhaldandi lækkun á kaupi verkamanna.

Það er ekki rétt, að Alþýðufl. hafi stuðlað að því, að laun lágtlaunaðra embættismanna ríkisins féllu niður úr því, sem nú er.

Hv. 5. landsk. var með hótanir til mín um það, ef ég greiddi atkv. á móti brtt. meiri hl. n., þá væri hætta á, að þeir felldu frv., sem fer fram á framlengingu dýrtíðaruppbótarinnar. Ég tek þessar hótanir ekkert til greina. Þær breyta ekki skoðun minni á málinu.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að ég hefi oft bent á, að laun, þ. e. a. s. tekjur landsmanna, eru nú komin langt niður fyrir það, sem vanalegt er. En þegar ég sagði, að embættismenn, sem taka laun eftir launalögunum, yrðu verst staddir allra manna, þá átti ég vitanlega við þá menn, sem fá laun sín greidd í peningum. Það er ekki viðfelldið, að farið sé að lækka á þeim mönnum, sem þegar hafa fengið launalækkun samkv. þessum lögum, því að þessi lög, sem hér er um að ræða að framlengja, hafa reynzt launalækkunarlög ár frá ári. Og launalækkunin fer eftir verðlaginu í landinu, svo að þeir hafa þegar fengið launalækkun, þessir menn. Ég vil líka minna á það, að í hópi þeirra manna, sem kosta ríkissjóð á milli 3 og upp í 5—6 þús. kr., eru flestir virðulegustu og ábyrgðarmestu starfsmenn landsins, þeir menn, sem mest er undir komið fyrir þjóðfélagið, að vinni sín störf vel, og mest er undir því komið að fá sómasamlega menn í þau embætti. Ég tel það enga bót fyrir ríkið, að laun þessara manna væru lækkuð svo úr hófi, að þau yrðu eins og t. d. laun kokka á togurum, með allri virðingu fyrir því starfi. Menn, sem hafa undirbúið sig á mjög löngum tíma og með miklum kostnaði til þeirra starfa, sem þeir svo gætu fengið laun fyrir, sem svaraði þeim skyldum og lifnaðarháttum umfram suma aðra í öðrum stöðum. Þeirra aðstaða er svo margháttuð, þannig að aukakostnað leiðir af.

Ég álít, að almenningur eigi kröfu til þess, að ekki verði farið að lækka á þeim mönnum, sem settir eru í ábyrgðarmestu embættin í þjóðfélaginu. Ef þeir eru teknir út úr án þess að um leið sé hugsað til þeirra starfsmanna, sem taka laun utan launalaganna, þá verður það hróplegt misræmi milli þessara tveggja flokka.

Yfirleitt eru í þeim launaflokknum, sem taka laun utan launalaganna, menn, sem eru miklu sambærilegri við ýms störf, sem hvergi í heiminum eru eins hátt launuð, eins og t. d. prófessora, dómara og sýslumenn eða hvað annað, sem ég gæti til nefnt. Það má því ekki minna vera en fyrst sé gáð að því, hvað þurfi að lækka á þeim hóp manna, sem eru utan launalaganna, til þess að koma þeim í samræmi við þessa launalagamenn, sem verða verst úti allra manna.

Hv. frsm. meiri hl. óskaði þess, að málið væri tekið út af dagskrá, og get ég vel fallizt á það. Ég skildi hann svo, að

hann fyrir sitt leyti vildi fallast á, að þessi samanburður væri gerður.

Það mun um það bil vera lokið skýrslugerð um laun starfsmanna utan launalaganna, og verður sú skýrsla lögð fyrir fjhn., enda má skýrt af henni sjá þennan samanburð.

Afgreiðslu þingsins má ekki vera þannig á neinn hátt, að eingöngu verði klipið af þessum föstu og virðulegustu starfsmönnum ríkisins, en allt annað látið halda sér. Það er ástæða til að gera þennan samanburð, sem ég gerði áðan, á starfsmönnum atvinnuveganna og verzlunarfyrirtækja. Það má vel vera, að þau laun megi lækka meira en orðið er, en þau hafa hvergi nærri lækkað á móts við þá lækkun, sem þegar er orðin á þeim starfsmönnum, sem hér um ræðir, og þegar atvinnufyrirtækin hafa orðið fyrir slíkum skakkaföllum, sem kunnugt er, þá er ástæða til að lækka á þeim starfsmönnum, sem þau hafa í sinni þjónustu. Ef um þetta er að ræða, að fyrst og fremst sé athugað um laun þeirra manna, sem eru utan launalaganna, þá get ég vel fellt mig við, að málið verði tekið út af dagskrá, þó ég annars hefði ekki hikað við að láta það ganga til atkv., hvernig sem færi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. og 40. fundi í Ed., 30. marz og 1. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

3. Réttindi og skyldur embættismanna.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um réttindi og skyldur embættismanna (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er í rauninni harla einkennilegt, hversu fá og ónákvæm lagaákvæði eru hér á landi um embættismenn, og fæ ég ekki betur séð en að það sé til hins verra, bæði fyrir hið opinbera og embættismennina sjálfa. Um vinnuhjú er til allýtarlegur lagabálkur, og venjulegt er, þegar menn eru ráðnir til starfs, að þá er gerður samningur, en um embættismenn hefir það yfirleitt verið látið nægja, að þeir lofa að gegna starfi sínu með árvekni og trúmennsku. En þetta er alls ekki nóg. Í samskiptum embættismanna við hið opinbera kemur svo margt fyrir, sem nauðsyn er á, að lagafyrirmæli séu um. Ef svo er ekki, er engin trygging fyrir samskonar meðferð í samskonar tilfellum.

Úr þessu er tilætlunin að reyna að bæta með þessu frv. Að sjálfsögðu er álitamál, hvað á að taka í frv. eins og þetta, en ég hygg, að í þetta frv. sé ekkert tekið, sem þar á ekki heima. Hitt gæti ég frekar tekið undir, að færra sé upp í það tekið en vera ætti, þótt ég hafi ekki orðið þess var, er ég vegna tilbúnings þessa frv. fór gegnum hliðstæða löggjöf annara þjóða, sem ég hafði aðgang að.

Athugasemdirnar við frv. eru talsvert ýtarlegar, og þykir mér eftir atvikum nóg að vísa til þeirra, en skal aðeins bæta því við, að ég hefi því miður rekizt á tvær prentvillur við yfirlestur frv., en ég hugga mig við það, að n. sú, sem málið fær til meðferðar, leiðrétti þær.

Að lokinni umr. óska ég, að máli þessu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Prestlaunasjóður.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um, að prestlaunasjóður skuli felldur niður og um innheimtu prestsgjalda (stjfrv., A. 11).

Á 5. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég skal leyfa mér að skírskota til aths. yfirskoðunarmanna LR árið 1931 í sambandi við þetta mál, og sömuleiðis til þeirra aths., sem fylgja þessu frv. í grg. Að svo mæltu óska ég, að mál þetta verði að lokinni umr. látið ganga til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Landhelgisgæzla.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um gæzlu landhelginnar o. fl. (stjfrv., A. 20).

Á 7. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Landhelgissjóður er sem kunnugt er stofnaður með lögum frá 1913. Tilgangur hans var að safna saman sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar til skipakaupa til landhelgisvarna og rekstrar þeirra skipa. Þessum tilgangi sínum hefir sjóðurinn náð, og hefir hann orðið til stórmikils gagns. Vér eigum nú 3 varðskip, sem kunnugt er, og öll eru þau keypt fyrir það fé, sem safnazt hafði í sjóðinn. En með þessu og rekstri skipanna hefir verið gengið svo nærri sjóðnum, að hann á nú ekki reiðufé. Tektir fara stórminnkandi vegna þess, að togarar eru hvergi óhultir í landhelgi vegna fjölgunar varðskipanna.

Eftir því, sem nú er komið, eru alls engar líkur á því, að fyrst um sinn verði farið að safna aftur í sjóð til skipakaupa. Þess vegna er engin ástæða til eins og stendur að halda áfram sérstakri reikningsfærslu fyrir landhelgissjóð. Ríkissjóður verður að borga landhelgigæzluna, og sektir, sem inn koma, teljast meðal tekna ríkissjóðs. Þetta gerir reikningsfærsluna léttari, og er í rauninni sama um þetta að segja og um prestlaunasjóðinn, sem stjórnin einnig leggur til, að sé afnuminn, því að hann er ekkert nema óþarfur reikningslegur milliliður.

Frv. legg ég til, að verði vísað til hv. fjhn.

Jón Baldvinsson: Ég tók svo eftir, að hæstv. ráðh. segði í ræðu sinni, að landhelgissjóður ætti sem stendur ekkert reiðufé. En í aths. við þetta frv. stendur, að „peningaeign hans sé nú lítil orðin". Það getur nú verið, að hér sé ekki mikill munur á, en út af þessu vil ég þá spyrja hæstv. ráðh., hvort heldur eigi að taka til greina það, sem hann sagði í ræðu sinni um reiðufé landhelgissjóðs, eða það, sem stendur í aths. við frv. Ég vil spyrja, hvort landhelgissjóður hafi nokkra peninga.

Það hefir áður verið frá því skýrt á Alþingi, að ríkissjóður hafi fengið að láni fé hjá landhelgissjóði á undanförnum árum. Mér þætti því gott að fá að vita, hvort eign landhelgissjóðs stendur inni hjá ríkissjóði, eða hvort þessi lán hafa verið endurgreidd.

Það má að vísu segja, að ekki skipti miklu máli að viðhalda landhelgissjóði sérstökum, eftir því sem fram hefir komið á síðustu tímum, og að það sé réttast, að sektir fyrir landhelgisbrot renni beint í ríkissjóð.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er ekki búið að gera upp reikninga landhelgissjóðs fyrir árið 1932, svo að ég get ekki svarað því alveg nákvæmlega á þessari stundu, hvernig hagur hans er, enda er ekki innkomið í sjóðinn allt sektarfé, sem til hefir fallið á árinu. En þó að eitthvað kunni að vera til í sjóðnum, þá er það svo lítið, að ekki skiptir miklu máli. En að því er snertir þá fyrirspurn hv. 2. landsk., hvort ríkissjóður hafi tekið að láni fé hjá landhelgissjóði, þá hefir því alls ekki verið til að dreifa á síðastl. ári, af því að fé var ekki til í sjóðnum svo að neinu næmi. Eins og kunnugt er, þá hefir ríkissjóður stundum tekið lán hjá landhelgissjóði á undanförnum árum, og getur hv. 2. landsk. kynnt sér það t. d. í LR árið 1930. Mig

minnir, að í árslok 1930 væri skuld ríkissjóðs við landhelgissjóð talin 300 þús. kr. En um árin 1931 og 1932 má ég fullyrða, þó að reikningum sé ekki lokið fyrir síðastl. ár, að þessi ár hefir verið greitt svo mikið úr ríkissjóði til landhelgisgæzlunnar, að það getur ekkert teljandi verið eftir í sjóðnum, þó að ríkissjóður hafi greitt honum að fullu skuld þá, sem talin var í árslok 1930.

Jón Baldvinsson: Ég tek trúanlegt það, sem hæstv. ráðh. segir, að það sé ekki hægt að svara því nákvæmlega, hvernig hagur landhelgissjóðs er, af því að reikningar hans fyrir síðastl. ár séu ekki að fullu uppgerðir. En þegar hæstv. ráðh. er að vísa í margra ára gamlan LR. til upplýsinga um fjárreiður landhelgissjóðs, þá tel ég það sama og að svara út í hött. (**Dómsmrh.:** Sá LR. er ekki nema tveggja ára). LR fyrir árið 1931, sem ef til vill kemur næstu daga, er ekki orðinn kunnur þingmönnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Vegarstæði og götulóðir í kaupstöðum o. fl.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um vegarstæði og götulóðir í kaupstöðum og kauptúnum o. fl. (stjfrv., A. 22).

Á 5. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Það er þegar viðurkennt í lögum, að eigendur lands, sem tekið er undir vegi eða aðrar opinberar framkvæmdir, eigi bætur skilið fyrir það land, sem tekið er. Þegar um land undir opinbera vegi er að ræða, greiðast bæturnar vegna þjóðvega úr sýslusjóðum, en ella úr sjóðum bæjar eða sveitar.

Það hefir komið í ljós, að þetta er ekki að öllu leyti sanngjarnt fyrirkomulag. Oft hefir farið svo, sérstaklega í bæjum og kauptúnum, að réttlátara hefði verið, að bæturnar fyrir landið væru greiddar af einstaklingum þeim, sem mestan bera hagnað úr býtum vegna þessara opinberu framkvæmda, heldur en úr sjóðum almennings. Ég skal taka sem dæmi veg, sem lagður er á lóðamörkum, en þó aðeins öðrumegin við lóðamörkin. Land það, sem þannig liggur að hinum nýja vegi og ekkert hefir verið tekið af undir veginn, hækkar venjulega og oft mikið í verði fyrir það, að vegurinn var lagður. Sýnist ekki ósanngjarnt, að eigandi þess lands greiði hluta af skaðabótum þeim, er hið opinbera verður af hendi að láta fyrir það land, sem tekið var undir veginn.

Annað dæmi get ég nefnt um hafnarmannvirki eða lendingarbót eins og bryggju, sem lögð er fram af lítilli landspildu, þar sem beggja megin eru miklar lóðir, sem stórhækka, ef til vill tífaldast eða tvítugfaldast að verði vegna þessara opinberu aðgerða. Ég tel sanngjarnt, að þeir, sem þannig græða á slíkum opinberum mannvirkjum, taki, að því leyti sem þörf krefur, þátt í greiðslu þeirra skaðabóta, er láta verður fyrir land það, sem tekið er, en ekki, að slíkar byrðar séu lagðar á herðar almennings, sem engan þvílíkan hagnað hefir af mannvirkjunum.

Markmið þessa frv. er að koma í veg fyrir það, að bæjarsjóðir og sveitarsjóðir séu látnir greiða að öllu skaðabætur fyrir tekið land í slíkum tilfellum og þessum, þegar hækkun landsins umhverfis mannvirkin nemur meiru en skaðabæturnar, svo sem oft er.

Oft er það, að hagnaður einstaklinga þeirra, sem þessarar verðhækkunar njóta, kemur ekki þegar í ljós, og stundum ekki fyrr en eftir nokkur ár. Því getur það stundum verið ósanngjarnt að gera hlutaðeigendum að greiða sinn hluta skaðabótanna strax, heldur síðar, jafnóðum og það kemur í ljós, hver verðhækkunin verður. Í frv. er og gert ráð fyrir því, að skaðabætur fyrir land, sem tekið er eignarnámi, séu greiddar eiganda landsins strax, þó að verðhækkun á landinu um-

hverfis komi ekki fram fyrr en síðar. Vitanlega verða þá bæjar- eða sveitarsjóðir að greiða skaðabæturnar í fyrstu, en fá þær svo endurgreiddar síðar. Þegar um háar upphæðir er að ræða, sem eiga að endurgreiðast bæjar- eða sveitarsjóðum, er vitanlega sjálfsagt, að bæjar- og sveitarfélögin veiti gjaldfrest, því það getur verið hagkvæmt fyrir þau sjálf að sýna sanngirni í þessum efnum, hver sem í hlut á. Í frv. eru svo nánari reglur um mat á landi, sem bætur eiga að greiðast fyrir, og annað, er þar að lýtur, en sem ég hirði eigi að fara nánar út í að þessu sinni.

Ég skal taka það fram, að ég ætlast til, að frv. nái ekki aðeins til kaupstaðanna og þeirra kauptúna, sem hafa staðfest skipulag, heldur einnig til þeirra kauptúna, sem skipulagslögin ná ekki til.

Hitt væri nauðsynlegt, að fá síðar sérstök lög sett um sérstaka gjaldstofna fyrir kaupstaðina og þau kauptún, sem skipulagslögin ná til, svo að unnt verði að stofna sérstaka skipulagssjóði til að bera þann mikla kostnað, sem víða mun leiða af framkvæmd laganna um skipulag bæja.

Jón Þorláksson: Það er náttúrlega ýmislegt rétt í þeirri aðalskoðun hæstv. ráðh., sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., sem sé þeirri, að greiða fyrir því, að kostnaður við opinberar framkvæmdir, svo sem götugerð, jafnist á þá, sem sérstaklega verða hagnaðar aðnjótandi vegna framkvæmdanna. Ég hefi því ekki svo mikið að athuga við aðaltilgang frv., heldur tók ég til máls í tilefni af frágangi frv., sem ég tel, að hafi mistekizt meira en venja er til um stjfrv. Hæstv. ráðh. má þó ekki skilja ummæli mín svo, að þau eigi að vera árás á hann, því að mér er kunnugt, að annar maður en hann hefir samið frv. og á sök á þeim tilfinnanlegu smíðagöllum, sem ég tel á því vera. Það á kannske ekki við við þessa umr. að fara að ræða einstök atriði frv.; þó get ég ekki, eftir þau ummæli, er ég hefi nú látið falla, annað en bent á nokkra stóra galla, er ég tel vera á frv., og tek af handahófi þrjú atriði úr 1. gr. frv.

Í 1. málsgr. 1. gr. frv. er talað um skyldu lóðareigenda til þess að láta af hendi land undir götur og vegi eða til breikkunar eða endurbóta á götum og vegum, sem liggja um lönd þeirra. En ef greinin er skilin eftir orðanna hljóðan, þá virðist ekki skylda til að láta af hendi land til breikkunar götu hvíla á þeim lóðareiganda, sem lóð á aðeins að götu eða vegi, sem áður hefir verið lagður um annara manna lóðir. Þá er sagt í 2. málsgr. sömu gr., að lóðaeigendur séu skyldir að láta af hendi lóðir eða lönd undir hver þau mannvirki, er ríki, bær eða hreppur lætur gera á sinn kostnað í kaupstaðnum eða í kauptúninu. Þetta er miklu víðtækari eignarnámsheimild sveitarfélögum og bæjarfélögum til handa heldur en hingað til hefir þótt fært að veita þeim. Það getur nú verið svo margt, sem sveitar- og bæjarfélögum getur dottið í hug að gera. Í nágrenni við okkur er t. d. kaupstaður, sem rekur togaraútgerð. Setjum svo, að það þurfi að byggja fiskiskúr fyrir útgerðina. Eftir frv. á að vera hægt að byggja hann hvar sem bæjarstj. sýnist, skilst mér, fara með hann inn á miðja stóra lóð án nokkurs tillits til þess, hvort eigandinn liður við það stórtjón eða ekki. Hér í Rvík er t. d. verið að gera fiskreit á bæjarins kostnað. Er þá í þessu frv. nægileg heimild til þess að taka undir slíkan reit lóðir hvar sem er í bænum? Ég held áreiðanlega, að þetta fari út fyrir þau takmörk, sem ráðh. hefir hugsað sér.

Þá er í 3. málsgr. 1. gr. frv. aðvörun til manna um það, að vera ekki of lengi að heiman, þar sem ræðir um bætur þær, sem einstaklingar eiga að fá fyrir jarðrask, landnám eða átroðning vegna þeirra opinberra framkvæmda, sem um ræðir í 1. og 2. málsgr. Rétturinn til slíkra bóta á að vera bundinn því skilyrði, að þeirra sér krafizt innan viku frá því, er bæjarstj. eða hreppsnefnd hefir tilkynnt landeiganda, að lóð muni verða tekin af landi hans undir mannvirkið, annars koma þær ekki til greina. Þetta ákvæði stingur mjög í stúf við aðrar þær reglur, er löggjöfin hefir sett til verndar eignarrétti manna á fasteignum.

Ég vil stuttlega minnast á ákvæði í 5. gr. frv., sem mér virðist, að sé varhugavert eins og það er, en sem ég þó veit ekki, hvort vera muni missmíði eða það er orðað þannig af ásettu ráði. Þar er gert

ráð fyrir því, að skaðabætur, sem bæjarsjóður hefir greitt lóðareigendum fyrir jarðrask eða átroðning vegna vegagerða, séu afturkræfar til bæjarsjóðs á næstu 10 árum, ef það kemur í ljós, að lóð hefir hækkað í verði vegna vegagerðarinnar. Nú hafa á þessum 10 árum orðið eigendaskipti á eigninni, og á þá sá, er keypt hefir eignina, kröfu á þann, sem seldi honum. Nú getur hæglega verið, að á þessu árabili hafi verið oftar en einu sinni eigendaskipti á sömu fasteign. Líklega á að skilja þetta svo, þó að ekki sé það ljóst, að krafan gangi mann frá manni, þar til hún hefir náð til þess, er fyrstur seldi eignina eftir að mannvirkið var gert. En hvernig á að fara að, ef sá hinn sami hefir kannske selt eignina áður en nokkur verðhækkun varð á henni, — á sá eigandinn þá að bera alla byrðina? Eða ef einhver af þeim, sem hefir átt eignina, er gjaldþrota maður, á keðjan þá að slitna um hann og byrðin að koma á þann, sem næstur er á eftir honum? Ég hygg, að það sé ekki nægilega tryggt með þessu frv., að það verði jafnan athugað af þeim, sem kaupir eign, er slík kvöð hvílir á, hver hún er og hvaða áhrif hún getur haft fyrir hann. Ég álít, að ef Alþingi setur lög um slíka endurgreiðslu, sem getur átt sér stað eftir 10 ár, þá verði ekki hjá því komizt að þinglesa kvöðina á viðkomandi eignum, svo að fullt tillit sé hægt að taka til hennar, er kaup á eignum fara fram. En að láta pústurinn ganga mann frá manni eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., tel ég algerlega vanhugsað.

Ég ætla að láta að þessu sinni nægja að benda á þessi einstöku atriði, þó ýmislegt fleira megi að frv. finna. Ég get þó nefnt það, að í þessu frv. eru nokkur ákvæði, sem þegar eru til í lögum, svo sem í lögunum um skipulag bæja og sjávarþorpa og í vegalögunum.

Ég vona svo, að þetta frv., sem ég viðurkenni, að nokkur þörf er fyrir, geti lagazt í höndum þeirrar n., sem fær það til meðferðar.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég get verið hv. 1. landsk. þakklátur fyrir það, að hann viðurkenndi þetta frv. í mörgum greinum og virtist hlynntur aðalhugsun frv. Hinsvegar er það rétt, að annar maður en ég hefir samið frv. En frv. samdi þó maður, sem um langt skeið hefir unnið að undirbúningi stjórnarfrumvarpa. Á því geta þó verið nokkur smíðalýti, sem ég óska að tala um við hv. 1. landsk., og að því viðtali loknu mun okkur báðum verða ljósara, hvað á milli ber. Það mun vera rétt, eins og hv. þm. benti á, í þeim tilfellum, sem 5. gr. gerir ráð fyrir, að þinglýsa kvöð, sem þannig hvílir á eign, þó raunar hver maður, sem slíka eign kaupir, ætti að geta sagt sér það sjálfur, að slík kvöð getur á hann fallið. En annars sé ég ekki ástæðu til þess að fara nánar inn á einstök atriði frv. að þessu sinni. Get þó aðeins bent á það viðvíkjandi þeim tveimur dæmum, sem hv. 1. landsk. tók um fiskskúrinn og fiskreitinn, og hann virtist álíta, að frv. heimilaði að byggja hvar í bænum og á hvaða lóðum sem væri, að þar koma ýms önnur atriði til greina, svo sem fyrst og fremst skipulagslögin sjálf. Annars vil ég taka það fram, að ég er til viðtals um þetta mál við þá n. og hv. þm., sem vilja laga þá smíðagalla, sem kunna að vera á frv.

Halldór Steinsson: Mér heyrðist hæstv. ráðh. leggja til, að þetta mál yrði látið fara til samgmn., en mér virðist það eiga frekar heima í allshn. og legg til, að því verði þangað vísað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til samgmn. felld með 6:3 atkv.

Frv. vísað til allshn. með 7:1 atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 127, 136).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Lögreglustjóri í Bolungavík.

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um lögreglustjóra í Bolungavík (þmfrv., A. 54).

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég hefði helzt þurft að hafa framsögu við þetta mál, en fundartíminn er nú eiginlega liðinn. **(Forseti:** Ég get tekið málið út af dagskrá). Nei, ég mun bara eiga tal við n. um málið og skýra fyrir henni þær ástæður, sem fyrir hendi eru, svo ég þurfi ekki að tefja d. með lengri ræðu. Ég óska, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 802).

Sveinbjörn Högnason: Allshn. hefir ekki orðið sammála um þetta frv., og hefir minni hl. skilað áliti og lagt til, að frv. verði samþ. Meiri hl. hefir ekki getað orðið sammála minni hl. um þá afgreiðslu. Við lítum svo á, að með því að fjölga lögreglustjórum í kauptúnum sé lagt inn á hættulega braut. Við höfum ekki skilað áliti, en rök okkar gegn frv. eru fyrst og fremst þau, að nú eru uppi háværar raddir meðal þjóðarinnar um að fækka embættismönnum. Það hefir verið settur sérstakur lögreglustjóri á Akranesi, og hér liggja fyrir frv. um stofnun samskonar embætta í Bolungavík og Keflavík. Og það liggur í augum uppi, að verði lagt inn á þessa braut, getur orðið stöðugt framhald á því, að kauptún og jafnvel fjölmenn sveitarfélög krefjist þess að fá sérstakan lögreglustjóra. Í öðru frv., sem nú liggur fyrir þinginu, frv. um skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta, er þessi lögreglustjóri á Akranesi færður í það með 500 kr. tillag sem skrifstofukostnað. Það gæti orðið ríkinu ærið dýrt, ef það ætti að borga laun og skrifstofukostnað margra slíkra lögreglustjóra, og leggur því meiri hl. allshn. til, að frv. verði fellt.

Umr. frestað um stund.

Síðar á sama fundi var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vildi ekki láta ómótmælt því, sem hv. frsm. meiri hl. (SvbH) sagði — sem reyndar er nú ekki neinn meiri hl., þar sem það eru aðeins tveir á móti —, um þetta frv., að það mundu koma svo margir á eftir með slíka beiðni. Það er ekki hugsanlegt, að það geti komið fram beiðni nema frá þessu héraði og Keflavík. Það er búið að setja lögreglustjóra á Akranesi og bæjarfógeta á Norðfirði. Hinsvegar eru sýslumenn (lögreglustjórar) í öllum stærri kauptúnum og þorpum, t. d. á Húsavík, Sauðárkróki, Blönduósi, Stykkishólmi, Patreksfirði, Borgarnesi og Eyrarbakka. Það er ekki hugsanlegt, að sveitirnar kæmu á eftir, því hvaða sveit á þessu landi mundi óska að fé sérstakan lögreglustjóra og þurfa að borga honum 3—4 þús. kr. til þess að annast innheimtu sveitargjalda?

Þarna stendur svo sérstaklega á, eins og ég hefi áður getið um, að það hefir reynzt ótækt að innheimta. Oddvitar hafa gengið frá því hver á eftir öðrum. Og mér er spurn: Hvað ætlar ríkisstj. að gera til þess að innheimta ríkistekjurnar? Um síðustu áramót var óinnheimtur ⅓ hluti af ríkistekjum og um helmingur af tekjum hreppsins, af því að fólkið er ekki stöðugt í þessu plássi. Það leitar sér atvinnu til og frá í landinu, og er því erfitt að ná í gjöld hjá því.

Það væri meira en lítil óbilgirni við hérað, sem hefir borgað á hverju ári undanfarið um 100 þús. kr. beint í ríkissjóð, að neita því um þetta. Ég veit, að þetta mál nær fram að ganga, þó að það verði ekki að þessu sinni, því hvað ætlar ríkisvaldið að gera, þegar borgararnir treysta sér ekki til þess að annast þetta starf? Það væri ekki kostnaðarminna fyrir ríkissjóð að setja sérstakan innheimtumann á þessum stað. Það væri til meiri óþæginda fyrir hreppsbúa og áreiðanlega kostnaðarmeira fyrir ríkissjóð. En þegar saman fara hagsmunir ríkissjóðs og héraðsins, þá vil ég segja, að það sé nokkuð mikil óbilgirni að neita um þetta, þegar búið er að setja bæjarfógeta á Norðfirði með 5 þús. kr. launum, kostaðan að öllu af ríkissjóði, í þorpi, sem hefir rétt að segja sama mannfjölda og Bolungavík.

Sveinbjörn Högnason: Hv. þm. N.-Ísf. vildi halda því fram, að ekki væri um neinn meiri hl. að ræða, þar sem einn

nm. hefði ekki tekið neina afstöðu. Ég get lýst því yfir, að hann vildi ekki ganga inn á málstað minni hl., og hann telst þar af leiðandi með okkur, sem erum á móti frv.

Hv. þm. talaði um það, að engin sveit mundi vilja greiða 3—4 þús. kr. til þess að fá lögreglustjóra. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð annað en að það mundu flestar sveitir, hvað fámennar sem þær eru, vilja það. Um það, hvað ríkisstj. ætli að gera, ef borgararnir hætta að vilja inna þetta starf af hendi, þá kemur mér sú spurning einkennilega fyrir sjónir. Ég veit ekki betur en að bæjarfógetinn á Ísafirði hafi sérstakt fé úr ríkissjóði til þess að hafa umboðsmann til að innheimta tekjur ríkisins. Í frv. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta eru sýslumanninum á Ísafirði ætlaðar 13 þús. kr. til skrifstofuhalds, og ég er sannfærður um, að þessi háa upphæð er að miklu leyti miðuð við það, að hann þarf að hafa sérstakan umboðsmann.

Mér virðist það harla einkennilegt að styrkja sérstaklega fjölmennustu héruðin með sína sveitarstjórn. Og ég tel það afarvarhugaverða braut, ef á að stofna hvert lögreglustjóraembættið á fætur öðru á þessum tímum, þegar vitað er, að það er vilji þjóðarinnar, að dregið sé úr embættum. Ég veit heldur ekki betur en að þessi hv. þm. hafi tekið undir þann söng.

Það er fyrirsjáanlegt, að þetta hefir ekki aðeins í för með sér útgjöld til þess að stofna þetta embætti, heldur kemur svo líka röðin áfram. Eins og sést á frv. um skrifstofufé bæjarfógeta og sýslumanna, þá er til þessa eina lögreglustjóra, sem þegar hefir verið samþ. af þinginu, ætlaðar 500 kr. til skrifstofuhalds. Þetta getur því verið útgjaldasamt fyrir ríkissjóð, og ég vil mjög alvarlega vara við því nú á þessum tímum að fara inn á þá braut.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. er nú annars sinnis en þegar hann vildi, að prestar fengju skrifstofufé. Ég held, að hann hafi greitt því atkv. og tekið við því með ánægju.

Hvað bæjarfógetanum á Ísafirði viðkemur, þá er það vist, að hann borgar meira til síns skrifstofuhalds en 13 þús. kr. Fyrir því liggja reikningar frá ári til árs, fyrir utan það, að hann hefir umboðsmenn í 4 þorpum. Hitt er hin mesta firra, þegar hv. þm. heldur því fram, að það sé verið að styrkja fjölmennustu héruðin til þess að innheimta tekjur ríkisins. Hverjum dettur í hug að hafa hér í Rvík einn mann til þess að innheimta ríkistekjurnar? Hér eru 3 embættismenn með stórum skrifstofum til þess að innheimta tekjur ríkisins. Það er talið alveg sjálfsagt, og er það líka.

Það er annað og erfiðara að innheimta 100 þús. kr., eins og í Bolungavík, en 300—400 kr. eða 600—700 kr., eins og venjulegt er í landbúnaðarhreppi.

Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvað ætlar ríkisstj. að gera, þegar enginn borgaranna treystir sér til að inna þetta starf af hendi?

Sveinbjörn Högnason: Hv. þm. talaði um það, að prestar hefðu fengið skrifstofufé. Ég hygg, að það hafi verið fáir prestar, sem hafa fengið skrifstofufé; það var aðeins nokkur hundruð kr. ferðakostnaður. En ég vil minna hv. þm. á það, að þá var ekki verið að tala um prestafjölgun. Hér er um að ræða stórkostlega embættafjölgun, og ég mun standa á móti því í lengstu lög.

Hvað því viðvíkur, að bæjarfógetinn á Ísafirði greiði meira til skrifstofuhalds síns en 13 þús. kr., þá hygg ég, að það sé algerlega órannsakað, hvort skrifstofufé er ekki nægilegt.

Þá vildi ég benda hv. þm. á það, að þó hér í Rvík séu 3 menn til að sjá um þetta starf, þá er það sízt meira en þó á Ísafirði og Bolungavík sé einn.

Hvað því viðvíkur, að borgararnir hætti að vilja inna þessa skyldu af hendi, þá er skyldan ekki lögð á borgarana, heldur bæjarfógetana, og það virðist vera fullkomlega fyrir því séð af ríkisins hálfu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var fram haldið 2. umr. (atkvgr.) um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, MG, MJ, ÓTh, PHalld, VJ, ÁÁ, BÁ, GÍ, HStef, HG, HV.
nei: IngB, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, BKr, JörB.
BJ greiddi ekki atkv.
Sex þm. (JÓl, JónasÞ, PO, TrÞ, BSt, HJ) fjarstaddir.
2.—5. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:6 atkv.

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 54), en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Skemmtanaskattur (Orðuskattur).

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 20. júní 1923, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús [Orðuskattur] (þmfrv., A. 57).

Á 14. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til að hafa langan formála fyrir þessu litla máli, sem liggur einkar ljóst fyrir. Og því síður er ástæða til þess þar sem ég hefi mikla ástæðu til að halda, að enginn ágreiningur sé um það hér í d. Ýmsir málsmetandi þm. og af öllum flokkum hafa sem sé komið til mín og óspurðir tjáð mér þakkir fyrir að hafa flutt það og heitið því fylgi sínu.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, að í frv. eru stig orðunnar ekki rétt greind, en það er auðvelt að laga við síðari umr. Höfuðatriðið er þó rétt, að stigin eru þrjú og mishá. Ég gætti þess satt að segja ekki að bera mig saman við orðutilskipunina, en greindi heitin eftir brjóstviti mínu og eins og þau munu vera í alþýðumáli. Aðalatriðið fyrir mér er, að frv. gangi sem greiðast í gegnum þingið, og að því vil ég nú styðja með því að hafa þessi orð ekki fleiri, en legg aðeins til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og fjhn., þar sem það mun eiga heima, með því að hér er um fjárhagsmál að ræða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 14:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Varzla opinberra sjóða.

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um vörzlu opinberra sjóða (þmfrv., A. 65).

Á 15. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir frv. þessu; mönnum eru svo kunnar aðalástæðurnar fyrir flutningi þess. Eins og nú er háttað, eru engin heildarlög til um vörzlu opinberra sjóða. Okkur Alþfl.-mönnum hefir því þótt nauðsyn bera að bæta úr þessu, og teljum við eðlilegast, að allir sjóðir, sem stofnaðir eru með lögum eða hafa konunglega skipulagsskrá, séu undir yfirumsjón fjmrh. Hann ber ábyrgð á, að fénu sé sem tryggilegast varið og að sjóðreikningarnir séu endurskoðaðir. Svo er til ætlazt, að eignir sjóðanna skuli einungis ávaxta í innstæðum í peningastofnunum, tryggðum með ríkisábyrgð, eða í skuldabréfum og verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð.

Þá er ákvæði um, að segja megi upp lánum, sem lánuð hafa verið úr slíkum sjóðum, sem hér ræðir um, ef hægt er, og skuli þá ávaxta féð eins og til er tekið

í 2. gr. Ég skal geta þess hér, að fjmrh. hefir átt tal við mig um frv. þetta, og telur hann sig geta fallizt á það að mestu leyti. Þykir þó ákvæði 3. gr. nokkuð ströng.

Vænti ég svo, að mál þetta fái að ganga til allshn., að umr. þessari lokinni, og fái þar fljóta afgreiðslu.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil aðeins leyfa mér að benda á, að í skipulagsskrám sumra sjóða er ákvæði um, hvernig ávaxta skuli sjóðina. Í sveitum eru t. d. sjóðir, sem ákveðið er, að lána eigi út gegn 1. veðrétti í jörðum, en mér finnst, að ákvæði 2. gr. frv. komi í bága við þetta. Á þetta vildi ég mega benda þeirri hv. n., sem fær málið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Í 1. gr. frv. er svo kveðið á, að reglur þær, sem settar eru í frv. þessu um ávöxtun sjóðanna, gildi aðeins að svo miklu leyti, sem þær koma ekki í bága við hin sérstöku lög um sjóðina eða skipulagsskrár þeirra, því hinum sérstöku lögum um sjóðina er ekki hægt að breyta.

Magnús Jónsson: Í 1. gr. frv. þessa er talað um alla opinbera sjóði, sem stofnaðir séu með lögum eða hafi konunglegar skipulagsskrár. Út af þessu vil ég leyfa mér að bera fram þá fyrirspurn, hvort það sé gert ráð fyrir, að sjóðir opinberra stofnana, eins og t. d. háskólans, falli hér undir. Sjóðir háskólans eru algerlega undir stjórn háskólaráðsins og endurskoðaðir á hverju ári. Ég sé því alls ekki, hvaða ástæða gæti verið fyrir því að taka sjóðina undan háskólanum og afhenda þá í hendur einhverjum pólitískum ráðh., eða deild í stjórnarráðinu.

Þá má og nefna fleiri sjóði, t. d. sjóði, sem eru undir stjórn biskups, sjóði, sem hann ráðstafar og birtir reikninga fyrir.

Annars verð ég að segja það, að mér finnst engin ástæða til að setja sérstök lög um þetta. Aðalatriðið er, að sjóðunum sé vel stjórnað, þeir séu endurskoðaðir og reikningar þeirra birtir almenningi. Að einn ráðh. sé betur fær um að stjórna þeim en ýmsir aðrir mætir menn, er fjarstæða ein og ekkert annað.

Þá eru í 4. gr. ákvæði um það, að ríkisendurskoðunin skuli hafa á hendi nákvæma yfirendurskoðun allra sjóða. Ég veit nú hreint ekki, hvort hér er átt við hina umboðslegu endurskoðun, sem fer fram í stjórnarráðinu, eða endurskoðun þá, sem framkvæmd er af trúnaðarmönnum Alþingis. Til þess að það komi skýrt fram, við hvora endurskoðunina er átt, þarf að breyta orðalagi greinarinnar. Sé t. d. átt við endurskoðun trúnaðarmanna Alþingis, fæ ég ekki séð, hvernig trúnaðarmennirnir eiga að geta endurskoðað þann fjölda sjóða, sem hér er um að ræða, nema þá því aðeins, að þeim verði ætlaður miklu lengri tími til endurskoðunarinnar en verið hefir til þessa.

Þá þarf ég tæplega að taka það fram, að mér finnst ákvæði 3. gr. um, að rifta megi þeim samningum, er gerðir hafa verið, alveg óhæfilegt. Annars er það svo, að sé tilgangur frv. þessa áhugi fyrir sjóðunum frekar en áframhald af eldhúsdegi þeim, sem byrjaður hefir verið hér í deildinni út af Reykjahlíðarkaupunum, þá virðist mér í sjálfu sér ekkert við það að athuga, þó að það komi fram. En það verð ég að telja með öllu ógerlegt að breyta samningum, sem gerðir hafa verið. Og það verð ég að segja, að ég er ekki viss um, að í nýrri lagasetningu um þetta efni felist mikil trygging umfram það, sem nú er. Aðalatriðið er, að þeir, sem með sjóðina fara, ræki vel og samvizkusamlega starf sitt.

Að síðustu vil ég taka það fram, að mér finnst eðlilegra, að frv. þetta fari til fjhn. heldur en til allshn., eins og stungið hefir verið upp á.

Jón Auðunn Jónsson: Það er oft beinlínis tekið fram í skipulagsskránum, hverjir eigi að stjórna sjóðunum. Í sveitum eru það oftast hreppsnefndirnar, prestur, hreppstjóri eða aðrir, sem eiga að stjórna þeim. Aftur er þá svo ákveðið, að reikningar þeirra skuli endurskoðaðir af sýslunefndunum. Þetta er miklu einfaldara fyrirkomulag og fyrirhafnarminna en t. d. að senda alla slíka reikninga hingað til ríkisendurskoðunarinnar. Enda verður líka að telja það fullkomlega tryggt. Um ávöxtun sjóðanna mætti setja sérstakt ákvæði, t. d. að ávaxta bæri þá eins og ómyndugra fé, og það verður að

telja fyllilega tryggt. Þá verð ég að telja það með öllu óhæfilegt að fara að rifta þeim samningum, sem áður hafa verið gerðir um útlán á fé hinna ýmsu sjóða, enda þótt ekki séu í skipulagsskrám þeirra bein fyrirmæli um það, hvernig féð skuli ávaxtað.

Eftir frv. þessu á ekki að vera heimilt að ávaxta fé tilheyrandi neinum opinberum sjóði í sparisjóðum héraðanna, heldur verður það allt að geymast í bönkum með ríkisábyrgð. Þetta mundi verða til þess að draga töluvert fé frá hinum fátæku sparisjóðum úti á landinu hingað til Rvíkur, en það verð ég að telja miður heppilegt.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það virðist sérstaklega vera tvennt, sem liggur til grundvallar fyrir því, að frv. þetta er borið fram. Í fyrsta lagi það, að fjmrh. sé falin yfirstjórn allra opinberra sjóða, enda þótt með skipulagsskrám þeirra sé allt annað ákveðið um meðferð þeirra. Hitt atriðið er það, hvernig fé slíkra sjóða skuli ávaxtað. Það liggur í augum uppi, að þessu tvennu er ekki hægt að ná, nema með því að brjóta í bága við vilja gefendanna, sem venjulega hafa með skipulagsskrám sjóðanna sett ákveðnar reglur um vörzlu þeirra og stjórn. Slíkar reglur eru oft frábrugðnar fyrir hvern sjóð. Það er tiltekið, hverjir skuli geyma sjóðinn, hvar hann skuli ávaxtast og oft til hvers féð skuli notað sem veltufé. Suma sjóðina á að ávaxta aðeins í peningastofnunum með ríkisábyrgð, ekki grænan eyri annarsstaðar. Í skipulagsskrám annara sjóða er svo fyrir mælt, að þá skuli geyma í skuldabréfum eða verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð. Og enn aðrir sjóðir eiga að geymast í fasteignum.

Mér finnst það fráleitt að setja það í lög, að alla opinbera sjóði eigi að ávaxta í peningastofnunum með ríkisábyrgð, því oft og tíðum mun hægt að geyma sjóðina betur á annan hátt. Ég tel ekki hægt að geyma þá á nokkurn hátt tryggilegar en að lána féð út á fasteignir, sé þess gætt, sem sjálfsagt er, að ekki sé lánað meira út á hverja fasteign en svo, að tryggilegt sé. Ég vil því mótmæla því ákvæði í þessu frv., að fé opinberra sjóða megi aðeins ávaxta í peningastofnunum með ríkisábyrgð. Ég get ekki skilið, að Alþingi sjái sér fært að lýsa yfir því með þessu ákvæði, að fasteignir séu ekki sú trygging, sem Alþingi geti tekið gilda. Auk þessa, eins og ég hefi þegar tekið fram, er þetta ákvæði alveg gagnstætt vilja margra gefenda, sem ætlazt hafa til og beinlínis mælt svo fyrir, að gjafaféð skuli lánað til vissra framkvæmda í því byggðarlagi, þar sem gefandinn átti heima. Þá vil ég taka undir það með hv. þm. N.-Ísf., að mér finnst óþolandi, að ekki megi ávaxta opinbera sjóði í sparisjóðum úti um land. Það má að vísu segja, að þeir séu yfirleitt ekki eins öruggir og bankar eða fasteignir, en þó er það vitanlegt, að rekstur sparisjóða flestra er það tryggur, að ekki virðist ástæða til að útiloka það með lögum, að þeir megi geyma opinbera sjóði í vissum tilfellum. Þetta vildi ég benda á til athugunar fyrir þá n., sem væntanlega fær frv. til meðferðar. Mér finnst eðlilegt, að frv. fari til hv. fjhn., og styð því till. hv. þm. N.-Ísf. um það.

Ég legg mikla áhrezlu á, að það verði skýrt tekið fram í þessum lögum, að ekki verði að nokkru leyti breytt út af þeim reglum, sem gefendur hafa sett og skráðar eru í skipulagsskrám einstakra sjóða, hversu sem þær kunna að fara í bága við fyrirmæli þessa frv. En tilhneigingu til þess að ganga á snið við slíkar reglur hefir áður skotið upp í okkar löggjöf. Slíkt er í fyrsta lagi mjög rangt, að breyta þannig gagnstætt kannske síðasta vilja gefandans; auk þess er það mjög hættulegt, því það gæti hæglega haft þær afleiðingar, að mönnum sýndist svo ótryggileg meðferð á gjafafé, að þeir þyrðu ekki að leggja fé í slíka sjóði. Það væri óheillaspor að setja löggjöf, er slíkar afleiðingar gæti haft. Því mörgu þörfu og góðu málefni hefir myndarlega verið af stað hrint með gjafafé.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Það fór eins og mig grunaði, að koma mundu úr sjálfstæðisherbúðunum mótmæli gegn þessu frv., enda var full ástæða til að búast við því, eins og sá flokkur hafði farið með opinbera sjóði. Það er ætlazt til þess í frv., að hér eftir verði ekki margir tugir lánstofnana, sjóðstjórnir, sem hefðu opinbera sjóði til geymslu, lánstofnanir, er

margir og eðlilega misjafnir menn stjórna eftirlitslaust, menn, sem kannske ekki bókstaflega misnotuðu þetta fé sér til handa, en vegna eftirlits- og skipulagsleysis máske lánuðu meiri hluta þess sínum kunningjum og vinum, náttúrlega oft gegn góðum tryggingum, en sömuleiðis einnig gegn vafasömum tryggingum eða engum. Nú viljum við með þessu frv. samræma meðferð allra opinberra gjafasjóða, með því að setja þá alla undir yfirstjórn fjmrh. og ábyrgð ríkissjóðs. Með frv. ætlum við aðallega að vinna tvennt: Annað að tryggja það, að sjóðirnir verði jafnan starfræktir í anda og samkv. ákvæðum skipulagsskránna, hitt að þeir verði geymdir á tryggum stöðum og ávaxtaðir með hagsmuni sjóðanna sjálfra fyrir augum.

Nú er það vitanlegt, að hið opinbera, sem á samkv. frv. að bera ábyrgð á sjóðunum, er oft í fjárþröng og þarf að leita á náðir lánsstofnana um starfsfé. Þegar svo stendur á, sýnist mjög eðlilegt, að ríkið geti þá fengið að láni fé þeirra sjóða, sem ekki eru af skipulagsskrám bundnir vissum fyrirmælum um vöxtun fjárins.

Mér er ekki kunnugt um, hversu margir þeir sjóðir eru, sem hér um ræðir. Stjórnarráðið mun geyma um 40 smærri og stærri gjafasjóði, en auk þess eru, eins og hæstv. dómsmrh. gat um, margir fleiri sjóðir, sem geymdir eru víðsvegar úti um allt land. Hv. þm. Borgf. þótti fyrir því, að ekki væri hægt að breyta sjóðunum í fasteignir eða lána fé þeirra út á fasteignir, en lán gegn fasteignaveðum er mjög auðvelt að veita gegnum veðdeild eða á annan hátt með ríkisábyrgð. Við ætlumst til þess, að skipulag komist á um vörzlu þessara sjóða, í staðinn fyrir það, að einn og annar getur nú ráðstafað þeim eftirlitslaust eftir eigin geðþótta, þá verði þessu svo hagað, að aðeins stofnanir, baktryggðar með ríkisábyrgð, selji sjóðunum verðbréf sín milliliðalaust. Að öðrum kosti er hætt við, að bréfin verði misnotuð. Eins og menn vita, er ekki alltaf hægt að fá veðdeildarbréf seld í Landsbankanum. Þeir, sem vilja við þau losna, verða því nú að selja þau einstökum mönnum, eða þeim, sem komast í sjóðina gegnum kunningsskap við forráðamenn sjóðanna. Á venjulegum markaði manna á meðal eru þessi bréf ekki seld nú nema fyrir 72—75% af nafnverði, en kaupgengi þeirra í Landsb. mun vera 87%. Sá, sem tekur lán í veðdeildarbréfum með venjulegu gengi, hefir óeðlilegan hagnað af þeim kaupum. Það verður því að útiloka með frv. á þann hátt, að ákveða markaðsverð á bréfunum, úrskurðað af fjmrh.

Andstaða hv. fulltrúa Sjálfstfl. gegn þessu frv. er óskiljanleg út frá öðru en afskiptum þeirra af meðferð opinberra sjóða, eins og ég gat um áðan. Það er óskiljanlegt, hvað hægt er í raun og veru að hafa á móti því, að fjmrh. sé falið að hafa eftirlit með sjóðunum. Það sýnist svo sjálfsagt, að eftirlit þurfi að vera með þessum sjóðum, engu síður en t. d. sparisjóðum, sem eru undir lögboðnu eftirliti. (BJ: Ætli það sé nú mikið meira en nafnið?). Nei, náttúrlega er það ekki meira en nafnið, eins og það starf er af hendi leyst, en Alþingi hefir þó skilið, að ekki var forsvaranlegt að láta sparisjóðina vera eftirlitslausa og gert löggjöf í því skyni, þó að framkvæmdarvaldið láti eftirlitsmanninum haldast uppi að vanrækja starfið.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði um, hvað átt væri við með ríkisendurskoðun í 4. gr. Þar er átt við hina umboðslegu endurskoðun. Það má vera, að þarna væri betra að lagfæra orðalag gr., en það er vitanlega hægt í hv. n.

Sami hv. þm. spurði að því, hvort frv. ætti að ná til sáttmálasjóðs og annara sjóða Háskóla Íslands. Já, vissulega á frv. að ná til þeirra sjóða. Þó þeir séu í vörzlum háskólans, er ekki hægt að sjá, að sjálfsagt sé af því, að þeir séu öruggari án eftirlits en aðrir opinberir sjóðir. Því sé ég enga ástæðu til þess að gera undantekningu með háskólann gagnvart því eftirliti, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. N.-Ísf. var að tala um ýmsa smásjóði, sem hreppsnefndir geymdu og færðu til reiknings, en sýslunefndir endurskoðuðu. Ég sé heldur enga ástæðu til að undanskilja þessa sjóði frá yfirendurskoðun og ákvæðum frv. öðrum.

Þá gátu þeir hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Borgf. þess, að eftir þessu frv. væri ekki hægt að ávaxta opinbera sjóði í spari-

sjóðum úti um land, ef svo væri ekki sérstaklega fyrir mælt í skipulagsskrám sjóðanna. Þetta er rétt, en það er eðlilegt af þeim ástæðum, að sparisjóðir geta ekki verið eins tryggar lánsstofnanir og þær, sem hafa ríkisábyrgð að baki. Þá talaði annar þeirra um, að ekki væri hægt að ávaxta fé opinberra sjóða í þeim byggðarlögum, þar sem þeir væru upprunnir; en þetta er ekki rétt. Það er hægt eins eftir sem áður gegnum opinber verðbréf.

Magnús Jónsson: Það hefir komið fram till. frá hinum sömu mönnum og flytja þetta frv. um, að aflað verði nákvæmra skýrslna um það, hversu margir opinberir sjóðir séu í landinu, og hversu sé um þá háttað. Ég held það hefði verið heppilegra fyrir hv. flm. að bíða með þetta frv. þangað til þær skýrslur voru fengnar, svo þeir gætu farið eitthvað nærri um það, hvað þeir eru að fara með frv., því það er auðheyrt á 1. flm., að þeir eru ekki kunnugir því efni, sem frv. fjallar um. Hvað málið sjálft snertir, er það þegar ljóst, að það er talsvert flókið, og því hefði bersýnilega verið hentugra að fá sem ýtarlegastar upplýsingar um sjóðina, svo ekki þyrfti að óttast, að um þá yrði sett í hálfgerðri blindni lög, er síðar reyndust kannske ósanngjörn eða á einhvern hátt óhentug. Ég held því, að bezta lausnin á málinu eins og það nú liggur fyrir væri sú, að afgreiða það með rökst. dagskrá, þar sem ýtt væri á stj. með að láta hagstofuna gera nákvæma opinbera skýrslu um alla opinbera sjóði í landinu.

Hv. 1. flm. hélt því fram, að það væri illa farið, að opinberir sjóðir væru í höndum margra manna í landinu, því hitt væri miklu tryggara, að þeim væri öllum safnað á eina hönd. Það er alveg eins og hann taki ekki eftir því, að hér er eitt atriði í vegi, sem alls ekki verður gengið framhjá í þessu efni, en það er vilji gefendanna og fyrirmæli um meðferð sjóðanna. Það er því bókstaflega ekki hægt að setja lög um rekstur og eftirlit þessara sjóða á svipaðan hátt og um sparisjóðina. Ef. t. d. einhver gefandi mælir svo fyrir, að hér eða þar skuli geyma sjóðinn og svo eða svo skuli ávaxta hann og verja honum, þá dugir ekki annað en fylgja þeim fyrirmælum, jafnvel þó þau væru ekki eins tryggileg og hugsazt gæti. Ef t. d. tilskilið er í skipulagsskrá, að hreppsnefnd í einhverjum vissum hreppi skuli hafa yfirumsjón með sjóðnum, þá þýðir ekki fyrir Alþingi að setja lög um, að fjmrh. skuli hafa það.

Það er afarþýðingarmikið, að fyrirmælum gefenda sé fylgt með festu og nákvæmni, því annað gæti haft þær afleiðingar, að einstaklingar vildu ekki hætta fé sínu til sjóðsstofnana, og væri það illa farið. Og því miður verður að viðurkenna það, að hér á landi hefir varfærni hins opinbera í þessum efnum ekki ætíð verið svo sterk sem skyldi. Í Englandi t. d. er afarstrangt eftirlit með því, að fyrirmælum skipulagsskránna sé samvizkusamlega og nákvæmlega fylgt, jafnvel hvað heimskuleg, sem þau kunna að vera. Ég get t. d. nefnt eitt lítið dæmi, er sýnir þetta. Það var málverkasafn, sem maður nokkur hafði gefið, og sömuleiðis lagt fram fé til þess að standa straum af húsnæði fyrir safnið og gæzlu. Safnið var til sýnis fyrir almenning, en svo einkennilega var fyrir mælt, að það var ekki opið nema örfáa mánuði ársins. Þetta ákvæði var bersýnilega tilgangslaust og sprottið af einhverri sérvizku gefandans, en því var nákvæmlega fylgt. Það þótti alveg sjálfsagt, og slík regla er falleg.

Með frv. þessu er gengið framhjá þessu atriði, en það er ekki rétt. Það er ekki rétt að leggja einn sjóð undir allt aðra yfirstjórn heldur en gefandinn hefir ætlazt til. (HV: Ráðh. á að gæta þess, að skipulagsskrár sjóða séu ekki brotnar). En það er gersamlega þýðingarlaust að beina sjóðunum undir umsjón ráðh., ef ráðh. á ekki að hafa neitt vald yfir þeim; þá eru þessi lög ekkert nema pappírsgagn, einskonar stáss, eins og sum þessi yfiryfirstörf, sem verið er að búa til.

Hv. þm. virtist misskilja fyrirspurn mína um sjóði háskólans og halda, að þar væri ekki um annað en sáttmálasjóð að ræða. En ég get frætt hann um það, að hér er um miklu fleiri sjóði að ræða; hver deild háskólans á sína sérstöku sjóði, en um þessa sjóði er árlega prentuð nákvæm skýrsla í árbók háskólans, sem allir eiga aðgang að, og verður ekki

séð, hvað á að gera með sérstakt yfireftirlit með þeim sjóðum.

Þá er í 2. gr. frv. 2. lið fyrirmæli um, hvernig skuli geyma fé sjóða, það sem ekki sé geymt samkv. 1. lið sömu gr., og er þar sagt, að féð skuli ávaxta „í skuldabréfum og verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð". Mér skildist á hv. þm., að hann ganga út frá því, að veðdeildarbréfin væru alveg trygg eign, en það er nú svo, að ekki eru allir flokkar veðdeildarinnar tryggðir með ríkisábyrgð, og ég get vel hugsað mér, að í framtíðinni yrðu kannske opnaðir nýir flokkar veðdeildarbréfa, sem ekki væru tryggðir með ríkisábyrgð. Ríkisábyrgð á veðdeildarbréfum er ekki sett vegna veðdeildarinnar til þess að tryggja hana innanlands, heldur til þess að hægt sé að flagga með ábyrgðinni á erlendum markaði, en þetta getur gert óþægindi með framkvæmd þessarar gr., að sumir flokkar veðdeildarbréfa eru með ríkisábyrgð, en aðrir ekki.

Ég skal játa það, að ég skildi ekki hv. flm., þegar hann var að tala um það, hvernig sjóðirnir ættu að kaupa veðdeildarbréfin af stofnunum þeim, er gæfu þau út. Mér er ekki ljóst, hvernig hann hugsar sér, að hægt sé að halda fé sjóðanna þannig aðgreindu og ávaxta sérstaklega fé hvers eins, þannig að allt komi nákvæmlega rétt heim. Það yrði þá að hafa það eins og gamla fólkið hér áður, sem fór með aurana sína í kaupstaðinn til þess að kaupa fyrir þá ýmislegt. Það hafði þá aurana stundum í mörgum hólfum í buddunni og keypti vissar tegundir af vörum fyrir það, sem var í vissum hólfum. En ef eitthvað svipað fyrirkomulag á að vera á þessu, þá held ég, að ekki geti hjá því farið, að þetta verði allmikið verk, og vil ég drepa á þetta þeim mönnum til athugunar, sem væntanlega fá málið til meðferðar.

Ég get ekki að því gert, að mér finnst það dálítið óviðfelldið, jafnframt því, sem hv. flm. talar um það, að frv. eigi að koma í veg fyrir það, að einstakir menn geti haft gagn af hinum opinberu sjóðum, þá skuli hann fara að bollaleggja um það, að hið opinbera eigi að fá að sölsa undir sig fé sjóðanna. Ég held, að hið opinbera hafi ekkert leyfi fram yfir aðra til þess að fá þá peninga til afnota.

Jón Auðunn Jónsson: Í 2. gr. frv. er svo ákveðið, að leita skuli úrskurðar fjmrh. í hvert sinn, er kaupa skuli verðbréf eða skuldabréf fyrir einstaka sjóði. Setjum nú svo, að nú þurfi að kaupa fyrir t. d. 100 kr., þá þarf eftir þessu úrskurð ráðh. um það, hvort kaupa skuli þetta bréf í Landsbankanum eða Búnaðarbankanum. Þetta nær bersýnilega engri átt.

Þá er talið óleyfilegt, að sjóður kaupi verðbréf með öðru verði en venjulegu markaðsverði, en að öðru leyti er stjórnanda hvers sjóðs skylt að ná sem hagkvæmustum kaupum fyrir sjóðinn. Verður ekki séð, hvernig þetta á að samrímast. Hv. 1. flm. var að tala um, að Sjálfstfl. hefði ráðstafað opinberum sjóðum óleyfilega. (HV: Þetta eru vísvitandi ósannindi). Hann ætti að minnast þeirra deilna, sem staðið hafa innan hans flokks um meðferð stjórnendanna á sjóðum Sjómannafélagsins og verkamannafélagsins Dagsbrúnar. (HV: Þetta er lygi). Þetta er rétt, þm. veit það. (HV: Það væri gott, ef hv. þm. þyrði að endurtaka þetta utan þings). Ég skal standa ábyrgð á ummælum mínum utan þings. — Hv. 1. flm. var að tala um það, að leggja ætti fé sjóðanna undir ríkissjóðinn, ef ríkissjóður væri í fjárþröng eða vandræðum. Þetta er algerlega gagnstætt tilgangi og vilja gefendanna, og kemur enda hvergi fram í frv.

Að svo mæltu vil ég endurtaka till. mína um það, að máli þessu verði að lokinni umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Till. um að vísa því til allshn. felld með 13:11 atkv.

Frv. vísað til fjhn. með 13:5 atkv.

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 204).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Eins og sjá má af áliti fjhn., hefir n. orðið ásátt um að mæla með þessu frv. með nokkrum breyt., sem n. hefir flutt. N. hefir fallizt á, að það sé rétt, sem frv. fer fram á, að setja almenn l. og reglur um vörzlu opinberra sjóða, en hinsvegar hefir hún ekki getað fallizt alveg á þær reglur, sem

komu fram í frv. sjálfu. N. telur þær vera of einskorðaðar að sumu leyti, svo sem eins og það, að þurfa að setja alla sjóði, smáa og stóra, undir yfirskoðun fjmrn., og reikningar þeirra allra vera birtir í Stjtíð. Annað það, að útiloka t. d. alla sparisjóði frá því að mega hafa til ávöxtunar óbundið fé hinna einstöku sjóða. Það getur verið hentugt að ávaxta í sparisjóðum úti um land það lausafé, sem til fellst á hverjum stað. Í þriðja lagi eru það þær reglur frv., sem útiloka, að hægt sé að ávaxta fé gegn fasteignaveði, eins og venja mun vera til og hefir einatt verið talið öruggt hér á landi, að því tilskildu, að ekki sé farið of hátt í veðsetningu fasteigna. N. hefir því sniðið sínar till. með tilliti til þess, sem ég hefi sagt. Í fyrsta lagi, að þeir sjóðir, sem eru í vörzlu ríkisins eða embættismanna og opinberra starfsmanna, skuli vera undir yfirskoðun fjmrn., eins og frv. fór fram á, en náttúrlega raskar þetta ekki því, að umráð sjóðanna skuli vera þau, sem sérstaklega eru ákveðin í stofnskrám, þannig, að ef ákveðið er í stofnskrám, að sjóðir séu í umsjá t. d. biskups eða annara embættismanna, eða e. t. v. í umsjá hinna ýmsu deilda stjórnarráðsins, þá haldi það áfram að vera í slíkri umsjá, en verði eftirleiðis undir yfirumsjá fjmrn. Um alla sjóði, sem frv. tekjur til, sé það ákveðið, að þeir skuli vera endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun. Um þá aðra sjóði, sem 1. gr. tekur ekki til, eru settar þar fram þær reglur, að skylt sé að birta ársreikning þeirra í opinberu blaði eða tímariti. Ennfremur eru settar reglur um „kritiska“ endurskoðun, og skal hún athuga, hvort með féð er farið samkv. ákvæðum skipulagsskránna. Það er sjálfsagt, að almenningur eigi þess kost að fylgjast með, hversu farið er með fjármál þessara sjóða, og að hann eigi kost á að sjá það í opinberu blaði eða tímariti. Í framkvæmdinni býst ég við, að þetta yrði þannig, að reikningar sjóðanna yrðu birtir t. d. í Lögbirtingabl. Þó er það ekki ákveðið í till. n.

Þá er þess í þriðja lagi að geta, að n. hefir tekið hér upp till., sem ekki voru upphaflega í frv., um að stofnunum og fyrirtækjum, sem njóta ríkisstyrks, sé einnig skylt að birta ársreikninga sína opinberlega, til þess að almenningur, sem hér á hlut að máli, eigi aðgang að því að fylgjast með því, hvernig um fyrirtækin fer. Það er algengt, að fyrirtæki fái ábyrgð ríkis, bæjar- eða sýslufélags, eins og t. d. ýmsar hafnargerðir, rafveitufyrirtæki, atvinnurekstrarfélög, eins og samvinnufélög o. s. frv. N. vill, að þessum fyrirtækjum sé einnig skylt að birta sína reikninga opinberlega.

Að svo mæltu vil ég f. h. n. leggja þessar till. undir d. og þykir ekki ástæða til að taka fleira fram að svo stöddu.

Héðinn Valdimarsson: N. hefir gengið mjög rækilega frá starfi sínu, þar sem hún hefir breytt frv. þannig, að ekkert stendur eftir hvað efnið snertir annað en endurskoðunin. En það, sem frv. gekk út á, var, að séð yrði um ávöxtun sjóðanna, og frá því gengur n. þannig, að hún segir, að það skuli gert „á tryggilegan hátt“, án þess að tilgreina, hvað sé tryggilegt. Eftir því sem frsm. mæltist, þá geta hneyksli eins og Reykjahlíðarkaupin haldið áfram að gróa mjög þroskavænlega, og sagði hann, að þeir hefðu breytt þessu svona til þess að hafa opnar dyr til þess að lána einstökum mönnum gegn fasteignaveði, eins og hann gerir sjálfur við Brunabótafél., þar sem það er undir forstjóranum komið, hvaða menn fá lánað og hvernig það er tryggt. Í stað þess á einungis að koma lauslegt eftirlit fjmrn., án þess að því séu settar nokkrar skorður, hvernig fara skuli að. M. ö. o., allt bendir til þess, að allt eigi að halda áfram í sömu átt, enda er þess full von frá þessum hv. form. og frsm. þeirrar n., sem um langt skeið hefir verið afturhaldssamasta n. í þinginu. Og þar að auki er þessi hv. þm. form. fyrir stórum sjóði í vörzlum Brunabótafél. Íslands, sem veitir lán til einstakra manna og stofnana, þvert á móti þeim reglum, sem við flm. viljum koma í framkvæmd með þessu frv., og hann vill halda þeirri aðstöðu sinni. Ég verð að segja það fyrir hönd okkar jafnaðarmanna, sem flytjum þetta frv., að við leggjum áherzlu á, að fé hinna opinberu sjóða sé tryggt með ríkisábyrgð. Þó höfðum við hugsað okkur, að það mætti gefa sérst. undanþágur frá þessu um ákveðið tímabil, að því er snertir spari-

sjóði, þannig að þeir fengju tímabundið leyfi til að geyma og ávaxta fé opinberra sjóða, enda þótt það sé ekki eins tryggt og í þeim stofnunum, sem hafa ríkisábyrgð. Við flm. frv. óskum þess heldur, að frv. okkar verði hreinlega fellt, heldur en að það sé notað sem skálkaskjól til þess að koma fram öðrum eins óburði og þetta nýja frv. hv. fjhn. er, sem á að heimila stjórnendum og forráðamönnum einstakra sjóða og stofnana að lána fé þeirra út á sama hátt og verið hefir.

Í þessum brtt. hv. fjhn. er ekki gengið lengra en svo, að fjmrn. á aðeins að hafa yfirumsjón með þeim sjóðum, sem eru í vörzlum ríkisstj. eða embættismanna ríkisins. En allir aðrir sjóðir, sem varða almenning og ávaxta fé samkv. skipulagsskrám, eigi að birta reikninga sína í Morgunbl. eða einhverju öðru blaði, áritaða af einhverjum endurskoðendum, kosnum eða tilnefndum af einhverjum ótilnefndum! Þetta telur hv. fjhn. sér samboðið að bera fram ágreiningslaust. Hvorki fjmrh. né ríkisendurskoðunin mega kynna sér, hvernig peningum þessara sjóða er varið og hvernig útlánum þeirra og tryggingum er háttað, fremur en nú á sér stað um sjóð Brunabótafél. Ísl. Þessi meðferð hv. fjhn. á frv. okkar er hin ódrengilegasta í alla staði. Og við flm. óskum þess, að frv. okkar verði fellt, heldur en að það sé gert að slíku viðundri, sem hv. fjhn. hefir talið sér sæma.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er eitt atriði í 2. gr. hins upphaflega frv., sem hv. fjhn. hefir sleppt úr brtt. sínum, og á ég þar við 2. tölul. gr., þar sem ákveðið er, að sjóðirnir skuli ávaxtaðir í skuldabréfum og verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð, og séu bréfin keypt beint af stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem gefa út bréfin, og með venjulegu markaðsverði þeirra og kjörum, og skal leita úrskurðar fjmrh. um kaup bréfa í hvert sinn. Ég tel hér fullfast að orði kveðið, að öll slík bréf skuli vera tryggð með ríkisábyrgð. En hitt er mikill kostur, að ákveða, að fé sjóðanna skuli geymt í tryggum skuldabréfum og verðbréfum og að það sé lagt undir úrskurð fjmrn., hvaða verðbréf séu trygg. Það er nauðsynlegt, ekki sízt á þessum tímum, þegar verð skuldabréfa er svo hvikult sem raun er á, og sala á veðdeildarbréfum er algerlega frjáls. Það er sjálfsagt, að þær stofnanir, sem gefa skuldabréfin út, kaupi þau sjálfar. Þetta er það ákvæði, sem ekki má sleppa úr frv. Landsbankinn hefir ekki gefið út neitt fast verð á veðdeildarbréfunum, heldur hafa þau verið keypt með mismunandi verði. En öruggasta skilyrðið fyrir því að verðfesta bréfin er það, að Landsbankinn kaupi þau einn. Þetta er sú till. í hinu upphafl. frv., sem ég styð eindregið og vil láta standa; einnig mætti taka þetta atriði upp með sérstakri brtt. — Aftur á móti álít ég fulllangt gengið í 3. gr. frv., að ætlast til þess, að sagt verði upp eða riftað lánasamningum einstakra manna við opinbera sjóði, svo sem unnt er, um leið og Landsb. eða önnur peningastofnun með ríkisábyrgð yfirtekur sjóðina eða skuldabréf þeirra.

Það má ekki krefjast þess, að þau lán, sem sjóðirnir eiga útistandandi, verði innkölluð umsvifalaust, heldur verður að sýna meiri nærgætni og linkind í því efni.

Þá vildi ég minnast á 3. brtt. hv. fjhn., um að öllum stofnunum og fyrirtækjum, sem njóta styrks af almannafé eða opinberrar ábyrgðar, sé skylt að birta ársreikninga sína opinberlega. Það er vitanlega eðlilegt og sjálfsagt að gera þessa kröfu til ýmsra stofnana, sem njóta opinbers styrks eða ábyrgðar, en ég tel enga þörf á að hafa þetta ákvæði svona rúmt eða víðtækt, þannig að t. d. ársreikningar einstakra skóla og annara þess háttar stofnana, sem koma almenningi eða því opinbera lítið við, séu birtir opinberlega, enda þótt þær stofnanir njóti einhvers styrks eða ábyrgðar. Ég held það mætti takmarka þetta, svo að ekki verði prentuð stórflóð af skólareikningum o. fl., sem hreppsn. og sýslun. eiga að úrskurða.

Það var einkum þetta þrennt, sem ég vildi drepa á. En aðalatriðið er það, að skuldabréfin séu vel tryggð og að þau séu keypt beint af þeim stofnunum, sem gefa þau út, enda sé leitað úrskurðar fjmrh. um kaup bréfanna.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég verð að segja, að það eru dálitið óvenjulegar undirtektir, sem till. n. fá frá hv. aðal-

flm. frv., 2. þm. Reykv., þegar þó er í aðalatriðum fylgt þeirri hugsun, sem í frv. felst. Ég hefi ekki orðið þess var áður, að flm. frv. hafi orðið svo uppnæmir eða móðgaðir af því, þó að nefndir hafi flutt till. til breyt. á frv. þeirra.

Út af þeirri ósk hv. aðalflm., að frv. verði fellt heldur en að brtt. fjhn. yrðu samþ., vil ég aðeins segja það, að þetta er vitanlega lagt á vald hv. þd., því að hvorttveggja liggur fyrir. Hún getur valið um þann grundvöll, sem frv. leggur í málinu, með þeim breyt., sem á því kunna að verða gerðar, eða þann grundvöll, sem er í brtt. fjhn., með þeim breyt., sem síðar kynnu að koma fram við þær. Þeir hv. þdm., sem aðhyllast brtt. n., fylgja þeim, en þeir, sem álíta frv. aðgengilegra, fella brtt. n. við þessa umr.

Hv. aðalflm. þykir ekki settar nógu strangar reglur í brtt. n. um vörzlu opinberra sjóða. Það er rétt, að n. þótti ekki ástæða til að setja um þá jafneinstrengingslegar reglur og eru í frv., svo sem eins og að það skuli mega rifta gerðum samningum um lán úr sjóðunum, sem tryggð eru með fasteignaveðum, eins og 3. gr. frv. ákveður. Enda er mjög vafasamt, að það gæti staðizt og að hægt sé að ákveða með lögum að rifta slíkum samningum.

Þeir sjóðir, sem frv. fjallar aðallega um og mest er um vert, eru þeir opinberu sjóðir, sem stofnaðir eru með lögum eða konunglegri skipulagsskrá og eru í opinberri vörzlu. Af því að n. gerði ráð fyrir, að þeim væri ráðstafað samkv. fyrirmælum í skipulagsskrám þeirra, þá er aðeins sagt í till. n., að þeir skuli vera tryggilega ávaxtaðir. Auðvitað mætti tiltaka nánar um það og ákveða, að ekki skuli lána fé úr sjóðunum nema svo og svo, t. d. út á vissan hluta af matsverði fasteigna eða eitthvað þviumlíkt. En hitt, sem frv. setur sem skilyrði, að ekki megi ávaxta fé sjóðanna nema í skuldabréfum eða verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð, þótti n. vera of einskorðað. Eftir því mætti ekki ávaxta þetta fé eins og gert er í söfnunarsjóði Íslands, nema opinber ábyrgð sé á bak við. En ég veit ekki betur en að söfnunarsjóður láni fé út á fyrsta veðrétt í fasteignum án ríkisábyrgðar, og er það talið og hefir reynzt fullkomlega öruggt. Þetta ákvæði í frv. víkur auðvitað að þeirri stefnu hv. flm. að draga öll fjárumráð sem mest undir ríkið. Hv. aðalflm. var eitthvað að minnast á það, hvernig fé Brunabótafél. Ísl. mundi vera ráðstafað og ávaxtað. Það má vel vera, ef miðað er við það mat, sem hann vill láta gilda, að fé félagsins sé að einhverju leyti ávaxtað öðruvísi en hann telur vera tryggilegt. En ég hygg, að fullkomlega sé um það búið, að það fé, sem félagið hefir í útlánum, sé tryggilega ávaxtað, enda er félagið undir eftirliti ríkisstj. að lögum. Hvenær sem ástæða þykir til, má láta fara fram athugun og endurskoðun á því skv. till. n.

Hæstv. forsrh. taldi, að n. hefði ekki tekið upp í till. sínar það ákvæði úr frv., sem mest væri um vert, að veðdeildarbréfin séu keypt beint og þeim stofnunum og fyrirtækjum, sem gefa þau út. En það er nú svo um veðdeild Landsbankans, að hún reynir ekki að selja bréf sín — þann flokk, sem nú er verið að selja, 10. flokk — til stofnananna eða annara, heldur greiðir hún lánin út í skuldabréfum veðdeildarflokksins. Hún varpar skuldabréfum sínum út á frjálsan markað í fullkomna óvissu um, hvað lántakendur fá fyrir þau. Má næstum því segja, að hún varpi þeim út í brask. Ef veðdeildin hefði haldið við þá reglu að lána ekki örar en svo, að hún gæti sjálf selt veðdeildarbréfin, þá væri allt öðru máli að gegna. Enda kæmu þá ekki aðrir seljendur fram að verulegu ráði en veðdeildin sjálf, og teldi ég það eðlilegast.

Þá taldi hæstv. forsrh., að varhugavert væri að skylda allar stofnanir, sem njóta styrks af almannafé, til þess að birta ársreikninga sína opinberlega, og nefndi skólana t. d. Það má vel vera, að slíkt sé óþarfi. Ég man ekki eftir, að það kæmi sérstaklega til tals í n. um skólana. En ef það þykir óþarft, þá mætti takmarka þessa ákvörðun eitthvað og undanþiggja t. d. skólana og breyta þá orðalaginu á till. samkv. því. Annars get ég ekki betur séð en að það væri góð regla, að þeir skólar, sem fá árlega ríkisstyrk, birti reikninga sína. Það hafa svo margir áhuga fyrir því að vita, hvernig þeim vegnar fjárhagslega.

Ef hv. þd. færi eftir óskum hv. aðalflm. frv. og felldi það umsvifalaust, þá þarf ekki frekar um frv. að ræða. Verði frv. hinsvegar ekki fellt, en till. n. lagðar til grundvallar, þá má taka til greina allt það, sem hv. þdm. þætti rétt að væri í þessum lögum, þ. á m. þau ákvæði fleiri úr frv., sem við þættu eiga. Því að málið á eftir að ganga í gegnum 3. umr. hér í þd. og þrjár umr. í hv. Ed.

Héðinn Valdimarsson: Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir undirtektir hans við þetta frv., þó hann hefði að vísu dálítið út á það að setja í einstökum atriðum. Ég skal játa, að samkv. 3. gr. frv. muni verða nokkuð hart að gengið ýmsum lánþegnum hinna opinberu sjóða, að svo miklu leyti sem sjóðirnir hafa veitt lán á annan hátt en ætlazt er til samkv. 2. gr. frv. En það er ekkert aðalatriði fyrir okkur flm. frv., að þessu ákvæði 3. gr. sé bókstaflega framfylgt. Við teljum, að þessi leiðrétting eða breyt. á fyrirkomulagi lánanna megi fara fram þegar hægast er að koma henni við og aðalatriðið er, að stífla sé sett í þennan farveg einkahagsmunanna fyrir framtíð alla.

Það er algerlega rangt hjá hv. frsm., að þessi uppsögn eða breyt. á útistandandi lánum sjóðanna brjóti í bága við lögin. Við ætlumst aðeins til þess, að lánunum sé sagt upp svo fljótt sem hægt er samkv. lánasamningum. — Ég get ekki fallizt á það, sem hv. frsm. sagði, að frv. geti staðið til bóta, þegar búið er að samþykkja brtt. hv. fjhn. Brtt. eru þannig sniðnar, að þær fella aðalkjarnann út úr frv., og þá er ekki hægt að setja inn í þær aftur þau höfuðatriði, sem í frv. voru. Það eru aðeins aukaatriði frv., sem tekin eru upp í brtt., svo sem um endurskoðun sjóðanna, og þó er því mjög ógreinilega fyrir komið.

Í 2. brtt. fjhn. er talað um, að stjórnendum opinberra sjóða sé skylt að birta reikninga þeirra árlega í opinberu blaði eða riti, áritaða af endurskoðendum, skipuðum, kosnum eða tilnefndum á annan hátt. Af hverjum eiga þeir að vera skipaðir, ef ekkert er um það sagt í skipulagsskrám sjóðanna? Og hverjir eiga að kjósa eða tilnefna þessa endurskoðendur? Þetta svífur algerlega í lausu lofti hjá n., og virðist það gert til þess eins að komast framhjá yfirumsjón og endurskoðun fjmrn. á sjóðunum. Hv. frsm. sagði, að frv. og brtt. lægju nú hér fyrir þd. til álits og úrskurðar, og gæti hún því valið um, hvort hún aðhylltist heldur. Það veit ég vel. En við flm. viljum heldur, að frv. sé hreinlega fellt heldur en að farin sé sú krókaleið, sem felst í brtt. Það er miklu drengilegra fyrir þá, sem vilja koma frv. fyrir kattarnef.

Þá sagði hv. frsm., að veðdeild Landsbankans sæktist ekki eftir að selja bréf sín til einstakra stofnana og sjóða. En það er auðvitað, að þegar stjórnendum veðdeildarinnar er kunnugt um, að sjóðirnir og stofnanirnar lána fé sitt beint til einstakra manna, og það meira en veðdeildin, þá er til lítils fyrir veðd. að falast eftir því fé, enda ætti það að bjóðast henni. Stjórnendur veðd. hljóta því að bjóða bréfin út, því að það er engin von til þess, að þeir geti verið á snöpum út um allt land eftir lánum. Ég gat um það áður, við 1. umr. þessa máls, og hæstv. forsrh. minntist á það sama, að óheppilegt væri að selja veðdeildarbréfin utan við bankana í ýmsum sjóðum. Það leiðir til mismunandi gengis á bréfunum, þannig að verðmunurinn hefir verið frá 12—15%, sem náttúrlega kemur einstökum lánþegum til tekna eða taps, eftir tilviljun, nema forstöðumenn sjóðanna séu svo óheiðarlegir, að þeir stingi þessum verðmun eða bónus af bréfunum í sinn eiginn vasa; en því geri ég varla ráð fyrir.

En það má alveg komast hjá þessu braskgengi á veðdeildarbréfunum. Ég sé ekki, hvers vegna opinberu sjóðirnir eiga að vera að sækjast eftir fasteignalánum, ef þeir geta fengið peninga sína eins vel eða betur tryggða á annan hátt. Ég skal taka t. d. Brunabótafél. Ísl., sem tekur á móti peningum (iðgjöldum) úr öllum landshlutum. Hvers vegna á það að lána fé til einstakra manna hér í Rvík gegn fasteignaveðum? Það er auðskilið öllum óhlutdrægum mönnum, að peningunum, sem eru í umferð í landinu, yrði yfirleitt miklu betur varið, ef úthlutun þeirra stæði undir einni yfirumsjón, heldur en þegar 1—200 smábankar eru látnir fúska við það.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Þegar þetta frv. kom hér fram í þd., þá gat ég ekki séð, að það væri neitt tilefni fyrir hendi til löggjafar um þau atriði, er í frv. felast, ekki sízt þegar litið er á, af hvaða ástæðum það er fram komið. Mér skildist, að þetta frv. væri nokkurskonar framhald af stríði hv. jafnaðarmanna gegn hæstv. dómsmrh. út af Reykjahlíðarmálinu. Frv. er þannig úr garði gert frá hendi hv. flm., að það má með fullum rétti segja, að ekki sé nokkur vegur til þess að framkvæma það, þó það yrði gert að lögum. Ég felli mig miklu betur við brtt. hv. fjhn., ef ástæða þætti til að setja lög um þetta. En ég get bara ekki fundið nokkurt réttmætt tilefni til þess eins og nú stendur. Um einstök atriði í frv. skal ég ekki fjölyrða, en þó vil ég taka það fram, að ég álít alls ekki rétt að fyrirskipa þeim, sem hafa opinbera sjóði undir höndum, eða skylda þá með lögum til að kaupa veðdeildarbréf hærra verði en þau ganga kaupum og sölum á opnum markaði, nema forstöðumönnum sjóðanna sé ekki trúandi til þess að gera reikningslega grein fyrir því, við hvaða verði þeir hafi keypt bréfin. Ég veit ekki til, að það sé nokkurt tilefni fyrir hendi til þess að væna forstöðumennina á þann hátt. En ef það er álitið óheiðarlegt fyrir opinbera sjóði eða stofnanir að kaupa verðbréf lægra verði en þau eru nóteruð í Landsbankanum, þá get ég ekki séð, hvaða ástæða er til þess, ef kaupandi álítur sér hag að bréfakaupunum og seljandi telur viðskiptin líka vera sér til hagnaðar. Viðskiptin fara venjulega þannig fram, að lántakandi fær veðdeildarbréfin út á skuldabréf í banka.

Sé það tilgangurinn með þessu frv. að halda uppi óeðlilega háu verði á skuldabréfunum, þá held ég, að þetta sé þýðingarlaus löggjöf, því að ef það er svo mikill munur á verði bréfanna, sem sagt hefir verið, ef til vill um 10%, þá tel ég ekki nokkra von til þess, að opinberir sjóðir, sem hafa yfir tiltölulega litlu fé að ráða árlega, hafi bolmagn til að kaupa bréfin yfirleitt á frjálsum markaði það dýrara en Landsbankinn, þó þeir kunni að álíta sér hag að slíkum kaupum í einstökum tilfellum. Ég get ekki verið sammála þeim mönnum, sem álíta sjálfsagt, að þeir sjóðir, sem hér um ræðir, neiti sér um að kaupa þau verðbréf, sem þeir kaupa árlega, við því verði, sem þeir fá þau lægst fyrir. Ég skil ekki heldur almennilega, hvaða meiningu á að leggja í 2. gr. brtt., þar sem segir: „Stjórnendum og forráðamönnum allra annara sjóða, sem varða almenning, er skylt að birta reikninga þeirra árlega í opinberu blaði eða riti". Ég vildi spyrja, hvort fjhn. hefir gert sér ljósa grein fyrir því, hvaða fyrirmæli felast í þessari grein. Mér er það ekki ljóst og óska upplýsinga um þetta atriði. Að síðustu vil ég endurtaka það, sem hæstv. fjmrh. sagði um 3. gr., að mér þykir það ekki nauðsynlegt fyrirmæli, að allar þær stofnanir og fyrirtæki, sem á einhvern hátt eru styrkt af almannafé eða njóta opinberrar ábyrgðar, skuli birta reikninga sína opinberlega. Ég hefi ekki heyrt grg. fyrir þessari grein heldur, sem ég get fellt mig við, svo að ég geti gefið henni mitt atkv. enn sem komið er. Um þetta vildi ég gjarnan heyra frekari upplýsingar frá hv. frsm. n. áður en ég get tekið ákvörðun fyrir sjálfan mig í þessum efnum.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég ætla að fara þess á leit við hv. frsm. og hv. n., hvort þau hefðu nokkuð á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá nú að þessu sinni, til nánari viðtals við stjórn Landsbankans og máske fleiri banka um verðbréfasöluna. Ég hefi nokkrum sinnum átt tal um þessa hluti við stj. Landsbankans, og mér er kunnugt um, að hún leggur mikla áherzlu á, að þau opinberu viðskipti eða hálfopinberu, sem verða á veðdeildarbréfunum, gangi gegnum Landsbankann sjálfan eða viðkomandi stofnanir. Þessu fylgja tveir kostir. Annar kosturinn er sá, að þá er ekki á neinn hátt ætlazt til, að forstöðumenn sjóðanna gangi manna á milli til þess að finna út, hvaða bréf séu ódýrust. Það er ekki vert að fela þeim slíkan starfa, heldur að kaupa örugg bréf með föstum „kurs". Sú ráðstöfun getur hjálpað sjóðunum til að hafa fastan „kurs" á sínum bréfum. Það er ekki ástæðulaust í okkar landi að styðja Landsbankann, Búnaðarbankann og fleiri slíkar stofnanir í því að geta haft fastan og „effektiv-

an“ kurs á sínum bréfum. Ég ætla ekki að halda því fram, að svona ráðstöfun ein geti hindrað brask og verðbreytingar á verðbréfunum; til þess nægir ekkert fullkomlega annað en að til séu nægilegir peningar til að kaupa allt, sem fram er boðið, og það er skylda hins opinbera að ljá liðsinni sitt til að festa verðið á verðbréfunum frekar en nú er. Þetta ætti að vera, af því að hér er engin kauphöll og engin almenn skráning á bréfum, sem gerir það alltaf vandalítið á hverjum tíma að vita um hið rétta verð augnabliksins.

Ég held, að ekki sé hægt að laga þetta á annan hátt en þann, að Landsbankinn fái betri aðstöðu til þess að gera effektivt það verð, sem hann vill setja á bréfin. Ég vil sannarlega ekki kalla það sannvirði veðdeildarbréfanna, þó að þau kæmust niður í 60 eða 50%, af því að fáir vilja kaupa þau, en þeir fáu, sem kaupa, vilja okra á bréfunum, en þeir, sem vilja selja bréfin, eru í vandræðum. Þetta hefir sprottið upp af ástandi síðari ára, og hefir farið vaxandi. Landsbankanum er miklu betur trúandi til að ákveða sannvirði bréfanna og hæfilegan ágóða fyrir bréfakaupendurna. Til þess að hafa tök á því, þarf hann að ráða yfir því fé, sem fer til bréfakaupanna. Hér er um töluvert slíkt fé að ræða, sem fer til veðdeildarbréfakaupa og bankavaxtabréfakaupa og annars slíks. Til að ræða þetta mál í heild sinni, og sérstaklega 2. tölul. 2. gr. í hinu upphaflega frv., álít ég ástæðu til að stofna til fundar með stj. Landsbankans og fjhn., og óska, að málið verði tekið út af dagskrá.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Það voru nokkur einstök atriði, sem mig langaði til að minnast á, og þá vil ég fyrst byrja á þeirri fyrirspurn til hv. 1. flm. um 1. lið 2. gr., þar sem stendur, að eignir skuli ávaxtaðar í innstæðum í peningastofnunum, tryggðum með ríkisábyrgð, hvort þar sé átt við, að þá skuli að engu höfð ákvæði, sem oft standa í skipulagsskrám frá gefandanum sjálfum, þar sem það er tiltekið, að innstæða sjóðsins skuli geymd í einhverjum tilteknum sparisjóði í héraðinu. Ef það er meiningin, vil ég, að sá skilningur komi fram.

Þegar gefandinn hefir ákveðið það í gjafabréfinu sjálfu, að sjóðurinn yrði ávaxtaður í héraðinu, þá mundi það vekja andstöðu og óþægindi hjá ýmsum héruðum úti um land, ef nú ætti allt í einu að kippa sjóðnum úr héraðinu og ávaxta hann á annan hátt. Þar fyrir er ég ekki að segja, að það sé eins tryggt að ávaxta slíkt fé í sparisjóðum eins og stofnunum, sem tryggðar eru með ríkisábyrgð, heldur á ég aðeins við þá sjóði, þar sem sjálfar skipulagsskrárnar tiltaka, að svo skuli vera.

Þá vil ég minnast á 1. gr. í brtt. hv. fjhn., þar sem lagt er til, að fyrirskipað sé, að reikningur hvers einasta sjóðs, ekki aðeins þeirra, sem eru í umsjá og vörzlu ríkisstj., heldur og hvers embættismanns ríkisins, skuli birtur í B-deild Stjtíð. Þarf ekki að líta yfir nema lítinn part af sumum sýslum til að komast að raun um, að í 2—3 hreppum skipta slíkir sjóðir jafnvel tugum, og mundi þurfa að bæta allmiklu við af prentuðu máli í B-deild Stjtíð., ef hver slíkur sjóður, sem er á einhvern hátt undir eftirliti einhvers embættismanns, t. d. prests, læknis eða hreppstjóra, ætti að birtast þar.

Ég vil skjóta því til n., hvort ekki mundi mega fá fullkomlega eins mikla tryggingu með því að láta það ákvæði standa, að reikningar sjóðanna skuli árlega yfirskoðaðir af ríkisendurskoðuninni, eða þá af þeim stjórnarvöldum, sem stj. fæli endurskoðunina. Stundum getur staðið svo á, að sýslunefnd eða bæjarstjórn eða fulltrúar, kosnir af henni, hefðu enn meiri kunnugleika til þess að gera „kritiska“ endurskoðun á þeim sjóðum, sem hér er um að ræða. Mér skilst, að ríkisendurskoðun geti í mörgum tilfellum, þegar um sjóði úti um land er að ræða, ekki orðið annað en töluendurskoðun, því að til kritiskrar endurskoðunar mundi ríkisendurskoðunina vanta nægan kunnugleika. Jafnframt vil ég skjóta því til hv. fjhn., hvort henni þætti ekki vera eins mikil trygging í því, að hver slíkur reikningur, sem ræðir um í 2. lið brtt., sé sendur hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn til yfirskoðunar og kritiskrar endurskoðunar, og síðan sendur fjmrn., eins og þó að slíkir reikningar væru birtir í opinberu blaði. Það verður að líta á það,

að það hefir nokkurn kostnað í för með sér að birta reikning hvers smásjóðs í opinberu blaði, og sumum sjóðum er þannig fyrir komið, að þeir eiga að ávaxtast þangað til þeir hafa náð vissri upphæð, og ef slíkum sjóðum er komið fyrir í söfnunarsjóði Íslands, hafa sjóðirnir fyrst um sinn engar handbærar tekjur til að borga eitt eða neitt, fyrr en þeir hafa náð einhverri tiltekinni upphæð, sem gefandinn hefir sett í skipulagsskrána. Slíkir sjóðir eru margir til í landinu, og ég veit ekki vel, hvaðan það fé ætti að koma, sem færi til birtingar þeirra reikninga, nema því aðeins, að ríkið ætti að kosta þá auglýsingu.

Ég vil skjóta þessu til n. til þess að hún yfirvegi það. Sama mun í mörgum tilfellum mega segja um 3. brtt., sem ræðir um breyt. á 3. gr. frv., um að stofnunum og fyrirtækjum, sem njóta styrks af almannafé eða opinberrar ábyrgðar, sé skylt að birta reikninga sína árlega opinberlega. Má segja, að í mörgum tilfellum sé þetta æskilegt. Hæstv. fjmrh. hefir nú samt bent á ýms tilfelli, þar sem slíkt yrði erfitt í vöfum og verður varla við komið, eins og t. d. ef birta ætti alla skólareikninga.

Ég hygg, að sömu tryggingu mætti fá með því, að þeir væru sendir tilteknum stjórnarvöldum til endurskoðunar, sem mundi í mörgum tilfellum vera bæjarstjórn eða sýslunefnd, en sjálfsagt er og mjög nauðsynlegt, að fjmrn. hafi á hverjum tíma nægilegt og glöggt yfirlit yfir alla opinbera sjóði í landinu, og finnst mér tæplega vera nógu vel séð fyrir því í brtt. fjhn.

Jón Auðunn Jónsson: Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði um birtingu á reikningum opinberra sjóða, þá er það alveg rétt hjá honum, að þeir sjóðir, sem geymdir eru í söfnunarsjóði Íslands og eins er ástatt um eins og hann tók fram, eiga að vera óhreyfðir um langt árabil, þá er engin ástæða til að birta þá reikninga. Hér er sem sé í till. n. farið fram á það, að mestur hluti hinna stærstu sjóða séu ávaxtaðir undir yfirumsjón fjármálaráðuneytisins. Það eru yfirleitt margir sjóðir, sem er stjórnað samkv. skipulagsskrám, þannig að stjórnarvöldin hafa ekkert með þá að gera, en þeir eru yfirleitt svo litlir, að ekki getur verið um neina stóra fjármuni að ræða, og mér er ekki kunnugt um, að í einu einasta tilfelli hafi orðið misfellur í stjórn sjóða, sem settir hafa verið í umsjá einhverra manna í byggðarlögunum eða tiltekinna starfsmanna byggðarlaganna. Ég held sannast að segja, að það sé svo, að þeir, sem hafa stjórn slíkra sjóða með höndum, finni til þeirrar ábyrgðar, sem á þeim er, um að ávaxta þessa sjóði vel og tryggilega.

Þeir hafa báðir, hæstv. atvmrh. og hæstv. fjmrh., heldur andað á móti brtt. undir III., um að stofnanir, sem njóta opinbers styrks eða ábyrgðar, skuli birta reikninga sína opinberlega. Ég get vel fallizt á það, að það sé ekki þörf á því, að skólar, sem njóta opinbers styrks, gefi út reikninga sína opinberlega, en í mörgum tilfellum tekur ríkið á sig ábyrgð fyrir einstök fyrirtæki og einstaka menn eða félög, og hefir ekkert eftirlit með því, hvort þessum fyrirtækjum er vel eða illa stjórnað. Ég get nefnt dæmi um þetta, ef óskað er. Svo tekur ríkið ábyrgð á fyrirtækjum hreppsfélaga og sýslufélaga, t. d. á raforkustöðvum. Ég sé ekkert á móti því, að reikningar slíkra fyrirtækja, sem eiga að vera aðskilin fjárhag sýslu-, bæjar- eða sveitarfélaga og geta starfað sjálfstætt í þarfir héraðanna, birti reikninga sína opinberlega, svo að sjá megi, hvort t. d. gjaldskrárnar séu hæfilega háar, þannig að fyrirtækin geti borið sig, svo að ekki lendi allt á ríkinu, sem ábyrgðina hefir tekið.

Það er svo ákveðið í sumum skipulagsskrám, eins og ýmsir hafa tekið fram, að sjóðunum skuli stjórnað af vissum mönnum, og undir stjórn sjóðanna heyrir að sjálfsögðu það, að kaupa verðbréf og leggja peningana inn á banka eða sparisjóði. Hæstv. fjmrh. var að tala um, að t. d. að því er Landsbankann snertir, þá þyrfti bankinn að ákveða söluverðið á sínum bréfum. Það er nú svo, að Landsbankinn hefir ekki keypt eitt einasta bréf af 10. flokki veðdeildarinnar, og meðan bankinn kaupir ekki eitt einasta bréf, hvernig á hann þá að setja verð á bréfin? Það er öllum vitanlegt, að verðlag á bréfum eins og veðdeildarbréfum fer eftir

því, hverjir innlánsvextir eru í peningastofnununum. Þarf ekki annað en að líta í erlend blöð til að sjá, að þegar innlánsvextir lækka um ½—1%, hækka venjulega slík verðbréf um 10—20%. Aftur á móti þegar innlánsvextir hækka í peningastofnunum, þá lækka bréfin.

Að leggja undir úrskurð fjmrn. í hverju einstöku tilfelli, hvort þetta bréfið skuli nú keypt eða ekki, væri svo mikill kostnaður og svo mikil sérvizka, að það næði ekki nokkurri átt. Ég veit ekki til, að þeir sjóðir hafi verið misnotaðir eða fé þeirra farið forgörðum, þó að þeir hafi verið í umsjón þessara manna. Ég get sagt fyrir mig, að ég sé enga ástæðu til að fresta þessu máli, vegna þess að upplýsinga þurfi að leita hjá Landsbankanum. Ég sé enga þörf á því vegna þessa frv., en hinsvegar skal ég ekki vera á móti því, að málinu sé frestað, þó að það mætti eins gera á milli umr., til þess að þurfa ekki að tefja málið allt of mikið, því að nóg er hér að gera í hv. d.

Magnús Jónsson: Ég verð að segja það, að mér finnst hv. fjhn. hafa tekið mjög lipurlega í þetta mál, eftir því sem málefni standa til. Ég sé ekki nú frekar en áður, hvaða ástæða var hér til löggjafar. Mér heyrist sumir hv. þm. tala um þessa sjóði eins og eitthvert gersamlega herralaust fé, eins og þessu gjafafé sé hent út um hvippinn og hvappinn og hver geti gramsað í því eins og hann vill. Það er vitanlegt, að fyrir hvern einasta sjóð er sett skipulagsskrá, þar sem sá, sem hefir látið sér annast um þetta fé, með ráðum góðra manna hefir sett reglur um, hvernig skuli ávaxta þetta fé. Það er ekki eins og þessu fé sé stjórnað eftir geðþótta einhverra og einhverra manna. Ef við lítum á reynsluna, þá hefi ég ekki heyrt enn talað um það, að þessir opinberu sjóðir hafi orðið fyrir neinum töpum. Ég hefi fyrir mitt leyti aldrei heyrt annað en að opinberir sjóðir hafi sitt fé í ágætu lagi.

Ég get skilið, að ef hér hefði verið um einhver stórtöp eða hrun á slíku fé að ræða, þá hefði verið farið að setja löggjöf um þetta efni. En það er nú ekki. Hér er tilefnislaus löggjöf á ferðinni, og ég held, að fjhn., úr því að hún vildi sinna málinu á annað borð, hafi tekið á því réttum tökum, að setja einfaldar og liprar reglur, sem bættust við skipulagsskrárnar. Annars finnst mér, að hér ætli það að koma fram, að oflögin verði að ólögum. Eftir því, sem hv. 1. flm. og eins hæstv. fjmrh. tala um þetta mál, finnst mér, að þessi vernd ætli að snúast upp í ofsókn á þessa sjóði, því að þær till., sem fram hafa komið, ganga út á að binda hendur þeirra, sem standa fyrir sjóðunum. Það á að gera allt sem tryggilegast, en hitt atriðið er vanrækt, að þessum sjóðum verði sem mest úr sínu fé, eins og t. d. þegar verið er að setja þær reglur, að ekki megi lána gegn fasteignaveði. Það er sterk alda í landinu að færa niður alla bankavexti, og nú er mjög erfitt að selja opinber bréf. Ég veit ekki, hvað það ætti að gera til, þó að lánað væri úr þessum sjóðum gegn tryggum fasteignaveðum og sjóðirnir væru látnir á þann hátt njóta þess, að þeir gætu fengið dálítið hærri vexti en þeir annars myndu fá. Það sama kemur fram hjá hæstv. forsrh., þegar hann vill skylda þessa sjóði til þess að kaupa bréfin af þeim stofnunum, sem gefa þau út og halda uppi algerlega fjarstæðu verði á þeim, eins og ég vil segja, að stofnanirnar geri, þegar þær halda uppi verði, sem er kannske 15% hærra en bréfin ganga kaupum og sölum. Þetta er vitanlega ekkert annað en fjárkvöð, sem er lögð á sjóðina. Það hefir verið talað um það, hvað veðdeildarbréfin hafi gengið lágu verði manna á milli. Verðið hefir verið laust, en ég vil ekki segja, að það hafi verið lágt. Þegar menn líta á það, hvað bankavextir hafa verið háir, þá er ekki nema eðlilegt, að verðið á bréfunum sé lágt. Þetta fylgist að, háir vextir og lágt verð á bréfunum.

Ég vil ekki hafa á móti því, að málinu sé frestað og n. gefi Landsbankastjórn tækifæri til að tala við sig um það, en hinsvegar vil ég skjóta því til n., að hún sé sem harðvítugust í samningum. Sé ég ekki, að Landsbankinn eigi að græða á sjóðum þessum. Það gæti verið, að Landsbankinn vildi skylda alla sjóði til að kaupa bréfin af honum við hans háa verði. En þegar við eigum að gæta hér hagsmuna þessara sjóða, þá verðum við líka að gera það.

Annars væri helzt, að gagn gæti af orðið, ef bankarnir gætu fengið hér betri aðstöðu, og það yrði til þess, að þeir skráðu bréfin við raunverulegu verði.

Að öðru leyti ætla ég ekki að tala um þessa brtt. hér. Þó finnst mér það ofmælt í 3. brtt., þegar farið er fram á að skylda allar stofnanir, sem styrks njóta af opinberu fé, til að birta reikninga sína. Yrði það allt of kostnaðarsamt, en gagnið af því hinsvegar ekki ýkjamikið.

Héðinn Valdimarsson: Aðeins stutt aths. Hæstv. atvmrh. bar fram þá fyrirspurn út af fyrirmælum 2. gr. frv. okkar, hvort meiningin sé að hafa að engu ákvæði, sem gefendurnir sjálfir kunna að hafa sett í skipulagsskrárnar um það, að innstæðufé sjóðanna skuli geymt í einhverjum sparisjóðum héraðanna. Viðvíkjandi þessu vil ég leyfa mér að vísa til 1. gr. frv., þar sem stendur, að með sjóðina skuli farið nákvæmlega eftir því, sem fyrir er mælt af stofnendunum, og eignir þeirra geymdar og ávaxtaðar samkv. lögum þessum, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við hin sérstöku lög um sjóðina eða skipulagsskrár þeirra. Þar sem skipulagsskrár kveða öðruvísi á um, halda þau ákvæði auðvitað áfram að vera í gildi, þrátt fyrir þessi lög.

Það er misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv., ef hann heldur, að þótt bréfin yrðu keypt beint af bönkunum, þá yrðu teknir hærri vextir og sjóðunum gert erfiðara fyrir. Þessu er alls ekki til að dreifa nú, því að sjóðirnir kaupa nú yfirleitt við svipuðu verði og Landsbankinn gerir. Það er mesti misskilningur, að það sé af því, að sjóðirnir kaupi hærra verði, að þeir græða lítið. Hitt er eðlilegra, að þessir peningar séu í vörzlum bankastofnana en þessara mörgu hundraða sjóðstjórna úti um allt land. Annað mál er það, hvaða gengi yrði haft á bréfunum. Má eftir atvikum segja, að Landsbankinn hafi það of hátt eða of lágt. Það er álitamál. Ætti auðvitað helzt að vera fast gengi á bréfunum, en það kemur í rauninni ekki því máli við, sem hér ræðir um.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Alþýðutryggingar.

Á 15. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 81).

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Á allmörgum undanförnum þingum höfum við Alþfl.menn hreyft því, að nauðsyn bæri til að setja lög um almennar alþýðutryggingar. Á þinginu 1928 var samþ. till. um að fela stj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing, árið 1929, frv. um þetta efni. Á þinginu 1929 bólaði ekki á neinu frv. frá stj. um þetta efni, en á því þingi var að lokum samþ. till. um, að undirbúa skyldi fyrir næsta þing frv. um ellitryggingar. En á þinginu 1930 kemur svo ekki þetta frv. fram, en þá er að síðustu samþ. að skipa þriggja manna mþn. til þess að undirbúa frv. að almennri tryggingalöggjöf. Skömmu eftir þingslit skipaði svo stj. í þessa n. núv. forsrh., Ásgeir Ásgeirsson, núv. 1. þm. Reykv., Jakob Möller, og mig. N. hélt svo nokkra fundi seinni hluta ársins 1930. Maður, sem ríkisstj. hafði ári áður ráðið til þess að undirbúa ellitryggingafrv., tók þátt í þeim fundum og vann með n. En svo féllu niður störf þessarar n. án þess þeim væri lokið, og síðan hefir hún ekkert starfað. Það frv., sem hér liggur fyrir, er því ekki verk n., heldur er það að öllu leyti samið af mér; hefir mér ekki gefizt kostur á að bera það undir n. Það eru engin tvímæli á því, að þörf á tryggingum fyrir alþýðu manna hér á landi er mikil. Efnahagur manna er svo misjafn og atvinna margra svo stopul, að það má teljast knýjandi nauðsyn að koma á sem fullkomnustum tryggingum fyrir borgara þjóðfélagsins. En löggjöf um þau efni hefir fram að þessu verið nauðaómerkileg hér á Íslandi, svo að varla munu dæmi til slíks hjá siðuðu þjóðfélagi. Einu lögin, sem máli skipta í þessu efni, eru fátækralögin, sem eru bæði gömul og úrelt. Þau fela í sér

margra mannsaldra gömul ákvæði, sem segja má, að séu allt að því úr forneskju, eins og t. d. ákvæðin um nauðugan sveitarflutning og réttindamissi fyrir þeginn sveitarstyrk, sem eru nú orðin þjóðfélaginu til vansæmdar; svo og ennfremur það fyrirkomulag, sem orsakar, að afarmismunandi þungar byrðar hvíla á hinum ýmsu sveitarfélögum vegna fátækraframfærslunnar, svo að sumum sveitarfélögum liggur við gjaldþroti þeirra vegna. Þrásinnis hafa verið fram bornar till. um endurbætur á þessari löggjöf, en þær hafa ekki náð samþykki, nema nokkrar fremur smávægilegar breytingar.

Við höfum lög um ellitryggingar frá 1922. Eftir þeim greiða menn í sjóð ellistyrktargjald, sem er mjög lágt. Þessu fé er svo ári síðar úthlutað til einstaklinga eins og náðarbrauði, nálægt 50 kr. handa hverju gamalmenni. Þessu er úthlutað án nokkurra reglna, en aðeins eftir verðleikum einstaklinganna, og enginn hefir neinn kröfurétt til þessa gjalds.

Í heilbrigðismálum höfum við berklavarnalögin, sem að mörgu leyti bera af þessum lögum, og svo lög um aðgreiningu holdsveikrasjúklinga frá öðrum sjúklingum og sérstakt sjúkrahús fyrir þá. Þá er nú upptalið, nema slysatryggingalöggjöfin frá 1928, sem eru hin sæmilegustu lög, og eru þau hér í þessu frv. víða lögð til grundvallar.

Ég skal þá ekki hafa þennan inngang lengri, heldur snúa mér að efni frv. og drepa á nokkur höfuðatriði þess.

Tryggingarnar skiptast í 2 aðalflokka, lögbundnar skyldutryggingar og frjálsar tryggingar. Skyldutryggingar eru lögbundnar með 1. gr. og ennfremur 5. gr. frv. og ná yfir slysatryggingu, sjúkratryggingu, örorkutryggingu, tryggingu gegn atvinnuleysi og ellilaun. Er gert ráð fyrir, að í þeim flokki tryggingarinnar taki þátt allir þeir, sem hafa meiri hluta sinna tekna sem kaup frá öðrum. Hinn flokkur tryggingarinnar, frjálsa tryggingin, nær til þeirra borgara, sem hafa yfir 4 þús. kr. árstekjur auk 500 kr. fyrir hvern skylduómaga, miðað við Reykjavík, en lægra úti um land. Þessi flokkur nær yfir sjúkratryggingar, örorku- og ellitryggingar, og eru ákvæði um þetta aðallega í 47.—50. gr. frv.

Erlendis er það víða svo, að í stað þess að öllum þáttum tryggingarinnar sé steypt saman í eina heild, eru þeir aðgreindir og þeim afmörkuð sín vissu ákveðnu svið, en hér í fámenninu mundi það verða mjög til sparnaðar að sameina þetta í eitt kerfi, sem yrði auk þess auðveldara í rekstri. Erlendis þykir bera t. d. talsvert á því, að sjúkratryggingar séu misnotaðar, einkum á atvinnuleysistímum. Með því að sjúkratryggingar og atvinnuleysistryggingar séu undir sömu stjórn, sem getur ákveðið t. d. dagpeninga beggja tryggingarinnar hina sömu, mundi niður falla öll freisting til misnotkunar.

Með tilliti til þeirra hlýlegu undirtekta, sem þessi mál hafa fengið á undanförnum þingum, má gera ráð fyrir, að eins muni fara enn, en þó má gera ráð fyrir, að einhver ágreiningur kunni að verða um einstök atriði, svo sem það, hve há iðgjöld skuli vera og sömuleiðis styrkir.

Í frv. er byggt á sama grundvelli og slysavarnalögin frá 1928, þar sem gert er ráð fyrir því, að sveitarfélög og atvinnurekendur standi straum af hinum lögboðnu tryggingum, en ekki beinlínis þeir, sem tryggðir eru. Dagkaup er ákveðið 5 kr. á dag, en lágmark 2 kr. Þó eiga þeir, sem hafa sérstaklega þunga fjölskyldu fram að færa, að fá nokkra uppbót, er miðast við tölu ómaganna.

Þó þessi lagabálkur sé allumfangsmikill, er okkur flm. það vel ljóst, að hann nær ekki yfir nema nokkurn hluta þeirra verkefna á þessu sviði, er bíða úrlausnar og leysa þarf, ef komast eiga í nokkurnveginn sæmilegt horf einföldustu þjóðfélagsmálin. Þess vegna gerum við ráð fyrir öðrum lagabálki um opinbera framfærslu. Í fyrsta lagi fyrir sjúklinga ýmist með ólæknandi sjúkdóma eða þá sjúkdóma, sem einangra þarf, eins og t. d. berkla; í öðru lagi um framfærslu barna, og í þriðja lagi um framfærslu þurfamanna í gamalli merkingu þess orðs, þeirra, sem ekki ná að heyra undir neinn lið hinna almennu trygginga, vandræðamannanna. Ef tryggingarnar samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, komast á, þá eru eftir aðeins þessir þrír flokkar manna, sem framfærslulög þarf að setja fyrir: sjúklingar, munaðarlaus börn og vandræðamenn. Í frv. því, sem hér liggur fyr-

ir, eru þó sett ákvæði til bráðabirgða fyrir þetta fólk. Þó vil ég vekja sérstaklega athygli á því, að frv. er samið með það fyrir augum, að bráðlega verði sett lög um framfærslu barna og annara, er frv. þetta nær ekki til. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um frv. í þetta sinn. Ég vil leyfa mér að vona, að sú n., sem fær það til meðferðar hér í þessari hv. þd., kalli mig á fundi sína, er hún tekur frv. fyrir. Ég er fús til að gefa henni ýmsar upplýsingar, sem kann að vera, að ekki finnist í grg., og veita ýmsar skýringar, ef þörf er á. Ég vildi svo mega vænta þess, að hv. allshn., sem ég legg til, að fái frv. til athugunar, standi sig betur með afgreiðslu þess en raun varð á á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Prestakallasjóður.

Á 15. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um prestakallasjóð (þmfrv., A. 86).

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál. Hefir það legið fyrir 2 síðustu þingum, en dagað þar uppi. En síðan það var flutt hér síðast, hefir þó gerzt það nýtt í málinu, að með l. hefir verið stofnað kirkjuráð. Skortir það mjög fé til allra framkvæmda, og virðist helzt vera hægt að afla þess fjár á þann hátt, sem hér um ræðir. Aftur myndi erfiðara að fá sérstaka fjárveitingu upp í fjárl.

Ég vil óska þess, að frv. verði vísað til allshn., eins og frv. um læknishéraðasjóði. Virðist eðlilegt, að þessi mál fylgist að, og getur þá n. athugað þau saman.

Jónas Þorbergsson: Ég vil biðja hv. n. að taka til athugunar brtt. mína á þskj. 94. Er þetta nú í 3. sinni, að hv. 3. þm. Reykv. ber fram þetta mál, og í 3. sinni, að ég ber fram nokkrar brtt. við það. Ætla ég ekki að fjölyrða um þær að þessu sinni, enda liggja þær ljósar fyrir. Það er rétt, að kirkjuráðið hefir lítið fé til umráða. En þegar athugað er, að til kirkjustarfsemi hér á landi er nú varið á fjórða hundrað þúsunda króna, en hinsvegar mikið af þeirri starfsemi færð yfir á ríkisútvarpið, án þess að því sé ætlað fé til þess, og að sú starfsemi verður því ekki eins fjölbreytt og skyldi, því að hvorki er hægt að borga presti né söngsveit nokkra þóknun — þá virðist það tæplega sanngjarnt. Óska ég, að n. vildi líta á þetta við afgreiðslu málsins.

Flm. (Magnús Jónsson): Þegar ég flutti þetta mál í 2. skipti á síðasta þingi, þá tók ég fullt tillit til till. hv. þm. Dal., en hinsvegar hefi ég nú fellt það úr frv., af því að mér finnst, að þar sem nú er komið kirkjuráð, sem ekki var áður, þá sé rétt að láta allt fé ganga þangað. Held ég, að kirkjuráðið muni taka fullt tillit til óska útvarpsins. Ég er því mjög hlynntur, að einhverju fé sé varið til eflingar útvarpsprédikunum, því að þær eru að mínu áliti eitthvert vinsælasta efni, sem útvarpið flytur. Er langt frá því, að ég haldi, að ekki beri að efla þær sem mest. En ég hefi ekki tekið þessar till. upp í frv., af því að ég álít, að þessi starfsgrein eigi að sækja um fé á sama vettvangi og aðrar.

Ég vil benda hv. n. á það, að þótt hún vilji taka tillit til þessarar till. hv. þm. Dal., þá held ég, að of frekt sé í farið, ef verja skal til útvarpsins helmingi fjárins. Mætti taka það fram með óákveðnum orðum, að nokkru af fénu skyldi varið til kirkjulegrar starfsemi útvarpsins. Myndi kirkjuráðið eflaust taka vel í það. Má ekki skilja orð mín sem andmæli gegn þessum till. hv. þm., heldur sem bendingar til n.

Jónas Þorbergsson: Ég hefi litlu að bæta við orð hv. flm. Skil ég, að hann treystir kirkjuráðinu til að ráða fram úr þessu máli og fara vel með féð. En eftir

því sem farið hefir um kirkjulega starfsemi í landinu, gæti hugsazt, að kirkjuráðið hefði nóga staði aðra en útvarpið, þar sem því fyndist ástæða til að koma fénu fyrir. En ég vil endurtaka þau orð mín, að mér þykir öll sanngirni mæla með því, að nokkru af þessu fé yrði varið til þess að halda uppi fjölbreytilegum útvarpsguðsþjónustum. Er og betri einn fugl í hendi en tveir í skógi, og vildi ég því helzt, að þetta væri fastákveðið. Vildi ég óska, að hv. n. og svo d. sæju sér fært að ákveða með l., hversu stór hluti fjárins skuli fara til útvarpsins.

Bergur Jónsson: Ég heyrði hv. flm. leggja til, að málinu yrði vísað til allshn., en þar sem hér á að stofna sjóð til eflingar kristindómi, fyndist mér eðlilegra að vísa því til menntmn., enda hefir það verið gert á undanförnum þingum.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég vil ekki metast um það, í hvora n. málið fer, en úr því að frv. um læknahéraðasjóði var vísað til allshn., þá er rétt, að þetta frv. fari þangað líka. Hefi ég ekkert á móti því í sjálfu sér, að málið fari í menntmn., en ég treysti líka allshn. til að afgreiða það sæmilega, og þar sem engin till. hefir komið fram um það, að því verði vísað til menntmn., en hinsvegar virðist eðlilegast, að bæði þessi mál fari til sömu n., þá legg ég til, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 13:10 atkv.

Á 71. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, 94, n. 558).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Náttúrufriðun, sögustaða o. fl.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl. (þmfrv., A. 95).

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Undir þinglokin á síðasta þingi flutti ég frv. shlj. því, sem hér liggur fyrir hv. þd. Þetta frv. er flutt eftir tilmælum nokkurra félaga, sem láta sér annt um þessa hluti. Aðalefni frv. er í 9 fyrstu gr. þess, og ganga þær út á það, að lögvernda ýmsa staði og náttúrufyrirbrigði hér á landi, sem eru sérkennileg eða að einhverju leyti óbætanleg, ef skemmd væru. Það þykir ekki rétt að láta skeika að sköpuðu um slíkt, heldur leggja bann við því, að einstaklingar skemmi slíka staði eða fyrirbrigði. Ég get nefnt sem dæmi t. d. þekkta sögustaði eins og Þingvelli. Ef þeir hefðu ekki verið friðaðir, en verið einstaklingseign, þá hefði eigandinn vel getað séð sér hag í því að taka Öxarárfoss til virkjunar, tæmt Öxará ofan við Almannagjá og eyðilagt þannig fossinn. En þó hér hefði máske verið um þarfan hlut að ræða, þá sjá allir, hvílík óhæfa slíkt verk hefði verið.

En það eru fleiri staðir hér á landi en Þingvellir, sem þyrftu verndar með, af því nokkur hætta kann að vera á því, að annars yrði þeim breytt, annaðhvort af skemmdafýsn eða þá fyrir það, að eigendur sæu sér peningalegan hag í því að nota staðina. Í seinna tilfellinu yrði að bæta hlutaðeigendum þann skaða, er þeir yrðu fyrir vegna þeirra friðunarráðstafana, sem gerðar yrðu. Hér er um að ræða fyrst og fremst forna sögustaði, og svo örfáar menjar frá fyrri öldum, sem munu þó í engu landi vera jafnfátæklegar og hér, sökum þess hve byggingarefni forfeðra vorra var forgengilegt.

Ég get hér nefnt sem dæmi forna þingstaðinn í Hegranesi. Það væri hægt að hugsa sér, að héraðsbúar tækju upp á því að breyta honum, t. d. byggðu þar fjárrétt eða því líkt, en slíkt væri mjög illa farið og væri ástæða til að hindra með lagakrafti. Og það má hugsa sér náttúrufyrirbrigði eins og Geysi meðan hann var við lýði. Það hefði verið hrein og bein óhæfa að taka þennan merkilegasta hver jarðarinnar og virkja heita vatnið til hitunar eða hreint og beint að skemma hann af strákskap.

Í frv. er farið nokkru lengra en þetta. Þar eru fyrirmæli um verndun fágætra jarðmyndana, dýralífs og gróðurs. Slíkt

væri auðvitað á hverjum tíma hægt að vernda með sérstökum lögum, en það má einnig gera með almennum l. Það má nefna geirfuglinn sem dæmi, þessa fágætu fuglategund, sem að síðustu var hvergi til nema á örfáum skerjum út af Reykjanesi, og var þar eyðilagður til fulls. Svo hefði ekki þurft að fara, ef til hefði verið löggjöf, er kom í veg fyrir slíkt með því að banna að afmá þennan merkilega fugl. Hið sama er að segja um ýmsar fágætar bergtegundir, sem ekki má eyðileggja, heldur á að vernda. Ég held því, að það orki varla tvímælis, að rétt er að setja lög um þetta efni, ef varlega er farið í sakirnar, eins og gert er í þessu frv. Í flestum tilfellum mundi verndun samkv. frv. ekki verða neinum til meins, en þegar svo væri, er gert ráð fyrir því, að þeir, sem fyrir hallanum verða, fái bætur fyrir. Um þessi mál á fyrst að fjalla n. skynsamra manna, síðan ráðh., og komi það í ljós, að þörf sé á því að vernda staðinn, þá á að koma fyrir hann sanngjarnt gjald til hlutaðeigandi manns og uppbætur á annan hátt, ef ástæður þykja til.

Í 10.—14. gr. frv. er komið inn á önnur nokkuð óskyld atriði, sem komizt hafa inn í frv. fyrir tilstilli þeirra félaga, sem um frv. hafa fjallað, svo sem Hið íslenzka náttúrufræðifélag og Ferðafélg Íslands, er hafa skotið inn í það ýmsum þörfum ákvæðum, er þau hafa áhuga fyrir, svo sem um merkingu villifugla, auglýsingar á víðavangi, þrifalega umgengni á áningarstöðum o. fl. Ég held, að í raun og veru séu þessi ákvæði öll þörf og rétt að setja þau, þótt ég leggi ekki eins mikla áherzlu á það. Sú n., sem væntanlega fer með þetta mál, ef hv. d. vill láta það ganga áfram, getur þá náttúrlega þurrkað það út, sem hún telur þarflaust að setja lög um.

Ég skal ekki þreyta hv. þd. með lengri framsögu í þessu máli, sem er í raun og veru mjög einfalt, en ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

13. Lögreglustjóri í Keflavík.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lögreglustjóra í Keflavík (þmfrv., A. 97).

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Ég þarf ekki langa framsögu um þetta mál. Frv. fer fram á, að stofnað verði lögreglustjóraembætti í Keflavík og ríkissjóður greiði árlega 2 þús. kr. til launa lögreglustjórans. Frv. er að öðru leyti sniðið eftir samskonar frv. um lögreglustjóra á Akranesi, og er einnig svipað frv., sem liggur fyrir þinginu nú um lögreglustjóra í Bolungavík. Hvað viðvíkur nauðsyninni á þessu embætti, þá læt ég mér nægja að vísa til grg. frv., sem ber það með sér, að þetta er mjög eindregin ósk manna þar syðra, og óskirnar eru runnar af þeim rótum, að oddvita- og hreppstjórastarfið er orðið svo umfangsmikið, að ekki er lengur ætlandi einum manni að hafa það á hendi fyrir jafnlítið endurgjald, og er nú komið svo, að ekki er talið viðunandi það ástand, sem nú er. Hefir nú verið horfið að því að bera fram þessa ósk um lögreglustjóra. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Sveinbjörn Högnason: Ég geri þá till., að málinu verði vísað til fjhn., því samskonar máli var vísað til fjhn. eftir ósk stj. í gær.

Flm. (Ólafur Thors): Ég vil bara benda á það, að samskonar frv., sem liggur fyrir þinginu um lögreglustjóra í Bolungavík, hefir verið vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 13:2 atkv.

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var útbýtt nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 876, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Síldarvíxlar á Austfjörðum.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um greiðslu víxilskulda á Austfjörðum vegna Síldareinkasölu Íslands 1931 (þmfrv., A. 98).

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Í frv. þessu á þskj. 98 er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði eftirstöðvar nokkurra víxla, sem Síldareinkasalan ábyrgðist fyrir síldareigendur á Austfjörðum 1931 og lét þá selja þar til lúkningar á verkunarlaunum síldarinnar og öðru, er einkasalan átti að greiða við móttöku síldarinnar. Upphæð þessara víxla, sú ógreidda, er nær 70 þús. kr., eða einhversstaðar milli 67—70 þús. kr. Nú kann ýmsum að finnast, að til mikils sé hér mælzt. En í raun og veru er ekki um annað að ræða en að þessir menn, sem eiga hlut að máli, fái að njóta jafnréttis við aðra viðskiptavini Síldareinkasölunnar, bæði norðanlands og vestan; frekari eru kröfurnar ekki en það. Hreinskilnislega sagt hefir verið leikið svo ósæmilega á þessa síldareigendur austanlands, að slíks munu fá dæmi í almennum viðskiptum. Norðanlands og vestan lagði einkasalan útgerðarmönnum til tunnur allar og salt og greiddi verkunarlaun að auki víðast hvar 2 kr. fyrir innihald hverrar tunnu. En á Austurlandi greiddi hún alls ekkert og lagði sumum síldveiðimönnum hvorki til tunnur né salt. Útgerðarmenn þar urðu að útvega sér þessa hluti sjálfir og greiða verkunarlaunin að auki af eigin fé. Liggur því mjög nærri að álíta, að þeir hafi beittir verið saknæmum svikum af einkasölunni. Ég endurtek það, að hér er aðeins farið fram á, að þessir menn fái að njóta jafnréttis við aðra viðskiptavini einkasölunnar. Mér finnst ég verði að gera ráð fyrir því, að allir sanngjarnir og réttsýnir menn muni hljóta að fallast á það, að ekki sæmi að láta nokkurn hluta af skiptavinum einkasölunnar fórna fé sínu fyrir hana og sæta þeim afarkostum, sem lýst hefir verið. Ég vil ekki tefja tímann að óþörfu með því að hafa þessi skýringarorð fleiri. Ég þykist mega vænta góðra undirtekta undir þetta mál og vil að lokum óska þess, að málinu verði vísað til fjvn. Það getur að vísu verið álitamál, hvort það ætti ekki að fara til allshn. En ég geng að því vísu, að þingheimur allur viðurkenni, að hér sé ekki nema um sjálfsagt sanngirnismál að ræða, og að það verði því að lokum hlutverk fjvn. að gera till. um það, hvað langt verði hægt að fara í þessu efni. Vitanlega förum við flm. fram á, að öll upphæðin verði greidd, en hugsanleg er þó málamiðlun í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Sjúkrasjóður ríkisins.

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sjúkrasjóð ríkisins (þmfrv., A. 111).

Á 20. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Frv. þetta miðar í þá átt að koma betra skipulagi á úthlutun þess fjár, sem ríkið veitir árlega til læknishjálpar fátækum sjúklingum með persónuveitingum. Hefi ég átt tal við fjvn. um málið, og tók hún vel í það. Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en geri það að till. minni, að því verði vísað til fjvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjvn. með 16 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 548).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Fjvn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. Hún telur rétt, að ríkið geti hlaupið undir bagga í sérstökum veikindatilfellum, eins og þeim, sem 3. gr. þessa frv. nefnir, og telur hentara, að heilbrigðisstj. sé falin úthlutun á þeim styrk, sem hér er gert ráð fyrir, að verði veittur úr sérstökum sjóði. Ég vil benda á það, að þó að ætlazt sé til, að heilbrigðisstj. úthluti hjálp til sjúklinganna, þá er það þingsins í hvert sinn að ákveða, hversu mikilli upphæð skuli varið í þessu augnamiði, og n. vill lýsa yfir, að þá upphæð ber að skoða sem fasta veitingu, en ekki áætlunarupphæð. Aðaltilgangur þessa frv. mun vera sá, að hjálpa mænuveikum sjúklingum, þegar sú voðaveiki er á ferðinni, eins og líka hefir verið gert áður. Nú er þannig háttað, að þessi veiki hefir með meira móti gert var við sig í fyrra, og liggja margir sjúklingar til og frá um landið lamaðir í þessari ógnarveiki og þarfnast sárlega hjálpar, til þess að þeir geti vænzt bata, og ég geri ráð fyrir því, að þó að þetta frv. verði samþ., sem ég vænti fastlega, þá þurfi þessir sjúklingar, sem ég nefndi, á hjálp að halda nú þegar, þar sem veikinni mun þannig háttað, að hjálpin komi því aðeins að notum, að hún sé ekki dregin neitt til muna. Ég vænti, að ef frv. fær fram að ganga, þá sjái stj. sér fært að hjálpa þessum mönnum upp á væntanlegt samþykki þingsins á eftir, eins og gert hefir verið einmitt oft áður, þegar líkt hefir staðið á.

Þetta frv. er ljóst og stutt og ég sé ekki þörf á að fara fleiri orðum um það fyrir n. hönd. Að vísu var einn nm. ekki viðstaddur, þegar n. tók þessa ákvörðun sína, en hann mun gera grein fyrir, hvort hann hafi nokkuð sérstakt við það að athuga, þó að málið gangi fram.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. n. tók fram, var ég ekki við, þegar n. tók endanlega afstöðu til þessa máls. Í rauninni hafði mál þetta verið borið fram í n. áður en hv. þm. Ísaf. bar hér fram þetta frv., og ég man ekki betur en að hann hreint og beint færi fram á það við n., að hún tæki að sér flutning þessa máls, en það vildi hún hinsvegar ekki gera, og svo kom hv. þm. fram með þetta frv. Ég get lýst því yfir sem minni skoðun, að ég sé ekki beint ástæðu til að vera að gera þá breyt. í þessum efnum, sem farið er fram á í þessu frv. Undanfarið, þegar eitthvað sérstakt hefir borið að höndum, eins og t. d. þegar mænuveiki hefir geysað yfir, hefir þingið um langt skeið veitt fé í fjárl. til þess að hjálpa þessum sjúklingum, og hefir ríkisstj. ráðstafað því í samráði við landlækni. Svo föst venja hefir komizt á það að hjálpa þessum sjúklingum, að þó að fjárveiting sú, sem staðið hefir í fjárl. hvert ár, hafi ekki hrokkið til, þá hefir verið farið fram yfir þessa fjárveitingu, eftir því sem þörf var á, sem svo aftur hefir verið tekið upp í fjárl. Svo ég sé ekki, með tilliti til þessara mænusóttarsjúklinga, að nein knýjandi þörf sé til þess að fara að binda þetta með l., eins og gert er ráð fyrir með þessu frv. Hinsvegar má fyllilega gera ráð fyrir því hvað aðra sjúkdóma snertir, sem taldir eru upp í þessu frv., að það geti rýmkazt svo um þessar reglur, sem hér eru settar, að það geti orðið til þess, að í þessum efnum verði farið nokkru lengra ofan í vasa ríkissjóðs en gert væri, ef þetta væri enn óbundið. Hinsvegar myndi það verða svo, þegar sérstök aðkallandi þörf væri fyrir hendi, að þingið myndi ekki bregða frá þeirri venju, sem verið hefir um að veita fé til styrktar í sérstökum tilfellum. Ég held, að með þessu frv. sé verið að búa til einn nýjan spítala í viðbót, sem margt geti rúmazt í, sem ekki væri beint þörf á að veita fé til úr ríkissjóði, en sem með þessu frv. væri einskonar skylda að styrkja, þ. e., sem hægt væri að teygja undir ákvæði þessa frv., og þess vegna sé verið með þessu að gefa undir fótinn að auka fjárveitingar í þessu skyni frá því, sem verið hefir með því fyrirkomulagi, sem nú er. Það

sést á því yfirliti, sem hér er gefið um fjárveitingar í þessu skyni á árunum frá 1924—1931, að það eru ákaflega mismunandi fjárhæðir, sem veittar hafa verið í fjárl. á þessum árum, allt frá 3 þús. og upp í 12 þús. kr., þegar hæst hefir farið. Þegar búið væri að slá því föstu, að setja þessar fjárveitingar í eitt, þá geri ég ráð fyrir, að það myndi verða nokkuð föst fjárveiting í fjárl., þannig, að þó að ekki bæri neitt sérstakt að höndum, þá myndi þessi fjárveiting verða notuð eigi að síður, og á þann hátt myndi ríkissjóði með þessu verða sköpuð nokkru meiri útgjöld en verið hefir.

Ég vil benda á það, að með breyt. þeim, sem gerðar voru á fátækral. á síðasta þingi, hefir myndazt betri aðstaða fyrir sveitarfélögin, sem verða oft að taka á sig mikinn þunga af slíkri sjúkraframfærslu, því að þegar sjúkrakostnaður fer fram úr vissri upphæð, þá hleypur ríkið sjálft undir bagga með þeim. Þetta dregur nokkuð úr þörfinni á því, að ríkið grípi hér inn í á þann hátt, sem ráð er fyrir gert. Get ég því ekki fallizt á það, að þetta frv. verði samþ., og vil heldur búa við það skipulag þessara mála, sem hingað til hefir ríkt.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Það er í rauninni ekki mikið, sem hv. þm. Borgf. og n. ber á milli. A. m. k. er hann n. sammála um, að 1. liður 3. gr. geti staðizt. Það er áreiðanlega mikilsverðasti liðurinn. Auk þess eru 3 liðir, þar sem gert er ráð fyrir, að styrkja megi úr sjóðnum menn, sem hafa sjúkdóma, er ekki koma undir flokkinn „langvarandi sjúkdómar". Í mörg undanfarin ár hefir það tíðkazt að veita sjúklingum þeim, sem 3. gr. getur um, nokkrar upphæðir. Hefir t. d. verið varið nokkru fé til útrýmingar geitum í landinu, og eins til þess, sem getið er í 4. lið, að útvega mönnum gervilimi. Nú telur hv. þm., að þetta myndi verða teygt yfir víðara svið, ef ráðh. eigi að úthluta styrkjunum. Ég er ekki hræddur um það. Hitt hefði mér fundizt óheppilegra, að þingið ætti að ákveða það í hvert skipti, hvort styrkur skyldi veittur. Ástæðan til þess er sú, að þingið hefir mjög litlar ástæður til að dæma um þörf sjúklinganna á styrkjum. Þingið hefir oft tekið til greina slíkar beiðnir, en mér virðist það stundum hafa verið af handahófi gert. Hefir veitingin oft farið meira eftir því, hvort hlutaðeigendur hafa átt sér örugga talsmenn í þinginu en efnahagsástæðum þeirra og annari aðstöðu. Verður þetta eflaust betra, ef heilbrigðisstjórn á að meta það í hvert sinn. Býst ég ekki við, að hægt verði að halda því fram, að meira fé muni verða veitt í þessu skyni með þessu fyrirkomulagi en verið hefir með því skipulagi, sem nú er.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. frsm. fjvn. hélt ekki, að hætt myndi við, að ákvæði frv. myndu verða teygð út á víðara svið en verið hefði, þótt það yrði samþ. óbreytt, því að það væri bundið í frv., hvað undir þetta gæti komið. Það er rétt, að í frv. er tiltekið, í hvaða tilfellum megi veita styrk úr sjóðnum, en þetta er þó svo óákveðið, að því nær engin takmörk eru fyrir því, hvað hægt er að teygja þessi ákvæði. Í 4. lið 3. gr. stendur t. d., að styrkhæfir séu „örkumla menn, til að standast kostnað við útvegun nauðsynlegra gervilima, varanlegra umbúða, sjúkravagna o. s. frv." **(IngB:** *Þetta er það sama og nú gildir*). *Já*, en það er þó á valdi þingsins að kveða á um þetta í hvert skipti. Samkv. frv. á aftur á móti að leggja þetta allt í hendur heilbrigðisstjórnar.

Hv. frsm. sagði, að mikilsvert væri að koma öllum reipdrætti um þessar fjárveitingar út úr þinginu. Þessi röksemd hefir líka verið notuð til þess að koma því á, að sérstökum nefndum yrði falið að veita námsstyrki, en ekki þinginu. Þó úir og grúir af námsstyrkjum ár hvert í fjárl. Ber þá líka eitthvað nýrra við, ef þetta frv. útilokar allar fjárveitingar þingsins í þessu efni.

Sveinbjörn Högnason: Ég ætla aðeins að segja nokkur orð út af einu atriði í ræðu hv. þm. Borgf. Hann sagði, að vegna breyt. þeirra, sem gerðar voru á framfærslul. hér í fyrra, væri sveitarfélögum auðveldara að styrkja sjúklinga nú en áður. Þessar breyt. voru nú aðallega í því fólgnar af afnema ríkisstyrk til sjúklinga á fátækraframfærslu. Vegna þess,

að þau hafa nú alla framfærsluna á sinni könnu, ætti þeim að vera auðveldara að veita styrki í þessu skyni! Ég sagði í fyrra, að það væri vafasöm hjálp, sem sveitarfélögum væri veitt með þessum breyt., ef styrkur til sjúkraframfærslu væri afnuminn. Þetta kemur nú í ljós. Ég þekki fátæk sveitarfélög, sem fengið hafa 2000 kr. aukningu á föstum framfærslukostnaði vegna þessa. Er því nauðsyn að afnema þetta og láta ríkið bera nokkuð af sjúkraframfærslu þurfalinga.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Andmæli hv. 2. þm. Rang. eru byggð á misskilningi. Þegar um er að ræða sjúkrahúsdvöl þurfalings, þá er tekinn burt sá styrkur, sem ríkissjóður veitti áður. En hér er alls ekki um sjúkrahúsdvöl að ræða. Sést það bezt á því, að mænusjúklingar t. d. eiga því aðeins að vera styrkhæfir, að þeim sé batavon. En þeir geta orðið þungi fyrir sveitarfélagið, þótt þeir fari ekki í sjúkrahús. Í slíkum tilfellum fá þau kostnaðinum af sér létt, ef hann fer upp úr vissu marki. Það er aðeins þegar um sjúkrahúsdvöl er að ræða, að þau missa nokkurs við fyrir samþykkt síðasta þings. Þá má benda á það, að í frv. er það fleira en læknishjálp og aðhlynning, sem kemur til greina, þar sem það hefir inni að halda ákvæði um útvegun gervilima, sjúkravagna o. s. frv.

Ég veit ekki, hvort mér hefir tekizt að gera hv. þm. þetta skiljanlegt, en hitt þykist ég vita, að allir aðrir munu hafa skilið þetta til fulls.

Sveinbjörn Högnason: Ég get byrjað á svipuðum orðum og hv. þm. Borgf. Andmæli hans gegn orðum mínum eru byggð á algerðum misskilningi. Ég er ekki að tala um styrk þann, sem sveitarfélög fá á þá sjúklinga, er hér um ræðir. Ég er aðeins að andmæla því, að sveitarfélög séu nú betur fær um að sjá þessum sjúklingum farborða vegna breyt. þeirra, sem gerðar voru í fyrra, þar sem kostnaður við sjúkrahúsdvöl þeirra færist af ríkinu yfir á sveitarfélögin sjálf. Þetta ættu allir að geta skilið.

Hannes Jónsson: Mér þykir það einkennilegt, hvernig hv. fjvn. afgreiðir þetta mál. Kemur mér það undarlega fyrir sjónir, hversu lítið er tekið undir aths. hv. þm. Borgf. Er það búið að margsýna sig, hversu mjög ákvæðin um úthlutun peninga þeirra, er menntamálaráðið átti yfir að ráða, verka í þá átt, sem ætlazt var til. Þau áttu að taka út úr þinginu allar fjárveitingar í þessu efni, en reyndin hefir orðið þveröfug. Þegar menntamálaráðið er búið að úthluta þeim styrk, sem það ræður yfir, þá koma hinir til þingsins, sem menntamálaráð hefir ekki veitt styrk, og fá þá oft meira en hinir. Skyldi ekki geta farið svo hér, að þeir, sem landlæknir hefir ekki lagt til, að fengju styrk, kæmu til þingsins og fengju e. t. v. hærri styrk en hinir? Er ástæðulaust að fara nú að stíga sporið áfram til að auka á vitleysuna í úthlutun þeirra styrkja, sem hér er um að ræða.

Ég held, að misskilningurinn milli hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Rang. sé meiri á hlið hv. 2. þm. Rang. Sjúkrahússtyrkur sá, sem settur var á sveitirnar með lagabreytingunum í fyrra, hefir litla þýðingu fyrir meðaltalssveitarþyngsli í landinu, en hann hefir aftur nokkra þýðingu fyrir þær sveitir, sem minnstan kostnað hafa haft af fátækraframfærinu, og er það ekki nema rétt, að þær borgi líka sinn hluta. Í l. þeim, sem afgr. voru hér í fyrra, var verið að reyna að skapa jafnvægi milli byrða hinna ýmsu sveitarfélaga. Vildi ég því óska, að hv. þingd. vildi athuga málið vel, áður en hún gengi inn á þá varhugaverðu braut, sem hér ræðir um. Sérstaklega kemur mér það einkennilega fyrir sjónir, að mikill hluti fjvn.manna gengur inn á þessa braut. Með þessari stefnu er verið að skapa aukið ósamræmi milli fjárveitinga þingsins og styrkja, sem menntamálaráðið veitir.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Mér virðist mótmælin frá andmælendum þessa frv. aðallega liggja í því, að þeim finnst viðsjárvert að sleppa ráðstöfunarréttinum úr höndum þingsins hvað umræddar styrkveitingar snertir. En mér hinsvegar þykir það mikill kostur að koma þeim út úr þinginu og tel þær muni miklu réttlátari í höndum heilbrigðisstjórnarinnar.

Fella hv. þingmenn úrskurð um, að hverju þeir hallast í þessu efni, með atkv. sínu.

Hannes Jónsson: Ég hélt nú, að hv. þm. S.-Þ. væri orðinn svo kunnugur í fjvn., að hann vissi, að slíkar fjárveitingar gætu aldrei horfið úr þinginu. Hefir þingið losnað við styrkbeiðnir síðan menntamálaráðið kom? Nei. Mér þætti raunar ekkert á móti því að hafa menntamálaráð til þess að gefa fjvn. leiðbeiningar um niðurskiptingu styrkja, er þingið veitti.

Það, sem okkur gengur til, er ekki það, að okkur þyki svo gaman að hafa þessar fjárveitingar með höndum. En við viljum meira samræmi í úthlutuninni. Og þó að þetta frv. verði að l., sleppa hv. þm. samt ekki við að hafa með höndum slíkar fjárveitingar.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Það getur verið, að fjvn. sleppi ekki að fullu við að fjalla um svona styrkbeiðnir, en hitt er víst, að það er léttara fyrir hana að vísa þeim frá sér, ef sjúkrasjóðurinn er til. Mín skoðun er sú, svo að ég snúi mér að styrkjum til námsmanna, sem hv. þm. V.-Húnv. drap á, að ef enginn ákveðinn námsstyrkur væri fyrir hendi, mundi miklu meira veitt af þingsins hálfu til námsstyrkja. Þó að mikill fjöldi námsmanna sæki um styrki til menntamálaráðs umfram þá, sem einhverja úrlausn fá, og þeir leiti síðan margir til þingsins, þá eru það nefnilega fáir, sem komast í fjárlögin. Og þá aðeins fyrir harðfylgi einstakra þm., sem ganga berserksgang til þess að koma sínum skjólstæðingum að.

Hvað sjúkrahjálp snertir verður sjálfsagt erfitt að losna til fulls við hana úr þinginu, en það er þó hægara, ef hægt er að benda á sjóð, sem er sjúkum mönnum til styrktar og þeir geta leitað til. En mér virðist að ágreiningurinn sé um þetta, að andmælendur frv. telji, að betra samræmi verði í styrkveitingunum, ef þingið hefir þær. (**HJ:** Betra en verður, ef báðir aðilar hafa þær með höndum). Já, en það er ekki meiningin. (**HJ:** En það verður samt svo). Ég held fast við það, að miklu hægara verði að vísa slíku út úr þinginu, ef þessi breyt. verður tekin upp, samræmi fáist betra og meiri sanngirni í sjúkrahjálpinni eftir þessu frv. en ella mundi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:7 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 111).
Á 68. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjvn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Landamerki Borgarhrepps í Mýrasýslu.

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um landamerki Borgarhrepps í Mýrasýslu** (þmfrv., A. 114).

Á 21. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta frv. er flutt fyrir beiðni hreppsn. Borgarhrepps, og ástæðan til þess er sú, að það er þræta um afréttarlönd milli sveitanna Borgarhrepps og Stafholtstungnahrepps, þannig að nokkuð mikill hluti af afréttarlandi Borgarhrepps liggur innan lögsagn-

arumdæmis Stafholtstungnahrepps, en Borgarhreppur vill fá þessu breytt þannig, að þeir fái sín eigin afréttarlönd inn fyrir lögsagnarumdæmi þeirra sjálfra. En inn á milli Borgarhrepps og afréttarlands hreppsins liggur ofurlítil tunga, sem Stafholtstungnahreppi tilheyrir, og eftir því sem mér virðist, þá liggur það næst, ef um sölu á því landi væri að ræða, að Borgarhreppur fengi landið, til þess að rétta og lagfæra landamerkin milli þessara hreppa. Ég skal geta þess, að því hefir verið haldið nokkuð fast fram af hendi Stafholtstungnahrepps, að þeir vilja hvorki missa þessa litlu skák, sem þeir eiga, né missa afréttarland Borgarhrepps út úr sínu lögsagnarumdæmi. Ég skal geta þess, að mér hafa borizt umsagnir um málið, bæði frá Stafholtstungnahreppi og Norðurárdal, og ég býst við, að hlutverk n. verði aðallega það, að fá nokkurskonar sameiginlega niðurstöðu þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og ráða málinu til lykta á þeim grundvelli.

Ég mun leggja í hendur n. öll gögn, sem ég hefi, og treysti henni til að ráða þannig fram úr málinu, að öllum aðilum verði fyrir beztu og allir megi vel við una. Í því trausti legg ég málið fyrir þingið og óska þess, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Kaup á Ólafsdal.

Á 20. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu til stofnunar fyrirmyndarbús í Vestfirðingafjórðungi (þmfrv., A. 131).

Á 22. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Mál það, sem þetta frv. fjallar um, er ekki alveg nýtt í þinginu. Í fjárl. fyrir 1920—21 var stj. eftir till. fjvn. heimilað að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu. Flm. þeirrar till. mun hafa verið þáv. þm. Dal., Bjarni Jónsson frá Vogi. Eftir því, sem fram kom í framsögu, var bak við till. tvennskonar tilgangur. Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir, að ekkja Torfa heitins Bjarnasonar þyrfti að selja eign sína sér í óhag, jörðina með mannvirkjum öllum hverjum óvöldum manni, sem hafa vildi, eins og það er orðað í framsöguræðunni. Í öðru lagi var sú hugsjón, að jörðin væri hentug til skólastofnunar, sem fyrirhuguð var við Breiðafjörð eftir gjafabréfi Herdísar Benedictsen. Nú er þessari skólastofnun ráðstafað á annan veg, eins og kunnugt er. En Ólafsdalur er eigi að síður jafnhæfur til opinberra nota og að vísu enn hæfari en áður, af því að samgöngur eru stórum bættar síðan 1920—21.

Í lögum um byggingar- og landnámssjóð frá 1928 er stj. þess sjóðs heimilað að veita lán til byggingar á 4 fyrirmyndarbúum, einu í hverjum landsfjórðungi. Skilyrði fyrir því, að slík lánveiting fari fram, er, að Búnaðarfél. mæli með fjárveitingunni. Ég tel rétt að binda þau kaup, sem hér er farið fram á, hinu sama skilyrði. Það, sem fyrir mér vakir í þessu máli, er það, að þegar séu fest kaup á þessari jörð til þeirra fyrirhuguðu nota, sem um ræðir í nefndum lögum. Ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, leiti álits Búnaðarfél. Íslands um þetta mál. Og þar sem búnaðarþingið mun koma saman 18. þ. m., þá er hæguriinn hjá að hafa búnaðarþingið á bak við sig í þessu máli. Ég vænti, að þær undirtektir, svo og undirtektir hv. deildar verði góðar í þessu máli, og leyfi mér svo að óska þess, að málinu verði að lokinni umr. vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17. shlj. atkv., og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

18. Aðflutningsgjald af fiski og síld.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um aðflutningsgjald af fiski og síld (þmfrv., A. 149).

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Eins og getið er um í grg. frv., er það borið fram vegna þess, að það er nauðsynlegt fyrir síldarútveg landsmanna, að lagðar séu meiri hömlur á sölu erlendra veiðiskipa hér á landi en verið hafa hingað til. Annars vil ég ekki við þessa umr. gefa tilefni til deilu um málið. Það, sem um það þarf að segja nú, er tekið skýrt fram í grg. Vona ég, að hv. d. leyfi málinu að ganga til 2. umr., að þessari umr. lokinni, og til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til sjútvn. með 14:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Aukatekjur ríkissjóðs.

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 frá 1921, um aukatekjur ríkissjóðs (þmfrv., A. 160).

Á 27. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Á öndverðu þessu þingi bar stj. fram frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum. Það frv. er lagt fram til að ráða bót á þeim annmörkum, sem nú eru á afsals- og veðmálabókum og myndast við það, að menn vanrækja að láta aflýsa veðbréfum sínum. Þetta litla frv. um breyt. á aukatekjul. fer fram á, að aflýsingargjaldinu verði breytt þannig, að í stað þess að menn nú greiði mismunandi upphæð, frá 2—12 kr., þá verði nú eitt gjald ákveðið fyrir öll bréfin, án tillits til upphæðar, og sé það 3 kr. Þegar þess er gætt, að öll þau skjöl, sem eru undir 5000 kr. að upphæð — og það er meginþorri allra þeirra skjala, sem aflýst er —, þá er auðséð, að flest skjöl lenda undir 3 kr. gjaldi. Aftur eru alltaf nokkur skjöl, sem eru hærri að upphæð, og stundum myndi því þurfa að greiða meira gjald. En hér er þó við að athuga, að ef fast lægra gjald væri ákveðið, þá er ég sannfærður um, að menn myndu almennt skila skjölum sínum til aflýsingar miklu frekar en nú er. Þannig myndi að miklu leyti hægt að ráða bót á því ólagi, sem nú er á afsals- og veðmálabókunum. Það er mjög bagalegt fyrir menn, þegar þeir þurfa að fá veðbókarvottorð, að þá skuli hvíla á eignunum allskonar veðbönd óaflýst. Það má auðvitað segja, að þetta sé þeirra sök og að þeir hafi vanrækt að láta aflýsa bréfunum, en oft er það, að þeir hafa alls ekki skjölin, og er þá ekki um annað að gera en fá þau ógilt með dómi, til þess að þeir geti notað eign sína til nýrra veðsetninga. Þetta getur valdið eigendum miklu óhagræði og óhæfilegum kostnaði. Ég held, að þetta nýja gjald, sem nú er stungið upp á, myndi festast fljótt í hugum manna og að þeir myndu frekar koma sér að því að senda bréfin til aflýsingar, þegar þeir vissu nákvæmlega, hvaða gjald skyldi fylgja. Svo væri og sýslumönnum og bæjarfógetum hægra um hönd að benda mönnum á nauðsyn aflýsingarinnar, bæði fyrir þá sjálfa og einnig til þess að embættismennirnir gætu haft bækur sínar í lagi. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að hér geti ekki verið um neitt verulegt tap fyrir ríkissjóð að ræða, því að þótt gjaldið yrði ákveðið lægra en það er nú í nokkrum tilfellum, þá myndi bréfunum, sem aflýst yrði, fjölga gífurlega.

Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vísa til grg. um hin einstöku atriði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 15:1 atkv.

Á 40. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 160, n. 268).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Lægsta aflýsingargjald er nú 2 kr., en hæsta 12 kr. Menn vita ekki, hve mikið þeir eiga að senda og láta því niður falla að aflýsa skjölum. Nefndin vill þó ekki samþ. ákvæði frv. óbreytt, að allar aflýsingar kosti 3 kr., heldur hafa tvo gjalddaga, svo að ríkissjóður tapi ekki á breytingunni, en þó sé þetta þægilegra en áður fyrir þá, sem þurfa að láta aflýsa skjölum, svo að menn láti það síður undir höfuð leggjast. En það hefir verið eitt af mestu vandkvæðum hjá bæjarfógetum og sýslumönnum að hafa veðmálaskrárnar í lagi, af því að menn hafa trassað að aflýsa skjölum.

ATKVGR.
Brtt. 268 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 299).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 299).
Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Fasteignamat.

Á 30. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á núgildandi fasteignamati (þmfrv., A. 180).

Á 31. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson): Fasteignamatslögin, sem gera ráð fyrir því, að metnar séu fasteignir í landinu, þannig að matið gildi í 10 ár, eru auðsjáanlega ekki miðuð sérstaklega við svo örar sveiflur á verðmætunum eins og eiga sér stað, þegar sérstakir óróatímar eru í fjármálunum og kemur m. a. fram á vorum tímum. Það er ákaflega erfitt á slíkum tímum, sem nú eru, að gera slíka áætlun fyrir 10 ára tímabil. Kreppan, sem nú stendur yfir, er búin að vinna sitt verk nú um nokkurn tíma og afleiðingar hennar eru orðnar mjög áberandi. Þetta kemur m. a. fram í röddum og kvörtunum, þar sem farið er fram á að létta einhvernveginn fyrir mönnum afleiðingum kreppunnar. Kemur þetta fram í óskum um vaxtalækkun, skattalækkun og annað slíkt. Það hefir þess vegna komið nokkuð ónotalega við og er dálítið þversum við annað, sem er að gerast, þegar matið á fasteignunum í landinu, sem nú er nýlega gengið í gildi, fer í alveg þveröfuga átt við allt þetta. Í stað þess, að kreppan hefir valdið því, að fasteignir hafa yfirleitt stórlega lækkað í verði, þá kemur matið og færir upp verð allra fasteigna í landinu að stórum mun. Samtímis því, að raddir koma fram um að lækka skattana og létta á mönnum byrðinni, þá hækka þeir skattar til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, sem byggðir eru beinlínis eða óbeinlínis á fasteignamatinu, til stórra muna. Það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að fram komi raddir um að lag-

færa þetta og samræma til bráðabirgða. Það er það, sem farið er fram á í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það skal játað, að ég er ekki svo kunnugur alstaðar á landinu, að ég geti sagt um, hve rétt það fasteignamat er, sem nú gildir, en það er vitanlegt, að þegar matið var framkvæmt, voru aðstæður aðrar, a. m. k. þegar byrjað var á því, og voru orðnar aðrar, þegar matið gekk í gildi, og munurinn fer alltaf vaxandi. Þó hefi ég sannar og áreiðanlegar fregnir um það, að víða á landinu nær fasteignamatið aldeilis ekki nokkurri átt. Það er ekki það, að 10% lækkun mundi koma því í rétt horf, heldur þyrfti til þess miklu, miklu meiri niðurfærslu. Mér er kunnugt um það, að í kauptúni í einum parti landsins, sem ég fyrir ákveðin atvik hefi kynnzt, þar er fasteignamatið, eftir því sem metið hefir verið af þar til mjög hæfum mönnum, svo mikið of hátt, að láta mundi nærri, að draga yrði frá ⅓ og allt niður í það, að fasteignir væru ekki nema ⅒ hluti verðs á móts við það, sem fasteignamatið ákveður.

Mér er óskiljanlegt, hvers vegna fasteignamatinu hefir verið hagað svona. Á slíkum stöðum nær það ekki nokkurri átt og fer í bága við tilgang 2. gr., þar sem sagt er, að fasteign skuli meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Það getur auðvitað ekki náð nokkurri átt að meta fasteign þrefalt eða fimmfalt eða þar yfir hærra en nokkur maður vill kaupa fasteignina fyrir, Þó að sleppt sé slíkum öfgatilfellum, sem munu vera nokkuð víða á landinu, þá er það vitanlegt, að fasteignir hafa lækkað stórkostlega í verði, jafnvel þar, sem þær hafa haldið bezt verði, eins og t. d. hér í Rvík, hvort heldur er miðað við það verð, sem eignin gengur kaupum og sölum, eða miðað er við afrakstur hennar, t. d. ef miðað er við húsaleiguna. Húsaleigan hefir lækkað mjög mikið í Rvík. Þau tilfelli, sem ég þekki, eru undantekningarlaust öll þannig, að þar hefir leigan lækkað allt að því um 20% nú á síðustu tímum. Það lætur þess vegna mjög nærri, að eftir l. sjálfum eigi nú að fara fram einskonar endurmat. Skv. 1. gr. getur eigandi fasteignar krafizt endurmats, ef verðmæti eignarinnar rýrnar til muna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, og það eru ekki neinar undantekningar gerðar, af hvaða ástæðum það er, að eignin rýrnar til muna í verði. Það getur eins verið, að atvinnurekstur í einhverju sjávarplássi versni og jafnvel hverfi, eignirnar þar rýrna í verði, og þá er matið orðið skakkt. Skv. 2. gr. á líka, þegar matið fer fram, að hafa til hliðsjónar, hverjar tekjur geti fengizt af fasteigninni. Það er ekki nema sanngjarnt að taka tillit til þess. Ég hygg, að kreppan hafi orðið þess valdandi, að allar fasteignir í landinu hafa lækkað í verði, og þó ekki sé tekið tillit til neinna annara beinna eða óbeinna afleiðinga kreppunnar, þá er það víst, að fasteignirnar í landinu hafa hvergi lækkað minna en 10%; það er víst áreiðanlegt. Eftir l. frá 1931 var sett hér einskonar landsskattanefnd til þess að samræma matið í landinu, og þetta hefir sjálfsagt verið skynsamleg ráðstöfun, þó að það megi vera erfitt fyrir þá menn, sem sitja í þeirri n., að vera svo kunnugir alstaðar á landinu, að fullt samræmi geti orðið hvað matið snertir, hvar á landinu sem er. Þegar n. starfaði í fyrsta skipti, þá færði hún upp um 10% allt mat a. m. k. hér í Rvík og í Hafnarfirði. Mér er ekki alveg kunnugt um, hvort þetta átti að vera til þess að samríma matið á þessum stöðum við matið annarsstaðar á landinu. Hefði legið nær, að yfirmatsnefndin hefði tekið tillit til þeirra aðstæðna, sem þá voru komnar fram og hefðu lækkað matið þar sem það hefði þótt of hátt. Mér er nú kunnugt um það, en ég er kunnugastur þessu í Rvík, að þessi hækkun, sem hefir orðið á fasteignamatinu og þeim sköttum, sem á því eru beinlínis byggðir, hefir orðið til þess, að fjöldi manna á nú mjög erfitt með að halda húsum sínum. Hér er fjöldi manna, sem hafa heldur litlar tekjur, en eiga lítil hús, sem þeir búa í sjálfir og geta lítið leigt út. Menn geta séð, ef þeir ganga um göturnar í austurbænum, að þar er mikið af einbýlishúsum. Í þessum húsum eru víða 2 herbergi og eldhús. Fjöldi af þessum mönnum á erfitt með að halda þessum húsum, eftir að skattarnir hafa hækkað eins gífurlega eins og þeir hafa hækkað við nýja matið.

Sama er um þá að segja, sem ráðizt hafa í stærri húsbyggingar og treysta algerlega á húsaleiguna. Þeir fá það lakari útreið en hinir, að þeir fá hvorttveggja í senn, hina lækkandi leigu og hina stórkostlegu hækkuðu skatta af húsunum. Þetta getur sjálfsagt orðið til þess, að margir menn verði að ganga frá þessum eignum, og er hætt við á slíkum tímum, sem nú eru, að af þessu yrðu mikil töp, ekki aðeins fyrir þessa menn, heldur líka fyrir þær lánsstofnanir, sem lánað hafa út á þessi hús.

Ég skal svo ekki að svo komnu fjölyrða meira um þetta frv., en vil aðeins óska þess, að það fái að ganga til 2. umr., og held ég, að réttast sé að vísa því til kreppunefndarinnar, sem hér hefir verið kosin. Hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem miðuð er við kreppuástandið, sem er, og úr því hv. d. hefir kosið sérstaka kreppunefnd, þá held ég, að þetta frv. eigi þar helzt heima og að auðveldara sé þá að taka tillit til þess einmitt í sambandi við önnur mál, sem sú n. fær til meðferðar.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er erfitt að mæta öllum þeim kröfum, sem til þingsins koma. Annarsvegar koma kröfur um það, að ríkið hjálpi með tillögum öllum þeim, sem erfitt eiga, og hinsvegar koma kröfur um að lækka tekjur ríkissjóðs, og hér kemur krafa um að lækka ríkisgjöldin á ýmsum, sem þó eiga einhverjar eignir.

Ég geri ráð fyrir því, að fasteignamatið hafi jafnan verið svo sanngjarnt, að fasteignaskatturinn hafi aldrei orðið meiri en ríkið í rauninni átti kröfu til. Við síðasta mat átti að koma nokkur lagfæring á þetta, enda höfðu eignir hækkað stöðugt í verði, og þó að eignir hafi nú lækkað í verði svo nokkru nemi síðustu 2—3 árin, þá þori ég að fullyrða, að það mat, sem skatturinn nú er heimtur eftir, sé yfirleitt ekki ofan við sölugengi eignanna. Skattanefndin taldi t. d., að húseignir hér í Rvík og í Hafnarfirði hafi ekki yfirleitt verið metnar til fasteignaskatts meira en 70% af hinu mögulega söluverði, þó að kannske megi nefna einstaka undantekningar, en hjá slíku verður aldrei komizt.

Til þess að kippa því í lag, að menn borgi af tíföldu verði, sem er mjög sjaldgæft, ef það á sér stað í nokkrum tilfellum, þá mætti setja nýja reglu um það, að menn eigi kröfu til endurmats, en þá yrði að koma á móti, að ríkið ætti einnig á þessu 10 ára tímabili kröfu til endurmats, þegar eignir hafa hækkað í verði. Eins og nú er komið, er það tap fyrir ríkið, þegar um verðhækkun er að ræða, af því hvað matstímabilið er langt, og þurfa skattgreiðendur þá ekki að kvarta yfir því, að þá sé hart að þeim gengið. Ég verð því að leggja á móti þessu frv. Fasteignaskatturinn er ekki hár í okkar landi. Þó að skatturinn nemi 360—370 þús. kr. á ári af öllum fasteignum í landinu, þá verður það ekki talið ýkjamikið. Ef við berum okkur saman við nágrannaþjóðir okkar, þá eru fasteignir þar allt að því eini tekjustofninn, eins og t. d. í Englandi. Það er hvergi nærri komið í það horf hjá okkur, og hygg ég, að ekki séu tímar nú til að lækka fasteignaskattinn og lækka skatta á þeim, sem þó eiga helzt að vera megnugir að greiða skatta, fyrir þær sakir, að þeir eiga eignir, sem að baki standa. Þegar kröfur koma um að hjálpa þeim, sem erfitt eiga, verður ekki mögulegt að lækka gjöldin á þeim, sem eignir eiga.

Sveinn Ólafsson: Ég vil taka undir orð hæstv. fjmrh. um það, að hér er í raun og veru ekki um mikilvægan hagnað að ræða fyrir þá einstöku fasteignaeigendur, þó þetta frv. verði að lögum. Það er auðsæilegt, að með því að ósamræmi er töluvert mikið í þessu nýja fasteignamati, þá mundi það sízt lagast, þó að þetta frv. yrði að lögum. Ég hefi tekið eftir því, að t. d. leigujarðir í sveitum eru yfirleitt tiltölulega mjög lágt metnar. Vegna hvers mundi það svo vera? Það sjá allir, að eins og til hagar um matið og greiðslu fasteignaskatts, þá hafa þeir, sem á leigujörðum búa, hvöt til þess að gera það lítið úr kostum og afurðum jarðanna, sem minnst getur verið. Hinsvegar eru hreint ekki fá dæmi til þess, að jarðir, sem þarf að nota til veðsetningar, eru oft tiltölulega mjög hátt metnar og veðhæfi þeirra með því aukið. Ég kannast við það, að það sé frambærileg kreppuráðstöfun

að lækka eitthvað fasteignaskattinn, segjum í 1—2 ár, en að fara á þennan veg að fella tíunda hlutann undan skatti um 10 ára tímabil, finnst mér óþarft og ekki tilgangshæft, eftir því sem fram er komið og fyrir liggur í grg.

Ég vildi aðeins taka þetta fram áður en frv. fer til n. Vil ég fyrir mitt leyti stuðla að því, að það fái annan og betri búning í n., og yrði þessu þá hagað helzt á þann veg, að undan fasteignaskatti yrði felldur einhver hluti fasteignanna, t. d. næstu 2 árin, en ekki farið að eins og hér er ráðgert. Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að hv. n. gjaldi varhuga við miklu umróti matsins.

Jón Auðunn Jónsson: Það er sjálfsagt satt, sem hæstv. fjmrh. hélt fram, að það er ekki gott að skerða mikið tekjur ríkisins, en í mörgum tilfellum er þetta skattgjald óhæfilega hátt, vegna þess að matið er algerlega skakkt á mörgum húsum og jarðeignum.

Ég lít hér í fasteignamatsbókina. Það er verið að selja jörð fyrir vestan; hún er metin hér á 12600 kr. Það hefir verið reynt að selja hana fyrir 8500 kr., en ekki tekizt, og nú á að selja hana fyrir 7 þús. kr. Fyrir nálega allar jarðir í þeim 2 hreppum, sem ég hefi farið lauslega yfir, að tveimur undanteknum, mundi ekki vera hægt að fá það verð, sem þær eru metnar á í fasteignamatinu. Þetta er mikill skattur á stórum eignum. Við skulum taka t. d. eina jarðeign fyrir vestan, Æðey. Fasteignaskatturinn er 274,50 kr. Það er tilfinnanlegt fyrir bóndann að þurfa að svara þessu út, jafnvel þó að hann hafi talsvert miklar tekjur, af því hvað jörðin er góð, en hans jarðeign eins og annara hefir fallið í verði og hann græðir áreiðanlega ekki á búskapnum nú, eins og komið er.

Ég veit það líka, að það er farið svo nærri söluverði húsa t. d. í Ísafjarðarkaupstað, að þau seljast ekki fyrir mun hærra og mörg jafnvel fyrir lægra en matsverð. Það er kannske í Rvík og Hafnarfirði, sem vegna aðstöðunnar má gera ráð fyrir, að hús seljist fyrir eitthvað meira en matsverð, en ég hygg, að ef menn athuguðu fasteignamatið á sveitabýlum, þá sé það yfirleitt of hátt. Tökum t. d. eina jörð; helmingur hennar var seldur á síðastl. vori fyrir 2800 kr., en fasteignamatið var 8200 kr. Þetta sýnir, að það var allt of hátt. Náttúrlega kæmi í sama stað niður, þó að fært væri niður eitthvað af skattinum, ef n. þætti það að einhverju leyti heppilegra, það kæmi í sama stað fyrir aðilana. Ég vona, að þetta frv. fái að ganga til n., og þá kreppunefndar.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég kannast fúslega við það, að hæstv. fjmrh. á náttúrlega úr vöndu að ráða, þegar slíkar kröfur eru uppi eins og nú, og mér dettur ekki í hug, að hægt sé að fara eftir þeim kröfum, þannig, að hægt sé að lækka allar tekjur ríkissjóðs, en hækka gjöld hans. Það er vitaskuld ekki fjarri því, þegar um þetta efni er að ræða, að rétt sé að taka í hvert skipti tillit til þess, hvort hjálpin komi ekki sanngjarnlega niður með því að létta á mönnum byrðinni. Mér finnst, að ekki megi setja upp neina ákveðna reglu um það fyrirfram, heldur verði að líta á það í hvert skipti, hvaða aðferð sé réttust.

Hæstv. ráðh. sagði, að fasteignamatið hefði verið mjög lágt. Það mun vera rétt, að fasteignamatið, sem gilti til 1. apríl 1932, var yfirleitt lágt; a. m. k. hér í Rvík var það töluvert undir því verði, sem hús annars gengu kaupum og sölum.

Ég vil leggja áherzlu á það, að það er ekki aðeins matið sjálft eins og það er, heldur líka breytingin á því, sem veldur mönnum erfiðleikum, því þegar menn hafa ráðizt í fyrirtæki, annaðhvort að reisa hús handa sjálfum sér eða til þess að leigja út, þá er byggt á þessu lága mati um afkomu fyrirtækisins, og þá er margfalt erfiðara fyrir þá að fá eins og á óvart hækkun um ¼—⅓ af þessu mati og öllum þeim sköttum, sem á því eru byggðir. Þetta veldur miklum erfiðleikum móts við það, að þetta hærra mat hefði verið í gildi frá byrjun. Það er nú svo, að þegar fyrirtæki er byggt upp með tilliti til þess, hvað reksturinn kosti á því, þá er það gefið, að snöggar sveiflur eins og t. d. á bankavöxtum, koma alltaf áþreifanlega tilfinnanlega við, ef breyt. verður. Fyrirtæki, sem er stofnað upp á það, að bera 7 til 8% vexti, getur verið

betur stætt en annað, sem hefir byrjað þegar vextirnir voru 3½—4% og svo hafa hækkað, þó ekki sé nema upp í 6—7%. Allar slíkar breyt. eru erfiðar.

Hæstv. fjmrh. sagðist vera á móti þessu frv., en þó sagðist hann ekki vera á móti því, að það væri athugað í n. Ég tek það svo, að hæstv. ráðh. treysti sér ekki að vera á móti því, að frv. verði athugað í n., því það er ekki byrvænlegt um samvinnu um svipuð mál, sem sjálfsagt koma fram á þingi, og það er þess vegna ekki ráðlegt af honum að leggjast á móti því, að það sé athugað í n., ekki kostar það ríkissjóðinn neitt, sem heitir.

Mér fannst hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. S.-M. tala eins og hér væri aðeins um ríkisskatt að ræða, en það er alls ekki. Fasteignaskatturinn til ríkisins er tiltölulega miklu minni, a. m. k. af húsum er hann ekki nema 1½‰, en svo eru lagðir aðrir skattar á sömu eignir, t. d. í Rvík, þá eru gjöldin, sem byggð eru á fasteignamatinu, 8‰. Þetta mun hækka að miklum mun, og svo eru gjöldin af lóðum 6‰. Það eru bæjargjöldin, sem eru tilfinnanlegust fyrir húseigendur í þeim kaupstöðum, þar sem há gjöld eru lögð á fasteignir, en það er sumstaðar, sem há gjöld byggjast á fasteignamatinu.

En á hinn bóginn, ef lítill fasteignaskattur er til ríkisins, þá er hér ekki um stóra hættu að ræða fyrir ríkissjóð. En það kemur harðar niður á bæjarfélögunum, sem leggja háa skatta á fasteignir, en ríkissjóð. Það mun vera rétt, að fasteignagjald til hins opinbera sé hærra í sumum öðrum löndum, og hæstv. fjmrh. sagði, að það væri að mun, þar sem kannske fasteignaskatturinn væri megintekjustofninn. (**Forsrh.**: Til bæjanna). Já, til bæjanna. En þá er líka mikill munur fyrir gjaldendurna að bera háa fasteignaskatta, þegar þeir eru svo að segja lausir við önnur gjöld.

Mér skildist á hv. 1. þm. S.-M., að hann liti svo á, að með þessu frv. væri farið fram á að lækka fasteignamatið áframhaldandi, þannig að lækkunin verði lögleidd til 10 ára. Þetta er ekki, eins og sjá má af því, að sagt er, að núgildandi fasteignamat skuli lækkað til bráðabirgða um 10%. Hvað felst í þessu „til bráðabirgða"? Í því felst það, að meiningin sé að færa þetta í sama horf strax þegar betur árar. Annars væri engin ástæða að setja „til bráðabirgða", ef þau mega svo gilda þangað til næsta fasteignamat fer fram. Menn vona, að kreppunni létti af fyrir 1942, og meira að segja getur farið svo, að henni létti af fyrr en varir. Það eru þær stórbreytingar að verða víða í heiminum, að maður gæti búizt við, að henni létti a. m. k. til bráðabirgða. Þá er engin ástæða til að gera þessar kreppuráðstafanir. Þessa meiningu hefi ég lagt í orðið „bráðabirgða".

Þá sagði hv. þm., að einstaklingana munaði lítið um þetta, en ríkissjóð mikið. Þetta er ekki vel samrímanlegt. Það munar einstaklingana meiru en ríkissjóðinn, af því að ríkissjóður tekur ekki nema lítinn hluta af þessum gjöldum, sem byggjast á fasteignamatinu. Má því segja, að ríkissjóð muni það lítið, en einstaklingana mikið.

Hv. þm. N.-Ísf., meðflm. þessa frv., tók það fram í sinni ræðu, að ekki þyrfti endilega að hafa þessa aðferð, heldur aðeins að fella niður að nokkru leyti fasteignaskattinn. Ég held, að það verði nokkrum erfiðleikum bundið að telja upp alla þá skatta, sem byggjast á fasteignamatinu. Miklu einfaldara verður að færa niður matið, sem skattarnir byggjast á.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Það má kannske líta svo á, að það sitji illa á mér sem fulltrúa fyrir Rvík að láta í ljós um þetta frv., að ég telji það ekki rétt, að það verði að lögum. Þegar fyrir fáum árum var breytt til um gjaldstofn fyrir bæjarsjóð Rvíkur á þann hátt, að fasteignir skyldu verða skattlagðar, var samþ. af bæjarstj. að fara þess á leit við Alþingi, að heimila að leggja allt að 2% minna á skattgreiðendur til bæjarsjóðs, þá var ég á móti þessu. Að vísu fór það svo, að eftir ósk bæjarstj. var samþ. af Alþingi princip fyrir þessu, en gjaldið færðist niður, svo það er nú, eins og hv. þm. gat um, 6‰ af lóðaverði og 8‰ af húsaverði í bænum.

Ég var á móti þessu af því, að ég áleit ekki hentugan tíma til að gera breytingar á skattstofni bæjarsjóðs, þar sem allar líkur voru til þess, að þetta yrði gert með svo stóru stökki, að það kæmi óþægilega

við fasteignaeigendur í bænum. Nú varð þetta að lögum og bæjarsjóður hefir fengið vaxandi tekjur af þessu með ári hverju. Því mætti segja, að það væri undarlegt af mér sem fulltrúa fyrir Rvík að andmæla þessu frv., sem fer fram á að lækka greiðslur til ríkissjóðs af þessum gjaldstofni, og þá einnig til bæjarsjóðs, þar sem bæjarsjóður hefir fasteignirnar að gjaldstofni. En ég verð að segja, að hér sé fyrst og fremst um stefnumál að ræða, principmál, og það svo alvarlegt, að gjalda þarf varhuga við og athuga vandlega áður en gengið er inn á þá braut. Hér er farið fram á hvorki meira né minna en það, að þrátt fyrir löggilt mat á fasteignum landsmanna, þá sé hægt að ákveða hér á Alþingi, hvaða mat er lagt til grundvallar við útreikning skatts á fasteignir landsmanna. Ef Alþingi gengur inn á þá braut að taka í sínar hendur að ákveða sjálft verðið á fasteignum landsins, sem skattarnir eru miðaðir við, þá þykja mér allar líkur til þess, að þetta verði mikið frekar til kostnaðar fyrir fasteignaeigendur en að af því geti stafað hagsmunir fyrir þá, því að þó hér sé farið fram á að lækka, þá er hér um leið opnuð leið til þess, að á næsta ári eða árið þar á eftir verði gerð ráðstöfun til þess að hækka þennan gjaldstofn. Hvers vegna skyldi ekki mega hækka hann eins og lækka, ef þingið hugsar sér að taka sér það vald að ráða þessu sjálft? Þess vegna er varhugavert fyrir fasteignaeigendur að fara fram á það við Alþingi að breyta matinu. Ég held, að þingið eigi ekki að taka upp þá stefnu.

Nú er það alveg eins hægt og að gera ráð fyrir því, að það sé aðalástæðan til þess, að þessi ósk er komin fram af því, að fasteignaeigendur séu óánægðir, að láta sér detta í hug, að matið verði ennþá ósanngjarnara í einstökum tilfellum. Mér er kunnugt um ýms tilfelli hér í Rvík, þar sem matið er fjarri öllum sanni. En það má ekki líta á þetta í sambandi við það frv., sem hér er til umr., þó að hlutfallið milli mats á einstökum eignum sé ekki sanngjarnt og eigandinn sé óánægður með matið í þessu efni. Ég tók eftir því í ræðu hv. flm., að hann ætlaðist alls ekki til þess, að þessi breyt., sem hér er farið fram á, gilti öll þau 10 ár, sem framundan eru og þetta mat á að ná til, heldur er með því beinlínis brotið upp á því, að Alþingi breyti hvenær sem ástæða þykir til að fá nýjan grundvöll undir skattaálögurnar. Þess vegna held ég, að það megi ekki líta á það eingöngu, hvort það sé hentugt fyrir fasteignaeigendur nú að lækka gjaldstofninn eða ekki, heldur verði fyrst og fremst að líta á það, að með matinu er ákveðið af öðrum aðilum, hver grundvöllur er undir þessum gjaldstofni til ríkisins og sveitarfélaga, og við því megi ekki hreyfa.

En sama gildir að vísu ekki um sjálfan skattstigann, að því er snertir prócentutalið, sem heimtað er af fasteignum til ríkis og bæja. En ég held, að segja megi með vissu, að það sé hagsmunamál allra aðila, sérstaklega þó gjaldendanna í þessu sambandi, að ekki sé farið að lækka matið annað árið til þess að hækka það á næsta ári, eða sem sagt að rokka með það eins og þarfir ríkissjóðs í hvert skipti kunna að heimta. Þess vegna treysti ég mér ekki að svo komnu að greiða því mitt atkv. Ég held ég verði fyrst og fremst að líta á þetta sem principmál skattgjaldenda og Alþingis, en ekki hvort það spari gjaldendum nokkrar krónur að fá þetta lækkað að þessu sinni.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að ég tel festuna í fasteignamatinu meira virði fyrir skattgreiðendur en litla lækkun í bili, sem svo væri svarað með meiri hækkun á breyttum tímum. En af því að það hefir verið nefnt við mig, þá lýsi ég því yfir, að ég er ekkert að amast við því frekar en með önnur mál, að þetta frv. fái að athugast í n. En ég verð þá að koma með þá till., að það fari til fjhn., því að það er ekki hægt að kalla það kreppumál.

Það er satt, sem hv. aðalflm. sagði, að upphæðin, sem um er að ræða, er ekki mikil. Við skulum segja, að það sé 37 þús. kr. Það er 10% af fasteignaskattinum síðastl. ár. Þessu á svo að dreifa milli allra fasteignaeigenda landsins. Þeir fá mest, sem mest eiga, en hinir minna. Þetta er engin kreppuráðstöfun, sem að gagni kemur. Það er bara misrétti, sem

fram kemur, ef fasteignirnar eru lækkaðar um 10%.

Við skulum taka dæmið, sem hv. þm. N.-Ísf. kom með af bóndanum í Æðey. Hann greiðir í fasteignaskatt 274 kr. af jörð, sem er metin á 98 eða 100 þús. kr. Verður þessum manni mikil hjálp að því að þurfa ekki að greiða nema 250 kr.? Ég sé ekki, að þetta sé nein kreppuráðstöfun gagnvart bóndanum í Æðey, sem fengi þó tífalda lækkun á við marga aðra. Nei, það er of smátt til að geta talizt kreppumál. Ég vil því, að þetta fari til fjhn., því að það er meira um að ræða principmál, hvort matinu er breytt beinlínis eftir því, hvernig árar, en kreppumál. En þó að þetta sé ekki stórfé fyrir ríkissjóðinn, sem um er að ræða, þá álít ég, að hann muni meira um það en einstaklingana. Og þar sem hér er líka um að ræða mælikvarða fyrir bæjarfélögin, þá tel ég ekki rétt að lækka tekjur þeirra í þessari grein án þess að bein ósk komi frá þeim.

Ég hygg, að útsvörin þurfi að greiða, og þótt menn hafi haft minna burðarþol, þá er það meira nú í samanburði við stóratvinnufyrirtæki en var fyrir nokkrum árum, og er því ekki rétt að fara fram á þessa lækkun. Svona lækkun er álíka hjálp og að ætla sér að bæta úr þurrki með því að hella nokkrum lítrum vatns yfir nokkur hundruð ferkílómetra. Hvern einstakan munar ekki meira um það.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að segja nokkur orð út af þeim ummælum, sem féllu hjá hv. 1. þm. S.-M. um það, að hann sagðist hafa lesið það út úr fasteignamatsbókinni, að leigujarðir væru metnar langtum minna en jarðir, sem eru í sjálfsábúð, og orsökina fyrir þessu taldi hann þá, að þeir, sem byggju á leigujörðum, hefðu meiri tilhneigingu til þess í lýsingu sinni á jörðunum að draga úr gildi þeirra. En þeir, sem aftur byggju á þeim jörðum, sem þeir ættu sjálfir, hefðu sterkari hvöt til að gera meira úr kostum jarðarinnar, til þess að geta fengið meira lán út á þær. Það getur verið, að þessa hafi einhverstaðar gætt í þeim gögnum, sem fyrir fasteignamatsnefndunum hafa legið, en að því leyti, sem ég þekki til, sem er vitanlega ekki nema í þeirri sýslu, sem ég fékkst við mat í, þá þekki ég ekki til þessa. Ég held, að orsökin til þess, að leigujarðir séu yfirleitt lægra metnar hlutfallslega, eigi rót sína að rekja til þess, að það hafi orðið minni framfarir í ræktun og húsabyggingum á leigujörðum en jörðum, sem eru í sjálfsábúð. Í þessu liggur sá munur, sem hv. þm. var að benda til.

Að öðru leyti vil ég viðvíkjandi þessu frv. benda á það, að það eru orðnir breyttir tímar að því er snertir fasteignamatið í sveitum landsins, frá því er matið fór fram og til þess tíma, er nú stendur yfir. Var grundvöllurinn undir það víðast hvar lagður á árinu 1929, og þá vitanlega byggt á því ástandi, sem var í sveitum landsins, þótt það væri ekki fullgert fyrr en 1930.

En nú er það kunnugt, að verðlag á landbúnaðarafurðum, eða þeim afurðum, sem selzt hafa út úr landinu, hefir fallið hvorki meira né minna en um 65% frá því 1929. Og nú er það vitanlegt, að gildi jarða í sveitum fyrir eigendurna byggist eingöngu á afurðaverðinu. Það er ekki til neinn annar grundvöllur undir þetta, og það sjá allir, hve geysilegur munur er hér á orðinn. Mér er sagt, að landsnefndin, sem síðast fór höndum um þetta mat, hafi lækkað verð jarða í sveitum um 10—20%, en þó þetta hafi verið gert, þá sjá allir, hver geysilegur munur er orðinn á afurðaverðinu nú eða þegar matið var framkvæmt.

Flm. (Magnús Jónsson): Hv. samþm. minn, 4. þm. Reykv., talaði út frá því sjónarmiði, að hér væri um principmál að ræða. Ég skal vera honum sammála um það, að það sé ekki starf þingsins út af fyrir sig að framkvæma matið. En nú er fyrst á það að líta, með hvaða hætti matið er gert. Það er gert með þeim hætti, eins og hv. þm. Borgf. minntist á í sinni ræðu, að grundvöllurinn undir það og aðalvinnan við það er unnin svo skiptir árum áður en matið kemur til framkvæmda. Og á þessum árum hafa orðið gífurlegar breyt., afurðirnar lækkað og hverskonar erfiðleikar steðjað að, eins og öllum er kunnugt. Í öðru lagi er matið

framkvæmt þannig, að landsnefndin tekur sig til og hækkar og lækkar án þess að líta á einstök atriði, um 10%. Hún hækkar allar húseignir í Rvík og í Hafnarfirði um 10% frá því, sem var fyrsta árið, og svo kemur það til framkvæmda úr því. Þetta eru svo miklir slumpareikningar, að ég sé ekki neitt á móti því, að Alþingi geri slumpareikninga líka.

En tilgangur frv. er eingöngu sá, eins og hv. þm. Borgf. benti á, að lækka þennan skatt á mönnum, og mætti það alveg eins með því að færa niður skattstigann um 10%, en þetta er bara auðveldari aðferð, að lækka skattinn á þessum ákveðna gjaldstofni. Það er ekki, þótt Alþingi leiðrétti matið, að það vilji lækka skattana um 10%. Það er miklu auðveldara að segja: Það, sem lagt er til grundvallar, skal lækka um 10% meðan á kreppunni stendur. Hér er ekki um neitt principatriði að ræða öðruvísi en Alþingi er alltaf að fást við, að hækka og lækka skatta.

Hæstv. ráðh. sagði, að þeir fengju með þessu mest, sem mest ættu, en hinir minnst, sem minnst ættu. Þetta er ekki rétt. Það er undarlegur mælikvarði á efnahag manna, ef fara á eftir því, hvað þeir hafa undir höndum af fasteignum. Þó að ég reisi mér hús í Rvík, þá er ég hvorki fátækari né ríkari eftir en áður. Ég hefi aðeins breytt nokkru af eignum mínum í aðra mynd. Mér er það óskiljanlegt, þó ég hafi breytt 200 þús. kr. í stórt íbúðarhús hér í Rvík, hvers vegna það ætti að vera ástæða á móti því, að ég fengi einhverja ívilnun á þessum skatti, ef hann er á annað borð ósanngjarn. Þetta kemur ekki því við, hve mikið eða lítið menn eiga.

Þeir fá aðeins minnst, sem minnstar hafa fasteignir, en mest þeir, sem mestar hafa fasteignir. M. ö. o. þeir, sem hafa brotizt í að verða jarðeigendur og húseigendur, þeir fá þarna ívilnun í skatti, sem vegna mistaka á mati eru komnir í óeðlilega háan skatt. Það er ekki verið að leggja á neinn lítilmagna eða hlynna að neinum, sem mikið hefir. Að deila 37 þús. kr. um allt landið, það er náttúrlega lítið. En þetta er bara ekki nema örlítill hluti af því, sem myndi sparast í ríkisskatti. Annars dettur mér ekki í hug að gera þetta mál að kappsmáli né halda fram, að allt mæli með, en ekkert móti. Ég veit, að þetta fé verður að greiðast hvort sem er. Ég veit, að það, sem húseigendur í Rvík mundu komast léttara af fasteignagjaldi af húsum og lóðum, verða þeir að borga í hækkuðum aukaútsvörum. Hér er um það að ræða, hvort skatturinn sé virkilega farinn að setja menn í hættu, svo að þeir verði að ganga frá eignum sínum. En slík eignatilfærsla er einmitt mjög óhentug á tímum eins og nú. Það er mjög illt, ef meira þarf að koma til nauðungaruppboða en þörf er á á þessum tímum.

Hæstv. forsrh. var með þá smellnu líkingu að dreifa einum lítra vatns á einn ferkm. En ef þessum lítra væri vel deilt niður, þá gæti hann komið að miklu gagni með því að vökva svo sem 20 plöntur þar sem þær yxu, og þar með til að halda lífinu í þeim. Og það er einmitt það, sem verið er að reyna með þessari lækkun á skattinum.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Hv. þm. Borgf. benti á atriði í málinu, sem vert er að gera sér grein fyrir sérstaklega. Hann sagði nefnilega, að þetta væri orðið óhafandi nú, vegna þess að matið væri eiginlega byggt á ástandinu 1929, eða kannske 1930, en afurðaverð hefði fallið síðan um 65%, og fasteignamat til sveita byggðist aðallega á afurðaverðinu.

Hér er nú komið inn á ákaflega vandasamt viðfangsefni, sem víða hefir valdið deilum og vandræðum. En það er þetta: Að þegar fyrirtæki rentar sig ekki lengur, er þá sanngjarnt, að eigandinn megi lækka verð þeirra fasteigna, sem vegna fyrirtækisins eru notaðar, lækka verð þeirra á sínum efnahagsreikningi allt niður í núll, af því að rentur fyrirtækisins eru ekki til í bili? Fasteignin er að vísu einskis virði meðan ekkert hefst upp úr starfrækslunni, og getur verið sama sem einskis virði til annara hluta. En ef gengið er inn á það, að það beri fyrst og fremst að leggja afrakstur af hverju fyrirtæki til grundvallar fyrir verðgildi þeirra fasteigna, sem til rekstrarins þarf, þá er komið út á svo háskalega braut í sambandi við fasteignamat og fasteignaskatt, að vandi er að finna leið

út úr því spursmáli. Og ég verð að segja, að það er virkilega vert fyrir hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, að gera sér grein fyrir þessu, hvaða stefnu hér beri upp að taka. Ef það er svo, að ekki muni vera neinar líkur til þess, að fasteignir úti um sveitir landsins gefi af sér arð á næstu tíu árum, þá þykir mér nú fara að verða álitamál, hvernig skuli snúast við þeirra erfiðleikum. Að sjálfsögðu verður að taka tillit til þess við næsta fasteignamat, ef virkilega er svo komið, að fasteignir gefa af sér við skulum segja að meðaltali helming eða ⅓ af því, sem þær hafa gert síðustu 10 árin. Þá lækkar fasteignamatið að sjálfsögðu í hlutfalli við það, ef það þykir víst, að þetta muni ekki breytast á næstunni. En ég verð að líta svo á, að þessi vissa sé ekki fengin enn. Ekki álít ég heldur þetta frv. borið fram af því, að flm. telji, að ekki muni á næstu tíu árum verða réttlátt að skattleggja með þeim skattstigum, sem nú eru til. Ég held miklu fremur, eins og hv. aðalflm. sagði, að þetta sé meint rétt til bráðabirgða. Og ég vil benda á, að það er ekki praktiskt fyrir þá, sem hér þykjast eiga um sárt að binda nú, að benda löggjöfinni á það, að þegar að því komi, segjum eftir 1—2 ár, að þessi tegund eigna bæri miklu hærri skatt en nú er, þá skuli löggjafarvaldið kippa þessari samþykkt í burt og breyta í það horf, sem þá þætti sanngjarnt. Því að ef fasteignaeigendur búast við lækkun á matinu af því að erfitt er í ári, þá get ég ekki skilið, að þeir búist ekki við, að Alþingi hækki matið aftur, t. d. ef verðgildi peninga lækkar á næstu árum. Þetta er það, sem fasteignaeigendur bjóða ríkinu upp á með því að benda á, að Alþingi sjálft breyti fasteignamatinu.

Og ég held að Alþ. geti heldur ekki í augnablikinu gengið inn á það, sem hv. þm. Borgf. bar fyrir sig, að „rentabilitet" 1—2 ára geti gefið tilefni til breytinga á fasteignamatinu í landinu gersamlega. Ég mundi kannske taka öðruvísi í þetta mál, ef helmingur af matstímabilinu væri liðinn og hefði komið í ljós, að engar líkur séu til, að fasteignir mundu nokkurn tíma á 10 árum ná því verði, sem sanngjarnt mætti teljast. Þá væri kominn tími til að athuga þetta, en þó helzt í því formi, að láta fara fram einskonar aukamat til að jafna metin, sem gilti þangað til reglulegt mat færi fram. Hitt verð ég að álíta, að Alþingi megi ekki fara inn á þá braut með einföldum l. að gera breytingu á mati fasteigna í öllu landinu hvenær sem því sýnist.

Ef fasteignamatið lækkar nú um næstu áramót og menn færa það inn á efnahagsreikning sinn og byggja á því, eins og vera ber, þá lækka um leið eignir þeirra um 10%. Mættu þeir þá ekki draga þessi 10% frá tekjum sínum það árið? Líklega ekki, samkv. venjum um þetta efni, en þó gæti ég trúað, að deilur um þetta vektust víðsvegar, því að segja mætti, að eignin hafi rýrnað.

Þá er spurning um það, hvort það eru fasteignaeigendur, sem fá þetta eftirgefið. Það er svo um fasteignaskatta alla, að ekki eru eigendur einir um að greiða þá í mörgum tilfellum, heldur deilast þeir yfir á þá, sem fasteignirnar nota. Það er þess vegna ekki rétt orðað, að það sé verið að sleppa eigendum fasteigna við þessi gjöld. Sennilega væri réttast að segja, að verið sé að gefa fasteignaeigendum nokkuð af þessu gjaldi, þann hlutann, sem leigjendur þeirra borga þeim. Líklega hefði þetta engin áhrif á húsaleigu í kaupstöðum eða til sveita.

Flm. (Magnús Jónsson): Því er nú svo hagað til, að því er ég veit bezt, í Rvík um framtal til tekju- og eignarskatts, að ekki er farið eftir fasteignamati. Hér hefir skattstofan nefnilega tekið þá aðferð að meta sjálf eignirnar, og eru tekjur af húseignum reiknaðar eftir allt öðru mati en fasteignamati, svo að þessi lækkun mundi enga raunverulega þýðingu hafa í þeim efnum. Aftur á móti fannst mér hv. þm. snúa þessu við, þegar hann taldi eignina lækka um 10% við það, að þessi skattur er lækkaður. Í raun og veru hækkar eignin, því að eignin rentar sig betur.

Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði síðast, að eigendur greiddu ekki skattinn, þá er það dálítið sitt á hvað. Í raun og veru greiða eigendur skattinn. Og þegar til lengdar lætur, yfirfærast allir slíkir skattar og allar kvaðir á eigendur sjálfa. Hitt er náttúrlega rétt, að þetta mundi

sem bráðabirgðaráðstöfun sennilega koma eigendum í mörgum tilfellum að góðu, og það er einmitt meiningin. Tilgangur minn a. m. k. með flutningi þessa frv. er sá, að létta þessu á eigendum, af því að nærri liggur, að menn geti ekki haldið eignunum, eins og skatturinn er orðinn hár.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Hv. flm. hefir lagt til, að þessu máli yrði vísað til kreppun., en hinsvegar hefir komið fram uppástunga um að vísa því til fjhn.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki gera að neinu kappsmáli, í hvora nefndina þetta fer. En ég er bara mjög hræddur um, að þessi mjög virðulega kreppunefnd, sem kosin hefir verið hér, lendi í fullkomnu atvinnuleysi, ef á að vísa málum eins og þessu til fjhn. Ég veit ekki eiginlega, hverskonar frv. eiga að koma til kreppunefndar, ef ekki þau, sem snerta eitthvað fjárhag ríkissjóðs en eru beinlínis borin fram sem kreppuráðstöfun. Ég skal að vísu persónulega sem einn maður úr kreppunefnd mæla með, að hún verði laus við málið. En kreppun. fær sennilega ekkert að gera. **(ÓTh:** Það koma mörg mál. — **Dómsmrh.:** Þau liggja þegar mörg fyrir).

ATKVGR.
Till. um að vísa frv. til kreppun. felld með 9:8 atkv.
Frv. vísað til fjhn. með 13:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Samvinnubyggðir.

Á 31. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um samvinnubyggðir (þmfrv., A. 190).

Á 33. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Frv. það um samvinnubyggðir, sem við hv. 2. þm. Rang. flytjum á þskj. 190, er algert nýmæli í landbúnaðarlöggjöf okkar Íslendinga. Berum við það fram meira til þess að hreyfa málinu og kynna það hér í hv. deild en af hinu, að við búumst við, að það nái samþykki þingsins algerlega í því formi, sem það nú hefir. Okkur flm. er ljóst, að mál þetta þarf vandlegrar athugunar, og leggjum því meira upp úr því, að hv. deild, og þá einkum sú n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, leggi fulla alúð við meðferð þess, heldur en það endilega nái afgreiðslu á þessu þingi. Það, sem allra helzt einkennir byggðir okkar, er það, hvað býlin eru dreifð skipulagslaust um landið. Býlin virðast sett af algerðu handahófi. Enda vakti ekki það sama fyrir mönnum upphaflega, þegar býlin voru sett, og nú vakir fyrir þeim, er reisa sér nýbýli. Bæjarstæðin hafa þá ekki verið valin með tilliti til þeirra samgöngutækja, er nú tíðkast, né að aðstaða til ræktunar eftir nútíma mælikvarða væri hagstæð. Er erfitt, eins og nú er byggðum skipað, að koma við flestum menningartækjum, sem nútímalíf heimtar. Má þar til nefna samgöngutæki öll, sem tengd eru vegum, síma, notkun rafmagns o. fl., sem dreifbýlið veldur, að kemur að litlum eða engum notum. Býst ég sérstaklega við, að rafvirkjun verði víðast lítt framkvæmanleg til sameiginlegra afnota fyrir heil byggðarlög vegna strjálbýlisins og þeirra erfiðleika, sem það skapar. Löggjöf okkar hefir jafnan verið miðuð við þessar dreifðu byggðir. Öll landbúnaðarlöggjöf okkar er algerlega miðuð við einstök býli, en ekki gert ráð fyrir neinni samvinnu í framkvæmdum þeirra á milli. Má þar fyrst nefna ábúðarlögin sjálf; þar er alls ekki gert ráð fyrir þeim möguleika, að nokkur samvinnubúskapur geti átt sér stað. Eins er um jarðræktarl., sem orðið hafa einna áhrifaríkust á síðari árum um að efla jarðræktina. Þar er gengið úr frá

því, að hvert býli standi eitt að ræktun sinni. Sama er að segja um ræktunarsjóð, byggingar- og landnámssjóð og aðrar deildir Búnaðarbankans. Þannig mætti telja áfram og fara gegnum alla okkar landbúnaðarlöggjöf; þar er hvergi vísir að skipulagi né samvinnu hinna einstöku býla á milli. Nú hefir svo farið, að mikið af hinum fyrri byggðum landsins hefir lagzt í auðn, og má gera ráð fyrir því, að ekki sé enn komið að lokaþættinum í því máli. Er það eflaust enn hlutskipti margra sveita að eiga eftir að leggjast í auðn. Stefnir yfirleitt að því, að efstu byggðir í dölum eða býli á heiðum uppi leggist smám saman niður. Getur því verið varhugavert að verja fé til býla, er hafa litla þróunarmöguleika í framtíðinni. Hefir talsvert verið á þetta atriði minnzt á síðari árum, og þarf að athuga það nánar í sambandi við þá auknu möguleika, sem á þessum árum hafa opnazt bændum til þess að fá fjármagn til margskonar framkvæmda og umbóta á búnaðarháttum sínum. Virðist lítið vit í því að veita fjármagni til býla, sem þannig eru í sveit sett, að litlar líkur eru til þess, að þau verði byggð til langframa. Orkar ekki tvímælis um það, að stefna verður að fastara skipulagi á byggðum landsins. Er þetta auðvitað erfiðleikum bundið, og dettur mér ekki í hug, að hægt sé á skömmum tíma að færa saman byggðirnar og koma á þær föstu skipulagi. En það er hægt að leggja drög að skipulagi þeirra byggða, er rísa kunna upp í framtíðinni. Tel ég þá eina leið færa í þessu máli að marka framtíðarskipulag byggðanna gegnum nýbýlalöggjöf. Þetta frv. vill benda á leiðir til þess.

Fólki er nú alltaf að fækka í sveitunum, ekki aðeins hlutfallslega við bæina, heldur raunverulega. Á áratugnum 1920—1930 hefir fólki fækkað í sveitum landsins um því sem næst 2%. Þó á þetta sér ekki undantekningarlaust stað um allar sveitir. Í stöku sveitum hefir fólki fjölgað, sérstaklega þar, sem margbýli er á jörðum og sem því er um nokkra samvinnu í búskap að ræða. Veit ég um eina slíka sveit á Norðurlandi, þar sem allmikil fólksfjölgun hefir orðið þetta sama tímabil, enda hefir margbýli tíðkazt þar mjög og að mörgu leyti verið um nána samvinnu að ræða milli býla á sömu jörð. Bendir þetta í þá átt, að það, sem einkum rekur fólkið úr sveitunum, sé strjálbýlið og einangrunin og engin samvinna býla á milli, þótt fleira komi þar til greina. En þrátt fyrir margar tilraunir, sem gerðar hafa verið, einkum hinn síðasta áratug, til þess að efla landbúnað vorn og beina málum hans á nýjar brautir, þá hefir þó svo farið, að fólki hefir fækkað yfirleitt við þennan atvinnuveg. Er það skoðun okkar flm., að voði sé fyrir dyrum, ef þessu heldur áfram. Hlýtur svo að fara að lokum, ef sveitirnar smátæmast af fólki, þá smádvína áhrif landbúnaðar fjárhagslega og menningarlega í íslenzku þjóðlífi, og svo gæti farið að lokum, að hér yrðu fiskiver ein eftir.

Ég held, að það sé aðeins eitt ráð, sem dugir til að hindra það, að sveitirnar tæmist af fólki, en stuðla að eðlilegri fólksfjölgun. Sú leið er að skapa ný heimili fyrir unga fólkið í sveitum landsins á þeim stöðum, þar sem skilyrðin eru bezt. Hugsanlegur er líka sá möguleiki að stofna mörg stórbýli með fjölda verkafólks á höndum fárra atvinnurekenda. En þá leið álít ég þó lítt færa, eins og nú hefir stefnt hin síðari ár, enda frá sjónarmiði okkar flm. þessa frv. sízt eftirsóknarvert, að búnaður okkar þróaðist í þá átt.

Nýbýli geta skapazt á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því, að jarðir skiptast, þannig, að sonur taki hluta af jörð föður síns og byggi þar nýbýli, svo að tvö býli rísi þar, sem áður var eitt. Er þetta eðlilegast að mörgu leyti, og ber að stuðla að því, að þetta geti orðið. Hafa nýbýlingum, sem nýbýli reisa á þessum grundvelli, verið veitt mikilsverð hlunnindi með lánum þeim, sem byggingar- og landnámssjóður veitir. Í öðru lagi geta nýbýli myndazt með skipulegum framkvæmdum ríkisvaldsins á þessu sviði. Þetta frv. á nú að benda á leiðir í þá átt. Skal ekki í þetta sinn komið inn á einstök atriði frv., nema að litlu leyti. Ríkið verður að leggja mikið fé fram af stofnkostnaði nýbýla, sem reist yrðu á þennan hátt, ef von á að vera um það, að þau geti komizt á fjárhagslega traustan grundvöll. Þá leið hefir orðið að fara í nágrannalöndum okkar, þar sem fleiri þúsund nýbýla eru reist árlega, að ríkið hef-

ir orðið að gefa allverulegan hluta af stofnkostnaði annaðhvort sem beint framlag eða vaxtalaust lán til lengri tíma.

Í frv. er gert ráð fyrir, að í fjárlögum hvers árs sé ákveðin upphæð ætluð til samvinnubyggða. Höfum við nefnt 200 þús. kr. sem árlegt framlag, en álitamál getur það verið, hve há hún skuli vera. Er svo til ætlazt, að yfirumsjón málsins hafi nefnd, er ríkisstjórnin skipar samkv. tillögum Búnaðarfél. Íslands og Búnaðarbankans, sem nefnist samvinnubyggðanefnd og starfi undir atvinnumálaráðuneytinu. Samvinnubyggðanefnd á að sjá um undirbúning og framkvæmdir allar á þann hátt, sem ákveðið er í frv. Ríkissjóður á nokkurt land, sem er vel til þess fallið að stofna þar til byggðahverfa með samvinnusniði. Nokkuð af framlögum ríkissjóðs mundi verða land, sem ríkið á nú, en að öðrum kosti verður samvinnubyggðanefnd að kaupa land, sem vel væri fallið til slíkra hluta. Hinn hlutinn af framlagi ríkissjóðs yrði notaður til þess að rækta landið og undirbúa það fyrir býlið, því að gert er ráð fyrir, að hvert býli fái nokkuð af fullræktuðu landi. Hverju býli skulu fylgja 4 ha. af fullræktuðu landi, þegar samvinnubyggðanefnd skilar því í hendur félögunum. Verður að leggja áherzlu á, að hinar arðgæfu framkvæmdir komi fyrst og að nýbýlingarnir hafi möguleika til framleiðslu á nokkru af ræktuðu landi strax og þeir taka við því. Af 4 ha. af góðu túni má fá 4—6 kýrfóður, og er það mikill léttir fyrir nýbýlinga að taka þá uppskeru af ræktuðu landi strax í byrjun. Annars á samvinnubyggðan. að ákveða tilhögunina í hinu fyrirhugaða byggðahverfi, hvernig býlum skuli skipað niður, hve mörg býli skuli vera í hverju hverfi, og yfirleitt um allt það, er snertir skipulag þeirra, allt undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

2. kafli fjallar um samvinnubyggðafélög þau, sem stofnuð yrðu. Þeim er ætlað að taka við landi því, sem samvinnubyggðan. hafa látið undirbúa, og leigja síðan út til félagsmanna sinna. Gert er ráð fyrir, að ríkið gangi svo frá þessu landi, að taka megi það þegar til ábúðar, þar sem framlag ríkissjóðs skal aðallega notað til þess að hefja ræktun, leggja vegi að landinu o. fl. Samvinnubyggðafélög eiga að greiða 3% vexti af grunnverði landsins. En með grunnverði er átt við kostnaðarverð þess þegar samvinnubyggðanefnd skilar því í hendur samvinnubyggðafélaga. Held ég reyndar, að 3% sé of hátt fyrstu árin. Ég býst við, að það komi í ljós, að nauðsynlegt sé, að nýbýlingarnir séu lausir við alla vaxtagreiðslu fyrst í stað, t. d. fyrstu fimm árin. Nýbýlingum er ætlað að koma upp byggingum og fleiru, sem krefur mikilla framlaga frumbýlingsárin fyrstu, og mun því ekki veita af því, að þeir fái landið afgjaldsfrítt fyrst í stað. Ég bendi á þetta til þess að hv. deild sjái, að það er sízt gengið of langt nýbýlingunum til handa í frv.

Nú eiga samvinnubyggðafélögin að reisa nauðsynleg hús í byggðahverfum og er ekki gert ráð fyrir öðrum stuðningi frá því opinbera en að ríkið ábyrgist 80% af kostnaðarverði nauðsynlegra bygginga. Byggingar skulu gerðar eftir staðfestum uppdráttum og að öllu leyti undir ströngu eftirliti samvinnubyggðanefndar. Ég efast alveg um, að þetta sé nægilegur styrkur fyrir nýbýlinga til þess að koma upp nauðsynlegum húsum, en við flm. vildum ekki ganga of langt í fyrstu. Úr byggingar- og landnámssjóði er veittur beinn styrkur til endurbygginga bæjarhúsa og til nýbýla, þar sem ríkið greiðir árlega stórfé í vaxtamismun. Slíkan styrk er hér ekki farið fram á nýbýlingum til handa í þessu frumv., en ég get vel búizt við, að við nánari yfirvegun komi í ljós, að nauðsynlegt sé, að ríkið veiti meiri framlög til stofnkostnaðar á nýbýlum þessum en hér er ráð fyrir gert. Ég get tekið það fram, til þess að sýna fram á, að ekki er gengið of langt í frv., að í nágrannalöndunum er veitt miklu meiri hjálp af hinu opinbera til þess að hjálpa nýbýlunum af stað. Hugmynd okkar flm. er sú, að það verði alveg á valdi hvers samvinnubyggðafélags, hvernig fyrirkomulag um rekstur búanna verður á hverjum stað eða í hverju hverfi. Hvort hvert býli verði sjálfstætt út af fyrir sig um allan búrekstur, eða býlin hafi með sér samvinnubúskap að meira eða minna leyti. Slíkt ákveður hvert félag út af fyr-

ir sig, og er eðlilegast, að hvert félag hafi sem óbundnastar hendur um allt starfsfyrirkomulag, en geti sjálft sett sér samþykktir um það efni. — Það má hugsa sér búskap þennan rekinn á mjög mismunandi hátt. Það getur verið um algerðan einkarekstur að ræða, þar sem hvert býli er algerlega sjálfstætt um búskapinn, aðeins samvinna um afurðasölu og vinnslu úr afurðum. Þá getur garðræktin og jarðyrkjan ein verið sameiginleg og heyfengnum og afrakstrinum síðan skipt upp milli býlanna eftir ákveðnum reglum. Þetta fyrirkomulag er ekki með öllu óþekkt hér á landi, heldur hefir þetta tíðkazt á ýmsum margbýlum, þar sem jörðin er ræktuð sameiginlega, heyskapur sameiginlegur, en heyaflanum skipt síðan. Búpeningur er séreign hvers bónda fyrir sig. Þetta skipulag mætti vel hugsa sér á samvinnubúum, og hygg ég, að það mætti gefast vel, og ef til vill væri eðlilegast að byrja á slíkri tegund í samvinnubúskap fyrst. Þá mætti hugsa sér annað stig í þróun samvinnubúskaparins, þar sem ekki aðeins landið og ræktun þess væri sameiginlegt, heldur einnig búpeningur og peningshús, sem þá er sameign félagsins. Loks gæti átt sér stað sameiginlegur búrekstur að öllu leyti með sameiginlegu eldhúsi og matreiðslu fyrir allt byggðahverfið. Innan þessa ramma er því um mjög fjölbreytt skipulag að ræða, og höfum við talið réttast, að hverju byggðafélagi væri í sjálfsvald sett, hvert skipulagið þeir taki upp, en að sjálfsögðu yrði sama skipulag að gilda fyrir hvert samvinnubyggðahverfi, og yrði það ákveðið í samþykktum hvers félags. Sé ég ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta að svo komnu.

Ég vil benda á, að í frv. eru ströng ákvæði, sem gera óeðlilega verðhækkun á mannvirkjum og landi óhugsandi. Ef félagi selur fasteignir sínar og annar nýr eigandi gengur inn í byggðafélagið í hans stað, þá má sá, sem selur, aðeins selja fyrir kostnaðarverð þau mannvirki, sem hann á, að frádregnu hæfilegu fyrningargjaldi. Þetta er mjög nauðsynlegt ákvæði, ekki sízt nú á tímum, þegar braskað er með jarðeignir og aðrar fasteignir, svo ekki nær nokkurri átt.

Ég tók það fram áður, að ég byggist við breytingum við þetta frv. okkar. Þetta er nýmæli, sem hér er á ferðinni, og þarf því gaumgæfilegrar athugunar við. Okkur flm. er þetta fullkomlega ljóst, og vil ég drepa á, að við lítum svo á, að nýjan kafla þyrfti í frv. um samyrkjubúskap, sem ég vildi leyfa mér að kalla það, þar sem fleiri eða færri býli mynduðu með sér félag um ræktun og skiptu síðan uppskerunni milli sín. Að því er þetta frábrugðið hinu, að hér geta gömul býli myndað með sér félag um samyrkju. Tel ég, að á þennan hátt verði í ýmsum tilfellum heppilegast að ýta þessu áleiðis. Ég veit, að á nokkrum stöðum er vaknaður áhugi manna fyrir ræktun á þessum grundvelli. Gæti því vel komið til mála að verja nokkru af framlagi ríkissjóðs til samyrkjubyggða á þann hátt, sem hér hefir verið á það drepið. Auðvitað verða aðrar reglur að gilda um notkun þess fjár heldur en um það, sem fer til nýbýla eingöngu. Ég bendi aðeins á þetta að sinni, en býst eins vel við, að við flm. munum leggja fram brtt. við frv., það er ekki þannig, að við teljum frv. óbreytanlegt eða alfullkomið, heldur er það hugsað sem frumdrættir að nýju skipulagi um búskaparháttu, en sem sjálfsagt geta tekið miklum endurbótum í meðförum þingsins, og svo mun reynslan að sjálfsögðu síðar meir kenna okkur, hvernig breyta þarf því skipulagi, sem hér er hugsað, svo að það geti komið að fullum notum.

Nú á tímum er ekki um annað meira rætt og ritað heldur en kreppuna. Ég get líka fallizt á það, að höfuðverkefni þessa þings eigi að vera leit að því að finna lausn á þeim vandræðum, sem kreppan hefir skapað. Þetta frv. verður ekki kallað kreppufrv. í þeim skilningi, að það bendi á ráð gegn þeim stundarvandræðum, sem nú þjá allan almenning og þó einkum bændur hér á þessu landi. En kreppan hefir tvennskonar rætur; öðrum þræði stafar hún af verðfalli afurðanna og þar af leiðandi stórfelldri tekjurýrnun og allskonar ringulreið viðskiptalífsins. En öðrum þræði á kreppan rót sína að rekja til veilna á skipulaginu sjálfu. Slíkar veilur koma aldrei skýrar fram en á krepputímum, því að þá lætur undan þar, sem veikast er fyrir, og

því er aldrei betra en þá að átta sig, hvar aðgerða er þörf.

Eitt af því, sem gerir landbúnaði svo erfitt uppdráttar, er dreifbýlið, og ég hygg, að aldrei komist landbúskapur í fullkomlega gott horf fyrr en breytt er til í þá átt, sem þetta frv. bendir til. Ef eitthvað svipað skipulag væri upp tekið, þá gæti það orðið til þess að draga úr kreppum síðar meir, þótt frv. þetta muni engin áhrif hafa á yfirstandandi örðugleika.

Að lokum vænti ég, að hv. d. leyfi málinu að ganga til 2. umr., og legg ég til, að því verði vísað til landbn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Áfengislög (frv. JAJ o. fl.).

Á 32. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til áfengislaga (þmfrv., A. 195).

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég mun ekki verða margorður um þetta frv. að sinni. Það er samhlj. frv. því, er var hér á ferð í fyrra, en dagaði uppi; þó eru flm. nú fleiri. Allar sömu ástæður fyrir frv. eru nú og þá, nema frekar sé. Allir hljóta að hafa veitt því eftirtekt, að heimabrugg hefir vaxið svo stórkostlega á síðustu árum, að flestum hrýs hugur við. Margir, sem áður voru fylgjandi banninu, hafa nú séð, að það er allt annað en heppilegt að halda áfram á sömu braut, eftir að landabruggið kom til sögunnar og smyglunin hefir aukizt.

Menn greinir á um leiðir í þessu máli sem öðrum, en ég fullyrði, að ekkert annað hefir vakað fyrir okkur flm. frv. en að reyna að halda áfengisneyzlunni í skefjum og að minnka ofnautn áfengisins í landinu.

Ástandið er nú slíkt hér á landi, að óleyfilegt vín er bruggað í öllum sýslum nema e. t. v. 2 eða 3. Það er vitað, að bruggið eykst stórkostlega með hverju ári. Bruggunin var ekki byrjuð svo að teljandi sé fyrir 3 árum, en nú flytja útvarpið og blöðin nær daglega fréttir af mönnum, sem teknir hafa verið fyrir bruggun, og er þó víst, að það er ekki nema örlítill hluti bruggara, sem kemst í hendur lögreglunni. Í kaupstöðunum hefir neyzla óleyfilegs áfengis aukizt mikið síðan landabruggið byrjaði, en í sveitunum tekur þó út yfir. Fyrir 3—4 árum mátti heita, að sveitirnar væru þurrar, en nú er í sveitunum drukkið alveg eins mikið og í kaupstöðunum og nálega eingöngu heimabruggað áfengi. Hefir þessi ölvun í sveitunum komizt svo langt, að þess eru dæmi í haustréttum, að ekki hefir verið hægt að draga fé í sundur heilan sólarhring, vegna almennrar ölvunar. Er það orðinn daglegur viðburður, að menn og jafnvel konur sjáist ölvuð á almannafæri.

Það er sannfæring okkar, sem þetta frv. flytjum, og fjölmargra annara, að bannl. verði ekki lengur haldið uppi að nokkru gagni. Hitt er aftur á móti álit okkar, að með skynsamlegri áfengislöggjöf megi takast að draga mjög úr neyzlu áfengra drykkja og koma í veg fyrir aukningu áfengisnotkunar meðal yngri kynslóðarinnar sérstaklega, en hjá henni hefir neyzlan stóraukizt síðari árin, ekki sízt í sveitunum. Ég veit, að sumir bannmenn halda því fram, að minna sé neytt af áfengi í landinu nú en þá er bannið var lögleitt. Ég er þar á annari skoðun, einkum nú, eftir að landabruggið hefir aukizt svo gífurlega sem raun er á orðin. Er ég sannfærður um, að hér er ekki minna neytt af óleyfilegu áfengi en sem svarar 1 lítra á mann á ári af hreinum vínanda, fyrir utan hin leyfilegu Spánarvín. Opinberar skýrslur um þetta eru ekki til, og verð ég því að fara eftir ágizkun, sem ég styð við ástandið, eins og það blasir við mér, og kunnugra manna

sögn, en þeir segja, að í nálega öllum kaupstöðum landsins megi hvenær sem er fá smyglað áfengi, og í sveitunum er alltaf nóg af heimabrugguðu áfengi. Er hvergi þurrð á því, nema e. t. v. í 2—3 sýslum, en þá verður það auðvitað flutt þangað inn frá heimabruggshéruðunum.

Enginn mun neita því, að meira er nú drukkið í sveitunum en var árin 1906—12. Nú sjást í mörgum sveitum ölvaðir menn á opinberum samkomum. Ástæðan er að nokkru leyti sú, að fólk, einkum yngra fólkið í sveitunum, er farið að neyta víns í svona ríkum mæli til þess að demonstrera gegn þvingun þeirri, sem bannlögunum er samfara. Það er líka komið á daginn, að þær þjóðir, er reynt hafa vínbann, eru nú nálega allar horfnar frá því. Bandaríkin eru eina ríkið, þar sem ríkisbann er ennþá að lögum, en menn sáu það við síðustu kosningar þar í landi, að meiri hl. þjóðarinnar er orðinn á móti banninu, og þing og stj. eru nú búin að gera ráðstafanir til að leyfa bruggun og sölu á sterku öli, og eru nú á leiðinni að leyfa sölu á flestum sterkum vínum. Þó voru bannlög sett í Bandaríkjunum eftir að farið hafði fram þjóðaratkvæði og nálega ⅘ atkv. verið með banninu. Í Kanada var það svo, að fylkjunum var 1905 gefið leyfi til að setja á hjá sér vínbann, með því einu skilyrði, að þjóðaratkvæðis væri leitað og meiri hl. atkv. væri með banni. Var síðan sett vínbann í mörgum fylkjum t. d.:

Í Prince Édwards Island voru sett bannlög 1907. Atkvgr. 10616 með, 3390 móti. Síðan hefir ekki verið leitað atkvgr. í þessu fylki.

Í Albertafylki voru greitt atkvæði 1915. Féllu atkvæði svo: 58295 með, 37509 móti. Bannlög sett sama ár. Var sett það skilyrði, að atkvgr. skyldi aftur leitað innan 10 ára. Það var gert 1923 og fór svo: 61647 með, 100694 móti. Var bannið þar með afnumið.

Í Manitobafylki var greitt atkv. 1916, og fór svo: 50484 með, 26502 móti. 1923 var aftur greitt atkv., og fór svo: 68244 með, 108244 móti. Var bannið þar með afnumið.

Í Saskatchewanfylki var greitt atkv. 1917. 95249 með, 23666 móti og bannlög sett sama ár. Aftur var greitt atkv. 1924 80391 með, 119337 móti. Bannið afnumið.

Í Ontario var greitt atkv. 1919. 792942 með, 369434 móti. Bannlög sett sama ár. Aftur var greitt atkv. 1926. 445414 með, 701088 móti. Bannið afnumið.

Ég tek þessar tölur vegna þess, að fáum mun kunnugt um reynslu Kanadabúa í þessu máli. Um þjóðaratkvgr. í Noregi og Finnlandi munu flestir hér vita.

Nú er vert að athuga það, hvort áfengisneyzla hefir aukizt eða minnkað í þeim löndum, sem ekki hafa haft bann, t. d. í Danmörku og Englandi. 1906—1910 var neyzlan í Danmörku af hreinum (100%) vínanda á mann 7,40 lítrar á ári.

1929—1931 var þessi tala komin niður í 2,56 lítra. Áfengisneyzlan hefir þannig minnkað um meira en helming, nærri því um ⅔.

Í Englandi var 1895—1900 þessi neyzla 4,5 gallonur á mann á ári. 1928—1930 var neyzlan komin niður í 2 gallonur á mann á ári og hefir þannig lækkað um frekan helming. Ég þekki ekkert land, nema Kanada, þar sem neyzlan ekki hefir stórum minnkað á síðustu áratugum, og þó opinberar skýrslur sýni aukna neyzlu í Kanada, þá eru líkur til, að minna sé drukkið þar en fyrir 20 árum. Óhemju miklu áfengi hefir verið smyglað þaðan til Bandaríkjanna, og það áfengi, sem og það, sem Bandaríkjamenn hafa neytt í Kanada, er talið á skýrslunum. Sumir halda því fram, að yfir 50% af því áfengi, sem talið er á skýrslum í Kanada, sé neytt af Bandaríkjaborgurum.

Ég hygg, að allir séu sammála um, að vínnautn Íslendinga hafi stórum minnkað árin frá 1870 og til 1909, þegar bannlög voru sett. Við verðum að gæta þess, að þegar litið er á innflutningsskýrslurnar síðari árin eða frá 1905—09, var mikill fjöldi útlendra sjómanna, sem komu hér til lands, og þeir neyttu ekki óverulegs hluta af því víni, sem fluttist inn í landið. Það er eftirtektarverð skýrsla, sem Lord Amulree's nefndin í Englandi hefir gefið um vínneyzlu þar í landi. Þessi n. var sett með konunglegri tilskipun til að athuga ástandið og benda á leiðir til að draga úr vínnautn. Í nefndinni voru jöfnum höndum menn, sem höfðu trú á

banni, og menn, sem ekki höfðu trú á banni. En n. komst einróma að þeirri niðurstöðu, að það mundi ekki leiða til minnkandi áfengisneyzlu þar í landi að setja bann. Ég skal aðeins drepa á helztu niðurstöður, sem nefndin komst að. Skýrslan er mjög yfirgripsmikil, vegna þess að margir menn hafa unnið þetta starf og n. hefir setið á rökstólum 4 eða 5 ár. Þeir segja, að vínnautn hafi minnkað geysimikið í Englandi og samfara því hafi dauðsföll og afbrot af völdum ölæðis og ýmiskonar lögreglubrot minnkað mikið. Tala dauðsfalla af völdum ölæðis var 113 af millj. árið 1919, en minnkaði ofan í 16 árið 1930. Ölæðisafbrotum fækkaði úr 227730 árið 1900 niður í 53000 árið 1930.

Þeir segja, að þjóðin, sem var drykkfelld, sé nú að verða tiltölulega reglusöm. Þeir segja, að öll sólarmerki bendi til þess, að Englendingar verði áður en langt líður mjög reglusöm þjóð. Aðalástæðurnar fyrir þessum góða árangri telja þeir tvennskonar. Sú fyrri er langvinn og fer vaxandi, en hin er skammvinn og breytileg.

Í fyrri flokknum telja þeir, að þetta hafi mjög góð áhrif til minnkandi áfengisneyzlu: Auknar íþróttir, ódýrari og meiri farartæki til ferðalaga á skemmtitímum fólksins, ódýrari skemmtanir, fleiri bókasöfn og lesstofur, fleiri kvikmyndahús og bætt húsakynni á veitingastöðum og síðast en mest **almenningsálitið**. En til hins flokksins, sem þeir telja, að hafi skammvinn áhrif og breytileg, sé verð áfengisins samanborið við tekjur manna og efnahag, í öðru lagi takmarkaður sölu- og veitingatími. Mest og varanlegust áhrif telja þeir, að almenningsálitið hafi skapað þar í landi, því eins og víða annarsstaðar þar, sem mikils víns var neytt, var það álitið lítil hneisa að vera áberandi ölvaður á almannafæri og jafnvel við verk. En nú sé það talið álitshnekkir að vera ölvaður á almannafæri og ekki hvað sízt við verk.

Ég veit, að hv. dm. er kunnugt um, hve geysilega mikil afbrot og lögreglubrot hafa hér í Rvik verið samfara vinbanninu og neyzlu áfengis síðustu árin. En það hefir þó lengst af verið svo, að menn hafa ekki verið teknir fyrir bruggun, enda mun lítið hafa að henni kveðið til 1931. Það er fyrst á árinu 1924, að 4 menn eru sektaðir fyrir bruggun, svo lækkar þetta 1925—26 niður í einn mann, 1927 eru það 5 menn, 1928 3, 1929 eru 4 menn sektaðir, 1930 2 menn, en 1931—1932, þá er öðruvísi. Árið 1931 eru hér í lögsagnarumdæmi Rvíkur 16 menn teknir fyrir bruggun, og árið sem leið munu þeir hafa verið yfir 30, og þó er það eins og allir vita ekki nema örlítill hundraðshluti af þeim mönnum, sem brugga, sem sæta ákæru og eru sektaðir.

Menn greinir sjálfsagt á um það, hve mikils ólöglegs víns er neytt hér á landi, og það er hægt að deila um það, því engar sannanir er hægt að færa fyrir því. En ég er sannfærður um það, eftir því sem næst verður komizt, að það er ekki undir 100 þús. lítrar af hreinum vínanda, sem neytt er í landinu árlega af heimabruggi og smygluðu áfengi. En hverjir hafa svo hag af þessu? Það eru fyrst og fremst útlendir menn, sem smygla víninu inn í landið og fá þar með þær tekjur, sem ríkissjóði ber með réttu. Svo og þeir menn, sem brugga og selja í stórum stíl. Ég held, að eins og nú er komið, sé líka rétt að líta á fjárhagshlið þessa máls. Ef maður gerir ráð fyrir því, að það sé neytt eins mikils ólöglegs víns eins og ég gat um áðan, og ég er persónulega sannfærður um, að það er ekki of mikið í lagt, þá er það sýnilegt, að ríkissjóður missir ekki óverulegar tekjur við að halda í bannlögin. Jafnvel þó að við neytum minna víns en flestar aðrar þjóðir, og það hygg ég að sé og muni verða, þrátt fyrir það að bannlögin yrðu afnumin, þá mundu tekjur ríkissjóðs aukast stórkostlega af sölu áfengra drykkja, sem koma inn í landið í stað þess, sem er smyglað og bruggað í landinu sjálfu.

Sumir vilja halda því fram, að þegar bannlögin verða afnumin, verði fólkið miklu drykkfelldara en áður. Við sjáum reynslu Norðmanna í þessum efnum. Norðmenn neyta minna víns nú en nokkru sinni fyrr, eða um 2,2 lítra af vínanda á mann árið 1932, og er það vitað, að það er ekki óverulegur hluti, sem útlendir ferðamenn neyta af áfengi þar, því að þeir skipta tugum þúsunda árlega. Margir þeirra eins og gerist og gengur

neyta víns daglega. Ferðamannastraumurinn hefir aukizt stórlega til Noregs á síðustu árum.

Við skulum gera ráð fyrir því, að við neytum ekki meira víns þó bannið verði afnumið en við neytum nú, eða 100 þús. lítra, auk Spánarvínanna, sem nú eru um 50 þús. lítrar af hreinum vínanda á ári. Við erum samt lægstir í áfengisneyzlu allra þjóða í álfunni. Það vorum við einnig fyrir 1909. (VJ: Það er óþolandi). Það má vera, að þessum bannmönnum, sem grípa fram í, væri það ljúft undir niðri, að það sýndi sig, að vínneyzlan ykist, svo þeir gætu sagt á eftir: Við höfðum rétt fyrir okkur. En þegar til alvörunnar kemur vil ég mega gera ráð fyrir, að það sé vilji allra að halda vínnautninni í skefjum, eins þó að bannlögin verði afnumin og máske almennara eftir að bannlögin eru afnumin. Andstæðingar þessa frv. héldu því fram í fyrra, að með því að selja hina sterkari drykki við háu verði, þá yrði heimabrugginu ekki útrýmt. Það má vel vera. En ég vil sýna þeim fram á, að það er hægt að ná stórkostlegum tekjum í ríkissjóð, sem nú fara til bruggara og smyglara, með því móti að selja brennivín, en það mundi mest notað af almenningi, svo ódýrt, að bruggarar og smyglarar geti ekki keppt við ríkiseinkasöluna, þó þeir vildu, sem ég efa. Náttúrlega er það á valdi þings og stjórnar á hverjum tíma að ákveða söluverð slíkra áfengra drykkja.

Ég vil vænta þess, að hæstv. stj. hafi það í huga, að það er nauðsynlegt að útrýma heimabrugginu áður en landsfólkið er orðið svo samdauna þessu bruggi, að það vilji ekki annað drekka.

Ég þekki þess dæmi, því miður, að einstöku menn leggja sér til munns kogespritt, og þegar þeir eru búnir að venja sig á það, vilja þeir helzt ekki annað drekka. Það er landsfræg sagan um prestinn sem sagði: „Vitið þið, að hann N. N. drekkur koges, bölvað svínið, hann drekkur koges, og svo er hann hundnízkur á þetta".

Ég geri ráð fyrir því, að neyzla áfengis ykist ekki, þó bannlögin væru afnumin. Yrðu þá auk Spánarvínanna fluttir inn 100 þús. lítrar af sterku áfengi. Gerum nú ráð fyrir, að af þessu áfengi væru fluttar inn 150 þús. flöskur af 8% brennivíni og það selt svo ódýrt, að bruggið, „landinn", ekki gæti keppt við það, t. d. á 3 kr. flaskan. Þá yrði verzlunarhagnaður og tollur samt yfir 1 kr. á flösku eða minnst 150 þús. kr. Hinn helmingurinn væri whisky, romm, kognac og líkörar og á þá vöru lagt, meðtalinn tollur, 6 kr. á flösku, en það verð (ca. 12 kr. flaskan) útilokaði smyglun. Þá yrðu tekjur ríkisins af því um 900 þús. kr. Tekjuauki ríkissjóðs yrði þá samt um 1 millj. kr. á ári, með óbreyttri áfengisneyzlu.

Ég og meðflm. mínir höfum ætlazt til þess, að einhver hluti af þessum tekjum ríkissjóðs gengi til þess að halda uppi fræðslu um skaðsemi áfengis og til að vinna móti áfengisneyzlunni í landinu. Í öðrum löndum, þar sem ekki er vínbann, eins og t. d. í Danmörku, þar er varið í kringum 2½% af tekjum ríkissjóðs af áfengi til þess að halda uppi bindindisfræðslu og annari bindindisstarfsemi. Ég get sagt fyrir mig og þá líka meðflm. mína, að þó við höfum sett í frv. 15 þús. kr. til slíkrar starfsemi, þá getum við vel fallizt á miklu hærri upphæð.

Að öðru leyti ræddi ég þetta mál við fyrstu umr. þessa sama frv. á síðasta þingi, og get þess vegna látið hér við sitja að sinni.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það er margt í fari þeirra manna, sem lagt hafa krafta sína í það, að reyna að rífa niður bannlögin, að brjóta á bak aftur þá varnarráðstöfun, sem þjóðin hefir verið að leita að í þeim tilgangi að sporna við ofdrykkjunni. Það er margt í fari þeirra manna, sem vekur athygli alþjóðar, og ég verð að segja það, að það, sem sérstaklega hefir borið á og vakið athygli upp á síðkastið, er frekjan, sú óskaplega frekja, sem kemur fram í því hjá þessum mönnum að ætla sér þá dul að afnema bannlögin án þess að bera það undir þjóðina. Við vitum það, að áður en bannlögin voru samþ. á Alþingi, voru þau borin undir atkv. þjóðarinnar af þeirri sjálfsögðu venju, sem gildir um slíkt löggjafarmál sem þetta. Það þótti vera hinn nauðsynlegasti og sjálfsagðasti grundvöllur undir það, hvort ætti að

setja slíka löggjöf sem þessa, að bera það undir þjóðina, sem átti að standa undir þessari framkvæmd.

Nú er þetta í annað sinn, sem fram kemur frv. á Alþ. um það að afnema þessa löggjöf. Í bæði skiptin er gengið í berhögg við þá sjálfsögðu skyldu, sem hvílir á herðum hvers manns, sem vill hreyfa hönd eða fót til þess að afnema lögin, að það verði fyrst borið undir þjóðina, áður en tekin er ákvörðun um það á Alþingi. Þetta er svo sjálfsagður hlutur, að það hlýtur eins og ég sagði áðan að vekja athygli og eftirtekt, það er svo gengið í berhögg við þessa sjálfsögðu skyldu gagnvart þjóðinni. Þegar minnzt er á þetta við þá menn, sem enga ró hafa í sínum beinum fyrr en þeir eru búnir að brjóta niður þessi lög, þá er þetta vana viðkvæðið: Það er ekkert bann lengur í þessu landi. Þess vegna er ekki ástæða til að bera það undir þjóðina. Og þegar þeir samþ. undanþágurnar gagnvart Spánverjum, þá var engin ástæða til að gera þetta. Það má vitanlega í því sambandi benda á það, að sú frávikning, sem var að vísu geysileg skerðing á bannlögunum, byggðist á því, að það var gengið svo ríkt eftir fljótri afgreiðslu þess máls, m. ö. o. Spánverjar settu okkur tvo kosti, annaðhvort yrði þetta að ganga fyrir sig á skömmum tíma, eða að íslenzkur saltfiskur yrði tollaður svo á Spáni, að ógerningur væri að selja hann þangað, og þar með var útgerðin lögð í rúst. Þess vegna var enginn tími til að inna af hendi þessa skyldu. En þingið var sér þess fullkomlega meðvitandi, að það gerði með þessu það, sem því alls ekki sæmdi. Því var á næsta þingi borin fram þáltill. í sameinuðu þingi, þess efnis, að Alþ. lýsti því yfir, að þrátt fyrir það, að það hefði verið neytt til að verða við kröfu Spánverja, þá stæði það samt sem áður á bannlagagrundvelli. Þessi þáltill. var samþ. með 29 samhlj. atkv. Alþ. gerði því fullkomlega hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni, þó það hefði orðið að brjóta þessa skyldu, og friðþægði fyrir það gagnvart þjóðinni með þessari yfirlýsingu.

Ég verð þess vegna að segja það, að mér þykir með þessu ekki einungis þjóðinni sýnd lítilsvirðing, heldur er þinginu líka sýnd lítilsvirðing með því að hreyfa þessu máli á þennan hátt. Það má sjálfsagt um málið deila, en áður en þessi skylda er af hendi innt ætti alls ekki að leyfa, að málið sé tekið fyrir eða rætt fyrr en búið er að gera þetta. Það eina í þessu máli, sem hægt er að samríma við það, sem búið er að slá föstu í þessu efni, og við það, sem á undan er gengið, er að taka málið fyrir á þeim grundvelli, hvort eigi að bera það undir þjóðina eða ekki. Ef það kæmi fram í þeirri mynd mundi það fá öðruvísi undirtektir, og það væri það eina, sem þinginu sæmdi.

Ég vil benda á það, að á seinustu tímum hefir mjög verið alið á því af ýmsum mönnum á þessu landi að draga úr þeirri virðingu, sem þjóðin ber fyrir Alþ. Alþ. á að sjálfsögðu á ýmsan hátt sök á því, að svo mjög hefir úr þessu dregið eins og raun ber vitni um. Ég held satt að segja, að þau mál standi nú svo, að virðing Alþ. þoli það ekki, að brotið sé svo í bág við þá sjálfsögðu skyldu við þjóðina í þessu máli, að farið verði að taka ákvörðun um það, áður en atkvæða hennar er leitað. Þegar málið er skoðað frá þessari hlið, er það líka þess vert að það sé athugað þegar hér á að rétta upp hendina um þetta mál, annaðhvort til synjunar eða samþykkis.

Hv. flm. minntist á allmörg atriði í þessu máli, en það kom ekkert fram hjá honum annað en það, sem alltaf er verið að flíka með í blöðum, af þeim mönnum, sem virðast hafa þá ástríðu að vera alltaf að níða niður þessa löggjöf. Og það er farið að ganga svo langt, að menn leggjast svo lágt í þessu máli, að ef þeir heyra um það einhversstaðar utan af landsbyggðinni, að brotin sé hurð, þá er það bannlögunum að kenna, og ef þeir heyra, að skvett sé úr þvagpotti, þá er það bannlögunum að kenna. Svo langt hafa þessir menn smogið inn undir þennan óþverra.

Hv. flm. talaði mikið um heimabruggið og sagði, að það væri skilgetið afkvæmi bannlaganna (**JAJ:** Ég sagði það ekki). (**ÓTh:** Ég tek það þá upp). Þá snýég máli mínu til hv. þm. G.-K., úr því að hann er þessi kjarkmaður, sem hans var von og vísa. Hvernig skyldi standa á því,

að svona er komið með heimabruggið, þegar það er alkunnugt, að fæðingarstaður þess og bernskustöðvar eru einmitt í þeim löndum, þar sem er alfrjáls sala á vínum, eins og t. d. í Danmörku. Þó að það kunni að vera mikið bruggað hér, þá er það ekki komið í þann algleyming eða á það þroskastig og í Danmörku, þar sem öll vínsala er frjáls, því að þar eru bruggararnir búnir að mynda með sér félagsskap og farnir að gefa út blað. Ég held, að það vanti nokkuð á það, að bruggið sé búið að renna það þroskaskeið hvað þetta snertir eins og úti í Danmörku. Það er alkunnugt, að þetta er á engan hátt sprottið út af bannlögunum, heldur er það aðflutt, sennilega frá Danmörku eða öðrum nærliggjandi löndum, sem eru langt á undan okkur í þessu efni.

Hv. þm. talaði mikið um, hvernig bannmálunum væri háttað í Bandaríkjunum. Hann þekkir alstaðar til út um öll lönd og verður alstaðar við að koma. En ég er enginn maður til að gagnrýna þetta, en þeir, sem geta gagnrýnt það, geta tætt það í sundur tætlu fyrir tætlu.

Það er nú svona með þetta heimabrugg. Það er framleitt hér sem annarsstaðar af þeirri einföldu ástæðu, að í því má á ódýran hátt svala þorsta sínum og njóta þeirrar ánægju, sem er nú í því fólgin að drekka sig fullan. Nei, í hvötinni til að að brugga er enginn leyndardómur fólginn annar en sá að fullnægja þessum algenga breyskleika. Það er heldur ekki bruggað, af því að ekki sé hægt að fá önnur vín, heldur af því, að með því er hægt að fullnægja drykkjufýsninni með ódýrara og hægara móti.

Þar sem hv. flm. telja bruggið stærsta ókost bannlaganna, þá væri líklegt, að þeir beindu aðalskeytum sínum að því. En hvað gera þeir? Ef þeim væri alvara með þessa hættu, sem ég fyrir mitt leyti játa, að sé fyrir hendi, þá ættu þeir að fara skynsamlega leið til að uppræta bruggið. En hvaða leið er það? Jú, vinið á að fljóta bókstaflega um allt landið. Útsala á því sem allra víðast og síðast en ekki sízt góð innkaup. Já, hv. aðalflm. er nú svo fróður um þetta allt, að hann veit nákvæmlega, hvað brennivínsflaskan kostar hnöttinn í kring. Og svo á að leggja toll á þetta. (JAJ: Þetta er ekki tollafrv.). Það er nú reyndar hrein hugsunarvilla að tala um toll í frv., því tollur á vínanda er ákveðinn í öðrum gildandi l. — Annars er nú í frv. talað um 100% toll. (JAJ: Allt að 100%). Svoleiðis ákvæði eru nú víðar, að það er ákveðið „allt að". En ég veit nú ekki betur en þar sé alstaðar sett í hámark. Annars virðist ætla að sverfa strax svo að hv. aðalflm., að hann er kominn á hraðan flótta frá ákvæðum frv. Nei, vínin innfluttu geta aldrei orðið svo ódýr, að þau uppræti bruggið, því ódýrleiki þess er frumorsök þess, að það er búið til. (JAJ: Það er ekki ódýrt!). Er það af því að hv. þm. hafi sjálfur bruggað, að hann þykist vita svo vel, hvað efnið í bruggið kostar?

Það eru engin smáræðis mistök í þessu frv., ef það er flutt til þess að útrýma brugginu. Hér er beinlínis hlaðinn kastali utan um bruggarana í landinu og gata þeirra greidd meira en nokkru sinni fyrr. Við höfum stundum verið að berjast fyrir smávægilegum verndartollum hér á þingi til verndar íslenzkri framleiðslu, svo sem smjöri, eggjum, mjólk, kartöflum o. fl. Þá hafa sumir þeir hv. þm., sem að þessu frv. standa, hrist sig alla og ætlað af göflunum að ganga. En hér kemur frá þessum sömu hv. þm. frv., sem felur í sér verndartoll. Og sá er nú hreint ekki skorinn við neglur sér! Það verður svei mér betri aðstaða hjá bruggurunum þegar frv. þetta er orðið að l. Þetta er svo sem bærileg kreppuráðstöfun fyrir þá bændur, sem brugga. Þeir þurfa áreiðanlega ekki annarar aðstoðar við en þeirrar, sem felst í frv.

Hv. aðalflm. fjölyrti mjög um það, hvað bruggun væri orðin útbreidd um allar sýslur landsins, að undanteknum tveimur eða þremur, ætla ég hann segði. — Jú, hann veit svo sem um þetta. Það er eins og um skýrslurnar hans frá öllum öðrum löndum. Hann er svo mikið gefinn fyrir að fræða! En ég veit nú reyndar ekki, á hverju hann byggir þessa skýrslu sína um útbreiðslu bruggsins. Ekki hefir hann ferðazt um allt landið og kynnt sér þetta af eigin raun. Ég býst a. m. k. ekki við, að svo sé, og veit því ekki, hversu ábyggilegar skýrslur hann hefir

um þetta. A. m. k. dettur mér ekki í hug að trúa þeim og byggi því lítið á fullyrðingum hans. Hvað víða sem hann þykist vita um ástandið og hvað miklar skýrslur sem hann kemur með, þá veit hann þó ekkert meira en hver okkar hinna, sem minna fullyrðum. Þetta atriði hefir ekki verið athugað af neinum nema þeim þá helzt, er herja á þessa spillingu í því skyni að útrýma henni. En við þá menn hefir hv. aðalflm. áreiðanlega ekkert sálufélag. Ég kannast að vísu við, að mikið muni vera bruggað hér á landi, og að hreinn háski sé að þeirri starfsemi. En það eru aðrar leiðir líklegri til að uppræta þennan ófögnuð en sá að hjálpa bruggurunum til að gera framleiðslu þeirra arðvænlega. Og þær leiðir er verið að fara. Einn þáttur þeirra er starfsemi bindindismannanna hér og að fé er veitt til þess að herja á bruggið. (**ÓTh:** Hver er árangurinn?) Vill ekki hv. þm. bíða dálítið, ég kem að því bráðum! Hæstv. dómsmrh. hefir líka sýnt þessu starfi fullan skilning og mikla velvild. Og þar sem hægt hefir verið að hefja sókn gegn þessum bruggurum hefir hún mikinn árangur borið. Það hefir að vísu ekki heppnazt að ná til allra, en þó til fjölda margra. Og þetta hefir skotið öðrum svo skelk í bringu, að þeir hafa hellt brugginu niður. Jafnvel í heilli sýslu hefir öllu verið hellt niður á einni eða tveimur nóttum. (**JAJ:** Mikil er trú þín, Pétur!) Það er nú engan talið skaða að lifa í trú. En hér er um staðreynd að ræða. Árangurinn af þessari starfsemi hefir orðið mikill. En svo eru aftur heilar sýslur, þar sem ekkert hefir verið gert. Þar er bruggunin kannske í þróun. En þar þarf einnig að hreinsa til. Og eina ráðið til þess að útrýma brugginu er að halda ötullega áfram á þeirri braut, sem hafin er. Og það er trú þeirra manna, er helzt til þekkja, að það megi takast, með stuðningi þeirrar öldu, sem vakin er um allar sveitir og héruð landsins. Og alstaðar eykst andúð og fyrirlitning á þeim mönnum, sem brugga. Og að hægt sé að halda þessari framkvæmd í skefjum og jafnvel fella hana niður er enginn vafi, svo framarlega sem bruggararnir fá ekki nýjan stuðning. En það fá þeir, ef frv. þetta verður samþ. En verði svo, þá er um leið lagður örðugur þröskuldur á leið þessa máls. Þá mun útrýming bruggsins kosta bæði miklu meiri tíma, fé og fyrirhöfn. Og þá verður að nokkru spillt þeim árangri sem nú er búið að ná. (**LH:** Er hætt að brugga á Akranesi?). Hv. þm. V.-Sk. greip líka fram í fyrir mér í fyrra. — Nei, það er ekkert bruggað á Akranesi. Og ég skal lofa hv. flm., að það skal verða stungið upp í þá ekki síður en í fyrra. (**LH:** Ég er þó hvergi hræddur!). Það fór nú samt svo þá, að það var eins og stungið væri upp í þá tappa, — já líklega tappa úr „landa"flösku. (**JAJ:** Hv. þm. Borgf. þóttist geta svarið það í fyrra, að ekkert væri bruggað á Akranesi eða í Innri-Akraneshreppi. En svo er hann kom heim af þingi ætlaði hann bókstaflega að drukkna í bruggi). Þetta er ekki rétt. Annars hélt ég nú, að syndir hv. þm. í sambandi við þetta frv. væru nógu svartar, þótt hann bætti ekki svardögum við. Þessi slagur, sem sleginn er með frv., er slagur varnarinnar fyrir bruggarana. Þetta hefir nú kannske verið af athugaleysi og því óvart fyrir hv. flm. í fyrra. En það á þó ekki við nú, því ég benti á þessa hlið málsins þá.

Það hefir að vísu verið bent á eina leið í þessu sambandi, sem mundi gera bruggurunum erfitt fyrir, ef hún væri farin. Maður, sem talsvert er þekktur hér í þinginu í sambandi þó við annað mál, lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, hefir að því er ég hygg, gefið það ráð að selja brennivínið ákaflega ódýrt og hafa útsölu á því í hverjum hreppi á landinu, hjá hreppstjóra eða oddvita, ég veit nú ekki fyrir víst, hjá hvorum þeirra það á að vera. Þetta er vitanlega ákaflega skynsamleg leið til að draga úr bruggun. Annað mál er það, hvort þetta mundi draga úr drykkjuskapnum. En ef aðeins væri hugsað að flytja inn sterk vín til að útrýma bruggi, þá væri fullkomin skynsemi í þessari till. sýslumannsins. En eins og ég hefi sýnt, þá fara till. hv. flm. í þveröfuga átt. Í þeim finnst því engin skynsamleg hugsun til lausnar á þessu máli.

Hv. aðalflm. las upp — eins og hann er vanur — margar tölur og frá ýmsum löndum. M. a. las hann upp álit, sem einhver n. í Englandi hefði nýlega gefið út.

Var hún um notkun víns í Englandi, og ástæður taldar upp fyrir því, að neyzla víns hefði farið minnkandi þar í landi. Þó ég sé nú að vísu ekki sterktrúaður á skýrslur þær, sem hv. þm. er að lesa okkur svona yfirleitt um þetta mál, þá er þó rétt að athuga, hverjar þær ástæður eru, sem talið er, að dregið hafi mest úr vínnautn Englendinga. En þær eru: íþróttir, ódýr farkostur, bætt húsakynni og takmörkun á útsölustöðum vína. Það er nú rétt að líta á það, hvaða lærdóma hv. flm. dregur út úr þessari skýrslu, sem hann þó áleit þess verða, að vera lesin hér upp. Og árangur þeirra lærdóma ætti vitanlega að vera að finna í frv. En hvernig lítur þar nú út? Eru þar nokkrar till. um að auka íþróttir? Enginn held ég verði var við það. Eru þar fundin ráð til að afla mönnum ódýrs farkostar, þeim til andlegrar hressingar og skemmtunar? Fjarri fer því. Þar er um enga hressingu eða skemmtun að ræða — nema fyllirí! Eru till. um bætt húsakynni? Ekki held ég, að neinar slíkar till. finnist í frv. — Það er ekki einu sinni gert ráð fyrir auknu húsnæði handa þeim drykkjuskaparvesalingum, er þetta vínflóð mundi framleiða og setja yrði inn vegna lögbrota. En þá er eftir „takmörkun vínsölustaða“ af því, er hv. þm. nefndi og takmarkað hefir vínnotkun í Englandi. Það er eina atriðið, sem vikið er að í frv. — En hvernig er nú með það? Eru þær till. sniðnar eftir reynslu Englendinga og miða þær að því að minnka drykkjuskapinn, en það telur hv. flm. vera takmark frv? Á að fækka útsölustöðunum? Nei, það er nú þvert á móti! Það á að selja vín í öllum kaupstöðunum, ef meiri hl. bæjarstjórnar í hverjum stað samþ. Ekki er það líklegt til að draga úr útsölustöðunum. En svo er líka heimilt að bæta nýjum útsölustöðum við. Og það er nú ekki naumar tiltekið en það, að setja má útsölur alstaðar í kauptúnum, þar sem 300 íbúar eru eða fleiri, en það er nú víst í flestum kauptúnum hér á landi. Nú er þetta þó ekki leyft nema í kaupstöðunum, og mun þó ekki vera útsala í þeim öllum, en öðrum mjög takmarkað. Nú má heita, að þetta eigi engum takmörkunum að vera bundið. Hinn eini möguleiki til að vísa þessum beizka kaleik frá sér, er sá, að meiri hl. bæjarstjórnar eða íbúa kauptúns neiti að taka við honum. Með því eina móti er hægt að komast undan vínflóðinu, þar til þá að betur verður hert að þessu af löggjafarinnar hálfu, sem búast má við, að verði gert, unz engum verður undankomu auðið. Nei, það er algert ósamræmi í því, sem hinn viðfróði flm. segir, að hinir vísu Englendingar hafi látið í ljósi í skýrslum sínum og því, sem hv. flm. koma með í þessu frv. Gersamlegt ósamræmi! Þótt ekkert sé tekið nema möguleikinn til að fjölga útsölustöðunum, þá sjá allir ósamræmið í því. Og höfuðrök Englendinga fyrir minnkandi drykkjuskap eru þau, að útsölustöðum hefir fækkað þar. (**JAJ**: Hvað heldur hv. þm., að útsölustaðirnir séu margir þar?) Ég hefi nú ekkert lesið um það. Hv. flm. þykist víst vita það sem annað. En ég fyrir mitt leyti tel mig engu nær að vita hið rétta um það, þó hv. flm. segi eitthvað um það.

Nú — (**ÓTh**: Nú er úti veður vont). Já, það er sannarlega verið að stofna til foráttuveðurs með flutningi þessa frv. — Já, reglulegs manndrápsveðurs! Ég get tekið undir það með þeim hv. þm., er fram í tók.

Nú, hv. flm. var að tala um það, að meira áfengis væri neytt nú en gert var fyrir bann og að verr væri drukkið. Það er nú ekki mjög langt til baka að líta til þess tíma. Þeir, sem eru nokkuð til ára komnir, muna hann vel. Er mér það í bernskuminni, er ég kom hingað til Rvíkur, hvað ég sá fyrir framan „svínastíuna“, er svo var kölluð og var vínveitingakrá fyrir almenning, á Hótel Ísland. Ég verð að segja það, að ég hefi hvergi síðan bannið kom séð þá sjón, er komist neitt í samjöfnuð við það, sem ég sá þar. Það getur verið, að þarna hafi mátt sjá allra hryllilegustu myndir ofdrykkjunnar. En ég er þess þó fullviss, að víðar var til þessu líkt. Og ef sú fullyrðing hv. flm. er rétt, að víða sé pottur brotinn nú, þá ætti þó enginn að vilja styðja að því, að ástandið verði verra, eins og frv. þetta ótvírætt miðar að.

Það er ekki hægt að mæla því í gegn, að mikill árangur hefir þegar orðið að þeirri bindindishreyfingu og bindindis-

starfsemi, sem vaknað hefir með auknum krafti hin síðustu ár. Og þótt ég geti játað, að mikið vanti á, að þær óskir og vonir, er menn gerðu sér með bannlögunum, hafi rætzt, þá gefur þó framhald byrjaðrar og aukinnar bindindisstarfsemi miklar vonir í þessu efni.

Í sambandi við þetta ætla ég að vitna í opinbera skýrslu um neyzlu vínanda á mann. Ætti þessi mikli skýrslufræðingur, hv. flm., að vilja taka tillit til þess, er skýrslurnar segja. En eftir þeim var á árunum kringum 1908 neytt af vínanda á mann 1,3 lítra. En 1928 voru þetta ekki nema 0,3 lítrar á mann. Og þó bruggi og öðru ólöglegu sé bætt við, þá er munurinn svo mikill, að ekki nær nokkurri átt, að neyzlan komist nú neitt í námunda við það, sem var fyrir bann. (**Forseti (JörB)**: Ég vil benda hv. ræðumanni á það, að fundartíminn er nú búinn. Ef þm. á mikið eftir af ræðu sinni, má hann geyma frh. hennar þar til málið verður tekið fyrir næst). — (**JAJ**: Hann er rétt búinn!). Hv. flm. þykist vitanlega vera búinn að fá nóg. En ég get gjarnan hrellt hann miklu meira, og er því bezt að fresta framhaldi ræðunnar. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Ottesen [óyfirl.] [Frh.]: Þegar mál þetta var hér síðast til umr. hafði ég talað dálítið um það, en var þó ekki kominn nema stutt áleiðis (**BSt**: Ég held, að væri nóg komið). Ég get vel skilið það, að flm. þessa frv. hafi þótt nóg komið, en það dregur ekki úr mér. Ég var búinn með tvö eða þrjú atriði í málinu, en atriðin eru miklu fleiri, sem gefið hefir verið tilefni til að drepa á með flutningi þessa máls hér í þinginu. Ég hafði bent á það, hversu frámunaleg frekja kæmi fram í því að ætla sér að knýja þetta mál áfram án þess að þjóðaratkv. gengi um málið áður, því að þetta mál er upphaflega komið í hendur löggjafans eftir þeirri leið, og afstaða þingsins þá var algerlega í samræmi við vilja þjóðarinnar í málinu. Ég hafði ennfremur bent á það, hver reginfjarstæða það væri að ætla sér að kveða niður heimabruggið með því að setja hér upp ríkiseinkasölu á sterkum drykkjum, sem seldir væru við dýru verði, til þess að láta fljóta eftir þeirri leið sem mestar tekjur í ríkiskassann, því að auðvitað mundi þetta þvert á móti verða sá sterkasti varnarmúr, sem hægt er að hlaða utan um bruggið í landinu. Hafði ég gert þessum báðum atriðum það full skil, að ég sé ekki ástæðu til að bæta þar neinu við að svo stöddu.

Hv. 1. flm. lét svo um mælt, að frv. mundi verða til að draga úr vínnautninni til þeirra muna, að horfa mundi til mikilla umbóta frá því ástandi, sem við nú eigum við að búa í þessum efnum. Hafði ég bent á það, hver mótsögn fælist í þessum ummælum hv. flm. annarsvegar og ákvæðum frv. hinsvegar. Í stað þess sem nú er ekki heimilt að selja hér annað vín en þetta Spánarvín, sem þvingað var upp á þjóðina sællar minningar, og þó ekki megi selja nema í kaupstöðunum og við mjög takmarkaða sölu á ýmsan hátt, gerir þetta frv. ráð fyrir, að tilraun verði gerð til að selja sterka drykki í hverri kaupstaðarholu, þar sem eru 300 íbúar og fleiri og hægt verður að skrapa saman nægilega marga skoðanabræður hv. flm. frv. Þannig á að draga úr vínnautninni í landinu, með því að hleypa meira vínflóði yfir landið en nú þó er. Skal ég reyndar ekki segja, hvort þetta tekst eða ekki, en ef nægilega margir þm. verða til að fylkja sér um frv., er flóðið skollið yfir. Og ekki nóg með þetta. Það eru fleiri stoðir, sem undir það hníga, að á bak við þetta frv. sé sterk alda til að dreifa víninu út um landið. Er þannig gert ráð fyrir því í 2. gr., að leyfður verði tilbúningur og sala á áfengu öli í landinu, og á það að verða undanþegið öllum þeim takmörkunarákvæðum frv. um tilbúning og sölu áfengra drykkja, sem flm. þó vilja setja um þessa hluti. Áfengi í líki öls á þannig að verða frjálst að selja hvar sem er á landinu, og eru öll vopn slegin úr höndum borgaranna til þess að veita nokkurt viðnám í þessu efni, að því leyti sem þeim verður mögulegt með

samtökum að koma í veg fyrir sölu á sterkum drykkjum, og eru þannig allar flóðgáttir opnaðar fyrir því áfengi, sem búið er til undir heitinu öl. Það verða því ekki færðar neinar varnir fyrir því, að með þessu frv. er ekki aðeins verið að opna möguleika fyrir aukinni áfengisnautn í landinu, heldur liggur það í eðli hlutarins, að afleiðingin af samþykkt frv. verður sú, að sterk vínalda fer yfir allt landið, og eins og svo vill fara um þá kynflokka, sem taldir hafa verið lausir við ýmsa kvilla og pestir, að þeir eru miklu varnarlausari gegn þessu, þegar það ber að garði, eins má búast við því, að við, sem búið höfum við mjög takmarkaða áfengissölu undanfarið, komum til með að eiga illt með að fóta okkur í þessum efnum til að byrja með. Má því gera ráð fyrir, að með samþykkt frv., meðan við erum að safna okkar mótstöðukrafti, rísi flóðbylgjan hátt, og að jafnvel standi ekki upp úr nein þúfa á landinu, heldur verði sjór í miðjum hlíðum hreint og beint.

Jafnframt því sem hv. flm. bölvaði banninu og lýsti með átakanlegum orðum afleiðingum þess fyrir þjóðina, varð hann þó að viðurkenna, að hér væri minna drukkið en þar erlendis, sem hann þekkir til, sem er víða. Getur að vísu margt legið til grundvallar fyrir því, að svo er, því að ég viðurkenni þetta hjá hv. flm., og styðst ég þar við upplýsingar, sem ég hefi aflað mér í þessu efni líka. Þetta getur t. d. legið í lyndiseinkunnum þjóðarinnar að einhverju leyti, en ég held þó, að leita þurfi nær að orsökunum og að þetta liggi að mestu leyti í þeim takmörkunum, sem hafa verið á vínsölu hér á landi undanfarið, enda hefir samhliða þeim verið unnið dyggilega á móti allri vínnautn og ofdrykkju af þeim mönnum, sem bera uppi bindindisstarfsemina í landinu og sýnt hafa í því mikla fórnfýsi og ósérplægni. Í þriðja lagi hefir hér á síðustu árum verið komið upp öflugra tolleftirliti en við áður höfðum búið við. Þetta eru meginstoðirnar undir því, að við höfum átt því láni að fagna, að hér er minna drukkið en annarsstaðar, að við offrum minna af heilsu, kröftum, starfsþreki og fjármunum á altari ofdrykkjunnar en aðrar þjóðir verða að gera. Þessar upplýsingar benda til þess, að hér sé verið að ráðast á þær ráðstafanir, sem ótvírætt eiga sinn drjúga þátt í því, að svona er. Það kemur fram í frv. og hefir líka komið fram í flutningi málsins, að hér er verið að ráðast á þær ráðstafanir, sem valda því, að við þurfum ekki að búa við eins mikið böl af völdum ofdrykkjunnar eins og þjóðirnar í nágrannalöndum okkar. Annars hefði hér verið um till. að ræða til að efla og styrkja aðstöðu okkar í þessum efnum, svo að vínnautnin færi minnkandi frá því, sem nú er. En frv. þvert á móti rífur niður alla þá varnarmúra, sem hér eru nú, og hlýtur afleiðingin að verða sú, að þessi mismunur á okkur og öðrum þjóðum minnkar, svo að að því rekur smátt og smátt, að drykkjuskapurinn hér á landi færist í það horf að hálgast meir og meir það, sem er í nágrannalöndunum, og það er jafnvel hætt við því, að með því að breiða faðminn svo út á móti Bacchusi eins og gert yrði með þessu frv., yrði til þess stefnt, að við yrðum ekki lengur ekki aðeins eftirbátar annara þjóða, heldur gengjum feti framar en þær í þessum efnum, og þarf ég ekki að eyða orðum að því, hvert skaðræði það er, ef við lentum svo djúpt í þessu fræði. Ég held, að öllum sé það svo ljóst, að þeir ættu frekar að sporna við því en að greiða götu þess, að svo gæti farið. Það liggur í augum uppi, að ef frv. er samþ. eins og það liggur fyrir, leiðir það til þess, að drykkjuskapurinn eykst hröðum fetum í landinu, svo að búast má við því, að ofan á hina miklu örðugleika, sem við nú þurfum við að stríða á fleiri sviðum, gætu bætzt við meiri örugleikar á þessu sviði, sem yrðu þrándur í götu í því viðreisnarstarfi, sem nú liggur fyrir á sviði atvinnuveganna og afkomu þjóðarinnar. Má því með sanni segja, að þessi ummæli hv. flm., sem enda líka koma fram í grg. frv., um það, að með frv. sé stefnt í þá átt að draga úr vínnautninni í landinu, séu ill stæling á hinum nafnkunnu öfugmælavísum, sem liggja á vörum þjóðarinnar, því að listina brestur, sem öfugmælavísurnar hinsvegar hafa til að bera.

Hv. flm. talaði nokkrum orðum um það, hvernig umhorfs væri í þessum löndum, þar sem banninu hefði verið komið

á, en síðan afnumið, Finnlandi, Noregi og Bandaríkjunum, sem nú eru langt komin í því að afnema bannið hjá sér. Jafnframt þessum sögulegu upplýsingum gat hv. flm. þess, að afnám bannsins í Finnlandi og Noregi hefði dregið úr drykkjuskapnum í þessum löndum. Er ég þó hissa á því, að hv. flm. skuli bera staðhæfingar eins og þessar á borð hér í sölum Alþingis. Það er alkunnugt, að t. d. í Noregi hófst hin mesta drykkjuskaparöld þar í landi. Árið 1931 var þannig drukkið fyrir 264 millj. kr. í Noregi, og er það miklu meira en áður hafði verið varið til drykkjuskapar þar í landi, og í Osló einni var drukkið fyrir 54 millj. kr. þetta sama ár, sem er miklu hærri upphæð en nokkru sinni áður hefir verið varið til áfengiskaupa í þeirri borg. Þvert ofan í þessar staðreyndir heldur hv. flm. því fram, að afleiðingarnar af afnámi bannsins hafi orðið þær, að drykkjuskapurinn hafi minnkað í Noregi. Og sama máli gegnir um reynslu Finna í þessum efnum. Afnámið varð þar líka til þess að auka drykkjuskapinn, eins og líka var vitanlegt öllum þeim, sem hafa augu til að sjá og eyru til að heyra. Þetta sýnir, að hið sama mundi koma hér fram í því átakanlegri mynd sem takmarkanirnar hafa gengið lengra hér en þar.

Hv. flm. sagði að bannið væri afnumið í Bandaríkjunum. En það er nú alls ekki tilfellið. Þingið hefir að vísu tekið sína afstöðu til bannsins, en kálið er nú ekki sopið, þótt í ausuna sé komið, því að bannið er í stjórnarskrá Bandaríkjanna, en breyt. á henni eru háðar íhlutunarvaldi hinna einstöku ríkja, þannig að meiri hl. þeirra verður að greiða atkv. með breyt. Það er því alls ekki hægt að segja enn um það, hvort ameríska þjóðin vill afnám bannsins eða ekki, fremur en hvort þjóðarvilji lægi á bak við þetta frv., þótt það kynni að slysast í gegn á þinginu. Það er jafnvel alls ekki ólíklegt, að borgararnir í Bandaríkjunum láti sér ekki nægja að stöðva afnám laganna, heldur hreint og beint knýi löggjafarvaldið til að hefja nýja sókn. Árangurinn af atkvgr. í hinum einstöku fylkjum getur alveg eins orðið þetta og hið gagnstæða.

Flm. talaði mikið um það, að afnám núgildandi áfengislöggjafar myndi hafa í för með sér minnkandi smyglun og minnkandi tolleftirlit. Ég vildi því benda honum á reynsluna um þetta í Noregi. Þar hefir reynslan orðið sú, að smyglunin hefir síður en svo minnkað, né heldur kostnaður við tollgæzluna. Ég man ekki betur en hingað alla leið hafi borizt fregnir um stórkostlegar smyglanir og smyglunartilraunir á áfengi til Noregs frá Hollandi, Englandi og Danmörku. Áfengið var jafnvel í heilum skipsförmum. Þetta sýnir, að afnám áfengistakmarkana dregur alls ekki úr smyglunarhættunni eða tilhneigingunni til að græða fé ólöglega á þennan hátt. Sú ástæða er jöfn eftir sem áður og þeim mun meiri sem vínin eru seld dýrar og munurinn er meiri á innkaups- og útsöluverði. Hv. flm. skjóta því einnig hér fram hjá markinu.

Hv. flm. greip fram í fyrir mér á dögunum, þegar ég var að sýna fram á, hve vínin yrðu dýr eftir frv., þegar tollur er reiknaður með. En samkv. lögum á tollurinn að vera 3 kr. á hverjum lítra af víni, sem hefir allt að 8° styrkleika, 8 kr. á lítra af vínum með 8°—12° styrkleika og 12 kr. á vín með 12°—16° styrkleika. Sést á þessu, að þegar við innkaupsverð bætist tollur og álagning, verður vínið svo dýrt, að bruggarar og smyglarar standa engu verr að vígi í samkeppninni eftir en áður.

Þá varði flm. miklum tíma í að brýna fyrir þdm., hve tekjuþörf ríkisins væri mikil og hve tekjurnar af vínsölunni yrðu þungar á metunum. Taldi hann, að tekjurnar af hinni breyttu áfengislöggjöf myndi nema hundruðum þúsunda, ef ekki milljónum. Til þess að þetta geti orðið, þarf vínnautnin að aukast mikið, og það mun hún líka gera. Ég mæli því ekki á móti því, að svo geti orðið, að ríkissjóður fengi töluverðar tekjur af þessu. En þó að gott sé að auka tekjur ríkissjóðs, er ekki sama, á hvern veg það er gert. Og mér þykir sérstök ástæða, þegar hv. flm. er að brýna þdm. með því, að þarna sé fundinn nýr fjársjóður, að athugað sé, með hvaða hætti þjóðin á að leysa frá pyngjunni. Þessi tekjuöflun byggist á því einu, að tæra og veikja heilsu og vinnuþrek þjóðarinnar. Grund-

völlurinn undir þessari kreppuráðstöfun er sá, að leggja þær freistingar fyrir þjóðina, er hún fær ekki staðizt, og eyðileggja heilsu hennar og vinnuþrek. Þetta eru verðmætin, sem á að fórna til að bæta úr kreppunni. (**ÓTh:** Maður skyldi halda, að hv. þm. hefði aldrei smakkað vín!). Það er líka svo.

Ég vil vænta þess, að hv. þdm. taki öll þessi atriði til nákvæmrar athugunar. (**JAJ:** Það er ómögulegt). Hv. flm. getur fullyrt það um sjálfan sig einan, að hann sé ekki maður til að taka neinum skynsamlegum athugasemdum, en ekki aðra. Ég hefi líka litið á hann sem fortapaðan sauð í þessu efni og var því að tala til hinna, sem ætla má, að séu móttækilegri fyrir skynsamlegum ráðum í málinu. Ég vil því beina því til hv. þdm., að þeir athugi vel, áður en þeir greiða atkv. í þessu máli, að með hverjum eyri, sem renna kann í ríkissjóð vegna þessarar lagabreyt., er verið að auka og æsa drykkjuskap í landinu, og að þjóðfélagið er að ganga á þann starfssjóð, sem öll okkar afkoma byggist á, sem er líkamleg og andleg heilbrigði þjóðarinnar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Hv. þm. Borgf., sem líka er einskonar lögreglustjóri í Innri-Akraneshreppi, hefir nú látið ljós sitt skína hér um stund. (**PO:** Og á eftir að gera betur). Bara að það verði þá ekki villiljós áfram.

Hann kallaði það frekju að vilja afnema það litla, sem eftir er af bannlögunum, án þess að leita þjóðaratkvæðis. Ég hefði getað hugsað mér þessa leið undir öðrum kringumstæðum og get jafnvel hugsað mér hana sem síðustu leið, sem reynd verði til að fá lögin afnumin, ef aðrar leiðir reynast ófærar. En ástæðan til að ég vil ekki fara hana nú, er sú, að hér er allt öðruvísi umhorfs en þá er bannlögin voru sett. Nú er risin hér upp fjölmenn stétt sprúttsala og bruggara, sem myndu berjast á móti afnámi laganna með oddi og egg og leggja fram fé til að vinna á móti því, því að þeir eru ekki fáir, sem hafa lífsuppeldi af bruggun og smyglun. Ég get óskað hv. þm. Borgf. til lukku með sálufélag sitt við þessa menn að því er skoðun á afnámi bannsins snertir. (**ÓTh:** Og Felix!).

Hv. þm. Borgf. sagðist lifa í trú, en ekki skoðun í þessu máli. (**PO:** Ósatt!) Ég heyrði hv. þm. segja þetta, og vona, að það standi hjá skrifurunum. (**PO:** Ég sagði hið gagnstæða). En hv. þm. lifir ekki eingöngu í trú, heldur hjátrú. (**ÓTh:** Villutrú!)

Hv. þm. var að tala um hneykslismál í sambandi við handtöku einhvers bruggara fyrir austan fjall. Taldi hann, að blöð andbanninga hefðu flutt litaðar frásagnir af húsrannsókn hjá honum; hjá þessum blöðum var aðeins um fréttir, máske ýktar fréttir, að ræða. En ritstjóri þess blaðs, sem templarar gefa út fyrir ríkisfé, flytur forustugrein um þetta sama efni á fyrstu síðu og smjattar þar á ósómanum á svo viðbjóðslegan hátt, að slíkt á vægast sagt ekki að sjást á prenti.

Hv. þm. sagði, að vagga heimabruggsins væri í þeim löndum, þar sem ekki væri bann. Já, hvernig er það með Bandaríkin og Finnland? Þar eins og hér var bruggað sterkt áfengi, óheilnæmt, meðan bannið stóð og þó máske verst og mest í Noregi. Það er alkunna, að í Suðurlöndum, í Danmörku og miklu víðar er leyft að brugga létt vín úr ávöxtum í heimahúsum, til eigin nota. En sú bruggun, sem hér þrífst, er allt önnur og skaðlegri.

Ég hefi áður bent á, að hægt væri að selja brennivín með svo lágu verði, að það útrýmdi landanum, og að ríkissjóður gæti samt haft sína milljón í auknar tekjur af vínsölunni. Í fyrra tók hv. þm. Borgf. svo í þetta atriði, að hann bannfærði þá tillögu, sem sagt er, að einn sýslumaður landsins hafi borið fram og gengur í þá átt, að brennivín verði selt í hverjum hreppi. Enn ymprar hann á því sama. Hver er meiningin? Nú þegar bent er á leið til að selja eina víntegund með svo lágu verði, að bruggararnir geti ekki keppt, bregzt hv. þm. Borgf. reiður við. Í frv. stendur, að leggja megi á vínin **allt** að 100%. Þetta er hámarksálagningin og þýðir auðvitað alls ekki 100% á öllum vínum. (**PO:** Hvernig er það um álagninguna á Spánarvínum?). Að sjálfsögðu verður þeim tolllögum, sem nú gilda og miða við ástandið eins og það nú er, breytt, ef frv. verður samþ., og ég get

ekki hugsað annað en ríkisstjórnin hagi svo álagningu, að bruggurum og smyglurum verði útrýmt, en það er auðvelt, ef bannið er afnumið. Telur hv. þm. hættu á, að Spánarvínum sé smyglað inn í landið? Þó að flaska af þeim, sem kostar 2 kr. í innkaupi, sé seld hér á 10 kr., eru fá dæmi til þess, að slíku víni hafi verið smyglað inn. Lögreglan í Rvík segir, að hún viti þess eitt dæmi, að einni flösku af spænskum vínum hafi verið smyglað, og sjá þó allir, hvort þar gæti ekki verið gróðavon. Ástæðan er sú, að allir heiðvirðir menn skirrast við að svíkja fé af ríkissjóði, og almenningur fyrirlítur þá menn, sem flytja inn vín til að skaða ríkissjóðinn, þ. e. svíkja lögboðin gjöld af þeim vínum, sem ríkissjóður verzlar með. Enginn heiðvirður borgari vill kaupa vín, sem flutt er inn á sviksamlegan hátt, þegar hægt er að fá jafngott, löglegt vín, þó við hærra verði sé.

Það er leiðinlegt að heyra, að jafngáfaður maður og hv. þm. Borgf. skuli verða til að leiða fólkið í þessu máli og sýna þá fáfræði sem hann gerði sig beran að. Hann segir, að í frv. séu engar ráðstafanir fólgnar til að torvelda mönnum að ná í vín. Ég held, að ef hann vildi fremur lifa í skoðun en trú í þessu máli, hefði honum verið auðvelt að kynna sér, hvernig þetta er í öðrum löndum. Hann myndi þá sjá, að gert er ráð fyrir meiri hömlum í frv. en þar tíðkast. Eftir frv. má t. d. ekki veita vín í skipum né í þeim bæjum og þorpum, þar sem meiri hl. borgaranna er því mótfallinn. En hitt að gera innflutning á vínum svo torveldan, að bruggunin geti þrifizt áfram eftir sem áður, er blátt áfram heimskulegt. Það er vitanlegt, að ef landsmönnum verður gert ómögulegt að ná í vín nema á einum stað í landinu, t. d. í Rvík, þá verður aðalafleiðing þess sú, að bruggararnir þrífast og blómgast. Hv. þm. virðist hafa misskilið það, sem ég hafði sagt um álit Amulreesnefndarinnar í Englandi á þann hátt, að enska ríkisstj. hefði lagt fram fé til þess að draga úr vínnautninni í landinu. En ég sagði, að samkv. áliti nefndarinnar hefði mest verið dregið úr vindrykkjunni með iðkun íþrótta, ódýrum ferðalögum borgarbúa í frítímum sínum, með lesstofum fyrir almenning og kvikmyndum til fræðslu fyrir almenning um skaðsemi ofdrykkjunnar. Ríkissjóðurinn enski greiðir lítið eða ekkert fé í þessu skyni. En það eru einstakir áhugamenn og félög, sem hafa haldið þessari starfsemi uppi. Víða hafa einstakir menn og félög haft forgöngu um það, að iðnaðar- og verzlunarfólk fer skemmtiferðir um helgar, og er þá lagt kapp á að gera fólkinu það sem ódýrast og léttast fyrir, til þess að þátttakan geti verið sem almennust. Þetta borgar sig á tvennan hátt, einstaklingarnir fá ódýrara skemmtanalíf og félögin miklu meiri þátttöku í ferðalögunum. En aðalatriðið er þó það, að jafnframt því sem fólkið nýtur hinna ódýru skemmtana, þá dregur það úr vínnautninni. Hv. þm. saknaði þess, að frv. gerði ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði í þessu augnamiði sérstaklega. Hvílík reginfirra! Ég efast um, veit reyndar með vissu, að þm. hefir oftsinnis greitt atkv. móti þeim litla styrk, sem veittur hefir verið íþróttafél., en ég minnist ekki, að ég hafi nokkru sinni verið á móti slíkum styrkjum. Að sjálfsögðu er það almenningsálitið í Englandi, sem mestu hefir áorkað um að minnka vínnautnina þar. En hvernig er það hér á landi? Hefir almenningsálitið haft bætandi áhrif í vínmálunum á síðari árum? Ég held þvert á móti, að það hafi verkað í þá átt að auka drykkjuskapinn í landinu. Mér er vel kunnugt um það, að í ýmsum byggðarlögum hafa fleiri og fleiri snúizt með ári hverju andvígir gegn bannlögunum, af því að þeir hafa kynnzt hinum spillandi afleiðingum þeirra. Ég held, að ef ekki væri til að dreifa miklum liðsauka frá smyglurum og bruggurum í landinu til fylgis við bannlögin, þá mundi ekki nema örlítill hluti þjóðarinnar greiða atkv. með bannlögum nú.

Ég get t. d. nefnt aðeins eitt, sem hefir gerbreytt almenningsálitinu gagnvart bannlögunum, og það er sú aðferð löggjafarvaldsins á undanförnum árum, að herða hvað eftir annað á refsiákvæðum bannl., þannig að refsidómarnir hafa ekki neina stoð í hugum almennings og réttarmeðvitund þjóðarinnar yfirleitt. Og þetta er eðlilegt, þegar svo langt er gengið, að það er talið með stærri glæpum að drekka **löglega keypt** vín á ólöglegum

veitingastöðum. Vil ég í þessu sambandi minna á dóm, sem kveðinn var upp í lögreglurétti Rvíkur fyrir skömmu, þar sem maður einn, er stolið hafði 79 krónum frá húsbónda sínum, fékk aðeins skilorðsbundna refsingu fyrir það afbrot, af því að það mun hafa verið fyrsta brot, sem hann hafði verið kærður fyrir. Þjófnaðurinn varðaði 20 daga fangelsi, en dómurinn var skilorðsbundinn, þannig að ef maðurinn verður ekki brotlegur við lögin næstu 5 ár þá fellur sökin niður. En nú keypti maðurinn vín í áfengisverzluninni fyrir 25 kr. af þýfinu, og drakk vínið á ólöglegum vínveitingastað. Fyrir þetta var hann dæmdur í 200 kr. sekt eða 15 daga einfalt fangelsi. M. ö. o. dómarinn gat gefið manninum eftir fangelsisvistina fyrir þjófnaðinn, en fyrir að drekka Spánarvín á óleyfilegum stað varð hann að dæma manninn í fangelsi. Það er m. ö. o. **stærri glæpur** að drekka vín, sem keypt er af ríkinu, sé það ekki drukkið í heimahúsum, eða löggiltum veitingastað (Borg) en að stela. Ég verð að segja, að réttarmeðvitund þjóðarinnar væri illa farið, ef hún teldi þetta eðlilegt réttarfar.

Hv. þm. Borgf. var eitthvað að fjargviðrast út af því, að ég hefði leitað mér fræðslu um hagi og háttu erlendra þjóða. Vissulega verður hann að þola það, að ég haldi því áfram. Ég minnist þess einnig, að hann hafði einhver óviðurkvæmileg orð um mig í því sambandi, um að ég hefði enga þekkingu á málinu o. s. frv. — Fyrir nokkrum árum deildum við um annað mál hér í þessari hv. þd., það var um refarækt. Í þeim umr. bar hv. þm. Borgf. mig þeim brigzlum, að ég færi með vísvitandi ósannindi. Þá fékk hann meiri hl. hv. þdm. á sína skoðun í málinu, sem um var deilt. Afleiðingin af þessu varð sú, að algerlega tók fyrir aðflutning lifandi refa og að íslenzki landbúnaðurinn hefir tapað árlega svo að skiptir tugum þúsunda kr., af því að ekki var fylgt þeim varúðarráðstöfunum, sem ég vildi setja. Ég geri ráð fyrir, að það fari eins fyrir hv. þm. í þessu máli, og óska ég, að honum verði það að góðu. (**PO**: Annað sagði bróðir hv. þm. í fyrirlestri, sem hann flutti um refarækt**ina**). Við tölum um það síðar. (**PO**: Já, við gerum það).

Ég vík þá aftur að bannlögunum. Það hefir verið sannað með augljósum dæmum, hvað refsiákvæði þeirra eru ströng og óheppileg. Það hefir farið fyrir þeim eins og stóradómi fyrr á öldum, að þegar refsiákvæðin voru orðin óeðlilega hörð í sambandi við afbrotin, þá margföldust afbrotin, svo engu varð haldið í skefjum. Hv. þm. Borgf. sagði, að ég og skoðanabræður mínir í þessu máli vildum veita öldu sterkra vína yfir landið, en það er auðvitað ekkert annað en tilhæfulausar getsakir hjá hv. þm. Mætti ég spyrja hv. þm., hvort hann vill viðhalda í landinu flóði af óleyfilegu áfengi og ýmiskonar óheilsusamlegum drykkjum? Hann virðist vilja halda uppi bannlögunum og þar með sambandinu við alla bruggara og smyglara í landinu, sem hver einasti maður veit að eru þjóðfélaginu bæði siðferðilega og fjárhagslega til tjóns og ógæfu. Vandséð er, hvort þjóðin fær sloppið upp úr því feni aftur.

Hv. þm. sagði, að það væri miklu meira drukkið af víni í Noregi nú en á meðan bannlögin voru þar í gildi. Þetta er auðvitað hægt að segja, af því að það hafa aldrei verið til neinar skýrslur um óleyfilega innflutt vín til þeirra landa, þar sem bannlög eru í gildi. Hann sagði, að meiru væri eytt af fjármunum til vínkaupa í Noregi en áður. Það má vera, en þá er það af því vínin eru seld margfalt hærra verði en áður. Hitt staðfesta opinberar skýrslur, að nú (1932) er þar í landi neytt minna áfengis en nokkru sinni áður, sem sé 2,2 lítrar á mann. Þeir menn, sem hafa augun opin, sjá, að það er drukkið miklu meira hér á landi nú heldur en þegar bannlögin voru sett. Við **getum** ekki sannað þetta með tölum, það veit hv. þm., af því að smyglað áfengi og bruggaður landi koma ekki á skýrslur, en við sjáum, að það er neytt miklu meira áfengis en áður, einkum í sveitum. Í Noregi er nú lægsta áfengisneyzla á mann, sem þekkist á Norðurlöndum. Í Svíþjóð, þar sem sala á áfengi er takmörkuð samkv. Brattssýsteminu, þannig að mönnum er úthutað áfengi eftir seðli fyrir hvern mánuð, þar er áfengisneyzlan nær tvöfalt meiri en í Noregi. (1932 í Svíþjóð 3,9, Noregi 2,2 lítrar á mann).

Hv. þm. Borgf. var í öðru orðinu

hræddur um, að yfir landið muni streyma óhemju mikil áfengisalda, ef bannlögin yrðu afnumin. En í hinu orðinu kvaðst hann trúa svo á lyndiseinkunn Íslendinga, að það myndi hjálpa til að halda þessari öldu í skefjum. Aftur á móti sagði hv. þm. í fyrra, í umr. um þetta sama frv. hér í hv. þd., að við Íslendingar myndum liggja flatir fyrir áfenginu, ef bannlögin yrðu afnumin, eins og frumstæðar villiþjóðir gera fyrir sjúkdómum frá menningarþjóðunum. Eitthvað var hann að káka við þessa firru í síðustu ræðu sinni. (PO: Þetta er algerður misskilningur hjá hv. þm.). Þó hv. þm. villi neita þessu nú, þá vænti ég að hann verði að beygja sig fyrir því, sem skrifararnir hafa skrifað eftir honum. (PO: Ég skal skýra þetta síðar). Hann virðist þá hafa gleymt því, eins og flestum öðrum staðreyndum í þessu máli, að Íslendingar hafa neytt víns allt frá landnámstíð. Hv. þm. Borgf. sagði, að með hverjum einasta eyri, sem rynni til ríkissjóðs í tollum af víninu, ef frv. yrði samþ., færi jafnframt til einkis óheyrilega mikið af orku þjóðarinnar. En ég vil þá leyfa mér að spyrja hann: Fer engin þjóðarorka til þurrðar við neyzlu þeirra ágætu vína!, sem smyglarar og bruggarar leggja í munn landsbúa? Ég er alveg sannfærður um, að áfengisneyzlan verður sízt meiri í landinu, þó að bannl. verði afnumin. En það er eins og að komið sé við opna kviku þeirra, sem lifa í trú eða réttara sagt hjátrú á bannl., ef komið er með till. um að taka tekjur smyglara og bruggara og leggja í ríkissjóð. Hv. þm. minntist á tollinn af vínunum og virtist harma það, að ekki væri jafnframt í þessu frv. ákvæði um tollgreiðslu af vínunum til ríkissjóðs. En eins og hv. þm. veit, ef hann athugar það nánar, þá er það gagnstætt venjum í löggjöfinni, að hafa tollaákvæði annarsstaðar en í tollalögum. Því að tollalögum má ekki breyta nema með beinu samþ. Alþingis, en aftur á móti má breyta nálega öllum öðrum lögum með bráðabirgðalögum. — Ég er þess albúinn, og fleiri úr fjhn., að bera fram breyt. á tollalögunum í samræmi við þetta frv., og það er vitanlega nauðsynlegt, ef frv. á að ná þeim árangri, sem við flm. ætlumst til, að útiloka heimabruggið. (VJ: Og smyglarana, er ekki svo?). Smyglurunum er útrýmt um leið og innflutningur á sterkum vínum verður frjáls. Ég sé ekki ástæðu til að ætla, að menn fari að kaupa vín af smyglurum, þegar þeir geta fengið sama vín jafnódýrt í frjálsri verzlun. Enda virðist reynslan hafa sannað það, þar sem ekki er gerð tilraun til að smygla inn Spánarvínum nú, þó vitanlegt sé, að stórkostlegur gróði gæti af því fengizt fyrir smyglarana. Það er ekki meiri hætta á því, að smyglað verði inn í landið víni en tóbaki og sælgætisvörum. Ýmsir hv. þm. héldu því fram, þegar tóbakseinkasalan var afnumin á Alþingi 1926, að þá mundu smyglunin og tollsvikin aukast. En reynslan hefir sýnt annað. Það mun eins fara í þessu efni og ég hefi áður lýst. Við höfum hér fordæmi, sem óhætt er að byggja á.

Hv. þm. Borgf. taldi líklegt, að Bandaríkjamenn mundu snúa við blaðinu og herða aftur á bannlögunum hjá sér bráðlega. Þetta er auðvitað ekkert annað en ágizkun. Það er ómögulegt að segja með fullri vissu, hvað kann að verða ofan á í Bandaríkjunum í bannmálinu. En þær ályktanir, sem með skynsemd er hægt að draga af því, sem fram hefir farið þar í landi nú upp á síðkastið, benda í þá átt, að bannl. verði afnumin. Byrjunarsporið hefir þegar verið stigið, og ef haldið verður áfram á þeirri braut, sem þingið hefir þegar gengið inn á um afnám á áfengistakmörkunum, með því að leyfa í landinu bruggun á sterkari drykkjum en áður var, þá er það sýnilega gert til þess að hnekkja bannlögunum. Þess vegna virðist það vera gagnslaust, þó að ákvæðin um gildi bannlaganna standi enn í stjórnarskránni. Í Bandaríkjunum er það ekki talið stjórnarskrárbrot, þó að leyft sé að brugga sterkt öl, og með því eru í framkvæmdinni gerðar að engu þær takmarkanir, sem áður voru settar. Það er gert samkv. hinum svo kölluðu Walstead-lögum. Ég hygg, að það megi breyta bannlögunum með samþykki þings og stjórnar án þess að rjúfa þetta atriði stjórnarskr. um að aðflutningsbann skuli vera í landinu, en þá er það líka eins og dauður bókstafur. Hitt er líka augljós reynsla í ýmsum löndum, sem búin eru

að afnema bannlög hjá sér, að þar sem bannlögin voru upphaflega samþ. og sett með miklum atkvæðamun, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, að gert hefir verið í ýmsum fylkjum í Kanada, þá hefir reynslan orðið sú, að eftir nokkur ár voru þau afnumin með enn fleiri mótatkvæðum heldur en meðatkvæði þeirra voru upphaflega.

Eina ríkið, þar sem bannlögin halda enn velli, eftir að búið er að reyna þau um fleiri ára bil, eru Bandaríkin, ef það á að teljast svo, að þau séu þar enn í gildi. En óneitanlega kom fram skýr bending um það við forsetakosningarnar síðustu, að þjóðin er orðin andvíg bannlögunum. Núverandi forseti lýsti því ákveðið yfir, að hann væri andbanningur. Og það virðist jafnvel svo, sem stuðningsmenn fyrrv. forseta (Hoovers), hafi yfirleitt álitið það ósigurvænlegt í kosningunum að telja sig fylgjandi banninu. Og Hoover sjálfur, sem áður hafði veitt marga tugi milljóna dollara til þess að halda uppi bannlögunum í Bandaríkjunum, fram yfir það sem þingið hafði ákveðið til þess í fjárlögum, hann sagðist vilja breyt. á þeim. Ég get því alls ekki skilið, hvaða ástæðu hv. þm. Borgf. hefir haft til þess að láta í ljósi þessa skoðun um afstöðu Bandaríkjanna til bannlaganna, nema þessa gömlu alkunnu ástæðu sína — hjátrúna á bannstefnuna. Ég hefi áður bent á, að heppilegast mundi vera að leysa upp bannlögin, þegar kaupgeta almennings í landinu væri lítil. Þessu hélt ég einnig fram á þinginu í fyrra, í umr. um þetta mál. Og hinu sama hefir verið haldið fram í amerísku blaði, enda er það vissulega rétt. Nú er einmitt sá rétti tími til að afnema bannlögin, ef við viljum forðast illar afleiðingar og eftirköst, fyrst í stað, af upplausn þess. — Auk þess er nú mögnuð kreppa í landinu, og margir þm. tala um, að á þessum erfiðu tímum getum við ekki snúizt við öðrum stórmálum í þinginu en þeim, sem horfa að lausn kreppunnar. Til þess verði að beita öllum ráðum og starfskröftum þingsins. Annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar er í hinni mestu tvísýnu. Og margir hv. þdm. hyggja, að jafnvel sjálfstæði landsins hafi verið stofnað í hættu til þess að tryggja það, að markaður geti fengizt í Noregi fyrir ca. 1/10 af kjötframleiðslu landbúnaðarins. Hvar á svo að taka tekjurnar til þess að létta undir með þessum atvinnuvegi — landbúnaðinum? Máske vilja einhverjir fákunnandi menn benda á að taka þær hjá sjávarútveginum. Því að þegar ríkissjóður hefir þurft að fá auknar tekjur, þá hefir venjulega verið gripið til þess að þyngja skattana á sjávarútveginum. Er þetta hægt án þess að koma sjávarútveginum í sömu vandræði og landbúnaðurinn er nú í? Ég er sannfærður um, að það er ekki hægt. Með þessu frv. er þó fundin leið til þess að afla tekna, sem hvorki eru teknar frá sjávarútveginum né landbúnaðinum. Þessar tekjur eru teknar af smyglurum og bruggurum. Þegar við stynjum undir ofurþunga kreppunnar, ættum við ekki að slá hendinni á móti þessu fé. Þó að sumir séu það hjátrúarfullir, að þeir geti ekki nú séð það rétta í þessu máli, þá munu þeir hinir sömu sjá það síðar. Með hverju árinu aukast vandræði atvinnuveganna og torveldist útrýming bruggunarinnar. Þessir menn vilja taka á sig þá ábyrgð að bíða eftir því, að landabruggunin aukist enn gífurlegar, þeir vilja taka þá ábyrgð á sig að færa vandræði annars atvinnuvegarins yfir á hinn. Verði þeim það að góðu. En það er áreiðanlegt, að þjóðinni verður það ekki að góðu.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Vilmundur Jónsson: Eftir því sem mér hefir skilizt á ræðu hv. aðalflm. (JAJ) munu höfuðástæðurnar fyrir flutningi áfengislagafrv. vera þessar:

Í fyrsta lagi: Að bannið hafi yfirleitt gefizt ákaflega illa hér á landi.

Í öðru lagi: Að drykkjuskapur hafi aukizt mjög í landinu og sé orðinn svo mikill nú, að við það verði ekki unað.

Í þriðja lagi: Að æska landsins sé í mikilli hættu stödd af áfengisflóðinu.

Í fjórða lagi: Að heimabruggið leggi landið undir sig.

Í fimmta lagi: Að ríkissjóður missi af

miklum tekjum, sem hafa megi af áfenginu og hann megi illa án vera.

Síðan gerir hv. flm. sér lítið fyrir og fullyrðir, að með því að afnema það, sem eftir er af bannlögunum og samþ. frv. það, sem hann flytur, ásamt 10 öðrum hv. þdm., þ. e. að leyfa að flytja inn og selja víðsvegar um landið til viðbótar því áfengi, sem nú er flutt inn og selt, hina brenndu drykki: brennivín, koniak, whisky og romm, verði öllu þessu, sem nú fer svo mjög aflaga að hans dómi, kippt í ákjósanlegt lag. Þá muni drykkjuskapur stórum minnka, og það telur hv. flm. vera aðalatriðið fyrir sér, heimabruggið hverfa, ungu kynslóðinni verða borgið o. s. frv., o. s. frv.

Ég vil nú leitast við að athuga og gaumgæfa öll þessi atriði, sem hv. þm. hefir borið fram máli sínu til stuðnings.

Fyrst er þá það, að bannið hafi gefizt illa. Þar til vil ég svara því, að í raun og veru hefir bannið aldrei verið reynt hér á landi. Þegar bannlögin voru sett í upphafi, börðust bannmenn fyrir algerðu innflutningsbanni á hverskonar áfengi, en það var ófáanlegt fyrir andstæðingunum. Ýmiskonar undanþáguákvæði voru leidd í lög: Læknabrennivínið, konsúlabrennivínið og loks kom Spánarvínaundanþágan. Það ástand, sem við eigum nú við að búa í áfengismálunum, er því ekki það, sem bannmenn æsktu eftir fyrir 1915, heldur miklu fremur það, *sem andbanningarnir óskuðu*. Það var aldrei krafa þeirra, að leyfa skyldi innfl. á öllum tegundum áfengis, eins og farið er fram á í þessu frv. Þeir voru fúsir til að banna innflutning á öllum sterkari tegundunum, brenndu drykkjunum, ef leyfður yrði innflutningur á hinum léttari drykkjum. Þeir vildu láta flytja inn hin „hollu, suðrænu vín", eins og þeir orðuðu það, einmitt Spánarvínin, sem nú er leyfður innfl. á og eru ekki í miklum hávegum höfð. Þá héldu þeir, að allt mundi ganga að óskum. Við höfum því nú að undanförnu búið við það fyrirkomulag, sem andbanningarnir kusu, þegar bannlögin voru sett, en bannmennirnir vöruðu við. Fullkomin bannlög að ráði bannmanna höfum við aldrei reynt, og getum því ekki um málið dæmt á þeim grundvelli.

Hinsvegar mun varla vera ágreiningur um það, að meðan bannið var eindregnast og undanþágurnar fæstar, hafi ástandið í áfengismálunum verið bezt. Það geri ég ráð fyrir, að jafnvel hv. flm. játi. Ef við berum saman áfengisneyzlu Íslendinga fyrir bannið og áfengisneyzluna nú, þá er þó þrátt fyrir allt minna drukkið nú og raunar minna hér en í nokkru öðru landi í heiminum, og er þetta staðfest af hv. flm. sjálfum. Samkv. opinberum skýrslum drekkum við nú, eftir því sem hv. flm. segir og rétt mun vera, ½ lítra á mann á ári af löglegu áfengi (miðað við hreinan vínanda). Síðan gizkar hann á, að drukkið sé sem nemur 1 lítra á mann af ólöglegu áfengi, sem er auðvitað sagt út í loftið og farið eins langt og hv. flm. getur framast borið upp í sig. Eftir því ætti þá áfengisneyzla hér á landi að vera samtals 1½ l. á mann, sem má heita lágmark þess, er þekkist í nokkru landi um löglega áfengisnautn, að slepptu öllu smygli og ólöglegu bruggi, sem alstaðar viðgengst. Þótt við gengjum út frá, að hv. flm. áætlaði þetta rétt, — sem auðvitað er fjarri öllum líkindum —, þá fer það ekki heldur fram úr því, sem skýrslur herma, að drukkið hafi verið fyrir bannið. Og enginn þarf að hugsa sér, að ekki hafi þá verið smyglað miklu að auki, ekki síður en nú, sem geta má nærri, þar sem tolleftirlit þekktist þá alls ekki.

Mér er kunnugt um, og öðrum eflaust miklu betur en mér, að fyrir bannið var mikið flutt inn af áfengi, sem hvergi kom á skýrslur. Stórar verzlanir höfðu jafnvel fyrir sið að flytja mikinn hluta af áfengi sínu sem skipskost — „proviant" — á vörufl.skipum sínum. Af skipskostinum þurfti ekki að greiða toll. Og ekkert kom auðvitað á skýrslurnar, nema það, sem tollur var greiddur af. Þannig voru flutt inn í landið heil „uxahöfuð" af hreinum vínanda, og var slíkt opinbert leyndarmál. Til dæmis um þann „móral", sem var ríkjandi í áfengisverzlun þeirra tíma, kann ég ýmsar kátlegar sögur. Menn, sem við verzlanirnar störfuðu, höfðu það til að stela heilum tunnum af þessu smyglaða áfengi og velta heim til sín. Þeir vissu hvernig þess hafði verið aflað og gerðu ekki ráð fyrir mikilli

rekistefnu, þó að upp kæmist. Er alkunn sagan um faktorinn, sem mætti þjóni sínum á leiðinni með tunnuna og sagði: „Jú annars — er þetta ekki of mikið í einu?“

Engum blandast hugur um, að bannlögin hafi verið mjög ófullkomin frá upphafi, en því eftirtektarverðara er það, að drykkjuskapur í landinu skuli engu síður hafa stórum minnkað þrátt fyrir allan þeirra ófullkomlegleika, allar undanþágurnar, mjög lélegt eftirlit, og undir gerbreyttum kringumstæðum í landinu, sem hlutu að leiða til aukinnar áfengisnautnar að öllu sjálfráðu. Það sýnir bezt, hvers fullkomin bannlög og röggsamlega framkv. væru megnug. Nú vinnur fjöldi af einhleypingum, körlum og konum, í bæjunum fyrir sæmileg laun. Það er þessi stétt manna, sem eyðir mestu til óþarfa. Og þessi stétt gat ekki heitið að vera til áður. En það eru fleiri en einhleypingarnir, sem hafa nú yfir meiru fé að ráða en áður var. Öll peningavelta í landinu hefir aukizt stórkostlega síðustu tvo áratugina, lífnaðarhættir gerbreytzt og eyðsla margfaldazt í hverri grein, einkum í bæjunum. Veizluhöld og samkvæmislíf er orðið almennara. Drykkjusiðir finni og meira aðlaðandi, einnig fyrir konur, og þarf ekki annað en að minna á kaffihúsalífið hér í Rvík, sem áður var óþekkt. En þrátt fyrir allt þetta er nú drukkið minna af áfengi en fyrir bannið og minna en nokkursstaðar annarsstaðar í heiminum. Er því furðulegt, að menn, sem ekki er kunnugt um, að séu sérstaklega viðkvæmir í þessum efnum, skuli tala um, að ástandið í áfengismálunum hér á landi sé svo illt, að réttlætanlegt sé að leggja út í glæfralegar tilraunir til þess að fá úr því bætt, eins og gert væri með samþykkt þessa frv.

Þær fullyrðingar, sem ýmsir hafa borið sér í munn um óstjórnlegan drykkjuskap hér á landi, ná engri átt, þó að enginn finni betur til þess en ég, að full þörf er á, að ástandið væri betra. Þessu til frekari sönnunar skal ég vitna í heilbrigðisskýrslurnar fyrir 1931, sem ég er nú að gefa út. Eru þær teknar saman eftir skýrslum héraðslækna víðsvegar um land. Minnast þeir margir á ástandið í landinu að þessu leyti, enda telst það réttilega til heilbrigðismála. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp umsagnir læknanna, er hér að lúta. (BSt: Líka það, sem Steingrímur Matthíasson segir!). Ég skal taka allt, undantekningarlaust, sem læknarnir hafa að segja um áfengisneyzluna í landinu. Þeim farast orð á þessa leið:

Hafnarfjarðarhérað: Áfengisnautn er hér ekki á háu stigi.

Skipaskagahérað: Áfengisnautn ekki mikil.

Borgarfjarðarhérað: Talsvert er farið að bera á vínnautn ungra manna, einkum á skemmtisamkomum.

Ólafsvíkurhérað (læknirinn þar á sæti hér á þingi): Áfengisnautn í héraðinu má teljast lítil.

Flateyjarhérað: Drykkjuskapur enginn.

Flateyrarhérað: Áfengisnautn er hér lítil, vegna þess að áfengi er svo sjaldan fáanlegt.

Hesteyrarhérað: Áfengisnautn getur ekki talizt nein meðal innanhéraðsmanna.

Hólmavíkurhérað: Áfengisnautn lítil í héraðinu, og drykkjuskapur þekkist ekki.

Höfðahverfishérað: Áfengisnautn lítil.

Húsavíkurhérað: Eitthvað um drykkjuskap, en ekki áberandi.

Þistilfj.hérað: Áfengisnautnar verður lítið vart.

Vopnafjarðarhérað: Áfengis ekki neytt hér svo teljandi sé.

Hróarstunguhérað: Ekki áfengisnautn svo að orð sé á gerandi.

Reyðarfjarðarhérað: Vínnautn allmikil.

Berufjarðarhérað: Áfengisnautn fer frekar í vöxt.

Síðuhérað: Vínnautn er hér lítil.

Mýrdalshérað: Áfengisnautn hefir aukizt til muna að undanförnu.

Rangárhérað: Áfengisnautn töluverð.

Eyrarbakkahérað: Drykkjuskapur er lítill sem enginn meðal héraðsbúa.

Grímsneshérað: Vínnautn lítil.

Keflavíkurhérað: Áfengisnautn er töluverð og sérstaklega áberandi á skemmtunum.

Þetta er álit læknanna um drykkjuskapinn í landinu, þegar þeir semja opin-

berar skýrslur. Ég hygg, að ekki þurfi að væna þá um, að þeir séu vilhallir af fylgi við stefnu bindindis og bannmanna. Steingrímur Matthíasson, sem einhver var að minnast á áðan, nefnir drykkjuskap ekki á nafn í skýrslu sinni til landlæknis. Hann mun hinsvegar eitthvað hafa skrifað um það efni í blöð.

Hv. flm. benti sérstaklega á eitt land til samanburðar, til þess að sýna, hversu illa bannið hefði reynzt erlendis. Þetta land var Kanada. Ég ætla af því tilefni að fara dálítið lengra út í þá sálma og drepa á, hvernig reynslan varð þar í landi, eftir að bannlögin voru afnumin, með því að það er einkar lærdómsríkt í þessu sambandi.

Sannleikurinn um reynslu Kanada af áfengisbanni er sá, að þar var bann, svo að heitið gæti bann, aðeins í 21 mánuð, þ.e. frá 1. marz 1918 til 1. jan. 1920. Þó var þetta ekki fullkomnara bann en svo, að í Quebec mátti selja 6% öl og 15% vín. Í öðrum landshlutum var bannið fullkomnara, en þó engan veginn í samræmi við hugmyndir og kenningar bannmanna. Að vísu var bannað að selja áfengi og drekka áfengi, en hinsvegar hvorki bannað að brugga áfengi né flytja það inn eða út. Þegar þessi 21 mánuður var liðinn, var þetta bann smátt og smátt afnumið fyrst í einum landshluta og síðan í öðrum. Eftir það var ógerningur að halda nokkru banni uppi í landinu yfirleitt, einkum fyrir það, að ekki var bannað að brugga áfengi né flytja það úr einum landshluta í annan. Og bannið var að fullu afnumið. Eitt fylkið hafði þó sérstöðu í þessu. Það er eyja og á því hægara með að verjast innflutningi áfengis. Þar hefir verið bann síðan 1921, og lánast eftir atvikum vel. Ég get um þetta af því, að í þessu efni er líkt á komið fyrir okkur Íslendingum, sem búum á eyju langt frá öðrum löndum.

Nú er lærdómsríkt að virða fyrir sér áfengisneyzluna í Kanada, eftir að bannið var afnumið. Ég hefi hér í höndum skýrslu um þetta efni, sem tekin er eftir opinberum hagskýrslum Kanadaríkis (Dominion Bureau of Statistics) um drykkjuskap þar í landi eftir að bannið var afnumið. Og gefur nú á að líta, hve heillavænlegur árangurinn varð.

(Tölurnar sýna gallónafjölda af hverskonar áfengi: öli, vínum og brenndum drykkjum):

1923	38283727
1924	44029694
1925	48629625
1926	52478025
1927	53067289
1928	61432900
1929	70449110
1930	72478421

Drykkjuskapurinn hefir þannig í stað þess að minnka, aukizt á þessum 8 árum um 89,3%. Það má vel vera rétt hjá hv. flm., að bannið í Kanada hafi gefizt illa, en það hefir auðsjáanlega gefizt enn verr að afnema það.

Það er eftirtektarvert fyrir okkur, að þegar bannið var afnumið í Kanada, var hið sama látið í veðri vaka þar og nú er borið fram hér, að koma ætti fullkomnara skipulagi á áfengismálin og halda áfengisnautninni í skefjum. Um þetta lét Henry Drayton, formaður áfengisráðsins í Kanada svo um mælt: „Pólitík stjórnarinnar hefir verið og verður sú, að halda áfengissölunni í skefjum". En það hefir því miður tekizt svo hörmulega sem skýrslurnar sýna.

Til þess að leiða í ljós, að það er ekki eingöngu neyzla öls og léttari vína, sem aukizt hefir í Kanada, síðan bannið var afnumið þar, heldur einnig neyzla brenndu drykkjanna, skal ég nú þessu næst lesa upp skýrslu eftir sömu heimild, sem sýnir, hve mikils af brenndum drykkjum Kanadabúar hafa neytt á árunum 1923—1930.

Sú skýrsla hljóðar þannig:

1923	1734779	gallónur
1924	1757972	—
1925	1599654	—
1926	1611711	—
1927	1836970	—
1928	2777067	—
1929	3130119	—
1930	3036755	—

Aukning á neyzlu brenndu drykkjanna er því hvorki meira né minna en 75% á þessum 8 árum.

Eftir að bannið var afnumið, hefir ríkisstjórnin — en hún hefir áfengissöluna með höndum — þó gert allt, sem hún hefir getað til þess að halda neyzlu

brenndu drykkjanna í skefjum, með því að halda þeim mjög dýrum og að hafa á boðstólum mikið af áfengu öli, sem ýmsum hv. þm. hér á Alþingi þótti svo mikið þjóðráð í fyrravetur. Þetta öl var ásamt léttum vínum selt mjög ódýrt. Og til þess að það gengi enn betur út, voru settar á stofn aðlaðandi ölstofur með skrautlegum húsgögnum og hverskonar þægindum. Þar var ölið selt og léttu vínin, en brenndu drykkirnir naumast fáanlegir. Árangurinn varð sá, að neyzla öls og léttra vína jókst stórkostlega, en neyzla brenndu drykkjanna því miður líka um 75%.

Hv. flm. tilnefndi annað land, sem við ættum að taka okkur til fyrirmyndar í áfengismálunum. Það var England. Hann sagði, að þar hefðu viðburðirnir og framfarirnar á þessu sviði verið æfintýri líkast, því að á þeim árum, sem við hefðum haft hið hættulega áfengisbann, hefði drykkjuskapur á Englandi án allrar slíkrar þvingunar minnkað stórkostlega. Þetta er satt. En það kemur til af því, að í Englandi var drykkjuskapurinn svo ægilega mikill og óstjórnlegur, að við eigum erfitt með að gera okkur hugmyndir um. Og það er hægara að minnka drykkjuskap úr óhóflegu gegndarleysi niður að vissu marki, heldur en að færa niður áfengisneyzluna eftir að hún er komin niður í það lágmark, sem hún er í með okkur.

Þetta æfintýri, sem hv. þm. segir, að hafi gerzt í Englandi, er sem sé það, að þar er nú, eftir allar framfarirnar, og eftir því, sem hann upplýsir sjálfur, drukkið árlega sem nemur 2 gallónum af hreinum vínanda á hvern mann í landinu, frá barninu í vöggunni til öldungsins á grafarbakkanum. Það mun jafngilda 9 lítrum af hreinum vínanda, eða 18 lítrum af venjulegu brennivíni, eða 36 lítrum af Höskuldi, eftir því sem blöðin segja nú frá styrkleika þeirrar framleiðslu. Það svarar til 1½ tunnu af Höskuldi á hverja 5 manna fjölskyldu.

En af því að svo fáar fjölskyldur hér á landi hafa áfengi um hönd, mundi áfengisneyzlan í Bretlandi jafngilda þeirri Höskuldarnautn hér, jafnað niður á þær fjölskyldur, sem á annað borð snerta við áfengi, að það nálgaðist hæfilega mjólkurneyzlu. Gegnir furðu, að nokkrum skuli detta í hug að benda á slíkt til fyrirmyndar. Eigum við, bindindissamasta þjóðin í veröldinni, að hverfa frá löggjöf okkar og taka upp siði þess lands, sem áfengisbölið leikur einna gráast allra landa? Slíkt væri fyrirgefanlegt að ráðleggja, ef Íslendingar væru þjóða verstir í þessum sökum, en nær ekki neinni átt eins og enn horfir. Englendingar og flestar aðrar þjóðir geta hér lært af okkur, en við ekki af þeim.

Eina höfuðorsökina til þess að vilja afnema það, sem eftir er af bannlögunum, sér hv. flm. í því, að unga fólkið sé í hættu statt. Hann segir, að hverskonar bann espi það jafnan til mótþróa og afbrota. Það þyrsti í áfenga drykki vegna bannsins. Ef hverskonar bönn gera unga fólkið að afbrotamönnum, ferst okkur illa við unga fólkið. Þó að við förum ekki nema í gegnum dagskrána í dag, þá rekum við okkur alstaðar á eitthvað, sem við erum að banna. Ég efast líka mjög mikið um, að hv. flm. séu reiðubúnir til þess að hætta að beita hverskonar banni við ungt fólk. Áfengislagafrv., sem þeir flytja, ber þeim ekki vitni um það. Það gengur einmitt sérstaklega nærri unga fólkinu. Þeir vilja banna að selja áfengi yngra fólki en 21 árs. Ætla hv. flm. að halda því fram, að slíkt bann espi ekki unga fólkið til lögbrota? Ég hygg einmitt, að það sé sérstaklega sniðið til þess. Unga fólkið þolir áreiðanlega betur, að því sé bannað það, sem öllum er bannað, en að búa eitt við bannið. Og munu dæmin sanna það.

Reynslan í Kanada hefir leitt í ljós, að unga fólkið drakk að vísu áður en bannið var afnumið, en þó helmingi meira eftir að það var afnumið. Í Ontario neyddust menn þess vegna til, eftir að bannið var afnumið, að grípa til sérstaks banns fyrir unga fólkið. Fyrst var bannað að selja mönnum innan 21 árs aldurs áfengi — og þegar það ekki dugði var aldurstakmarkið fært upp í 25 ár.

Í Bandaríkjunum er kennarafélag, sem nær yfir öll ríkin og heitir „National Educational Association". Það nýtur mikils álits meðal uppeldisfræðinga víða um heim. Er ekki fjarri sanni, að þeir menn, sem það félag skipa, muni öðrum

fremur fara nærri um, hvað hollt er ungum mönnum, þegar um þessi mál er að ræða. En það er margyfirlýst skoðun þessa félags, og verður ágreiningur um það minni og minni með hverju árinu sem líður, að banninu í Bandaríkjunum eigi umfram allt að viðhalda *vegna unga fólksins.*

Hér á Íslandi væri einnig ráðlegt að leita álits þeirra manna, sem fást við uppeldismálin, kennaranna, og mun það e. t. v. verða gert bráðlega. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að meiri hluti þeirra myndi leggja til, að hert yrði á banninu í stað þess að afnema það — vegna unga fólksins.

Því verður ekki neitað, að bruggað er í landinu, svo að allt of mikið kveður að. En þó er of mikið úr því gert. Og er ekki grunlaust um, að bruggunarfregnir séu auknar, margfaldaðar og bornar út af bannandstæðingum, til framdráttar skoðunum þeirra í áfengismálunum. Get ég sagt skemmtilega sögu, sem sýnir, hvernig fregnirnar reynast, þegar þær á að sannprófa. Maður, sem er viðstaddur hér í deildinni, ættaður úr Skagafirði, gerði sér mikið far um að komast að raun um, hvort eins mikið væri bruggað þar eins og af væri látið. Því hafði verið haldið fram, að þar væri bruggað á öðrum hverjum bæ. Hann stóð vel að vígi til að rannsaka þetta, þar sem hann var þaulkunnugur í héraðinu. En reynslan varð sú, þegar nær var gengið — ja, þá var að vísu mikið bruggað í Skagafirði, víst á öðrum hverjum bæ, en það var ekki hérna megin við vötnin, heldur hinum megin. En þegar komið var yfir vötnin, þá var víst um það — jú, það var bruggað mikið í Skagafirði, sennilega á öðrum hverjum bæ, en það var ekki þeim megin við vötnin, heldur hinum megin. Nú vildi hann fá sérstakan bæ tilnefndan, þar sem bruggað væri, og þegar hann fór að ganga á menn um það, þá var honum loksins nefndur sérstakur bær. En þegar til kastanna kom, þá var að vísu ekki bruggað á þeim bæ, heldur var það maður þaðan, sem fékkst við bruggun, en hann var úti á Sauðárkróki, sá maður. Um Húnavatnssýsluna hefir einn hv. þdm. sömu söguna að segja. Bruggið flýði á undan honum eða færðist aftur fyrir hann allt eftir því, hvar hann var staddur í sýslunni! Og heim fór hann, sannfærður um, að það væri ekki eins mikið og úr væri gert.

Víst tek ég undir það með hv. flm., að koma þurfi í veg fyrir bruggið. En ég er sannfærður um, að ef ógerningur er að uppræta bruggið nú, þá verður það ekki hægara, heldur margfalt erfiðara, og raunar fullur ógerningur, ef leyfður verður innflutningur sterkra drykkja. Þegar útsala er á sterkum drykkjum í sama þorpinu eða í næsta þorpi verður allt eftirlit með því, hvort bruggað er eða ekki, óframkvæmanlegt. Það er blátt áfram hlægilegt að halda því fram, að menn muni ekki vilja brugga, eftir að auðvelt er að ná í sterka drykki á annan hátt, vegna þess að menn séu svo ærukærir! Sér er nú hver trúin á æru bruggaranna. Menn brugga til þess að afla sér peninga, og ef hægt er að brugga og selja bruggið ódýrara heldur en erlendu drykkina, þá heldur bruggið áfram. Það er einfalt verzlunarlögmál. Í þessu sambandi má enn benda á þá reynslu, sem fengin er í Kanada. Þar var bruggað áður en bannið var afnumið og þar er enn bruggað eftir að bannið hefir verið afnumið. Hinir löglegu áfengissalar í Bandaríkjunum höfðu félagsskap með sér fyrir bannið þar og gáfu út sérstakt málgagn til að gæta hagsmuna sinna. 10 árum fyrir bannið birtu þeir skýrslur um, að í Chicago einni væru 7000 ólöglegir áfengissölustaðir og í Minneapolis 4000. Þetta var *fyrir* bannið. Sama er uppi á teningnum nú í Kanada, eftir að bannið hefir verið afnumið þar. Ýmsar ástæður liggja til þess, að hægt er að koma við bruggi og smygli í Kanada. Vínbúðir stjórnarinnar eru þar opnar aðeins frá kl. 10—6 og lokaðar á sunnudögum, frídögum og kosningadögum. Vanti nú einhvern áfengi eftir kl. 6 að kvöldi eða á lokunardögum, þá er opin leið til ólöglegu vínsalanna, enda leika þeir sér að því bruggararnir þar að keppa við löglegu vínsalana og græða 75—100%.

Til smekkbætis má geta þess, að í Montreal, sem er frjálslyndasta borg í Kanada í áfengismálunum og hefir 1 millj. íbúa, eru 1500 áfengisútsölustaðir, og sam-

svarar það því, að hér í Reykjavík væru 45 brennivínsbúðir. Þar eru engar takmarkanir, allir geta fengið þá víntegund, sem þeir vilja og eins mikið og þeir vilja — *en samt er bruggað þar.* Við gætum hugsað okkur, að hér í Rvík væru 4 útsölustaðir við Austurvöll, svo sem sérstaklega fyrir fína fólkið, 4 við höfnina fyrir sjómenn og verkalýð, einn í grennd við hvern skóla fyrir hina upprennandi kynslóð: við háskólann, menntaskólann, sjómannaskólann, gagnfræðaskólann, verzlunarskólann, samvinnuskólann, iðnskólann, kvennaskólann og vélstjóraskólann, það eru samtals 9 útsölustaðir fyrir skólana. Svo geri ég ráð fyrir, að Frímúrarar og Oddfellowar hefðu sína búðina hvor. Víðsvegar um Austurbæinn væru 10 og víðsvegar um Vesturbæinn 10. Fyrir úthverfin, Skildinganes, Grímsstaðaholt, Nesið, Sogin, Laugarnesið, Öskjuhlíðina, svo að íbúarnir þar þyrftu ekki að gera sér erfiðar ferðir í bæinn, 6 útsölustaðir. Þá hefir 45 útsölustöðum verið raðað niður í Reykjavík, og svarar þetta til 1500 útsölustaða í Montreal. Og samt gæti brugg þrifizt í Reykjavík. Því að í Montreal er bruggað á ólöglegan hátt í stórum stíl, og get ég komið með nokkur dæmi því til sönnunar.

19. janúar 1931 var gert upptækt bruggunartæki, sem brugga mátti í 300—350 gallónur á dag, og auk þess 530 gallónur af fullbrugguðu áfengi, 1000 gallónur af ekki fullbrugguðu áfengi og 6 ámur af áfengisvökva í gerjun, og tók hver áma 4000 gallónur.

30. janúar sama ár var gert upptækt bruggunartæki, sem brugga mátti í 400 gallónur á dag, og 8 ámur með áfengisvökva, og tók hver áma 4000 gallónur.

31. marz sama ár var enn gert upptækt bruggunartæki með 8000 gallónum af vínanda í og 4 ámur með áfengisvökva, sem hver tók 2000 gallónur.

5. júní sama ár komst upp um stórkostlega bruggun á St. Lawrence Boulevard. Mér skilst, að það muni vera höfuðgatan í bænum og svarar sennilega til Laugarvegarins hér.

Dæmin sýna því ljóslega, að þó að svo greiður aðgangur sé að áfengi sem mest má verða, er engu síður bruggað stórkostlega af leynibruggurum.

Þá er eftir að minnast á tekjur ríkissjóðs. Ég dreg það ekki í efa, að ríkissjóði sé þörf tekna, og tel víst, að þetta gæti orðið stórkostleg tekjulind, enda er það hið eina, sem stenzt af röksemdaleiðslum hv. flm. En ég tel það aftur á móti ekki sæmandi að afla ríkissjóði tekna á þennan hátt og fer því alls fjarri. Í Kanada, svo að ég taki dæmi af því enn, hefir ríkissjóður 50 milljónir dollara tekjur af áfengi. En athugum, hvaða afleiðingar þetta hefir haft fyrir þjóðina, ef borin eru saman árin 1923 og 1930:

Fólksfjöldi....	hefir aukizt um	10%
Áfengisnautn .	— — —	80—
Neyzla hreins vínanda	—	105—
Ölvunarbrot	—	51—
Áfengislagabrot	—	92—
Flakk og óregla	—	115—
Ill meðferð barna	—	115—
Ýms smærri brot	—	153—
Ofbeldisverk og meiðingar .	—	91—
Rán og þjófnaður	—	18—
Aðrir stórglæpir	—	77—

Í Ontario var á fjárhagsárinu 1929—30 neytt áfengis fyrir 55 millj. dollara. En á fjárlögum 1929—30 var veitt:

Til kennslumála	11774000.—
— barnaverndar	288000.—
— ellistyrkja	6572000.—
— mæðrastyrkja	2369000.—
— heilbrigðismála	880000.—
— opinberra stofnana (spítalar meðtaldir)	8025000.—
— þjóðvega	17900000.—

Með öðrum orðum: Ontario eyddi 7500 þús. dollurum meira í áfengi en í allt þetta, sem talið var, til samans.

Ef hægt er að draga lærdóma af reynslu annara þjóða um þessi efni, þá ætla ég, að þessar skýrslur séu lærdómsríkar. Afnám bannsins hefir haft þau áhrif í Kanada, eða a. m. k. ekki hindrað það, að áfengisnautnin hefir aukizt um 80% í stað þess að minnka, og dregið venjulega dilka á eftir sér.

Áfengisnautn minnkaði mikið í Englandi á stríðsárunum fyrir margvíslegar hömlur, sem á áfengisframleiðsluna og áfengissöluna voru lagðar. Bjórdrykkjan minnkaði þannig niður í þriðjung, nautn sterkra drykkja um helming, en vín-

drykkjan hélzt svipuð. Á þessum árum fóru ölvunarafbrotin minnkandi eins og hér segir:

1913	voru	þau	188877
1914	—	—	183628
1915	—	—	135811
1916	—	—	84191
1917	—	—	46410
1918	—	—	29075

en 1919 aukast þau aftur upp í 57948, því að þá voru hömlurnar leystar, sem settar höfðu verið til hnekkis áfenginu á stríðsárunum.

Ráða má í áhrifin á almenna heilbrigði af eftirfarandi yfirliti, sem er einnig frá Englandi og um sama tímabil:

Dauði úr áfengiseitrun og lifrarbólgu var árið 1913 5711, en 1918 1967.

Sjálfsmorð og sjálfsmorðstilraunir 1913 2446, en 1918 810.

Ungbarnamorð og fæðingar í dulsmáli 1913 1226, en 1918 557.

Drykkjuæði 1913 786, en 1918 32.

Söm hefir reynslan orðið í Kanada að þessu leyti. Áfengisdauðinn, beinasta afleiðing drykkjuskaparins, sem skýrustu máli talar, þó að hún sé engan veginn þýðingarmest, eykst þar nú aftur með ári hverju:

1921	12‰	allra mannsláta
1922	13‰	— —
1923	17‰	— —
1924	18‰	— —
1925	19‰	— —
1926	22‰	— —
1927	23‰	— —
1928	24‰	— —
1929	28‰	— —

eða gerir meira en að tvöfaldast á 8 árum.

Af þessu má renna grun í, að þótt ríkissjóður fái rífari tekjur af áfengisnautninni með því að afnema það, sem eftir er af banninu, þá verði sá tekjuauki ekki fenginn fyrir ekki neitt. Gjaldamegin skrifast aftur stórkostlega aukinn drykkjuskapur, slys, fár og sjúkdómar, meiri manndauði, almennari og sárari fátækt, meiri sveitarþyngsli, aukinn ólifnaður, fleiri glæpir og hverskonar basl, hörmungar og vandræði.

Hv. þdm. verða að viðurkenna, að þó að ástandið sé ekki gott nú, þá er það þó betra heldur en það var áður en banninu var á komið og getur vel orðið verra. Þeir, sem hafa búizt við Paradísarástandi með banninu, hafa eðlilega orðið fyrir vonbrigðum, enda var það glópska að ætla sér að þurrka landið með banni á svipstundu, og að vísu mátti alltaf búast við, að bannleiðin yrði skrykkjótt leið. En það er þó sú leiðin, sem fara verður og lengst dregur. Á öðrum leiðum fer allt í kaf.

Ég vil leggja hv. þdm. það enn og aftur á hjarta, að þrátt fyrir allt, sem aflaga fer hjá okkur í þessum efnum, ber okkur enn engin nauðsyn til að leggja út í nein æfintýri í áfengismálunum. Meðan við drekkum minnst af öllum þjóðum í heiminum, getum við ekki horft með neinni sérstakri aðdáun upp til neinnar þjóðar fyrir það, hve henni hafi tekizt að halda niðri drykkjuskap hjá sér. Og sízt til þeirra þjóða, sem neyta svo óstjórnlega mikils áfengis, að okkur sundlar beinlínis af að heyra, hve stórkostleg áfengisneyzlan er. Ég vil og mega vænta þess, að hv. þm. sansist á, að það er ósæmileg tekjuöflunaraðferð, að ætla að afla ríkinu tekna af öllum þeim hörmungum, sem aukin áfengisnautn hefir í för með sér.

Að lokum vil ég taka undir það, sem kom fram í ræðu hv. þm. Borgf., að þar sem bannið var sett á með þjóðaratkvæði, er óhæfilegt að afnema það að fullu, án þess að þjóðaratkv. hafi áður gengið í málinu. Ég legg þó enga höfuðáherzlu á þetta. Þjóðaratkvæði er engin röksemd. Þm. eiga auðveldlega að geta sannfærzt um, að hér er verið að stefna frá því ástandi, sem að vísu er allillt, í annað, sem verra er, og það er kappnóg til að átta sig á, hverja stefnu á að taka.

Í áframhaldi af því, sem ég hér hefi sagt, leyfi ég mér að bera fram svofellda rökstudda dagskrá:

Neðri deild Alþingis skirskotar til þess,

1. að meðan áfengisbannið var fullkomnast, var drykkjuskapur áreiðanlega minnstur í landinu,

2. að með hverri tilslökun hefir drykkjuskapur aukizt,

3. að þrátt fyrir allt er drykkjuskapur

minni á Íslandi en í nokkru landi, þar sem ekki er bann,

4. að ef það, sem eftir er af banninu, væri að fullu afnumið, mundi mikil hætta á, að drykkjuskapur margfaldaðist,

5. að ósæmilegt er að afla ríkissjóði tekna með innflutningi sterkra drykkja, sem leiðir til aukinnar áfengisnautnar og meðfylgjandi hörmunga fyrir land og lýð,

6. að óverjandi er að afnema bannið að fullu, án þess að bera það undir þjóðaratkvæði,

og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 30. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Steingrímur Steinþórsson: Frv. þetta, sem hér liggur fyrir til umr., hefir verið borið hér fram bæði í fyrra og nú aftur, og umr., sem fara fram um málið á þessu þingi, virðast vera alger endurtekning á því, sem fram fór í fyrra. Lítur úr fyrir, að þessar bannlagaumr. eigi að verða föst venja á hverju þingi framvegis. Þær eigi að verða einskonar „bíó" fyrir þm. og áheyrendur, að hlusta á, hvernig um þetta mál er bitizt. Það er einkennileg ofstækiskennd, sem grípur hv. þm., þegar þeir ræða þetta mál. Lýsir það sér í því, að ekki þykir viðeigandi að tala minna en eina klukkustund í einu í þessu máli, og sumir láta sér ekki nægja minna en tala hvíldarlaust 2—3 stundir.

Ég býst við því, að ég þyki lélegur og lítt hlutgengur í þessari orrahríð, því að ég ætla ekki að nota nema 10 mínútur til að ræða það. — Ofstækiskenndin í máli þessu lýsir sér á ýmsan hátt. Það er t. d. einkennilegt að heyra hv. þm. Borgf. halda því fram, að meðhaldsmenn frv. hugsuðu sér með því að færa ógnar áfengisflóð yfir landið og þeir séu gengnir í þjónustu Bacchusar til þess að troða áfengi inn á menn. Hv. þm. talar sem svo, að meðhaldsmenn frv. séu fortapaðir sauðir og að þeir muni hafna í því neðsta víti, sem til sé. Hliðstætt er það, þegar hv. þm. N.-Ísf., foringi þessarar 11 manna sveitar, sem flytur frv., hélt því fram, að andmælendur frv. hefðu sálufélag við smyglara og bruggara og óskaði þeim til hamingju með hjálpina, sem þeir veittu bruggurunum í landinu til þess að halda áfram sinni iðju. Þetta er lítið sýnishorn af því, hvílíkt ofstæki grípur hv. þm. þegar áfengismálin eru rædd. Nokkuð svipað má segja, þegar hv. þm. Ísaf. og hv. flm. sitt á hvað ausa yfir menn óskaplegu talnaflóði, ekki einungis hérlendis, heldur fara þeir allan hnöttinn í kring og ausa tölum, sem enginn botnar í og ekki einu sinni þeir sjálfir, því að með allri virðingu fyrir þessum hv. þm., þá efast ég um, að þeir hafi nokkra hugmynd um þessar tölur, sem eiga að sýna notkun áfengis einhversstaðar úti í heimi, því að tölur og tölur geta verið sitt hvað og verða að notast með varkárni. Þetta er aðeins lítið sýnishorn af þeim málflutningi, sem hér er notaður. Minnir það mjög á ýmsa ofstækisfulla trúarflokka, þar sem á trúarsamkomum menn rísa upp hver á fætur öðrum og vitna um, að þeirra trú sé hin eina rétta, en hinir, sem ekki trúa, séu glataðir og muni lenda í neðsta helvíti.

Nú mun sjálfsagt ekki orka tvímælis, að enginn er ánægður með það ástand, sem er í áfengismálum okkar. Kemur það fram bæði hjá meðhaldsmönnum og andmælendum frv. En þótt þetta sé viðurkennt, og hv. þm. Ísaf. þar á meðal viðurkenni, að ástandið sé vont, þótt hann hinsvegar telji, að það gæti versnað, þá vill hann ekki einu sinni láta athuga málið í n. Það má ekki athuga, hvort ástæða sé til að fara inn á aðrar leiðir. Það er sjálfsagt að hans dómi, að halda í þessa gömlu bibliu bannmannanna íslenzku — bannlögin, eða öllu heldur bannlagaslitrin. Nú er eins og hv. þm. Ísaf. benti á, að hér er ekki um bannlög að ræða, hér er ekki um að ræða afnám bannlaga — hér er í raun og veru ekki um annað að ræða en hvort breyta eigi núverandi áfengislöggjöf eða ekki. Það frv. til áfengislöggjafar, sem flutt er af hv. þm. N.-Ísf. og 10 öðrum þm., er önnur leið í málinu. Ég get ekki sagt, að ég aðhyllist þetta frv. eða að það stefni rétt, en sú löggjöf, sem við búum við, er svo gölluð, að sjálfsagt er að athuga með stillingu, þegar bent er á

nýjar leiðir. Ég vil benda á þetta viðvíkjandi því, að hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Borgf., sem báðir eru kröftugir andófsmenn frv., tala þó ekki um bann eins og nú sé, heldur takmörkun áfengis. Nú er víst, að allir eru óánægðir, og ég held, að ég þori að ábyrgjast, að enginn af hv. þm. hér í d. geti hrósað sér af því að vera ekki sekur við áfengislöggjöf þá, sem nú gildir. Ég hygg, að þeir hafi allir brotið þessa löggjöf. Þar með segi ég ekki, að þeir hafi allir neytt áfengis ólöglega. Það er hægt að brjóta áfengislögin með því að drekka vín, en það má líka brjóta þau með því að hylma yfir með lögbrjótum, og það er ég viss um, að hver einasti þm. í d. hefir gert. Þegar löggjöf nýtur svo almenns virðingarleysis og nú er orðið um bannlögin, er alvarleg hætta á ferðum og full ástæða til þess að líta eftir nýjum leiðum. Það geta ekki nema ofstækismenn litið þannig á, að ekki megi einu sinni athuga mál í n. eins og það, sem hér er fram borið, hvað þá meira. Ég skal geta þess, að ég álít, að þeir menn, sem vilja breyta til um áfengislöggjöfina og afnema hin svo nefndu bannlög, hafi farið ranga leið og alls ekki hafið sókn á réttum vettvangi. Hið eina rétta er að þjóðin sjálf sé látin úr því skera með þjóðaratkvæði, hvort hún vill halda núverandi áfengislöggjöf eða taka upp nýja skipan þeirra mála að meira eða minna leyti. Sú leið, sem ég vil, að farin sé í þessu máli, er, að víkja þessu til þjóðarinnar sjálfrar.

Ég tel, að menn hafi vakið málið upp á röngum grundvelli. En það, sem þó kom mér aðallega til að standa upp, var dagskrá sú, sem hv. þm. Ísaf. bar fram í lok sinnar ræðu hér í gær. Ég fyrir mitt leyti vil gera grein fyrir atkv. mínu um hina rökstuddu dagskrá, og mun ég greiða atkv. á móti henni, ekki af því, að ég sé ekki samþykkur mörgum hinum einstöku liðum í henni, sérstaklega seinasta liðnum um þjóðaratkvæði, að ekki sé rétt að afnema bannlögin nema samkv. þjóðaratkvæði. En þrátt fyrir það get ég ekki fallizt á að vísa málinu frá samkv. þeim rökstuðningi, sem í dagskránni felst. Ég óska eftir, að málið gangi til n., og að því verði beint þar inn á þá braut, að þjóðin verði sjálf látin skera úr um, hvað hún vill í þessu máli. — Ég ætla ekki að rökræða við hv. þm. um, hvaða afleiðingar samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, mundi hafa á áfengisnotkun í landinu. Ég er persónulega hræddur um, að það mundi auka drykkjuskapinn í fyrstu, þótt það séu getgátur einar og annað ekki. Hinsvegar er það ástand, sem nú er, svo rotið og fúið, að nauðsynlegt er að athuga það, og ósæmilegt fyrir löggjöfina að gera ekki eitthvað í málinu, og það er aðeins ein leið — að skjóta því til þjóðarinnar sjálfrar, og það mun vera almenn skoðun, að hún eigi að ráða því til lykta, þar sem bannið var sett á með þjóðaratkvæði. Vildi ég því með þessum fáu orðum gera grein fyrir afstöðu minni til málsins og þó einkum í sambandi við dagskrána, sem ég tel, að eigi að fella eins og nú stendur.

Tryggvi Þórhallsson: Það má enginn verða hissa á því, þótt vaktar verði einhverjar umr. um annað eins mál og þetta. Það er viðurkennt hjá flestum þjóðum, að eitthvert mesta viðfangsefni sé að setja sér l. um áfengismál og finna skynsamleg ráð til þess að draga úr áfengisbölinu. Því get ég ekki tekið undir ummæli hv. 1. þm. Skagf., þar sem hann furðaði sig á umr. um málið og álasaði þeim þm., sem hér hafa talað á móti þessari nýju löggjöf, og fannst þeir hafa talað óviðurkvæmilega. Ég hlustaði á ræður þeirra beggja og verð að segja, þótt hvorugur þeirra sé minn flokksmaður, að ræður þeirra báru vott um mikla alvöru og ákveðinn vilja um að láta sínar vel rökstuddu skoðanir koma fram, um hvað gera þyrfti í málinu. Ég heyrði að vísu betur ræðu hv. þm. Ísaf. um málið, og hann hefir að því leyti sérstöðu við hina dm., að við megum kalla hann sérfræðing á þessu sviði, því að fyrst og fremst verður að skírskota til álits læknastéttarinnar um málið, og hans ræða var þannig, að hann kom með óyggjandi tölur úr opinberum skýrslum um, hvernig það spor hefði reynzt öðrum þjóðum, sem hér á nú að stíga. Í þeirri ræðu og í ræðu hv. þm. Borgf. var að öllu leyti haldið sér við það efni, sem hér er til umr., og talað um það af fyllstu alvöru að öllu leyti. (JAJ: Miðað við Kanada). Það er ekki

ástæðulaust að miða við Kanada og fá tölur þaðan. Þeir hafa haft bann og afnumið það. Það má enginn furða sig á því, þótt fram fari alvarlegar umr. um málið, ekki sízt þegar þannig ber undir, að teknir eru tímar eins og nú standa yfir til þess að setja löggjöf um þetta. Ég er að því leyti á ólíkri skoðun og hv. 1. þm. Skagf., að ég áliti það vansa fyrir þessa samkundu, ef látin væri fara fram afgreiðsla slíks máls umræðulítið eða án þess að þm. létu greinilega koma fram sína afstöðu. Slíkt mundi bera vott um mikið skilningsleysi á því, hve þetta frv. er mikill og merkilegur þáttur í löggjöf þjóðarinnar. Það, sem ég harma viðvíkjandi sjálfum mér, er öfugt við það, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Skagf. Ég harma, að ég hefi haft svo mikið að gera, vegna þess að ég hefi orðið að sitja á öðru þingi og hafa aukastörf með höndum, að ég hefi ekki getað kynnt mér þetta frv. eins rækilega og ég hefði viljað og ekki getað búið mig eins vel undir að tala um málið og gera grein fyrir því sem víðtækast, bæði hvað ég tel áfengislöggjöfina þýðingarmikla og, eftir minni athugun, hve varhugavert muni að stíga þetta spor, sem gert er ráð fyrir með frv. Ég vona samt, ef málið á eftir að koma hér til 2. umr., sem ég vona þó að ekki verði, þá verði ég undirbúinn að gera því betri skil. Það, sem ég vil þá fyrst draga fram, er það, að ég hygg, að seinustu árin og upp úr hinni löngu og rækilegu fræðslu, sem hefir verið flutt í öllum löndum um nauðsyn bindindis og skaðsemi áfengis, þá viðurkenni flestir, a. m. k. í okkar landi, að markmið áfengislöggjafarinnar eigi að vera það að hindra áfengisnautn. Ég geri ekki ráð fyrir, að menn greini á um þetta. Ég hygg, að allir menn, sem ekki láta stjórnast af eigin hagsmunum í þessu sambandi — en það geri ég ekki ráð fyrir, að menn geri hér á Alþingi — viðurkenni, að tilgangur löggjafarinnar eigi að vera sá, að firra þjóðina böli áfengisdrykkjunnar. Ég hygg, að það sé merkasti árangur þeirrar fræðslu, sem átt hefir sér stað undanfarin ár, að ég heyri ekki, að neinn maður í alvöru haldi því fram, að afnema ætti bannlögin til þess að gera mönnum sem greiðastan aðgang að víni, af því að vinið væri svo hollt og gott fyrir þjóðina. Ég hygg, að óhætt sé að segja, að allir, sem alvarlega um þetta tala, vilji segja, að áfengislöggjöfin miðist við, að drukkið sé sem minnst og að þjóðarheildin hafi sem minnst ógagn af áfenginu. Það verður aftur á hinu sviðinu, sem leiðirnar skilja, hvaða leið sé bezt að fara til þess að ná því marki, að áfengið geri minnst tjón. Sumir segja, að það eigi að vera algert bann, sumir að hálfu leyti bann og sumir svo og svo miklar takmarkanir og svo loks aðrir, sem vilja leggja á háa tolla o. s. frv. En ég hygg, að a. m. k. í þetta skipti hafi ekki komið fram önnur rödd en sú, er miði að því að hindra ofdrykkju og draga úr áfengisflóðinu. Ég þóttist heyra, að aðalflm., sem einn hefir talað af hálfu flytjenda málsins hér, hefir ekki viljað láta skína í það, að hann flytti þetta frv. vegna þess, að það væri æskilegt að hafa sem greiðastan aðgang að víninu, heldur hélt hann því fram, að þessi löggjöf mundi hafa í för með sér minni drykkjuskap, a. m. k. yrði minna bruggað og minni hætta á, að unga kynslóðin í landinu léti leiðast út í að drekka, og loks það, sem mér fannst vera aukaatriði hjá honum, og hjá öllum hugsandi mönnum á að vera aukaatriði, að meiri tekjur fengjust í ríkissjóð. Ég sé ekki, að hv. þm. hafi neitt við þennan skilning minn á ræðu hans að athuga, og má því gera ráð fyrir, að hann telji í alvöru, að hann sé að stuðla að minnkun drykkjuskapar og bruggunar og svo að auki auknum tekjum fyrir ríkissjóð (LH: Og minnkun lögbrota). Já, það skulum við segja, og að þeir telji sig vera að keppa eftir að fá fullkomna áfengislöggjöf. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að eins og tíðarandinn er orðinn hér og skilningur manna almennt á því, hve áfengið vinnur mikið tjón, og vil halda því fram, að það sé óforsvaranlegt að ræða áfengismálið á öðrum grundvelli en að löggjöfin eigi að minnka sem mest tjón drykkjuskaparins. Málið horfir þá þannig við fyrir mér, að þegar ég á að taka ákvörðun um, hvernig mitt atkv. fellur, þá á ég að leggja það undir dóm minnar skynsemi og láta minn úrskurð verða út frá þeirri reynslu, sem ég hefi hér heima og erlendis, hvort það sé rétt, að þetta mark náist betur

með þeirri áfengislöggjöf, sem hv. flm. stinga upp á, eða með þeirri löggjöf, sem við eigum nú við að búa, með þeim umbótum, sem á henni mætti gera. Þess vegna horfir þetta svo einfalt við fyrir mínum sjónum. Ég tek upp þau atriði, sem hv. 1. flm. hefir komið með í sinni ræðu, og læt sumpart skynsemina og sumpart reynsluna skera úr um þetta. Þá spyr ég í fyrsta lagi: Er það rétt fullyrðing, sem hv. aðalflm. hefir varpað fram, að drykkjuskapurinn muni minnka í landinu og vínbruggunin þverra, ef dregið er úr innflutningshömlunum á þennan hátt, sem hv. flm. leggja til, að bannlögin verði afnumin? Við getum ekki látið innlenda reynslu skera úr um þetta nema að litlu leyti. En þó getum við sagt með sanni, að það, sem dregið var úr innflutningshömlunum með Spánarvínaundanþágunni, hefir aukið drykkjuskapinn í landinu frá því, sem var á þeim árum, er bannlögin voru ó-rofin. Við höfum ekki reynslu um það fyrirkomulag, sem hv. flm. bera fram með þessu frv., en hin eldri reynsla bendir til þess, að því meira, sem dregið er úr innflutningshömlunum, því meiri drykkjuskapur verður í landinu. Og hin erlenda reynsla í þessum efnum, sem hv. þm. Ísaf. hefir kynnt sér svo ríkulega og lýst hér í hv. þd., frá því landi, Kanada, sem fyrst slakaði á bannl., sú reynsla bendir ótvírætt á, að eftir fyrstu tilslökun á bannlögunum jókst drykkjuskapurinn lítið, en svo fór hann hraðvaxandi ár frá ári um 10 ára bil, því meir sem slakað var á banninu. Og sýndi hv. þm. þennan gífurlega mismun með skýrum tölum.

Þess vegna er ekkert sérlega erfitt að leysa það dæmi, sem hér liggur fyrir. Erlenda reynslan gerir það svo skýlaust, og heilbrigð skynsemi segir manni það sama. Hv. 1. flm. hefir ekki reynt að bera fram neinar tölur eða önnur fullgild rök, er afsanni það, að þetta frv., ef að lögum verður, verði ekki til þess að auka stórkostlega drykkjuskapinn í landinu.

Þá kem ég að annari spurningu, og hún er sú, hvort þetta frv. verði til bóta á þann hátt, að landabruggið minnki eða að lögbrotum fækki hjá þjóðinni. Ég tek þá fyrst það atriði, hvort bruggið muni þverra. Það hefir verið haft eftir einum valdsmanni hér á landi, að ráðlegast væri að hafa sem flesta útsölustaði á landinu fyrir hið bruggaða vín og selja það sem ódýrast, til þess að upphefja þá innlendu vínbruggun! Ég hefi ekki heyrt hv. aðalflm. halda þessu fram. Og mér dettur ekki í hug, að nokkur af hv. flm. sé svo gálaus í þessum efnum að vilja fara þá leið. En hv. flm. virðast ætlast til, að það sé lagður hár tollur á hin innfluttu vín, og að þau verði seld dýrt til þess að gefa tekjur í ríkissjóð. Verði sú leið farin, liggur það í augum uppi, að landabruggunin minnkar ekki. Það leikur enginn vafi á því, hvaða hvöt það er aðallega, sem liggur til grundvallar fyrir brugguninni hér á landi nú, og það er gróðavon bruggaranna. Þeir ætla sér að hafa fé upp úr því. Þess vegna má það vera hverjum manni ljóst, að þegar hátolluð sterk vín eru til sölu í landinu við dýru verði, þá verður gróðavonin hin sama fyrir bruggarana og iðja þeirra blómgast eins og nú eða meir, af því að þá verður áhættan miklu minni fyrir þá. Nú er erfitt fyrir þá að fela landann, og verði þeir uppvísir að bruggun, þá fá þeir háar sektir og fangelsisvist. En þegar sterku drykkirnir koma inn í landið, þá verður erfiðara að sanna, hvað er heimabruggað vín og hvað erlend sprúttblanda. Og þó að hert yrði á refsingum fyrir bruggun, þá mundu bruggararnir gefa það út, að drykkurinn væri spíritusblanda. Niðurstaðan verður því sú, sem ég nú hefi bent á, að í skjóli hinna dýru og sterku drykkja verður ekki minni gróðavon fyrir innlenda bruggara en nú, hvötin til lögbrotanna hin sama, en áhættan miklu minni fyrir þá, sem vilja gerast brotlegir.

Heilbrigð skynsemi sker því alveg hiklaust úr um það, að þessi ástæða hv. flm., að bruggunin muni fara þverrandi í landinu, ef bannið verður upp hafið, er bláber firra.

Þessu næst verð ég að víkja að atriði, sem komið hefir fram hjá ýmsum andbanningum. Þeir segja, að æskan og unga fólkið muni drekka minna af vínum, þegar bannlögin verði upphafin, en að nú drekki það meira, af því að bannið, eða

forboðna eplið, auki eftirsókn þess og sé meira freistandi fyrir unglingana. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að þó að þetta frv. verði að lögum, þá verði bannað að selja unglingum innan 20 ára aldurs sterk vín. Í báðum tilfellunum væri því um bann að ræða gagnvart unglingunum. Bæði lögin og foreldrar unglinganna mundu eftir sem áður banna ungum piltum og stúlkum að neyta áfengis. En því meiri og fjölbreyttari vínföng, sem fólkið hefir völ á í landinu, því meiri freisting.

Af öllum þeim ástæðum, sem hv. 1. flm. bar fram til stuðnings frv., er aðeins ein eftir óhrakin, sú, að með frv. fáist heppileg leið til þess að afla ríkissjóði tekna. Það munu flestir viðurkenna, að ríkissjóður geti fengið mikla peninga á þennan hátt. En ef gengið er nú út frá því, sem ég sagði í upphafi máls míns, að allir þeir, sem eiga sæti á þessari virðulegu löggjafarsamkomu, séu sammála um það, að tilgangur og markmið löggjafarinnar eigi að vera það, að vínneyzlan fari þverrandi og valdi sem minnstu tjóni, þá er það gersamlega óframbærileg ástæða, að það eigi að afnema bannlögin til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Það verður að gera þá kröfu til allra alvörugefinna manna, og þá ekki sízt til löggjafanna, að þeir hafi þá sjálfsögðu afstöðu að stuðla að minnkandi víndrykkju meðal þjóðarinnar. Það er gersamlega fordæmanlegt að ætla að hafa drykkjufýsn almennings sem vaxandi tekjustofn fyrir ríkissjóð, hvort heldur sem litið er á það frá þjóðhagslegu eða heilbrigðislegu sjónarmiði. Það er hlutur, sem engum heilvita manni getur dottið í hug.

Mér finnst þess vegna, að þetta mál sé ekki nálægt því eins erfitt til úrræða og talið hefir verið af ýmsum. Mér finnst, að allar þær ástæður, sem hv. aðalflm. hefir borið fram til stuðnings frv., séu eintómar firrur og afbakanir, þegar þær eru prófaðar samkv. þeim mælikvarða, sem ég hefi á þær lagt, þær eru allar eins og reykur.

Þá er það mjög haft á oddinum í öðru orðinu hjá hv. flm. frv., að núverandi ástand í vínmálunum hér á landi sé alveg óviðunandi, og þess vegna þurfi nauðsynlega að breyta því. Það er mjög undarlegt af þeim að bera þetta fram annað veifið, í beinni mótsögn við það, sem hv. aðalflm. sagði í framsöguræðu sinni, er hann komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera minnst drukkið á Íslandi. Ég álít, að með þeim ummælum hafi hv. aðalflm. kveðið sjálfur upp dauðadóminn yfir frv. Þegar það er nú bæði sannað með skýrslum af hv. þm. Ísaf. og yfirlýst af hv. aðalflm. frv., að hér á landi sé minna drukkið en í öðrum löndum, en á hinn bóginn er frv. í samræmi við lög þeirra landa, sem hafa meiri vínnautn, þá hefir hv. aðalflm. flutt með þessu höfuðrökin gegn sínu eigin frv. Meira þarf ekki fram að færa gegn því. Þó að ástandið sé ekki gott hér á landi, þá sýna tölurnar, að það er minna drukkið og minna tjón af áfengisnautn hér en hjá öðrum þjóðum. Þrátt fyrir allt fullnægir núverandi áfengislöggjöf okkar betur því hlutverki að sporna við tjóni af vínnautninni heldur en áfengislöggjöfin í löndunum við hliðina á okkur, og margfalt betur en búast má við, að frv. hv. flm. muni gera, þó það yrði að lögum.

Ég vil ekki á neinn hátt halda því fram, að ástandið sé gott hjá okkur. En þó hygg ég, að nú verði vart við ýmsa hluti, sem bendi til þess, að það sé að batna. Allir kannast við þann öldugang, sem á sér stað í fjármála- og atvinnulífinu, þar skiptast á veltiáratímabil og krepputímar. Svipað er því háttað í þessum efnum. Stundum hafa gengið yfir þjóðina sterkar bindindisöldur, eins og t. d. á árunum frá 1905—1915. Þá voru það góðtemplarafélögin og ungmennafélögin, sem báru þá bylgju uppi. Bindindishreyfingin var þá svo sterk, að við, sem þá vorum unglingar, búum enn að þeim krafti, eins og sjá má á okkur þremur, sem talað höfum á móti þessu frv., hv. þm. Ísaf., hv. þm. Borgf. og mér.

En á síðari hluta stríðsáranna og eftir stríðið kemur slappleikatími, þá fer það að þykja fínt að drekka vín, og bindindishreyfingin dofnar meðal unga fólksins. En ég vil gera ráð fyrir, að nú sé að hefjast svipuð alda í landinu eins og upp úr síðustu aldamótum. Í ungmennafél. og þó einkum í skólunum hafa verið stofnuð öflug bindindisfélög, ekki einungis hér í Rvík, heldur líka úti um land. Þessi

bindindisfélagsskapur í menntaskólanum gefur út fjörugt blað og hefir staðið að hvatningarræðum í útvarpið um bindindisstarfsemina meðal æskulýðsins í landinu. Og er mikill munur á þessum anda eða þeim, sem var ríkjandi í menntaskólanum á námsárum mínum, því að þá var þar þung alda á móti bindindi. — Ég hygg því, að það sé óhætt að segja með fullum rökum, að nú sé að hefjast ný og öflug bindindisalda meðal yngri manna, og er líklegt, að hún hafi mikil áhrif á almenningsálitið, eigi aðeins hjá unga fólkinu, heldur nái hún líka til eldri kynslóðarinnar. Á þennan hátt er æskan að rétta löggjöfunum og eldri mönnunum örfandi hönd í þessu máli. Ég er ekki í vafa um, að þetta muni bæta mest úr núverandi ástandi. Vínbrugguninn fer smámsaman minnkandi í landinu, hún mun vera talsvert minni nú en í fyrra. Ég varð þess áskynja á ferðalagi um kjördæmi mitt síðastl. sumar. (JAJ: Ég skal sanna hv. þm., að það er mikið bruggað í kjördæmi hans). Þá er það borgaraleg skylda hv. þm. að kæra til lögreglustjóra og sanna þennan framburð sinn. (JAJ: Ég skal gefa hv. þm. upp nöfn á bruggurum í Strandasýslu). Ef hv. þm. ætlar að nefna nöfn þessu til sönnunar, þá á hann að snúa sér með þau til lögreglustjóra, en meðan hann gerir það ekki, þá lýsi ég hann ósannindamann að þessum áburði sínum á hendur minna kjósenda. Mér er vel kunnugt um, að það er að rísa upp alda meðal bænda í landinu um að hrista af bændastéttinni því ámæli, sem hún hefir hlotið af því, að ýmsir hafa borið það út, að mest væri bruggað í sveitunum. Í gær kom fram á búnaðarþinginu áskorun til bænda um land allt, að láta það ekki ásannast, að bruggunin eigi nokkursstaðar griðland í sveitunum. Ég vil taka undir það með hv. þm. Borgf. og hv. þm. Ísaf., að þessar stórlega ýktu fréttir, sem sagðar eru af vínbrugguninni í sveitunum, eru að mestu leyti agitation, sem haldið er uppi af þeim mönnum, sem vilja auka vínflóðið í landinu og telja mönnum trú um, að það sé ómögulegt að útrýma bruggguninni, nema flutt verði inn sterk vín!

Í þessu sambandi má minna á söguna, sem sögð hefir verið úr Skagafirði, þegar þar var verið að leita að einum bruggaranum. Og er komið var á einn bæinn, þá var sagt, að hann mundi líklega vera á hinum, og svona gekk það koll af kolli, að alltaf átti það að vera lengra frá, sem bruggunin færi fram. — Það er líka vitað, að í mörgum tilfellum hefir framkvæmdarvaldið tekið mjög myndarlega á afbrotum á þessu sviði, og mikið unnið á um útrýmingu á brugginu. Enda er nú miklu meiri áhætta að fást við bruggun en áður, vegna almenningsálitsins. (JAJ: Samanber Höskuld!) Já, alveg rétt, einmitt samanber Höskuld. Því að nú situr hann í steininum, en um þetta leyti í fyrravetur voru bruggunartæki hans í fullum gangi.

Í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, á eingöngu að líta á það, hver skuli vera aðaltilgangur áfengislöggjafarinnar. Og þær breyt., sem á henni kunna að verða gerðar, eiga að miðast við það eitt, að þeim höfuðtilgangi verði náð. En hitt má ekki henda Alþingi á þessum alvarlegu tímum, að samþykkja breytingu á áfengislöggjöfinni einungis til þess að fullnægja löngun ýmissa manna í landinu eftir sterkum drykkjum.

Forseti (JörB): Hin rökstudda dagskrá, sem mér hefir borizt í hendur, frá hv. þm. Ísaf., hljóðar þannig:

Neðri deild Alþingis skírskotar til þess:

1. að meðan áfengisbannið var fullkomnast var drykkjuskapur áreiðanlega minnstur í landinu,

2. að með hverri tilslökun hefir drykkjuskapur aukizt,

3. að þrátt fyrir allt er drykkjuskapur minni á Íslandi en í nokkru landi, þar sem ekki er bann,

4. að ef það, sem eftir er af banninu, væri að fullu afnumið, mundi mikil hætta á, að drykkjuskapur margfaldaðist,

5. að ósæmilegt er að afla ríkissjóði tekna með innflutningi sterkra drykkja, sem leiðir til aukinnar áfengisnautnar og meðfylgjandi hörmunga fyrir land og lýð,

6. að óverjandi er að afnema bannið að fullu, án þess að bera það undir þjóðaratkvæði

og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Jóhann Jósefsson: Ég hefi að undanförnu ekki tekið neinn þátt í þeim háværu umr., sem farið hafa hér fram í þessari hv. þd. um afnám bannlaganna, þing eftir þing. Ég var eins og margir aðrir á sínum tíma hlynntur því, að bannlögin voru sett, þó að ég væri þá að vísu svo ungur, að ég hefði lítil áhrif á löggjafarmálefni. En ég var banninu hlynntur, eins og sennilega margir aðrir, í þeirri góðu trú, að með því mætti takast að útrýma víninu úr landinu; þá trú hafa líklega allir haft, sem stóðu að samþykkt bannlaganna. En ég dreg það mjög í efa, að nokkur maður með opnum augum og snefil af reynslu hafi þessa trú nú orðið í raun og veru. Og þegar verið er að deila á þá, sem vilja afnema bannlögin, þá er mest talað um skaðsemi vínnautnarinnar. En reynslan hefir einmitt sýnt, að takmark bannlaganna um útrýmingu vínsins hefir ekki náðst. Og þau hafa meira að segja haft öfug áhrif við þann upphaflega tilgang. Bindindisstarfsemin hefir sljóvgazt í landinu, af því að bindindisvinirnir reiddu sig á bannlögin, og drógu þau þannig mjög úr hinni heilbrigðu viðleitni bindindismanna. Bannlögin hafa orðið einskonar pólitískt vígi fyrir suma stjórnmálamenn hér, en á hinn bóginn eru þau aðeins til ills og óhamingju fyrir mikinn hluta þjóðfélagsins, einkum unglinganna, sem mest þarf að varðveita fyrir óhollri vínnautn. Ég þarf ekki að gefa neina persónulega játningu um sjálfan mig sem bindindismann, enda þótt því hafi verið haldið fram í málgagni því, sem stórstúkan stendur að, að ég sé víndrykkjumaður. Ég þekki vel til vínnautnarinnar, þó ég hafi verið mörg ár bindindismaður, og get því dæmt um hana af eigin reynslu. Og þess vegna verð ég að segja það, að þegar hv. þm. Str. og þm. Borgf. eru að tala um þetta mál, þá geta þeir ekki gert sér grein fyrir ástandinu í landinu, sjálfir hafa þeir engin persónuleg kynni af vínnautninni. Það er allt öðru máli að gegna um þá, sem þekkja til vínnautnarinnar, hafa neytt áfengis og umgengizt aðra, sem hafa vín um hönd, þeir eru miklu betur færir til þess að dæma um áfengismálin heldur en hinir. Þegar ég hlustaði á hina háværu og hvössu ræðu hv. þm. Borgf., sem hann flutti í þessu máli fyrir nokkrum dögum, þá datt mér í hug gamla sagan af fuglinum, sem stingur höfðinu ofan í sandinn, til þess að þurfa ekki að horfa á staðreyndirnar. (**ÓTh:** Er það fuglinn Felix?). — Þegar bannlögunum var breytt og undanþága veitt um innflutning á hinum svokölluðu Spánarvínum til landsins, þá var vínbannið í raun og veru upphafið. Okkur, sem eldri erum og munum eftir, þegar brennivínið var selt í verzlunarbúðunum hverjum sem hafa vildi, mun enn í fersku minni, hver áhrif brennivínssalan við búðarborðið hafði á okkur. Það, sem þar bar fyrir augu unglinganna, var ekki sérstaklega heillandi freistingarefni fyrir þá. Karlarnir stóðu við búðarborðið, þar sem hinum gráhvíta vökva var hellt á flöskurnar, og grettu sig, þegar þeir voru búnir að dreypa á þeim. Það var ekkert erfitt fyrir óspillta unglinga að forðast þessa freistingu. En eftir að Spánarvínin komu, var farið að gylla vínnautnina á allan hátt fyrir unglingunum með fallegum miðum og auglýsingum. Þessi vín eru gómsæt á bragðið, og þykir fint að hafa þau um hönd. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að afleiðingar bannlaganna hafa ruglað hugmyndum manna um það, hvað sé bindindi. Tilætlun þeirra, er börðust fyrir banninu upphaflega, var sú, að saman færi bindindi og bann. Reynslan sýnir, að þessi hugtök fjarlægjast hvort annað með ári hverju. Þegar því er hreyft að breyta áfengislöggjöfinni, vegna þess að hún nær ekki tilgangi sínum, heldur verkar jafnvel í gagnstæða átt, þá verða sumir bannmennirnir fast að því hamstola og kalla þá fjandmenn bindindis, sem benda á, að nú er svo komið, að það er hvergi nærri hið sama að vera með banninu og það að vera í vínbindindi eða með bindindisstarfsemi. Meðal bannmanna er líka stór hópur af hræsnurum, mönnum, sem á mannfundum kalla sig bann- og bindindismenn, en snapa eftir víni hvar sem þeir geta þess á milli. Það er þetta ástand, sem hv. þm. Str. og hv. þm. Borgf. virðast vilja láta haldast. Upp á þetta horfir hin unga kynslóð; hún horfir upp á alla hræsnina, ósómann og lygina í þessu efni. Við, sem setjum okkur á öndverðan meið við þessi bannl., sem

hv. þm. Str. sagði, að væru ekki orðin annað en slitur, viljum hafa hreinar línur í þessu máli. Ég fullyrði, að bæði hér og í öðrum löndum hafi reynslan sýnt, að það duga engin bannlög til þess að útrýma lönguninni í áfengi, bannlögin ná þar of skammt. Sú siðferðiskennd, sem ein getur útrýmt því, að menn séu á röndum að leita að áfengissopa í tíma og ótíma, kemur ekki frá lögunum, hún kemur innan frá. Meðan bindindisstarfsemin hneig í þá átt, að útbreiða þekkingu á því, hvað ofnautn áfengra drykkja hafi skaðleg áhrif á líkamlega líðan manna, þá var rétt stefnt, en þegar bindindisstarfsemin gengur út á það að lifa á lagaboði, sem vitaskuld er fyrirfram vitað, að ekki verður haldið, þá er rangt stefnt og þá er stefnt til full ósigurs fyrir þetta málefni. Sá ósigur, sem íslenzk bindindisstarfsemi hefir beðið við það að fara út á bannlagabrautina, er þegar að koma svo glöggt í ljós, að ekki er um að villast. Þeir, sem ekki vilja viðurkenna þennan ósigur í dag, þeir eiga eftir að viðurkenna hann, þó seinna verði. Ég vil ekki skipa mér í hóp þeirra manna, sem ætla að láta þetta þjóðfélag búa við hræsnislöggjöf. Þegar unglingarnir horfa á Pétur og Pál brjóta bannlögin, svo að segja leynt og ljóst, og heyra með fyrirlitningu talað um þessa löggjöf, það leiðir til þess, að sú kynslóð, sem upp vex í slíku andrúmslofti, lærir líka að fyrirlíta önnur lög, sem sett eru í þessu þjóðfélagi. — Við skulum líta rólega á þetta mál og koma okkur saman um, að það verði hollast fyrir löggjöfina að takmarka afskipti sín af nautnum manna við það, sem unnt er að láta fram fylgja, en það er vitanlegt, að á sér ekki stað með bannl. eða áfengislöggjöfina, sem við nú eigum við að búa. Hv. þm. Str. taldi það mjög ósæmilegt, ef það væri höfð sem ástæða fyrir því að bera fram breyt. á áfengislögunum, að ríkið þyrfti að hafa tekjur af áfengisnautn, og í því sambandi sagði hann, að búið væri að sýna fram á með tölum, að hér á landi væri minni áfengisnautn en í öðrum löndum. Það má kannske sýna fram á með tölum, hvað áfengisnautnin sé mikil í útlöndum, en hver getur sýnt fram á, hve mikið sé drukkið hér á landi? Það má kannske vita, hvað Áfengisverzlunin selur mikið áfengi, en hver telur alla landabrúsana, sem seldir eru hér á landi? Og hver telur það, sem flutt er inn ólöglega? Fyrst mikið er brúkað af áfengi í landinu, áfengi, sem gefur engar tekjur í ríkissjóð, heldur þvert á móti, en menn vilja samt vinna það til að brjóta lögin til að ná í það, er þá nokkuð ósæmilegt að stinga upp á því, að ríkissjóður fái tekjur af því áfengi, sem brúkað er í landinu? Ég sé ekki þann ósóma vera frekar í sambandi við víninnflutning samkv. þessu frv. en nú er t. d. hvað Spánarvínin snertir. Á það má benda í þessu sambandi, að þrátt fyrir takmarkanir ríkisstj. á þörfum og óþörfum vöruinnflutningi flytur Áfengisverzlunin inn Spánarvín eins og ekkert hafi í skorizt. Munu það ekki vera tekjur ríkissjóðs af Áfengisverzluninni, sem hér ráða mestu um? Ég ætla, að svo sé, a. m. k. þangað til háttv. þm. Str. hefir bent á aðra líklegri ástæðu fyrir þessum aðförum ríkisstj. í sambandi við takmörkun á innflutningi óþarfavarnings.

Hv. þm. Str. drap réttilega á þá bindindishreyfingu, sem ungmennafélögin á sínum tíma komu af stað. Það er alveg rétt, að ungmennafélagsskapurinn hratt af stað mikilli hreyfingu í þá átt, að gera menn bindindissama, og í þessu sambandi skildist mér á hv. þm., að nú væri einhver hreyfing að vakna hjá hinni ungu kynslóð í bindindisáttina. Það kann að vera, að svo sé, ég veit ekki, hve margir geta borið hv. þm. vitni um það, að sérstakur bindindisáhugi sé nú vaknaður hjá unglingunum í landinu. Ég verð að segja það, að ég hefi ekki komið auga á þessa vakningu, því miður. Ég hefi hinsvegar komið auga á hina mestu afturför í því, að unglingarnir yfirleitt hafi áhuga fyrir bindindi og forðist áfengisnautn. Einstakar undantekningar eru og verða auðvitað alltaf til í þessu sem öðru. Ég hefi komið auga á það, að fjöldi af unglingum og m. a. s. á mjög ungum aldri eru sólgnir í áfengi, eitthvert áfengi, fengið með einhverju móti. Þetta gerist vitaskuld að mestu leyti í skúmaskotunum að því er snertir sumar drykkjarvörurnar. Allt áfengi, sem ekki er Spánarvín, verður að hafa um hönd eins og ófrjálsan hlut, vegna bannlaganna, en það er

haft um hönd eigi að síður. Ég er bindindissinnaðri í dag en ég hefi verið nokkru sinni áður, en þó geng ég að því með glöðu geði að rífa niður þann svikahjúp, sem menn nefna bannlög hér á landi, vegna þess, að ég veit, að hin einasta frelsun í þessu efni fyrir unglingana, frelsun frá því að lenda á refilstigum ofdrykkjunnar, er sú, að það skapist hreinar línur í þessu máli, en þær skapast ekki með bannlögunum og með þeirri breytni, sem af hálfu þjóðarinnar fer fram gagnvart bannlögunum. Meðan unga kynslóðin vex upp undir þeim skilyrðum, sem skapazt hafa við bannlögin, þá er engin von til þess, að hjá henni rísi upp heilbrigð bindindissannfæring. Þá fyrst, þegar búið er að skapa hreinar línur í þessu efni, þá fyrst, þegar unglingarnir þurfa ekki að horfa upp á það, að hinir eldri brjóti lögin til þess eins að fá sér í staupinu, þá fyrst þegar þeir hætta að heyra talað með lítilsvirðingu um bannlög og bindindi, þá fyrst er von til þess, að hægt sé að innræta ungdóminum í landinu sanna virðingu fyrir bindindi og bindindisstarfsemi. Ég staðhæfi, að hinn einasti rétti grundvöllur fyrir bindindisstarfsemina í landinu sé sá, að við getum innrætt unglingunum þessa virðingu fyrir bindindi, virðingu, sem er sprottin af þekkingu og bindindisáhuga, og sem er framknúin af manndómi þeirra yngri og eldri, sem af frjálsum vilja sneiða hjá því að neyta skaðlegra drykkja. Það er sá rétti grundvöllur fyrir holla bindindisstarfsemi í landinu. Að vísu eru enn til einlægir bindindisvinir, sem þrátt fyrir alla annmarka bannlaganna vilja enn halda í bannlagaslitrið, eins og hv. þm. Str. nefndi það, af ótta við það, að ástandið kunni að versna, ef við þessu er hróflað. Þessum mönnum mun þó óðum fara fækkandi, eftir því sem augu manna opnast fyrir því hyldýpi spillingarinnar í opinberu lífi, sem leiðir af því að hafa bannlög, sem allur fjöldinn brýtur og þverbrýtur kinnroðalaust. En þetta ástand, sem nú er, og bannlagahræsnin, er sá akur, sem er bezt til þess fallinn að rækta í illgresi og pólitísk dusilmenni, sem reyna að „slá sér upp“ í augum fólksins, með því að berja sér á brjóst á strætum og gatnamótum, þakkandi fyrir það, að þeir séu ekki af sama sauðahúsi og við hinir „ölkæru“ menn, sem þeir kalla svo, sem ekki vilji hafa bannlög eða bindindi í landinu. Má vel vera, að það fari svo, að þingið láti undan fallast að gera skyldu sína í þessu máli í þetta skipti. Það virðist svo sem menn séu hræddir við að hreyfa við þessari löggjöf, en þeir, sem nú standa í vegi fyrir framgangi þessa máls, þeir gera það — ég vil ekki segja vísvitandi —, en þeir gera það til hagsmuna fyrir lögbrotastefnuna í landinu, þeir gera það til hagsmuna eiturdrykkjunni í landinu og þeir gera það til hagsmuna fyrir hræsni og yfirdrepskap í opinberum málum yfirleitt. En sá dagur kemur, þegar þjóðarþing Íslendinga varpar allri þessari hræsni fyrir borð og byggir meira á hinu rétta hugarfari þjóðarinnar en lagabókstaf, sem allir brjóta. Þungamiðjan í afstöðu minni til þessa máls er sú, að vegna þess að ég er hlynntur bindindi og andstæður ofnautn áfengis, vil ég afnema það ástand, sem gerir allt bindindisstarf vonlaust, en það tel ég vera, meðan bannlagahræsnin situr í öndvegi hjá þjóð og þingi.

Ég álít eins og nú er komið afnám bannlaganna vera nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að sönn bindindisstarfsemi, sprottin af innri hvötum, geti þrifizt hjá þjóðinni.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég ætla ekki að flytja langa ræðu í þessu máli, og þó mætti segja, að málið sé svo mikilsvert, að rétt væri að gera ýtarlega grein fyrir afstöðu sinni til þess. En það er nú hvorttveggja, að þegar er búið að ræða málið undanfarið, og mikið á þessu þingi, og eins hitt, að flestir þdm. munu þegar fyrirfram hafa markað afstöðu sína til málsins. Ég ætla ekki að rökstyðja þau fáu orð, sem ég læt fylgja mínu atkv., með löngum skýrslum eða talnagerðum, heldur með örfáum staðreyndum, sem eru öllum vitanlegar, og vil skjóta máli mínu til heilbrigðrar skynsemi. Ég hygg, að menn verði að vera ásáttir um það, að hér liggi í raun og veru ekki fyrir að ræða um, hvort heppilegt sé að útrýma nautn áfengra drykkja eða ekki. Ef lægi fyrir að ræða um það, væri ekki víst, að menn mundu skiptast í flokka um það frv., sem hér liggur fyrir. Ég verð hinsvegar að

segja, að ef um það væri að ræða, þá hygg ég, að skemmtilegra væri að ræða það við einhverja aðra en hv. þm. Borgf., Ísaf. og Str. Þessir menn tala um þetta mál eins og „fullir fylliraftar". Enginn þeirra hefir hugmynd um, hvað þetta er notalegur hlutur, sem þeir eru að lasta. Ég er ekki sá hræsnari, þar sem ég stend hér í sölum þingsins, að ég tali eingöngu um aðra hliðina, skaðsemi áfengra drykkja. Ég þekki ágætlega hina hliðina, og þetta er einhver sá notalegasti drukkur, sem kemur að þyrstum vörum. Ég ætla þó ekki að hvetja menn til þess að drekka og ég játa það í hreinskilni, að áfengi gerir tvímælalaust meiri bölvun en það gerir gagn, þ. e. a. s. ánægju. (TrÞ: Mikið var!). Það er mín skoðun, en ég segi: Það liggur ekki hér fyrir að ræða um það, hvort við getum útrýmt áfenginu. Það er búið að reyna að útrýma því, og sú tilraun hefir tekizt þannig, að enginn maður getur sagt, án þess að mæla gegn betri vitund, að hún hafi lukkazt. Hvernig er bannið á Íslandi, sem haldið er fram, að sé effektivasta bannið í heiminum? Hér eru nóg Spánarvín, og vita allir, að það er hægt að vera svínfullur af þeim. Þetta getur maður fengið með því að snúa sér til ríkisvaldsins og keypt það þar fyrir ærna peninga. Þegar ríkisvaldið telur ekki nauðsynlegt sér til framdráttar að halda sínum búðum opnum, þá tekur annað við. Þeim, sem þykir ekki þetta gutl hæfilegt, snúa sér að landanum. — Hv. þm. Str. var að tala um það, að minna væri bruggað í ár en í fyrra og hitteðfyrra. Hvernig veit hann það? Jú — hann hafði farið um sína sýslu, og þar hefði ekkert verið bruggað; en þegar hv. þm. N.-Ísf. segir, að hafi verið bruggað þar, verður hv. þm. Str. æfur út af því. Það, sem hv. þm. Str. var að gefa í skyn, var það, að hann hefði orðið var við bruggun í sinni sýslu, en nú hefði það minnkað. Ég fullyrði, að sé mikið bruggað þar, en menn eru ekki að veifa brennivíninu framan í mjólkurbörnin! Það er svo mikið bruggað í landinu, að það er á einskis manns færi að segja um, hve mikið það er. Ef menn vilja ekki Spánargutlið og ef þeim þykir bruggið rammt og langar í eitthvað sterkara, þá er ekkert annað en að ná í 20 kr. og fá sér svo whiskyflösku. Svona er ástandið. Það er einhver bezti skólinn, sem ríkið heldur uppi, þar sem kennt er að drekka Spánarvín. Svo fara menn í landann, og þeir, sem betur eru efnum búnir, kaupa eitthvað sterkara. Þetta vita allir hv. þdm., og að svona er komið er ekki hægt að mæla á móti, nema gegn betri vitund, og að fullyrða svo, að hvergi sé minna drukkið en á Íslandi, er viðlíka skynsamlegt og að fullyrða, að hvergi sé meira drukkið en hér á landi. Um þetta veit enginn maður, því að það eru engar skýrslur til um það, hvað mikið sé bruggað hér á landi og hve miklu sé smyglað inn í landið, en geri það einhver að gamni sínu að reyna að reikna út, hvað mikið sódavatn er bruggað hér á landi, og þá veit hann, hvað margir sjússar eru drukknir, því að enginn drekkur sódavatnið eintómt. Það er ekki aðalatriðið í þessu sambandi og ekki eina atriðið, hvort drukkið verði eilítið meira eða minna, þegar búið er að létta af þessum bannlögum. Afleiðingar bannsins eru þess eðlis, að það er talsvert mikið tilvinnandi að losna við það. Þau eru ekkert skemmtileg, þessi eilífu klögumál, sektir og fangelsanir. Það er þjóðarskömm að viðhalda lögum, sem í meðvitund hinna löghlýðnustu borgara eru þannig, að hópur manna brýtur þau og hinir láta það átölulaust líðast. Þetta er staðreynd um bannlögin. Ég hefi ekki mikla trú á því, að einhver von sé til þess, að bindindisstarfseminni sé að vaxa fylgi hér á landi, á meðan þeir af innlendum bann- og bindindismönnum, sem eru bezt menntaðir og bezt gáfaðir, eru jafn lédrægir og þeir nú eru; og á meðan forustan er í höndum þeirra manna, sem hv. þm. Vestm. kallaði dusilmenni, hefi ég ekki trú á, að bindindisstarfseminni vaxi fylgi. Ég er hræddur um, að menn fái óbeit á slíku máli, af því að þeir eru ógeðslegir, sem standa í fararbroddi. Ég sagði í upphafi þessara fáu orða, að ég mundi ekki tala um þetta mál út frá sjónarmiði talnanna, því að þær má eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði, alltaf vefengja. Ég hefi nefnt nokkrar staðreyndir, sem allir vita, að eru sannar. Ég hefi sagt söguna ljóta, eins og hún er, og skal að lokum segja það, að ég met hina virðingarverðu hreinskilni, sem kom fram í umsögn eins elzta, bezta og mesta

bannmannsins hér á landi, þegar hann sagði: „Aðflutningsbannið er búið að gera okkur öllum þá skömm, lítilsvirðingu og böl, sem þeir svartsýnustu óttuðust í upphafi, og langt umfram þetta". Þetta er rétt lýsing á reynslunni, sem íslenzka þjóðin hefir fengið af bannlögunum, og það er óviðunandi, að Alþ. láti lengur undir höfuð leggjast að viðurkenna, að svo er komið sem komið er, og taki afleiðingunum af því. Ég skal ekki halda því fram, að það eigi að taka afleiðingunum af þessum staðreyndum með því að lögfesta þann lagabálk, sem hér liggur fyrir. Ég er persónulega mótfallinn ýmsu í honum. Vill Alþ. sýna þann manndóm að rísa undir skyldu sinni og lögfesta þau ákvæði, sem útrými þeirri svívirðu, sem nú þrífst í skjóli bannlaganna, og sem ég er sannfærður um, að aflétti að mestu, ef bannlögunum létti af, þó að ég sé enginn maður til að fullyrða, að ekki verði meira drukkið í bili, en jafnvel þó að það verði, þá er það tilvinnandi. Ég vil veita aðstoð mína til þess, að bindindishreyfingin megi eflast, en skilyrðið til þess er, að hinir betri og skynsamari menn meðal bannmanna taki forustuna úr höndum dusilmennanna.

Guðbrandur Ísberg: Ég hafði hugsað mér að gera stutta grein fyrir mínu atkv. í þessu máli, eins og fleiri þm. hafa gert, en ég get að mestu leyti sparað mér það, eftir ræðu hv. þm. G.-K., sem tók fram margt af því, sem ég hafði viljað benda á. Það er eðlilegt, að menn tali um í þessu sambandi bindindismenn og vínneytendur, en mér finnst næstum óeðlilegt, að menn séu að tala um bannmenn og andbanninga. Því hér er í raun og veru ekki bann. Það er aðeins um nautn mismunandi víns að ræða. Það er öllum vitanlegt, að leyfður er innflutningur á hinum svokölluðu Spánarvínum, sem eru létt vín eða vínblanda. Jafnframt er það vitað, að menn geta fengið eins mikið af þessum vínum og þeir vilja. Eins geta menn með nokkurri fyrirhöfn fengið innlent vín, sem almennt er kallað „landi". Hver er nú breyt., þó að leyfður yrði líka innflutningur á sterkum vínum?

Það er vitað, að siðaðir menn drekka yfirleitt ekki sterk vín óblönduð. Og það er með öllu ósannað, að nautn sterkra vína sér skaðlegri eða á nokkurn hátt óheppilegri en nautn léttra vína, svo ég ekki tali um landabrugg og annan óþverra. Þvert á móti má leiða sterkar líkur að hinu gagnstæða. Hv. þm. Str. vildi miða við það, hvers væri skaðlegt að neyta. Ég vil skora á hann að sanna, að skaðlegra sé fyrir þjóðina að neyta sterkra drykkja, eins og siðaðir menn gera, en þess óþverra, sem nú er almennt drukkinn hér.

Þá hélt hv. þm. því fram, að vínnautn myndi aukast í landinu, ef inn væru flutt sterk vín. Hann vitnaði í Kanada, eins og hv. þm. Ísaf. En hv. þm. Ísaf. komst að þeirri niðurstöðu, að mig minnir, að vínnautn í Kanada væri svo mikil, að hver fullorðinn maður neytti upp undir 100 gallóna af sterkum drykkjum á ári, en það er sem næst 1 lítra á dag. Mér þykir nú ótrúlegt, að ekki séu til bannmenn í Kanada, og eins þykir mér líklegt, að kvenfólk neyti yfirleitt ekki jafnmikils víns og karlmenn; mætti því sennilega undanskilja helming kvenfólksins og gera ráð fyrir því, að bannmenn neyttu ekki nema hálfs skammts. Yrði þá meðalskammtur sennilega eitthvað nálægt 2 l. á mann á dag. Held ég, að slíkt nái ekki nokkurri átt. Hljóta að liggja hér aðrar orsakir á bak við. Ég ætla að leyfa mér að benda á nokkuð hliðstætt dæmi til skýringar. Fyrir fáum árum var mjólkurframleiðslan í Mosfellssveit ca. 1 l. á mann á dag eða svo. Nú er hún komin upp í ca. 20 l. á mann eða meira. Geta nú bændur torgað allri þessari mjólk? Nei, það vita allir, hvernig þessu víkur við. Mjólkurframleiðslan hefir aukizt af því, að markaður hefir skapazt fyrir hana. Mjólkin er sem sagt seld til Rvíkur. Mun vera svipað háttað um vínið í Kanada. Það er ekki drukkið þar í landi nema að litlu leyti; hinu er smyglað til Bandaríkjanna. Þar er markaðurinn. Þetta er svo almennt viðurkennt og vitað, að óþarfi er að eyða orðum að því frekar. Þetta dæmi frá Kanada sannar því ekki annað en það, að þessum hv. þm. er ekki hægt um hönd að finna dæmi, máli sínu til sönnunar. (VJ: Hvað er sérstaklega bogið við dæmið frá Kanada?). Það, að þessi mikla vínneyzla getur ekki staðizt,

1 lítri á hvern fullorðinn mann á dag. Mér skildist á hv. þm., að vínneyzlan á hvern fulltíða mann væri upp undir 100 gallónur á ári, enda benti hann á það, að vínneyzlan þar í landi væri svipuð og hæfilegt væri talið, að menn neyttu af mjólk.

Hv. þm. Str. hélt því fram, að hvötin til óleyfilegrar bruggunar héldist nærri því sú sama, þótt leyfður yrði innflutningur sterkra vína. Ég er þar ekki á sama máli. Mín afstaða í þessu máli miðast við það eitt, að ég er sannfærður um, að bruggið leggst að mestu leyti niður, ef sá innflutningur er gefinn frjáls. Menn brugga meira af hagnaðarvon en til þess að afla sér víns til neyzlu. Nokkrir gera það auðvitað af síðari ástæðunni, en langflestir þó af því að það er gróðavænlegt að selja vínið í kaupstöðum og þorpum. Ef þar væri hægt að fá sterk vín á löglegan hátt, er ég sannfærður um, að menn myndu velja þá leið, og almenningsálitið myndi stimpla þá menn sem hreinar bullur, sem ættu kost á að fá sér forsvaranlegt vín, en færu samt að leita eftir kaupum á bruggi, hálfeitruðu, óaðgengilegu og ólöglegu. (VJ: Má ég spyrja, ef það er rétt hjá hv. þm. G.-K., að hér sé alstaðar hægt að fá whisky, hví kaupa menn þá ekki whisky?) Hér hefir því verið haldið fram, að við værum nú einhver hin minnsta víndrykkjuþjóð. Ég vil engan dóm á þá fullyrðingu leggja, en ég skil ekki, hvernig menn geta vitað það, hve mikið drukkið er hér á landi af áfengum drykkjum, Spánarvínum, smygluðum vínum og heimabruggi. Að bruggarar eru teknir svo ört, sem raun ber vitni um, bendir á það, að þeir séu ótrúlega margir. Salan og hagnaðurinn hljóta að vera mjög mikil, er menn leggja svo margir í þá áhættu, sem því fylgir að brugga hér á landi.

Eftir aldamótin, áður en vínbannið komst á, var ekki drukkið meira hér á landi en sem svaraði 1 l. á mann árlega. Voru þá fáar þjóðir svo hófsamar sem Íslendingar. En eftir setningu bannlaganna hafa menn risið upp gegn þeim og ekki skoðað brot á þeim l. sem almenn lögbrot. Þar sem ræðumenn hafa talað um vakningu yngri kynslóðarinnar, þá er allmjög skotið fram hjá markinu, því að allt bendir til þess, að vínnautn hennar sé alltaf að aukast. Menn um allt land hafa nú vín um hönd, sem áður hefðu ekki látið sér detta slíkt í hug. Er þetta fordæmi fyrir ungu kynslóðina, sem hún lærir af.

Afstaða mín í þessu máli er ekki sú, að ég vilji auka vínnautnina í landinu, heldur miðast hún við það, að ég trúi því og treysti, að okkur geti aftur lærzt að neyta víns í hófi. Við verðum sjálfsagt aftur hófsöm þjóð, ef við afnemum bannlögin. Ég vil benda á það, að erlendis þykir það ósvinna að láta sjá sig ölvaðan á almannafæri eða að drekka sterk vín óblönduð. Þetta myndi áreiðanlega verða eins hér.

Tryggvi Þórhallsson: Hv. þm. Ak. ræðir þetta mál á þeim eina grundvelli, sem hægt er fyrir alvarlega hugsandi mann að ræða það á. Hann kvaðst ekki vilja hjálpa til þess, að meira yrði drukkið hér á landi og er einn af flm. þessa frv. í trausti þess, að það myndi ekki verða til að auka vínnautn. Þetta er eina röksemdin, sem hægt er að viðurkenna fyrir því að breyta áfengislöggjöfinni. Er ekki forsvaranlegt af nokkrum þm. að bera þetta fram á öðrum grundvelli. Er ég ánægður yfir því, að hv. þm. gengur hér út frá sama atriði og ég. Við drögum aðeins ólíkar ályktanir af því, sem fyrir liggur.

Hv. þm. sagði, að mér bæri að sanna, að meira yrði drukkið, ef frv. næði framgangi. Þetta höfum við viljað gera með því að draga dæmi frá öðrum þjóðum. En hv. þm. vill vefengja skýrslur þær, sem við höfum í höndum, skýrslurnar frá Kanada, sem hv. þm. Ísaf. bar fram. Hann sagði, að tölurnar frá Kanada svikju okkur og tók það sem hliðstætt dæmi, að mjólkurframleiðsla hefði aukizt í Mosfellssveit, af því að markaður hefði skapazt fyrir mjólkina. Kvað hann vera til markað annarsstaðar fyrir það áfengi, sem framleitt væri í Kanada. Skilur hann ekki annað en að þetta áfengi sé flutt til Bandaríkjanna. Heldur þá hv. þm., að það áfengi, sem smyglað er frá Kanada til Bandaríkjanna, komi á opinberar skýrslur? Heldur hann, að smyglararnir í Kanada séu að gefa út skýrslur um verzlun sína? Er ég hissa á þeim barnaskap, sem kemur fram í þessu hjá hv. þm., að hann

skuli ímynda sér, að smyglararnir, sem reka svona áhættusaman atvinnuveg, séu að gefa út opinberar skýrslur um þetta. Er það auðvitað, að þessar opinberu tölur ná ekki til annars en þess, sem landsmenn nota handa sjálfum sér. Þetta var höfuðröksemd hv. þm., og liggur í augum uppi, að hún getur ekki verið rétt.

Af því, að mér fannst nú á ræðu hv. þm. Ak., að hann væri samvizkusamur í afstöðu sinni, þá geri ég mér vonir um, að þegar hann athugar þetta, lítur á alla þætti málsins og sér, að þessi breyt. á áfengislöggjöfinni muni hafa aukinn drykkjuskap í för með sér, — þá muni hann hjálpa okkur til að bæta áfengislöggjöfina þannig, að áfengisnautnin verði í raun og veru minni. Hv. þm. hefði líka getað dregið þessa ályktun af ræðu hv. þm. G.-K., því að hann sagði hreinskilnislega, að meira myndi verða drukkið. (ÓTh: Ég sagði það aldrei, heldur sagði ég, að ég væri ekki maður til að fullyrða nokkuð um það, hvort meira eða minna yrði drukkið, en að ég væri á móti bannl. vegna þeirra glæpa, sem sigla í kjölfar þeirra). Hv. þm. G.-K. stendur á öðrum grundvelli en við hv. þm. Ak. En hv. þm. G.-K. kvað nú samt ríkara að orði í ræðu sinni en hann gerir nú. Og hann kom m. a. s. inn á þá hlið málsins, sem ekki kom fyrir hjá hv. þm. Ak. og hv. þm. N.-Ísf., er hann fór að túlka það, hve gott áfengið væri og hvílík gleði væri að því að hafa það. Þetta var aðalatriðið hjá honum. Þarna er allt annar grundvöllur. Virði ég þessa hreinskilni hv. þm., úr því að hann hefir þessa skoðun. En ef hv. flm. frv. vilja koma með slík rök fram fyrir þjóðina, þá fá þeir áreiðanlega ekki 1/10 hennar til fylgis við sig. (ÓTh: Ég hefi ekki haldið þessu fram). Hv. þm. ók sér öllum og hældi vininu á hvert reipi og gerði grín að mér, sem drykki ekki annað en mjólk.

Ég geri mér þær vonir um hv. þm. Ak., að þegar hann skoðar þetta mál niður í kjölinn út frá sínu alvarlega sjónarmiði, þá muni hann falla frá frv. En hv. þm. G.-K. er ekki hættulegur mótstöðumaður, því að hann fær ekki nema lítinn hluta þjóðarinnar með sér, slík rök sem hann ber fram.

En ég kvaddi mér aftur hljóðs aðallega vegna ræðu hv. þm. Vestm. Bar hann fram enn önnur rök. Þungamiðjan í ræðu hans var sú, að ástandið væri svo ógurlegt, að voði væri á ferðum. Hér væðu uppi dusilmenni og ýmislegt andstyggilegt fólk, hræsnin væri svo mikil kringum þessa áfengislöggjöf, að til vandræða horfði, og yrði því umfram allt að breyta til. Ein höfuðástæðan með þessu frv. er að reyna að láta líta svo út sem ástandið sé nú svo illt hér á landi að því er snertir áfengismálin, að það hafi aldrei verra verið. Þessi agitation held ég, að sé ákaflega fölsk, enda þótt ástandið hjá okkur sé engan veginn fullkomið. Það er hægt að sýna það ótvírætt, hversu miklu betra ástandið er nú en áður var. Áberandi gott dæmi um þetta er hegðun þingfulltrúa þjóðarinnar fyrir svo sem hálfri annari öld. Við vitum, hvernig ástandið var á 18. öld, hvernig embættismenn, eins og lögmaðurinn og biskupinn, flugust á eins og verstu áflogahundar og fyllisvín nú á dögum. Einn af prófessorum háskólans, sem hefir verið að kynna sér dóma og gjörningar Alþingis frá síðustu öldum, hefir sagt mér, að oft séu lagatilvitnanir í lögbækurnar o. s. frv. alrangar og stundum alls ekki til. Þó að þarna sé verið að ráðstafa eignum og jafnvel lífi manna, er þetta allt rammvitlaust og stundum jafnvel tómur uppspuni, þegar vitnað er í lögin. Er aðeins til ein skýring á þessu, sem sé sú, að þm. hafi allir eða flestir verið dauðadrukknir við störf sín á þinginu. Svona var ástandið í áfengismálunum í þá daga. Hugsum okkur ástand þjóðarinnar á þeim tíma. Hvernig haldið þið, að þetta gæti komið fyrir nú? Haldið þið, að þegar prófessorar eftir hálfa aðra öld fara að rannsaka þetta, að þeir munu finna nokkuð svipað þessu í störfum okkar? Nei, það er eitthvað annað. Ef við förum svolítið nær, þá er mér í minni saga, sem Klemenz Jónsson, tengdafaðir minn, sagði mér um ástandið hér í bænum fyrir 2 til 3 mannsöldrum, þegar hann var að alast upp, en hann hefir sem kunnugt er skrifað sögu Reykjavíkur. Þá datt engum skrifstofumanni í hug að fara á skrifstofu án þess að fá sér minnst hálfpela áður en hann færi af stað, og það kom ekki fyrir, að nokkur maður í búðum hér væri minna en hálf-

fullur, úr því að kom að nóni. Karl einn, sem lengi hafði verið í búð hér, hafði þá það eitt að atvinnu að sníkja sér „snaps" með hæfilegu millibili. Þá var allt meira og minna syndandi í brennivíni. Svo getur maður tekið dæmi af miklum heiðursmanni, sem var í einni virðulegustu stöðu þessa lands um lengri tíma en nokkur annar á öldinni sem leið og átti sæti í þessum forsetastól hvað eftir annað. Hann reið milli búðanna hér í bænum og heimtaði snapsana út til sín. Þetta þótti sjálfsagt í þá daga. Sem sagt, þegar menn eru að láta sér það um munn fara, hvað ástandið sé hræðilegt og voðalegt, samanborið við það, sem áður var, þá eru þeir að taka upp, gagnrýnislaust, ummæli úr agitation, sem andbanningar hafa látið klingja í eyrum manna ár eftir ár, en vilja ekki leggja það á sig að kynna sér ofurlítið, hvernig ástandið var áður í þessum efnum. Mætti sýna þetta ennþá skýrar með tölum. (BSt: Hefir ástandið ekki verið að breytast um öll lönd?). Bannaldan og fræðslan um skaðsemi áfengis er farin að gera vart við sig í öllum siðuðum löndum, en þó hygg ég, að áhrifin séu sterkari hér á landi en annarsstaðar.

Það er vitanlega rétt, sem hv. þm. Vestm. hefir sagt, að hér er engin paradís, enda hefir lífið í heiminum aldrei verið nein paradís. Það er skökk skoðun, sem menn hafa um þetta, að yfirstandandi tímar séu verri en aðrir tímar. Ég held, að þeir séu betri. En ástandið er ekki nein paradís, og það er ekki að gera ráð fyrir því, að það verði það, en það er virðingarvert þegar miðar til bóta. Ég fullyrði það, að ástandið er betra en áður, og yfirleitt betra en annarsstaðar, og út frá því eigum við að miða.

Það er viðurkennt af hv. flm., að það sé minna drukkið hér en annarsstaðar. (JAJ: Ég sagði það ekki). Hv. þm. á ekki að ganga frá því, sem hann sagði. (JAJ: Ég sagði það með öðrum orðum). Fyrst hann hefir sagt það með öðrum orðum, hefir hann þó sagt það. Ég vil halda því fram, að hv. þm. G.-K. hafi vottað þetta óvart í ræðu sinni, þegar hann var að fræða okkur um það, að maður þyrfti 20 „kall" upp á vasann til þess að ná í eina flösku af brennivíni. Nú er það vitanlegt, að flaskan kostaði áður sennilega eitthvað innan við krónu, sem nú kostar 20 kr. Er þetta ekki talandi vottur þess, hve erfitt er að ná í það, að það skuli kosta 20 kr. ein flaska eftir frásögn hv. þm. G.-K., sem gera má ráð fyrir, að viti þetta vel, og sitji ekki fyrir lakari kaupum en aðrir, stórútgerðarmaður og þar að auki mikill „forretningsmaður"; þá er það gefinn hlutur, að þetta er það bezta verð, sem fáanlegt er. En hvað það er dýrt, sannar það, hvað erfitt er að ná í það.

Ástandið er m. ö. o. þetta: að minna er drukkið hér en annarsstaðar, og við vitum það, að vaxandi alda hreyfir sér hjá ungu kynslóðinni um að útrýma áfengisbölinu. Það þýðir ekkert að draga það í efa, ég veit vel um það.

Eitt með því ánægjulegasta, sem fyrir mig hefir komið á þessum vetri, er það, að ég var kallaður til þess að halda tölu hjá félagi ungra skólanemenda hér í bænum. Ég hafði ekki komið upp í latínuskólann þangað til í þetta skipti, síðan ég útskrifaðist þaðan fyrir 25 árum. Þarna voru áheyrendur mínir um 80 ungir sveinar og stúlkur. Að hugsa sér það, að maður skuli geta gert ráð fyrir þeirri staðreynd, 80 nemendur í skóla hafi með sér bindindisfélagsskap og hlusti á gamla karla með mestu ánægju tala um bindindi, að því er mér virtist. Mér var sönn ánægja að því að sjá þennan unga hóp, sem þarna var saman kominn til þess að prótestera á móti drykkjuskapnum og því almenningsáliti, sem er ríkjandi meðal sumra manna á bindindisstarfseminni. Ég er sannfærður um það, að þarna er að rísa sterk alda, sem á eftir að vaxa að mun.

Andbanningar segja: „Það er stór ósigur, sem bannmenn hafa orðið fyrir, og þeir viðurkenna þennan ósigur". Ég skal játa það, að ef menn hafa búizt við, að með banninu væri hægt að fá eitthvert paradísarástand hjá okkur, þá er það ósigur. Hann er ekkert óeðlilegur, sá ósigur, því að það er ómögulegt að hugsa sér, að meðal okkar mannanna geti á mjög stuttum tíma skapazt paradísarástand í þessum efnum. Það er ávallt svo, að þeir, sem vilja koma einhverjum góðum hlutum í framkvæmd, fá að reyna það, að það er ekki nema eitthvert brot af því, sem

kemst í framkvæmd. Ég skal viðurkenna þann ósigur okkar, sem höfðum trú á skjótari verkanir bannsins, að okkur hefir ekki tekizt að þurrka út drykkjuskapinn. En það er ekki það, sem við eigum að taka afstöðu til nú við þessa atkvgr. Við eigum að taka afstöðu til þess, hvort sú áfengislöggjöf, sem nú er, miði frekar að því að gera ástandið betra en það er, heldur en það, sem hér er gert ráð fyrir að komi í staðinn.

Ég fullyrði, jafnframt og ég játa, að bannmenn hafa beðið ósigur, að því leyti, að þeim hefir ekki tekizt að þurrka út drykkjuskapinn, að þó hefir þessi viðleitni borið þann árangur, sem hv. flm. viðurkenndi, að minna er drukkið hér en annarsstaðar, og hér er að rísa ný alda í þessu efni. Og hvort sem við lítum til okkar fyrri sögu eða til annara þjóða, þá er þó ástandið betra hjá okkur en annarsstaðar, og betra en áður var. Þetta er það, sem við verðum að sætta okkur við, hvort sem það er í heilbrigðis- eða siðferðismálum, að við náum ekki nema smátt og smátt því marki, sem stefnt er að. En þó að okkur hafi ekki tekizt að ná því, sem sumir, er bezta von höfðu, gerðu sér vonir um, þá getum við þó verið ánægðir með það, sem okkur hefir tekizt að ná, og við megum aldrei hvarfla frá því, sem við höfum, nema vera alveg vissir um að fá eitthvað betra í staðinn. Við höfum reynslu frá öðrum þjóðum, sem hafa stigið það spor að rýmka um áfengislöggjöf sína, og afleiðingarnar hafa orðið aukinn drykkjuskapur.

Þegar tekið er tillit til þessa, þá vil ég heldur halda mér við það, sem er, og reyna að finna leiðir til að bæta það, heldur en að kasta mér út í annað, sem reynslan og skynsemin segja, að sé verra en það, sem er.

Guðbrandur Ísberg: Það er aðeins stutt aths. Hv. þm. Str. var nærgætinn um það, að ég líti svo á, að mikið af því víni, sem talið er á skýrslum í Kanada, færi til Bandaríkjanna. Þessu vildi hv. þm. andmæla og taldi það reginfjarstæðu að láta sér detta í hug, að það, sem gengi í gegnum hendur smyglaranna, kæmi á hagskýrslur. Ég verð að halda því fram, að þetta séu veik rök hjá hv. þm., og ég veit, að honum sjálfum er það ljóst, og þess vegna er auðdregin af því sú ályktun, sem mér þykir leitt að þurfa að bera fram, að hann segir þetta á móti betri vitund.

Hvernig fara smyglararnir í Bandaríkjunum að? Hvar fá þeir vínið? Þeir geta sótt það bæði til Mexikó og til Kanada, en það er bara miklu auðveldara fyrir þá að smygla því frá Kanada. Þeir kaupa vínið vitanlega í Kanada og þar kemur það á hagskýrslum sem selt til neytenda. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að Bandaríkjamenn geti keypt svo og svo mikið sem þeir vilja af víni í Kanada. Og þá er aðeins eftir að smygla því til Bandaríkjanna. Hv. þm. talaði mikið um það, að áður hefði drykkjuskapur verið mjög mikill hér á landi. Það er vitanlega rétt. En hvað olli svo straumhvörfum hér að því er vínnautn snerti? Ég held, að það hafi verið einkum tvennt. Fyrst það, að menn vöndust smám saman vínum og lærðu flestir að neyta þeirra í hófi, og í annan stað, að allöflug bindindisstarfsemi var hafin hér á landi. Átti bindindisstarfsemin áreiðanlega mikinn þátt í að minnka drykkjuskapinn. Við vorum auk heldur komnir það langt, um það bil er bannið var sett, að almenningsálitið dæmdi það ósvinnu, að láta sjá sig ölvaðan á almannafæri. Þá naut bindindisstarfsemin fullkominnar velvildar og samúðar þjóðarinnar. Ég vil nú spyrja hv. þm. Str. og aðra, sem eru á móti þessu frv., hvort þeir geti nú sagt það sama? Hvort templarar landsins njóti nú óskiptrar velvildar og samúðar þjóðarinnar? Ég held, að það sé mjög langt frá því. Ég er þess fullviss, að mikill meiri hluti þjóðarinnar lítur svo á, að þeirra starfsemi sé sem stendur meira til ógagns en gagns, á meðan þeir standa í veginum fyrir því, að við getum aftur lært að drekka vín eins og siðaðir menn. Vínneytendur spyrja nú templara: Hvers vegna megum við ekki fá sterk vín, eins og við nú getum fengið létt, áfeng vín og landa? Hvers vegna á að neyða menn áfram til að drekka landa, brennsluspritt, glycerínspíritus, hárvatn o. s. frv.

Ég held, að templarar séu komnir í þá aðstöðu fyrir andstöðu sína gegn því, að hið svokallaða vínbann verði afnumið, að þeir séu búnir að tapa velvilja þjóðarinn-

ar. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að þeirrar samúðar, sem templarar áður nutu, geti þeir ekki aflað aftur fyrr en bannlögin eru afnumin. Þá fyrst geta templarar aftur hafið starfsemi sína á réttum grundvelli og unnið af nýju viðurkenningu og traust þjóðarinnar, og þá getum við Íslendingar aftur náð því að verða minnsta vínneyzluþjóð heimsins.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jónas Þorbergsson: Það var alveg rétt, sem hv. þm. Str. tók fram í ræðu sinni, að ekki væri sæmilegt að ræða þetta mál á Alþingi frá öðru sjónarmiði en því, að hverjum hætti væri unnt að sigrast á því æfagamla vandamáli, sem meðferð áfengis hefir verið og er enn í dag. Og í þeim fáu orðum, sem ég ætla að tala hér í dag, mun ég leitast við að ræða málið einmitt út frá þessu sjónarmiði. Þegar um það hefir verið að ræða, hversu útrýma skyldi ofnautn og ósæmilegri meðferð áfengis hér á landi, hafa komið fram tvær stefnur og markað sér svið í sögu okkar. Önnur er sú, að auka bindindisstarfsemi og beita áhrifum þeim, er með uppeldi og frjálsum félagsskap fæst, til þess að innræta æskulýð landsins óbeit á ósæmilegri meðferð áfengis, leiða honum fyrir sjónir skaðsemi þá, er fylgir því, að áfengis sé neytt úr hófi fram, og styðja að algerðu bindindi æskulýðs í landinu. Hinsvegar er sú stefna, að taka þvert fyrir alla áfengisnautn með innflutningsbanni og gífurlegum refsiákvæðum. Um þessar tvær stefnur hefir ávallt staðið styr mikill milli þeirra manna, er hafa haft afskipti af málinu og sótt eða varið þetta tvennskonar viðhorf á opinberum vettvangi. Þegar litið er til baka um þróun þessarar baráttu gegn áfenginu hér á landi, er ástæða til að staðnæmast við tímabilið fyrir og um aldamótin. Þá reis upp hér á landi öflug bindindishreyfing til baráttu gegn þeirri óhóflegu og ósæmilegu brennivínsöld, þegar telja mátti, að landið allt flóði í dönsku kornbrennivíni. Þessi bindindishreyfing var með þrennum hætti. Er þar fyrst að telja góðtemplararegluna, sem átti forgöngu um málið og vann þar höfuðstarf. Út frá henni uxu síðan bindindisfélögin í sveitunum. Á þeim árum fóru um landið sendiboðar þessarar herferðar gegn áfenginu og predikuðu fyrir lýðnum og með miklum árangri. Risu þá upp stúkur og bindindisfélög um allt land. Þessi hreyfing orkaði mjög miklu um að skapa almenningsálit, sem var kröftugt og andvígt allri áfengisnautn. Þetta almenningsálit orkaði því, að ungmennafélög landsins gengu undir þetta sama merki og urðu þriðja greinin á þessum sama stofni. Ungmennafélögin urðu skömmu eftir aldamótin öflug hreyfing, sem hlaut mikið fylgi og vinsældir. Auk uppeldismála, íþrótta og annara þjóðþrifamála tóku þau upp á stefnuskrá sína baráttuna fyrir bindindi. Aðferðin, er hinir starfandi meðlimir félaganna álitu heppilegasta, var að beita áhrifum sínum til þess að ala upp ungt fólk með hugarfari, er skapaði í hugarfari þess fasta og öfluga mótstöðu gegn áfengisbölinu. Á þessu tímabili vannst geysimikið á í uppeldisáttina í þessu máli, sem miðaði til þess að skapa sterkan siðferðislegan mótstöðuþrótt gegn ómenningu óhóflegrar meðferðar áfengis. En á þessu tímabili, er baráttan stóð sem hæst, var sem templara skorti þolinmæði til þess að bíða fulls árangurs, og hvöttu þeim í staðinn til, að róttækari ráða væri leitað og komið yrði á algerðu áfengisbanni. Þeir fengu sínu framgengt — bannið var leitt í lög. Þegar er því var lokið, urðu snögg umskipti. Stúkunum féllust algerlega hendur í skaut. Enda munu þær hafa litið svo á, og með miklum rétti, að er vörn væri sett við innflutningi víns í landið, væri þar með fótunum kippt undan allri bindindisstarfsemi og hún gersamlega óþörf. Bindindisfélög til sveita þurrkuðust alveg út, stúkan og starf hennar færðist saman svo mjög, að hún hefir aldrei náð sér síðan. (P. Halld: Veit þm. ekki gerla, að þetta er ósatt?). Hv. þm. getur svarað á eftir, ef hann þykist hafa rök að mæla gegn því, er ég hefi sagt. — En með því að taka upp algert bann var horfið frá þeirri stefnu, er áður ríkti með svo góðum árangri, nefnilega að innræta mönnum með uppeldi andstyggð á ósæmilegri með-

ferð vins. Mitt álit er, að áfengismálin séu fyrst og fremst uppeldismál, og þar næst löggjafarmál. Eins og nú er komið, get ég ekki talið annað ráð réttara en að varpa fyrir borð því slitri, sem eftir er af áfengislögunum, og hefja í þess stað nýja sókn á hendur notkun áfengis og sérstaklega baráttu gegn ofnautn þess. Mundi ég ekki horfa í það, þótt stórfé þyrfti að verja til þess að koma þessari sókn á réttan kjöl aftur, bæði til sveita og í kaupstöðum. Af þessum orsökum er það, að ég gerðist meðflm. þessa frv. Því að augljóst er, að við getum ekki haldið uppi fullu banni og gætt þess, þegar annarsvegar er haldið uppi vínsölu í landinu af sjálfri ríkisstj., en hinsvegar magnast heimabruggun um land allt og fer óðfluga í vöxt, svo að ekki mun að óbreyttu verða langt þess að bíða, að það verði gersamlega óviðráðanlegt. Þess vegna hygg ég, að réttara væri að breyta til um bardagaaðferð og að með uppeldi verði hafin sókn af nýju í þessu máli.

Ekki er mér það sérstakt kappsmál, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi. En það er fyllilega tímabært að ræða málið og athuga, hverjar leiðir séu færastar í málinu. Ég lít ennfremur svo á, að rétt væri og skynsamlegt, að þjóðaratkvæði gengi um áfengismálið. Ég teldi óheppilegt að þröngva þjóðinni með þingsamþykkt einni í máli, þar sem áður hefir gengið þjóðaratkvæði.

Ég skal ekki að þessu sinni orðlengja frekar um þetta. E. t. v. gefst mér ástæða síðar til þess að fara um málið fleiri orðum. En ég hefi nú gert grein fyrir afstöðu minni til málsins, og eins því, hverja stefnu ég muni aðhyllast, að tekin verði upp til þess að ráða vandamálum þessum til lykta.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég er að svipast um á bekkjunum eftir mönnum til að hlýða á ræðu *mína*, og eins hvað margir muni vera viðstaddir af flm. þessa frv., því að af því mætti marka áhugann, sem þeir bera fyrir framgangi frv. (**JJós:** Ég býst ekki við, að þm. geti sannfært okkur). *Ég hefi komið auga á átta flm.*, en þar eru meðtaldir þeir, sem eru hér að hurðarbaki í ráðherraherberginu. Þeir sýndu meðflm. sínum, hv. þm. Dal., þá óvirðingu að flýja úr salnum, er hann hóf ræðu sína, og slíkan hávaða gerðu þeir inni í ráðherraherberginu, að forseti varð að grípa til þeirra ráða að loka þá þar inni, svo að síður truflaðist þm. við flutning sinn. Það virðist koma greinilega fram í háttalagi þm. eins og í ræðum þeirra, að þeir eru sjálfum sér sundurþykkir. Sumir þeirra virðast hafa villzt inn á frv., en yfirleitt hafa þeir hlaupið saman án þess að gera sér grein fyrir, hvað þeir höfðust að, og án þess að nokkur samstillt hugsun lægi á bak við flutning þeirra. Ég mun nú síðar í ræðu minni, sem e. t. v. kann að verða nokkuð löng, koma inn á einstök atriði, sem sýna, hvernig ástatt er um afstöðu einstakra flm. til þessa máls. Ég sagði, að ræða mín yrði e. t. v. nokkuð löng. Því að það væri mikill aðstöðumunur að geta svarað þeim öllum nokkuð svipað, ef hver talaði fyrir munn hinna flm., eða að þurfa að vera að eltast við ummæli þessara manna, sem ganga sitt í hverja áttina, og m. a. s. snúast upp í niðurrif fyrir sjálfum samherjunum. En þau dæmi ætla ég, að hægt sé að benda á.

Menn þurfa nú ekki að furða sig á, þó að þetta mál, sem löggjöf var sett um að undangengnu þjóðaratkvæði, veki nokkrar umr., þegar á að knýja fram afnám þessara l., án þess að nein slík atkvgr. eigi sér stað, og þar með þverbrjóta þá hugsun, sem lá til grundvallar fyrir þessari lagasetningu. Þetta ásamt mörgu öðru, sem ég hefi bent á í þessu frv., það hlaut að vekja harða og fasta mótstöðu.

En svo er annað, sem fram hefir komið, og þ. á m. hvernig hv. 1. flm. þessa máls hefir túlkað það, hvaða gagn mætti af slíkri lagasetningu leiða fyrir þjóðfélagið. Í þeirri túlkun bættust enn við margar og nýjar ástæður til þess, að andmæli gegn þessu máli snerust inn á víðara og víðara svið. Og eftir því sem fleiri hafa talað í þessu máli, þá hafa, eins og ég áður sagði, skoðanirnar orðið sundurleitari og sundurleitari, þó að þar taki nú fyrst steininn úr hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Dal. Því að ég verð að segja, að hafi hann verið jafnforhertur og hinir flm., þá hafa þær umr., sem farið hafa fram af minni hálfu, hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Str., ekki verið alveg áhrifa-

lausar. Hv. þm. var sem sé farinn að ganga inn á okkar meginröksemd, nefnilega, að sjálfsagt sé að bera málið undir þjóðaratkvæði. Við erum þarna farnir að sjá töluverðan árangur, svo að hv. þm. V.-Sk. þarf ekki að tala um, að ræður okkar séu áhrifalausar. Og þetta er einmitt í flokki þeirra manna, sem standa með honum að þessu frv. (**LH:** Gott, að þingmaðurinn er ánægður!). Já, ég er ánægður. Og það er alls ekki vonlaust um hv. þm. V.-Sk., sem ég þekki í öðrum efnum að því að vera sanngjarnan og athugulan mann, að hann snúist á sveif um það að taka tillit til réttmætra ástæðna, eftir því sem við þreytum þetta mál lengur.

Ég var að því kominn að sýna fram á þann glundroða, sem fram kom í ræðum hv. flm. Þeir sögðu frá tilgangi sínum með því að flytja frv. En þetta rakst allt svo heiftarlega og hastarlega hvað á annað, og sumir gerðu sér mikið far um að rífa niður það, sem hv. 1. flm. hélt fram þegar hann var að reifa málið. Hv. 1. flm. sagði, að með því að fella bannlögin úr gildi, væri allra meina bót fengin í þessu efni. Það syndum spillta eðli, sem fram kemur hjá þjóðinni í drykkjuskap og óreglu, því mundi öllu saman verða snúið frá villu síns vegar. Og hann tók eiginlega svo djúpt í árinni, að þessir syndum spilltu menn yrðu hreint og beint að englum, ef þjóðin gæti fallizt á þá tilhögun, sem þeir vildu hafa. Hann var svo sem ekki að skafa utan úr þessu. Lengra held ég hann hafi nú ekki getað gengið í að sýna mismuninn. Annarsvegar hinar lægstu hugsanir og hvatir og syndum spillt eðli manna, en hinsvegar það, sem næst er hinni æðstu fullkomnun.

Hv. þm. Ak. tók nú árinni ekki alveg svona djúpt. Hann sagðist raunar vona, að af samþ. þessa frv. leiddi einhverja umbót frá því ástandi, sem nú er. Hinsvegar virtist hann ekki trúaður á, að það mundu ske nein undur og stórmerki, þótt frv. yrði samþ. En þeim grundvelli, sem hann hugðist standa á, var kippt undan honum af hv. þm. Str., enda var hann ekkert annað en sandur. Og ég varð ekki þess var, að hv. þm. Ak., þrátt fyrir fulla viðleitni til að rétta hag sinn, yrði þar neitt ágengt.

En hv. þm. G.-K., sem áðan var víst inni í ráðherraherbergi, er máske farinn úr húsinu. (**ÓTh:** Nei, hann er hérna). Jæja, ég heyri rödd hans, og ég vona, að hann heyri mína. Hann dró ekki dul á það, að með þessari breyt. mundi ástandið versna. Að því leyti tók hann beinlínis undir með okkur hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Str. Það myndi rísa ákaflega há og sterk alda, brennivínsöldu getur maður kallað hana, eða whiskyöldu, — eða sambland af slíku, og flæða yfir landið. En í staðinn fyrir það að treysta þá varnarmúra, sem hér eru fyrir, þó að þeir gætu náttúrlega verið sterkari, — í stað þess að sporna á móti öllum þessum landgangi og öllum skemmdum, sem af honum leiddi, þá vildi þessi hv. þm. opna leiðina enn betur, svo sem farið er fram á í þessu frv., og láta alveg skeika að sköpuðu og taka því, sem að höndum bæri. Ekki dró hann dul á, að þessi alda myndi skola með sér miklum og margvíslegum verðmætum úr þjóðfélaginu. En mér skildist hann vilja þá fyrst eftir á meta voðann og tjónið, sem af þessu leiddi, og reyna að viðhafa viðleitni til að bæta úr. Þetta er afstaða hans til málsins, auk nokkurra smærri atriða, sem fram komu og ég síðar í dag eða á morgun mun koma að.

Fjórði flm., hv. þm. Vestm., kærði sig nú kollóttan um allar afleiðingar. Hann sagði, að ég og samherjar mínir í þessu máli færum að dæmi fuglsins, sem stingur höfðinu niður í sandinn, þegar einhvern voða bæri að höndum. En með þessari líkingu um hinn alþekkta fugl virtist mér hann vera að benda á sjálfan sig, þegar hann talaði um, að hann kærði sig kollóttan um afleiðingarnar. Hann þurfti ekki að fara frá sjálfum sér til annara með þessa líkingu, því að hún átti betur við hann en alla aðra, sem nokkuð hafa hér sagt um þetta mál. Hann vildi ekkert hugsa um afleiðingarnar, bara opna allt upp á víða gátt. „Hreinar línur" kvaðst hann vilja hafa.

Hvað eru þessar „hreinu línur"? Það er vitanlega það, að nema burt allar þær hömlur, sem nú eru lagðar á menn gegn því að svala fýsnum sínum í víndrykkju. En svo ætlar hann að „brynjast fram í bleika elli, bregða skjöld og hasla velli". Hann ætlar svo að taka að sér hlutverk

„dusilmennanna“ í þjóðfélaginu, sem hann nefndi svo. En það eru þeir, sem hafa staðið fyrir bindindishreyfingunni í landinu fyrr og síðar, en það virðulega heiti gaf hann þeim öllum sameiginlega. Þeirra starf ætlar hann nú að taka í sínar hendur og framkvæma mikið, þar sem þessir menn hafa náð litlum árangri, að hans dómi. Þegar hann gaf bindindismönnum þetta heiti, undanskildi hann engan, hvorki núlifandi menn né látna, sem lagt hafa fram vit og krafta og áorkað miklu. (JJós: Þetta er rangt hjá þm.). Mér er gleðiefni, að þm. vill nú við fyrsta tækifæri taka þetta aftur. Það er þó gleðilegur vottur afturhvarfs eftir þetta ógurlega frumhlaup. (JJós: Ég vil ekki taka neitt aftur!). Nú, jæja, þá situr allt í sama farinu.

Ég verð nú að segja það, að það er náttúrlega mikils um vert fyrir þjóð vora, þegar slíkir menn fæðast, þó að mér þyki töluvert á skorta, hvað hv. þm. hefir fundið þessa köllun hjá sér seint. En þó að hann hafi ekki opinberað hug sinn fyrr, þá má svo sem vel vera langt síðan þessi eldlegi áhugi fór að hreyfa sér með honum. Því að það er eins og kunnugt er, að þegar fjöllin gjósa eldi og eimyrju, þá er töluverður aðdragandi að svo stórum viðburðum. Ekki skulum við örvænta, þótt hugarfarsbreytingin komi nokkuð seint í ljós hjá hv. þm., en minnast frásagnar eins flm., hv. 3. þm. Reykv., um frægan mann fornaldarinnar, Pál postula, sem var kominn nokkuð á fullorðinsár, þegar hann sneri frá villu síns vegar og hóf hrausta og öfluga baráttu fyrir guðskristnina í sínu föðurlandi og varð mikils megnugur að vinna því máli gagn.

Eins og ég hefi lýst hér, þá er ekki hægt að segja annað en að það sé ærið mislit gæran á hv. flm. þessa frv. Það, sem einn segir, rífur annar niður jafnóðum. Og það er engu líkara en að þeir hafi hreint og beint villzt inn á þetta frv. Þeir hafa sýnilega mætzt á einum krossgötum, nefnilega því sameiginlega áhugamáli að koma bannlögunum fyrir kattarnef, og þeim tryggingum, sem enn eru eftir og í lögunum felast, sem hamla móti vínnautn. En um árangurinn af þessu, eða um leiðirnar til þess að vinna að endurbótum, um það eru þeir jafnósammála og þeir eru margir, sem talað hafa í þessu máli.

Hv. þm. Str. hefir nú minnzt á mörg einstök atriði í þessum ræðum, svo að ég get sleppt sumu þess vegna. Ég ætla þá að fara öfuga boðleið og byrja á hv. þm. Vestm. Þegar hann var búinn að uppnefna bindindismenn og bindindisstarfsemi í landinu, þá talaði hann um, að bannlögin leiddu af sér bölvun. Hann dró þessa ályktun af því, að hér væri svo mikið drukkið og lögin yfirleitt brotin. En það hefir verið bent á það áður í þessum umr., að þessi „bölvun“, sem þm. talar um, hún kemur fram í því, að hér er minna drukkið en nokkurntíma áður, í fyrsta lagi. Og hún kemur ennfremur fram í því, að þrátt fyrir það los, sem yfirleitt hefir orðið á hugsunum og athöfnum manna síðan heimsstyrjöldina bar að höndum og hefir aukið stórkostlega drykkjuskap annarsstaðar, þar sem allt er frjálst, þá hefir okkur þó einum þjóða á þessu umróta- og byltingatímabili tekizt að hamla svo upp á móti með bannlögunum annarsvegar og bindindisstarfsemi hinsvegar, að drykkjuskapur hefir minnkað frá því, sem áður var, og við höfum getað haldið honum að öllu leyti í skefjum. Og samt segir hv. þm., að bannlögin hafi orðið okkur til bölvunar. Þetta er hin mesta fjarstæða hjá hv. þm. Hann er á refilsstigum staddur með forsendur sínar, enda er niðurstaðan um lausn áfengismálsins þar eftir.

Þá kom hv. þm. með kynlega röksemd, sem átti að kollvarpa gersamlega öllu því, sem við hv. þm. Str. og hv. þm. Ísaf. sögðum um þetta mál. Röksemdin var sú, að við hefðum aldrei bragðað vín og værum við þess vegna gersamlega ódómbærir um þessa hluti. M. ö. o., að þeir einir, sem drukkið hafa vín, gætu komið til mála um að dæma í málinu. Rökrétt frá því er að álykta, að því meir og því verr, sem þeir hafa drukkið, því dómbærari yrðu þeir um vínið. Hér er þá farið að draga menn í dilka um aðstöðu þeirra til þjóðmála, yfirleitt. Það gæti leitt til þess, að bóndi uppi í sveit, sem aldrei hefir á sjó komið, sé algerlega ódómbær um allt, sem sjóinn snertir. Ekki veit ég betur en að hv. 1. þm. Eyf. hafi verið bóndi í sveit,

og efast hann þó ekki um hæfileika sína til að vera forsvarsmaður fyrir Siglfirðinga og dæma um þeirra mál, eins og hann væri hold af þeirra holdi og blóð af þeirra blóði. Þetta bendi ég á til að sýna, hve ógurlega miklum villigötum menn lenda á, þegar þeir fara að draga í dilka. Þetta bendir helzt til þess, að hv. þm. Vestm. væri kaþólskrar trúar, sem ég ætla svo sem ekkert að lasta út af fyrir sig. En það er, sem kunnugt er, einn liður í trú þeirra manna, að eftir að maðurinn hefir eytt sínum hérvistarárum, eigi hann að ganga gegnum hreinsunareld, áður en hann sé hæfur fyrir sælubústaðinn. Nú er eins og hv. þm. vilji færa þessa hugmynd um hreinsunareld út á svið veraldarvafstursins, þar sem hann virðist halda fram, að menn verði að ganga gegnum hreinsunareld víndrykkjunnar eða ofdrykkjunnar, þennan líka hreinsunareld, til þess að öðlast þá dómgreind, sem geri þá hæfa til að taka þátt í áfengislöggjöf.

Hv. þm. Vestm. byrjaði og endaði ræðu sína með því að tala um bölvun bindindisins. (JJós: Þetta eru rangfærslur). Ég hélt, að hv. þm. hefði verið farinn að sýna viðleitni til afturhvarfs, en nú get ég engar reiður hent á honum meir. Hann sagði, að áður en bannið kom, hefði brennivínið verið selt við búðarborðið, og það var drukkið og menn grettu sig, sagði þm. Og þetta, að menn grettu sig, áleit hann að hefði verið svo mikil viðvörun fyrir unglingana um að villast ekki inn á þessa braut. En þetta hefir nú ekki reynzt næg viðvörun, því að kynslóð eftir kynslóð var drukkið við búðarborðið, þangað til bindindismennirnir í landinu, þessi „dusilmenni", sem þm. kallaði svo, ráku ófögnuðinn út úr búðunum með sínu bindindisstarfi og með bannlögunum.

Hv. þm. lýsti því yfir, að sér hefði einhverntíma þótt gott í staupinu, svo að þetta, að menn grettu sig, hefir ekki verið nægileg viðvörun fyrir hann. Hann hefir ekki lagt svo á flótta þó hann sæi menn gretta sig yfir víninu, að hann hafi engin kynni af því haft.

Hinsvegar hefir hv. þm. réttilega lýst því yfir, að hann væri nú orðinn bindindismaður. Sér maður á því, að þrátt fyrir alla þá bölvun, sem hv. þm. telur, að bannlögin hafi leitt yfir þjóðina, hefir hann getað færzt yfir á það þroskastig að losna undan áhrifum vínsins. Þannig mælir allt á móti hinum rammskökku ályktunum hv. þm.

Hv. þm. talaði um, að bannstefnan hefði ruglað bindindisstarfsemina í landinu. Þar er rétt, að þegar bannið kom dró nokkuð úr bindindisstarfseminni í bili. Bindindismenn álitu í upphafi, að þetta takmark, sem þeir höfðu náð með því að koma á banninu, væri það haldgott, að málefninu að skaðlausu mætti draga nokkuð úr bindindisstarfseminni. En menn verða að athuga það, þegar talað er um, hvernig bannlögin hafi reynzt hér á landi, að hér hefir aldrei verið fullkomið bann á innflutningi víns. Á bannlögunum hafa verið frá upphafi stórar gloppur. Læknum landsins var alltaf leyft að hafa vín um hönd, og þeir misnotuðu það leyfi svo mjög sumir hverjir, að það dró mjög úr gildi bannsins. Þar við bættist konsúlabrennivínið. Sendiherrar erlendra ríkja máttu alltaf flytja inn vín óhindrað. Höfðu þeir svo marga mikilsmetna menn í boðum hjá sér og gátu haldið þeim í trúnni og freistað þeirra í þessu efni. Og það gerðu þeir, því vitanlega var vínið flutt inn til þess að veita það og sýna með því höfðingsskap.

Þriðja gloppan á bannlögunum var sú, að iðnaðarmenn gátu einnig fengið spíritus. Öll þess vansmíði á bannlögunum urðu þess valdandi, að ekki verður dæmt um það af ástandinu hér, hvernig algert vínbann hefði verkað. Þegar svo Spánarundanþágan var veitt, varð það bannlögunum og bannstefnunni ennþá meira reiðarslag. Af þessu leiddi það, að þó bindindismenn drægu nokkuð úr hinni miklu starfsemi sinni fyrst eftir að bannið gekk í gildi, þá sáu þeir fljótt, að eins og sakir stóðu var ekki hægt að líta á bannið nema sem mikilsverðan stuðning í baráttunni gegn víninu. Sóttu þeir því von bráðar í sig veðrið og hófu sókn af nýju, sem enn er haldið áfram. Er því alrangt það, sem hv. þm. Dal. sagði hér áðan, að bindindismenn hafi lagt árar í bát þegar bannið komst á, enda færði hann engin rök fyrir þeirri fullyrðingu, fremur en öðru, sem hv. flm. frv. halda hér fram. Hér hefir haldizt í hendur á

síðari árum barátta bindindismanna annarsvegar, og sá stuðningur, sem bannlögin hafa veitt starfsemi þeirra hinsvegar, þrátt fyrir það, hvað ófullkomin þau eru og hafa verið. Með þessum tveimur vopnum hefir náðst sá mikilsverði árangur, að okkur hefir tekizt að standa á móti því vínflóði, sem umrót og hyltingar síðustu ára í hugsunarhætti og lifnaðarháttum þjóðanna hefir leitt yfir önnur lönd. Það er því hið mesta öfugmæli og argasta rangsleitni gagnvart bindindismönnum í landinu og gagnvart áfengislöggjöf okkar, svo ófullkomin sem hún þó er, að tala um, að þetta hafi leitt bölvun yfir þjóðina. Og þegar hv. þm. er að tala um hræsni hjá þeim mönnum, sem að bindindisstarfseminni í landinu standa, þá er það svo rangt og óverðskuldað sem frekast má verða. Því þó margir þegnar þessa lands, bæði karlar og konur, leggi fram mikilsvert starf í þágu alþjóðar án endurgjalds, þá mun enginn flokkur manna hafa unnið eins óeigingjarnt verk til þjóðþrifa eins og bindindismenn. Þeir hafa sannarlega lagt fram mikið starf og eytt miklum kröftum fyrir hið góða málefni, ekki til þess að hljóta laun fyrir í peningum, heldur til þess að vinna þjóðinni gagn og efla velferð meðborgara sinna. Dómur hv. þm. um þessa menn er því efalaust sá harðasti, ranglátasti og óverðskuldaðasti dómur, sem upp hefir verið kveðinn á landi hér. Það var ekki að ástæðulausu, að hv. þm. minntist á stóradóm í þessu sambandi. Stóridómur hefir hingað til verið illræmdastur dóma á Íslandi. En dóm hv. þm. yfir bindindismönnum landsins, þeim, sem fremstir hafa staðið í baráttunni, er ekki ástæða til að setja í hærri sess heldur en hinn illræmda stóradóm.

Í áframhaldi af því, sem hv. þm. var að tala um þá bölvun, sem ráðstafanirnar gegn vínnautn í landinu hefðu valdið þjóðinni, minntist hann á einhvern ósigur í þessu máli. Ég sé ekki, að hægt sé að finna þeim orðum neinn stað, nema ef kalla á það ósigur, að tekizt hefir betur hér en annarsstaðar að halda drykkjufýsn manna í skefjum. Mér virðist hv. þm. hálfvegis hnjóta um þetta orð, drykkjufýsn. Það má vel vera, að drykkjufýsnin sé alltaf til staðar, a. m. k. sumstaðar, en það hefir þá tekizt að halda því allmikið til baka, að þeirri fýsn væri fullnægt. (JJós: Hv. þm. veit ekkert, um hvað hann er að tala). Já, einmitt! Eru þetta nú orðnar þær einustu einu útgöngudyr, sem hv. þm. hefir, þau einu rök, sem hann hefir til varnar sínum málstað, að þeir, sem ekki hafa sjálfir komizt undir áhrif vínnautnarinnar, séu ekki dómbærir í þessu máli og geti enga þekkingu á því haft. Ég býst nú við, að þær dyr séu það þröngar, að hann eigi erfitt með að bjarga sér út um þær, og sýnir hann það e. t. v. síðar hér í hv. d.

Hv. þm. kom ennfremur inn á það, að hann vildi láta gera hreinar línur í þessu máli. Hv. 1. flm. (JAJ) sagði, að það væri hreinasta vitleysa að takmarka innflutning víns með banni, og hv. þm. Vestm. vildi fá hreinar línur í þessu efni. Þetta er eitt af því fáa, sem fellur í faðma hjá hv. flm. þessa máls. Oftast rekst það allt hvað á annað, sem þeir halda fram. Þegar maður nú athugar þessi ummæli hv. flm. annarsvegar, og sum ákvæðin í frv. hinsvegar, þá sér maður, að annaðhvort meina þeir ekkert með því, sem þeir eru að segja, eða þá, að frv., sem þeir flytja, er í algerðu ósamræmi við skoðanir þeirra, Því það er eins og hv. þm. Ísaf. benti á, að þrátt fyrir andstyggð hv. flm. á banninu, þá halda þeir í ýmiskonar bann með frv. Hér í 14. gr. frv. er t. d. bannað að selja þeim mönnum vín, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Þarna halda hv. flm. í brot af banninu og viðurkenna þar með bannstefnuna. Þeir viðurkenna bannið sem gagnlega ráðstöfun á því sviði, þar sem þó er miklu hæpnara, að það komi að gagni, heldur en þegar bannaður er alveg innflutningur á vissum tegundum drykkja. Með þessu eru hv. flm. komnir í algerða mótsögn við sjálfa sig. Bendir það á, að þeir hafi lítið athugað þá leið, sem þeir leggja til, að farin sé í þessu máli. Frv. hefir sjálfsagt verið samið af allt öðrum mönnum, og fengið hv. flm. upp í hendurnar. Þeir hafa komið sér saman um það eitt að ráðast á bannlögin, og nota svo til þess þetta frv.; láta sig engu skipta, þó það sé ekki í samræmi við skoðanir þeirra, skrifa bara nöfn sín

undir það og kasta því svo inn í þingið. Þegar þeir fara svo að tala um málið frá eigin brjósti, í stað þess að lesa upp úr frv., þá kemur þeirra innri maður í ljós og þá stangast þetta allt saman hjá þeim.

Hv. þm. Vestm. var að tala um það sem einn af höfuðókostum núgildandi áfengislaga, að nú færi drykkjuskapurinn fram í skúmaskotunum. Menn neyddust til að skríða í felur með vínið og reyndu að halda sér frá alfaravegi á meðan menn væru undir áhrifum þess. Maður skyldi nú halda, að samkv. þessu væri frv. byggt á þeim grundvelli, að svipta ætti af öllum hömlum, svo að menn þyrftu ekki lengur að skríða í felur með þessi „forsvaranlegu“ vín, eins og hv. þm. Ak. komst að orði hér um daginn — ég vík nú að því síðar, í dag eða á morgun. Maður skyldi ætla, eftir hinum frjálslega hugsunarhætti, sem fram kemur hjá hv. flm., að frv. væri þannig úr garði gert, að menn þyrftu ekki lengur að fara út í skúmaskotin til að gleðja sig yfir vínunum, sem hv. þm. G.-K. sagði um daginn, að væru svo ljúffeng og góð, þó af þeim leiddi að vísu mikla bölvun fyrir þjóðina! En hvað segir nú í frv.? Ég kemst ekki hjá að taka upp heilan bálk úr því, til þess að sýna, hvað skoðanir hv. flm. stangast við það, sem Guðmundur Hannesson eða einhver slíkur maður hefir fengið þeim upp í hendurnar. Það er fyrst kaflinn um ölvun, VI. kafli frv. Þar segir: „Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneykslum á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkv. lögum þessum“. Brot gegn þessari gr. varða samkv. refsiákvæðum frv. „sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum“.

Hvað heldur nú sá hv. þm., sem var að tala um þá bölvun, sem af bannlögunum leiddi vegna þess, að þau neyddu menn til að fara út í skúmaskotin til að drekka, að þeir menn geri, sem hann vill leggja á svona hömlur, sem geta þurft að greiða allt að 500 kr. sekt eða afplána hana með 30 daga fangelsi, ef þeir láta sjá sig drukkna á almannafæri, skv. till. hv. þm. sjálfs. Það er víst ekki verið að reka þá út í skúmaskotin með þessum ákvæðum, sem ekki geta neitað sér um að drekka sig fulla.

Þá kemur 20 gr. Hún er um það, ef embættismenn ríkisins láta nú sjá sig drukkna við embættisfærslu sína. Hv. þm. á sinn mikilsverða þátt í því að gera þeim mögulegt að vera ölvaðir, ef þetta frv. væri samþ. En refsingin við því er hvorki meira né minna en embættismissir, við ítrekuð brot. Þegar maður lítur á hinn frjálslega hugsunargang hv. þm. og hina miklu fyrirlitningu á öllum lagahömlum á þessu sviði, þá virðist þetta muni vera allharkalega að farið frá hans sjónarmiði.

Þá koma lyfsalarnir. Séu þeir ölvaðir við starf sitt, sem vitanlega fer fram svo að segja á almannafæri, eiga þeir ekki síður að fá sína krúnu kembda. Sama er að segja um skipstjóra, vélstjóra, bílstjóra og flugmenn o. s. frv. Yfir öllum þeim, sem starfa í þágu almennings á að vofa sama sverðið, stöðumissir og sektir, ef þeir neyta víns. Þessi hörðu refsiákvæði virðast vera þungamiðja frv., og þó tala hv. flm. með mestu fyrirlitningu um þá löggjöf, sem stefnir að sama marki.

Hv. 1. flm. bar sig mjög aumlega yfir því, að einhver vesalings bannlagabrjótur hefði nú nýlega verið dæmdur til refsingar, sem hann taldi allt of harða. Ég held nú, að þennan mann, sem hv. þm. aumkaði svo mjög, hefði ekki síður verið hægt að dæma nokkuð harkalega eftir 18. gr. þessa frv. Samkv. henni virðist mér, að sektin fyrir samskonar brot og þessi maður var dæmdur fyrir, geti komizt upp í 2000 kr.

Það er ekki að furða, þó hv. þm. Vestm. talaði mikið og drýgindalega um það, að hann vildi draga hreinar línur í þessu máli. Ég gæti bent honum ennþá betur á það með meiri upplestri, hvað hann er algerlega í mótsögn við sjálft frv. í þessu efni.

Það má auðvitað öllum ljóst vera, að ég er ekki með þessu að tala á móti þeim takmörkunum, sem í frv. felast. Þær eru sjálfsagðar, þó að þær þurfi að vera meiri. Ég vildi bara benda hv. þm. á það, hvað mikið ósamræmi er milli þess, sem hv. flm. segja í ræðum sínum, og frv. Það er náttúrlega talsvert mikilsvert atriði í

þessu máli, til viðbótar við allt annað, sem mælir á móti framgangi frv., að sýna fram á, hvað sú leið, sem hér er lagt til, að farin sé í áfengismálunum, er lítið hugsuð, og hvað hún er ósamræmanleg við skoðanir þeirra manna, sem að frv. standa.

Ef það er rótgróin skoðun hv. þm. Vestm. og annara flm. frv., sem undir það hafa tekið með honum, að ekkert sé að marka dóma þeirra manna í þessu máli, sem ekki hafa verið drykkjumenn, þá eru þeir þó í samræmi við sjálfa sig að því leyti, að með þessu frv. vilja þeir opna leið fyrir sem flesta til þess að drekka vín og verða þar með dómbærir á þetta mál. Ég hefi áður lýst afstöðu minni til þeirrar skoðunar, að menn eigi að sækja dómsöryggi og heilbrigðar skoðanir á löggjafarmálefni inn á leiðir vínnautnar og óreglu. Það er a. m. k. á ákaflega takmörkuðu sviði, sem hægt er að taka undir hana, enda er hún í ósamræmi við framkomu þessara hv. þm., því þeir hafa hér kveðið upp dóma um starfsemi, sem þeir aldrei hafa verið þátttakendur í, og hluti, sem þeir ekki þekkja, engu síður en hinir, sem ekki þekkja nautn áfengis af eigin raun.

Hv. þm. G.-K. minntist á, að sér þætti ekkert skemmtilegt að ræða um þetta mál, og viðurkennir hann þannig, að hann hefir hér ekki brotið upp á umræðuefni, sem honum er sérstaklega hugstætt eða ánægjulegt. Hann sagði, að við þremenningarnir. hv. þm. Str., hv. þm. Ísaf. og ég, töluðum hér nánast sagt eins og fylliraftar. Ég verð að benda á, að þarna er þegar komin viðurkenning fyrir því, að ekki er mikið upp úr því leggjandi, að við séum ódómbærir í þessu máli, af því að við höfum ekki bragðað vín, eins og hv. þm. Vestm., en við höfðum þó þann keim af þessum mönnum, sem hafa aflað sér fullkominnar undirstöðu til þess að geta dæmt um málið með því að drekka vín, að við töluðum eins og fylliraftar.

Hv. þm. G.-K. kannaðist vel við það, að þótt það væri „notalegt“ að drekka vín, þá fylgdi því þó mikil bölvun, og með því gaf hann okkur viðurkenningu fyrir því, að okkar barátta móti ofdrykkjunni væri þó góð og virðingarverð. Það var ákaflega ólíkur dómur, sem hv. þm. G.-K. felldi yfir bindindismenn og starfsemi þeirra, eða sá, sem hv. þm. Vestm. felldi yfir þeim, þar sem hann telur, að starfsemi þeirra byggist á hræsni og yfirdrepskap. (JJós: Það voru ekki mín orð). Það var skrítið. Svo oft nefndi hann hræsni og yfirdrepskap í sambandi við þessa menn, að ekki var hægt að skilja annað en að hann ætti við þá. En kannske hv. þm. vilji taka það aftur?

Hv. þm. G.-K. kannaðist fullkomlega við það, sem var alger mótsetning við það, sem hv. 1. flm. (JAJ) hafði haldið fram, að af þessu mundi leiða aukinn drykkjuskap, a. m. k. fyrst um sinn. Þar gaf hv. þm. hv. flm. stærri löðrung en ég með því, sem ég hafði sagt til andmæla í þessu máli, bæði af því, að það var svo skýrt og skorinort hjá hv. þm., og af því, að þessi áminning var miklu sterkari frá hans hendi en minni, þar sem hann er hans samherji að öðru leyti í málinu og þar sem hann hafði falið honum umboð til þess að flytja þessa frumræðu. Það má því draga niðurstöðu þessa hv. þm. saman í tvær setningar, þannig: illt var það, en verra verður það. Hinsvegar veit ég, að hv. þm. gengur e. t. v. með óljósa hugmynd um það, að þetta batni allt saman aftur. En bótin liggur þá í því, að hafin verði aftur á ný sú bindindisstarfsemi, sem við nú búum við. Hv. þm. þótti líka ósamræmi í því, eins og það líka er, að hafa til sölu létt vín, sem hann sagði, að menn lærðu að drekka á. En hv. þm. veit vel, hvernig það er til komið, að þessi Spánarvín eru flutt inn. Þjóðin átti um það að velja að missa fiskmarkaðinn eða leyfa innflutning á víni. En ég vil benda á það, að sumum hv. þm. þótti þó ekki í fyrra vera lögð nægileg gildra fyrir menn til þess að læra að drekka með þessum Spánarvínum og vildu láta brugga létt öl í landinu, og var vitanlega fyrirsjáanlegt, að afleiðingarnar yrðu þær, að fleiri færu að drekka og yrðu ofdrykkjunni að bráð.

Hv. þm. G.-K. sagði, að jafnmargir „sjússar“ mundu vera drukknir hér og sódavatnsflöskurnar, sem seldar væru á þessu landi. Ég er nú harla fáfróður um þessa hluti, en ég þóttist nú samt komast að meiningunni um það, hvað „sjússar“

væri. (ÓTh: Það er whisky og sódavatn saman). Mér finnst hv. þm. tala með of mikilli léttúð um þetta mál. Þó maður geti hlegið að einstökum atriðum, sem koma fram, þá er þó málið í heild sinni svo mikið alvörumál, að það veltur ekki lítið á um örlög þjóðarinnar, hvort hægt er að halda drykkjuskapnum í skefjum. En hitt er vitanlegt, að tilbúningur sódavatns byggist á því að hafa það sem þorstadrykk, auk þess sem það er flutt út úr landinu. Og til lækninga, skýtur hér einn læknir að mér. Þó þetta sé lítilfjörlegt atriði, þá má þó benda á það sem dæmi þess, að farið er að fara með málið út fyrir þau takmörk, sem rétt er að hafa, þegar verið er að ræða um slíkt mál sem þetta.

Hv. þm. G.-K. og hv. þm. N.-Ísf., 1. flm. þessa máls, töluðu allmikið um smyglun. Hv. flm. var ekkert að draga við sig fullyrðingar um það, að með samþykkt frv. myndi smyglun hverfa og öll slík hætta myndi ekki lengur vera fyrir hendi. Hann vildi halda því fram, að menn hefðu í rauninni verið neyddir til þess að smygla, af því að þeim hefði verið fyrirmunað að ná í þessi vín. Það er náttúrlega hægt að segja, að það geti stjórnazt af nauðsyn, ef menn gerast fjölþrifnir um einhverja hluti. Mönnum er ekki einungis með l., heldur einnig í boðorðum kristinna manna bannað að stela. En það getur verið af nauðsyn, sem menn grípa til þess að stela, en mér er ekki kunnugt um það, að þessi hv. þm. eða aðrir hafi viljað breyta þessari löggjöf í það horf, að ef einhver slík nauðsyn lægi á bak við gripdeildir, þá varðaði það ekki hegningu. En það er talið svo mikils um vert að sporna á móti slíku, að hverjar sem orsakirnar eru, þá beri að hegna fyrir það, til þess að taka fyrir, að slíkt endurtaki sig. Þess vegna er það engin undantekning um þessa löggjöf, að það sé nokkur ástæða til þess að breyta löggjöfinni, þó einhverjir kunni að álíta, að nauðsyn sé að ná í slík vín. Það er síður en svo. Hv. þm. hélt því fram, að þegar þessi nauðsyn sé ekki lengur fyrir hendi, þá muni taka fyrir alla smyglun, og úr því að farið er tala um nauðsyn, þá getur fleira komið til greina en þetta. Það gæti hugsazt t. d. að taka, að þessir menn, þegar heimilt er að flytja þessi vín inn í landið, gætu fullnægt þessari nauðsyn með því að fá vín, sem seld verða eftir því, sem hér er ætlazt til, með ákaflega háu verði, 20 kr. whiskyflaskan, og þá gæti hugsazt, að einhverjir fyndu til nauðsynjar á því að afla sér þess á sem ódýrastan hátt. Sú nauðsyn er alltaf til staðar að afla sér hluta á sem ódýrastan hátt. Nú ætla ég, að það verði mikill munur á útsöluverði þessa víns og innkaupsverðinu. Ætli það verði ekki einhverjir, sem reyna að fullnægja þessari nauðsyn sinni, að geta fengið sem ódýrast vín. Og það er enginn vafi á því, að hér mun verða smyglað eftir sem áður, þrátt fyrir þessa löggjöf. Ég held, að þeir menn, sem þannig hafa syndgað upp á náðina og brotið bannlögin með því að smygla inn víni, muni gera það áfram. Og þó það sé hægt að skrifa ýmsar syndir hjá útvarpinu, þá er ekki hægt að skrifa þær allar þar.

Ég hefi nú held ég komið inn á flest atriði hjá hv. þm. Ak., að því leyti sem hv. þm. Str. hefir ekki gert það, því hann kippti rækilega undan honum allri þeirri fótfestu, sem hann hafði, svo það er í rauninni ekki nema eitt eða tvö atriði í ræðu hans, sem ég finn ástæðu til að minnast á. Það kom fram hjá honum sama meinlokan og hjá hv. þm. G.-K. um þessa þörf til þess að fullnægja fýsnum sínum, sem smyglunin stjórnaðist af. Reynslan annarsstaðar bendir til þess, þar sem bannið hefir verið afnumið, eins og t. d. í Noregi, að þessi þörf, sem áður var talin byggjast á því að ná í vínið, byggist nú á því að fá það sem ódýrast. Svo þarna verður fyrir hendi nákvæmlega sama hættan og fyrir því, að smyglað verði inn í landið eins og er nú, með því ástandi, sem er hjá okkur. Á síðustu árum hefir það komizt upp í Noregi, að gerðar hafa verið tilraunir til þess að flytja inn heila skipsfarma af víni, en þessari starfsemi er að nokkru leyti hnekkt. Hvað mikið hefir orðið ágengt, veit maður ekki. Og svo halda menn því fram, að með þessum breyt., sem í frv. felast, verði algerlega tekið fyrir smyglun. Nei. Það þarf eftir sem áður að hafa þann mannafla og það fjármagn, sem nú er beint varið í þessu skyni. Það þarf

engu síður að leggja það af mörkum, þó þessi löggjöf, sem hér er um að ræða, gangi í gildi, heldur en með því ástandi, sem nú er. — Hv. þm. G.-K. og sömuleiðis hv. þm. N.-Ísf. voru eitthvað að tala um það, að almenningsálitið myndi stimpla þá menn, sem smygluðu inn víni. Það hefir náttúrlega nokkra stoð í almenningsálitinu. En ég skil ekki, úr því að hv. þm. vilja kannast við, að almenningsálitið sé og verði nokkurs virði gagnvart smyglurum, hvernig á því stendur, að þeir geta þá ekki séð neina stoð í almenningsálitinu gagnvart heimabrugginu. Það er alkunnugt og vitað, að almenningsálitið er að rísa upp með miklum krafti gegn heimabrugginu og jafnframt því, sem það er að gerast með þjóðinni, þá er af hálfu hins opinbera lagt fram meira fé og meiri kraftar til þess að herja á heimabruggið en áður. En það er eina hugsanlega leiðin til þess að kveða heimabruggið niður, að hefja slíka sókn á þessa starfsmenn, og það er þegar farið að sýna sig, að þessi sókn á mikla stoð. En þetta er ólíkt því, sem hv. flm. þessa frv. ætla að fara að, því þeir ætla hreint og beint með sölu þessa innflutta víns að hlaða á tvennan hátt múrveggi kringum bruggarana og bæta þeirra aðstöðu, því í skjóli þessarar löggjafar geta bruggarar framleitt sitt brugg með góðum árangri. Og hinsvegar má öllum vera ljóst, hver munur á því er að hafa upp á bruggurum, þegar miðað er við ástandið, sem nú er, þar sem óheimilt er að hafa á boðstólum slíka sterka drykki, heldur en verður eftir að farið er að flytja brennivín og aðra drykki inn í landið, sem alstaðar má hafa á boðstólum. Það hljóta allir að sjá, hver aðstöðumunur það verður, að hafa hemil á bruggurum og gera upp á milli um það, hvað er heimabruggað og hvað innflutt vín. Þessi löggjöf verður því til að bæta aðstöðu þessara manna, einmitt á sama tíma, sem risin er upp strek og öflug sókn á hendur þeim, sem gefur góðar vonir um, að einmitt með þessari aðferð sé hægt að kveða þennan ósóma niður. En þegar allt flýtur hér út í brennivíni, þá er nærri því loku fyrir það skotið, að það verði nokkurntíma hægt að ráða niðurlögum þessara herra.

Hv. þm. Ak. var eitthvað að efa það, að bindindismenn hefðu nú óskiptan hug þjóðarinnar að baki sér, en þeir hefðu haft hann áður en bannið kom. Þetta er náttúrlega alveg rangt, að þeir hafi haft óskiptan stuðning þjóðarinnar að baki sér áður fyrr, því þá hefðu þeir vitanlega ekki þurft að heyja slíka baráttu, sem oft var örðug fyrir það, hve þessi starfsemi vakti harðvítuga mótspyrnu oft og tíðum. Ég veit ekki, hvar hv. þm. hefir verið á þessu tímabili, ef hann hefir ekki orðið var við það. Slík barátta gegn ofdrykkjunni mætir ekkert frekar andstöðu nú en hér áður fyrr. Og það er algerlega rangt, að bindindismenn hafi aðra aðstöðu nú hjá þjóðinni heldur en þeir höfðu áður, og þess vegna alveg órökstuddur og óréttmætur sá dómur, að þjóðin sé ekki nú eins og áður líkleg til þess að vera á verði í þessum málum og taka þátt í þessari baráttu.

Ég minntist áðan lítilsháttar á ástæðuna fyrir því, að hv. þm. Ak. hefir gerzt flm. þessa frv. Ástæðan er sú, að ef frv. væri samþ., þá gætu menn fengið „forsvaranleg vín“, eins og hann orðaði það. Ég veit nú ekki vel, hvað hann á við með þessu orði „forsvaranlegt“. Hann vill e. t. v. ekki álíta Spánarvínin forsvaranleg. Ef hann t. d. álítur þau vín forsvaranleg, sem menn geta orðið drukknir af, þá eru Spánarvínin áreiðanlega forsvaranleg, því að eins og hann veit, þá geta menn orðið blindfullir af þeim. En þó að maður brjóti nú ekki heilann um það, hvað hv. þm. hefir átt hér við, þá er rétt að færa þetta orð „forsvaranlegt“ út á dálítið víðara svið. Vil ég þá fyrst spyrja hann að, hvort hann álítur forsvaranlegt, eins og nú stendur á hjá þessari þjóð, að opna allar gáttir fyrir takmarkalausu vínflóði. Álítur hann ástandið í þjóðfélagi okkar þannig, að ofan á alla aðra erfiðleika sé forsvaranlegt að opna slíkar flóðgáttir, án þess að nokkur fyrirstaða eða hömlur séu settar við því, að menn geti svalað drykkjufýsn sinni og eytt þar með fjármunum sínum og lífsþrótti, sem þjóðfélagið má nú sízt vera án á þessum erfiðleikatímum. (GÍ: Þessar gáttir eru nú opnar). Hv. þm. lítur þá svo á sína stöðu sem lögreglustjóra, að þessar gáttir séu opnar og þá auðvitað í hans umdæmi sem annarsstaðar. Þessi yfirlýsing hans

er með öllu ósamrímanleg við það, að hann geti haldið áfram starfi sínu sem lögreglustjóri, því að með þessum orðum gefur hann þá yfirlýsingu, að hann uppfylli alls ekki embættisskyldur sínar. Hann má vara sig á því, sem hann er að segja hér. Hann hefir nú hlaupið í gönur með því að gerast flm. þessa frv. og verður nú að verja miklum tíma til að afsaka sig og segja, að hann meini ekki þetta og ekki hitt, en hann verður að gæta að sér að hlaupa ekki svo á sig, að hann gangi algerlega í berhögg við embættisskyldur sínar. En hvað sem öllu þessu líður, þá vænti ég þess, að við nánari athugun komist hv. þm., sem er nú að mörgu leyti athugull maður, að raun um það, að við megum ekki fórna á altari Bacchusar þeim kröftum, sem verður að heimta af hverjum manni til lausnar á vandamálum þjóðfélagsins.

Ég held, að það hafi þá ekki verið fleira í ræðu hv. þm., sem ég finn ástæðu til að minnast á að þessu sinni, þar sem hv. þm. Str. hefir tekið þessa ræðu til rækilegrar athugunar og bent hv. þm. á þá veilu og höllu aðstöðu, sem hann hefir í þessu máli.

Ég hefði náttúrlega þurft að verja nokkru meiri tíma til að svara hv. 1. flm. þessa frv. heldur en öðrum hv. þm., því að hann hefir lagt hér meira af mörkum en aðrir flm., en ég hefi nú þegar að nokkru leyti svarað honum í þeim samanburði, sem ég hefi gert á framburði hans og annara flm., og sýnt fram á, hve greinilega þeir stangast á í þessu máli, og að nokkru leyti hefi ég svarað honum með því að svara því í ræðum hv. meðflm. hans, sem er samhljóða hans skoðun. Ég get því stytt svar mitt til hans allmikið frá því, sem annars hefði verið.

Það kom greinilega í ljós í ræðu hv. þm. Dal., að hv. flm. eru algerlega ósammála um það, hvort þjóðaratkvæði eigi að fara fram um þetta mál. Hv. 1. flm. mótmælti því harðlega, að þjóðaratkvæði skyldi fara fram, en hv. þm. Dal. vildi ganga inn á það og sagðist mjög vel geta sætt sig við þá afgreiðslu þessa máls.

Ég get ekki komizt algerlega hjá því að minnast á þau rök, sem hv. þm. N.-Ísf. bar fram fyrir því, að hann vildi ekki þjóðaratkvæði. Aðalrökin voru þau, að bruggarar landsins og ég held smyglarar líka mundu falla á sveif með bindindis- og bannmönnum. Ég hafði satt að segja ekki búizt við því, að hv. 1. flm. mundi seilast svo um hurð til lokunnar í rökvillum sínum í þessu máli, eins og hann gerði um þetta atriði. Ég vil bara skjóta þessu undir dóm heilbrigðrar skynsemi: Hvorum eru bruggarar og smyglarar líklegri til að fylgja, þeim mönnum, sem leggja fram alla sína orku til að berja þá niður og eru þegar vel á veg komnir til að eyðileggja þessa starfsemi þeirra, eða þeim, sem vilja tryggja sem bezt þeirra afkomu í nútíð og framtíð, eins og ég hefi lýst, að þeir eru að gera með þessu frv. sínu. Þeir eru þá nokkuð öðruvísi gerðir en aðrir menn, ef þeir ráðast svo greinilega á sína eigin hagsmuni, að þeir færu að berjast á móti því, að þessi skjaldborg verði slegin um þá, sem þessir 11 flm. þessa frv. vilja nú gera. Þetta er svo mikil reginfjarstæða, að það nær engri átt að draga það inn í þessar umr. Þeir mundu áreiðanlega snúast í lið með hv. þm. N.-Ísf. og félögum hans, sem vilja nú með þessari lagasetningu taka frá bruggurum og smyglurum þann beizka kaleik, sem nú hefir átt að rétta þeim með því að eyðileggja þessa starfsemi þeirra. Hv. þm. N.-Ísf. getur því óhræddur skotið þessu máli undir þjóðaratkvæði. Hann má vera viss um, að hann fær atkvæði hvers einasta bruggara með því, að bannið verði afnumið.

Hv. 1. flm. var eitthvað að tala um það, að blað bindindismanna væri að smjatta á ósómanum út af atviki, sem kom fyrir nýlega og sýnir glögglega, hvert stefnir í þessum málum, þar sem tekinn var sá maður, sem bindindisvinum var mestur þyrnir í augum, og starfsemi hans eyðilögð. Ég vil aðeins benda á, að í ummælum þessa blaðs fólst ekkert nema leiðrétting á mjög óviðeigandi frásögn, sem birtist í einu dagblaði um þessa viðburði. Öll frásögn þessa dagblaðs var óviðeigandi og blaðinu sízt til sóma.

Hv. 1. flm. minntist á það í ræðu sinni, að enginn heiðvirður borgari vildi svíkja land sitt með því að smygla inn víni. Þetta er alveg satt, og það á við um

öll þau l., sem banna að gera það, sem órétt er, að þeirra þarf ekki við vegna heiðvirðra borgara, heldur þeirra, sem hafa löngun til að gera það, sem vítavert er.

Hv. þm. var að kvarta yfir, að ég hefði verið nokkuð nærgöngull við sig í minni fyrri ræðu, og ég hefði tekið nokkuð harkalega á þessu máli. Hann sagði einnig, að ég hefði leikið þar fíflið. Ég skal ekki reyna að raska skoðun hv. þm. á þessu, en þegar hann sagði, að ég hefði leikið fíflið í þessu máli, þá datt mér bara í hug, að e. t. v. hefðu þessir hv. flm., þegar þeir gerðu hv. þm. N.-Ísf. að 1. flm., litið svo á, að fíflinu skyldi á foraðið etja, en ég skal ekki fara lengra út í það.

Annars vil ég benda á það, hvað ýmsir hv. flm. hafa talað ólíkt hv. 1. flm. Þeir hafa þannig ekki viljað fela honum alla sína forsjá og hafa því bætt allmiklu við frá eigin brjósti, en aðeins látið hann ríða á vaðið. Ég verð að virða þessum hv. flm. það til vorkunnar, þó að þeir vilji heldur skirrast við að ganga fremstir í slíku máli sem þessu og verða fyrstir til að tala fyrir því, en kjósi heldur að fara í þá slóð, sem hv. 1. flm. hefir nú troðið með þessari fyrstu göngu sinni.

Hv. þm. talaði um, að það væri hreint og beint heimska að vilja torvelda innflutning á víni. Ég hefi bent á það áður, að með því að halda áfram rökréttri afleiðingu af þeirri heimsku, þá sé það líka heimska að banna að selja vín þeim mönnum, sem ekki hafa náð tvítugsaldri. (**LH**: Hv. þm. getur borið fram brtt., ef hann vill.) Já, það væri nú meiri náðin! Þeir líta þó ekki svo stórt á þessa lagasmíði sína, að hún sé svo fullkomin, að brtt. megi alls ekki komast að. (**LH**: Hefir nú hv. þm. breytt um skoðun?) Nei, ég var bara að tala út frá sjónarmiði þessara hv. flm. og nudda þeim þannig lítið eitt upp úr sínum eigin lút, sem mér virðist, að þá sé nú farið að svíða allmikið undan.

Hv. 1. flm. minntist í sambandi við þetta mál á atvik, sem gerðist hér á þingi fyrir nokkru, en er algerlega óskylt þessu máli. Ég kannaðist undir eins við, hvað það var, sem hv. þm. átti hér við. Svo leiðis var, að fyrir nokkru var deilt allmikið hér á þingi um löggjöf um refaeldi hér á landi. Var þar sérstaklega eitt atriði, sem okkur kom ekki saman um, og hv. d. sýndi með atkvgr. sinni, að hún áleit, að ég hefði á réttu máli að standa, en hv. þm. N.-Ísf. hefði rangt fyrir sér, enda reyndist það líka svo. Hv. þm. sagði, að með því að samþ. till. minar væri kippt grundvellinum undan allri refarækt landsins. Ég benti honum á bróður hans, sem nýlega hefði haldið fyrirlestra um þetta mál, og öðruvísi hefði sungið í honum. En ég vil benda á, að það tók fyrir sölu lifandi refa til útlanda vegna þess, að í Noregi var mikill vöxtur í refarækt, og til þess að geta fjölgað refunum nógu mikið, keyptu þeir mikið af refum hér á landi. En verðið á þessari vöru lækkaði síðar mjög mikið, og tók þá fyrir allan útflutning á þessum dýrum, svo að sala á lifandi dýrum varð þá eingöngu að byggjast á sölu innanlands, en hún hvarf líka sökum þess, hve verðið lækkaði mikið. En það, sem gerði mig mest undrandi yfir því, að hv. þm. N.-Ísf. skyldi fitja upp á þessu, var það, að hann var með till. sínum að berjast fyrir hagsmunum tveggja sérstakra refabúa hér á landi, og því undarlegra var, að hann skyldi minnast á þetta, sem fyrir öðru refabúinu stóð maður honum nákominn. Hv. þm. hefði átt að láta sér nægja þá útreið, sem hann fékk hér um árið í þessu máli og þess vegna ekki átt að fara að vekja upp þetta mál, sem hann barðist fyrir vegna hagsmuna eins manns, sem var honum nákominn. (**JAJ**: Ég skal reka þetta allt saman ofan í hv. þm.). Hv. þm. getur það ekki. Hann hefir sett á sig svartan blett í þessu máli, og sá blettur verður alltaf svartari og svartari, eftir því sem hann minnist oftar á þetta mál. (**Forseti (JörB)**: Ég vil biðja hv. þm. að halda sér við það mál, sem nú er til umr.). Hæstv. forseti verður að skrifa þetta á reikning hv. 1. flm., því að það var hann, sem innleiddi hér þessar refaumr., sem hann sjálfs sín vegna hefði ekki átt að gera. Hann er í sambandi við þetta frv. kominn út á nógu mikla refilsstigu, þó að hann fari ekki að blanda refaræðum inn í málið. (**LH**: Er nú allt búið?). Hv. þm. V.-Sk. hefir nú verið að tvístiga

hér í kringum mig og kvartað yfir því, hvað ég væri langorður, en svo ef ég geri andartakshlé, þá hefir hann enga ró í sínum beinum og þolir ekki við af hræðslu yfir, að ég fari að hætta. Nei, ég get sagt hv. þm., að ég er ekki alveg búinn enn. Það var enn eitt atriði í ræðu hv. 1. flm., sem ég þurfti að koma að. Hann sagði, að nú væru mjög heppilegir tímar til að leysa upp bannið. Og af hverju? Af því að nú væri svo þröngt í búi hjá þjóðinni og hún hefði svo lítið fé handa á milli, að líklegt væri, að menn keyptu minna vín heldur en ef þeir hefðu mikla peninga handa á milli. Ég vil nú biðja menn að athuga það, að uppistaðan og fyrirvafið í þeim vef, sem hv. þm. var að vefa í tveimur sínum fyrri ræðum, var það, að ofdrykkju mætti útrýma með því að afnema bannlögin, og síðan segir hann þetta, að það verði bara getuleysið til að kaupa vínið, sem muni hamla mönnum frá ofdrykkjunni, ef bannlögin verða afnumin. Menn sjá því, að hér er um algerða mótsögn að ræða. Annaðhvort hefir hann verið að mæla á móti betri vitund, þegar hann var að útmála á allan hátt, að afnám bannlaganna minnkaði drykkjuskap í landinu, eða þá að ummæli mín og hv. þm. Str. og hv. þm. Ísaf. hafa vakið hann til það mikillar umhugsunar um þetta mál, að hann gefur nú þessa játningu og strikar þá um leið út allar þær fullyrðingar, sem hann hefir áður haft í frammi um þetta, og um leið er þá allur sá grundvöllur runninn undan honum.

Ég hefði þó dálítið að segja enn út af ræðu hv. þm., en verð að enda með því að benda á þetta ósamræmi og það öngþveiti, sem hann er kominn í með röksemdir sínar, þar sem hann stendur á sandi og gersamlega að falli kominn.

Ég sé nú, að kl. er orðin 4, og enda þótt ég hefði mörgu við að bæta, þá hætti ég að sinni, en vona, að hæstv. forseti leyfi mér að gera aths. við ræður hv. flm. síðar.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. Str. og hv. þm. Borgf. höfðu talsverðar aths. að gera við það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Ég skal áður en ég lýk máli mínu koma nokkuð inn á það, hver var þungamiðjan í því, sem ég sagði, en ég vil fyrst minnast á það, að þessir hv. þm. lögðu á ýmsum stöðum mjög skakkan skilning í þau ummæli, er ég viðhafði í fyrri ræðu minni, og hið sama hefir og víðar komið fram. Sýnir þetta eitt með öðru, að þegar það hendir jafnvarkáran og grandvaran mann og allir vita, að hv. þm. Borgf. er, að fara svo herfilega rangt með það, sem andstæðingur hans í þessu máli segir, sem hér er raun á orðin, hve það er mjög erfitt að ræða þetta mál við æsta bannmenn, án þess að þeir lendi út í ógöngur og jafnvel geri andstæðingum upp orð, sem þeir hafa aldrei sagt.

Ég hafði lagt áherzlu á það, að ég áliti, að í þessu máli þyrftu að skapast hjá þjóðinni hreinar línur. Það þýddi nú hv. þm. Borgf. á sinn hátt. Ég held, að ekki hafi verið þörf á því að misskilja þetta, en fyrst það hefir verið gert, viljandi eða óviljandi, vil ég bara benda á það, að síðan bannið var lögleitt hér á landi hefir afstaðan til bannsins breytzt svo mjög, að það, sem áður var talið sjálfsagt að fylgdist að, aðflutningsbann og tilbúningsbann samhliða algerðu bindindi, er nú í framkvæmdinni alls ekki samferða, m. ö. o. það er ekki hið sama að vilja halda í þau bannlagaslitur, sem nú gilda, eins og þessir hv. þm. vilja, og það að vera bindindismenn. Ég veit að vísu, að hv. þm. Borgf. og hv. þm. Str. eru einlægir bindindismenn um leið og þeir eru bannmenn, en það er víða svo, að þetta fer ekki saman. Þetta er óheillaástand, sem er til ills eins. Það þurfa að skapast hreinar línur í þessu efni, það væri hinn mesti ávinningur fyrir heilbrigða bindindisstarfsemi.

Hv. þm. Borgf. var mjög margorður um það, að ég skeytti skapi mínu á bindindismönnum og bannmönnum með þeim afleiðingum, sem orsakast mundu af breyt. áfengislaganna, en það er ekki rétt. Það er aldrei þörf fyrir þá, sem vita sig fara

með réttan málstað að grípa til þess að færa úr lagi það, sem andstæðingarnir segja, og það gegnir furðu um jafnrökfastan mann og greinargóðan og hv. þm. Borgf., að hann skuli grípa til slíks óyndisúrræðis. Ég deildi að vísu allhart á vissa tegund bannmanna, en hinsvegar gaf ég alls ekki tilefni til, að allir bannmenn tækju þessa ádeilu til sín, og þegar hv. þm. Borgf. og málgagn templara hér í bæ færir þessa ádeilu mína út á það svið að vilja láta hana ná til allra bannmanna, þá er hér um hina mestu rangfærslu að ræða. Hv. þm. Borgf. er eins vel kunnugt um það og mér, að ýmislegt fylgir bannstefnu sumra manna, sem ekki fer vel saman við sannan bindindisáhuga, og ég geri ráð fyrir því, að undir niðri sé honum engu betur við bindindisyfirskin þeirra manna, sem lýsir sér í tómri bannstreitu, þótt þeir séu ekki bindindismenn og sýni það hvenær, sem þeir koma höndum undir, hverjir þeir eru, ég hygg, að hv. þm. sé engu betur við þessa skoðanabræður sína heldur en hreina og beina andbanninga.

Hv. þm. sagði, að ég kæmi nokkuð seint fram með álit mitt á bannlögunum. Það má vera, að ég hefði getað komið með álit mitt fyrr, en það er nú svo, að þeir, sem einhverntíma hafa trúað því, að þau gerðu gagn, þeir eru nú margir hverjir seinir að sjá, að í óefni er komið. En þó það sé nú svo, að ég komi seint með álit mitt, þá er nú útlit fyrir það, að hv. þm. Borgf. ætli að verða ennþá seinni. Ég sem sé tel líklegt, að hann eigi eftir að sannfærast um ýmislegt í þessu efni, sem hann enn virðist blindur fyrir. Það er nefnilega eins og allir vita hvergi nærri allt, sem sýnist, um það gagn, sem sumum finnst, að bannlögin gera. Ég held, að það sé óhætt að draga allmikið í efa það, sem hv. þm. Borgf. sýnist í þessu efni.

Þá minntist hv. þm. Str. á mikla bindindisöldu, sem hann kvað vera að rísa meðal æskumanna landsins. Hann talaði um það, að um 80 unglingar hefðu í vetur hlustað með andagt á fyrirlestur, er hann hefði flutt fyrir menntaskólanemendur um bindindismál. Hv. þm. Str. er áheyrilegur ræðumaður og mörgum þykir gott á hann að hlýða, en það er enginn vottur um sterka bindindisöldu, þó þessir unglingar hlustuðu á hann, það er æskilegt, að svo væri, en þetta er engin gildandi sönnun, sízt fyrir þá, sem daglega sjá breytni manna benda í aðra átt.

Það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. Borgf. að skipa mér fyrir mína framkomu í hóp þeirra manna, sem vilja níða bindindismenn í landinu fyrir þeirra starf. Það er svo fjarri því, að svo sé. En ég held, að það yrði til framdráttar bindindisstarfseminni, ef hreinsað væri til í þessu máli, með því að láta heita bindindi það, sem bindindi er, en bannlagaólag það, sem bannlagaólán er.

Hv. þm. Borgf. staðhæfði, að drykkjuskapur hefði mikið minnkað í landinu við tilkomu bannlaganna. Ég geri ráð fyrir, að þessi staðhæfing sé rétt að því er snertir visst tímabil, en hvort það á við nú eins og fyrir fjórum, fimm árum eða meir, það dreg ég mjög í efa. Fyrir þremur til fjórum árum var lítið farið að heyrast getið um heimabrugg, en nú ganga þær sögur fjöllunum hærra, að alstaðar sé bruggað í sveitunum. Það er t. d. sagt, að í einum hreppi í Mýrasýslu sé bruggað á 12 bæjum. Sama er reynslan í öðrum bannlöndum. Í Noregi var gerð athugun á þessu rétt áður en banninu var sleppt, í einu byggðarlagi, þar sem voru 22 býli og reyndist við rannsóknina vera bruggað á 17 býlum. Og þó hv. þm. Borgf. vilji kannske segja sem svo, að þetta sé tilbúningur, þá sýna þær uppgötvanir, sem lögreglan hér smátt og smátt gerir, að hér er um að ræða meira en lítið heimabrugg.

Ég vil eindregið mótmæla hv. þm. Borgf., er hann hafði eftir mér, að ég hefði talað um bölvun bindindisstarfseminnar. Það fer fjarri því, að ég segði það nokkursstaðar í ræðu minni, ég talaði ekki einu sinni um bölvun bannsins, hvað þá um bölvun bindindisins, en ég kann að hafa sagt, að það hefði leitt af banninu, að bölvun drykkjuskaparins hafi ekki minnkað. Hv. þm. segir aftur á móti, að drykkjuskapurinn hafi minnkað, ég skal láta svo vera, það þýðir ekki að deila um, hvort hér sé klippt eða skorið, en hvað er það, sem var og sem er drukkið? Áður var drukkið vín og sterkir drykkir, sem tilbúnir voru til neyzlu fyrir

fólk og flutt var til landsins á heiðarlegan hátt, nú er að vísu smyglað inn drykkjarhæfum vínum, en til viðbótar er notað allskonar óþverri, svo sem landi, suðuspritt, iðnaðarspíritus, áttavitaspíritus og margskonar dropar og vökvar, sem menn leggja sér til munns til þess að seðja áfengislöngun sína. Hvað mikið er notað af öllu þessu veit enginn, en úr því áfengis er neytt á annað borð, þá verðum við hv. þm. Borgf. vonandi sammála um það, að betra sé að menn drekki það, sem tilbúið er og ætlað til neyzlu heldur en það, sem ætlað er til annara hluta, fyrir utan, hve það er ákaflega dapurlegt út af fyrir sig að horfa á það í lyfjabúðunum, að selt er suðuspritt, sem menn nota til drykkjar og gerir menn engu síður vitlausa en hreinn spíritus, en er þó miklu skaðlegra. Hv. þm. Borgf. sagði, að brennivínið hefði verið rekið burt af búðarborðunum með banninu og bindindinu. Já, það er rétt, brennivínið er útrekið úr sölubúðunum, en í stað þess hefir verið innleitt suðuspritt og landinn. Ég skal kannast við, að hér hafi aldrei verið hreint bann, en það var hér eins mikið bann og hægt er að framkvæma með lögum, áður en Spánarvínaundanþágan kom til; en hvar í veröldinni er hreint bann eða hefir verið, það hefir hvergi verið, hvorki í Bandaríkjunum, hjá Finnum né Norðmönnum. Það hefir hvergi verið hægt að koma á eða viðhalda fullkomnu banni, alstaðar hefir þróazt lögbrotastarfsemi, sem fundið hefir einhverjar krókaleiðir til þess að seðja vínlöngunina, og þá kemur að því, sem ég sagði áðan, að bannið útilokar ekki áfengið.

Ég mótmælti því áðan, að ég hefði í fyrri ræðu minni uppnefnt alla bindindismenn í landinu. Hv. þm. Borgf. vissi vel um tilefni þess, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, það tilefni voru þær árásir, sem gerðar voru á okkur flm. þessa frv. í málgagni templara. Ég sagði ekki, að allir bindindismenn í landinu verðskulduðu það nafn, sem ég nefndi. Það eru vissir menn í landinu, sem ég álít, að séu réttnefndir því heiti.

Þá kom hv. þm. Borgf. með þá kynlegu fullyrðingu, að meðan bannið var fullkomið hér, hefði tekizt að halda drykkjufýsn manna í skefjum. Hann tvítók þetta í ræðu sinni og ég skrifaði það upp eftir honum. Sé þetta einlæg sannfæring hans og haldi hann þetta í fullri alvöru, þá skal ég fyrirgefa honum svo að segja allt, sem hann hefir sagt rangt í minn garð og aðrar fjarstæður, sem hann hefir haldið fram. (**PO:** Hv. þm. þarf ekkert að afsaka). Þetta staðfestir það, sem ég sagði, að hvorki hv. þm. Borgf. né hv. þm. Str. hafa nokkurt vit á því að dæma um það efni, sem þeir eru að tala um. Hv. þm. Borgf. tók það illa upp fyrir mér, að ég sagði honum þetta, og sagði, að ég þættist geta dregið menn í dilka eftir því, hvort þeir hefðu vit eða ekki vit á hlutunum, en þessi skýlausa yfirlýsing hans sýnir, að hann er alls ófróður um það, sem gerist í landinu hvað vinnautn snertir, hann lifir í sinni barnatrú, hann er sjálfur mjög fjarri áfengi, hann hvorki neytir þess né býður það öðrum, en hvað heldur hv. þm., að hann fengi marga menn til þess að skrifa undir yfirlýsingu um það með sér, að það hafi tekizt með bannlögunum að halda áfengislöngun manna í landinu nokkurntíma í skefjum, ef menn vildu segja sannleikann í þessu máli? Það kom líka síðar fram í ræðu hv. þm. Borgf., að hann játaði sjálfur, að menn eins og hann væru lítið dómbærir um skaðsemi þess ástands, sem nú ríkir, eftir að hann var með mörgum orðum búinn að átelja mig fyrir að draga það í efa, að hann og hv. þm. Str. hefðu aðstöðu til þess að þekkja þessa hluti. — Það kom fram í ræðu hv. þm. G.-K., að eftir neyzlu sódavatns hér á landi mætti fara nærri um sjússana, sem drukknir eru hér. (**PO:** Nú, voru það sjússarnir, sem hv. þm. átti við, að ég þekkti ekki?). Hv. þm. er búinn að staðfesta ókunnugleika sinn í þessum efnum, eða heldur hann, að ekki séu drukknir hér þessir sjússar, sem hv. þm. G.-K. lýsti? (**PO:** Hv. þm. vildi kannske útskýra þetta orð, eða er það íslenzka?) Ég skal stafa orðið fyrir hv. þm. s-j-ú-s-s-a-r, og merkir blöndu af whisky og sódavatni. Ég veit, að það er ekki góð íslenzka, en það hefir verið brúkað hér í hv. þd. af öðrum en mér, og ég tel mér því heimilt að hafa það eftir.

Þá gerðist hv. þm. mjög fjölorður um, hvað skoðanir okkar, sem flyttum frv.,

stönguðust mjög á í þessu efni. Einn flytti frv., sagði hann, út af þessu og annar út af hinu. Það getur náttúrlega verið, að bæði við og aðrir höfum mismunandi skoðanir á hinum mismunandi atriðum, sem koma til greina. En það er ein meginhugsun, sem sameinar ekki aðeins okkur, heldur alla, sem álíta ástandið lítt þolandi eins og það er, og hún er sú, eins og margsinnis hefir verið kveðið upp með, að bannlögin geri langt frá því það gagn, sem þeim var ætlað, og geri heldur stórkostlegt ógagn. Í þessu efni stangast skoðanir flutningsm. ekki neitt á.

Þá fór hv. þm. að lesa sig fram úr frv., og af því, að þar eru settar hömlur um sölu á víni til ófullveðja manna o. s. frv., þá vildi hann halda því fram, að við værum komnir í öfuga aðstöðu við sjálfa okkur. Þetta sýnir, hvað hv. þm. er lítið kunnugur áfengislögum eða reglum um sölu á áfengi annarsstaðar. Það er ekki mikið bannland, mesta whiskyland heimsins, Skotland, en þar eru mjög greinileg takmörk um sölu áfengra drykkja. Það er ekki nema vissan tíma dagsins, sem sala áfengis er leyfð á veitingastöðum. Það er óþarfi að fara að lýsa því hér, en flestir ferðamenn, sem þangað hafa komið, munu kannast við þetta. Við, sem flytjum frv., erum því ekki í neinni andstöðu við sjálfa okkur, þó við með þessum ákvæðum viljum setja hömlur í veg fyrir óhóflega vínsölu. Og sama er að segja um þau ákvæði frv., þar sem talað er um sektir fyrir ölvun á almannafæri og fyrir ölvun embættismanna og starfsmanna, að þau koma ekkert í bága við þær skoðanir yfirleitt, að þetta bann hér á landi sé óviðunandi. Það er ekki hægt fyrir hv. þm. að halda því fram, að við viljum veita stórflóði af víni inn í landið án takmarkana og eftirlits með sölu. Við höfum þvert á móti gert mjög ýtarlegar till. um það, að varlega verði farið, till., sem hv. þm. hefir aðgang til að endurskoða og lagfæra eftir því, sem honum þykir rétt.

Það er þess vegna alls ekki vert fyrir hv. þm. að beita þeirri bardagaaðferð í þessu máli, að snúa út úr ummælum andstæðinga sinna og leggja verri skilning í till. þeirra en nauðsynlegt er. Þar sem ég talaði um, að hreinar línur þyrfti að skapa, þá átti ég við það ófarnaðarástand, sem er, og eins og svo margir hafa bent á, að það er svo að segja ekkert bann orðið í landinu. Það verður varla sagt, að línurnar geti verið óhreinni en svo, að þegar áfengislöggjöf þjóðarinnar er ströng og viðurlögin ákaflega mikil, svo að þeir, sem brjóta gegn henni, eru jafnvel settir á bekk með manndrápurum, — á „letigarðinum", Litla-Hrauni, mun mega finna dæmi þessa —, þá skuli um leið og slík löggjöf er við líði, áfengi í öllum mögulegum myndum vera fáanlegt og búið til víðsvegar í landinu, til þess að selja og drekka. Ég veit ekki, hvað hv. þm. gerir litlar kröfur til þess að l. sé hlýtt í landinu, en þær geta varla verið minni en hann gerir, hvað áfengislöggjöfina snertir. Við, sem flytjum frv. til breyt. á þessu ástandi, könnumst við, að við þetta er ekki búandi eins og er. Og eins og ég hefi áður sagt, þá eru allar fullyrðingar um það, að minna hafi verið drukkið síðan bannið kom en áður, á sandi byggðar.

Hv. þm. Str. var að tala um það, hver sér virtist vera þungamiðja í þeirri aðstöðu, sem ég hefði tekið til bannmálanna. Þeirri þungamiðju er stuttlýst, og ég drap raunar á hana í fyrri ræðu minni. Ég er þeirrar sannfæringar, að bindindismálum þessa lands stafi hreint og beint voði af því ástandi, sem bannlögunum fylgja. Og þess vegna álít ég vegna bindindisstarfseminnar og æskulýðsins í landinu, að það þurfi að skapa hreinar línur. Yfirleitt álít ég, að sú afstaða, sem þjóðin tekur til áfengislöggjafar, eigi að mestu að miðast við það, hvað muni verða hinni uppvaxandi kynslóð fyrir beztu, þegar til lengdar lætur. Þeir, sem komnir eru á fullorðins árin, eru margir hverjir búnir að hlaupa af sér hornin, ef svo mætti að orði komast, og standa annaðhvort sterkir eða veikir á svellinu gagnvart áfenginu, þannig að breytt löggjöf mundi e. t. v. ekki hafa svo mikið að segja fyrir þá. En það er hin uppvaxandi kynslóð, sem maður þarf að hafa fyrir augum í þessu máli. Reynslan hefir sýnt það bæði hér og annarsstaðar, þar sem bannlög hafa verið, að áfengislöng-

uninni verður á engan hátt útrýmt, og áfengisnautninni er fullnægt á ýmsan hátt, jafnvel með mjög ógeðslegum drykkjum, eins og áður hefir verið bent á. Hvort mundi nú vera hollara fyrir uppvaxandi kynslóð að alast upp við skynsamlega áfengislöggjöf, þar sem sterkir drykkir væru leyfðir, en með þeim takmörkunum, sem heilbrigð skynsemi segir til um, að séu framkvæmanlegar og réttar, eða að alast upp við þetta bannlagaslitur, sem nú er, og öll þau óþrif, sem því fylgir. Ég er þeirrar skoðunar, að með því ástandi, sem nú er, sé ekki nokkurt öryggi fengið fyrir því, að óspilltir unglingar verði ekki fyrir einmitt mjög sterkum og tælandi áhrifum til þess að leiðast út í vínnautn, með því að Spánarvínin eru í landinu. Þau eru gómsæt og hentug til byrjunar, og svo er hitt við hendina til framhalds. Ef hv. þm. vildi nú athuga þetta ástand ofan í kjölinn, þá gæti ég trúað því, að hann yrði a. m. k. með sjálfum sér efablandinn, hvort rétt væri af honum að geisast svo mjög á móti breyttri áfengislöggjöf eins og hann gerir nú. Við stöndum gagnvart þeirri staðreynd, að þrátt fyrir öll lagaboð í þessu efni þá verði hættunni ekki útrýmt. Það mætti líkja þessu við siglingaleið. Ég vil heldur, og það munu flestir vilja, stefna fleyi mínu um siglingaleiðir, þar sem brim og boðar sjást, heldur en að eiga á hættu launboða og blindsker þar sem sízt varir. Það virðist helzt mega líkja þessu bannlagaástandi, sem nú er í landinu, við það, að æskulýð landsins sé stefnt út á þá siglingaleið, þar sem hættan er lítt sjáanleg, en blindsker og launboðar geta grandað fari og áhöfn áður en varir. Framtíðin leiðir það í ljós, hver réttara hefir fyrir sér í þessu máli. Ég vildi óska þess, bindindisins vegna, að þeim, sem enn þá trúa á það, að bannlögin komi hér að gagni, verði að trú sinni, en ég er því miður ekki trúaður á það sjálfur og þess vegna vil ég breyta til áður en spillingin hefir grafið meira um sig.

Umr. frestað.

Á 46. fundi Nd., 6. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Vilmundur Jónsson: Ég hefi gert í trekaðar tilraunir til að fá hv. aðalflm. til að taka til máls áður en ég talaði, en það hefir ekki tekizt, og raunar hefi ég þá ekki ástæðu til að halda hér neina ræðu. Þá get ég aðeins lýst yfir því, að till., sem ég flutti til rökst. dagskrár, má vel mín vegna bíða til 2. umr. og kýs ég það fremur, ef ég með því gæti fengið hv. aðalflm. til þess að taka til máls þá. Geymi ég mér þangað til að svara því, sem þegar hefir komið fram og svaravert er. Tek ég hér með dagskrártill. aftur til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Ísaf. (VJ) tekin aftur.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Símalagabreyting.

Á 33. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi] (þmfrv., A. 217).

Á 35. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. að þessu sinni. Læt ég mér nægja að vísa til grg. frv. og óska, að það verði að þessari umr. lokinni látið ganga til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt brtt. við frv., á þskj. 316, en nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

24. Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Á 37. fundi í Nd., 27. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bæjarútgerðar Reykjavíkur (þmfrv., A. 253).

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Allir verða varir við það, að kreppan hefir lamað Reykjavík með þeim ofurþunga, er ráða má af skráningu atvinnulausra manna hér í bæ. Samkv. þessum skýrslum eru mörg hundruð manna atvinnulausir, og það sem meira er, að margir eru þeir, sem ekki hafa látið setja sig á skrár þessar, vegna þess að þeim hefir fundizt örvænt um, að slíkt mundi að nokkru leyti greiða úr vandræðum þeirra. Einkum verður þetta skiljanlegt, er vitað er, að útilokaðir voru allmargir menn frá bæjarvinnunni, allir einhleypir menn. Og samt sýndu skráningarnar, að í bænum voru frá 7 upp í 12 hundruð manns atvinnulausir.

Síðastl. sumar var atvinnuleysi ægimikið einmitt um þann tíma, er helzt hafa verið skilyrðin fyrir að bjarga sér hér á landi. Ekki varð mönnum að vonum sú atvinna, er fengizt hefði við byggingarvinnu, og litlar líkur eru til þess, að brátt lifni verulega yfir þeim. Ekki bætir það heldur úr skák, að opinber vinna er stórkostl. dregin saman og þar með bætt við atvinnuleysingjahópinn. Af þessu sjáum við, að bráðnauðsynlegt er að hafa atvinnubótavinnu allt árið um kring. Bæjarstj. lét hana falla niður, er vertíð byrjaði, út frá því sjónarmiði, að eðlilegt virtist, að þar fengist nóg atvinna til handa öllum bæjarmönnum. En þrátt fyrir það, að vertíð hafi byrjað svo snemma og sé meiri en áður, kom þetta ekki að haldi, því að sami fjöldinn gengur atvinnulaus eftir sem áður í bænum. Þetta má alls ekki halda áfram í þessu horfi. Atvinnu þarf að útvega. Atvinnubótavinna er nauðsynleg, þótt hún gefi ekki af sér mikinn arð, til þess að koma atvinnunni á réttan kjöl aftur. Útgerðina þarf að auka. Hún hefir minnkað allt of mikið, og einstakir menn og félög virðast ekki auka hana mikið, enda er venjulega svo um einkaútgerð og félaga, að togurum er haldið úti, er vel árar, en seglin eru saman dregin, er illa stendur á. Þess vegna þarf hið opinbera að koma til hjálpar, því að ekki er víst um framgang einkaútgerðar togara um þessar mundir. Meiri hl. fólksins óskar eftir bæjartogaraútgerð, enda virðist slíkt alveg sjálfsögð aðferð til þess, að notaður verði sá vinnukraftur, sem bærinn á völ á, og ennfremur til þess, að þessi vinnukraftur haldist í bænum óskertur til langframa.

Nú eru tvær till. um þessi efni. Önnur er að taka togara á leigu, en ekki tel ég hana mjög heppilega, því að nokkrum erfiðleikum mun slíkt vera bundið. Hitt er að athuga og rannsaka öll skilyrði fyrir því, að bærinn komi sér upp 5—10 góðum togurum, búnum öllum nýtízkutækjum, og enn athuga, hvort notaðar skuli í þessu sambandi gufuvélar eða dieselvélar. Notkun dieselvéla er nú óðum að færast í vöxt meðal erlendra þjóða, en ennþá er samt rannsóknaratriði, hvort þær reynist betur.

Ef nú bærinn kaupir 5—10 nýja togara, svarar það til um 1—2 millj. kr. vinnukaupsgreiðslu yfir árið. Eftir venjulegum tekjum verkamanna nú er auðvelt að sjá, hve stórkostlega þetta mun bæta aðstöðuna. En hvar á að taka féð? Að vísu er ekki ómögulegt, að bæjarsjóður geti tekið lán út á hin nýju skip, er hann kaupir, en greiðlegar myndi slíkt ganga með ábyrgð ríkissjóðs að baki. Og því er í frv. gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist lántöku, allt að 2—3 millj. kr. Tala togaranna er óákveðin, vegna þess að óvíst er um, hver lánskjör mundu fást. Í frv. er ætlazt til ríkissjóðsábyrgðar á ⅔ hluta kaupverðs togaranna, en það, sem á vantar, myndu skipasmíðastöðvarnar láta í té, ef á þyrfti að halda.

Ég tek það fram, að ég kem ekki auga á neina áhættu fyrir ríkissjóð í þessu máli, og hinsvegar er engum blöðum um það að fletta, að ríkissjóði er jafnskylt að létta undir bagga með Reykjavíkurbæ eins og öðrum héruðum landsins. Það er reyndar nokkuð til í því, að í Reykjavík sé mest um háar tekjur, og auður sé þar mestur saman kominn, en þess er hinsvegar að gæta, að ef skipin ganga svo úr sér, að útgerð leggst niður að öllu, þá verður ekki velmegun Reykjavíkur lengi að fjara út, ef ekki verða séð bjargráð við slíkri ógæfu í tæka tíð. Vænti ég þess fastlega, að óvild sú, sem svo oft hefir skinið í gegn hér á þingi í garð Reykjavíkurbæjar, fái að hvíla sig í þessu máli, sem ég hefi þegar tekið fram, að getur vel tekið á sig svip atvinnutryggingar. Vil ég svo að loknu máli mín bera fram þá ósk, að frv. verði vísað til kreppunefndar.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Ég vildi nú strax geta þess, af því að mér er það kunnugt, að það er ekki samkv. ósk bæjarstj. Rvíkur, að þetta frv. er borið hér fram, heldur hefir verið farið á bak við hana með það, líklega til þess, ef það verður samþ., að nota það sem svipu á bæjarstj. til þess að knýja hana til að fara að gera út togara héðan úr Rvík á kostnað bæjarmanna, þegar skip þau, sem héðan hafa verið gerð út, ýmist eru að hverfa burt héðan eða að ganga úr sér með ári hverju, án þess að nokkur von sé til þess, að hægt sé að endurnýja þau með því að kaupa ný skip. M. ö. o.: Meðan svo standa sakir, að þessi atvinnugrein er að leggjast í rústir, að því er virðist. En eins og bæjarstjórnin er skipuð nú, þá mun henni ekki þykja fýsilegt að taka stór lán til þess að leggja í þesskonar fyrirtæki, taka við af borgurunum og halda starfseminni áfram með sama tapi, til þess svo að borga hallann með sköttum af bæjarmönnum gegnum bæjarsjóðinn.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég veit ekki, hvað hv. 4. þm. Reykv. hefir til síns máls í því, að þetta sé á móti vilja bæjarstj., því að sú till., sem um getur í grg., er að vísu samþ. á móti meiri hluta sjálfstæðisflokksins, en þó er hún samþ. með 8 atkv., svo að það er gert með meiri hluta bæjarstj. Þó að það sé ekki eftir beiðni bæjarstj., að þetta frv. er flutt, þá er það þó a. m. k. eftir ósk þeirra, sem eru með því að auka atvinnu á þennan hátt í bænum. Við skyldum hugsa okkur það, að eitt atkv. flyttist yfir um, þannig, að það yrði á móti þessu, þá vil ég þó taka það fram, að það sýnir alls ekki vilja bæjarmanna í þessu. Ef þingið óskaði eftir því, mætti með atkvgr. sanna, að það mundi hafa meiri hluta kjósenda bæjarins á bak við sig að stofna til bæjarútgerðar. Hér á að kjósa í bæjarstj. á næsta ári, og þá er ekki víst, að þeir verði í meiri hl., sem nú berjast á móti bæjarútgerð.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Þá þarf a. m. k. að vera búið að leggja þá menn að velli pólitískt, sem hafa valdið því, að þessi atvinnugrein er að fara um koll hér. En viðvíkjandi því, að ráðstafanir hafa verið gerðar, eins og hv. frsm. sagði, til þess að athuga, hvernig og með hvaða kjörum mætti fá togara á leigu á yfirstandandi vertíð, þá var það eingöngu með það fyrir augum að greiða götu þeirra, sem vildu ganga inn á tilboð, sem bæjarstj. kynni að fá í þessu efni, og hagnýta sér þau, ef brúkleg skip væru fáanleg frá útlöndum.

Annars vil ég bæta því við, að um þetta spursmál hafa gengið dómar oft og margsinnis í bænum, bæði um socialistiska útgerð og einkaútgerð, og til þessa hafa þeir verið í minni hluta, sem hafa viljað socialistiska útgerð hér í Reykjavík. Og svo mun það verða framvegis, ef svo stefnir, sem nú horfir.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég þarf ekki miklu við að bæta. Ef hv. 4. þm. Reykv. er fullviss um vilja bæjarbúa í þessu, þá vil ég leggja til, að hann verði með í því að samþ. þetta frv., og ég vil bæta því við, að það yrði að því áskildu, að meiri hl. kjósenda við almenna atkvgr. í Reykjavík samþ. frv.

Jóhann Jósefsson: Ég lít svo á, að þar sem þetta fyrirkomulag á að vera til frambúðar, þar sem hér er talað um „var-

anlegar atvinnubætur", en ekki bráðabirgðafyrirkomulag, þá sé það réttara, og ég legg það til, að þessu máli verði vísað til fjhn., en ekki til kreppunefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til kreppun. með 12:7 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Jarðræktarlög (stjórn Búnaðarfél. Íslands).

Á 37. fundi í Nd., 27. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (þmfrv., A. 256).

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta; það er búið að ræða þetta svo rækilega á undanförnum þingum, að mér virðist óþarfi að ræða það nú. Ég mælist aðeins til, að málinu verði vísað til 2. umr., en tel óþarft að láta það fara í nefnd.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég verð enn að láta í ljós undrun mína á því kappi, sem lagt er á að kippa burt tilhlutunarvaldi ríkisstj. gagnvart Búnaðarfélaginu. Undrun mín er sprottin af því, að mér virðist þeir, sem að standa, ættu miklu fremur að leggja kapp á hið gagnstæða.
Eins og kunnugt er, hefir verið mjög gott samkomulag á milli þings og Búnaðarfélagsins allar götur frá því 1923, svo að hvorugur aðili hefir kvartað. Þingið hefir sýnt félaginu mikið traust með því að veita fé til landbúnaðarins og fela félaginu framkvæmdir í búnaðarmálum. Mætti segja, að Alþingi hefði afsalað sér miklu valdi í þessum málum og lagt það í hendur Búnaðarfélagsins. Bændur myndu sízt fagna því, að snurða hlypi á þetta góða samkomulag, og óvíst, hvort hægt væri að bæta úr því aftur. En ef þessi lög yrðu samþ., þá getur vel farið svo, að sambandið yrði ekki eins traust og áður. Ennfremur vil ég benda á, eins og hv. þm. Str. hefir áður bent á, að það er óheppilegt að flytja þetta mál á þingi, þar sem búnaðarþingið stóð ekki saman um þessar kröfur, og hér á Alþingi verða skoðanirnar skiptar, svo að það er ekki ástæða til að stofna þessu máli í hættu. Á búnaðarþinginu voru nokkur atkvæði á móti þessu, og þegar sakir standa svo, að í báðum stofnununum, Alþingi og Búnaðarfélaginu, eru skiptar skoðanir, þá er ekki rétt að stofna samstarfinu, sem hefir verið ágætt, í voða út af þessu.
Andmæli mín gegn þessu frv. byggjast eingöngu á umhyggju fyrir landbúnaðinum. Ég held, að samstarfinu sé með þessu hætta búin, og það er grundvöllurinn fyrir þeim andmælum, sem ég hefi hreyft og mun hreyfa.
Ég álít, að það nái ekki nokkurri átt að vísa ekki málinu til nefndar, ef það verður ekki þegar fellt við þessa umr. Ég geri það því að till. minni, að því verði vísað til landbn.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal undirstrika það með hv. þm. Borgf., að samstarfið á milli Búnaðarfél. og Alþingis hefir verið mjög gott undanfarin ár, og álít ég, að trausts og samúðar hafi gætt á báða bóga. Ég vil einnig undirstrika það, að ég óska einskis framar en að þetta góða samkomulag megi haldast sem lengst. En eitt af því nauðsynlega til þess að þetta takist, er einmitt að koma fram þessari breyt. Það er engu tapað, þó að íhlutunarrétturinn, sem stjórnin hefir haft á pappírnum, verði afnuminn, en þingið látið halda sínu valdi til fjárveitinga. Það er engin ástæða að halda við þessu ákvæði, þó að 3—4 búnaðarþingsmenn hafi ekki greitt atkv. með áskoruninni í þetta skipti, og ég get fullyrt, að það er enginn innan Búnaðarfél., sem ekki vill þessa breyt. Það, að þeir greiddu

ekki atkv. með áskoruninni, kemur aðeins til af því, að þeir óttuðust andstöðu í þinginu. Þetta er margítrekuð beiðni frá Búnaðarfél., og eitt atriði til þess að viðhalda góðu samstarfi er að fallast á þetta núna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vísa málinu til n., þar sem það er margrætt og margíhugað, en hinsvegar mun ég ekki gera það að neinu kappsmáli, bara ef þá er fremur trygging fyrir því, að það komist í gegn.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég þarf ekki að bæta miklu við mína fyrri ræðu, en vil aðeins benda á, að það er alltaf vissari 1 kráka í hendi en 10 í skógi, og nú höfum við tryggingu fyrir því, að gott samkomulag hefir átt sér stað undir þessu fyrirkomulagi, og það er betra heldur en spádómur hv. þm. Mýr. um jafngóða eða enn betri sambúð. (**BÁ**: Það verður betra, ef frv. verður samþ.). Nei, það verður alls ekki betra og getur ekki orðið betra, þó að hv. þm. reyni að knýja fram þessa breyt. gegn ákveðinni mótstöðu, ef til vill með eins atkv. meiri hl. Auk þess er mótspyrna fyrir hendi meðal beggja aðila. (**BÁ**: Á búnaðarþinginu greiddi einn atkv. á móti og 2 sátu hjá). Nei, það voru 3 á móti; ég þarf ekki að láta hv. þm. fræða mig um þessa atkvgr.; ég veit vel um hana, enda er hún ekkert leyndarmál. Auk þess sat n. á rökstólum síðastl. vetur til þess að gera till. um skipulag Búnaðarfél. (**BÁ**: Störfunum hefir verið frestað um óákveðinn tíma). Ef svo er, þá bætist enn ein röksemd við til þess að bíða einnig hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:5 atkv. og til landbn. með 16:1 atkv.

Á 65. fundi í Nd., 4. maí, var útbýtt nál. minni hl. landbn., á þskj. 530, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

26. Tekju- og eignarskattsauki til atvinnubóta.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um að leggja á tekju- og eignarskattsauka til atvinnubóta (þmfrv., A. 274).

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég legg til, að frv. verði vísað til kreppun., að lokinni umr. Sé ég ekki að svo stöddu ástæðu til að taka fram fleira en í grg. stendur. Læt ég nægja að vísa til sundurliðunar á skatti hér í Reykjavík 1932, á þskj. 293. Eftir mínum áætlunum myndi þessi skattur nema um 70% af tekjuskatti, eins og sjá má á bls. 2 í frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til kreppun. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

27. Ráðstafanir til varanlegs atvinnuauka.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstafanir til varanlegs atvinnuauka (þmfrv., A. 275).

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég legg til, að málinu verði vísað til kreppunefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til kreppun. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Stóríbúða- og háleiguskattur til húsnæðisbóta.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um stóríbúða- og háleiguskatt til húsnæðisbóta (þmfrv., A. 276).

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Þetta frv. er því nær óbreyttur kafli úr kreppufrv., er við fluttum hér á þingi 1931. Hefir það legið fyrir þinginu síðan, að efni til óbreytt að mestu leyti, nema að því, að hér er gert ráð fyrir, að fénu sé dálítið öðruvísi varið en þar.
Álít ég, að það geti gefizt vel hér eins og erlendis að leggja skatt á þá, sem leigja dýrar en þörf er á eða hafa dýrara húsnæði en sanngjarnt er. Er gert ráð fyrir, að þetta gildi aðeins til ársloka 1935. En til þess að ekki verði sagt, að þetta dragi úr mönnum kjark til að byggja hús, þá er lagt til, að hús þau, sem byggð verða á þessu tímabili, séu skattfrjáls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til kreppun. með 10:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga (frv. HG o. fl.).

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76, 23. júní 1932, um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga (þmfrv., A. 277).

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Lög þau, sem hér ræðir um, falla úr gildi við lok þessa árs, en stj. hefir lagt fram frv. um framlengingu á þeim. Í l. um einkasölu á tóbaki er lagt svo fyrir, að arðinum skuli skipt milli byggingar- og landnámssjóðs og byggingarsjóðs verkamanna. Við flm. lítum svo á, að óhæfa sé að svipta byggingarsjóð verkamanna og byggingar- og landnámssjóð þessum tekjum, og því er í frv. ætlazt til, að tekjunum verði varið eins og upphaflega var ákveðið. Hinsvegar höfum við ekki hér lagt til, að ákvæðin um skemmtanaskatt verði niður felld úr bráðabirgðal., enda er réttara að láta hann ganga til kreppuráðstafana en í ríkissjóð, meðan honum er ekki varið samkv. hinum upphaflega tilgangi.
Ég vil leggja til, að þessu frv. verði líka vísað til kreppun., því að öll þessi frv. hanga svo saman, að þau verða varla skilin að. Það stendur t. d. í nánu sambandi við frv. um stóríbúða- og háleiguskatt, sem rétt núna var vísað til kreppunefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til kreppun. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Vaxtalækkun.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lækkun vaxta (þmfrv., A. 278).

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég hefi við umr. um frv. til l. um, að enginn megi greiða hærri vexti af innlánsfé en Landsbankinn ákveður, gert grein fyrir efni þessa frv. Hér er gert ráð fyrir því, að Alþingi ákveði hámark innlánsvaxta, en að ríkisstj. sé svo falið að sjá um, að útlánsvextir lækki tilsvarandi hátt, en ekki aðeins hjá peningastofnunum, heldur einnig hjá einstaklingum.
Þetta frv. hefði átt að fara til fjhn. Ég beindi til hennar tilmælum um að afgr. ekki hitt frv., sem ég nefndi, fyrr en hún væri búin að athuga þetta, en þessu vildi n. ekki sinna. Vil ég því mælast til þess, að þessu frv. verði vísað til kreppun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til kreppun. með 11:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

31. Kreppusjóður.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kreppusjóð (þmfrv., A. 279).

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Í fjárlagafrv. stj. er gert ráð fyrir, að skemmtanaskattur nemi 100 þús. kr. Arður af tóbakseinkasölu er áætlaður 300 þús. kr. Enn en helmingur af framlagi til byggingar- og landnámssjóðs 150 þús. og af ríkisins hálfu 200 þús., sem veldur þá því, að framkvæmd jarðræktarlaganna sé frestað, þannig að ekki verði til þeirra kostað meira en 200 til 250 þús. kr. á ári. Þetta er samtals 750 þús. kr. Í viðbót við þetta er ráðgert að leggja 200% á áfengistollinn. Þetta fé á að renna í Kreppusjóðinn til ársloka 1935. Alls mun það þá nema 4 millj. króna. Við flm. höfum ekki enn átt kost á að kynna okkur skýrslur og niðurstöður mþn. þeirrar, sem skipuð var til þess að athuga kreppumál bænda, því að þær hafa enn ekki verið lagðar fyrir þingið. En hinsvegar er sjálfsagt réttlæti að láta eitt yfir alla ganga, að taka ekki bændur sérstaklega út úr og veita þeim hjálp frekar en sjómönnum, útgerðarmönnum og verkamönnum.
Frv. er sniðið í samræmi við önnur lík, og hið bezta valið úr hverju eftir föngum. Oss þótti réttara að reisa ekki rammar skorður við því, hvernig framkvæmdir yrðu, heldur gefa stj. lausan tauminn, og sjá síðan hvernig það gefst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til kreppun. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Dráttarvextir.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um dráttarvexti (þmfrv., A. 283).

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Þetta litla frv. mitt og hv. 1. þm. N.-M. miðar að því

að setja takmörk fyrir því, hve háa dráttarvexti megi taka. Mun ég ekki fjölyrða um málið, en læt nægja að vísa til grg. Legg ég til, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 283, n. 344, 345, 359).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Eins og sjá má á áliti fjhn. á þskj. 344, mælir hún með því, að þetta frv. verði samþ. Fyrir þessu frv. liggur til grundvallar sama ástæða og fyrir lækkun almennra vaxta, sem mikið er talað um nú á þessum tímum. N. þótti rétt, að hámark dráttarvaxta væri því sett nokkru lægra en nú tíðkast hjá einstökum lánsstofnunum, og því fellst hún á frv. Ennfremur skal ég geta þess, að einstökum nm. þótti ekki nógu langt gengið í frv., og hefir því komið fram brtt. á þskj. 345 um meiri lækkun á hámarki dráttarvaxta, og hafa hv. nm. að sjálfsögðu óbundin atkv. um þá till. Þá hafa flm. frv. flutt við það brtt. á þskj. 359, um það, að í stað orðanna „Bannað er lánsstofnunum" komi: Bannað er sjóðum og lánsstofnunum. — Sú er ástæða fyrir þessari brtt., að nokkur vafi hefir þótt á því geta leikið eftir orðalagi frv., hvort þetta frv. næði til Söfnunarsjóðs eða ekki, og á því þessi brtt. að taka af öll tvímæli í þessu efni, og er það þá skýrt, ef hún verður samþ., að frv. nær til Söfnunarsjóðs og annara sjóða.

Ég held, að um þetta mál sé lítill eða enginn ágreiningur. Það er enginn ágreiningur um það, að lækka skuli dráttarvexti, og þar sem hér er aðeins um hámarksákvæði að ræða, geta lánsstofnanir vitanlega ákveðið lægri dráttarvexti en tiltekið er í frv.

Bernharð Stefánsson: Eins og hv. frsm. gat um, þótti einstökum nm. of skammt gengið með frv. um að ákveða hámark dráttarvaxta. Ég er einn af þeim, er þannig líta á, og hefi ég því borið fram brtt. á þskj. 345, um að í stað „1% — einn af hundraði —" í 1. gr. komi: ¾% — þrír fjórðu af hundraði —. Ég býst ekki við, að þessi brtt. valdi deilum, því hér er ekki beint um stefnumun að ræða. Það er almennt viðurkennt í landinu, að ein mesta nauðsyn þessara tíma sé sú, að lækka vexti, og þó ég viðurkenni út af fyrir sig, að réttmætt geti verið að hegna þeim nokkuð, sem ekki standa í skilum, með hærri dráttarvöxtum en vextir eru almennt, þá álít ég, að það séu nú svo margir, sem ekki geta borgað árgjöld af föstum lánum á réttum gjalddaga, að nokkuð verði að draga úr þessari hegningu. Ennfremur er það, að ef framkvæmd verður sú almenna vaxtalækkun í landinu, sem allir búast við og verður að fást, ef allt atvinnulíf á ekki að fara í rústir, þá verða dráttarvextir samkv. brtt. minni samt sem áður töluvert þyngri en almennir vextir. Eins og ég sagði í upphafi, er hér ekki svo mikið, sem ber á milli, að búast þurfi við, að um það verði veruleg deila, en mér finnst, úr því farið er á annað borð að ákveða hámarksdráttarvexti, að þá eigi þeir ekki að vera hærri en það, að líkur séu fyrir, að þeir, sem þurfa að greiða þá, fái undir þeim risið, en lánsstofnanir sleppi þó skaðlitlar og geti við þá unað.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mér hefir skilizt af umr. um þetta frv. og sömuleiðis á frv. sjálfu, að ákvæði þess nái aðeins til dráttarvaxta af þeim vaxtaupphæðum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, en ég hygg, að frv. ætti einnig að ná til afborgana, sem eins er ástatt um, og vil því spyrja hv. n., hvort hún hefir ekki athugað þetta, eða hvort hún ætlast til, að dráttarvextir af vöxtum einum verði allt að 1%, en af afborgunum eitthvað annað. Ég ætla mér að fylgja brtt. hv. 1. þm. Eyf. um lækkun á hámarkinu, því ég hygg, að annars hefði þetta frv. engin áhrif, þar sem hvergi munu nú reiknaðir hærri dráttarvextir en 1% á mánuði. En ég vildi gjarnan heyra frá n., hvort hún hefir athugað þetta, sem ég nú hefi tekið fram.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það má vera, að nokkur vafi geti verið á um skilning á orðalagi frv., en n. gekk út frá

því, að ákvæði frv. næðu til allrar áskilinnar árgreiðslu, afborgana og vaxta, og er það meining n. Ef orðalagið á frv. þykir óskýrt hvað þetta snertir, þá má laga það við 3. umr. með brtt. við 1. gr., með því að setja orðið upphæð í staðinn fyrir vaxtaupphæð.

ATKVGR.
Brtt. 359 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 50. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 379, 380).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Við 2. umr. kom fram bending um það, að nokkur vafi gæti verið á, hvort orðalag 1. gr. tæki yfir það allt, sem ætlazt er til, sem sé allt árgjaldið. Til þess að forðast allan vafa um, að hámark dráttarvaxta gildi fyrir allt gjaldið, ekki einasta fyrir vexti, heldur og afborganir, þá berum við fram brtt. á þskj. 380. Vænti ég þess, að ekki þurfi frekari greinargerð og að brtt. valdi engum ágreiningi.

ATKVGR.
Brtt. 380 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 398).
Á 50. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Aukaútflutningsgjald af saltfiski.

Á 41. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um aukaútflutningsgjald af söltuðum fiski (þmfrv., A. 303).

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Hafnarlög Ísafjarðar.

Á 45. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922 (þmfrv., A. 330).

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég vil aðeins mælast til, að frv. verði vísað til sjútvn. að umr. lokinni. Vænti ég þess, að hv. n. leyfi mér að eiga samtal við sig um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Áfengislög (frv. VJ).

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 19. maí 1930 [Áfengislög] (þmfrv., A. 471).

Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég skal aðeins bæta því við það, sem stendur í grg. frv., þar sem sýnt er fram á þörfina fyrir þessa löggjöf, að ég hefi sent frv. til umsagnar lögreglustjórans í Rvík, og hann hefir skrifað mér út af því á þessa leið: „Í bréfi til mín, dags. 21. þ. m., spyrjist þér, herra landlæknir, fyrir um álit mitt á því, hvort þörf sé á löggjöf um læknisrannsókn á ölvun þeirra, sem kærðir hafa verið fyrir ölvun. Sem svar við þessari spurningu yðar sendi ég yður hér með afrit af bréfi mínu til dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. sept. 1932, og kemur þar fram, að ég tel það mikla nauðsyn, að breytt verði um rannsóknaraðferð á ölvun manna. Ég hefi oftar ritað ráðuneytinu og tilfært dæmi þess, að gamla rannsóknaraðferðin sé ófullnægjandi, en ráðuneytið hefir þó ekki ennþá séð sér fært að verða við þessum tilmælum. Það er því þarft, að ákvæði svipuð þeim, sem eru í frv. því, er fylgdu bréfi yðar, séu leidd hér í lög".

Í þessu bréfi lögreglustjórans til dómsmálaráðuneytisins eru ýmsar upplýsingar um þetta mál, m. a. bréf frá forstöðumanni rannsóknarstofunnar, þar sem hann skýrir frá því, hvernig rannsóknunum er hagað og hvers af þeim má vænta. Hann hefir kynnt sér þetta með því að ferðast til þess staðar, þar sem þessum rannsóknum er lengst komið, og lært hjá þeim manni, sem mest hefir unnið að því að fullkomna þær rannsóknaraðferðir, sem hér yrði um að ræða.

Þetta bréf lögreglustjórans legg ég fyrir væntanlega n. og sting upp á því, að málinu verði vísað til allshn., að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:3 atkv., og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 471, n. 518).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 471).

Á 68. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Lögreglustjóri á Akureyri.

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um sérstakan lögreglustjóra í Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu (þmfrv., A. 579).

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið **til 1. umr.**

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Þetta frv. er flutt eftir ósk bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, sem leggur mikla áherzlu á, að það nái fram að ganga.

Ég vil ekki við þessa umr. færa fram þau helztu rök, sem fyrir málinu liggja, en ég vænti þess, að hv. d. lofi því að ganga til 2. umr. og allshn., sem væntanlega tekur málið til rækilegrar athugunar í samráði við dómsmálaráðuneytið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Almannafriður á helgidögum.

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (þmfrv., A. 580).

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Á Alþingi í fyrra var flutt hér í þessari hv. d. frv. um nokkrar breyt. á helgidagalöggjöfinni, til þess að tryggja betur rétt þeirra manna, sem verst verða úti eftir núgildandi lögum um helgidagahald. En þar sem það féll meðfram vegna slæms undirbúnings, ákvað aðalfundur Prestafélags Íslands á síðasta ári að fela 3 mönnum undirbúning á breytingum á helgidagalöggjöfinni og koma þeim á framfæri á Alþingi.

Eins og grg. ber með sér, er þetta gert í samráði við atvmrh. og stillt svo í hóf, sem fært þótti um nýjar kröfur um þessi efni.

Ákvæði þessa frv. nær einkum til bifreiðastjóra, sem eftir ákvæðum 1. gr. mundu hafa rétt til helgidagahvíldar annanhvern sunnudag, eftir því sem sú gr. er orðuð. Það er ekki einungis, að þessir menn eigi þann sjálfsagða rétt að njóta helgidagalöggjafarinnar, heldur hefir það líka þýðingu sem öryggisráðstöfun fyrir umferðina á vegunum, því að það er enginn vafi á því, eins og verið hefir um störf bifreiðastjóranna, að þeir hafa engar ákveðnar hvíldarstundir frá störfum sínum, að þá eru þeir oft vegna ofþreytu og af vökum alls ekki svo öruggir í störfum sínum eins og nauðsynlegt er í þeim efnum.

Þá hefir það ennfremur verið tekið upp, að það sé ekki hægt að skuldbinda menn til að vinna við veiðiskap eftir kl. 10½ til 1 eftir hádegi á helgidögum. Er einkum átt við sjómenn, sem eru á stórum veiðiskipum, að þeir geti a. m. k. notið hvíldar þennan stutta tíma á helgidögum.

Ég hefi persónulega borið þetta undir nokkra skipstjóra, og þeir hafa ekki talið neitt við það að atuga, enda er það vitað, að margir þeirra veita hásetum sínum slíka hvíld á helgidögum.

Þá hefir ennfremur verið tekið upp í 3. gr., að það sé löghelgað, að fiskimenn séu í höfn á jólum og heima, ef við verður komið, því að það er sú hátíðin, sem sérstaklega er helguð heimilunum, og flestir óska eftir að geta þá dvalið hjá ástvinum sínum. Það hefir undanfarið jafnvel verið gerður að því leikur að láta menn fara úr höfn rétt fyrir jólin, og það er vitað, að jafnvel sjálfa jólanóttina hefir verið stundaður veiðiskapur. Það virðist ekki ástæða til annars um það leyti árs, þegar sjávarútvegur er ekki svo arðvænlegur, en að það verði lögákveðið, að sjómenn séu í höfn eða heima, ef skipstjóri telur, að því verði við komið.

Um leið og ég óska eftir, að hv. d. taki þessum breytingum vel, þá vil ég geta þess, að persónulega hefði ég óskað, að hægt hefði verið að ganga allmiklu lengra en hér hefir verið gert. Hinsvegar, þar sem ég heyrði undirtektir d. í fyrra í þessu efni, þá taldi ég ekki líklegt, að samkomulag næðist fljótlega um önnur atriði en þau, sem tekin hafa verið upp í

frv., og ég tel, að í þeim felist sú bót, sem ekki er hægt að slá hendinni á móti, þegar ég tel líklegt, að mikill meiri hl. deildarmanna muni þeim fylgjandi, eftir því sem orð féllu hér um svipað frv. á síðasta þingi.

Leyfi ég mér svo að óska þess, að þetta frv. verði látið ganga til 2. umr. og til allshn., ef ástæða þykir að athuga það í n. Annars, þar sem svo áliðið er þingtímans — og ég óska eftir að það geti gengið fljótt í gegn, og í því eru engin flókin atriði —, þá tel ég ekki ástæðu til að vísa því til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 12. maí, var útbýtt brtt. við frv., á þskj. 651, en nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Rafveitulánasjóður Íslands.

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um Rafveitulánasjóð Íslands (þmfrv., A. 824).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

39. Eignarnámsheimild á landsvæði úr Garðalandi.

Á 7. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi (þmfrv., A. 41).

Á 11. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson) [óyfirl.]: Eins og tekið er fram í grg. frv., er mál þetta flutt hér vegna áskorana bæjarstj. Hafnarfj., og vildi ég leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til 2. umr. og landbn.

Af því að líkindi eru til, að hv. þdm. séu þessu máli ekki eins kunnugir og vera skyldi, langar mig til að gefa nokkru fyllri upplýsingar en gert er í grg.

Það er upphaf þessa máls, að þegar það kvisaðist 1931, að farið myndi að skipta óskiptu landi Garðakirkju, þá vildi bæjarstj. Hafnarfj. reyna, hvort hún gæti ekki orðið þess aðnjótandi að fá keypt nokkurt svæði úr kirkjulandinu, þar sem töluverður hluti þess lands er mjög vel fallinn til ræktunar og liggur einnig vel við fyrir bæinn, þar sem það er við veginn milli Hafnarfj. og Rvíkur. Því fór bæjarstj. þess á leit við hæstv. ríkisstj., hvort ekki myndi hægt að fá þetta land keypt. Ríkisstj. kvað sig bresta heimild til þess og vísaði til aðgerða Alþ. Snemma á vetrarþinginu kom fram till. um sölu á landinu, flutt af hv. 2. landsk. Þeirri málaleitun fylgdu ummæli búnaðarmálastjóra, þar sem tekið var svo til orða: „Hafnarfjarðarkaupstaður á einna minnst af ræktanlegu landi af öllum kauptúnum landsins. Því er lífsnauðsyn fyrir hann að fá umráð yfir nokkru landi, og er þá næst land Garðakirkju. Mikið af því liggur vel til ræktunar, einkum það, sem liggur næst veginum milli Hafnarfj. og Rvíkur. Ég leyfi mér því að mæla eindregið með því, að frv. þetta nái fram að ganga".

Málið var lengi í n., en þegar nál. var skilað, þá var því vísað frá með rökst. dagskrá og vænzt þess, að stj. gerði það, sem hún gæti, til þess að láta Hafnarfj. fá sem mest af þessu landi, vegna þess að ekki höfðu full skipti farið fram, þá er n. gaf út álit sitt. Á umr. má sjá, að menn voru því yfirleitt hlynntir, að bærinn fengi þetta land. Má t. d. því til sönnunar benda á ræðu frsm., hv. 2. þm. Eyf. Hann segir m. a.: „Og ég get endurtekið það, að allshn. er hlynnt því, að Hafnarfj. fái þarna land eftir því sem fært þykir og hann hefir þörf fyrir". Ennfremur segir hann: „Þó n. leggi það til, að frv. verði ekki samþ. nú, þá ber ekki að skilja það svo, að hún sé málinu andvíg. Að vísu tefst málið um eitt ár, en það ár ber að nota til þess að það geti komið vel undirbúið fyrir næsta þing". Það má því

segja, að málið hafi fengið góðar undirtektir hjá n., þótt það yrði ekki samþ. Þegar svo fór um þetta frv., flutti þessi sami hv. þm., 2. landsk., till. til þál., sem fór í þá átt, að stj. væri heimilt að leigja þetta land Hafnarfjarðarbæ, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, taka upp úr umr. nokkuð af því, sem þáv. dómsmrh., hv. 5. landsk., sagði út af þessu máli. Hann segir m. a.: „Það er alveg rétt hjá hv. flm., að ég hefi gert nokkuð til að tryggja það, að Hafnfirðingar fái í sumar það land, sem hér um ræðir". Ennfremur segir hann: „Stj. er nú að vinna að því, að Hafnarfj. geti fengið þarna meira land en líkur eru til, að hann þurfi að nota til garðræktar nú um langan tíma". — Þáltill. var samþ., og allir, sem málinu voru hlynntir, héldu, að þar með væri fengin á því heppileg bráðabirgðalausn. En svo kemur næsti liður málsins. Skömmu eftir samþykkt þáltill. hringdi þáv. dómsmrh. til bæjarstjórans í Hafnarf. og sagði honum, að nú væri landið til reiðu Hafnfirðingum og bað hann að koma til Rvíkur og undirskrifa samningana. Bæjarstjórinn tók þessu boði fegins hendi og lagði þegar af stað. En honum brá heldur en ekki í brún, er hann varð þess var, að það, sem Hafnarfirði var ætlað, var hinn óræktanlegri hluti landsins. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp bréf bæjarstjórans til dómsmrn. viðvíkjandi þessu máli, sem skýrir það vel:

„Hafnarfirði, 8. júní 1932.

Með bréfi, dags. 9. des. s. l., var þess farið á leit við hið háa ráðuneyti, að það seldi Hafnarfjarðarkaupstað jörðina Garða á Álftanesi, eða, ef jörðin væri í ábúð, þá þann hluta af óræktuðu en ræktanlegu landi jarðarinnar, er komi í hennar hlut við skipti þau, er fram voru að fara á áður óskiptu landi jarðarinnar. — Með bréfi, dags. 6. jan. s. l., hefir hið háa ráðuneyti svarað þessari málaleitun á þá leið, að ekki væri heimilt að selja jörð þessa, nema með sérstökum lögum frá Alþingi.

Í tilefni af þessu svari var nú á síðasta Alþ. borið fram frv. um sölu á nokkrum hluta á landi Garðakirkju til Hafnarfjarðarkaupstaðar, en frv. þetta var, eins og kunnugt er, afgr. með rökstuddri dagskrá og vísað til stj. til frekari undirbúnings.

Þá kom enn fram á Alþ. till. til þál. um að leigja Hafnarfjarðarbæ land þetta fyrst um sinn, og er mér sagt af flm. till., að það hafi komið skýrt fram í umr., að ætlazt væri til, að Hafnarfjarðarkaupstað yrði leigt allt það land, er á annað borð yrði látið úr landi jarðarinnar. — Eftir að þáltill. þessi hafði verið samþ., tilkynnti hæstv. fyrrv. dómsmrh. mér, að ég gæti undirskrifað leigusamning um land þetta, og var ég auðvitað fús til þess. En þar sem þá kom í ljós, að beztu og auðræktanlegustu stykkin úr landi þessu átti að leigja privatmönnum, en Hafnarfjarðarkaupstað óræktanlegt hraun og grýtt holt, sem að mestu leyti er óræktanlegt, vildi ég ekki undirskrifa leigusamninginn um land þetta án þess að hafa lagt málið fyrir bæjarstjórn.

Á fundi bæjarstj. í gær var mál þetta tekið til umr. og samþ. svo hljóðandi ályktun frá fasteignanefnd:

„Fasteignanefndin leggur til, að bæjarstjórn gangi eftir, að þál.till. um leigu á Garðakirkjulandi til Hafnarfjarðarkaupstaðar verði tekin til greina og Hafnarfjarðarbæ leigt allt það ræktanlegt land, sem tekið verður af landi Garðakirkju, og mótmælir því, að land þetta verði leigt privatmönnum eða öðrum".

Um þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir ræktanlegt land þarf ekki að fjölyrða. Í kringum bæinn er lítið annað en óræktanlegt hraun, eða grýtt holt, — eins og land það er, sem Hafnarfjarðarbæ hefir verið gefinn kostur á að fá nú úr Garðakirkjulandi.

Ég leyfi mér því hér með að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það taki til greina bæði þáltill., sem fyrr er nefnd, og samþykkt bæjarstjórnar, og leigi Hafnarfjarðarkaupstað allt það land, er látið verður úr landi Garðakirkju".

Til sannindamerkis um það, að bæði bæjarstjórinn og ég förum með rétt mál hvað það snertir, að þetta hafi verið óræktanlegasta landið úr heimajörð Garðakirkju, þá vil ég geta þess, að þegar átti að mæla þetta land, reyndist það vera þannig, að til skiptanna kom af landi heimajarðarinnar mýri að stærð 83,5 ha., hraun 246,6 ha. og melar 268,4 ha. Af þessu landi fékk hvert býli hlutfallslega nokkuð af sæmilega ræktanlegu

landi, annaðhvort mýri eða melum, en jafnframt hraun og holt. Það, sem féll í hlut Hafnarfjarðar, er háholtið fyrir ofan jörðina Garða, sem seinna var leigt núv. ábúanda jarðarinnar. En hitt landið, sem er langstærsta spildan, er við veginn milli Hafnarfj. og Rvíkur, til hægri þegar farið er suður. Nú liggur það í hlutarins eðli, að þessi tilhögun hæstv. fyrrv. dómsmrh. var gerð þvert ofan í vilja þingsins og gegn fyrirmælum d., því að þáltill. hv. 2. landsk. kom fram hér í d. og var samþ. áður en búið var að undirskrifa leigusamninginn fyrir annan þeirra aðila, sem fékk þetta land. En hinn samningurinn er undirritaður rétt áður en umr. fóru fram. Um þetta vissi vitanlega enginn í d., og það því síður, sem hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni viðvíkjandi þessu máli, þegar þáltill. kom fram, að það væri ekki víst, hvort hægt væri að gera þetta, vegna þess, að nú ætti að fara að kjósa prest að Görðum, og vafasamt, hvort hann vildi ekki búa þar, þótt fyrrv. prestur hefði heldur kosið að sitja í Hafnarfirði. Þetta segir hæstv. dómsmrh. 20. maí, en 17. maí undirskrifar hann ábúðarskjal fyrir núv. ábúanda að Görðum, er tryggir honum æfilanga ábúð. Það verður því ekki annað séð, en að hér hafi verið viljandi farið á bak við þingið og látið líta svo út, að allt myndi með felldu. Þegar svo var komið, vildi bæjarstjórinn vita, hvort ekki væri hægt að komast að heppilegri lausn málsins án illinda. Og því fór hann þess á leit við núv. atvmrh., hvort ekki myndi fært að kippa þessu í lag. Brást ráðh. mjög vel við þessari málaleitun og reyndi að koma þessu í samt lag, og efast ég ekki um, að það hafi verið af því, að hann hafi séð, hve bærinn var hér miklum órétti beittur. Því var það, að ráðh. bað um skýringar frá þeim manni, sem mest hafði fengið af landinu, lögreglustjóranum í Reykjavík, og svaraði lögreglustjóri með bréfi til atvmrn. og sendi bæjarstjóranum í Hafnarfirði afrit af bréfinu. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa kafla úr bréfinu, sem varðar Hafnarfj. Í bréfi sínu til lögreglustjórans spurðist atvmrh. fyrir um úthlutun landsins. Lögreglustjóri segir m. a.: „Jafnframt spurðust þér fyrir um það, herra atvinnumálaráðherra, hvort ég myndi fáanlegur til þess að láta landið af hendi í þeim tilgangi, að Hafnarfj. geti fengið það til útbýtingar í smáhluti til grasræktar. En Hafnarfirði hefir, eins og yður mun kunnugt, verið vísað á annað svæði hentugra til útbýtingar í smábletti til grasræktar". — Ég vil biðja hv. þm. að veita því athygli, að lögreglustjóri talar um, að Hafnarfj. hafi fengið hentugra land en þetta! Holtið á þá að vera hentugra til grasræktar en mýrin! — Viðvíkjandi hinu atriðinu segir hann: „Samningarnir um landið eru þannig, svo sem yður er kunnugt, að ég get aldrei grætt einn eyri á verðhækkun landsins. Hún fellur öll ríkinu í skaut. Tekjur mínar af ræktun landsins og notkun er því sá eini arður, sem ég hefi af landinu til að mæta öllum kostnaði. Handhöfn mín á þessu landi er ekki vegna gróðavonar, heldur vegna þess, að ég hefi ánægju af því að fást við jarðrækt. Ég afhendi því ekki þetta land, nema það sé hinu opinbera eða einhverju bæjarfélagi til gagnsemdar". — M. ö. o., hann lítur svo á, að land þetta, sem hann hefir fengið, geti hann haft einungis til að dunda við sér til skemmtunar. Til þess að d. skilji, að hér er farið út fyrir allan sannleika, vil ég leyfa mér að lesa upp gr. í samningnum, sem fjallar um þetta efni. Hún hljóðar þannig:

„Hvenær sem ríkið telur sig þarfnast erfðafestulandsins til ræktunar undir opinber mannvirki ríkisins, svo sem til sérstaks atvinnureksturs, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðafesturétt sinn á landinu gegn sannvirði þess, sem kostað hefir að rækta landið, að mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Fyrir þann hluta landsins, sem ræktaður kann að vera, greiðist ekkert endurgjald. Nú eru byggingar, girðingar eða önnur mannvirki á landinu þegar umboðsstjórnin krefst sér það afhent, og skal þá greiða eiganda þeirra að auki andvirði þeirra eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna".

M. ö. o., hann á að fá, ef stj. þarf á þessari landspildu að halda, allt endurgoldið, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, girðingar, hús og önnur mannvirki, sem hann hefir látið gera á jörðinni. Ég veit nú ekki til, að ríkið leigi nokkur lönd svo á erfðafestu, að ekki sé

hægt að taka þau eignarnámi, ef þörf krefur, gegn endurgjaldi á mannvirkjum eftir mati. Er því ekki verr farið með lögreglustjórann að þessu leyti en hvern annan, sem líkt er ástatt um.

Lögreglustjórinn segist vera fús til þess að láta land sitt af hendi við Hafnarfjarðarbæ, ef þar verði sett upp stórt kúabú og ef land það, sem er í kring og bóndanum í Móakoti og Eyjólfi Jóhannssyni var úthlutað, fáist líka til sömu starfrækslu. En hér horfir nokkuð öðruvísi við. Þegar farið var að stykkja út Garðaland, þá var svo ástatt, að nokkur kot voru í Garðatorfunni. Voru mannvirki á þeim mjög lítils virði og byggingar að niðurfalli komnar. Var því mælzt til þess við ábúendur þeirra, að þeir létu þau af hendi til annara jarða, til að bæta þær, en ábúendur þessara kota fengju bletti í staðinn, sem mældir yrðu út í útjaðri Garðalands. Þessar niðurföllnu kotjarðir voru Móakot, Bakki og Katrínarkot. — Bóndinn í Katrínarkoti vildi ekki fara og byggði steinhús í skyndi til að festa veru sína þar. En þeir, sem höfðu ábúðarrétt á Bakka og Móakoti, voru fúsir til skiptanna og fengu því útmælt land, sem þeim bar. En ábúandi Bakka var Eyjólfur Jóhannsson. Hér er því um nokkuð annað að ræða, þar sem þeir höfðu lífstíðarábúðarrétt á jörðum sínum, þótt þeir skiptu á þeim og þessum löndum.

Þegar svo var komið málum sem fyrr segir, vildi bæjarstj. Hafnarfjarðar ekki svara bréfi lögreglustjórans, þar sem henni fannst hann vera í fullum órétti, en Hafnarfjörður í fullum rétti með kröfu sína til landsins, en vildi ekki sæta neinum afarkostum. Var því samþ. af bæjarstj. Hafnarfjarðar að fela Emil bæjarstjóra og mér að rita og ræða um málið opinberlega. Var þessa getið í útvarpinu. Var það einróma skoðun og álit bæjarstj., að ef það yrði gert, þá mundi hvorki lögreglustjórinn né aðrir, sem við það eru riðnir, treysta sér til að halda uppi þeim rangindum, sem í því felast að halda þessu landi fyrir Hafnfirðingum. Þetta fórst þó fyrir, því hæstv. atvmrh. vildi heldur reyna að komast að samkomulagi við lögreglustjórann. Hann var hræddur um, að ef málið væri rætt og um það ritað opinberlega, þá yrði ekki komizt hjá illindum. Var lögreglustjóranum boðið land í skiptum, en hann vildi ekki sinna því. Er því þófi lauk, var orðið nokkuð áliðið vetrar og var því sá kostur tekinn að vísa því til aðgerða Alþ. — Hefir hér þá verið rakinn gangur þessa máls. Vænti ég þess, að hv. þdm., er þeir sjá, hvílíkum órétti Hafnfirðingar hafa verið beittir í þessu máli, og að það er gert þvert gegn yfirlýstum vilja þessarar þd. á síðasta þingi, þá muni þeir fúslega veita fulla leiðréttingu á þessu máli nú á þinginu. Að því er vikið í grg. frv., að ólíklegt megi telja, að leigjendum landsins verði metnar nokkrar skaðabætur fyrir missi leiguréttarins. Einkum er rétt að orða þetta, þegar tekið er tillit til þess, að segja má, að leigusamningurinn er ólöglegur. En til þess að sýna og sanna, að svo er, vil ég leyfa mér að lesa upp nokkrar gr. úr jarðræktarl., er sanna, að svo er. Í 25. gr. jarðræktarl. stendur svo — með leyfi hæstv. forseta: „Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð losnar úr ábúð, sem álízt sérstaklega vel fallin til skiptingar í nýbýli, að dómi umráðamanns jarðarinnar, skal leitað álits Búnaðarfélags Íslands um það áður en jörðin er byggð". — Þessa álits var aldrei æskt frá Búnaðarfélaginu. Hefi ég átt tal við ráðunaut Búnaðarfél. um þetta, og tjáði hann mér, að ef þess álits hefði verið leitað, þá hefði hann mælt eindregið með því, að Hafnarfjarðarkaupstaður fengi landið. Í 1. gr. leigusamninganna beggja sést það ljóst, að leigutíminn er ótakmarkaður. En samkv. 35. gr. jarðræktarl. á hann að vera 75 ár. Eftir sömu gr. á eftirgjald slíkra landa að vera 5% af matsverði, en í umræddum samningum er ekki talað um matsverð, heldur að eftirgjald sé 5 kr. af ha. fyrst í stað, og 15 kr. þegar landið er komið í fulla rækt, hvaða verðaukning, sem á landinu kann að verða. Í 36. gr. sömu l. er tilskilið, að landið sé komið í fulla rækt eftir 10 ár. En í samningunum er sá tími tiltekinn 12 ár. Af þessu geta hv. þdm. séð, að samningar þessir eru ekki gerðir samkv. gildandi l.

Land það, sem hér um ræðir, er svo stórt, að það mundi koma að miklum notum fyrir Hafnfirðinga að fá það til afnota. Land þetta er um 43 ha., eða 130 dagsláttur. Og ef Hafnarfjarðarbær fær

Garðaland í framtíðinni undir kúabú, eins og Búnaðarfél. vill, þá munar mikið um þessa spildu, sem er bezti skikinn úr Garðalandi. Þykir mér rétt, að þingið líti frekar á, hvað er til hagsbóta fátækum mönnum lítils bæjarfélags, heldur en að láta stórefnamann hafa land þetta sér til gamans, eins og hann segir í bréfi sínu.

Ég tel því víst, að á móti þessu verði tekið með velvild og að því verði veittur góður framgangur, en sá óréttur leiðréttur, er framinn var af fyrrv. stj., þar sem traðkað var rétti fátæks bæjarfélags þvert á móti vilja þingsins.

Jónas Jónsson: Hv. þm. Hafnf. hefir að vísu haldið alllanga ræðu, en honum hefir þó láðst að segja allmargt, er þó þurfti að segja þessu máli til skýringar, ef það á að sjást í réttu ljósi. Vil ég því leyfa mér að bæta nokkru við frásögn hans nú þegar, en mun þó væntanlega koma nánar að því síðar í sambandi við annað frv., er flutt mun verða og bæta mun betur og nærtækar úr þörfum Hafnfirðinga í þessu efni.

Það mátti skilja það á hv. flm., að ég hefði verið eitthvað slæmur eða erfiður Hafnfirðingum. Ég vil þó minna hv. þm. á það, að ég hefi áður verið hjálplegur Hafnfirðingum með að fá hluta úr Garðalandi til sinna þarfa, bæði til húslóða og skemmtigarða fyrir bæinn. Var áherzla lögð á það, að bærinn notaði það land sem fegurðarauka fyrir bæinn og að byggja stórbyggingar sínar á hamrinum. Það er saga þessa máls, að á Álftanesinu eru tveir hreppar, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Af ýmsum ástæðum, einkum vegna burtflutnings ungs og fullvinnandi fólks þaðan, líkt og víðar hefir átt sér stað, hafa þessir hreppar orðið fámennir og fátækir. Höfuðástæðan til erfiðleika þeirra liggur þó í því, að þegar það fólk, sem þaðan var kynjað, hefir gefizt upp, hafa hrepparnir aftur orðið að taka við því til framfæris. Af því leiðir, að sveitarþyngsli eru gífurleg í þessum hreppum, einkum þó í Garðahreppi, og munu þau hvergi meiri vera á landinu, miðað við mannfjölda. Af algengum ástæðum, og ekki sízt að þessu athuguðu, er það skiljanlegt, að hreppi þeim, sem hér um ræðir, sé ekki sama, hvernig búið er að jarðeignum hans. Er þeim ekkert ljúft, og telja að það auki lítið gjaldþol hreppsins, að Hafnarfjörður nái umráðum yfir landi hreppsins meira en hann þegar hefir fengið. Frá Hafnarfirði hafa þeir fengið bróðurpartinn af sínum sveitarþunga. — Þegar því hinar pólitísku umbúðir eru teknar af þessu máli, þá fer að verða nokkuð mikil spurning, hvort rétt sé, að Hafnarfjörður fái miklu meira af sérstökum hreppi, sem þarf að vera sjálfstæður og þarf til þess, að svo geti verið, á öllu sínu að halda. Spakmælið sígilda „Gjaldið keisaranum það, sem keisarans er", o. s. frv. getur átt þar við. — Hafnarfjörður hefir þegar fengið það úr Garðalandi, sem vegna landfræðilegrar afstöðu var sjálfsagt, að hann fengi. En nú vill Hafnarfjörður leggja undir sig svæði úr hreppnum til viðbótar, þar sem vel gætu verið sjálfstæð býli. Hv. þm. Hafnf. treysti sér ekki til að minnast á það, að Garðahreppur hefir mótmælt því, að hann væri veiktur með því að leggja meira af Garðalandi til Hafnfirðinga. En það hefir hann gert. Hv. þd. verður því að athuga það vel, að þegar umbúðirnar eru teknar af þessu máli, þá er kjarninn sá, hvort rétt er að veikja erfiðlega staddan hrepp með því að taka frá honum sjálfstæð býli og leggja þau undir nágrannakaupstað. — Þetta vona ég, að hv. þdm. athugi vel.

Áður langt um líður mun ég geta sýnt hv. þd., hvernig Hafnarfjörður, sem nú vill ásælast lönd nágrannahrepps, hefir farið með sín eigin lönd, þau er hann hafði full umráð yfir. Er rétt og skylt að bera þá samninga, sem um þau lönd hafa verið gerðir, saman við samninga þá, sem hér er um deilt. En ekki liggur neitt á að fara út í það nú. En ekki er nema réttmætt að ætlast til þess, að kaupstaðurinn ráðstafi sínum eigin löndum haganlega, áður en hann fer að ásælast lönd nágrannahreppa og þrengja með því kosti þeirra.

Að svo mæltu skal ég leyfa mér að leiðrétta nokkra ónákvæmni í frásögn hv. flm. Er þá fyrst frá því að segja, að þegar ég tók sæti í stjórn, var gamall prestur í Görðum. Óskaði hann eftir því að mega flytja til Hafnarfjarðar, og fékk hann leyfi til þess. Næsti prestur, sem við

brauðinu tók, óskaði einnig eftir því að eiga búsetu í Hafnarfirði. Jörðin var því byggð, en það er þó ekki rétt hjá hv. þm., að hún sé öll í fastri ábúð, því að ég mælti svo fyrir í stjórnarráðinu, að ⅓ yrði eftirskilinn handa presti, ef hann vildi nytja landið. En það hefir ekki orðið enn. Virðist því hafa verið óþarfa forsjálni að gera ráð fyrir því, að prestur vildi setjast að í Görðum.

Það var auðheyrt á því, sem hv. flm. sagði, að hann hefði helzt kosið, að heimajörðin í Görðum yrði einnig innlimuð Hafnarfirði. Ég hefði máske getað fylgt því, ef það hefði legið fyrir, að Garðahreppur yrði allur innlimaður Hafnarfirði, bæði til þyngsla og ávinnings. Þetta hygg ég, að sumir þeir menn áliti að geti komið til mála, sem þó eru algerlega mótfallnir allri skerðingu á löndum hreppsins á þann hátt, að þau séu lögð til annara hreppa eða kauptúna. Áður hafði Garðatorfan átt saman óskipt land. Bændur þar vildu, að landinu væri skipt og merki sett. Var því Pálmi Einarsson ráðunautur fenginn til þessa verks. Er nú löndum skipt í sundur, og una menn því vel. En auk þess, að á heimajörðinni í Görðum má hafa tvö býli, ef prestur vill búa þar, þá var gert ráð fyrir, að býlum gæti fjölgað, og mæling framkvæmd með það fyrir augum. En auk þess, sem ætlazt var til, að sjálfstæðum býlum gæti fjölgað og ræktun aukizt, var og séð fyrir því, að Hafnfirðingar gætu fengið þarna land til kartöfluræktar, en það hafa þeir ekki þegið. Hv. flm. hlýtur að vita um það, að Hafnfirðingar hafa átt kost bæði á þessu landi og öðrum, sem þeir gátu fengið keypt. En því hafa þeir ekki viljað líta við. Og um þau lönd, sem hér um ræðir, fara þeir fyrst að biðja, þegar þeir vita, að aðrir hafa lagt fölur á þau. Það lítur því helzt svo út, að það sé ekki þróttur til framkvæmda, heldur viss tegund afbrýðissemi, sem hvetur þá til að leggja kapp á að ná í þessar landspildur. Þetta álit styrkist líka við það, að ekki er seilzt til lands, sem forstjóri Mjólkurfélagsins á þarna og líkt er ástatt um, — en það er líka flokksbróðir hv. flm., sem það land á. Ég sé því ekki ástæðu til að taka landið frekar af einum en öðrum, er lönd eiga þarna. Ef bæjarstj. Hafnarfjarðar vill gera mikið, þá liggur næst fyrir hana að taka jarðir af 12—14 bændum þarna.

Þá hefir hv. þm. Hafnf. vísvitandi reynt að telja hv. deild trú um það, að ekki hafi verið byggt á neinni rannsókn, þá er landi þessu var skipt í nýbýli. En það vill nú svo vel til, að í stjórnarráðinu munu liggja plögg frá manni þeim, er mældi landið, þar sem hann leggur til, hvernig því skuli skipt, og það get ég fullyrt, að ekki var einn ferþuml. af því látinn öðruvísi.

Sá, sem landið mældi, var Pálmi Einarsson ráðunautur, og ég fyrir mitt leyti trúi honum miklu betur en Þorleifi lögregluþjóni í Hafnarfirði og hv. þm. Hafnf. En hann fullyrti við mig, að land það, sem Hafnarfjarðarkaupstað var boðið af hinu umrædda Garðakirkjulandi, væri bezt fallið til kartöfluræktar af því landi, sem úthlutað var, og hann fullyrti ennfremur, að land þetta væri meira en líkindi voru til, að Hafnarfjarðarkaupstaður þyrfti að nota til kartöfluræktar í náinni framtíð.

Ég hefi því látið Hafnfirðinga fá það land, sem hentugast var fyrir þá, en Garðahrepp halda því af landi sínu, sem bezt var fallið til nýbýla, í von um, að hann á sínum tíma gæti fengið 4—5 nýbýli, til þess að standa undir byrðum sveitarfélagsins. Bæjarstj. Hafnarfjarðar hefir nú neitað að taka við landi því, er henni var boðið til kartöfluræktar. Hvort Emil Jónsson bæjarstjóri þar hefir meira vit á landi og gæðum þess til ræktunar en Pálmi Einarsson, læt ég ósagt. Hv. flm. hefir því farið hér með fráleitar blekkingar, þar sem hann hefir viljað halda því fram, að ekki hafi verið tekið tillit til tillagna ráðunautsins við skiptingu landsins, þegar því er beinlínis skipt eftir tillögum hans og í samræmi við yfirlýstan vilja hreppsbúa Garðahrepps. Ég vil nú spyrja hv. flm. og óska, að hann svari spurningum mínum vífilengjulaust. Fari nú svo, að Hafnarfjarðarbær fái 3—4 stór erfðafestulönd, til hvers ætlar hann þá að nota þau? Ætlar hann að reka þar búskap með socialistisku fyrirkomulagi, eins og t. d. bæjarútgerðina, og ætlar hv. þm. að styðja það? Eða ætlar bærinn að leigja löndin, eins og hann hefir leigt sín

eigin lönd? Og í þriðja lagi vildi ég spyrja, hefir ekki verið gerð áætlun um það, hversu mikið muni fást af kartöflum úr landi þessu, sem Morgunbl. virti á 100 þús. kr.? Ég þykist nú vita, að þetta liggi laust fyrir hjá hv. þm., því að ekki er ólíklegt, að Emil Jónsson hafi notað sína verkfræðilegu þekkingu til þess að rannsaka málið ýtarlega. Þá væri og fróðlegt að vita um áætlaða mjólkurþörf bæjarins og hve mikið væri áætlað, að hafast mætti upp úr þessu landi. Glöggir útreikningar um þessa hluti hljóta að liggja fyrir; annars myndi mál þetta ekki sótt af slíku kappi sem raun ber vitni um.

Ég hefi áður leiðrétt þann leiðinlega misskilning, að Garðaprestur myndi ekki geta búið í Görðum eins og nú standa sakir. Það stendur honum einmitt opið hvenær sem er. Hitt er annað mál, þó að hann hafi frekar kosið að búa inni í Hafnarfirði. Þá mun ég ekki fara mikið út í bréfaskipti þau, sem farið hafa á milli bæjarstj. Hafnarfjarðar, stjórnarráðsins og leigjenda hinna umdeildu landa. En hitt finnst mér undarlegt, að Hafnfirðingar skuli ekki hafa komið auga á þennan mýrarblett áður. Væri því fróðlegt að fá að vita, hvernig í því liggur, og jafnframt hinu, hvers vegna þeir vilji ekki nota land það, er næst þeim liggur.

Þá held ég, að það sé dálítið ógætilegt af hv. flm. að bera erfðafestusamning þann, sem hér er um að ræða, saman við ýmsa aðra slíka samninga og telja hann hagstæðari fyrir viðtakanda, þar sem sannanlegt er, að hann er miklu harðari fyrir viðtakanda en aðrir hliðstæðir samningar, sem t. d. Reykjavíkurbær hefir gert um lönd sín, og að ógleymdum samningum þeim, sem flokksbræður hv. flm. hafa gert um lönd Hafnarfjarðarkaupstaðar. Hér má leigutaki hvorki selja né veðsetja landið, nema leyfi stjórnarráðsins komi til, og er það gert til þess, að ríkið geti tekið landið til sinna nota, ef því sýnist svo. Þar er og tilskilið, hvað greiða þurfi fyrir landið, til þess að ríkið þurfi ekki að greiða verðhækkun, sem á því yrði án tilverknaðar eiganda. En eins og kunnugt er, þá hefir það verið höfuðgallinn á lóðasölu hér í Rvík og jafnvel víðar nú um nokkurt skeið, að stórkostlega miklir fjármunir hafa lent í vösum einstakra manna, aðeins vegna óeðlilegrar verðhækkunar á lóðum og lendum.

Þá var allfróðlegt að heyra röksemdafærslu hv. flm. fyrir því, að hann teldi ekki fært að láta taka eignarnámi lönd þau, er flokksbræður hans eiga þarna við hliðina á landi því, er hann með frv. þessu vill, að heimilað verði að taka eignarnámi. Skein þar alstaðar í gegn hjá hv. þm., að hér er ekki um annað en persónulega eða pólitíska árás að ræða. Hefði verið beðið um öll löndin, er eins stóð á um, gat maður skilið, að frv. þetta hefði verið borið fram vegna þarfa Hafnarfjarðarbæjar, en þegar aðeins er beðið um lönd þau, sem hinir pólitísku andstæðingar þm. eiga, þá horfir málið öðruvísi við.

Ég er alveg samdóma hv. þm. um það, að mál þetta eigi að fara til nefndar og athugast þar. Kemur þá einnig til athugunar aðstaða hreppsins gagnvart bæjarfélagi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og sömuleiðis það, hvort bæjarfélaginu eigi að haldast uppi að leigja beztu lönd sín til prívatmanna fyrir óhæfilega lágt gjald, á sama tíma og það er að ásækjast lönd frá Garðahreppi.

Jón Baldvinsson: Ég hafði nokkur afskipti af máli þessu á síðasta þingi, sem enduðu með því, að samþ. var þál. til stj. um það, að sjá Hafnarfjarðarkaupstað fyrir nægilegu landi, sem fengist við skipti á landi Garðakirkju. Það má sjá það nú eftir á, að hv. 5. landsk. hefir alltaf spyrnt á móti þessu máli. Hann var fyrst á móti þáltill. og síðan fór hann í kringum vilja þingsins í framkvæmdinni. Ég býst nú við, að það liggi öllum ljóst fyrir, að það var og er alveg lífsskilyrði fyrir Hafnarfjarðarbæ að fá gott land til ræktunar. Að ræktun þess mátti t. d. vinna í atvinnubótavinnu. Skipti þessa umræddu Garðalands fóru nú, eins og kunnugt er, þannig, að Hafnarfjarðarbæ voru boðnir lélegustu skæklarnir, en aðrir fengu það bezta. Ég er því alveg sammála hv. flm. frv. þessa í því, að heimila beri stj. að taka lönd þau eignarnámi, sem úthlutað var síðastl. vor af hinu umræddu Garðalandi. Jafnframt tel ég, að sömuleiðis beri að heimila stj. að taka önnur lönd þar eignarnámi, ef ástæða er til, eins

og t. d. land Eyjólfs Jóhannssonar, enda þótt réttur hans til landsins kunni að vera eitthvað fyllri en hinna.

Þá kom það fram undir þessum umr., að ennþá væri möguleiki fyrir því, að prestur settist að í Görðum, og því væri eitthvað af landi jarðarinnar ætlað honum. En það veit bæði hv. 5. landsk. og aðrir, að kemur ekki til mála að verði, því að í Hafnarfirði búa fleiri þús. manna, en í Garðahreppi aðeins örfáir menn. Það myndi því aldrei verða kosinn þarna prestur, sem ætlaði sér að setjast að í Görðum.

Hv. 5. landsk. talaði m. a. um lönd, sem forráðamenn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefðu látið af hendi til einstakra manna. Það er alveg rétt að áfellast slíkt. En hv. 5. landsk. er bara sömu sökinni seldur og þeir, sem hann er að ásaka. Hann hefir sjálfur afhent einstaklingum lönd, sem að réttu lagi áttu að falla undir Hafnarfjörð. Hv. þm. hefir því í þessu efni hegðað sér eins og argasti íhaldsmaður.

Að afhenda einstökum mönnum lönd, þar sem jafnauðsæ þörf er fyrir landsvæði til ræktunar handa fjölmennum kaupstað, er hreinasta ranglæti. Hvorki Hermann né Tryggvi munu fjölga býlum þarna, heldur hafa lönd þessi sér til gamans. Það má vel vera, að þeir eins og margir fleiri menn hafi áhuga fyrir ræktun, og því sé rétt, að þeir fái lönd til ræktunar, en þau lönd má ekki láta á kostnað Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Hv. 5. landsk. hefir afsakað gerðir sínar frá í fyrra í þessu máli með því, að hann hafi haft sér til ráðuneytis mann frá Búnaðarfél. Ísl. Ég veit ekki, hver það hefir verið, en hitt er víst, að það var ekki sá ómerkasti af starfsmönnum Búnaðarfél., sem lagði máli þessu lið í fyrra, með því að senda til þingsins meðmæli sín með því. En sá maður var Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri.

Því verður nú alls ekki neitað, að Hafnarfjarðarkaupstaður hefir mikla þörf fyrir land það, sem hér hefir verið deilt um, og mun hafa einna bezta aðstöðu allra til þess að notfæra sér það. Hitt kemur þessu máli ekkert við, þó að hv. 5. landsk. kunni að geta bent á einhverjar vitleysur hvað snertir leigu á löndum kaupstaðarins fyrr á tímum. — Að endingu vil ég taka það fram, að ég tel sjálfsagt, að mál þetta gangi til nefndar, og þar verði einnig athugaðir mögulegleikarnir fyrir því, að Hafnarfjarðarkaupstaður geti fengið meira land en það, sem hér er um að ræða.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson) [óyfirl.]: Hv. 5. landsk. hefir nú lýst því yfir, að hann vilji að einhverju leyti bæta fyrir gerðir sínar í þessu máli. En það finnst mér einkennilegt, að hann skuli vilja bæta fyrir þær á þann hátt, að koma með nýtt frv. inn á þingið um, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái ræktanlegt land tekið frá öðrum, en láta þá sleppa, sem með óréttu hafa fengið það land, sem kaupstaðnum bar. Þetta er þeim mun undarlegra, þegar þess er gætt, að allir ábúendurnir kringum Hafnarfjörð, sem landið yrði að taka af, eru bláfátækir menn, sem alls ekki má skerða lönd hjá.

Þá var þessi hv. þm. að hæla sér af því, hversu mikinn greiða hann hefði oft gert Hafnfirðingum. Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt, þó að hann geri þetta sjálfur, því að það munu tæplega aðrir verða til þess, þar sem vitanlegt er, að hann hefir aldrei neitt gert, hvorki fyrir Hafnarfjörð né Hafnfirðinga, þvert á móti verið þeim andstæður í málum, eins og t. d. því, sem hér er um að ræða.

Út af ummælum hv. þm. um land Eyjólfs Jóhannssonar framkv.stj., að gengið hafi verið framhjá því í frv. þessu, vil ég taka það fram, að ég lít svo á, að réttur hans til landsins sé fyllri en réttur þeirra Hermanns og Tryggva til landa þeirra, er þeir hafa fengið. Þó er það svo, að Hafnfirðingar myndu verða þakklátir, ef hægt yrði að fá það land líka handa bænum. Enda stendur í frv., að vera megi, að um fleiri lönd þarna sé að ræða.

Að það sé vegna kunningsskapar við Eyjólf Jóhannsson, að land hans er ekki nefnt í frv., er hin mesta fjarstæða, því að ég minnist þess ekki að hafa talað eitt einasta orð við þann mann.

Þá minntist hv. 5. landsk. á það tjón, sem Garðahreppur myndi hafa liðið við það, að lönd þessi hefðu fallið Hafnarfirði, því að ábúendur þeirra greiði 400 kr. á ári til hreppsins. Þetta hefði mátt tryggja með samningum milli Hafnar-

fjarðar og Garðahrepps. Annars held ég, að flestir sanngjarnir menn líti svo á, að úr því að hreppsbúar sjálfir fengu ekki lönd þessi, þá ættu þó menn búsettir í sókninni að ganga fyrir með að fá þau.

Það vill nú svo vel til, að ég hefi sjálfur átt tal um þetta mál við Pálma Einarsson ráðunaut, sem hv. 5. landsk. er að vitna til, og hann hefir sagt mér, að ef hann hefði mátt ráða, þá hefði hann látið Hafnarfjarðarbæ fá land það, sem Hermann og Tryggvi hafa fengið. En í stað þess fær bærinn alóræktanlegasta landið, sem til var í landi því, sem til skipta kom. Saga þess máls er þannig, að biskup landsins, sem þetta mál heyrir undir, hefir alltaf verið því mótfallinn að láta jörðina af hendi. Hann hafði hugsað sér að koma þar á rekstri, í einhverju góðgerðaskyni að mig minnir, annaðhvort barnaheimili, eða e. t. v. einhverri fræðslustofnun, vegna þess að þetta var merkur staður og þar höfðu setið merkir menn. Að Hafnarfjarðarkaupstaður hefir ekki fengið þetta land, stafar ekki af því, að hann hafi ekki margsinnis óskað eftir því, heldur er það vegna þess, að stjórnirnar, sem að völdum hafa setið, fóru eftir tillögum biskups. En nú, þegar ekkert var lengur farið eftir því, hvað biskup vildi í þessu máli, og farið var að skipta landinu upp, þá fór Hafnarfjörður strax á stúfana. Það er því alls ekki rétt, að Hafnarfjörður hafi ekki alltaf haft opin augu fyrir þessu máli.

Ef það er rétt, að Pálmi Einarsson hafi sagt um land það, sem hv. fyrrv. dómsmrh. ætlaði okkur Hafnfirðingum, að það væri heppilegt til kartöfluræktar, þá skil ég ekki skýrslu þá, sem hann hefir hér gefið um Garðaland.

Þá kem ég að spurningum þeim, sem hv. 5 landsk. lagði fyrir mig. Hann spurði m. a., til hvers Hafnarfjörður ætlaði að nota þetta land, ef hann fengi það. Ég er ekki í neinum vafa um, að Hafnarfjörður mundi nota það á þann hátt, sem hentugastur þætti til þess, að það kæmi íbúunum að sem mestu gagni, og þá fyrst og fremst þeim, sem mesta þörf hafa fyrir atvinnu og fátækastir eru. Það hefir verið talið, að hv. 5. landsk. hefði talsverðar mætur á sócialistum. Það vill nú svo til, að þeir hafa meiri hl. í bæjarstj. Hafnarfjarðar. Ég efast ekki um, að sá meiri hl. mundi úthluta landinu til fátæklinga og atvinnuleysingja, en ekki til neinna „burgeisa", og ég býst ekki við, að hv. 5. landsk. efist um það heldur. Mér finnst óþarfi að óttast það, þar sem bæjarfélagið er á annað borð sjálfs sín ráðandi, að það hafi ekki vit á að nota þetta land á þann hátt, sem heppilegast verður, ef það fær umráð yfir því.

Þá kemur önnur spurningin, sem var um það, hvað ég búist við, að fengist mikið af kartöflum af þessu landi. Það má nú segja, að það er fleira matur en flesk. Það má fleira rækta til nytja hér á voru landi heldur en kartöflur. Það má t. d. rækta gras, og þetta land mun til þess ætlað.

Ég verð að segja, að það eru hrein ósannindi, að Hafnfirðingar hafi ekki gert það, sem þeir hafa getað, til þess að rækta það land, sem þeir hafa haft afnotarétt á. Þeir hafa ræktað land, sem ég veit, að bændum myndi ekki detta í hug að hreyfa við.

Eftir því, sem fróður maður hefir sagt mér um, hvað hafa megi upp úr landinu, sem lögreglustjórinn fékk, þá má á því afla 1200 hesta af töðu og fóðra á því 30 kýr. Og ég verð að segja, að það er meira en lítill ávinningur að fá land þetta, sem er 80 dagsláttur, fyrir 400 krónur.

Þá kem ég að leigusamningnum. Hv. 5. landsk. segir, að ekki séu betri þeir leigusamningar, sem valdhafar Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafa gert. Þetta vill oft brenna við hjá þessum hv. þm. Það er eins og sagt var á þinginu í fyrra, að hann þarf alltaf að miða við það versta, sem hann getur fundið hjá öðrum, til þess að finna eitthvað samrímanlegt við það, sem hann vill sjálfur vera láta.

Að leigutaka sé bannað í samningnum að selja eða veðsetja leiguréttinn, eru hreinustu ósannindi. Í 8. gr. leigusamningsins stendur þvert á móti, að leigutaka er „.... heimilt að selja leigurétt sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt, þó að áskildu samþykki umboðsvaldsins".

Ég held ég hafi þá svarað því, sem hv. 5. landsk. beindi til mín. Ég hefi bent á, hvers vegna Hafnfirðingar ruku einmitt nú upp til handa og fóta með að fá þetta

land, eins og hv. þm. orðaði það. Það var hreint og beint af því, að fyrrv. stjórnir hafa virt að einhverju vilja þeirra, sem fyrst og fremst hafa með mál kirkjunnar að gera, eins og biskupsins. En þegar ekki var lengur neitt gert með það, hvað hann vildi, og byrjað að skipta upp jörðinni, þá var auðvitað tími til kominn að hlaupa upp til handa og fóta, og það gerðu Hafnfirðingar á augabragði. Annars býst ég við, að þetta hafi allt átt að fara leynt og skiptin að komast í kring áður en Hafnfirðingar vissu um, hvað til stóð.

Hvað snertir hagsmuni Garðahrepps, þá er það mín persónulega skoðun, að það væri það bezta, bæði fyrir hreppinn og Hafnarfjörð, að Garðahverfið rynni undir Hafnarfjarðarkaupstað. Ég er ekkert hræddur við þessi miklu sveitarþyngsli þar, sem hv. þm. var að tala um, því yfirleitt búa þarna sæmilega efnum búnir menn, og fátækraframfæri er fremur lítið í hreppnum.

Að lokum skal ég geta þess, að komi hér fram í frv.formi ráðstafanir í þá átt, að Hafnarfjörður geti fengið meira af ræktanlegu landi heldur en hann nú hefir umráð yfir, þá mun ég taka því með þökkum og greiða því atkv., svo framarlega að ekki sé með því framið ranglæti gagnvart öðrum fátækum mönnum. En þó slíkt frv. komi fram, þá réttlætti það út af fyrir sig ekki það ranglæti, sem Hafnfirðingar hafa orðið fyrir. Þeir eiga sama rétt á því landi, sem hér er um að ræða, þó þeir fengju land annarsstaðar. Þess vegna get ég ekki verið með slíku frv. undir þeirri forsendu, að það eigi að réttlæta verk það, sem hv. fyrrv. dómsmrh. framdi í þessu máli.

Jónas Jónsson: Hv. 2. landsk. talaði hér nokkur orð, og var ræða hans ágæt sönnun þess, sem ég hefi áður sagt um þetta mál. Það er auðskilið, að fyrir honum sem sócialista sé það talsvert atriði, að leggja lönd frá Garðahreppi undir Hafnarfjörð. Hann skoðar sig vitanlega sem fulltrúa bæjanna, en ekki sveitanna, því að þar eru hans kjósendur allflestir. Þessi afstaða hans kom skýrt fram, og með því hefir hann skýrt vel fyrir þeim, sem aftur á móti eru hér staddir sem fulltrúar sveitanna, hvað það þýðir í raun og veru, sem hér er um að ræða. Fylgi hans við þetta mál sannar, að t. d. hv. þm. G.-K. og þeir, sem líkt stendur á um, eiga að vera á móti því; móti því að rífa niður einstök heimili í hreppnum, sem liggja að kaupstöðunum, aðeins til þess að styrkja kaupstaðina.

Ég hefi áður svarað því, sem hv. þm. Hafnf. talaði um „lélegasta skikann", sem Hafnfirðingar áttu að fá. En ég get tekið það fram strax, að lýsing sú á landinu, sem hv. þm. vitnaði í, er alls ekki sú sama, sem ég talaði um. Ég fékk bréf frá Pálma Einarssyni, þar sem hann mælir með þeirri skiptingu, sem gerð var. Kom honum mjög á óvart og leit á það eins og hverja aðra læknisvillu hjá bæjarstj. Hafnarfjarðar, að hún skyldi ekki vilja landið. Og það er óhugsandi, að Pálmi Einarsson hefði mælt með því landi handa Hafnarfirði, sem ónothæft er til ræktunar. (BSn: Lýsingin, sem ég las úr, er undirskrifuð af Pálma Einarssyni). Það kemur ekki málinu við. Það eru engin mótmæli gegn því, að land geti verið gott til kartöfluræktar, þó það sé sendið og óheppilegt til túnræktar. (BSn: Það stendur hér „grýtt holt og hraun"). Hv. þm. veit nú, að kartöflur þrífast oft bezt þar, sem hraun er, því að þar er skjólgott. En ég get vel trúað, að hann treysti á, að ég hafi ekki aðgang að skjölunum í stjórnarráðinu nú, en þau eru þar nú samt, nema ef hann býst við að fá þeim stungið undir stól af vinum sínum þar, til þess að þau komi ekki fram til að sanna rökvillur hans.

Þá sagði hv. 2. landsk., að aldrei mundi verða kosinn sá prestur í Hafnarfirði, sem sitja vildi að Görðum, en ekki inni í bænum. Í þessu kemur fram fyrirlitning á sveitunum og mjög ókristilegur hugsunarháttur, sem hv. þm. ætti að leggja niður, því hann bendir til þess, að hv. þm. sé ekki vel í kirkju hæfur, eins og tekið var fram í stólræðu nýlega. Ég hefi ekki heyrt orðað, að það hafi verið sett upp við prestinn, að hann sæti ekki að Görðum, mér finnst einmitt, að hann ætti að sitja þar og styðja sveitina sem gjaldandi í sinni sveit.

Ég vil benda hv. 2. landsk. á, hvað það er fráleitt af Hafnarfirði að leigja þau lönd sín, sem bezt eru til garðræktar eða

bæjarbúrekstrar fallin, einstökum mönnum til langs tíma, en vera svo að seilast inn í aðra hreppa eftir löndum og þrýsta á rétt þeirra.

Þá efaðist hv. 2. landsk. um, að sjálfstæð nýbýli yrðu reist á þessu landi, sem Hafnarfjörður er nú að ásælast. Það er þó a. m. k. ætlazt til þess og gert ráð fyrir því í leigusamningnum. Landið var reiknað út af Pálma Einarssyni með það fyrir augum, að þar væri hægt að reka sjálfstætt bú. Það er ekki von, að byrjað sé að byggja þar enn, því fyrst þarf að ræsa landið fram og girða það.

Hv. þm. kvað búnaðarmálastjórann hafa mælt með því fyrir sitt leyti, að Hafnarfjörður fengi þetta land. Þetta getur vel verið. En hann hefir ekkert athugað þetta mál sérstaklega, og þó hann sé mætur maður, þá býst ég við, að ráðunautur hans sé eins dómbær í þessu máli, þar sem hann hefir rannsakað það.

Ég skal ekki metast á við hv. þm. Hafnf. um það, hvort ég hefi unnið Hafnfirðingum gagn sem þm. eða ekki. Hann gat ekki véfengt það, sem ég sagði um stykkið úr Garðalandi, sem ég hjálpaði þeim til að fá. Eru því ummæli hans um, að ég hafi ekki viljað styðja þá að réttu máli, afsönnuð í þessu eina máli, og myndi ég geta tilfært fleiri dæmi um, að ég hafi verið þarfari Hafnarfirði í opinberum málum en þm. sjálfur, sem ég veit ekki til, að hafi unnið bæjarfélagi sínu sýnilegt gagn með þingmennsku sinni. Hitt, að hv. þm. vill ekki biðja um land það, sem Eyjólfur Jóhannsson hefir fengið við hliðina á lögreglustjóranum og ráðsmanninum á Kleppi, sýnir, hvað mál þetta er af persónulegum rótum runnið. Að vísu segir hv. þm. eftir á, að Hafnfirðingar vilji taka við þessu landi líka, ef það er að þeim rétt, en hann hefði auðvitað krafizt þess á sama hátt og hins, ef hann hefði í raun og veru óskað eftir, að það væri tekið. (**BSn**: Það stendur um þetta síðast í grg. frv.). Hv. þm. ætti að vita, að grg. er ekki lög.

Þá er það algerlega misskilningur hjá hv. þm., að það hafi verið af persónulegum ástæðum, að þessir menn fengu land þarna, en ekki einhverjir aðrir. Að vísu voru ýmsir fleiri, sem vildu koma til greina, þegar landinu var skipt, en engir, sem voru eins líklegir til að koma þar upp sjálfstæðum býlum eins og þessir menn, sem allir eru bráðduglegir og áhugasamir um ræktun. Það voru t. d. menn, sem vildu hafa landið undir öðrum jörðum. En það, sem mest veltur á í þessu máli, er það, hvort það eiga að verða til fleiri sjálfstæð býli í hreppnum eða ekki. Ég átti fyrir nokkrum árum þátt í því, að stofnuð var hér bankadeild, sem heitir byggingar- og landnámssjóður. Var í sambandi við það gert ráð fyrir, að hægt yrði að stofna fleiri sjálfstæð býli í sveitum landsins. Frv. um þetta mál mætti hinni mestu mótstöðu, skilningsleysi og hatri hjá flokksbræðrum hv. þm. Hafnf., á meðan þeir voru nokkurs megnugir. Kom þá glögglega fram stefnumunur framfaramannanna og afturhaldsmannanna. Íhaldsmennirnir sáu enga ástæðu til þess að koma upp nýbýlum í sveitunum; þeir hafa gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að hindra slíkt. Þeir vilja gjarnan, að fólksfjölgunin verði eingöngu í bæjunum og gera sveitirnar að einskonar selstöðuverum handa kaupstaðarbúum. Hinir fáu stuðningsmenn sósíalistaforingjanna geta auðvitað líka vel hugsað sér, að byggðin sé öll í bæjunum, að sveitir séu engar til, nema eins og kálgarðar út frá bæjunum. Mín afskipti af þessum málum hafa miðazt við það, að hinum sjálfstæðu býlum geti fjölgað. Sumstaðar annarsstaðar á landinu hefir tekizt að koma því til leiðar, að stórum jörðum hefir verið skipt upp í fleiri smábýli. Fyrir norðan var t. d. einu prestssetri skipt í fimm býli. Það var ekki litið til þess með neinni velvild af biskupi landsins, en býlin eru nú komin samt. Og þarna búa nú 4 sjálfstæðir bændur við hliðina á prestinum, sem einnig býr eins og áður.

Það var annars skemmtilegur sá hluti af ræðu hv. þm. Hafnf., sem laut að biskupi. Hann segir, að biskup hafi aldrei viljað láta taka land Garða til notkunar, heldur hafi hann viljað láta geyma það óskipt handa einhverjum einhverntíma í framtíðinni. Það er leiðinlegt, þar sem biskup hefir verið svona áhugasamur um þennan stað, að hann skuli hafa látið hina fögru kirkju, sem Þórarinn heitinn Böðvarsson lét reisa að Görðum, grotna þar

niður. Hún mun nú vera verr með farin en nokkur önnur sveitakirkja á landinu. Mér finnst, að fyrst hv. þm. er að hæla biskupi fyrir afskipti hans af Görðum, þá hefði hann átt að benda á þetta sem dæmi um umhyggjusemi hans fyrir staðnum, að hann lætur þessa merkilegu kirkju grotna niður af hirðingarleysi, sjálfsagt með góðu samþykki „allra heilagra". Hv. þm. beygði sig í auðmýkt fyrir því, að biskup vildi ekki láta rækta Garðaland. Hann segir, að engum hafi dottið í hug að fá þessa mýri, meðan biskup stóð á móti því, að hún væri látin af hendi. (BSn: Það var ekki hægt að fá hana, meðan ríkisstj. vildi fara eftir tillögum biskups). Það var hægt að bera fram frv. um það, eins og nú er gert. En hinir ágætu menn beygðu sig í duftið fyrir því, að „smáfólkið" gat ekki fengið land til garðræktar, af því að biskup ætlaðist til, að einhverntíma yrði eitthvað með það gert. En þegar þeir verða varir við, að það á að fara að byggja þarna nýbýli og rækta landið, sveitinni til styrktar, þá kemur annað hljóð í strokkinn. Þá má taka landið til að leggja það undir bæinn. Ég held, að það hefði verið betra fyrir hv. þm. að hafa ekki þennan kafla um biskupinn í ræðu sinni, því hann sýnir, hvað áhuginn fyrir þessu máli stendur grunnt. Hið sama sýnir hitt, að „beztu menn" Hafnarfjarðar, vinir hv. þm., hafa leigt út eitt stærsta tún bæjarins til 50 ára fyrir 150 krónur á ári. Það var auðheyrt, að hv. þm. var að tryggja sig fyrir því, ef stungið yrði upp á, að bærinn notaði sjálfur þetta land, þegar hann var að tala um, að ekki mætti taka land af fátækum mönnum. Hann segir, að það séu fátækir menn, sem hafa þetta land, og því megi ekki hreyfa við því. En það er nú bezt að sjá, hvað setur; það kemur e. t. v. í ljós á sínum tíma hvað bláfátækir þeir eru, sem að því leigulandi standa.

Það kemur nú í ljós hjá hv. þm., að þrátt fyrir hinn nývaknaða, brennandi áhuga, sem fram kom þegar biskup gat ekki lengur haldið verndarhendi sinni yfir mógröfunum þarna suður frá fyrir því að taka landið af þeim, sem eru að rækta það, veit hann ekki, hvað með það á að gera. Hann hefir bara séð í Morgunblaðinu — ég held, að sú upplýsing sé þaðan —, að þarna mætti fá 1200 hesta af töðu eða fóður handa 30 kúm. En hann veit ekkert, hvort þarna á að vera smábýlabúskapur eða bæjarbúrekstur, hvort það á að leigja landið út í smáspildum eða hvort láta á það af hendi á sama hátt og þau tún, sem Hafnarfjörður hefir áður leigt út. Í fám orðum sagt, málið er algerlega óundirbúið, og hv. þm. veit ekki upp né niður í því, sem er ekki við að búast, þar sem það er borið fram af löngun til málþófs hér á þingi og til að ganga á rétt Garðahrepps.

Hv. þm. var hissa á, að ég skyldi vilja bera leigusamninginn saman við aðra slíka samninga. Mér hefði auðvitað ekki dottið í hug að fara að minnast á hann hér og sýna, hvað hann er hagstæður fyrir landið, ef hv. þm. hefði ekki farið að „kritisera" hann. Nú ætla ég innan fárra daga að láta prenta upp nokkra leigusamninga, sem vinir og flokksbræður þessa hv. þm. hafa gert, svo þeir sjáist í þingskjölunum. Svo lítið er ég hræddur við samanburðinn. Hv. þm. á það upp á sjálfan sig, að farið er að rannsaka, hvernig íhaldsmenn hafa gengið frá leigusamningum á erfðafestulöndum. Ég hefi ekkert á móti því, að mínir samningar séu bornir saman við samninga íhaldsins; ég veit, að það verða fremur mínir, sem framtíðin byggir á.

Þá var það ekki lakasti kaflinn í ræðu hv. þm., þegar hann fór að tala um, að fyrrv. stj. hefði náttúrlega ætlað að láta mæla upp Garðaland, sem skipt var milli 12—13 býla, án þess að vesalings Hafnfirðingar fengju nokkuð að vita um það. Allar þessar mælingar stóðu yfir meira en misseri, þarna rétt við nefið á hv. þm., og margir fundir voru haldnir um málið. Ég skil ekki, hvernig þessi skipti hefði verið hægt að gera án þess að hvert mannsbarn á þessu svæði vissi af því. En svona eru nú rök hv. þm. veik, að hann heldur fram, að skiptin hafi átt að fara leynt.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Það má vel vera, að viðurkenna megi, að eitthvað sæmilegt hafi falizt í ráðstöfun hv. þm. á Garðalandi, svo sem það, að ráðstöfunin stuðlaði ekki að því að koma þessum hreppi á kaldann klakann með tilliti

til fátækraframfærslu í hreppnum. — En frá þessu sjónarmiði er þó líka sá galli, að þessir menn, sem landið hafa fengið á leigu, eru ekki í Garðahreppi, heldur úr Reykjavík, og búa því ekki á þessu landi. (JónasJ: Þeir koma inn í sóknina þegar ræktunin er tilbúin). Enginn af þeim mönnum, sem þarna fengu land á leigu, er til heimilis í Garðahreppi. Það er alls ekki rétt, að umsækjendur úr Garðahreppi, sem vildu fá land til nýbýlaræktunar, hafi horfið frá umsóknum sínum áður en skipti á landinu fóru fram. Og mér finnst koma úr hörðustu átt sú mótbára hv. þm., að þessir vildarmenn hans hafi hvorki haft dugnað eða manndóm til þess að taka lönd þau, er þeir sóttu um. (JónasJ: Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., því þessir menn ætluðu að leggja löndin undir aðrar jarðir).

Hv. þm. vildi láta líta svo út, að ég hefði farið háðulegum orðum um biskup og sagt honum það til ámælis, að hann vildi halda í þetta land. Ég sagði, að fyrir biskupi hefði vakað að nota það fyrir einhverja menningar- eða mannúðarstofnun, af því hann hefði talið það viðeigandi framhald af starfi þeirra manna, er þar hefðu verið og gert hefðu garðinn frægan. Það eru því ósannindi hjá hv. þm., að ég hafi ekki vitað, hvað fyrir biskupi hafi vakað, og biskup hafi ekki vitað, hvað hann vildi í þessu efni.

Mér sýnist raunar alveg óviðkomandi þessu máli, hvernig kirkjan í Görðum hefir verið með farin, eða hvernig hún lítur út samanborið við aðrar kirkjur landsins, en ég get aðeins sagt það, að ég hefi séð margar kirkjur hér á landi og margar miklu fallegri en Garðakirkju. Og þó mætur maður hafi á sínum tíma byggt þessa kirkju og þó henni hefði síðan verið í bezta lagi við haldið, þá væri hún nú alls ekki ein af fallegustu kirkjum landsins, heldur ein af þeim ljótustu. (MT: Hvenær var hún byggð?) Ég veit það ekki. (MT: Hún er með fallegustu kirkjum ennþá. — Forseti: Ekki samtal). Annars virðist það eiga að skína út úr ræðu hv. þm., að það mundi ekki vera fátæka fólkið í Hafnarfirði, sem ég bæri fyrir brjósti, og hafi ekki viljað út með það, hvernig ég hugsi mér, að þessu landi yrði skipt upp, og að ég mundi líklega hugsa mér, að það yrði leigt sem ein torfa til einhvers eins manns. Ég álít, að skipta beri landinu í hæfilega parta, svona 5 ha. hvern. Með því móti yrði þetta land, sem tveir menn hafa fengið, nægilegt handa 9 ábúendum. Það má vera, að hver hinna 9 manna hefði ekki orðið aðrir eins stórgróðamenn eða burgeisar sem hinir, er landið fengu, en munurinn hefði verið sá, að þarna hefðu 9 fjölskyldur fengið sitt lífsframfæri af landinu. Slík ráðstöfun hefði verið í anda jarðræktarlaganna. Ég var í vafa um það fyrst, hvaða land það var, sem hv. þm. talaði um, að burgeisarnir í Hafnarfirði hefðu leigt sjálfum sér, en þykist sjá það nú, að hann muni eiga við Hvaleyrarlandið. Er það ekki svo? (JónasJ: Hv. þm. er sjálfur kunnugur í Hafnarfirði). En þetta land kom bænum ekki við. Það var ekki Hafnarfjarðarbær, sem átti þetta land, heldur Flensborgarskólinn, sem bæði átti og leigði landið. Og ég get upplýst það, úr því að farið er að blanda þessu landi inn í umr., að þó sá maður, sem landið tók á leigu í fyrstu, væri efnaður maður, þá leigði hann öðrum manni, sem fátækur var, landið, og það með alveg sömu kjörum og hann hafði tekið það með sjálfur. Þeir leigusamningar voru því ekki gerðir í gróðaskyni.

Ég verð að vísa aftur þeirri fullyrðingu hv. þm., að hvorki ég né bæjarstj. Hafnarfj. hafi vitað, hvað við vildum gera við landið, er frv. það, sem fyrir liggur, var samið. Ég hefi sýnt fram á, að tilgangurinn er sá, að auka lífsmöguleika bæjarbúa og bæta úr atvinnuleysi þeirra. Það hefir enginn lagt til, að það verði notað til stórrekstrar af einstökum mönnum, heldur handa atvinnulausum mönnum í Hafnarfirði. Þetta var sameiginlegt álit bæði sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna í bæjarstjórn Hafnarfj. (JónasJ: Var flatsæng um það?). Það má vel vera, að allt, sem samkomulag fæst um milli tveggja flokka, megi kalla flatsæng. Ég býst við, að hv. þm. kunni vel við sig í slíkum félagsskap. Hv. þm. mótmælti því, að samningarnir um landið hefðu fram farið með leynd, en taldi, að Hafnarfj. hefði verið sofandi í málinu. Þetta er ekki rétt. Átta mánuðum áður en samningarnir fóru fram, eða strax og það frétt-

ist, að skipta ætti landi Garðakirkju, fór bæjarstj. Hafnarfj. þess á leit, að bærinn fengi þann hluta landsins, er félli í hlut kirkjunnar. Og 12. maí síðastl., áður en skiptin fóru fram, var eftir ósk bæjarstj. Hafnarfj. flutt hér á Alþingi þáltill. um það, að bærinn fengi þetta land. Þetta var gert áður en landið var leigt, svo það er hrein og bein della, sem skein út úr ræðu hv. þm., að þetta frv. sé flutt af pólitískum ástæðum. Heldur áleit bæjarstj. Hafnarfj., að með samningunum um landið frá 24. maí síðastl. hafi hreint og beint verið traðkað á vilja Alþingis og rétti kaupstaðarins. Og það er alveg sama, hver fengið hefði þetta land. Þó það hefði verið sjálfstæðismaður eða jafnaðarmaður, mál þetta hefði verið tekið upp engu að síður.

Jónas Jónsson: Nú skilst mér, að biskup sé orðinn þungamiðjan í þessu máli hjá hv. flm. Ég get ekki annað en minnzt á það aftur, að meðan biskupinn heldur verndarhendi yfir landinu og vill hafa það í órækt, þá finnst hv. þm. sjálfsagt, að svo skuli vera, og alveg fráleitt fyrir bæjarstj. Hafnarfj. að óska eftir að fá landið. Ef ríkisstj. hefði alltaf verið sammála biskupinum í þessu efni, mundi hv. þm. ekki sýnast geta komið til mála fyrir Hafnarfj. að óska eftir landinu. Þá hefði verið sjálfsagt, að mógrafirnar væru enn þá mógrafir og mýri enn mýri. En úr því þessi skoðun kom fram, sem um stundarsakir ríkti hjá stj., að landið ætti að rækta, og skilningsskortur biskupsins réð ekki lengur, þá fyrst sér hv. þm. ástæðu til þess að vilja taka landið; sem sagt, meðan ekki er hreyft við landinu, þá sjá þeir enga ástæðu til að óska eftir að fá það, en þegar farið er að rækta það og vinna að stofnun sjálfstæðra býla í Garðahreppi, þá geta þeir ómögulega setið hjá. En hér er enginn áhugi á bak við fremur en hjá flokksbræðrum hv. þm. hér í Rvík. Ekki vilja þeir rækta, þó hér sé mikið landshungur og þó bærinn eigi í Fossvogi og víðar mikið flæmi af ræktunarhæfu landi. Íhaldið stenzt ekki reiðara hér en ef á það er minnzt að fara að rækta þetta land. Menn, sem eru á sama kulturstigi, eða öllu heldur kulturleysisstigi og hv. þm., þeir mega ekki heyra ræktun á þessu landi nefnda, þó þúsundir af börnum í bænum vanti mjólk sér til viðurværis, og þó sócialistar minnist á þetta annaðhvert ár, vilji þá láta bæinn rækta land og setja á stofn kúabú, þá verður aldrei neitt úr því.

Annars var þetta hálfþunn afsökun hjá hv. þm., að biskup hefði hugsað sér, að þarna risi upp annaðhvort menningar- eða mannúðarstofnun. Kannske hugmyndin hafi verið að reisa þarna fábjánahælið. En fyrst hugsjónin hvarflar alla leið frá háskóla í fávitahæli, þá virðist harla óskiljanleg virðing hv. þm. á stjórnsemi biskups.

Þá var það harla óviðfelldið, að hv. þm. skyldi leyfa sér að viðhafa þau ummæli, sem hann hafði um Garðakirkju, þetta mikla þrekvirki Þórarins Böðvarssonar, sem lét byggja hana. Það átak nálgast að vera kraftaverk á þeim tíma, verk, sem hann óskaði, að haldið yrði við sem lengst og sem síðari kynslóðir hafa dáðst að og viðurkennt vera listaverk, það leyfir hv. þm. sér að kalla ljótustu kirkju á landinu. (**BSn:** Ég sagði eina af ljótustu kirkjum á landinu). Svo mikil er respekt hv. þm. fyrir þessari frægu byggingu.

Það hefir komið ljóst fram í ræðu hv. flm., að meðan Garðaland var óhreyft, hefir hvorki biskupi né hv. flm. dottið í hug að nota það til neins. Fyrst nú, þegar búið er að láta það á leigu til manna, sem taka það til ræktunar, finnur hv. þm. ástæðu fyrir sína kjósendur til að girnast landið. Ég skal ekki dæma um, hvorn þeirra, hann eða biskupinn ber hærra, biskupinn, sem vill halda landinu í órækt, eða hv. þm., sem langar í það fyrst, er hann sér, að aðrir eiga að fá það. Loks í þriðju ræðu fer hann að tala um, að þessu landi megi skipta í 9 býli. Hverskonar býli eiga það að vera, og hverjir eiga að búa þar? Eiga það að vera menn, sem eiga heima innan Garðahrepps, eða eiga einhverjir Hafnfirðingar að hafa þarna útibú? Annars hygg ég, að hv. þm. hafi, þegar hann fór að tala um sjálfstæðu býlin, eitthvað flaskað á vilja meiri hl. bæjarstj. Hafnarfj. og talað þar frá eigin brjósti, því það hefir hingað til verið stefna sócialista að láta bæina sjálfa starfrækja ræktun á sínu landi. Hið rétta mun vera, að hv. þm. hefir aldrei spurt

húsbændur sína, sócialistana, hvað eigi að gera með þetta land, heldur eru það hans eigin skoðanir, sem hann er að túlka. Hann vill þarna stofna útibú handa einstökum mönnum í Hafnarfirði, þar sem íbúar Garðahrepps óska, að upp rísi sjálfstæð býli, og ekki er um að villast, að verður, ef samningar þeir, sem gerðir hafa verið, fá að standa.

Hv. þm. þarf ekki að verða hissa, þó það þyki skrítið, ef íhaldsmenn ætla að fara að þjóðnýta fyrir sócialista þetta land. Ég vonast til þess, þegar honum er bent á meðferð flokksbræðra hans hér í Rvík á landinu í Fossvogi, þá skilji hann það, að ekki er borin mikil respekt fyrir áhuga þeirra fyrir ræktunarstarfsemi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Ég hygg, ef frv. verður samþ., þá muni hv. þm. strax og hann nær meiri hl. í bæjarstj. í Hafnarfirði fara með þetta land eins og Hvaleyrina, sem leigð var á sínum tíma syni ríkasta mannsins í Hafnarfirði. (**BSn:** Sú eign kom bæjarstj. ekki við). Hv. þm. kemst ekki út frá því, að Hafnarfjarðarbær á helming þessarar eignar, og fátækir bæjarbúar geta ekki fengið þar svo mikið sem gróðurlausan mel til að rækta, hvað þá meira, svo fast heldur íhaldið í Hafnarfirði um þetta land, með því að leigja það örfáum gæðingum til lífstíðar fyrir óheyrilega lágt gjald, land, sem væri bænum nægilega stórt til eigin nota í næstu framtíð, ef réttilega væri með farið. Hinn helmingur Hvaleyrarlandsins hefir, eins og upplýst hefir verið, verið leigður einstökum manni til 50 ára fyrir sama sem ekkert. Það eru því tvær gullhúfur hvor upp af annari, þessar ráðstafanir á Hvaleyrarlandinu. Það sýnist því öllu nær fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að bera hér niður heldur en vera að seilast inn í annan hrepp, og væntanlega eru ekki helgari þeir ábúðarsamningar, sem með óskynsemi eru gerðir, heldur en hinir, sem gerðir eru með framsýni og í anda landslaga.

Pétur Magnússon: Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að blanda mér inn í deilu hv. flm. og hv. 5. landsk. um þetta mál, heldur vildi ég, áður en lokið er umr. um það, beina þeirri spurningu til hæstv. kirkjumálaráðh., hvort hann telur þörf á löggjöf um þetta atriði, þó rifta ætti þeim samningum, sem þarna hafa gerðir verið. Ég þykist vita, að hann hafi kynnt sér þetta atriði málsins. Mér skilst, eftir því sem fram hefir komið í umr., að ráðh. hafi í leigusamningi um margnefndar landspildur Garðakirkju gengið lengra en heimilt er eftir ákvæðum 5. og 6. kafla jarðræktarlaganna, en það hygg ég, að séu einu lagaboð um þetta efni. En ef svo er, að ráðh. hafi gengið lengra en heimildir stóðu til, þá þarf hér enga löggjöf; með málsókn ætti þá að vera unnt að rifta samningunum, ef leigutakar vilja ekki góðfúslega falla frá þeim. Þetta óska ég að fá upplýsingar um hjá hæstv. ráðh.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Hv. 4. landsk. spurði, hvort vera mundi heimild í lögum fyrir þeim leigusamningum, sem frv. það, sem hér er til umr., leggur til, að ógiltir verði, og vitnaði hann í jarðræktarlögin því áliti sínu til staðfestu, að samningunum mundi hægt að rifta með þál.

Út af þessari fyrirspurn hv. þm. vil ég benda á, að til eru eldri lög en jarðræktarlögin, og veita þau heimild til að leigja lönd þjóðjarða og kirkjujarða til 50 ára í senn. Þar er ekkert tiltekið um það, hve stór lönd hver einstaklingur megi fá á leigu. Ég býst því við, að umræddum leigusamningi verði ekki riftað nema sérstök lagaheimild komi til.

Jón Baldvinsson: Það fær ekki dulizt, að hv. 5. landsk. er kominn í klípu út af aðgerðum sínum í fyrravor, sem gengu í berhögg við yfirlýstan vilja Alþingis, og meira að segja einnig ummæli hans sjálfs á því þingi. (**JónasJ:** O-nei-nei). Ég veit ekki einu sinni, hvort nokkur trygging er fyrir því, að land þetta verði ræktað og á því byggt. (**JónasJ:** Hvernig er hægt að hafa upp úr landinu á annan hátt?). Þeir gætu haft kúabú í Reykjavík. (**JónasJ:** Þeir mundu þá rækta landið). Það má vera: En þegar á það er litið, að í Hafnarfirði er mikil þörf á aukinni mjólkurframleiðslu og þar af leiðandi vöntun á ræktanlegu landi, þá víkur málinu öðruvísi við. Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri hefir sagt, að Hafnarfjörður

sé verst stæður allra kaupstaða á landinu í þeim efnum; þá hefði hv. þm. átt að meta þær ástæður meira en hagsmuni einstakra manna. Í stað þess hefir hann hagað sér eins og versti íhaldsmaður, enda hefir hann nú varið sig með því að bera sig saman við íhaldið. En í mínum augum er það engin vörn. Hann talaði um, að þetta land hefði verið leigt einstökum mönnum í þeim tilgangi að stofna til sjálfstæðra býla í sveitum og minntist á byggingar- og landnámssjóð í því sambandi, en ég vil benda hv. þm. á, að um líkt leyti var fyrir þinginu frv. frá Alþfl. um stofnun smábýla í sveitunum, en ég man ekki betur en hv. þm. og hans flokkur væru á móti því frv. En nú hefir framsóknarmönnum snúizt hugur, ef nokkuð má ráða af blaði þeirra, Tímanum. Þar er næstum í hverju tölublaði í vetur talað um þessa till., sem upphaflega er frá Alþfl., um samvinnubúskap í sveitunum. Framsókn hefir fundið, að fólkið í sveitunum fylgdi þessari till. um sveitaþorp og samvinnubúskap.

Ég treysti meiri hl. í bæjarstj. Hafnarfj. vel til þess að fara með þetta land á þann hátt, að sem bezt verði alþýðu í bænum til heilla.

Hv. þm. þótti ég ekki vel kristilegur, að vilja láta prestinn búa í Hafnarfirði, en ekki í Görðum. En hafi hann sjálfur þá skoðun, að kristilegra sé að búa í sveit heldur en kaupstað, hvers vegna yfirgaf hann þá sveitina og fluttist til kaupstaðarins? (**JónasJ**: Ég er ekki prestur). Þm. var einu sinni æðsti prestur.

Þá var hv. þm. að hreyfa því, að við jafnaðarmenn hér í Rvík hefðum ekki áhuga fyrir bæjarræktun í Fossvogi og hreyfðum því ekki nema lítillega annaðhvert ár. En þetta er rangt hjá hv. þm.; fyrir þessu máli er stöðugt barizt af Alþýðufl.mönnum í bæjarstj. Rvíkur. Hefir það komið greinilega fram í þessu máli, að ekki er eins langt á milli þeirra hv. 5. landsk. og hv. þm. G.-K. eins og þeir báðir vilja vera láta, enda mun það mála sannast, að þeir eru í raun og veru hinir eindregnustu samherjar, þótt öðruvísi kunni að sýnast á yfirborðinu.

Páll Hermannsson: Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. d. og hæstv. forseta á því, að þetta mál er svo náskylt máli, sem hér lá fyrir d. í fyrra, um sölu á landi Garða, að málið hlýtur að eiga að ganga til sömu n. og það mál. Þessu máli í fyrra var vísað til allshn., og sýnist mér því sjálfsagt að vísa þessu máli einnig til allshn., ekki sízt þar sem mismunurinn á þessum tveim málum aðallega er fólginn í því, að nú er um eignarnámsheimild á þessu landi að ræða, því að slík athugun heyrir fremur undir allshn. en landbn. Ég leyfi mér því að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til allshn.

Magnús Torfason: Ég get ekki verið sammála hv. 2. þm. N.-M. um það, að rétt sé að vísa þessu máli til allshn. Hélt ég þvert á móti, að það væri kjörið að vísa málinu til landbn., af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að fyrsta spurningin, sem fyrir þeirri n. liggur, er fær þetta mál til meðferðar, verður einmitt að athuga, á hvern hátt þetta land verður ræktað. Skilst mér, að það verði fyrsta verk n. að fara þarna suður eftir og athuga alla landsháttu þar, til þess þannig að ganga úr skugga um allt það, er að þessu atriði lýtur, því að ræktunarspursmálið kemur einmitt til að ráða miklu um úrslit málsins, að mínu áliti. Get ég ekki neitað því, að ég er því mjög hlynntur, að ekki sé verið að skerða litla hreppa á þennan hátt vegna kaupstaðanna, sem enda þegar hafa goldið ærið í manngjöldum til kaupstaðanna, þótt ekki sé farið að taka af þeim lönd þeirra líka og leggja undir kaupstaðina. Af reynslu okkar Árnesinga í þessum efnum verð ég og að líta svo á, að hæpið sé að taka þetta í mál. — Vegna þess, að hér hefir verið hnýtt í Reykvíkinga, vil ég taka það fram, að við Árnesingar erum þvert á móti glaðir yfir hverjum Reykvíking, sem tekur sér land til ræktunar eystra. Fyrir aðgerðir Reykvíkinga hefir risið upp stóryrkja á 2 jörðum í Ölfusinu, og eru þessir 2 Reykvíkingar þannig orðnir þar sannir hreppsstólpar og fyrirgangsmenn. Og til þessa þykir okkur gott að vita. — Ég ber fullt traust til landbn., að hún sjái, hvað rétt er að gera, ekki sízt til hv. form. n.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Ég vil algerlega mótmæla því hjá hv. 5. landsk.,

að við Hafnfirðingar getum ekki unnað öðrum að njóta þessa lands, heldur viljum ná því undir okkur af þeim ástæðum. Það verður og auðveldlega sannað, að Hafnfirðingar höfðu hug á þessu landi, áður en þeir fengu það, Hermann Jónasson og Tryggvi Guðmundsson, því að á síðasta þingi flutti ég einmitt fyrst frv. og síðan þáltill. í þessu máli, og var þetta áður en þessir menn fengu landið. — Það má vera, að Garðhverfingar sumir hverjir hafi haft á móti því, að þetta land legðist undir Hafnarfjörð, en fyrir þeim vakir þá alls ekki það, að þeir vilji, að Hermann Jónasson og Tryggvi Guðmundsson fái landið, heldur vilja þeir notfæra sér það sjálfir, og væri það réttlætanlegra en að fá þetta land mönnum, sem ekki þurfa á því að halda, en aðeins ætla að hafa sér það til skemmtunar, eins og lögreglustjórinn segir um sig í bréfi sínu, er ég áður hefi getið um.

Hv. 5. landsk. er enn að klifa á því, að hann ætli við síðari meðferð þessa máls hér í d. að lesa hér upp ýmsa erfðafestusamninga Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar til samanburðar við þennan samning sinn við Hermann Jónasson. Skal hv. þm. sízt halda það, að mér sé nokkurt mein í því, þótt hann noti nú tækifærið til að festa þessa samninga í Alþt., en ég vil þó aðeins stinga því að hv. þm., að ekki er víst, að slíkur upplestur verði honum til framdráttar, fremur en varð upplestur hans á læknareikningunum á síðasta þingi, sællar minningar. (**JónasJ**: Ég gerði það aðeins til ergelsis fyrir þennan lækni). Þá fór hv. 5. landsk. að spá fram í tímann, og gerði ráð fyrir, að íhaldsmenn ættu eftir að komast í meiri hl. í Hafnarfirði. Er ég hv. þm. þakklátur fyrir þessa vingjarnlegu spá hans, þótt ekki sé hann nú spámannlega vaxinn, og til þess að gjalda honum í einhverju á móti, vil ég segja honum það, að ef ég ætti þá enn að sitja í bæjarstj. Hafnarfj., mundi ég eftir sem áður fylgja fram kröfunni um það, að þessu landi verði skipt í smábýli fyrir Hafnfirðinga.

Það kom fram hjá hv. 2. þm. Árn., að verið væri að taka þetta land af Garðahreppi, en þetta er að svo miklu leyti rangt, að hér er þvert á móti verið að taka þetta af mönnum utan Garðahverfis, en ekki af Garðhverfingum sjálfum, sem enda njóta einskis í, þótt þessir menn sitji að eignunum.

Hvort máli þessu verður vísað til allshn. eða landbn., læt ég mér í léttu rúmi liggja. Form. þessara n. hvor um sig kynoka sér við að fá málið til meðferðar, og kemur í þessu greinilega fram, hvílíkt vandræðamál þetta er fyrir Framsfl. Ég vænti meiri skilnings á málinu hjá landbn. en allshn., og af því jafnframt að ég álít, að málið heyri fremur undir hana, legg ég til, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Páll Hermannsson: Ég vil upplýsa það, að það er ekki af kvíða fyrir að vinna að þessu máli, að ég hefi stungið upp á, að málinu verði vísað til allshn. Eins og ég áður sagði, tel ég þetta mál að mestu og öllu sama málið og hér var fyrir d. í fyrra og d. þá vísaði til allshn., og býst ég við, að d. sýni það samræmi að vísa málinu aftur til allshn., nú þegar á þetta hefir verið bent. Þótt málið sé að sumu leyti landbúnaðarmál, geri ég ráð fyrir, að allshn. geti fengið alla þá faglegu aðstoð, sem hún er í þörf fyrir, hjá trúnaðarmönnum Búnaðarfélagsins.

Magnús Torfason: Það er einmitt þetta, sem skilur. Ég hefi sagt, að málið sé landbúnaðarmál og að ég treysti fullkomlega form. landbn. til að fjalla um það, en eins og hann sagði sjálfur einmitt í þessu, verðum við allshnm. að nota annara gleraugu til að skilja eitthvað í málinu. Ég hverf því ekki aftur með það, að málinu sé vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 8:2 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 41, 866, n. 871).

Frsm. (Pétur Magnússon): Þetta mál var svo þrautrætt við 1. umr. hér í d., að ég tel mig ekki þurfa að verða mjög langorður um það nú.

Eins og kunnugt er, var vorið 1932 gerður samningur við tvo menn, báða búsetta í Reykjavík, um að leigja þeim landspildu úr heimalandi jarðarinnar Garða á Álftanesi með erfðafestukjörum. Voru það þeir Hermann Jónasson lögreglustjóri og Tryggvi Guðmundsson ráðsmaður á Kleppi. Annar þeirra fékk 26,6 ha. lands, en hinn 16,6 ha. Land þetta er mýri upp frá Arnarnesvogi, sem hallar mót vestri og er vel fallin til ræktunar. Leigumálinn var þannig hjá báðum, að þeir áttu að rækta ekki minna en 1/12 af landinu árlega og spildurnar þannig að verða fullræktaðar eftir 12 ár. Um eftirgjaldið er það að segja, að annar leigutakinn, Tryggvi Guðmundsson, átti að greiða leigu samkv. mati Búnaðarfél. Ísl. til fimm ára í senn, en hinn átti að greiða 15 kr. eftir hvern ha. eftir að landið væri komið í rækt, en 5 kr. fyrir hvern ha. þangað til.

Þess verður að geta, að þessi mýri, sem hér er um að ræða, er allverulegur hluti af því ræktanlega landi, sem Garðatorfunni fylgir.

Skömmu eftir að þessir samningar voru gerðir var hafizt handa um að skipta landi Garða milli þeirra jarða, sem torfunni fylgja. Og við þau skipti varð niðurstaðan sú, að sum býlin voru flutt úr Garðatorfunni og upp með Arnarnesvogi. Eitt af þeim býlum er Bakki, sem er í ábúð Eyjólfs Jóhannssonar forstjóra Mjólkurfélags Reykjavíkur, og fékk það allstóra spildu fyrir austan Hafnarfjarðarveginn og auk þess hraunland til beitar fyrir sunnan Hraunsholt. Ef einhverjir af hv. þdm. vildu kynna sér þessa skiptingu nánar, þá er hér uppdráttur mjög ýtarlegur af skiptunum eins og þau hafa farið fram, þó þau séu ekki endanlega staðfest ennþá.

Út af þessum leigusamningum reis þegar í stað allrík óánægja frá tveim hliðum, fyrst og fremst frá bændunum í Garðahverfinu. Hjáleigurnar eru flestar mjög landlitlar, og sérstaklega skortir þær tilfinnanlega land til ræktunar og beitiland fyrir kýr. Afleiðingin af afhendingu mýrarinnar, sem er tvímælalaust bezti skikinn í öllu Garðalandi til ræktunar, varð sú, að sum býlin gátu ekkert viðunandi land fengið til ræktunar, og önnur af mjög skornum skammti, eins og uppdrátturinn ber með sér. Má t. d. nefna jörðina Hraunsholt; hún fékk ekki lófastóran blett af graslendi utan túns. Sú jörð hafði áður haft beit fyrir kýr í mýrinni, sem hér er um að ræða. Þegar hún er nú svipt beitilandinu, er ekki um annað að ræða en beita kúnum á túnið, og leiðir þá af sjálfu sér, að ekki er hægt að framfleyta sama skepnufjölda og áður. Ríkust mun þó óánægjan hafa verið meðal hreppsbúa út af því, að menn utan hreppsins skyldu hreppa þetta hnoss.

En það voru ekki ábúendurnir í Garðahreppi einir, sem voru óánægðir með þessa ráðstöfun; Hafnfirðingar voru það einnig. Hafnarfjarðarkaupstaður hafði, eins og kunnugt er, fengið vilyrði hjá þinginu fyrir a. m. k. einhverjum hluta þessa lands. Ástæðan, sem fram var færð af hálfu kaupstaðarins fyrir nauðsyn hans á að fá þarna land, var fyrst og fremst sú, hvað heppilegt væri að láta bæjarbúa fá landskika til afnota í atvinnuleysinu, og að af því gætu orðið nokkrar aukatekjur fyrir þá að koma upp smábúum með grasrækt.

Það má segja, að þessi óánægja Hafnfirðinga hafi orðið til þess, að þetta frv. er fram komið, því hv. þm. Hafnf. flutti það hér í d. eftir eindreginni ósk bæjarstj. í Hafnarfirði. Landbn., sem haft hefir þetta mál til meðferðar, lítur svo á, að sú óánægja, sem fram hefir komið út af afhendingu þessa umrædda lands, sé ekki ástæðulaus. A. m. k. telur n. eðlilegt, að bændurnir í Garðahverfinu uni því illa að sjá þetta bezta ræktunarland Garðatorfunnar hverfa til utansveitarmanna, svo mikil sem þörf þeirra er á auknu landrými, bæði til ræktunar og beitar. Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um þá hlið málsins, en læt nægja að lesa upp með leyfi hæstv. forseta bréf, sem borizt hefir frá nefnd, er kosin var á almennum hreppsfundi í Garðahreppi til þess að beita sér fyrir lagfæringu á þessum málum. Bréfið er nokkuð langt, en ég sé mér ekki annað fært en að lesa það upp í heild, því það gefur góða skýringu á því, sem ég tel aðalatriðið í þessu máli, sem sé þörf hjáleigubændanna í Garðahverfi á auknu landi. Bréfið er undirskrifað af Jóhannesi Reykdal, Guðjóni Sigurðssyni

og Gísla Sigurgeirssyni og er svo hljóðandi:

„Við undirritaðir, sem kosnir vorum á almennum hreppsfundi í þinghúsi Garðahrepps 4. marz 1933, sbr. meðfylgjandi fundargerð, viljum hér með taka fram eftirfarandi mótmæli gegn skiptum á Garðakirkjulandi viðvíkjandi hinum 15 býlum, sem í ábúð eru og fráskipt verða Görðunum, og skulu hér á eftir talin hin ýmsu atriði, er mótmælin byggjast á.

Kirkjujörðunum hefir að mestu leyti verið úthlutað land samkv. jarðamati frá 1918, en jarðamatið var þá hlutfallslega hækkað jafnt á öllum býlunum og eins á Görðunum, en Garðarnir hefðu þá sjálfir átt að hækka um helming vegna sölu sameiginlegs lands Garðakirkju fyrir hátt verð án íhlutunarrétts hinna einstöku kirkjujarða eða lækkunar á jarðarafgjaldi þeirra. Þess vegna er það krafa okkar, að kotunum verði úthlutað allt það land, sem Garðarnir geta án verið sem sjálfstætt býli við þessi skipti, því enginn getur með réttu, sem þekkir eða hefir séð og gengið um þetta land, talið það vera aflögufært til úthlutunar í nýbýli, því landið er ekki stærra en ein meðaljörð í sveitum landsins hefir. En á þessum litla skika eiga 16 búendur að framfleyta sínum heimilum án nokkurs verulegs beitilands fyrir fénað sinn á sumrum eða vetrum. Nú á að taka allra beztu skákina úr þessu sameiginlega landi, sem einnig er aðalmótak jarðanna, handa óviðkomandi manni þessa byggðarlags og skilja bændur á þessum býlum eftir í hreinum voða með fénað sinn, sem verður að fækka ábyggilega um einn þriðja eða kaupa útlendan fóðurbæti handa fénaðinum sumar og vetur, sem við álítum, að öllum sé ljóst, að eigi getur komið til mála eins og allar búsafurðir eru í lágu verði. Oss finnst því, að þessi ráðstöfun hins háa stjórnarráðs sé slæm kreppuráðstöfun á þessu hreppsfélagi.

Hér fer á eftir upptalning á töðuafla hvers einstaks býlis og áhöfn, og sést þar með, hversu erfið er afkoma og lífsskilyrði hvers búanda, og þar þó ótalinn allur aðkeyptur fóðurbætir, sem notaður er bæði sumar og vetur, sem étur upp mikið af mjólkurafurðunum.

				Töðufall
Valdimar Pétursson, Hraunsholti	9 kýr,	2 hestar,	20 ær	280 hestar
Magnús Brynjólfsson, Dysjum	3 —	1 —	18 —	140 —
Guðjón Hallgrímsson, Dysjum	3 —	1 —	24 —	120 —
Guðjón Sigurðsson, Pálsh. með Bakka	4 —	2 —	50 —	180 —
Árni Magnússon, Nýjabæ	4 —	1 —	16 —	150 —
Magnús Erlendsson, Króki	2 —	0 —	0 —	40 —
Guðm. Björnsson, Görðum	7 —	2 —	30 —	300 —
Þorgeir Þórðarson, Háteig	3 —	1 —	12 —	90 —
Kristjón Eyjólfsson, Miðengi	3 —	1 —	16 —	75 —
Gísli Guðjónsson, Hlíð	3 —	1 —	50 —	130 —
Einar Sigurðsson, Móakoti	3 —	1 —	6 —	68 —
Tryggvi Gunnarsson, Grjótá	3 —	1 —	20 —	75 —
Magnús Bergsson, Katrínarkoti	6 —	1 —	12 —	150 —
Valgeir Eyjólfsson, Hausastöðum	4 —	1 —	24 —	140 —
Jón og Gísli, Selsgarði	6 —	2 —	10 —	200 —

Nú er að álit okkar og allflestra ábúenda Garðatorfunnar, að skiptin verði að taka upp að nýju og bæta við býlin þeim landspildum, sem ákveðin voru til nýbýla. Skiptingin getur að öðru leyti að mestu haldizt óbreytt, því þessar landspildur myndu verða fyrst um sinn sameiginlegt beitiland, meðan verið er að koma ræktanlegum blettum heima fyrir í rækt, sem mun taka nokkur ár, jafnerfið sem afkoma allra er nú.

Verði þess óskað, að mótmæli þessi komi frá sem flestum ábúendum, þá mun verða hægt að fá undirskriftir þeirra næstu daga.

Við væntum þess, að hið háa ráðuneyti taki þessa réttmætu kröfu okkar til greina vegna ábúenda Garðatorfunnar og láti ekkert af landi Garðakirkju til einstakra manna eða Hafnarfjarðarbæjar, sem þegar hefir fengið stóran hluta af Garðalandi og hefir enn lítið ræktað af því, sem þó

er ekki lakara til ræktunar en grjótholtin kringum Garðahverfi.

Garðahreppi, 6. marz 1933.

(Undirskriftir þriggja nefndarmanna).

Til
atvinnu- og kirkjumálaráðuneytisins
Reykjavík".

Ég býst við, að hv. dm. hafi veitt því eftirtekt, að skýrslan, sem nefndarmennirnir gefa um búfjáreign og töðufall hvers býlis, ber það með sér, að töðufallið er víðast allt of lítið til þess að framfleyta þeim fénaði, sem bændurnir hafa. Það getur því engum blandazt hugur um það, að þeir hafa fullkomna þörf á að fá að njóta þess lands, sem hér er um að ræða.

Fyrir landbn., sem haft hefir þetta mál til meðferðar, vakir fyrst og fremst það, að hæta úr vandræðum þessara manna, bændanna í Garðahverfinu, og við það eru hennar brtt. miðaðar. Ganga þær út á, að ríkisstj. skuli fá heimild til að taka eignarnámi afnotarétt þeirra tveggja landspildna, sem ég gat um áðan, og sömuleiðis afnotaréttinn á landi jarðarinnar Bakka. Sú jörð var að vísu í byggingu áður, en maðurinn, sem býr þar, hefir lífsuppeldi sitt af allt öðru, og sýnist það því ekki þurfa að koma mikið við hann, þó hann sé sviptur þessu landi. Það skal þó viðurkennt, að það stendur nokkuð öðruvísi á um land Bakka en erfðafestulöndin, þar sem Bakki er gamalt býli. En það, sem réð mestu í því efni hjá n., var það, að geta gert Hafnarfjarðarkaupstað einhverja úrlausn sinna mála líka, því hún bjóst við, að ekki mundi verða mikill afgangur af mýrinni, ef bændurnir í Garðahverfi ættu að verða sæmilega settir.

2. brtt. n. mælir svo fyrir, að þegar eignarnám hafi farið fram, skuli landaskiptin tekin upp af nýju, þau sem sýnd eru á uppdrættinum, og landinu, sem eignarnámsheimildin nær til, skipt á milli þeirra bænda í Garðahverfinu, sem harðast hafa orðið úti í skiptunum, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt þykir.

Ég skal taka það fram, að um þessi skipti hefir staðið nokkur styr. Fyrir nokkrum árum var Hafnarfjarðarkaupstað seldur hluti af Garðalandi fyrir 60 þús. kr., án þess að söluv. þeirrar spildu kæmi hjáleigubændunum að nokkru gagni. Nú halda þeir fram, að skiptin séu miðuð við það, að allt hið forna land Garða væri með í skiptunum. En það sýnist í raun og veru ekki geta komið til mála, að það sé meiningin, þar sem búið var að láta e. t. v. verðmætasta hluta landsins af hendi, án þess að hjáleigubændurnir fengju af því nokkur hlunnindi.

Þá mælir 3. brtt. n. svo fyrir, að þegar landskiptin hafi farið fram af nýju, og búið sé að leysa allra vandræði hvað landskort snertir í Garðahverfinu, þá skuli ríkisstj. vera heimilt að leigja eða selja Hafnarfirði það, sem eftir kann að verða af landi, hvort sem það verður mikið eða lítið. N. hefir ekki séð sér fært að skipa fyrir um, hvað mikið land skuli skilið eftir handa Hafnfirðingum; það verður að fara eftir áliti þeirra, sem með skiptin fara, og þá í samráði við ríkisstjórnina.

Í 4. brtt. n. er gert ráð fyrir, að þeir, sem landið fá, hvort sem það eru bændur úr Garðahverfi eða Hafnfirðingar, skuli endurgreiða ríkissjóði kostnaðinn við þær framkvæmdir, sem þegar hafa verið gerðar á þessum löndum. Ennþá mun ekki búið að gera þar annað en ræsa landið fram að einhverju leyti. Þetta virðist sanngjörn krafa, því hjá hverjum, sem þessar landspildur lenda, má gera ráð fyrir, að ekki líði á löngu þar til hafizt verður handa um ræktun þeirra.

Þá er loks í 5. brtt. n. lagt til, að sú breyt. sé gerð á frv., að ef bætur þarf að greiða hlutaðeigendum fyrir missi afnotaréttarins, þá skuli ríkissjóður greiða þær, en ekki kirkjujarðasjóður. Verði á annað borð metnar einhverjar bætur, virðist réttara, að ríkissjóður greiði þær, því hann virðist eiga að bera ábyrgð á slíkum ráðstöfunum ríkisstj., sem hér er um að ræða, að svo miklu leyti sem hún á ekki að gera það sjálf. Ég vil ekki leiða neinum getum að því, hvað miklar bætur kynnu að verða metnar. Um Tryggva Guðmundsson er það að segja, að hann átti að gjalda eftir sína spildu þegar hún væri fullræktuð eftir mati Búnaðarfélags Íslands til fimm ára í senn. Má því gera ráð fyrir, að hann hefði orðið að borga sannvirði á hverjum tíma, og virðist þá

ekki ástæða til, að hann fái miklar bætur. Aftur verður að játa, að það stendur nokkuð öðruvísi á um Hermann Jónasson. Eftir samningnum, sem við hann er gerður, á hann ekki að greiða nema 15 kr. í leigu eftir hvern ha. á ári, þegar landið er komið í rækt, og þegar litið er á það, að venjulegt gjald eftir erfðafestulönd kringum Reykjavík mun vera sem næst 35 kr. á ha., þá er ekki ósennilegt, að honum kunni að verða metnar einhverjar bætur. En þó þetta baki ríkissjóði e. t. v. einhvern kostnað, hikar n. ekki við að ráða til, að þessi heimild verði veitt, því hún telur, að hagsmunir margra manna á þessum slóðum, ábúenda í Garðahreppi, krefjist slíkra ráðstafana.

Að lokum vil ég láta það í ljós f. h. n., að hún telur rétt, að hæstv. stj. láti athuga vandlega áður en til eignarnáms kemur, hvort ekki er hægt að rifta leigusamningunum, án þess að eignarnám komi til, með lögsókn. Ég vil ekki fullyrða, hvort það muni vera kleift, en ég tel sjálfsagt að beita eignarnámsheimildinni því aðeins, að hin leiðin reynist ekki fær.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég ætla að vera fáorður að þessu sinni. Ég er þakklátur hv. n. fyrir að skila nú áliti sínu og fyrir hvernig það er, þó að ég verði hinsvegar að játa, að það hefði vakið meiri ánægju hjá mér, ef nál. hefði komið fram fyrr, svo málið hefði getað gengið í gegnum báðar d. á þessu þingi.

Ég skal taka það fram, að það, sem lagt er til í brtt. hv. n., að auka við land það, sem eignarnámsheimildin á að ná til, og láta það jafnframt koma til skipta bæði milli Garðhverfinga og Hafnfirðinga, munu flestir Hafnfirðingar gera sig ánægða með. Það mun aldrei hafa verið meining Hafnfirðinga að fara í kapp við Garðhverfinga sjálfa um þetta land, en þeim fannst þeir hafa meiri rétt á að fá það heldur en einstakir utanaðkomandi menn. Ef Garðhverfingar hefðu þegar orðið landsins aðnjótandi, hefðu Hafnfirðingar aldrei sagt neitt. Enda kom það fram á fundi, sem bæjarstj. Hafnarfj. hélt með hreppsnefnd Garðahrepps, að báðir aðilar mundu vel við una, ef frv. fengist afgr. með þeim breyt., sem n. leggur til. Ég held því, að þetta mál sé nú komið á heppilegan rekspöl, þó seint sé. Vonast ég til, að fyrir þessar aðgerðir fái málið fljótari og betri afgreiðslu á næsta þingi, ef það vinnst ekki tími til að afgr. það endanlega nú.

Páll Hermannsson [óyfirl.]: Ég hefi skrifað undir þetta mál með fyrirvara, og þykir mér rétt að gera grein fyrir hvers vegna.

Hv. þm. Hafnf. sagði rétt þegar hann settist niður, að hann vonaðist eftir, að þetta mál fengi fljótari og betri afgreiðslu á næsta þingi heldur en það hefir fengið nú. Í sambandi við þessi ummæli hans þykir mér rétt að benda fyrst á það, að í raun og veru hefi ég litið svo á síðan ég fór að kynna mér þetta mál, að ekki yrði hægt að afgr. það viðunanlega á þessu þingi. Ég hefi álitið, að það væri heppilegast fyrir málið í heild, að það væri undirbúið til næsta þings. Nú lítur hv. þm. Hafnf. svo á, að frestur muni fást á þann hátt, að tími muni varla vinnast til að afgr. málið á þessu þingi. Ber að því leyti að sama brunni eins og þó fallizt hefði verið á mína skoðun og málinu vísað til stj. til frekari rannsóknar og undirbúnings. Það, sem olli því, að ég áleit þá leið heppilegasta, voru hinar afarmismunandi uppástungur, sem gerðar höfðu verið í málinu.

Það er kunnugt, að auk þess frv., sem hér liggur fyrir, hafa komið fram tvö önnur frv. í sambandi við landþörf Hafnfirðinga og hvernig skuli úr henni bæta. Er það frv. á þskj. 99, um eignarnámsheimild á ábúðar- og erfðafesturétti á nokkrum býlum á Hvaleyri við Hafnarfjörð, og svo frv. á þskj. 88, um eignarnám á þeim löndum, sem um ræðir í hinum frv. báðum, auk nokkurra annara jarða.

Nú verð ég að játa, að ég tel það óráðið mál, hvernig framtíðin snýst við því að fullnægja mjólkurþörf kaupstaðanna Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Hvort bætt verður úr mjólkurþörfinni á þann hátt, að sveitirnar framleiði mjólkina og selji til kaupstaðanna, eða að bærinn, að meira eða minna leyti, eða einstakir menn í bæjunum sjái um þessa framleiðslu. Nú býst ég ekki við, þó að málið

verði rannsakað til næsta þings, að þessi gáta verði leyst, en þó mætti verða nokkuð betri aðstaða til að athuga, hvor leiðin væri líklegust í þessu máli. Þess vegna hefði ég talið það heppilegasta lausn á málinu að vísa því til stj., í því trausti, að henni tækist að leggja fram skynsamlegri till. en kostur er á að leggja fram nú á þessu þingi. Ég man ekki, hvort hv. frsm. gat um það, að n. hefir leitað upplýsinga í málinu úr ýmsum áttum, t. d. frá Búnaðarfél. Íslands. Þaðan fékk hún upplýsingar í tveimur eða þremur útgáfum, sem alls ekki bar saman, svo n. átti allerfitt með að átta sig á því, hvað réttast mundi vera í málinu. Það varð þó ofan á, að n. skilaði því áliti og brtt., sem hér liggja fyrir. Ég gekk inn á að skila málinu í þessu formi, en við till. n. hefi ég þó það að athuga, að mér þykir með þeim allt of lítið að því gert að hafa til ræktanlegt land handa Hafnarfjarðarkaupstað, með því ég tel það mjög undir hælinn lagt, hvað mikið land það verður, sem Hafnfirðingar fá frá þessum þremur mönnum, sem nefndir hafa verið. Ég skal að vísu játa, að ekki er hlaupið að því að gera till. um þetta efni, enda er með þessum brtt. n. engin fullnaðarlausn fengin. Þá þykir mér rétt að játa það, að það land, sem liggur rétt við Hafnarfjarðarbæinn, Hvaleyrin, er ekki nema að hálfu leyti eign bæjarins. Það hefir verið bent á, að þetta land er að mestu leyti ræktað tún, en ég hefi sjálfur séð það, og mér virðist, þó það sé tún nú, þá sé það betur fallið til annarar ræktunar en túnræktar. Hvaleyri er tangi, sem liggur að ég ætla frá suðri til norðurs, hann er hæstur í miðjunni og myndar þannig ávalan hrygg. Sú hliðin, sem liggur mót vestri, er minni og sýnist mjög illa löguð til túnræktar, en er að líkindum vel fallin til garðræktar, einkum kartöfluræktunar. Þetta land liggur að sandi, sem fýkur á það, og þegar ég skoðaði það ásamt hinum hv. þm. landbn. og hv. þm. Hafnf., virtist mér sem landið væri yfirrokið af sandi. Nú er ég ekki í vafa um það, að ef Hafnfirðingar nota sjálfir þetta land sitt til ræktunar, þá er það bezt fallið til garðræktar fyrir þá, þegar einnig er á það litið, að þeir eiga lítið af garðalandi. Ég held því, að þeir fái margfaldar tekjur af þessu landi, ef þeir breyta því í garða. Að vísu má búast við því, ef Hafnfirðingar líta svo á, að þetta beri að gera, að þeir geti fengið þetta land án þess að sérstök löggjöf sé um það sett. Mér hefir skilizt, að hv. þm. Hafnf. líti svo á, að hlut Hafnarfjarðar sé sæmilega ráðið eins og till. landbn. mæla fyrir, en jafnvel þó að hv. þm. telji þetta nóg, þá mun ég við 3. umr. bera fram brtt. um að heimila eignarnám á þeim hluta af Hvaleyrinni, sem bærinn á ekki. Þetta tvennt gerði það að verkum, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, að ég hefði fremur kosið, eins og sakir standa í málinu, að afgreiðslu þess yrði frestað til næsta þings, svo betri athugun geti farið fram, og í öðru lagi, að mér finnst of lítið séð fyrir landþörf kaupstaðarins með brtt. landbn., ef hann á annað borð vill taka land til ræktunar svo nokkru nemur.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Við 1. umr. málsins gat ég þess, eins og hv. frsm. drap á, að ég teldi það ekki fullnægjandi fyrir Hafnarfjörð, þótt bætt yrði í frv. heimild fyrir eignarnámi á nokkrum hluta af Hvaleyrinni, af því ég tel bæinn vanta meira land til ræktunar. Annars er ég í efa um það, að nokkurt eignarnám þurfi að koma til á Hvaleyrinni, vegna þess, að samkomulag er líklegt milli umráðenda Flensborgareignarinnar og bæjarstj. Hafnarfj. um það land. Þess vegna lagði ég aðaláherzlu á aðra viðbót á landi fyrir Hafnarfjörð. Ég verð að segja það, að mér þykir afgreiðsla n. á málinu miklu betri heldur en ef því væri aðeins vísað til stj., því stj. getur nú haft hliðsjón af því, sem n. vildi gera í málinu, og gæti það því leitt til endanlega betri afgreiðslu á því. (**PM**: Það verður að lögum á þessu þingi). Ég væri mjög ánægður, ef svo yrði, en mér heyrðist á hv. form. n., að svo mundi ekki verða; en ef svo fer, að það verður að lögum, þá er ég mjög ánægður.

Fleiru þarf ég ekki við þetta að bæta. Um landkosti á Hvaleyrinni og það, hvernig ræktun væri þar bezt fyrir komið, hefi ég að sjálfsögðu mínar skoðanir, en ég hirði ekki um að fara út í þá sálma að þessu sinni, enda var um það rætt við 1. umr.

Eignarnámsheimild á landsvæði úr Garðalandi.

Jón Baldvinsson: Hv. landbn. hefir nú lengi setið á þessu máli, og er það nú fyrst í þinglokin, að nál. kemur frá henni. Eins og kunnugt er, hafa í þessari hv. d. verið borin fram þrjú frv., er öll stefna að því að auka möguleika fyrir ræktun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Nú hefir n. lagt til grundvallar fyrir áliti sínu það frv., sem máske gengur ekki stytzt í þessu efni, en sem þó veitir Hafnfirðingum miklu minni möguleika heldur en frv. á þskj. 138. Ég fæ ekki betur séð en að till. n. gangi miklu skemmra en kröfur hv. þm. Hafnf. í hans frv. En þrátt fyrir það, þó að áður hafi verið þingvilji fyrir því að veita Hafnarfirði þetta land til ræktunar, þá á bærinn eftir brtt. n. ekki að fá annað en afganga, sem kunna að verða eftir, þegar búið er að skipta landinu milli þeirra býla, sem eru í Garðahverfinu. Ég kalla það því meira en litla nægjusemi hjá hv. þm. Hafnf., að ætla að láta sér þetta lynda. Ég hefi ekki heyrt það koma fram í umr., að legið hafi fyrir n. álit bæjarstj. í Hafnarfirði um málið í heild. Það hefir þá farið framhjá mér, ef frá því hefir verið skýrt, en ég hafði hugboð um, að bæjarstj. ætlaði að láta til sín heyra um málið. Hv. landbn. ætlast til, að málið fari til stj. og að hún láti fara fram á ný landskipti á mýrinni, sem svo er kölluð, og hinum landspildunum, sem um er að ræða, og hún leggur til, að ekki minna en helmingur af landinu skiptist milli býlanna í Garðahverfinu, bæði þeirra, sem eru í sjálfsábúð, og hinna, sem leigð eru. Ég skil ákaflega vel, hver afleiðingin verður af þessum till., sem sé sú, að það mætti taka löndin af Hermanni lögreglustjóra og Tryggva Guðmundssyni, en sennilegt, að Eyjólfur Jóhannsson fengi í sinn hlut það land, sem hann hefir nú. (**PM:** Ekki ef afnotarétturinn er tekinn eignarnámi). Það má orða það svo, en þegar eignarnámið er framkvæmt eins og segir í 2. gr. brtt., á að gæta þess, að öll býli í Garðahverfinu, bæði þau, sem eru í sjálfsábúð, og hin, sem leigð eru, fái hæfilega mikið af ræktanlegu landi. Mér sýnist því nokkurnveginn augljóst, að aðeins örlítill hluti af mýri Hermanns og landi Tryggva Guðmundssonar komi í hlut Hafnarfjarðar. Annars verður ekki séð af þessu, hve mikið Hafnarfjörður fær og hvort það verður þá ræktanlegt land eða hvort hann fær nokkuð, því í 3. brtt. er stj. aðeins heimilað að leigja eða selja Hafnarfjarðarkaupstað það, sem **kynni** að verða eftir af landi. Orðalagið bendir til þess, að þetta þyrfti ekkert að verða, svo mér finnst, að málstaður Hafnarfjarðar sé hér fyrir borð borinn. Mér finnst því ekki hægt að fullyrða, hvað Hafnarfjörður fengi, eða hvort hann fengi nokkuð. Ég er því á móti brtt. n. og vil heldur frv. hv. þm. Hafnf., þó það gangi of skammt í því að útvega Hafnarfjarðarkaupstað land til ræktunar. Það er þó a. m. k. eftir frv. um vissu að ræða, en ég sé ekki, að svo þurfi að vera eftir brtt. n.

Hv. 4. landsk. skaut því inn í umr., að málið mundi ganga fram á þessu þingi. Ég vil ekki segja, að það sé ómögulegt, en það eru ekki miklar líkur til þess; en þó svo færi, þá sé ég ekki, að Hafnarfjörður verði betur settur, -- óvissan um hans hlut er svo mikil.

Ég get annars ekki skilið, að Garðahreppsbúar geti ekki unnað Hafnfirðingum að fá þetta land, svo mikið sem þeir hafa saman við þá að sælda, þar sem þeir m. a. selja Hafnfirðingum alla sína mjólk og Hafnfirðingar eru þeim vissir og góðir viðskiptamenn. Ég held líka, að þeir hafi sameiginlegan skóla og ef til vill fleira, svo að Garðahreppsbúar ættu að unna Hafnfirðingum að fá það land, sem þeir þurfa ekki að nota sjálfir, því þó að Hafnfirðingar gætu fyrir það aukið ræktun sína, þá er engin hætta á því, að þeir haldi ekki áfram að kaupa mjólkina af Garðahreppsbúum. Af þeim ástæðum, sem ég hefi nú tilgreint, get ég ekki verið með brtt. hv. n. Mér þykir þær heldur daufleg málalok eftir svo mikinn undirbúning, sem þetta mál er búið að fá.

Frsm. (Pétur Magnússon): Hv. 2. þm. N.-M. lét í ljós þá skoðun, að rétt væri að heimila eignarnám á Hvaleyrinni, en meiri hl. n. leit svo á, að engin ástæða væri til þess, þar sem Hvaleyrin er svo að segja öll ræktað land, helmingur hennar eign kaupstaðarins, en hinn helmingurinn eign stofnunar í Hafnarfirði. Þar að auki mun sá hluti, sem Hafnarfjörður á og leigður hefir verið einstaklingum, geta verið laus hvenær sem eru. N. leit

því á Hvaleyrina sem fullkomið innanbæjarmál fyrir Hafnarfjörð.

Hv. 2. landsk. taldi rétt, að landspildurnar, ef þær yrðu teknar eignarnámi, yrðu látnar til Hafnarfjarðarkaupstaðar, en ekki til bændanna í Garðahverfinu, því það væri meira hagsmunamál fyrir Hafnarfjörð að fá landið en þá. En ef hv. þm. hefir tekið eftir þeirri skýrslu, sem ég las í fyrri ræðu minni um afkomu þessara manna, þá hlýtur hann að sjá, að þeir geta ekki misst allt landið. (**JBald:** Þeir nota það þó ekki nú). Ekki síðan það var tekið af þeim, en þeir notuðu það áður til sumarbeitar, og til þess er það mjög vel fallið. Annars má sjá það af skýrslunni, að þeir hafa hver um sig svo lítið bú, að engin von er til þess, að þeir geti lifað af þeim. Þeir hafa margir hverjir ekki nema þrjár til fjórar kýr, enda ekki nema tvær, og aðeins fjórir af þessum bændum hafa sex kýr hver eða fleiri, og þó að mjólkurmarkaðurinn sé sæmilega góður, þá er varla hægt að vefengja það, að þetta er það allra minnsta, sem hugsanlegt er, að hægt sé að framfleyta heimilunum á. N. er því þeirrar skoðunar, að þessum mönnum sé nauðsynlegt að fá auknar landsnytjar. Það var fyrst og fremst þess vegna, að n. taldi rétt, að eignarnám á þessum landspildum færi fram, en hinsvegar taldi n., að þó þessum mönnum væri úthlutað því landi, er þeir þyrftu, þá væri samt nokkuð eftir af landi, sem henni fannst ekkert athugavert við, þó að Hafnarfjörður fengi. Ég sé ekki betur en að það sé hártogun á brtt., að land jarðarinnar Bakka hverfi til hennar aftur. N. ætlast til, að sú jörð sé lögð niður sem sérstakt býli, til þess að Hafnarfjörður þurfi ekki að verða á hakanum. Hinar spildurnar tvær eiga að gera Garðahreppi úrlausn, en Bakki mundi koma í hlut Hafnarfjarðar. Ég skal játa, að lengi má deila um það, hvort ekki sé réttmætt að leyfa eignarnám á stærra svæði, t. d. eins og talað er um í 1. gr. frv. á þskj. 138. En n. komst að þeirri niðurstöðu, að þess væri nú ekki brýn þörf. Hafnfirðingar fá allgóða úrlausn með afgreiðslu þessa frv., svo að nægja ætti í bráðina. Það er þá alltaf hægurinn hjá að bæta við það síðar, ef Hafnfirðingar gætu ekki komizt að jarðakaupum með frjálsu samkomulagi. Ýmsar þeirra jarða, sem um hefir verið rætt, eru nú í eign opinberra stofnana, líknarfélaga o. s. frv., og er hart að gengið, eigi að taka þær eignarnámi, og má slíkt ekki verða, nema knýjandi nauðsyn beri til. Og n. áleit, að sem bezt væri hægt að gera þessa heimild víðtækari síðar, ef reynslan sýndi þörf á því.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég vildi byrja með örfáum orðum til hv. 2. landsk. Ég verð nú að segja það, að mig undra ekki undirtektir hans við þetta mál. Það er svo með þennan hv. þm., að hann hefir sett sig út til þess að gera lítið úr öllum þeim málum, sem ég hefi borið fram hér á þingi, og skil ég þá viðleitni hans svo, að hann áliti mig hættulegan keppinaut fyrir frambjóðanda flokks hans í Hafnarfirði, og vilji því reyna að gera sem minnst úr mér hér á Alþ. Það er einlægt svo, að þegar ég flyt frv., er snerta Hafnarfjörð, þá hefir þessi hv. þm. flutt annað frv. um sama efni, sem fer lengra en mitt. Svona var um Hafnarfjarðarveginn, síldarbræðslustöðina, og nú síðast þetta mál. En þetta er ein lægsta tegundin af kjósendaveiðum. Ekki svo að skilja, að ég láti mér ekki í léttu rúmi liggja, hvað hv. þm. segir um mig og málaflutning minn. En ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, sem mér virtist koma fram hjá hv. 2. landsk., að um það land, sem hér ræðir um, hefir alltaf verið fullt samkomulag milli Hafnfirðinga og Garðhverfinga. Og Hafnfirðingum hefir aldrei komið til hugar að skerða rétt Garðhverfinga hið allra minnsta. Þeir hafa aldrei reynt að veikja atvinnumöguleika þeirra, heldur þvert á móti, þar sem Garðhverfingar hafa leyfi verkalýðsfélagsins til að vinna í Hafnarfirði sem innanbæjarmenn. Þá hafa Garðhverfingar fengið að senda börn sín á barnaskóla í Hafnarfirði, og ýmsra fleiri hlunninda hafa þeir notið þar.

En þegar Hafnfirðingar urðu varir við utanaðkomandi tilraunir til þess að ná tangarhaldi á jörðum þarna, þá þóttust þeir vera í sínum fulla rétti með að fara fram á þessa eignarnámsheimild sér til handa. Og ég tel víst, að flestir Hafnfirðingar muni sætta sig við þá afgreiðslu, sem hér verður höfð á þessu máli.

Frv. mitt fór fram á rúma 40 ha. af landi, en það land, sem hefir verið ætlað Bakka, er nálægt 20 ha. Landsvæðið er því samtals rúmir 65 ha., og samkv. till. hv. landbn. á annar helmingur þess að falla Hafnfirðingum í skaut, en hinn Garðhverfingum.

Allt þetta land er ágætlega ræktanlegt, svo að hvernig sem skipt yrði, hlytu Hafnfirðingar að fá gott land til ræktunar. — Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um afstöðu bæjarstj. í Hafnarfirði til þessa máls, þá skal ég taka það fram, að hún hefir ekki tekið afstöðu til annars frv. um þetta mál en þess, sem ég hefi borið fram. Ég á sæti í bæjarstj., og hafa hin frv. aldrei komið til umr. á fundum hennar. Hv. 2. landsk. getur ef til vill sagt sem svo, að úr því að bæjarstjóri hafi lýst sig hlynntan frv. hans, þá muni meiri hl. bæjarstj. vera það líka. En engin ályktun frá bæjarstj. liggur fyrir um það frv.

Mér þykir mjög gott í sjálfu sér, að þessi hv. þm. taki svona rækilega afstöðu til málefna, sem snerta kjördæmi mitt. En ég er hræddur um, að ástæðan til þess sé sú, sem ég gat um í upphafi ræðu minnar, og er þá áhugi hv. 2. landsk. fyrir Hafnfirðingum ekki mikils virði.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Hafnf. gerði í rauninni ekki annað en að árétta það, sem hann sagði í fyrri ræðu sinni. Ég sagði, út af því, að hv. þm. hefir nú gengið inn á till. hv. landbn., að mér fyndist þm. lítilþægur. Þetta held ég, að ég geti staðið við. Hann fór fram á það upphaflega að fá þrjár landspildur, þar á meðal spildur þeirra Hermanns og Tryggva. En nú gengur hann inn á till. landbn., sem ekki tryggja Hafnfirðingum neitt land. Hv. þm. minntist á, að skiptingin á landinu færi eftir brtt. við 2. gr. En samkv. því, og í sambandi við 3. gr., sé ég ekki annað en að hlutur Hafnarfjarðar í þeim skiptum geti orðið rýr. Eftir orðalagi 3. gr. er n. ekki viss um, að Hafnarfjörður fái nokkurt land við þessi skipti.

Hv. þm. Hafnf. var að tala um velvilja Hafnfirðinga í garð Garðhverfinga, og þetta er rétt. Garðhverfingar hafa góðan markað fyrir mjólk sína í Hafnarfirði; þeir fá þar vinnu og senda börn sín þangað í skóla. Margt fleira mætti upp telja. En mér finnst, að það andi fremur köldu frá Garðhverfingum gegn þessum velvilja Hafnfirðinga. Mótstaða hv. 5. landsk. við það, að Hafnfirðingar fengju land til ræktunar, var byggð á mótmælum frá Garðhverfingum. Og í skjölum þeim, sem hv. 4. landsk. las upp, eru þeir að reyna að sanna, að þeir þurfi sjálfir að halda á öllu þessu landi.

Hv. þm. var að gera mér upp þær hvatir, að afstaða mín til þessa máls og annara, sem Hafnarfjörð snerta, væri framkölluð af persónulegum ástæðum, þar sem ég sæi í honum hættulegan keppinaut fyrir frambjóðanda míns flokks í Hafnarfirði. Ég skal láta þess getið, að ég flutti mál hér á þingi fyrir Hafnarfjörð löngu áður en ég heyrði getið um pólitísk afrek þessa hv. þm., og gat það ekki verið af persónulegum illvilja í hans garð.

Það, sem hv. þm. sagði um afstöðu bæjarstj., er vitanlega tómur útúrsnúningur. Það er auðvitað, að þegar bæjarstjóri lýsir því yfir opinberlega, að hann sé einhverju máli fylgjandi, þá má telja víst, að hann hafi að baki sér meiri hl. bæjarstj. Og Hafnfirðingar hafa svo mikla þörf á landi til ræktunar, að engin hætta er á því, að þeir fylgi ekki því frv., sem lengst gengur í þá átt að útvega landnæði. Frv. á þskj. 138, sem ég flutti, er flutt í samráði við bæjarstjórann í Hafnarfirði og eftir beinni ósk hans. Og ég þykist vita, að þar hafi hann komið fram f. h. meiri hl. bæjarstj.

En mér þykir leitt, að hv. þm. skuli sætta sig við svo lélega afgreiðslu þessa máls og nú á að viðhafa, og teldi ég betra, að núv. ástand héldist óbreytt, en að till. landbn. yrðu samþ., því að verði þessu landi nú skipt upp á milli býlanna, eins og farið er fram á í till. n., verður ólíkt erfiðara fyrir Hafnarfjörð að ná í það síðar. Hafnfirðingar eru því engu bættari, þó að till. landbn. verði samþ.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég vildi aðeins benda á það, að falli þetta allt í skaut Garðhverfinga, er opin leið fyrir þá og Hafnfirðinga að rugla saman reytum sínum. Það hefir oft verið talað um, að réttast væri að gera þetta, og er þá sama, í hvorra hlut landið fellur.

Jón Baldvinsson: Það er misskilningur hjá hv. þm. Hafnf., ef hann heldur, að það sé sama, í hvors hlut landið rennur, ef hrepparnir sameinast. Hafnarfjörður vill fá þetta land handa verkamönnum til ræktunar og efla þar með atvinnumöguleika þeirra. En það verður ekki með núv. ástandi, þó að hrepparnir væru sameinaðir. Bændur í Garðahverfi mundu eftir sem áður eiga landið, og hafnfirzkir verkamenn væru engu bættari.

ATKVGR.
Brtt. 866,1 (ný 1. gr.) samþ. með 8:1 atkv.
— 866,2 (ný 2. gr.) samþ. með 8:1 atkv.
— 866,3 (ný 3. gr.) samþ. með 8:1 atkv.
— 866,4 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 8:1 atkv.
— 866,5 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 8:1 atkv.
4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 916).

Páll Hermannsson: Ég lýsti hér yfir í gær, að ef ég þættist sjá, að þetta mál yrði tekið hér fyrir til 3. umr., þá hefði ég hugsað mér að bera fram við það brtt. Nú er það tekið hér fyrir hvern daginn eftir annan, og ég hefi ekki gáð þess að gera brtt. Óska ég því, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá. Vænti ég, að hann verði við þeim tilmælum, en ef mót von minni skyldi öðruvísi fara, get ég ekki greitt atkv. með því að heimila afbrigði.

Frsm. (Pétur Magnússon): Ég vildi aðeins skjóta því til hv. 2. þm. N.-M., hvort hann getur ekki komið með skrifl. brtt. á þessum fundi. Hann gerði í gær grein fyrir, að hverju leyti hann væri ósammála meiri hl. n., svo hv. d. ætti að eiga auðvelt með að átta sig á till. hans, og geri ég ráð fyrir, að hún mundi fúslega veita afbrigði fyrir hana. Annars geri ég þetta ekki að neinu kappsmáli.

Páll Hermannsson: Ég er ekki við því búinn að koma með skrifl. brtt. Ég hefi ekki athugað nákvæmlega, hvaða breytkynnu að þurfa að verða á frv. í sambandi við þá í sjálfu sér einföldu till., að heimila einnig, að tekið verði eignarnámi það land, sem ég talaði um í gær.

Forseti (GÓ): Ég tek þá málið út af dagskrá. Ég hefi alltaf tekið mál út, þegar óskað hefir verið eftir og því borið við, að koma þyrfti með brtt.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Ed., 3. júní, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 916, 944).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Framfærslulög.

Á 10. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til framfærslulaga (þmfrv., A. 46).

Á 11. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Ed., 28. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ég þarf ekki annað viðvíkjandi þessu frv. en að vísa til þess, sem sagt var um það mál í fyrra. Það komst gegnum tvær umr., en féll svo við 3. umr. með jöfnum atkv. Það var gerð ýtarleg grein fyrir málinu í fyrra, en til þess að gefa mönnum kost á að kynna sér efni þess, þá hefi ég tekið upp aths., sem fylgdu frv. Ég vil ekki halda uppi umr. að þessu sinni, en óska, að frv. verði vísað til allshn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

41. Kaup á skuldum.

Á 9. fundi í Ed., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um kaup á skuldum (þmfrv., A. 49).

Á 12. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég þarf ekki að vera fjölorður um þetta frv., af því að það segir sjálft til um tilgang sinn. Á tímum eins og þeim, sem nú standa yfir, má búast við því, að skuldheimta af því tægi, sem hér er gert ráð fyrir, geti orðið hættuleg fyrir vissa landshluta, þar sem kreppan sverfur mest að. Þetta frv. er borið fram til að bæta úr þessari hættu. Ég þykist vita, að í raun og veru þyrfti að taka þetta mál ýtarlegar en hér er gert, a. m. k. þegar til lengdar léti, en að svo stöddu þótti mér nægja að benda á aðalatriðið, sem sé þá hættu, sem af því stafar, þegar einstakir menn kaupa verzlunarskuldir og ganga mjög hart að mönnum, sem eru illa staddir fyrir, og skapa sér þannig gróða á óeðlilegan hátt. Ég get tekið það fram, að það eru ekki nema fá ár síðan einn einasti málafærslumaður hér í Reykjavík græddi 20 þús. kr. á skuldakaupum á hendur fátækri sveit hér nærri, þar sem miklu heppilegra hefði verið að koma þessu fyrir á annan hátt, t. d. að hlutaðeigandi sveitar- eða sýslufélag hefði haft yfirumsjón með þessu.

Hinsvegar vil ég taka það strax fram, til þess að fyrirbyggja misskilning, að eins og ég álít, að þurfi að vernda þá menn, sem svona stendur á fyrir, frá því, að of hart sé að þeim gengið, þá álít ég, að ekki megi rýra rétt lánsstofnananna, sem hafa lánað mönnum fé í góðri trú, og hindra það, að þær geti náð rétti sínum. En það er talsvert annað, þegar menn fara að kaupa og selja skuldir og innheimta þær sér til gróða.

Ég legg svo til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

Halldór Steinsson: Það væri sjálfsagt gott og blessað, ef hægt væri að koma í veg fyrir það með lögum, að gengið sé mjög harkalega eftir skuldum, sérstaklega nú á þessum tímum, þegar fjárhagur manna er yfirleitt mjög þröngur. En ég get ekki með nokkru móti séð, að þetta frv. miði að nokkru leyti í þá átt. Mér finnst það satt að segja að mörgu leyti vanhugsað og fljótfærnislega samið. Í frv. er ætlazt til, að sá, sem skuld hefir keypt, skuli jafna þeirri upphæð, er innheimta á, niður á alla skuldunauta eftir kaupverðinu, en í hlutfalli við nafnverð skuldanna. Síðan er skuldareiganda heimilt að innheimta hjá hverjum einstökum skuldunaut hans hlut af hinu nýfundna sannvirði skuldanna, að viðbættum 10% af þeirri upphæð fyrir áhættu við innheimtuna. Ef t. d. 100 þús. kr. skuld er seld fyrir 20 þús. kr., þá er ætlazt til, að leyfilegt sé að innheimta $\frac{1}{5}$ af henni, að viðbættum 10% af kaupverði skuldarinnar.

Það er venjulega svo, að útistandandi skuldir eru mjög mismunandi. Sumar skuldir eru ágætar, svo að gera má ráð fyrir, að þær verði greiddar að miklu eða öllu leyti. Aðrar eru aftur miðlungsskuldir, sem gera má ráð fyrir, að helmingur náist af eða þar um bil. Svo er þriðji flokkurinn, en í honum eru þær skuldir, sem eru annaðhvort algerlega ófáanlegar eða lítt fáanlegar. Þess vegna er það svo í slíkum þrotabúum, að venjulega lætur búið sjálft innheimta beztu skuldirnar, og er þá venjulega ekki annað eftir en ruslið, sem er þá selt. Ég get þess vegna ekki séð, að þetta frv. kæmi að verulegum notum, þótt að lögum yrði, eða næði þeim tilgangi, sem til er ætlazt, en getur hinsvegar orðið til að rýra viðkomandi bú eða þá til að skaða þá, sem skuldirnar kaupa, en að minu viti er hvorugt heilbrigt.

Ef ætti að koma í veg fyrir óþægindi af slíkri skuldainnheimtu, þá finnst mér bezt og eðlilegast að fara þá leið, sem hv. flm. benti á, að viðkomandi hreppsfélag eða skuldunautarnir sjálfir hefðu forgangsrétt að þessum skuldum. Þá mundi ekki vera gengið of hart að mönnum með skuldagreiðslur, en hitt get ég ekki séð, að sú leið, sem hv. flm. stingur upp á í frv. sjálfu, verði til mikilla bóta.

Ég mun ekki leggjast á móti því, að frv. gangi til n., og treysti ég þá n. til að laga

frv. og bæta úr þeim stóru göllum, sem að mínu áliti eru á því.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég get ekki annað en tekið undir ummæli hv. þm. Snæf., að þótt sjálfsagt sé góð meining með þessu frv., þá finnst mér, að það sé vanhugsað. Mér sýnist sem sé svo, að ef frv. verður lögleitt eða einhver svipuð ákvæði og það hefir inni að halda, þá hafi það í reyndinni aðeins eina afleiðingu, sem sé þá, að slíkar skuldir í þrotabúum eða dánarbúum, — þ. e. a. s. verzlunarskuldir, sem taka til nokkuð mikils fjölda manna og eru misjafnlega góðar, — yrðu óseljanlegar í einu lagi. Ég sé ekki, að frv. feli í sér neitt annað en bann gegn því, að skuldir séu seldar í einu lagi. Nú skal ég ekki segja um það út af fyrir sig, hvort ástæða er fyrir löggjöfina til að setja slík ákvæði, en ef ástæða þætti til að setja þau, þá er mikið hreinlegra að gera það með því að breyta löggjöfinni um meðferð þrota- og dánarbúa, svo að slík sala yrði ekki heimil. En fyrir gjaldendurna, sem eiga að borga skuldirnar, held ég ekki, að slík löggjöf eða afleiðing þessa frv. mundi gera neinar verulegar breyt. Ég sé ekki mun á því fyrir þá, sem eiga að borga þessar skuldir, hvort eigendaskipti verða á kröfunum áður en gengið er að þeim.

Mér finnst eins og fyrir höfundi frv. hafi vakað einhver óljós hugsun um það, að finna einhverskonar bragð til að koma þessum skuldunautum inn undir nokkurskonar nauðasamningaákvæði, sem eins og kunnugt er er gert á þann hátt, að samið er um að greiða nokkurn hluta og jafnan hluta öllum af skuldum sínum. En ef sú er hugsunin, þá er sú gloppa í frv., að þessi tilgangur næst alls ekki, ef ekki verða eigendaskipti á skuldunum, en frv. eins og það er nú stendur mjög í vegi fyrir, að það geti orðið.

Ég fyrir mitt leyti get vel fallizt á, að frv. gangi til n. og fái þar nánari athugun, þótt mér sýnist sem sagt, að smíði þess hafi alveg mistekizt.

Jón Baldvinsson: Ég held, að það sé alveg rétt, sem oft hefir verið minnzt á, að þegar á að ganga hart að mönnum fyrir gamlar verzlunarskuldir, þá eigi þeir að fá vernd, svo að ekki verði allt tekið af þeim. En ef þetta frv. á að verða mönnum til hjálpar, þá þarf það einhverrar lagfæringar við, því að það verður sýnilega til að minnka lánstraust manna. Ég vil því spyrja hv. flm., hvort það sé meiningin hjá honum, að þessi vernd eigi eingöngu að ná til samvinnufélaga; það má skilja það svo eftir orðalagi 1. gr. frv.

Flm. (Jónas Jónsson): Mér sýnist líta vel út með, að frv. nái þeim tilgangi, að vekja menn til umhugsunar um þá hættu, sem er svo nátengd viðskiptalífi okkar nú. Hitt kemur mér engan veginn á óvart, þó að menn séu ekki samdóma um það, hvernig skuli taka á þessu máli.

Eins og hv. þm. Snæf. tók eftir, þá álít ég, að gera megi ýmsar fleiri öryggisráðstafanir í svona margþættu máli eins og þetta er. Eitt af því, sem þar kemur fyrst til greina, er réttur sveitar-, sýslu- og bæjarfélaga til að koma þar til skjalanna, ef hætta er á ferðum.

Út af ræðu hv. 2. landsk. vil ég geta þess, að það vakti fyrir mér, að þetta væri almennt, enda er ekki talað um neinn vissan félagsskap í frv. Það mun líka vera eins mikið um það, eða öllu meira, að skuldunautar kaupmanna verði hart úti vegna hastarlegrar aðgöngu harðdrægra innheimtumanna. Það hefir myndazt ákaflega sterkt nafn, „blóðhundar", um þá menn, sem hafa tekið að sér innheimtu á þessum skuldum, og það eitt sýnir, að almenningur hefir fundið þá hættu, sem stafar af þessari innheimtu. En einmitt einn af slíkum mönnum nýtur alveg sérstakrar verndar í haldsmanna nú sem stendur.

Ég get ekki fallizt á það, sem hv. 2. landsk. sagði, að þetta frv. yrði til að rýra lánstraust manna, vegna þess að frv. leggur engar hindranir á það, að lánardrottinn geti sjálfur gengið að skuldunaut sínum. Í sambandi við þetta vil ég segja út af ræðu hv. 1. landsk., að það er ákveðinn tilgangur þessa frv. að gera glöggan mun á því, hvort lánardrottinn innheimtir sína skuld eða einhver kaupir hana og gengur síðan hart að í ábataskyni. Samkv. frv. á lánardrottinn að hafa sinn óskerta rétt. Hann hefir mynd-

að skuldina, trúað öðrum fyrir fé sínu, og þeir, sem lánið hafa tekið, hafa gert það með ráðnum hug. En þar að auki eru oft milli þessara tveggja aðilja einhver persónuleg bönd, sem hindra það, að lánardrottinn gangi harkalega að, t. d. mundu flestir lánardrottnar hika við að taka einustu kú fátæka mannsins, jafnvel þótt þeir hefðu lagalegan rétt til þess. En „blóðhundarnir", eða sú stétt manna, sem svo er kölluð, mundu ekki hika við að ganga hart að mönnum, heldur taka allt af þeim, jafnvel ekki hlífa þeim, sem bágast eiga. Það getur líka verið, að milli lánardrottins og lántakanda hafi verið sérstakt samkomulag um greiðslu skuldarinnar, t. d. um langan greiðslufrest, sem hafi þó ekki verið skriflegt, en til þess er auðvitað ekkert tillit tekið af þeim, sem skuldina kaupir og gerir sér að atvinnu að innheimta hana.

Það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði, að hér ætti að banna að selja skuldir, en það er tilraun til að gera það erfitt að selja þær, tilraun til að láta lánsstofnanirnar og aðra, sem lána fé, innheimta sjálfa. Þessi tilgangur miðast við þá þörf, sem er í landinu, því að það er mjög sjaldan, að þeir, sem lán veita, hvort sem það eru bankar, sparisjóðir, kaupmenn eða kaupfélög, gangi að mönnum, sem vilja standa í skilum, með mikilli ósanngirni.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég er nú náttúrlega ekki mikið kunnugur viðburðum eða athöfnum á því sviði, sem þetta frv. fjallar um. En ég hefi þó haldið, að slík innheimta skulda, sem frv. ræðir um, hafi aðallega eða allt að því eingöngu farið fram, þegar seldar hafa verið skuldir þrotabúa eða dánarbúa. Og ég skil ekki, hvernig í því tilfelli geti komizt að þetta, sem hv. flm. hugsar sér, að það haldist í gegnum innheimtuna þau persónulegu bönd, sem kunna að hafa verið milli lánveitanda og skuldunauts. Ég held, að í þeim tilfellum sé ekki framkvæmanlegt það, sem hv. flm. lýsti, að væri aðaltilgangurinn, að knýja það fram, að lánveitendur innheimti sjálfir. Ég hefi ekki orðið var við þetta almenna álit, sem hv. flm. talar um, en þó orðið var við nokkuð almenna hneykslun á slíkri skuldasölu með eftirfarandi innheimtustarfsemi í einu tilfelli. Það var þegar það kom fyrir, að sýslumaður keypti slíkar verzlunarskuldir, sem hvíldu á héraðsbúum mjög almennt, og öllum landsmönnum, sem til fréttu, til stórrar undrunar, fékk leyfi yfirboðara síns, sem þá var dómsmrh., og hv. flm. þessa frv. mun vita, hver var, til þess að mega kaupa þessar skuldir á héraðsbúa og innheimta þær meðan hann ætti sæti í sýslumannsembætti. Þetta var náttúrlega öðruvísi en það átti að vera.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hefi fengið í síðustu ræðu hv. 1. landsk. einkennilegan stuðning við þetta frv., sem ég þakka fyrir, með því að hann telur sig hafa frétt um tilfelli, þar sem þetta hafi átt sér stað. Á því sést, fyrst hann veit um eitt dæmi, og aðrir vita um fleiri, að ástæða sé til að vinna á móti því. Mér skildist á hv. þm., að hann áliti, að á meðan ég var dómsmrh. hafi ég leyft einum sýslumanni að kaupa skuldir á sýslubúa og innheimta þær. Það er rétt, að meðan ég var dómsmrh. frétti ég, að einn sýslumaður hefði gert þetta. Ég spurði hann að því persónulega, en hann neitaði því. Ég skal játa, að ég veit ekki með vissu, hvort sýslumaðurinn hefir verið saklaus af þessu, en það var hlutur, sem var þess eðlis, að það var ekki hægt að sanna á hann. Það er margt, sem einstakir menn og starfsmenn landsins frétta á skotspónum, en ekki kemur fram í kæruformi, og ekki verður tekið á. T. d. er það talið, að hv. 1. landsk. hafi grætt 150 þús. kr. á akkorði við rafmagnsstöðina hér. Ég hafði ekki aðstöðu til að sanna þetta, en þessari sögu er, eins og um sýslumanninn, almennt trúað. Ég hefi enga skoðun á því til eða frá, en ég segi þetta aðeins sem dæmi upp á, að þetta er hneyksli, ef það hefði átt sér stað. En það er því miður ekki hægt, eins og hv. þm. hlýtur að skilja, fyrir eina stjórn að hindra allar syndir í landinu, einkum þar sem ihaldsflokkur er mannmargur.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Hv. flm. gerði hvorki að neita eða staðfesta það, sem ég sagði um skuldainnheimtu eins

embættismanns, en flestir hugsa ég, að hafi eftir ummælum hans skoðað það sem staðfestingu, að öðru leyti en því, að hann kannaðst ekki við, að hafa veitt sýslumanninum leyfi til þess. Ég vil endurtaka það, að ég álít, eins og afstaðan er milli sýslumanns og héraðsbúa, að óviðeigandi sé, að sýslumaður geti fengið að hafa á hendi slík viðskipti innan síns héraðs eins og kaup á víðtækum verzlunarskuldum.

Sagan, sem hann sagði um gróða minn á rafmagnsstöðinni, er náttúrlega ekki nema ein af mörgum, sem hv. þm. hefir svona til þess að skemmta sér við í raunum sínum, og þær hafa sama gildi fyrir hann, hvort sem þær eru sannar eða ósannar, eins og skáldsögulestur fyrir öðrum. En úr því að þetta kemur væntanlega í þingtíðindunum, þá eru mér engin leiðindi að segja frá því, að þegar rafmagnsstöðin var boðin út á erfiðum tíma, komu 3 tilboð í það verk, 2 tilboðin voru upp á 370 þús. og 380 þús., en tilboðið frá mér var um 272 þús. kr., ef ég man rétt, og áleit enginn maður á þeim tíma, að ég slyppi skaðlaus. Ég læt hvern um það, sem vill trúa því, að ég hafi grætt 150 þús. kr. á tilboði mínu, eftir að hafa farið 100 þús. kr. niður fyrir keppinauta mína. En að ég hafi samið um þetta við sjálfan mig, eru rakalaus ósannindi. Ég átti sæti í n., sem átti að semja um það, en ég tók engan þátt í því. Ég bauðst til að víkja úr n. fyrir fullt og allt. (**JónasJ:** Var það þegið?). Nei, það var ekki þegið, en því gat ég ekki gert að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Stjórnarskrárbreyting (frv. JBald).

Á 10. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920 (þmfrv., A. 52).

Á 13. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það eru mörg verkefni, sem liggja fyrir þessu þingi, og mörg vandamál úr að ráða. E. t. v. eru eitthvað skiptar skoðanir um, hver af þessum málum ættu að ganga fyrir. Að sjálfsögðu verða gerðar miklar kröfur til þingsins um að það greiði á einhvern hátt úr þeim miklu fjárhagsörðugleikum, sem nú steðja að landsmönnum. Þetta er vandamál, sem vel þarf að velta fyrir sér, og er nauðsynlegt að fá, með nýrri varanlegri skattalöggjöf, fé til þess að ráða bót á erfiðleikum kreppunnar. En það er líka annað mál, sem vænzt er, að þetta þing ráði fram úr, mál, sem ekki krefst aukinna útgjalda, mál, sem meiri hl. þjóðarinnar væntir fastlega, að þingið ráði fram úr. Þetta mál er stjórnarskrármálið og kjördæmaskipunarmálið, sem hvorttveggja tvinnast mjög saman og hafa legið fyrir 3 undanförnum þingum. Ég þarf ekki að rifja upp fyrir þm. sögu þessa máls. Allt því viðkomandi er enn í fersku minni. En þó má benda á, að Framsfl. rauk til og rauf Alþ. vegna lítilfjörlegrar stjskrbreyt., sem fram kom á þingi 1931. Lét flokkurinn síðan fara fram nýjar kosningar og vann á því glæsilegan sigur, að telja bændum trú um, að ef þeir veittu Framsókn ekki mikinn meiri hl. á Alþ. nú, mundu þeir aldrei framar fá að neyta kosningarréttar síns. Þetta var undiraldan í allri starfsemi framsóknarmanna við kosningu eftir þingrofið. Síðan fór þó svo, að flokkurinn neyddist til að taka þetta mál upp. Það átti svo sterk ítök í þjóðinni, að þrátt fyrir meiri hl. í þinginu höfðu framsóknarmenn ekki nema ⅓ hluta kjósendanna að baki sér. Mikill meiri hl. þessara ⅔ hluta kjósenda hefir auk þess látið í ljós við kosningar og tugir þús-

unda beinlínis sent þinginu skrifl. áskoranir um að leysa stjórnarskrármálið á þann hátt, að jafnrétti fáist og að allir alþ.kjósendur fái jafnan áhrifarétt á skipun þingsins, hvar á landinu sem þeir eru búsettir. Þetta er það, sem fram að þessu hefir gerzt í málinu, frv. hafa komið fram, mþn. skipuð, en árangur hefir enginn orðið. Tvö undanfarin þing hafa að vísu verið samtök milli þeirra flokka, er töldu sig og sína kjósendur mestum órétti beitta með núv. kjördæmaskipun, um að standa á móti því, að ýms mál Framsóknarflokksstjórnarinnar gengju fram, nema því aðeins, að stj. léti undan í kjördæmamálinu og héldi ekki rétti fyrir kjósendum, eins og nú er gert. En Sjálfstæðisfl. hefir bilað í þessum samtökum gegn stjórninni. Á þinginu 1931 var það e. t. v. skiljanlegt, að þm. vildu bíða og sjá, hvort ekki yrði einhver árangur af starfi mþn., sem Framsókn lagði til, að skipuð yrði; en þegar enginn árangur varð af starfi þeirrar n., var ekki um annað að gera en knýja þetta mál fram, því að svo sterkar stoðir voru undir það runnar, að Framsókn hefði ekki nema fáa mánuði getað staðið á móti stjskr.breyt., ef fast hefði verið fylgt á eftir. Í stað þess að standa fast við málstaðinn á síðasta þingi, samþ. Sjálfstfl. að ganga til stj.myndunar með Framsókn og fella þar með niður kröfurnar, sem haldið hafði verið fram áður um lausn kjördæmamálsins. Skyldi nú bíða eftir því, hvort samsteypustj. gæti ekki leyst málið. Allt var byggt á loforði hæstv. forsrh. því viðvíkjandi, og birtist nú efnd þess í formi frv. þess, er útbýtt hefir verið hér í þinginu í dag. Ég held, að auðveldara hefði verið að fá fram stjskrbreyt. í fyrra en það verður nú. Byggi ég það á því, að í fyrra var komið mikið lát á ýmsa þm. Framsóknar, og sögðu þeir, að ekkert væri annað að gera en ganga inn á breyt. Þingmálin stóðu föst. Heyrði ég í þinginu, að ýmsir þm. óskuðu eftir því, að þingi yrði frestað, svo að þeir gætu farið heim og ráðgast við kjósendur um málið, en koma síðan aftur til þings, og hefði það getað orðið síðla sumars 1932. Hefði þetta því aðeins orðið, að ekki hefði verið sleppt við stjórnina þeim málum, sem hún þurfti á að halda til að geta stjórnað landinu. En þegar málinu var þannig komið, breyttist allt á örfáum dögum. — Framsókn og Íhald slógu saman pjönkum sínum og mynduðu stjórn saman. Ég hefi minni trú á, að sjálfstæðismenn standi fastir fyrir nú í þessu máli, eftir að þeir hafa bilað tvisvar. Er ólíklegra, að framsóknarmenn taki þá nú alvarlega, þótt þeir beri fram slíkar kröfur. Ég þarf ekki að taka það fram, að við Alþýðuflokksmenn höldum fast við þessar kröfur um breytta kjördæmaskipan. Aðstaða okkar er í engu breytt. Við höfum í undanfarin 15 ár haldið fram svipuðum kröfum og þeim, er við höfum nú lagt fyrir þetta þing. Þetta frv., sem ég hefi borið fram af hálfu Alþfl., er ekki nein nýjung, því að næstum allt efni þess felst í þeim brtt., sem fluttar voru af hálfu Alþfl. á Alþ. í fyrra. Aðalatriðið er, að kjördæmaskipun sú verði bundin í stjskr., að landið sé allt eitt kjördæmi og allir alþm. og varamenn kosnir hlutbundnum kosningum samtímis um land allt. Ég þarf heldur ekki að taka það fram, því að þm. vita, að þingflokkar eiga að fá þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, er þeir hljóta við kosningar. Þetta ákvæði er mjög nauðsynlegt í stjskr., svo að ekki verði með kosningal. gert minna úr því en til var ætlazt með frv. Þá er atriði í frv., sem hefir að vísu verið borið hér fram á þingi einu sinni áður. Það er, að þm. skuli allir skipa eina málstofu. Þetta ákvæði er til þess að gera einfaldari gang þingmála og auðveldari afgreiðslu mála, þótt hún verði hinsvegar jafnörugg. Því að þegar þm. vita, að þeir eiga að afgr. eitthvert mál til fullnustu út úr þinginu, munu þeir leggja meiri alúð við ihugun þess heldur en þegar þeir vita, að það fer til annarar deildar. Líka má fjölga umr., ef þurfa þykir, skipta málum milli nefnda o. s. frv. Hvað önnur atriði snertir er rétt að taka það fram, að kosningarréttur er í frv. ákveðinn í samræmi við það, sem borið var hér fram í fyrra, að allir eldri en 21 árs fái kosningarrétt. Ennfremur er í frv. numið burt það ákvæði, að þeginn sveitarstyrkur varði missi atkv.réttar, og held ég, að flestir þm. séu nú orðið sammála þessum atriðum eða treystist ekki, þótt þeir

kunni að vera á móti þeim, að ganga á móti því sterka almenningsáliti, er að baki þeim stendur. Í frv. er lagt til, að niður falli skilyrðið um 5 ára búsetu í landinu. Þetta var sett í stjskr. 1920 því til tryggingar, að Danir neyttu ekki atkv.-réttar hér og hefðu áhrif á kosningar. Nú er slíkri hættu ekki til að dreifa, en hinsvegar hefir þetta komið hart niður á ýmsum Íslendingum, er dvalið hafa erlendis. Vildi ég fá þessu breytt í fyrra, og skildist mér, að sumir sjálfstæðismanna myndu því ekki andvígir. En þær breyt. voru á þá lund, að ekki skyldi **nein** skilyrði setja um dvöl í landinu. Hér er aftur á móti lagt til, að eins árs búsetuskilyrði verði lögtekið.

Ég skal játa, að ég hefi því miður ekki mikla von um, að frv. þetta nái samþykki eins og ég ber það nú fram. En mér þótti ekki rétt að draga lengur að bera fram stjskr.frv. hér í þinginu.

Það hefir verið sagt, að svo sem viku af þingi myndi ríkisstj. bera fram frv. það til stjskrbreyt., sem forsrh. hafði lofað að bera fram. Það leið nú svo fyrsta vika þingsins, að ekkert frv. kom, og þá var það, að Alþfl. ákvað að bera fram frv., sem nú er hér til umr. Síðan kom sú yfirlýsing frá hæstv. forsrh., að ég ætla fyrir hálfum mánuði, að þá í næstu viku á eftir myndi koma frv. frá stj. Sú vika leið fram til föstudags, og ekkert frv. kom. Þá var það, að Alþflþm. álitu rétt að láta frv. sitt koma fram, til þess að Alþingi gæti tekið stjórnarskrármálið til meðferðar. Við höfum því dregið það lengur en vera bar, en það var aðeins verið að bíða eftir því — af einskonar kurteisi við hæstv. stj. — að lofa henni að koma fyrst með sitt frv.

Ég býst ekki við, að frv. verði samþ. eins og það er. Ég hefi samt skýrt frá því, að afstaða okkar Alþ.flþm. er ekki breytt frá því í fyrra. Við verðum kannske að sætta okkur við einhverja minni úrlausn en þá, sem við nú förum fram á, svipað því, sem við töldum okkur geta unað við í fyrra. Hitt er annað mál, að ef stjskr.málið á nú að ganga milli flokkanna eins og það gekk í fyrra, er sýnilegt, að enginn árangur verður.

Þetta fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv., er sá grundvöllur, sem við viljum byggja á í stjskr.málinu. Af því að það er svo knýjandi nauðsyn að fá stjskrbreyt., þá höfum við viljað teygja okkur langtum lengra en við upphaflega stungum upp á. Það er sú knýjandi nauðsyn til breytinga á kjördæmaskipuninni, sem því veldur. Þetta hefir aldrei komið eins greinilega í ljós og eftir kosningarnar 1931, þegar ⅓ kjósenda gat fengið meiri hluta allra þm. Það hefir aldrei komið fyrir áður í þingsögu vorri.

Ég vil að lokinni þessari umr. mælast til þess við hv. d., að hún skipi sérstaka n. til þess að fjalla um þetta mál, svo sem venja er til með breytingar á stjórnarskránni. Ég ætla jafnframt að skýra flokkunum frá því, að ég mun koma fram með sérstakan lista af hálfu míns flokks við kosninguna til n. Hvort sem þetta verður tekið til greina eða ekki, þykir mér rétt að láta það koma fram nú.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. með því, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og n. Frv. uppfyllir þær kröfur, sem Sjálfstfl. hefir borið fram og barizt fyrir og mun halda áfram að berjast fyrir: að kjósendurnir í landinu nái fullu jafnrétti. Það er að vísu ekki valin til þess að ná þessu marki sú leið, sem við sjálfstæðismenn teljum heppilegasta, þar sem stungið er upp á því að gera landið að einu kjördæmi; ennfremur er hnýtt inn í þetta stjskrfrv. nokkrum ákvæðum um starfshætti Alþingis, sem Sjálfstfl. hefir ekki getað fallizt á. En þrátt fyrir það tel ég sjálfsagt, að frv. sé sýnd sú kurteisi, að því verði vísað til 2. umr., þannig að það geti legið fyrir til meðferðar síðar á þinginu jafnhliða því frv. til breyt. á stjskr., sem hæstv. stj. hefir nú látið útbýta í dag.

Jón Jónsson: Ég sé nú ekki beinlínis ástæðu til að hefja verulegar umr. um þetta mál eins og það liggur nú fyrir. Eins og kunnugt er, þá er komið fram annað frv., og gefst því tækifæri til þess að ræða þetta frekar. Hinsvegar skildist mér það á hv. flm., að hann gerði ekki ráð fyrir, að það frv., sem hann ber hér fram, næði fram að ganga á þessu þingi. Enda vona ég, að það gangi ekki fram. Ég

tel það illa farið, ef svo stórfelld breyt. á stjskr. yrði samþ. Ég er honum ósammála í því, að það hafi verið illa farið, að málið var ekki afgr. á síðasta þingi. Ég býst þvert á móti við því, að svo víðtækt og viðkvæmt mál eins og þetta hafi gott af því að bíða. Hvort stjskrbreyt. í einhverri mynd verði afgr. á þessu þingi, skal ég ekki segja, en í því er ég sammála hv. 2. landsk., að það séu fleiri verkefni, sem fyrir þessu þingi liggja, sem í sjálfu sér munu vera meira aðkallandi en þetta mál.

Ég sé svo ekki ástæðu að þessu sinni að fjölyrða frekar um málið, en vildi beina þeirri ósk til hæstv. forseta — einkanlega út af þeirri yfirlýsingu, sem kom fram frá hv. flm., að hann myndi koma fram með lista við n.kosninguna — að n.kosningunni yrði frestað þangað til síðar, að flokkarnir geti athugað það mál.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er rétt hjá hv. 3. landsk., að ég mun hafa látið orð falla um það, að ég byggist ekki við, að frv. næði fram að ganga á þessu þingi, eins mikil og andstaðan er gegn þessu í Framsfl. Þar sem Sjálfstæðisfl. fellst ekki heldur á þau aðalatriði, sem frv. fer fram á, þá er það auðvitað, að við 4 alþm. Alþfl. getum ekki komið þessu máli fram gegn vilja hinna.

Ég er ekki sammála hv. þm., um það, að þetta mál hafi gott af því að bíða. Ég held, að allir hafi gott af því, að þetta mál sé leyst tafarlaust. Þeir landsmenn, sem eru órétti beittir með núv. kosningalögum og kjördæmaskipun, álíta áreiðanlega ekki, að þetta mál hafi gott af því að bíða. Meiri hl. landsmanna óskar eftir, að þetta mál komist í framkvæmd heldur í dag en á morgun.

Mér þykir afarleitt, að einn af helztu stuðningsmönnum samsteypustj. og maður, sem er handgenginn hæstv. forsrh., skuli láta í ljós vafa um það, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Mér finnst það ekki spá neinu góðu um það, að stj. geti komið fram frv. til stjórnarskipunarlaga, sem hún nú hefir borið fram og ætla má, að hún vilji vinna að, eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh.

Hitt er ekki rétt hjá hv. 3. landsk., að ég hafi sagt, að það væru önnur verkefni, sem meira lægi á að afgreiða en þetta. Ég talaði um önnur verkefni, sem mikil þörf væri að afgreiða, eins og t. d. kreppumálin. Ef það er nauðsyn, að þau verði afgr., þá er engu minni nauðsyn að afgreiða stjskrmálið. Það er einn liðurinn í kreppuráðstöfununum, að veita öllum landsmönnum jafnan rétt til þess að leggja atkv. sitt í vogarskálarnar um það, hvernig með þessi mál skuli fara. Það veit hv. d., að fram úr öllum okkar fjárhagsörðugleikum verður ekki ráðið á einu þingi. Þá er það réttara, að allir landsmenn fái jafnan rétt til þess að gera till. til úrlausnar á þeim málum. Þess vegna álít ég, að þetta mál hafi engan veginn gott af því að bíða, og að það séu ekki önnur verkefni, sem meiri þörf sé á að afgreiða en þetta.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Mér kom það dálítið á óvart, þegar ég heyrði hv. 2. landsk. segja, ef ég hefi skilið hann rétt, að Sjálfstfl. féllist ekki á aðalatriðin í þessu stjskrfrv., sem hann nú flytur. Mér kom þetta á óvart, af því að ég hafði ekki vitað annað en að hann væri mér sammála um það, að sköpun jafnréttisins meðal kjósendanna í landinu væri fyrst og fremst aðalatriðið í frv., og um það er Sjálfstfl. honum sammála. Það er tilhögunin á því, hvernig þessu marki verði náð, sem við erum honum ekki sammála um. Ég hefi litið svo á, að sjálft markið væri aðalatriðið, en tilhögunin, hvernig markinu væri náð, væri a. m. k. ekki því hliðstæð.

Mér þótti leiðinlegt að heyra ummæli hv. 3. landsk., þar sem hann var að draga úr því, að stjskrfrv. yrði afgr. á þessu þingi. Ég hefði að vísu ekki haft svo mikið við þetta að athuga, ef ummælunum hefði verið beint eingöngu gagnvart því frv., sem hér liggur fyrir til umr. í dag, sem hv. flm. bjóst ekki sjálfur við, að mundi ná fram að ganga á þessu þingi, en ég skildi hv. 3. landsk. þannig, að hann væri ekki síður að beina ummælum sínum að því stjfrv., sem hefir verið útbýtt í þinginu í dag. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta aðalverkefni samsteypustj., sem hún beinlínis var myndið upp á, fá kaldar viðtökur frá einum

bezta stuðningsmanni samsteypunnar, ef það er meiningin, að það geti eins farið svo, að því verði ekki sinnt á þessu þingi eða það látið ná afgreiðslu. Ég vil nú vona, að ég hafi eitthvað misskilið hv. 3. landsk., þó ég geti ekki skilið orð hans öðruvísi.

Ég vona, að þegar hann hugsar sig betur um, hljóti hann að sjá það, eins og afstaðan er til samsteypustj. og þeirra loforða, sem þá voru gefin, að það er óhjákvæmilegt, að stjskrfrv. verði afgr. á þessu þingi.

Jón Jónsson: Ég sé ekki brýna ástæðu við þessa umr. að svara hv. 2. landsk. mjög miklu. Ég býst við, að honum hafi ekki komið það á óvart, þó að ég væri ekki samþykkur hans frv., enda skildist mér á honum, að hann myndi ekki leggja mikið kapp á, að það næði fram að ganga.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. landsk. sagði, vil ég taka það fram, að ég hafði ekki með þessum orðum, sem ég sagði, tekið neina afstöðu til þess frv. frá ríkisstj., sem kom fram áðan. Ég lét þá skoðun í ljós, að nú væru tímarnir það alvarlegir, að að minni hyggju væru önnur verkefni, sem kölluðu fastar að en stjskrbreyt. í hvaða mynd sem væri. Hitt sagði ég, að ég myndi verða andvígur því frv., sem hv. 2. landsk. ber fram. Um stjfrv. er nógur tími til að ræða. Ég taldi, að önnur verkefni kölluðu fastar að en þetta.

Hv. 1. landsk. sagði, að það hefði verið aðalverkefni samsteypustj. að vinna að lausn kjördæmamálsins. Ég verð að segja það, að hann og flestallir flokksbræður hans hafa álitið, að þetta væri aðalverkefnið. Það er rétt, að því hefir verið lofað, að frv. til stjskrbreyt. skyldi verða lagt fram fyrir þingið, enda hefir það verið efnt. Ég man ekki eftir neinni yfirlýsingu frá stj. hálfu eða orðum um, að það skyldi sjálfsagt verða afgr. á þessu þingi. Um það var vitanlega ekki hægt neitt að segja.

Það væri gott, ef samkomulag næðist um sæmilega lausn kjördæmamálsins, en um það get ég ekkert fullyrt. Ég held því fram, að það hafi miklu frekar verið verkefni samsteypustj. og skylda, sem þyngst hvílir á okkur þm., að leysa vandamálin, sem stafa af núv. kreppu, og að það sé það, sem þm. verða að beina hugum sínum að frekar öllu öðru.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að gera örstutta aths. út af ræðu hv. 1. landsk. í sambandi við stjskrfrv. það, sem útbýtt var hér í d. Ég hefi ekki verið við þá samninga, sem hann minntist á. Ég hygg, eftir því sem fram er komið, að það liggi þannig í því, að hann hafi verið í þessum samningum, því að það lítur út fyrir, að samningunum sé fullnægt við hann og hans aðstandendur með því að bera frv. þetta fram, en að það þurfi ekki að standa við það að samþ. það. Finnst mér, að hv. 1. landsk. verði að taka því eins og er.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er ekki ástæða fyrir mig að deila við hv. 1. landsk. En ég vil benda á, að frv. okkar Alþ.-fl.þm. tryggir bezt það aðalatriði, sem við hv. 1. landsk. erum sammála um: að þingflokkar hafi atkvæði á þingi í samræmi við atkvæðamagn við kosningar; það tryggir þetta miklu betur en stj.frv. það, sem fram er komið að tilhlutun stj. og hv. 1. landsk., því hann er eins og kunnugt er stuðningsmaður samsteypustj. Mér þykir gott að heyra það hjá hv. 1. landsk., að hann telji óhjákvæmilegt að samþ. sé stjskr.breyt. á þessu þingi.

Hinsvegar skal ég ekki leyna því, að í Alþfl., sem í fyrra var sammála Sjálfst.fl. um kröfur í þessu máli, ríkir mjög mikil tortryggni til flokksmanna hv. þm. vegna þeirrar undanlátssemi, sem þeir sýndu í fyrra, og sé því ekki rétt að byggja á því, að þeir standi nú eins og veggur í þessu máli á þessu þingi. Svo það er eðlileg ástæða til þess að trúa því ekki fyrirfram, þó að mér þyki gott að heyra þessa yfirlýsingu hv. 1. landsk. Ég hefi reyndar þá trú á honum, að hann vilji sjálfur vinna að stjórnarskrárbreyt. á þessu þingi, hvort sem hann fær því ráðið eða ekki.

Þá vil ég víkja nokkuð að hv. 3. landsk. Hann sagði, að sér hafi skilizt á mér, að ég legði ekki áherzlu á það, að þetta frv. gengi fram. Ég sagðist, eins og var, ekki búast við, að þetta frv. gengi fram á þessu þingi. Lýsti ég nánar, hvernig

andstæðingarnir hefðu lýst sig andvíga þeim ákvæðum, sem koma fram í frv., og að það væri ekki von, að Alþfl. kæmi frv. fram með sínum mannafla á þingi. Við Alþfl.menn leggjum áherzlu á þetta frv., og þetta er sá grundvöllur, sem við byggjum á. Hitt er annað mál, hvort við gætum í bili sætt okkur við eitthvað minna, en sem væri þó veruleg bót á kjördæmamálinu.

Það er undarlegt að heyra það, að hv. 3. landsk., sem er svo handgenginn ríkisstj., eins og kunnugt er, skuli lýsa yfir, að hann hafi ekki tekið neina afstöðu til frv. stj. Ég held, eftir öllum sólarmerkjum að dæma, að hann hafi verið í samningum með ríkisstj., og það er svo að sjá, að hann telji það bezt farið, að Framsfl. og Sjálfstfl. haldi áfram að vinna saman um stj. og framkvæmdir.

Þá er það till. hans um að fresta stj.skr.málinu. (**JónJ**: Ég sagði kosningu n.). Kosningu n. er sjálfsagt að fresta, ef flokkarnir óska þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Samþ. með 12 shlj. atkv. að kjósa 5 manna nefnd til þess að fjalla um málið, en nefndarkosningu frestað.

Á 14. fundi í Ed., 2. marz, var tekin til meðferðar **kosning stjórnarskrárnefndar.**

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram 3 listar, A, B og C. Voru á A-lista EÁrna, MT, JónasJ, á B-lista JónÞ, JakM, en á C-lista JBald. Þá er ganga skyldi til atkv., óskaði 1. landsk. þm. eftir 5 mínútna fundarhléi, og veitti forseti það. Að loknu fundarhléi mælti

Jón Baldvinsson: Aðeins nokkur orð út af þessum kosningum.

Í sambandi við umr. hér í d. í gær um stjskrfrv. mitt skýrði ég frá því, að ég mundi skila sérstökum lista við þessar kosningar. Gekk ég út frá því, að Alþfl. yrði leyft að koma að manni í þessa n. enn, eins og í fyrra, vegna þess, hve þetta er mikilvægt mál, enda varð þessu greiðlega framgengt við báða flokkana á síðasta þingi, bæði hér í þessari d. og í Nd., og eins við skipun mþn. í stjórnarskrármálinu sumarið 1931. — Í gær leituðu framsóknarmenn hófanna um það hjá mér, hvort ég mundi vilja kjósa með þeim form. stjskrn., og svaraði ég þessu neitandi, af því að ég vildi ekki binda mig fyrirfram í þessu efni. Af þessum ástæðum geri ég ráð fyrir, að framsóknarmenn hafi nú haft 3 menn á lista sínum, til þess svo af sinni hálfu að útiloka Alþfl. frá þessari nefnd. Hinsvegar hefir Sjálfst.fl. boðið mér þriðja sæti á sínum lista, og mun ég þiggja það, enda þótt heppni verði um það að hlíta, hvort að gagni má koma. Samkv. þessu tek ég þá aftur lista minn, sem ég lagði fram áðan.

Jón Þorláksson: Ég vil aðeins staðfesta það, sem hv. 2. landsk. þm. sagði. Hefir hæstv. forseti góðfúslega leyft okkur að taka lista okkar aftur og skila nýjum lista með hv. 2. landsk. þm. sem þriðja manni.

Forseti skýrði nú frá því, að B-listi og C-listi hefðu báðir verið teknir aftur, en í þeirra stað hefði sér borizt enn nýr listi, B-listi, með nöfnunum JónÞ, JakM, JBald.

Einar Árnason: Út af þessari breyt., sem orðið hefir á listunum, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gefi enn fundarhlé í 5 mínútur.

Forseti varð við þessum tilmælum 2. þm. Eyf. — Að fundarhléi loknu var A-listinn tekinn aftur, en fram kom nýr listi, sem forseti merkti líka A, og voru á honum þessi nöfn: MT, JónasJ, EÁrna. — Var nú gengið til atkv., og fékk hvor listi 7 atkv. Þar sem á listunum voru 6 menn, en aðeins 5 menn skyldu vera í n., varð hlutkesti að ráða fimmta manni í n. Kom upp hlutur JBald, og varð n. svo skipuð.

Magnús Torfason,	Af A-lista.
Jónas Jónsson,	
Jón Þorláksson,	Af B-lista.
Jakob Möller,	
Jón Baldvinsson.	

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

43. Hámarkslaun.

Á 14. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um hámarkslaun (þmfrv., A. 70).

Á 16. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Sú hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir því, að þetta frv. er borið fram, hefir talsvert verið rædd síðustu mánuðina og hefir hlotið meira fylgi en almennt gerist um nýjar tillögur í þessum efnum. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að á meðan þeir erfiðleikar haldast, sem nú þjaka nálega öllum landslýð, verði lagður á nýr skattur, sem renni í sérstakan sjóð, sem síðan verði notaður til hjálpar atvinnurekstri landsmanna og erfiðlega stöddum sveitarfélögum.

Það hefir oft verið um það rætt og ritað, að á stríðsgróðaárunum og upp úr þeim hafi mjög raskazt og færzt til misræmis launagrundvöllur ríkisins og ýmsra einstaklingsfyrirtækja. Undir lok stríðsáranna og nokkur árin næstu hækkuðu laun við einkafyrirtæki og stofnanir gífurlega. Það var í lok þess tímabils, eða eiginlega þegar kreppan var að byrja, að hinn kunni samningur var gerður við mann, sem ráðinn var bankastjóri við einn bankann hér. Var sá samningur gerður til 10 ára og skyldi bankastjórinn hafa 40 þús. kr. árslaun. Samningur sem þessi hlaut vitanlega að draga dilk á eftir sér. Og þó má rekja dýpri rætur að þessu. Sá maður, sem valinn var í þessa bankastjórastöðu, mun hafa haft mjög háar tekjur í sinni „privat" starfsemi. Svo var og um ýmsa starfsemi hér þá. Sú stóra tekju- og eyðslubylgja, sem þá skall yfir, gerði það að verkum, að skipstjórar á togaraflotanum voru ráðnir fyrir tugi þúsunda króna, og gátu jafnvel fengið þau laun, þó útgerðin tapaði stórum, því svo var frá samningum gengið. Þessi flóðbylgja færðist brátt yfir fleiri og fleiri svið. T. d. stórhækkaði kaup við verzlanir, einkum forstjóra og hátt settra skrifstofumanna. Í bönkunum bar fordæmið fljótlega ávexti. Laun bankastjóra höfðu verið 6000 kr. og voru það fram yfir stríð. En er, í skjóli hátekna einstaklingsatvinnurekstrarins, laun eins bankastjóra höfðu verið hækkuð jafngífurlega og áður er lýst, voru laun hinna bankastjóranna við sama banka bráðlega hækkuð upp í 25 þús. kr. og laun þjóðbankastjóranna jafnframt upp í sömu hæð og hinir lægra launuðu bankastjórar höfðu við Íslandsbanka, enda engin sanngirni að launa þeim miður betur unnið starf. En á meðan öllu þessu fór fram, urðu þeir, er sátu í embættum samkv. launalögum, er samin höfðu verið fyrir stríð, við lág laun að búa. Má þar til nefna presta, sýslumenn og kennara, einnig póst- og símamenn. Þessir menn, og sérstaklega þó þeir síðasttöldu, hafa allan tímann setið við lág launakjör. Þar hefir gamla fyrirkomulagið haldizt við. Má vel vera, að það teljist sæmilegt nú, miðað við getu þjóðarinnar, og verði því við hæfi næstu árin. Gullöld sú, sem skapaði háu launin við einstaklingsfyrirtæki, Eimskipafélagið, banka og fleiri slíkar stofnanir, er nú liðin hjá og engin von um nýja slíka gullöld næstu árin.

Ríki og bæjarfélög, einkum hér í Reykjavík, hafa smátt og smátt sogazt inn á braut kauphækkunar. Dugandi menn til slíkra opinberra starfa, er kunnáttu þurfti til, var ekki hægt að fá á annan hátt. Dæmi er um það frá undirbúningi Alþingishátíðarinnar. Við, sem sæti áttum í undirbúningsnefndinni, leituðum mikið að duglegum manni til að veita forstöðu margháttuðum undirbúningi, er fram þurfti að fara. Við fengum að vísu góðan mann. En greiða þurfti honum 15 þús. kr. árslaun meðan á verkinu stóð. Þau laun taldi hann sig hafa við það fyrirtæki, er hann rak. Þessi háu laun, sem greidd hafa verið við fjölda stofnana og einstaklingsfyrirtækja og að nokkru leyti hafa færzt yfir á launamenn þess opinbera, hafa haft í för með sér margháttaða eyðslu. Þeir, sem hæst launin höfðu, voru að vísu færir um að standa undir henni, en margir, sem ekki gátu, hafa þó elt tízkuna, sem þannig hefir skapazt. Svo er t. d. með óhófsbyggingar síðari ára. En á margvíslegan annan hátt hefir verið, og er enn, lifað miklu hærra en nauðsynlegt er og forsvaranlegt, þegar

miðað er við lífskjör og lífnaðarháttu alls almennings. Hálaun og óhófseyðsla eru að vísu alltaf óheppileg frá þjóðhagslegu sjónarmiði. En á sérstökum erfiðleikatímum, eins og nú eru, er slíkt alveg óþolandi.

Á þingmálafundum þeim, sem haldnir hafa verið nú í vetur, hefir það líka komið í ljós, að kjósendur hafa ámálgað mjög við þm. sína, að komið verði skipun á launamálin. Að vísu kemur það nokkuð í ljós, að menn hafa naumast nógu gott yfirlit yfir launamálið sem heild, né ósamræmi það, sem er á milli hinna eldri og nýrri launaákvæða. Einnig hafa ekki allir áttað sig á því, að vafasamt er, að það stæðist fyrir dómstólum, þótt farið yrði að lækka laun einstakra embættismanna t. d. niður í það, sem prestar hafa nú. Þá þarf það enn að athugast, að ef laun embættismanna eru lækkuð, án þess að launakjör þau, er einstaklingsfyrirtæki bjóða, lækki tilsvarandi, þá yrði afleiðingin sú, að enginn dugandi maður fengist í störf þess opinbera. Það er því ljóst, að ef launalækkun er framkvæmd, þá þarf hún að ná til allra, annars flytjast beztu mennirnir að þeim eldinum, sem helzt brennur. Það væri líka hart og óréttlátt, ef t. d. ógiftur kontoristi fær óáreittur að taka 10 þús. kr. laun, sem dæmi eru til, en farið er að lækka við prófessora, sýslumenn eða aðra lægra launaða starfsmenn hins opinbera.

Niðurstaðan verður því sú, að ef launalækkun er framkvæmd, þá þarf hún og á að ná til allra, sem sitja á háum launum. En afleiðing þess er sú, að fara verður skattaleiðina til að ná því marki. Hún ein er fær um að ná til frumuppsprettu þeirrar, er kom af stað hálaunum og óhófseyðslu, sem er launagreiðsla atvinnufyrirtækjanna, eins og áður er lýst.

Eins og nú stendur er ríkið og bæjarfélög, t. d. Reykjavík, rekið með tekjuhalla. Stafar það vitanlega að talsverðu leyti af kaupgreiðslum. En sú krafa, sem hæst ber á og er eðlileg, er sú, að ríkið komi til hjálpar atvinnuvegunum með því að styrkja framleiðendur. Til þess þarf vitanlega fé. Enn hafa engin frv. til fjáröflunar í þessu augnamiði komið fram. En það er ljóst, að slíkt fjáröflunarfrv. verður að ná til þeirra, er mest hafa. Þetta frv. er því einnig borið fram með þetta fyrir augum og er því bæði skattafrv. og launafrv. — Grg. frv. gefur bendingu um, hvers vænta hefði mátt af því 1931. En vitanlega yrði um miklu minna að ræða en þar er nefnt. Bæði má gera ráð fyrir því, að laun hafi lækkað nokkuð síðan, og ennfremur má búast við, að skattur sem þessi myndi þrýsta niður kaupgjaldi. Ætti það að verða til þess að setja vissan sparnaðarblæ á lífnaðarháttu manna og til hagsbóta þeim atvinnufyrirtækjum, er launin greiða.

Eins og sjá má af frv., hefi ég lagt til, að því fé, sem fengist á þennan hátt, verði varið til stuðnings atvinnurekstri bæði til sjávar og sveita og til hjálpar bágstöddum sveitarfélögum.

Meðan þessi hugsun, sem kemur fram í frv., var fyrst til umr. í blöðum og annarsstaðar, gátu menn látið sér detta í hug, að skattur þessi næði einnig til atvinnufyrirtækja. En frv. ber með sér, að svo er ekki gert. Það kæmi heldur ekki til mála. Þar er það stighækkandi tekjuskattur, sem á að samræma skattgreiðslurnar.

Það má vera, að framkvæmd á l. sem þetta frv. gerir ráð fyrir, valdi nokkrum erfiðleikum. Hugsa má sér það, að atvinnufyrirtæki reyni að fara í kringum þau með launagreiðslu á óeðlilegan hátt. Við þessu eru að vísu nokkrar skorður reistar í frv., og er það verk skattan. að sjá um, að slíkt verði ekki gert. Vera má, að um þetta þurfi gleggri ákvæði, en út í það fer ég ekki að sinni. Aðeins vil ég leggja áherzlu á, að það er andi frv., en ekki form, sem ég vil að haldist óbreytt.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að hugmyndinni um hátekjuskatt hefði verið óvenjulega vel tekið. Í öllum þeim þingmálafundargerðum, sem nú liggja frammi í lestrarsal Alþ., er máli þessu hreyft, beint eða óbeint. Er sjaldgæft, að nokkru máli sé svo vel tekið, og vil ég, til sönnunar því og með leyfi hæstv. forseta, lesa upp það, sem þar segir um þetta mál. Í Vestur-Skaftafellssýslu er á þingmálafundum í Vík í Mýrdal 10. febr. síðastl. og ýmsum fleiri stöðum skorað á Alþ. að samþ. „hátekjuskatt svo háan, að enginn hafi hærri framfærslutekjur en kr. 8000.00“. Till. alstaðar samþ. í e. hlj.

Að Stórólfshvoli í Rangárvallasýslu 11. febr. síðastl.:

„Fundurinn skorar á Alþingi að samþ. hátekjuskatt, er gildi meðan kreppa sú, sem nú er, varir, og sé þannig, að hann byrji við 3500 kr. og fari stighækkandi að 8000 kr. og taki þá allt, sem þar er fyrir ofan".

Samþ. með shlj. atkv.

Á þingmálafundum Árnessýslu voru shlj. till. samþ. einróma:

„Fundurinn skorar á Alþingi að hækka skatt á hátekjum og óhófseyðslu".

Í Vestmannaeyjum 7. febr. síðastl.:

„Að laun einstakra embættis- og starfsmanna, sem á ríkisins vegum eru, séu samræmd og hálaun færð niður að miklum mun".

Á Akranesi 11. febr.:

„Fundurinn skorar á þingmenn kjördæmisins að styðja að því, að fram komi á næsta Alþingi frumvarp um hálaunaskatt, sem tekinn sé af launum, er fara yfir 8000 kr. með dýrtíðaruppbót, þannig að það, sem er fram yfir 8000 kr., falli til sjóðs, sem nefnist atvinnubótasjóður, sem síðar sé varið til atvinnubóta á erfiðum tímum".

Till. samþ. með shlj. atkv.

Héraðsráð Dalasýslu samþ. 6. febr.:

„Taka hátekjuskatt af nettótekjum yfir 7000 kr. .... að samantalin laun embættismanna fari ekki fram yfir 8000 kr.".

Héraðsmálafundur V.-Ísafjarðarsýslu 29.—31. jan. 1933 samþ.:

„Fundurinn telur, að nauðsyn beri til að skattleggja allar hátekjur umfram það, sem nú er".

Á Ísafirði er 24. febr. samþ. í e. hlj.:

„.... Einkum leggur fundurinn sérstaka áherzlu á, að sérstakur hátekjuskattur verði nú þegar lagður á skattskyldar tekjur yfir 6000 kr. ....".

Í V.-Húnavatnssýslu, á Hvammstanga, 28. jan., er samþ. með 30:2 atkv.:

„Fundurinn skorar á Alþingi að setja lög um hálaunaskatt, er nemi allt að helmingi þeirra launa, er ríkið greiðir starfsmönnum sínum fram yfir fjögur þúsund krónur til hvers þeirra árlega".

Á Blönduósi 25. jan. var samþ. með 30:6 atkv. — og víðar á fundum í sýslunni var í e. hlj. samþ. svipuð till.:

„Fundurinn telur óumflýjanlegt, vegna núverandi kreppuástands, að komið sé á sérstökum hátekjuskatti, eða aðrar þær ráðstafanir gerðar, er komi í veg fyrir, að nokkur einstaklingur í landinu hafi hærri laun eða persónutekjur en 8000 kr. næstu ár".

Á Stóru-Ökrum í Skagafirði var samþ. einróma 27. jan.:

„Fundurinn skorar á næsta Alþingi að samþ. ríflegan tekjuskatt af hátekjum. En hann telur það hátekjur, sem er umfram rífleg þurftarlaun".

Á Sauðárkróki 28. jan. og á Hofsósi 4. febr. er samþ. einróma:

„Fundurinn skorar á Alþingi að samþykkja ríflegan tekjuskatt af hátekjum, sem eru umfram hæfileg þurftarlaun, allt að 8000 kr. En þurftarlaun séu ákveðin með hliðsjón af framfærslukostnaði í hverjum landshluta og tillit tekið til ómegðar".

Í Saurbæ í Eyjafirði 13. nóv. f. á.:

„Fundurinn skorar á Alþingi að setja nú þegar hámark á laun allra starfsmanna ríkisins; telur hann 6000 kr. hæfileg hæstu laun. Ennfremur telur fundurinn sjálfsagt, að tekið verði tilsvarandi af launum annara starfsmanna þjóðfélagsins með skatti".

Á Þelamörk 29. jan. og í Öngulsstaðahreppi 31. jan. var till. samþ. um að hækka skatt af hátekjum".

Í S.-Þingeyjars., á Laugum 23. jan. og Svalbarðsströnd 15. febr.:

„Fundurinn skorar á næsta Alþingi að setja lög um hálaunaskatt, er gildi á meðan verið er að koma á launajöfnuði hjá embættismönnum þjóðarinnar. Bendir fundurinn á, að á þann hluta launa, sem fer yfir 6000 kr., skuli lagður 50% skattur, og fari skatturinn stighækkandi, þannig að af launum, sem fara yfir 8000 kr., skuli greiddur 75% skattur".

Á Egilsstöðum á Völlum er samþ. 15. des. f. á.:

„Fundurinn skorar .....:

b. Setja hátekjuskatt, sem tekur í ríkissjóð allar tekjur manna, sem umfram eru þurftarlaun þeirra, 5—6 þúsund kr.".

Á Seyðisfirði 4. febr. er samþ. í e. hlj.:

„Fundurinn skorar á Alþingi að setja sérstök lög um hátekjuskatt, er fyrst og fremst renni í sérstakan sjóð til atvinnu-

bóta, og miðist skatturinn við það, að tekjur einstaklings umfram 8 þús. kr. renni til sjóðsins, enda sé hlutaðeigandi sveitarfélögum bættur upp útsvarsmissirinn".

Á Fáskrúðsfirði 29. jan. og Firði í Mjóafirði 9. febr. er samþ. „Að hækkaður verði verulega skattur af hátekjum og stóreignum".

Og í A.-Skaftafellssýslu er samþ. í e. hlj.: „Leggur fundurinn til, að hátekjur verði drjúgum skattlagðar".

Fleiri fundargerðir liggja ekki frammi nú. En samþykktir þessar sýna, að alstaðar hefir mál þetta verið ofarlega í hugum manna. Og alstaðar, að undanteknum tveimur tilfellum, þar sem samtals eru 8 mótatkv. hafa till. þessar verið samþ. einróma.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég vil benda á, að þessar þingmálafundargerðir, sem hv. flm. hefir verið að lesa upp, fjalla um allt annað en það, sem kemur fram í frv. Þær tala einvörðungu um lækkun launa embættismanna, en sá skattur á tekjum manna, sem lagður er til í frv., er utan og ofan við laun flestra þeirra, eins og hv. flm. hlýtur að vera kunnugt.

Annars fer frv. að verða skiljanlegt, þegar athugað er, hvernig það er orðið til. Grundvöllurinn virðist vera sá, að Eggert Claessen hafi einhverntíma verið ákveðnar 40 þús. kr. í bankastj.laun. En af þessum launum geta þó engar tekjur komið í ríkissjóð, því að launin eru ekki lengur til. Sama er að segja um 16 þús. kr. laun bankaeftirlitsmannsins. Þau heyra fortíðinni til, og laun hans nú myndu ekki falla undir þennan nýja skatt.

Það er því augljóst, að frv. snertir næstum enga opinbera starfsmenn. Um aðra starfsmenn er óhætt að segja það, að búast mætti við, að tekjur yrðu litlar af launum þeirra, vegna þess að fyrirtækin færu vart að greiða mönnum mikið fram yfir 8000 kr. með það fyrir augum, að það, sem fram yfir væri, rynni í ríkissjóð, en ekki til starfsmannanna sjálfra. Hvort reynt yrði að fara í kringum lögin í launagreiðslum til þessara manna, skal ég ekki segja um, en augljóst er, að tekjur ríkissjóðs af launum þeirra yrðu litlar, og næstum engar af launum opinberra starfsmanna.

Jón Baldvinsson: Ég hefi áður bent á það, að þjóðhagslegur sparnaður væri að því, að laun háttlaunaðra starfsmanna við einstök fyrirtæki lækkuðu nokkuð frá því, sem nú er. Ég álít, að frv. nái til þessara starfsmanna, nema þeirra, er vinna við félagsfyrirtæki, og ég tel það kost á frv., að gert er ráð fyrir, að þeim tekjum, sem af því kunna að koma, verði varið til sérstakra verkefna. Við jafnaðarmenn höfum jafnan haldið fram stighækkandi skatti, eins og tillögur fulltrúa okkar í skattanefnd bera ljósastan vott um. Hinsvegar erum við ekkert hrifnir af að vera að samþykkja skattalög fyrir stjórn, sem sýnir sig fjandsamlega verkalýðnum og ver fé ríkissjóðs til að kosta ríkislögreglu og annars álíka þarflegs. Því tel ég það kost á frv., að hv. flm. skuli draga fé það, sem kann að aflast samkv. því, undan ráðstöfunarrétti þeirrar stjórnar, er hann styður.

Þó er ég honum ekki fyllilega sammála um það, hvernig fénu skuli varið. Líklegt er, að bæjarsjóður Reykjavíkur myndi missa nokkurs í, ef frv. yrði að lögum, því að allmikið af útsvörum hvílir einmitt á háum tekjum. Ég tel því rétt, að talsvert af fé því, sem kynni að aflast samkvæmt frv., rynni í sjóð þess bæjar- eða sveitarfélags, sem féð kemur frá.

Nokkra fleiri smíðagalla hefi ég þótzt sjá á frv., en þetta getur nú lagazt í meðferðinni. Frv. gerir eingöngu ráð fyrir skatti á hreinar peningatekjur, en ekki á hlunnindi, sem þó eru oft veruleg. Ég þekki t. d. mann, sem hefir 8000 kr. árslaun og frítt húsnæði, hita og ljós, sem óhætt er að reikna á 4000 kr. Þessi maður kæmi því ekki undir lögin, þó að hann hafi raunverulega 12000 kr. árslaun.

Ég mun fylgja frv. þessu til nefndar, en mun hinsvegar koma fram með brtt. um það, hversu fénu skuli varið, og ef til vill gera tillögur um að laga aðra smærri smíðagalla. Ég álít, að frv. geti orðið grundvöllur fyrir þeim vilja, sem kemur fram í þeim þingmálafundagerðum, sem hv. þm. las upp, og tel það því spor í rétta átt.

Flm. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég hafði nú búizt við meiri stuðningi frá hv. 1. þm. Reykv. en ræða hans bar vott um. Annars þætti mér gaman að fá að vita, hvort hann væri með eða á móti þeirri stefnu, sem í frv. felst, jafnvel þó að eitthvað sé í því, sem ekki er í þingmálafundagerðunum. Ég treysti því, að þessi hv. þm. láti ekki sitt eftir liggja til að auka við þá kosti, sem þegar eru á frv. Annars þótti mér kenna nokkurrar léttúðar hjá hv. þm. í tali hans um frv., þegar þess er gætt að líklegt er, að það gæti orðið til að létta undir með hinum fátækari stéttum í ekki allóverulegum mæli á þessum erfiðu tímum. Margir fátæklingar hafa kosið hv. 1. þm. Reykv. á þing, og má ganga út frá því sem vísu, að hann vilji létta byrði þeirra.

Ég veit vel, að frv. nær ekki til fastra embættism., nema menn vilji færa hámarkið neðar, sem mér finnst geta komið til mála. Hinsvegar nær það til margra starfsmanna við einkafyrirtæki, og jafnvel þótt frv. yrði til þess, að þessi laun lækkuðu svo, að lögin næðu ekki til þeirra, ætti það að verða atvinnulífinu ávinningur.

Um laun bankaeftirlitsmannsins er það að segja, að þau hafa verið 16 þús. kr., unz nú, að einn bankinn hefir neitað að greiða sinn hluta. Frv. er ekki samið með það sérstaklega fyrir augum að ná til þessa manns, enda virðist þegar vera búið að framkvæma sparnað í launagreiðslum til hans.

Út af ræðu hv. 2. landsk. þarf ég lítið að segja. Frv. segir, að hlunnindi forsrh. og menntaskólarektoranna skuli vera undanþegin þessum skatti, og sýnir það, að frv. ætlast til, að skatturinn sé lagður á hlunnindi yfirleitt. Annars má taka skýrar fram um þetta, ef þörf þykir á.

Hv. þm. talaði um, að Reykjavík myndi verða hart úti, ef frv. væri samþ. óbreytt. Þetta kann rétt að vera, en mér þykir ekki ósennilegt, að frv. stuðlaði að því, að lífsvenjur manna breyttust til hófsamlegri hátta, og á þann hátt yrði bæjarfélaginu einnig ávinningur að frv. Ennfremur veit ég, að hv. þm. hefir tekið eftir því, að gert er ráð fyrir því í frv., að nokkur hluti þeirra tekna, sem mundu fást, ef frv. verður að lögum, á að ganga til samvinnuútgerðar í bæjum. Slíkt mundi koma í góðar þarfir hér í Reykjavík, þar sem einmitt slík útgerð er í undirbúningi í samræmi við þær breytingar, sem verið er að gera á höfninni hér. Ég gæti því hugsað, að Reykjavíkurbær mundi njóta góðs af þessum skatti, bæði vegna þessa og eins hins, sem til sérstakra bæjarfélaga á að ganga sem hjálp gegn atvinnuleysi af völdum kreppunnar.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég þarf aðeins lítilsháttar að svara hv. flm. út af þessari seinni ræðu hans. Hann er að gera leik að því að flækja sig í einskonar neti, sem hann vefur í þessu máli. Hann talar um, að þessar tekjur muni verða 2,4 millj. í Reykjavík, en svo er sagt í grg.: „Hér verður engin tilraun gerð til að spá, hve miklu þessar tekjur myndu nema". Það er sem sé í grg. ekki gerð nein tilraun til að áætla, hve mikið af þessum 2½ millj. kr. mundi koma með þessum skatti. Það er mikil ástæða til að halda — og má alveg ganga út frá því sem gefnu —, að mikill hluti þessarar upphæðar kæmi ekki þegar til framkvæmdanna drægi á þessu frv. Í grg. hv. flm. er ýmislegt, sem bendir í þessa átt. Ég veit ekki, hvoru á að treysta, því, sem þar stendur, eða ræðu flm.

Hv. flm. lézt skilja mig svo, að ég hefði verið að finna að því, að frv. næði ekki til konunglegra embættismanna, en svo var ekki. Ég var bara að benda á það, að í frv. fælist alls ekki sú skoðun, sem virðist eiga nokkrar rætur með þjóðinni, og fundargerðir nokkurra þingmálafundargerða vitna um, að laun embættismanna séu of há. Það er fráleitt, að þessi skoðun liggi á bak við þetta frv., heldur alveg öfugt, því með því er slegið föstu, að 8 þús. kr. séu þurftarlaun, og þar sem engir embættismenn nema ráðherrar hafa svo há laun, er óbeinlínis sagt, að embættismenn hafi ekki þurftarlaun. Þetta frv. fer því alveg í öfuga átt við þær till., sem hv. flm. las upp úr þingmálafundargerðunum. Annars er mér ekki vel ljóst, hvers vegna ekki á að reikna til tekna hlunnindi þeirra, sem hafa 8 þús. kr. laun, hvort það er af því, að hv. flm. hafi þessar tekjur auk hlunninda, eða af einhverju öðru, en ekki virðist það ákvæði

færa frv. nær skoðunum almennings. Hinsvegar tel ég, að skoðun almennings í þessu efni sé algerlega röng, laun embættismanna séu frekar of lág heldur en hitt. Almenningur mun ekki hafa fylgzt með því, að laun embættismanna hafi lækkað mikið hin síðari ár, ég hygg allt að því um ⅓ frá því þau voru hæst. En það er eins og þetta sé ekki komið inn í meðvitund almennings, þó dýrtíðaruppbótin hafi fallið úr 137% í 15%, eða m. ö. o. sé sama sem horfin. Allt þetta almenna tal um há laun embættismanna er því órökstutt og byggt á misskilningi.

Ég upplýsti í fyrri ræðu minni, að frv. næði ekki til bankaeftirlitsmannsins, því laun hans hafa lækkað á síðari árum niður fyrir 8 þús. kr. Vegna ókunnugleika hv. flm. hefir hann því skotið hér hjá marki. Það kann að vera, hefði hann fylgzt betur með um þessi laun, að hann hefði við samningu frv. reynt að hitta þau, en eins og frv. liggur hér fyrir, má hann slá því alveg föstu, að það hefir ekki tekizt. Ef hitt er aftur á móti meining flm., að fara að innheimta skatt af tekjum manna á undanförnum árum, svo sem af 40 þús. kr. launum bankastjóra Íslandsbanka eða 16 þús. kr. launum bankaeftirlitsmannsins, þá hygg ég, að sú innheimta geti orðið erfið, auk þess sem frv. gerir ekki ráð fyrir því.

En þessar bollaleggingar hv. flm. staðfesta það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að frv. væri byggt á tekjum manna á undanförnum árum, en ekki á yfirstandandi tíma.

Flm. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég varð nú ekki fyrir þeirri ánægju, sem ég þó bjóst við, að hv. 1. þm. Reykv. lofaði mér beinum og óbrigðulum stuðningi við þetta frv. Aftur á móti varð ég fyrir þeirri sorg, að heyra það, að embætti bankaeftirlitsmannsins er svo hrapallega launað sem hann upplýsti. Það skyldi þó aldrei vera, að launin greiddust ekki samkv. lögunum fyrir það, að sumir þeirra, sem eiga að greiða þau, geri verkfall. **(JakM:** Launin eru greidd lögmælt mánaðarlega). Það er ekki fyrir það, að ég get vel skilið slíkt verkfall. **(JakM:** Þetta er tómur misskilningur, ég fæ laun mín öll greidd). Mér þykir það mjög gleðilegt, að þetta verkfall, sem áreiðanlega er skollið á, skuli ekki enn hafa snert sjálfan bankaeftirlitsmanninn, heldur aðeins ríkissjóðinn, þó það sé ekki alveg útilokað, að svo geti farið, að það komi fram gagnvart bankaeftirlitsmanninum líka.

Ég skil ekkert í því, að hv. 1. þm. Reykv. skuli ekki átta sig á því, að eignarskattur, útsvar og tekjuskattur er dreginn frá tekjunum áður en skatturinn er ákveðinn, og þrátt fyrir það er alveg víst, að skattur samkv. þessu frv. mundi hér í Reykjavík einni saman nema verulegri fjárhæð.

Ég held, að ótti hv. 1. þm. Reykv. við það, að till. þær, sem borgararnir hafa samþ. á þingmálafundunum, hafi átt eingöngu við konunglega embættismenn, sé alveg ástæðulaus. Ég get t. d. sagt honum þær fréttir frá einum fundi, sem haldinn var í Rangárvallasýslu, því kjördæmi, sem flokkur hv. þm. hefir meiri hl kjósenda í og fyrra þingsæti, að bændurnir samþykktu tillögu um hátekjuskatt, og þessi skattur átti ekki aðeins að ná til embættismanna, heldur allra þeirra starfsmanna stofnana og fyrirtækja, sem hafa svo háar tekjur, að skatturinn næði þeim. Þetta var á fundinum á Stórólfshvoli. Það vantaði þó ekki, að hv. 1. þm. Rang., sem þar var staddur og sjálfur hefir 20 þús. kr. laun fyrir eitt sitt verk, reyndi að halda þessu sama fram og hv. 1. þm. Reykv., að af svo sem engu sé að taka, og þess vegna sé varla leggjandi út í slíka skattapólitík. En þrátt fyrir fortölur þessa hv. þm. og þrátt fyrir vinsældir hans og einnig þó á fundinum væri meiri hlutinn flokksmenn hans og kjósendur, þá samþykktu þeir engu að síður með öllum greiddum atkv. till. um hátekjuskatt af öllum tekjum, sem færu yfir visst lágmark. Þetta sýnir, að bændur vilja, að þeir spari, sem hafa háu launin, hvort sem það eru konunglegir embættismenn, atvinnurekendur, bankamenn eða aðrir starfsmenn fyrirtækja og stofnana, og eins þó þeir hafi laun sín eftir samningi við bæjarfélög.

Hv. þm. virtist hræddur um, að ég slægi hendi á móti till. um það að láta skatt þennan ná til tekna undir 8 þús. kr., en það er alveg ástæðulaus ótti; það er ekkert í frv., sem bendir á það. Hinsvegar vil

ég benda á það, að margir hafa verið nálægt þessu takmarki; t. d. var á fundi í Norður-Ísafjarðarsýslu samþ. till. um 10 þús. kr. hámarkslaun, nema handa ráðherrum. Þetta sýnir, að kjósendurnir álíta, að það eigi að taka toppinn af háum tekjum. Þetta frv. er hvorki miðað við mig né bankaeftirlitsmanninn. Hv. þm. veit um starfsmenn ríkis eða stofnana, sem studdar eru af ríkinu, sem hafa í árslaun frá 20 til 26 þús. kr. Þessar tekjur má skerða með skatti. Kjósendurnir í Norður-Ísafjarðarsýslu vilja, að þessar tekjur lækki í 10 þús. kr. Þeir telja, að engir eigi að hafa hærri tekjur, nema ráðherrar, en sú undantekning var raunar óþörf, því enginn ráðh. hefir svo há laun, nema forsrh., og um hann er gerð undantekning í frv.

Ég hefi talað við marga menn víðsvegar að um þessa hluti, og menn hafa nefnt sem hámark ýmsar upphæðir skattfríar, 10 þús. kr. sumir, aðrir 9 þús. kr. eða 8 þús., og enn aðrir jafnvel 5 til 6 þús. kr. En þetta er auðvitað hlutverk þingsins, að ákveða hámarkið. Raddirnar um, að það eigi að taka toppinn af, eru háværar, og ég get sagt hv. þm., að það getur komið til mála að lækka takmarkið. Það er aðeins spursmálið, hve mikið treystir hv. þm. sér að taka af þeim, sem hæst hafa. Ég hefi gert ráð fyrir, að komið gæti til mála að byrja neðan við 8 þús. kr., og er við því búinn að taka við brtt. í þá átt. Umhyggja sú, sem hv. þm. bar fyrir mér, er alveg óþörf. Ég beygi mig fyrir því, þó byrjað yrði á 4 til 6 þús. kr., og mun styðja þá þm., sem vilja lækka takmarkið og treysta sér til að fylgja því.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. játaði, að skattur samkv. þessu frv. kæmi hart niður á Reykjavíkurbæ, því að meiri hlutinn mundi koma þaðan.

Þó það muni reynast rétt, eins og hv. flm. álítur, að skatturinn mundi verða eitthvað lægri í framkvæmdinni heldur en þær tekjur námu, sem hann hefði náð hér 1931, þá kemur hann alltaf afarþungt niður á bæjarfélaginu. Það er sagt, að þessar tekjur hafi þetta ár numið 2½ millj. kr. Nú er það svo, að útsvörin í bænum, sem eru svipuð þessari upphæð, eru að verulega miklu leyti tekin af háum tekjum, en með þessum skatti mundi erfiðara að ná útsvari af þessum tekjum. Nú þegar það er hinsvegar skylda bæjarfélagsins að sjá um, að atvinnulausir menn í bænum fái atvinnu, en sú skylda, sem það hefir ekki getað nægilega staðizt hin síðari ár, fyrir það, að bæjarfélagið þykir sig vanta til þess fé, þá sjá allir, að ekki er fært að taka af þessum tekjum Reykjavíkurbæjar til þess að létta áhrif kreppunnar í öðrum landshlutum, heldur verður þetta fé að koma aftur frá ríkissjóði til atvinnubóta í Reykjavík, en ekki að leggjast við almennar tekjur ríkissjóðs.

Þetta fann ég, að hv. flm. skildi og játaði. Ég mun því flytja þáltill., ef frv. fer áfram gegnum deildina, þess efnis, að tryggja þeim sveitarfélögum, sem harðast verða úti vegna þessa skatts, að fé verði veitt til atvinnubóta á þeim stöðum.

Það gleður mig, að hv. flm. hefir enga bakþanka út af orðalagi 1. gr. frv. En hjá því getur ekki farið, að þeir, sem þessa grein lesa, stanza við. Ég vona, að hæstv. forseti taki ekki hart á mér, þó ég víki hér að einstakri gr. frv., þó við 1. umr. sé. Í niðurlagi 1. gr. eins og það er orðað í frv., er talað um tvennskonar undanþágur frá skattinum, annarsvegar almenn húsnæðishlunnindi, en hinsvegar risnufé forsrh. og skólastjóra menntaskólanna. Þetta virðist mér benda til þess, að ætlazt sé til, að húsnæði sé almennt undanþegið þessum skatti. Nú hefir hv. flm. upplýst, að það sé ekki meiningin, en samt tel ég nauðsynlegt, að sú n., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, athugi þetta nægilega vel, og ef svo reynist sem mér sýnist, að orðalagið þyki ekki nógu skýrt, þá verði flutt brtt. við þessi atriði síðar undir meðferð málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, GL, HSteins, IP, JBald, JónJ, JónasJ, PHerm, GÓ.

nei: JakM.

PM, JónÞ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (EÁrna, MT) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 7 shlj. atkv.

Á 51. og 85. fundi í Ed., 19. apríl og 31. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 70, n. 293 og 408).

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): Þetta mál var rætt ýtarlega við 1. umr., og er því ekki þörf á mörgum orðum nú. Læt ég nægja að þessu sinni að vísa til þess, sem sagt er um það í nál.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég finn ekki heldur ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Það er allra mesti óskapnaður. Það er ekki eiginlegt skattafrv. Þó er það að gera ráð fyrir sköttum. Ekki heldur er það ákvörðun um það, hve mikilla tekna menn megi afla sér, eins og menn þó gætu haldið eftir fyrirsögninni, því það setur engin takmörk fyrir því.

Ég hefi gert grein fyrir því í nál., að ég álít, að frv. fari út fyrir þann grundvöll, sem löggjafarvaldið hefir markað sér með ákvæðum stjskr., því að það getur ekki verið leyfilegt að ákveða það, að sérhvað það, sem maður eignast umfram einhverja tiltekna upphæð, hver sem hún er, skuli takast af tekjum hans og falla endurgjaldslaust til ríkisins. Slíkt er ekki skattlagning, heldur konfiskation, eignataka án endurgjalds. Ég hefi því látið í ljós það álit, að þetta mál ætti ekki að koma til frekari meðferðar á þingi, vegna þess ákvæðis stjskr., sem ég hefi vísað í. Styð ég það m. a. með því, að ef löggjafarvaldið getur leyft sér að taka af hverjum manni það, sem hann aflar sér umfram 8 þús. kr., þá geti það eins miðað við hverja aðra tölu sem er, t. d. 2 þús., eða jafnvel 1500 kr. Og þá er ekki til nein vernd á eignarréttinum, sem þó er ákveðið í stjskr., að skuli vera. Ég held, að því verði ekki með rökum mótmælt, að talan 8 þús. hefir enga sérstöðu fram yfir aðrar tölur, þannig, að það væri óleyfilegt að stýfa af annarsstaðar, ef heimilt þykir að stýfa af á þessum stað. — Læt ég þetta nægja að svo stöddu.

Annars er þetta frv. sá óskapnaður, að ég hygg, að það sé ekki á nokkurs manns færi að rekja það sundur og gera grein fyrir öllum þeim árekstrum við gildandi löggjöf, sem yrðu, ef það væri samþ., t. d. við skattalöggjöfina.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég held, að hv. 1. landsk. hafi ekki verið alvara, er hann hélt því fram í ræðu sinni nú og við 1. umr., að hér sé um óleyfilegt form á skatti að ræða og þar af leiðandi brot á friðhelgi eignarréttarins. Hv. þm. hlýtur að vera það ljóst, að í raun og veru eru skattar eins og þeir, sem verið var að samþ. hér fyrir skömmu, meira brot á eignarréttinum. Það eru til þeir menn, sem álíta, að þegar skattar eru orðnir t. d. um 52% af tekjum manna, þá sé sú skattálagning orðin brot á stjskr. Það er svipað með erfðaskattinn hjá okkur. Hann er hár, en þó víða ennþá hærri. Sú skoðun hv. 1. landsk. hefir ekkert við að styðjast, að það sé hættuleg stefna að taka þann part af tekjum manna og láta ganga til ríkisins, sem er yfir eitthvert visst tekjuhámark. Stjskr. allra þingræðislanda gera ráð fyrir þessu frelsi löggjafarvaldsins til að leggja á skatta, og vildi ég í því sambandi benda hv. 1. landsk. á dæmi, sem var þekkt hér í máli frú Margrétar Zoëga út af rétti til að reka vínverzlun. Þegar bannlögin gengu í gildi, var hún og aðrir fleiri sviptir þeim rétti, sem þeir höfðu átt árum saman og hefði gefið þeim miklar tekjur, ef hann hefði haldizt. Og eins og hún hafði fengið þennan rétt, virtist hann skýlaust vera hennar eign. Þetta mál var þannig dæmt af hæstarétti Dana, að löggjafarvaldið tók þessa eign alveg. Þessi úrskurður var alveg réttur, vegna þeirra kringumstæðna, sem þjóðfélagið var búið að skapa með bannlögunum. Þarna var ekki tekinn partur af eigninni, heldur var eignin tekin öll.

Hv. 1. landsk. er það líka kunnugt, að frá því sjónarmiði sem hann talaði, sjónarmiði eignarréttarins, þá hefir sú erfðalöggjöf verið sett bæði í Danmörku og í Englandi, sem leggur svo gífurlegan skatt á stóreignir, að engin stóreign hefir getað staðizt, heldur hafa þær teygzt í sundur. Þessi löggjöf er frá hinu þrönga sjónarmiði 1. landsk. og hans skoðanabræðra í mesta máta brot á friðhelgi eignarréttarins. En nútímaþjóðfélög hafa leyft sér þetta.

Hér er með frv. farið fram á það, sem mildara er en þegar tekin voru af mönnum réttindi þeirra til vínsölu með bannlögunum. Þá var sú eign tekin öll, en hér er aðeins farið fram á að taka nokkurn hluta af hátekjum manna, og miðað við aðeins 3 ár.

Þótt hv. 1. landsk. hafi mikið fengizt við skattamál, þá efast ég um, að hann hafi hugsað út í það, að ýmsir skattar, sem hann og fleiri hv. þm. hafa viljað leggja á, eru miklu meiri konfiskation heldur en það, sem hér er um að ræða. Ef við tökum t. d. verkamann með stóra fjölskyldu og athugum, hve mikinn nefskatt hún þarf öll að greiða af kaupi þessa eina manns, og að slíkir menn hafa oft ekki nema 1200—1300 kr. árstekjur, sem þeir kannske verða að fleyta með 7—8 manns, þegar slíkur fjölskyldufaðir verður að borga nokkur hundruð krónur í nefskatt, og beri maður það svo saman við þetta frv. um hámarkslaun, þá hlýtur hver sanngjarn maður að viðurkenna, að við þennan fátæka fjölskyldumann er beitt miklu meiri konfiskation heldur en frv. felur í sér.

Þegar fyrirtæki, sem tapa á atvinnurekstri sínum, eru látin borga 60—70 þús. kr. útsvar, þá er það líka meiri konfiskation heldur en er um að ræða í þessu frv.

Ég ætla svo ekki að orðlengja um þetta frekar. Ég þykist vita, að hv. dm. sjái, að þetta frv. á að lifa eða deyja eftir því, hvort menn ganga inn á þá hugsun, að það eigi um stundarsakir að taka kúfinn ofan af háum persónulegum tekjum, á meðan harðast er í ári og kreppan er mest.

ATKVGR.

1. gr. borin undir atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónBald, JónasJ, MT, PHerm, IP, GÓ.

nei: JakM, JónÞ, PM, BSn, GL.

JónJ, EÁrna, HSteins greiddu ekki atkv.

Forseti (GÓ): Ég vil biðja þessa þrjá háttv. þdm., sem ekki hafa greitt atkv., að gera grein fyrir ástæðum sínum til þess.

Jón Jónsson: Ég er því hlynntur fyrir mitt leyti að lækka hærri laun frá því, sem nú er, en tel þetta frv. að ýmsu leyti svo gallað, að það nái ekki tilganginum, auk þess sem það dregur úr hvöt manna til að afla fjár, en það tel ég mjög svo óheppilegt.

Einar Árnason: Ég er í rauninni samþykkur aðalhugsun frv., en ég tel, að það muni ekki ná þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná, með því formi, sem á því er.

Halldór Steinsson: Ég skírskota aðeins til ummæla hv. 3. landsk. Ég hefi sömu ástæður fram að færa og hann fyrir því að greiða ekki atkv.

Forseti (GÓ): Ég verð að taka gildar ástæður hv. þm. og úrskurða, að 1. gr. frv. sé samþ. með 6:5 atkv., þar sem ég skoða ekki nema 11 í deildinni.

Jón Baldvinsson: Fylgir ekki úrskurðinum, að þessir þrír hv. þm. séu úrskurðaðir óatkvæðisbærir?

Forseti (GÓ): Ég hefði ef til vill tekið það fram, ef hv. 2. landsk. hefði átt í hlut. Það þarf svo oft að úrskurða um hann, að ég er farinn að hafa meira við hann en aðra hv. þm.

Jón Baldvinsson: Mér finnst þetta slæm játning hjá hæstv. forseta, að hann gefi mismunandi úrskurði eftir því hver í hlut á. Ég er alveg hissa á hæstv. forseta, að hann skuli bera þetta fram.

Forseti (GÓ): Ég held niðurstaðan sé alveg hin sama, og forseta mun hvergi vera fyrirskipað að komast alltaf eins að orði.

2.—11. gr. samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JónasJ, MT, PHerm, IP, GÓ.

nei: JakM, JónÞ, PM, BSn, GL.

JónJ, EÁrna, HSteins greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, MT, PHerm, IP, JBald, GÓ.
nei: PM, BSn, GL, JónÞ[2]).
EÁrna, HSteins, JakM,[1]) JónJ greiddu ekki atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík.

Á 14. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um skipun niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík (þmfrv., A. 78).

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Ég leyfi mér hvað þetta litla frv. snertir að vísa til grg. fyrir frv. og leyfi mér að vænta þess, að hv. þd. lofi því að ganga til 2. umr. og n., sem samkv. þingvenjum mun vera allshn.

Jón Baldvinsson: Ég ætla aðeins að lýsa yfir því, að ég get ekki fylgt þessu frv. nú þegar við 1. umr. og mun greiða atkv. á móti því. Mér þykir rétt, að það fyrirkomulag, sem nú hefir staðið um nokkurt skeið, haldi áfram og að skattstjórinn, sem nú hefir verið form. n. og fastur maður í n., sé látinn starfa áfram svo sem verið hefir. Ég álít ekki þörf á að gera frekari grein fyrir þessu að svo stöddu.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil geta þess um 2. gr. frv., þar sem rætt er um kostnaðinn af niðurjöfnun útsvara, þá er það nú svo, þegar niðurjöfnunarnefnd og skattstofa jafna niður um 2½ millj. kr. á ári í útsvörum og tekju- og eignarskatti, sem nemur um 1 millj. kr., að þá ætti kostnaðurinn af skattstofunni að greiðast að hálfu úr bæjarsjóði og að hálfu frá ríkinu. Þessi skipting væri réttlát, vegna þess að það þarf jafnmikið undirbúningsstarf fyrir hvoratveggja þessa niðurjöfnun. Að öðru leyti vil ég geta þess, að í nágrannalöndum okkar munu bæjarstjórnum settar fastar reglur um niðurjöfnun útsvara, sem verður að hlíta, þó að þær séu rúmar. Ég efast um, að rétt sé að breyta til hér í Reykjavík um skipun niðurjöfnunarnefndar fyrr en settur yrði fastur skattstigi, svo rúmur sem nauðsyn heimtaði, og þá fyrir alla kaupstaði landsins.

Flm. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Mér kom það ekki með öllu á óvart, þó að samþm. minn, hv. 2. landsk. andaði á móti þessu frv. Gat hann þó ekki mælt á móti því út frá stefnu síns flokks, því að í frv. er nú farið fram á það eitt, að svo mikilvægt málefni sem skattálöguvaldið er og niðurjöfnunarnefnd fer með, sé í höndum réttra og hlutfallslega kjörinna fulltrúa borgaranna á hverjum tíma. Það er í rauninni það sama, sem farið er fram á hér að því er snertir þetta eina, en þó mikilvæga málsatriði, og við hv. 2. landsk. hlið við hlið höfum farið fram á í stjórnarskrárbreyt. þeim, sem legið hafa fyrir síðasta þingi að því er snertir afgreiðslu málsins, þ. e. a. s. að valdið yfir landsmálunum yfirleitt skuli vera í höndum fulltrúa, sem séu kosnir þannig, að atkvæðisrétturinn njóti sín jafnt og að meiri hl. eigi að ráða.

Þessi skipun, sem nú er á niðurjöfnunarnefndinni í Rvík, styðst hvorki við það, sem er venja í útlöndum og hæstv. forsrh. réttilega benti á, og ekki heldur styðst hún við það meginatriði, að sjálfsákvörðunarréttur borgaranna fái að

1) **JakM:** Ég lít svo á, að frv. sé þegar fallið, vegna þess að við atkvgr. um 1. gr. greiddu 5 atkv. á móti, 6 með og 3 greiddu ekki atkv., en þegar þeir gerðu grein fyrir, hvers vegna þeir greiddu ekki atkv., lýstu þeir sig allir mótfallna frv., þó þeir tjáðu sig að einhverju leyti hlynnta stefnu þess. Það kom ótvírætt fram, að þeir álitu ekki frv. ná tilgangi sínum, og voru þess vegna á móti því. Þannig hafa í raun og veru komið fram 8 atkv. á móti frv., en aðeins 6 með því, og sé ég því ekki ástæðu til að greiða atkv.
Forseti: Eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, töldu þeir hv. þm., sem ekki greiddu atkv., sig hlynnta stefnu frv., og er því ekki hægt að segja, að þeir hafi lýst sig mótfallna frv. Það mætti fremur telja, að þeir hafi lýst sig fylgjandi málinu, því þegar menn eru stefnunni hlynntir, má að sjálfsögðu gera þannig við frv., að úr því gætu orðið þokkalegustu lög.

2) **JónÞ:** Ég veit ekki, hvað lengi hv. þdm. eiga að halda áfram að svara þessum spurningum hæstv. forseta. Ég ætla nú samt að gera það í þetta sinn og segi nei.

njóta sín í þessum efnum eins og öðrum. Fyrir því er nú farið fram á þessa litlu breyt., sem er í samræmi við aðrar breytingar, sem gerðar hafa verið nýlega á löggjöfinni um bæjarmálin í Rvík. Borgarstjórinn, sem kominn er í stað þess embættismanns, sem ríkið áður lagði til og hafði atkvæðisrétt, er nú atkvæðisréttarlaus í bæjarstjórninni og þeim n. bæjarstjórnarinnar, sem hann á sæti í yfirleitt. En sú skipun niðurjöfnunarnefndarinnar í Rvík, sem verið hefir nokkur undanfarin ár, hefir, ef svo má segja, fært flokki hv. 2. landsk. flokkslegan ávinning, og mér kom ekki með öllu á óvart sá mannlegi breyskleiki hjá honum, að hann mundi láta flokkshagsmuni ráða, þegar árekstur yrði milli flokkshagsmuna annarsvegar og lýðræðishugsjónanna hinsvegar. Þó hefi ég sannreynt hitt, að hann hefir glöggan skilning á lýðræðishugsjónunum, þegar þær fara ekki í bága við hans flokkshagsmuni, t. d. í stjórnarskrármálinu.

Hitt kom mér á óvart og þótti leiðinlegt, að frá hæstv. forsrh., sem þetta mál heyrir ekki undir yfirleitt, þar sem það er sveitarstjórnarmál og heyrir að mestu leyti undir annað ráðuneyti en hans, andaði kalt til þessa frv. hér við þessa umr. Út af því, sem hann sagði um kostnaðinn af niðurjöfnun útsvara, vil ég vekja athygli hans á því, að í frv. hefir verið tekið upp samskonar ákvæði og nú gildir. Nú er svo ákveðið með tilskipun, sem hefir lagagildi, að Reykjavíkurbær skuli greiða ⅓ af kostnaðinum við skattstofuna í Reykjavík, að frátöldum launum skattstjórans. Hæstv. ráðh. taldi réttara, að þar kæmi ½ í staðinn fyrir ⅓. Ég skal enga afstöðu til þess taka út af fyrir sig, því að þetta er einstakt atriði í málinu, sem samkv. eðli sínu á að koma til athugunar í n.

Ég get engan veginn fallizt á hina mótbáruna, sem hæstv. ráðh. kom með, að það væri ekki rétt að breyta skipun niðurjöfnunarnefndarinnar í Rvík fyrr en löggjöf yrði sett um það, að láta nokkurnveginn eða alveg ákveðinn skatt koma í staðinn fyrir niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Ég viðurkenni það fullkomlega, að það er orðin brýn þörf á því að setja, fyrir Reykjavík a. m. k., löggjöf um bæjargjöld, einnig á þessu sviði, í stað niðurjöfnunar eftir efnum og ástæðum, því að bærinn er orðinn svo mannmargur, að niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum getur ekki lengur byggzt á því, sem þó er grundvöllurinn í slíkri skattaálagningu, en það er það, að niðurjöfnunarmennirnir geti yfirleitt haft persónulegan kunnugleika á högum og háttum gjaldendanna. Þetta er ekki lengur fyrir hendi og það er orðið tímabært að fá lögleiddar fastar reglur, álíkar þeim, sem gilda erlendis. Það mál hefir nú átt erfitt uppdráttar. Um 1917 hafði bæjarstjórn Reykjavíkur undirbúið það mál og eftir ýtarlegan og vandaðan undirbúning var lagt hér fyrir þingið frv., og var þar settur ákveðinn skattstigi í staðinn fyrir niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Þetta frv. náði ekki fram að ganga. Þá var það flutt, að ég ætla, af þm. Reykv. Á næsta þingi var það flutt sem stjfrv. og með svipuðum ummælum og hér hafa fallið um nauðsyn þessa, en fekk ekki framgang að heldur. Á því ári og næsta ári á eftir urðu svo miklar verðlagsbreytingar, að það varð mjög erfitt að gera sér grein fyrir þeim breyt. á tekjuþörfinni, sem þar af stafaði, og erfitt að finna skattstiga, sem gilt gæti til frambúðar um niðurjöfnun gjaldanna.

Nú er það að vísu svo, að nokkur undirbúningur er byrjaður að slíkri löggjöf fyrir Reykjavík, en ég get ekki gert mér vonir um, að hún verði fljótt tilbúin eða geti fengið fljótan framgang, vegna þess að það er umfangsmikið og vandasamt mál. Ég tel það þó miklu máli skipta, að á meðan sú löggjöf er í smíðum sé til í bænum niðurjöfnunarnefnd, sem geti verið réttur spegill af vilja og skoðunum borgaranna í þessum efnum, því að sú nefnd á fyrst og fremst að leggja bæjarstjórninni til þær uppástungur, skýringar og leiðbeiningar, sem þarf að byggja á í þessu efni, en niðurjöfnunarnefndin eins og hún er nú skipuð er enginn fulltrúi borgaranna í Rvík á þessu sviði.

Ég ætla ekki að svo stöddu að fara lengra út í þá annmarka, sem við það eru, hvernig niðurjöfnunin er nú framkvæmd, en vil geta þess, að bæjarstj. í Rvík, sem er rétt kosinn fulltrúi borgaranna, sér sig hvað eftir annað tilneydda

að breyta stórlega athöfnum niðurjöfnunarnefndarinnar á þann eina hátt, sem hún hefir vald til, og það er að gefa eftir útsvör, þó að það hafi í för með sér tekjumissi fyrir bæjarsjóð. Það má benda á nýframkomin dæmi þess, að bæjarstj. sér sig tilneydda að grípa fram fyrir hendur niðurjöfnunarnefndarinnar — eins og hún er nú skipuð — með því að gefa eftir stórar útsvarsfjárhæðir til að vernda atvinnuvegi bæjarins frá stórum áföllum.

Þetta á ekki að ganga svona til. Reykvíkingar eiga að njóta þess þjóðfélagsréttar eins og aðrir, að meiri hl. ráði í þeirra mikilvægustu málefnum. Skyldi meiri hlutanum mistakast, verður hann að bera ábyrgð á því og á fyrir það afhroð að gjalda. Þessi árekstur, sem nú er milli meiri hl. í niðurjöfnunarnefndinni og meiri hl. í bæjarstj., á ekki að eiga sér stað. Ég vona fastlega eftir því að þurfa ekki að skilja andmæli hæstv. forsrh. sem andmæli gegn því, að málinu verði vísað til 2. umr. og athugunar í n.

Jón Baldvinsson: Ég verð að eiga það við sjálfan mig og minn flokk, hvort ég sé í samræmi við stefnu hans eða ekki, en ekki við það, sem hv. 1. landsk. vill vera láta.

Ég verð að segja það, að mér finnst niðurjöfnunin hafa tekizt betur með því fyrirkomulagi, sem verið hefir nú um stund, en áður var, meðan niðurjöfnunarnefndin var, að áliti hv. 1. landsk., skipuð í samræmi við meiri hl. bæjarbúa, enda hafa verið tveir ágætir skattstjórar, sem um hana hafa sýslað síðustu árin. Með því að gera skattstjórann að einum nefndarmanna held ég, að betur sé tryggt, að hægt sé að nota það, sem útsvörin nú orðið munu að langmestu leyti byggjast á, en það er framtalið til skatts. Það er orðið ógerningur eins og áður var, þegar niðurjöfnunarnefndin settist á rökstóla og lagði á eftir persónulegum kunnugleika nefndarmanna á högum bæjarbúa. Bærinn er orðinn svo stór, að þetta er ómögulegt nú orðið. Það, sem hv. 1. landsk. flutti nú fram sem eina ástæðu á móti því fyrirkomulagi, sem nú er, það hefir komið fyrir áður. Þegar ég átti sæti í bæjarstj. Rvíkur og þegar niðurjöfnunarn. var öll kosin af bæjarbúum, þá kom það fyrir á hverju einasta ári, að gefa varð eftir stórar útsvarsupphæðir, sem ekki náðust inn, svo að það er ekki nýtt, þó að bæjarstj. verði að strika út stórar útsvarsupphæðir, sem ekki fást greiddar, því að það hefir verið gert um langt skeið. — Að öðru leyti ætla ég ekki að fara út í frekari umr. um þetta mál, en vísa til yfirlýsingar minnar um það, að ég mun greiða atkv. á móti frv.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Mín fáu ummæli bar ekki að skilja svo, að ég legði á móti því, að frv. verði vísað til 2. umr. og nefndar. Ég vildi geta þess af því að ég stóð upp, að mín ósk sem þm. um þetta mál er helzt sú, að n. skili aftur till. til þál. um bæjargjöld, veltuskatt og tekjuskatt, og væri svo lagt fyrir næsta þing frv. um fastar reglur í þeim efnum. Það er engin fyrirmynd, að niðurjöfnun fari eftir því, hvernig veltur um meiri hl. bæjarstjórnar, og að gerólíkar reglur séu hér í Rvík því, sem er í öðrum kaupstöðum. Mín skoðun er, að stefna beri að því, að samræmi verði um niðurjöfnunarreglur hvar sem er á landinu. Það er einn kostur, sem núv. fyrirkomulag hér í Rvík hefir, og hann er sá, að það skapast meira samræmi ár frá ári en ella mundi, af því að skattstjórinn er fastur maður í niðurjöfnunarnefnd. Þessu á ekki að breyta fyrr en ríkið setur fastar reglur um niðurjöfnun í sveitar- og bæjarfélögum, sem eru komin á það stig að geta fylgt slíkum reglum. Hv. 1. landsk. minntist á það, að hann og hv. 2. landsk. væru sammála um jöfnuð, og það er meðal annars vegna þess, að ég hygg, að jöfnuðurinn sé sæmilega tryggður með núverandi fyrirkomulagi, að ég hefi látið mig þetta mál nokkru skipta.

Flm. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Skyldi hér vera einhver, sem ekki veit, hvernig niðurjöfnunarnefnd Rvíkur er nú skipuð og hverja breyt. þetta frv. fer fram á, vil ég taka það fram, að skipunin er sú, að bæjarstj. kýs nú með hlutfallskosningu 4 nefndarmannanna. Þar af fær meiri hlutinn í bæjarstj., sem er Sjálfstfl., tvo, og minni hl., sem er hinir tveir flokkarnir, Alþfl. og Framsfl., sem jafnan ganga saman til kosninga í bæjarstj.,

fær hina tvo fulltrúana. Fimmti maðurinn í n. er skattstjórinn í Rvík, sem nú tilheyrir öðrum minnihlutaflokknum. Hafa þeir þannig 3 atkv. í n., en sá flokkur, sem hefir umboð meiri hl. borgaranna, hefir 2 atkv. í þessari n., og er þannig í minni hl. Ég vissi ekki, hvað hæstv. forsrh. gat átt við, að með gagngerðri breyt. hefði nú komizt festa á þetta. Það er talið af mörgum, að það hafi orðið gagngerð breyt. á reglunum um niðurjöfnun útsvara eftir að þessi skipun varð á niðurjöfnunarnefndinni, að minnihlutaflokkarnir urðu þar í meiri hl., en hvort nokkur meiri festa varð við það, vil ég a. m. k. ekki álíta neina tryggingu fyrir. Óeðlilegra er það ástand, sem nú er, en hitt, sem var á meðan meiri hl. niðurjöfnunarnefndarinnar var í samræmi við meiri hl. borgaranna. Ég verð að álíta, að þessi tilhögun, sem nú er, sé valtari, og sýndi það sig þó, að hin gat oltið.

Ef skipt er um skoðun, þannig að skipt er um meiri hl. í bæjarstj., þá álít ég, að afleiðingarnar þar af ættu að vera þær, að slíkt kæmi einnig fram í starfstilhögun niðurjöfnunarnefndarinnar. Hitt álít ég óeðlilegra, að breytt sé um starfstilhögun fyrir það, að skipt er um skoðun í landsstj. og hún skipti um þennan embættismann, skattstjórann. Þetta skattálöguvald á að vera hjá borgurunum sjálfum á meðan ekki er ákveðið með landslögum, hvað menn skuli greiða í slíka skatta.

Till. mín fer nú fram á þá einu breyt., að í niðurjöfnunarnefndina sé aukið við einum manni með hlutfallskosningu í bæjarstjórn, og svo er skattstjóranum ætlað það sama starf í n. og hann hefir nú, þar á meðal formennsku, ef n. vill hafa hann fyrir form. Hann á að hafa tillögurétt í n., en á að vera þar án atkvæðisréttar eins og nú er orðið t. d. um borgarstjórann í bæjarstj. og öðrum mikilvægum n. hennar. Þetta er tilhögun, sem hér hefir verið tekin upp og er í algerðu samræmi við allar lýðræðishugmyndir og jafnréttiskröfur, sem byggjast á sjálfsákvörðunarrétti borgaranna: að meiri hl. skuli ráða, þegar ágreiningur verður.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Sú festa, sem ég átti við, að fylgi núv. fyrirkomulagi, stafar af því að hafa þar einn fastan, stjórnskipaðan mann. Hitt tel ég óheppilegt, að niðurjöfnunarreglur breytist í hvert skipti sem breyting verður á bæjarstjórnarmeirihluta. Að vísu verða alltaf breytingar á því, hve miklu þarf að jafna niður, en reglurnar um niðurjöfnun eiga að vera óbreyttar ár frá ári.

Ég tók hér til máls af því að ég tel, að fjármálaráðherra sé ekki alveg óviðkomandi, hvaða reglur gilda í landinu um skatta- og útsvarsmál.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég stóð upp vegna þess, að hæstv. forsrh. komst svo að orði, að fyrirkomulag það, sem nú væri á niðurjöfnun útsvara, væri demokratiskt. Þessi staðhæfing hæstv. ráðh. kemur mér nú talsvert kynlega fyrir sjónir. Og þar sem hv. 1. landsk. hefir nú notað sinn ræðutíma, vildi ég ekki láta þetta svo fram hjá fara, að ég gerði ekki við það örlitla aths. Ég skal þá benda á þann möguleika, sem óneitanlega er fyrir hendi og hefir meira að segja verið orðaður, þótt ólíklegt megi þykja, að í fullri alvöru hafi verið gert, að meiri hl. niðurjöfnunarn. neiti að jafna niður þeirri upphæð, eða jafnhárri upphæð og bæjarstjórnarmeirihl. er búinn að samþ., að jafna beri niður. Þetta má hugsa sér að geti komið fyrir, og hvað er þá orðið af lýðræðinu? Til hvaða sérstakra ráða á þá að grípa? Þetta hefir verið orðið og er alls ekki útilokað. Og þá verður vitanlega, ef slíkt kemur fyrir, að neyta óvenjulegra ráðstafana til að kippa þessu í liðinn. Meiri hl. niðurjöfnunarn. getur misbeitt valdi sínu gegn meiri hl. bæjarstjórnar, til þess í pólitískum tilgangi að hnekkja valdi hans. Og eftir því sem fram hefir farið um ýmsa hluti, þá er ekkert fjarskylt að hugsa sér, að þessu valdi verði beitt til pólitisks ávinnings.

Viðvíkjandi skiptingu á kostnaði milli skattstofu og niðurjöfnunarn. vil ég benda á það, að honum má ekki jafna á þær upphæðir, sem koma fram á hvorum stað, heldur eftir því hve mikil vinna er lögð í starf hvors um sig. Ef fulltrúar bæjarstj. í niðurjöfnunarn. reikna út öll útsvörin sjálfir, sem ég hygg, að sé, en skatturinn af starfsliði skattstofunnar, þá

ber að taka fullt tillit til þess við skiptingu kostnaðarins.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það, sem ég átti við, er ég nefndi demokratiskt vald í þessu sambandi, var, að Alþ. setti þær reglur, er gildi um álagningu útsvara.

Hv. 1. þm. Reykv. gerði ráð fyrir því, að meiri hl. niðurjöfnunarn. mundi geta neitað að leggja á útsvör eftir ályktun bæjarstjórnar. Ég skal bjóða hv. þm. mitt lið til þess að koma í veg fyrir slíkt. En annars mun engin ástæða til að óttast, að það muni koma fyrir.

Um skiptingu kostnaðar af skatta- og útsvarsniðurjöfnun er rétt að athugað sé í nefnd. En á það má minna, að allt starf skattstofunnar er jafnnauðsynlegur undirbúningur undir hvorttveggja, skatts- og útsvarsálagninguna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Tóbaksvörugerð.

Á 14. fundi í Ed., 2. marz, var úthýtt:

Frv. til l. um innlenda tóbaksvörugerð (þmfrv., A. 79).

Á 19. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Tilgangurinn með þessu litla frv. er að reyna að koma hreyfingu á það mál, að nokkuð af þeirri vinnu, sem gengur til framleiðslu á tóbaksvörum þeim, sem seldar eru í landinu, geti fallið til innlendra manna. En það getur því aðeins orðið, að komið verði á stofn hér á landi iðnaðarfyrirtæki til framleiðslu á þessum vörum. Nú er svo högum háttað hér á landi eins og víða annarsstaðar, að það er sérstök nauðsyn að halda til landsmanna sjálfra þeirri atvinnu, sem unnt er, og ég hugsa, að hvað tóbaksvörugerð snertir höfum við algerlega sérstöðu nú sem stendur, þar sem ekki er nokkurn skapaðan hlut unnið að slíkum iðnaði í landinu sjálfu, en varningurinn þó töluvert notaður. Alstaðar annarsstaðar, þar sem ég þekki til, fylgist notkun þessara vara og framleiðsla þeirra að í löndunum, og neyzluþörfum landsmanna að meira eða minna leyti fullnægt. Nú er svo ástatt hér, að verzlun með tóbaksvörur er í höndum einkasölustofnunar, sem ríkið rekur. Af því leiðir, að útilokað er, að tóbaksvörugerð geti komizt á hér á landi nema með alveg sérstaklega náinni samvinnu við einkasölu ríkisins á tóbaksvörum. Mætti hugsa sér þetta framkvæmt þannig, að ríkissjóður eða einkasalan sjálf setti á stofn iðnaðarfyrirtæki í þessari grein og ræki það sem einn hluta starfsemi sinnar. Ég hefi þó ekki viljað stinga upp á þessu, fyrst og fremst vegna þess, að nokkurt stofnfé þarf að leggja í þetta, en ríkissjóður mun ekki vera aflögufær til slíkra útgjalda eins og nú standa sakir. Hinsvegar er ekki nauðsynlegt, að stofnfé slíks fyrirtækis sé að öllu leyti eign ríkissjóðs. Til þess að brjóta ekki í bága við gildandi ákvæði um einkasölu ríkisins á tóbaki, er aðeins nauðsynlegt að gera samning mill iðnaðarfyrirtækisins annarsvegar og einkasölunnar hinsvegar um það, að tóbakseinkasalan leggi iðnaðarfyrirtækinu til það hráefni, sem hún ein hefir rétt til að flytja til landsins, og kaupa svo aftur af iðnaðinum þær tóbaksvörur, sem einkasalan ein hefir rétt til að hafa í heildsölu hér á landi. — Ég geri ráð fyrir því í frv., að stj., sem gengist fyrir því að koma slíku fyrirtæki á stofn, hefði heimild til þess að útvega stofnfé til fyrirtækisins með almennum hlutaútboðum innanlands að því leyti sem þyrfti jafnframt heimild til þess að einkasalan leggi fram fé til þessa. Þó hefi ég ekki álitið rétt að setja nein takmörk fyrir þessu í frv. Það er aukaatriði fyrir mér, hvaðan féð er fengið, en aðalatriðið, að fyrirtækið komist á fót, til þess að hæfilega mikill hluti af vinnu við þessa framleiðslu geti færzt í hendur innlendra manna. Ég hefi í frv. stungið upp á því, að ákveðið yrði, að á öðru rekstrarári

skyldi einkasalan kaupa ekki minna en ¼ hluta allra innkaupa sinna af vindlum og vindlingum af þessu innlenda fyrirtæki. Hækki þetta svo upp í helming eigi síðar en á fimmta rekstrarári. Auðvitað er álitamál um hlutföllin og tímatakmörkin, en ég áleit þó rétt að taka ákvæði um þetta í frv., til þess að gera það ljóst frá upphafi, hvaða stærð þyrfti að ætla fyrirtækinu, og þar af ákvarðast svo fjármagnið, sem þarf, og atvinnuvonirnar, sem gera má sér í sambandi við það. Af minni hálfu er frv. fyrst og fremst atvinnubótafrv.

Það er svo um þennan iðnað, að atvinnu við hann getur notið ýmiskonar starfsfólk, sem ekki er fallið til allrar erfiðrar stritvinnu. Og það er ekki síður vöntun á atvinnu fyrir slíkt fólk. — Ég tel fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að ræða einstök atriði frv. við þessa umr. og leyfi mér að óska þess, að frv. gangi að þessari umr. lokinni til 2. umr. og iðnn.

Jón Baldvinsson: Forstjóri tóbakseinkasölu ríkisins hefir oft haft orð á því, að nauðsynlegt væri að koma upp innlendri tóbaksvörugerð í sambandi við einkasöluna, og teldi ég það hentugra fyrirkomulag en það, sem hv. flm. stingur upp á. Tel ég því heppilegast, að þetta mál verða athugað í n. á þeim grundvelli, að tóbakseinkasalan sjálf komi sér upp slíkum iðnaði. Geri ég ráð fyrir, að n. myndi senda forstjóra einkasölunnar málið til athugunar. Þykir mér sennilegt, að hann hafi þegar hugsað þetta mál rækilega og geti gefið um það töluverðar upplýsingar.

Jónas Jónsson: Ég álít heppilegt, að frv. um þetta efni sé fram komið, hvort sem því verður fylgt í því formi, sem það nú er í. Enginn vafi er á því, að það væri mjög eðlilegt, að hér væri hafin nokkur tóbaksvörugerð. Fyrir ári síðan var ég staddur í Stokkhólmi og fann þá að máli forstjóra sænsku tóbakseinkasölunnar til að ræða við hann um reynslu Svía í þessu efni. Taldi hann, að hagnaður hefði verið fyrir sænsku einkasöluna að hafa þennan iðnað og tók vel í það, ef til þess kæmi, að Ísland þyrfti að fá aðstöðu til að uppala sérfróða verkamenn í þessari grein, að vera til nokkurar aðstoðar. Það er eftirtektarvert, að Svíþjóð hefir bæði tóbakseinkasölu og tóbaksiðnað, og þykir mér ekki ólíklegt, að verkamenn héðan gætu haft gagn af þeirri reynslu, sem þar er fengin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Eignarnámsheimild á býlum á Hvaleyri.

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnámsheimild á á-búðar- og erfðafesturétti á nokkrum býlum á Hvaleyri við Hafnarfjörð (þmfrv., A. 99).

Á 19. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Fyrir nokkrum dögum, þegar hér var til umr. frv., borið fram af hv. þm. Hafnf., um að bæta að nokkru úr landleysi Hafnarfjarðar með því að fá ræktarspildu í Garðahreppi, gat ég þess, að það væri annmörkum bundið að taka þetta land úr notum hreppsins. Þá var einnig bent á það, að hægt myndi að leysa vandræði Hafnfirðinga á þann hátt, sem þeim væri nærtækari, svo að báðir hefðu sitt, Hafnarfjörður fengi meira land en hann hefði nú og Garðahreppur héldi sínu. Ég ætla þá að minnast á það stuttlega, sem er aðalefni þessa frv., þótt það sé að nokkru tekið fram í grg. — Innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar og skammt fyrir utan kaupstaðinn liggur stórt land, Hvaleyrin. Landi þessu er skipt í tvennt. Á Flensborg annan helminginn, en bærinn hinn. Þessi eign er nú í einkaábúð nokkurra manna, og eru allar líkur til, að a. m. k. hálflendan, sem tilheyrir Flensborg, verði ekki notuð fyrir Hafnarfjörð fyrst um sinn, vegna þess, að erfðafestusamningur var um hana gerður árið 1916 til

hálfrar aldar í senn, og var afgjaldið mjög lítið. Ennfremur hefir sá bæjarstjórnarmeirihluti, sem var í Hafnarf., leigt smábýli á Hvaleyri, sem voru í eign bæjarfélagsins, þannig, að þau eru nú í lífstíðarábúð. Aðeins eitt, sem hefir losnað aftur, er nú í stuttri ábúð og leigt af núv. meiri hl. í bæjarstj. Hafnarfj. — Ég hefi rætt um þetta mál við þann manninn, sem því er kunnugastur, Pálma Einarsson ráðunaut, og segir hann, að ef það væri vilji Hafnfirðinga að koma á fót garðahverfi, þ. e. a. s. hverfi, þar sem Hafnfirðingar hefðu smágarða hver fyrir sig, þá gætu þeir ekki fengið betra land en Hvaleyrina. Þar er um 20 kúa tún nú sem stendur, og ef því yrði breytt í garða, myndi það fara langt með að hjálpa Hafnfirðingum um allt það land, sem þarf til garða þar. Það leiðir af sjálfu sér, að eðlilegast er, að Hafnfirðingar noti það land, sem þeir eiga sjálfir, og til þess að ná því handa þeim, þarf ekki annað en upphefja erfðafesturéttinn og ábúðarsamningana með eignarnámsheimild. Ég hefir talað við nokkra menn í Hafnarfirði um þetta, bæði bæjarfulltrúa og bæjarstjóra, og hefir hann sagt mér, að hann væri þakklátur fyrir, ef þessi heimild kæmist fram, og sagði, að hann myndi taka málið til meðferðar á næsta bæjarstjórnarfundi og mæla með framgangi málsins. Ég vil ennfremur benda hv. þm. á síðasta fylgiskjalið, sem fylgir þessu. Það er leiðrétting á því, sem haldið var fram hér við umr. um óræktarlandið, sem Hafnarfj. vildi fá. Því var haldið fram, að Garðahreppur væri ekki sérstaklega illa staddur sem sveitarfélag, en eftir þeim skýrslum, sem lágu fyrir þinginu í fyrra og hér eru endurprentaðar, þá er hann hæstur í röðinni og sveitarþyngslin meira en 35 kr. á hvern mann. En í Gerðahreppi eru sveitarþyngslin nokkru minni. Þetta er, eins og menn sjá, langsamlega yfir meðaltal þeirra sveitarþyngsla, sem á hreppum landsins hvíla, sem aðeins er kr. 8,50. Það er því sannarlega að taka lamb fátækra manna, ef á að fara að svipta þessa menn þeim greiðslumöguleikum, sem þeir nú hafa, enda óþarft þegar kaupstaðurinn getur bætt úr sínum eigin vandræðum án þess að ganga á hlut annara.

Ég geri ráð fyrir, að frv. þetta gangi til landbn. að lokinni umr.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að mér þykir vænt um framkomu þessa frv. Er það aðallega af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að ég álít það til bóta, að Hafnfirðingar fái eignarnámsheimild á þessum jörðum, ekki svo mjög kannske til þess að koma því í framkvæmd, sem felst í frv., heldur af ýmsum ástæðum, sem ekki er sérstök ástæða til að rekja hér. Í öðru lagi af því, að með þessu frv. er það sýnt, að hv. flm. þess telur Hafnarfjörð hafa mjög mikla þörf fyrir land til ræktunar. Það er auðvitað svo, en mér finnst samt sem áður kenna nokkurs ósamræmis í þessu að því leyti, að þetta land, sem þarna er farið fram á að taka eignarnámi, er ræktað land. Hvaleyrin er fullræktuð; þó að þar séu ekki garðar, þá eru þar tún. Það er sagt í grg., að hægt sé að rækta mikið landbrot suður á bóginn. En þetta sannar ekkert, því að Hvaleyrarholtið er stórgrýtt, og eru þess vegna ekki miklir möguleikar til ræktunar suður á bóginn, nema með gífurlegum kostnaði. Ég fór sjálfur um þetta land í gær með öðrum manni, til þess að fullvissa mig um þetta, en sá ekki nema í mesta lagi tveggja dagsláttna land, sem væri hæft til ræktunar. Það má með réttu segja, að eins og jarðvegurinn er á Hvaleyri, þá sé þar upplagt land til garðræktar, en ég skal ekki segja, hvernig það yrði í framkvæmdinni; en ef horfið yrði að því ráði að rista svörðinn af túnunum eða gerðar yrðu samskonar ráðstafanir og á Garðskaga forðum, þá væri mjög hætt við því, að landið blési upp, af því hvað jarðvegurinn er sendinn og ekki skjól fyrir nokkurri átt.

En það er óréttlæti í þessu, sem mér finnst, að verði að taka til greina, að á öðrum staðnum er nytsamt, ræktað land í ábúð Hafnfirðinga sjálfra, sem borga sína skatta og skyldur til Hafnarfjarðar og hafa þar sitt lífsviðurværi, en á hinum staðnum eru menn, sem ekki þurfa á þessum löndum að halda til þess að fá lífsviðurværi sitt þar af. Þetta er sá stóri mismunur.

Ég verð að segja það, þar sem hv. flm.

sagði, að með því frv., sem ég flyt, sé verið að taka lamb fátæka mannsins handa þeim ríka, að þarna sé verið að taka land fátæka mannsins í staðinn fyrir að taka land ríka mannsins, eins og lögreglustjórans.

Viðvíkjandi leigunni á kotunum og leigunni á spildunum, þá er það rétt, að hálflendan hefir verið leigð til 50 ára fyrir það verð, sem sagt er í grg., en þar er gerður samanburður á þeirri leigu og leigusamningi þeim, sem gerður var við Hermann Jónasson lögreglustjóra. Það skýtur nokkuð skökku við, að leigan hafi verið, að áliti hv. 5. landsk., betri fyrir það opinbera með þeim samningum, sem hann hefir gert, en eftir þeim samningum, sem stjórn Flensborgarsjóðsins gerði, því að land Hermanns Jónassonar er 80 dagsláttur, og þegar það er komið í rækt, á að borga — segi og skrifa — 400 kr. á ári; en hefði hjálendan verið leigð á þessum tíma, hefði leiguverðið verið margfalt móts við það, sem það nú er. Þar að auki er erfðafesta sú, sem ég minntist á, þegar ég talaði fyrir mínu frv., það er erfðafesta um aldur og æfi, sem ekki er hægt að rifta — ekkert árabil tiltekið, en þarna er þó ekki tiltekin nema 50 ára ábúð.

Þá kem ég að því, sem hv. flm. talaði um, að þessum tveimur mönnum hefði verið leigð lönd í „mýrinni“ í Garðahreppi, til þess að gera Garðhverfingum til geðs. Ég verð að segja það, að ef Hafnfirðingar eru óánægðir með þessar gerðir fyrrv. hæstv. stj., þá eru Garðhverfingar það miklu fremur, því að þeir eru bókstaflega rasandi út af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið. Þeir vilja hafa land fyrir sig, og það er ekki meiningin hjá þeim, að Hermann lögreglustjóri eigi frekar að fá það en Hafnfirðingar. Garðhverfingar vilja hafa land fyrir sig, og maður getur ekki sagt, að það sé neitt sérstaklega athugunarvert. En að þeir vilji heldur hafa Hermann lögreglustjóra en Hafnfirðinga, það eru hrein ósannindi. Ég veit, að þeim er geðfelldara, að Hafnfirðingar njóti þess en Reykvíkingar. Það er talað um, að Garðahreppur sé illa staðsettur. Það má vel vera, að sveitarþyngsli séu þar meiri en í öðrum hreppum. Það verður að taka það til greina, að það eru fáir menn í þessum hreppi, en samt sem áður eru þar margir góðir gjaldendur. Eins og kunnugt er, þá er Vífilsstaðahælið í þessum hreppi, sem hefir starfsmenn á föstum launum, og borga þeir sumir töluverðan skatt. Þess vegna er það, að Garðahreppur er algerlega skuldlaus og skuldar engum manni neitt. Í Hafnarfirði hafa verið margir Garðhverfingar, sem hafa viljað, að Garðahreppur og Hafnarfjarðarbær gætu runnið saman.

Ég býst ekki við, að það sé neitt athugavert við það, en áður en það verður, má ekki hafa verið gert neitt, sem orðið gæti til miska, að slíkt gæti orðið, en ég verð að segja það, að svo framarlega, sem löndin eru sett í erfðafestu, þá er þröskuldur settur í veg fyrir það.

Sem sagt, ég er því meðmæltur, að þetta frv. nái fram að ganga, en vil að engu leyti, að það komi í staðinn fyrir það frv., sem ég hefi flutt. — Það er gott að hafa þetta frv., en hitt frv. er alger nauðsyn fyrir okkur Hafnfirðinga. En ef það á að kosta það í sjálfu sér, eins og virðist vera álit hv. flm., að verði frv. þetta samþ., þá eigi hitt að falla, þá æski ég þess heldur, að þetta frv. nái ekki fram að ganga. Ég legg ekki svo mikið kapp á það, því að við höfum það land, og ábúð sumra þessara manna, sem á Hvaleyri búa, fellur það fljótt niður, að Hafnarfjarðarbær getur ráðstafað því landi eftir þörfum síðar meir.

Eins og vant er þarf þessi hv. þm. alltaf að niðra mótstöðuflokkum sínum —, að það hafi verið þessi íhaldsmeirihluti, sem gerði þetta allt. Ég segi og skrifa, að það eru 2 kot, sem leigð voru af íhaldsmeirihlutanum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Þriðja kotið var leigt upp á síðkastið til nokkura ára og fjórða kotið var leigt áður en bærinn fékk sín réttindi, svo að það er ekki nema helmingurinn af kotunum, sem bæjarstjórnin hefir leigt. Bæjarstj. kom ekkert við það land, sem stj. Flensborgarsjóðsins leigði, en ég held, að sú leiga hafi verið miklu betri en sú, sem gerð var við Hermann Jónasson.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en ég býst við, að allir hv. dm. séu orðnir mér sammála við framkomu þessa frv., hver nauðsyn það er fyrir Hafnarfjörð að fá ræktanlegt land. Í þessu frv.

er farið fram á að taka eignarnámi land, sem Hafnfirðingar eiga. Tvö kotin losna fljótt úr ábúð. Annað er leigt til fárra ára, en á hinu kotinu býr maður, sem kominn er á grafarbakkann. Mér finnst, að lausn þessa máls verði að vera sú, að Hafnfirðingar fái ræktanlegt land í nánd við kaupstaðinn.

Flm. (Jónas Jónsson): Það vill svo undarlega til, að þetta frv. hefir orðið til þess að skýra það, hverjar hvatir liggja að baráttu íhaldsminnihlutans í Hafnarfirði til að fá mýrarstykki milli Rvíkur og Hafnarfjarðar. Það er nú sannað, sem ókunnugir vissu ekki áður, að þessir sömu menn hafa komizt yfir land rétt hjá bænum, sem er miklu hentugra til jarðræktar en mógrafirnar í Garðahreppi. Af því að þeir eru sannir að þessu, er það ekki umhyggjan fyrir ræktun Hafnarfjarðar, sem hefir komið þm. til að berjast fyrir þessu, því að þá hefði hann litið nær sér og mundi hafa séð sem leiðandi maður í Hafnarfirði, að þeir samningar, sem hans nánustu vinir gerðu, voru þess eðlis, að það hlaut að vera ástæða til að nema þá úr gildi. Ég hygg, að hefðu verið framsýnir íhaldsmenn í Hafnarfirði, hefðu þeir ekki látið jarðir með allmiklum ræktunarmöguleikum renna úr greipum sér, en þeir menn í Hafnarfirði, sem hv. þm. tilheyrir, hafa látið leika á sig líkt og leikið var á Reykvíkinga forðum, þegar kaþólska trúboðið kom þangað og þeir létu bezta landsvæði bæjarins til útlendinga.

Í stuttu máli: Sá flokkur, sem hv. þm. tilheyrir, hefir „kastað burt" Hvaleyrinni, látið sinn fyrrv. þm., Björn Kristjánsson, koma í kring sölu á Arnarnesi fyrir fáum árum án þess að mótmæla því. Það er kunnugt, að íhaldinu í Hafnarfirði datt ekki í hug að líta við því óræktarlandi, sem er milli Hafnarfjarðar og Rvíkur, fyrr en þeir vissu, að það átti að fara að rækta það. Það eru þess vegna ekki göfugar hvatir, sem liggja að baki þessu.

Mér þykir ekkert á móti því að hafa með þessu frv. komið upp um þá, sem staðið hafa að þessari svikamyllu. Hv. þm. hefir á engan hátt getað afsakað framferði sitt gagnvart Garðhverfingum. Hann hefir sagt rangt frá um sveitarþyngslin í Garðahreppi. Það er sannað, að þau eru meiri en nokkursstaðar annarsstaðar, og reynt að halda því fram, að það skipti engu fyrir þennan fátæka hrepp, hvort hann fær sjálfstæðar bújarðir eða hann sé hjálenda frá Hafnarfirði.

Hv. þm. hlýtur að vita það, að þó að hafðir séu þarna einhverjir kálgarðar úr Hafnarfirði í þessum gömlu mógröfum, þá hefir það annað að segja en ef þarna kæmu sjálfstæðar jarðir og sjálfstæðir bændur. Það er yfirleitt ekki hægt að nota þetta land á skynsamlegan hátt, nema með því að koma upp sjálfstæðum býlum. Þess vegna er munurinn sá fyrir hendi, að í öðru tilfellinu er stefnt að því með þessum umbótum, sem ég hefi beitt mér fyrir, að skipta landi upp á milli jarða, svo að þær fái möguleika til að rækta út. Það er landnámspólitík, sem vakir fyrir okkur framsóknarmönnum, en á hinu tilfellinu er sú pólitík, sem íhaldið í Hafnarf. hafði, að láta prestinn níða niður höfuðbólið. Hv. þm. hefir þess vegna áreiðanlega litla ánægju af að bera þetta saman. Hv. þm. veit, að hann hefir staðið þarna ráðlaus, heimskur og gleyminn, þangað til hann sá, að aðrir ætluðu að fara að rækta þetta land. **(BSn:** Ekki fleiri lýsingarorð?). Aldrei verða of mörg slík lýsingarorð höfð um landpólitík íhaldsins í Hafnarfirði. Það þarf ekki meira til að bregða upp spegilmynd af vandlætingu þeirra manna, sem hv. þm. tilheyrir.

Það er ekki til neins fyrir hv. þm. að búast við því, að menn taki hans ræktunaráhuga allt of hátíðlega. Hvort mundi fást meira upp úr því, ef Hafnarfjarðarbær fengi Hvaleyrina og hefði þar matjurtagarða, eða þessar 150 kr., sem skólinn fær nú fyrir hálflenduna? Það er víst áreiðanlega enginn styrkur fyrir hv. þm., þó að hann ætli að halda því fram, að það væri rétt fyrir Hafnfirðinga að seilast inn í annan hrepp og taka land, sem byrjað er að ræsa fram, í staðinn fyrir að taka land, sem tilheyrir þeim sjálfum. Eins og samningarnir frá 1916 bera með sér, segir Ágúst Flygenring Hvaleyrinni lausri. Hann sér, að hann er farinn að eldast og lætur son sinn fá Hvaleyrina á erfðafestu til 50 ára fyrir 150 kr.

á ári. Meira að segja voru nokkur hús þarna þá. Þetta segi ég, að sé bænum til skammar. Hvað er hitt, að taka óræktað land, sem í 1000 ár hefir ekki verið notað til annars en hestabeitar og mótaks? Þetta land þarf að rækta, og ég veit, að það er enginn sá maður, sem segir, að þetta land sé til gróða fyrir þann mann, sem þarf að rækta það, koma upp húsum og borga síðan 500 kr. á ári fyrir að hafa not af því. Hv. þm. Hafnf. gat komið áður til framsóknarstj. og sagt: „Ég vil fá þessa „mómýri" þarna og skal borga 500 kr. á ári fyrir hana". Honum datt það ekki í hug.

Það er þess vegna ekki mjög hyggilegt af hv. þm. að reyna að bera saman Hvaleyrina fullræktaða og mógrafirnar eins og þær eru nú, sem verður að borga eftir hækkandi leigu, eftir því sem meira verður ræktað. Það er einmitt gert ráð fyrir því, að ræktunin gangi fljótt fyrir sig, annars tapar maðurinn réttinum. Hann má aðeins reisa eitt íbúðarhús á landinu og nauðsynleg útihús vegna búræktar sinnar. Það er vegna þess, ef ríkið þarfnast landsins síðar meir. Ef girðingum er ekki haldið vel við, tapar maðurinn réttinum. Ennfremur er það tryggt, að ríkið getur tekið landið hvenær sem er til opinberra þarfa. Þetta sýnir, að landsstj. getur tekið landið nær sem þarfir hins opinbera krefjast þess.

Bréf lögreglustjórans sýna, að hv. þm. Hafnf. fer með alveg ósatt mál. Lögreglustjórinn er einmitt svo sanngjarn að bjóðast til að sleppa landinu við Hafnarfjörð, svo framarlega sem sá bær vill nota það á þann hátt, er ráðunauturinn taldi heppilegast, en það var, að bærinn ræki þarna stórt kúabú. En það vill hv. þm. Hafnf. ekki. Sýnir það, að þetta er ekki mjög alvarlega meint, jafnframt sem það sýnir fáfræði hv. þm., sem ekki hefir reynt til að ná þeim löndum, sem nær liggja og betur eru fallin til smáræktar en umrædd mýri, en sem þó er eins auðvelt að ná. En það er eins og hv. þm. hafi ekki vitað, að þau lönd voru til. — Hv. þm. Hafnf. heldur, að Hvaleyrin muni blása upp, ef henni verður breytt í kartöfluakra. Það var nú naumast hægt að átta sig á því, á hvern hátt hv. þm. hugsaði sér, að svo mætti verða. Eftir sömu hugsun ætti Borgfirðingum að vera talsvert hætt við uppblæstri vegna kartöfluræktunarinnar á Akranesi. Það er vafasamt, meira að segja, hvort móum þeim og mógröfum, sem um hefir verið deilt, verði ekki einnig hætt við uppblæstri, ef hinar dularfullu ræktunaraðferðir hv. þm. eru viðhafðar.

Þá reyndi hv. þm., af veikum mætti þó, að verja leigumála þessara kota á Hvaleyrinni, en tókst það vitanlega ekki. Hann varð meira að segja að játa, að meiri not mundu verða að þessu landi, ef það, í stað þess sem nú er, að vera nytjað til grasræktar af 5 mönnum, yrði notað til kartöfluræktar. Auk þess væru hæg heimatökin fyrir fátæka verkamenn í Hafnarfirði að nytja landið á þann hátt. Fulltrúi Búnaðarfél. Íslands, sem átt hefir heima á Hvaleyrinni, segir hana vel fallna til ræktunar kartaflna, og er honum betur trúandi en hv. þm. Hafnf.

Fyrir stuttu síðan fór bóndasonur af Hvaleyrinni fram á það að fá þar land, er hann ætlaði að brjóta og nota til kartöfluræktar. En eins og hv. þm. Hafnf. veit, þá fékk hann það ekki. Samningur, sem var með fullum íhaldsblæ og gerður var 1916 við einn ungan Flygenring, var því til fyrirstöðu, að landið fengist. — Annars kom það glöggt fram í ræðu hv. þm. Hafnf., að honum veitir ekki af betri fræðslu um þá samninga, sem þarna hafa verið gerðir. Hv. þm. vildi afsaka þetta með því að sócialistar hefðu gert samning um eitt kotið. Þó sá samningur sé að vísu stórheiðarlegur, borinn saman við þá samninga, sem íhaldið hafði gert, þá skjátlaðist þeim samt í því að leigja landið til grasræktar, þar sem það hefði komið að miklu meiri notum, ef verkamönnum hefði verið leigt það til ræktunar garðávaxta. En þeir voru nú svo óhagsýnir þá að muna ekki eftir sínum fátæku verkamönnum. En vitanlega losar hv. þm. þó ekki sig eða sinn flokk undan neinni ábyrgð með þeim samanburði. — Hin kotin og hálfa Hvaleyrina að auki hafa íhaldsmennirnir í Hafnarfirði og skólan. Flensborgarskólans, sem var af sama sauðahúsi, leigt út í samræmi við sína útsýn og innræti.

Hv. þm. játaði, að það væri gott, að frv. bætti fyrir syndir þeirra. Ég get sem flm.

þess verið honum samdóma um þetta. Frv. er engin árás á önnur sveitarfélög, eins og það, sem hv. þm. hefir flutt. Þetta frv. miðar að lagfæringu þess, sem flokkur hv. þm. hefir brotið af sér í Hafnarfirði, og sú lagfæring, ef samþ. verður, veitir verkamönnunum þar aðgang að góðu og nærtæku ræktunarlandi.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Hv. 5. landsk. lét þá skoðun sína í ljós, að bæjarstj. Hafnarfjarðar hefði fengið mig til að tala í þessu máli, en að Hafnfirðingum sé þetta ekkert áhugamál. Ég held nú, að sönnu muni næst, að hv. þm. hafi borið þetta mál fram til þess eins að fá tækifæri til að tala, en ekki af neinum áhuga fyrir Hafnfirðingum. Hv. þm. segir, að það sé af tómri öfundsýki og fleiri samskonar eiginleikum, að Hafnfirðingar séu að ásækjast land úr Garðahreppi. Hv. þm. er nú svo kunnur fyrir slíkt orðalag um land allt, að enginn kippir sér upp við að heyra slíkt frá hans munni. Með sama rétti mætti segja, að það væri ekki af umhyggju fyrir Garðahreppi, að Hermann Jónasson lögreglustjóri fékk land úr Garðalandi. Það var vitanlega af umhyggju fyrir lögreglustj., og engum öðrum. Þó hv. þm. haldi kl.tíma ræðu um þetta dag eftir dag, mun enginn fást til þess að samþ., að umhyggja fyrir Garðahreppi stjórni þeim ræðum. Ef svo hefði verið, þá hefði legið nær að skipta upp þessu landi handa kotum þeim, sem fyrir eru og hafa fulla þörf á þessu landi, svo lífvænlegt megi teljast á þeim. En umhyggjan kemur ekki fram vegna þessara fátæku bænda, heldur fyrir ríka manninum í Reykjavík. Og þótt Framsóknarfl. telji það á stefnuskrá sinni að styrkja fátæka bændur, þá er það nú ær og kýr hv. 5. landsk. að hafa hausavíxl á öllum hlutum, og vona ég, að enginn hv. þm. láti lengur af því blekkjast. Það er alveg víst, að bændurnir í Garðahreppi hafa ekki nóg land. En við Hafnf. segjum, að ef láta skal landið til manna utan hrepps hvort sem er, þá sé alveg sjálfsagt, að fátækir menn í Hafnarfirði fái það til ræktunar. Hv. þm. segir, að Garðhreppingar séu mótfallnir því, að Hafnarfj. fái þetta land. En þeir eru sannarlega ekki minna móti því, að einhverjir aðrir fái það. Þá kveður við sama tón hjá hv. þm. og gert hefir í Tímanum, að hér væri um lélegt land að ræða, lítt ræktanlegar mógrafir og þess háttar. En ef svo er, hví vill lögreglustjórinn þá ekki býtta á þessu landi og öðru, er hann getur fengið? — Honum hefir verið boðið heppilegt land í Digranesi, en það vill hann ekki. Þá endurtók hv. þm. það, að við Hafnf. hefðum hvorki hreyft legg né lið til að fá þetta land fyrr en nú, að við komum með þetta mál fyrir þingið. Ég hefi áður hrakið slíkt, og skal eigi endurtaka þá hlið málsins.

Nú kemur það fram hjá hv. þm., að eins og allir vissu, þá er eini tilgangurinn með þessu sá, að skaprauna Hafnf. og gera þeim sem mesta bölvun, því nú kemur hann með þær upplýsingar, að kennarafélagið sé búið að fá augastað á þessu landi. — Það er eins og hv. þm. sé sama, hver landið fær, bara að það sé ekki Hafnarfjörður. Er það sláandi dæmi um hugsunarhátt og fyrirhyggju hv. þm., að þegar hann verður hræddur um, að skjólstæðingur hans tapi mýrinni, þá finnur hann þetta upp. — Allt er, eftir hans hugarfari, betra en að fátæklingarnir í Hafnarf. fái landið. Hv. þm. tekst ekki að dylja úlfinn undir sauðargærunni.

Hv. þm. hefir oft sagt, að ég væri alveg ókunnugur þessum málum og vissi ekki neitt í þeim. Ég ætla nú ekki að skattyrðast um það. En hitt hefir tíðast komið fram, að ef nokkur maður hefir tamið sér að hafa hausavíxl á sannleika og lygi, þá er það hv. 5. landsk. Um það bera Alþtíð. honum órækt vitni bæði fyrr og síðar um hans þingmannstíð. Í sama dúr var það, að hv. þm. fór alveg rangt með það, er hann sagði um landbeiðni bóndasonarins á Hvaleyri. Land það, er hann bað um, er ekki á Hvaleyrinni, heldur ofan vegar, og auk þess hefir honum enn ekki verið neitað um þetta land. Að því landi standa þrír aðilar, því þarna er um óskipt land að ræða. Eru það Hvaleyrarbændur, bæjarstj. Hafnarfj. og Kollektusjóðurinn, en til þess þarf einnig samþ. stjórnar hans. Ég hefi sagt, og það hefir ekki verið hrakið, að Garðahreppur vill helzt fá allt það land, sem innan hreppsins liggur, til afnota fyrir sig. En fái ut-

anhreppsmenn það, þá vilja þeir helzt, að Hafnarfj. fái það. Þetta hafa margir menn í Garðahr. látið í ljós við bæði mig og fleiri menn, ef mér verður ekki trúað. Hvað fjárhagsástæðum Garðahr. viðkemur, þá hefir oddviti þeirra tjáð mér það, að hreppurinn væri skuldlaus, og geta það varla talizt mjög slæmar ástæður. — Að vísu hefir mér láðst að fá skjalfest vottorð um þetta, eins og þó virðist þurfa til þess að mér verði trúað af hv. 5. landsk.

Læt ég svo útrætt um þetta mál. Ég býst ekki við, að neinar þær upplýsingar geti komið fram frá hv. 5. landsk. Ég hefi greinilega sýnt fram á það, af hvaða hvötum þetta mál er fram borið, að það er ekki gert vegna fátæklinga, heldur vegna ríka mannsins, lögreglustjórans hér — og svo vitanlega af fjandskap bæði við bæjarfélagið í Hafnarf. og við Garðahrepp. Ég tel víst, að um þetta mál fari eins og ýms önnur, sem þessi hv. þm. hefir borið fram, að það verði honum sjálfum til ævarandi skammar, og mun ég verða síðastur manna til að gráta það.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég þarf ekki mikið að þrátta við hv. þm. Hafnf. Vörn hans fór eftir málstað, og reyndar gafst hann alveg upp við að verja leigusamninga flokksmanna sinna á löndum Hafnarfjarðar. En það mál, sem hér um ræðir, fer fram á, að Hafnfirðingar geti átt kost á þeim löndum til hagfelldrar ræktunar. En til þess að draga athyglina frá ósigri sínum, leitaðist hv. þm. enn við að réttlæta frv. sitt, um að leggja hluta úr Garðalandi undir Hafnarfjörð.

Hv. þm. taldi, að það hefði borið vott um litla umhyggju fyrir bændunum í Garðahreppi, að skipta ekki umdeildu landi á milli þeirra, og sagði, að þeir hefðu verið skildir eftir mjög landlausir. Sannleikurinn er þó sá, að bændurnir, sem áður höfðu aðeins smátúnkraga til sérnota, fengu nú útmælt land að stærð 20—50 ha. hver. Á þann hátt var þeim gert mögulegt að auka ræktun sína. Stingur það nokkuð í stúf við þá heimskulegu samninga, sem gerðir voru um Hvaleyrina í Hafnarfirði og íhaldið þar stóð að.

Hv. þm. sagði, að ég fjandskapaðist við Garðahrepp. Ég hefi hér í höndunum fundargerð þaðan, sem mér hefir borizt og ég veit ekki annað en að sé ófölsuð. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hafnarfjörður, sem þegar hefir fengið stóran hluta af Garðalandi og hefir enn lítið ræktað af því, sem þó er eigi lakara til ræktunar en grjótholtin kringum Garðahverfi".

Þetta var samþ. á bændafundi í Garðahreppi 3. marz 1933. Það land, sem hér um ræðir, mun annaðhvort vera það, sem ég útvegaði Hafnarf. fyrir nokkrum árum, eða það, sem þeir gátu fengið í fyrra, eftir að mælingar á landinu höfðu farið fram. Ef þetta skjal er ófalsað — og ég hefi enga ástæðu til að ætla annað —, þá sýnir það, að Garðhreppingar telja ekki ástæðu til þess, að Hafnarfj. fái þarna meira land.

Um mótmælin má annars geta þess, að Garðhreppingar mótmæltu því harðlega í fyrravor, að Hafnfirðingar fengju þarna meira land. Hinsvegar hafa engin mótmæli frá þeim borizt gegn því, að þarna væru stofnuð nýbýli. Þeir skilja það vel, að sveitinni geti orðið meiri styrkur að því, að þarna rísi upp sjálfstæð býli með ræktuðu landi, heldur en þó að mógrafaland þetta sé notað til beitar, eða því sé skipt upp milli verkamanna eða annara í nágrannabæjarfélagi. Sjálfir treysta þeir sér ekki til að rækta þetta land í bráðina, enda hafa þeir mikið af öðru óræktuðu landi. — Það er jafnvel ekki laust við, að þeir sendi Hafnfirðingum sneið, sem enn hafa ekki notað sín ræktanlegu lönd. Og ekki tók betra við þegar hv. þm. fór út í sveitarstjórnarmálin frá ræktunarmálunum. Hann sagði fyrst, að það væru lítil sveitarþyngsli í Garðahreppi, en svo var lögð fram skýrsla, sem sló hann flatan, þar sem það er sannað, að það eru meiri sveitarþyngsli þar en í nokkrum öðrum hreppi á landinu. Þó að þau fari minnkandi nú, er það aðeins fyrir þann möguleika, sem ég hefi gefið bændum hreppsins tækifæri með landskiptunum til þess að færa út bú sín, rétta svolítið úr sér. En svo grimmilega hafa þeir verið píndir, að þeir eru nú taldir skuldlausir að mestu. Hafa þeir einhverntíma orðið að búa við skarðan kost. Þó getur hv. þm. Hafnf. komið hér og sagt: Við Hafnfirðingar viljum ekki nota okkar eigið land. Við

viljum láta Flygenringsættina hafa það á leigu í 50 ár. Við viljum bara seilast í lönd hjá hinum fátæka nágrannahreppi okkar, honum til eyðileggingar. Í þessu sýnir sig góðgirni þessa þm. Vitsmunina hefir hann sýnt svo oft áður, að þeir eru þegar alkunnir.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að fara að karpa um vitsmuni okkar hv. 5. landsk., en sýna aðeins í fáum orðum ókunnugleik og fávizku þessa hv. þm. í þessu máli. Það ræktanlega land, sem hér hefir verið rætt um, er alls ekki land það, sem hv. þm. hefir verið að bjóða Hafnarfirði upp á. Svo er nefnil. mál með vexti, að þegar Hafnarfirði var skipt úr Garðalandi, átti beitilandið að vera sameiginlegt. En seinna, að mig minnir í tíð séra Jens Pálssonar, fóru svo Hafnfirðingar fram á að fá sérstakt beitiland, og þá varð það úr, að kirkjujarðasjóður seldi þeim land fyrir 60 þús. kr. Út af þessu varð svo óánægja meðal Garðhverfinga.

Þá eru það ósannindi, sem hv. þm. vildi halda fram, að sonur bóndans á Hvaleyri fengi ekki land það, er hann var að biðja um. Málaleitun hans verður aðeins að ganga á milli réttra aðila. Ég átti í gær tal við bæjarstjórann, og tjáði hann mér, að málið væri ekki útrætt enn.

Að bændur í Garðahverfi hefðu ekki getað byggt upp á kotum sínum fyrr en skiptin á hinu umrædda Garðalandi hefðu farið fram, er blátt áfram helber vitleysa. Þeir hafa hreint og beint ekki byggt upp á einu einasta koti síðan.

Út af ummælum hv. þm. um þennan 50 ára samning, sem hann segir, að gerður hafi verið við Flygenringsættina um Hvaleyrarlandið, vil ég geta þess til upplýsingar, að þegar Ingólfur Flygenring hætti að búa á Hvaleyri, framseldi hann samninginn, með alveg sömu kjörum og hann hafði öðlazt hann, fátækum og fötluðum fjölskyldumanni. Manni, sem nær er handarvana og á því erfitt með að vinna fyrir sínum stóra barnahóp. Ingólfur gerði því stórt drengskaparbragð, sem hann eða ætt hans á sízt skilið niðrun fyrir. En það er eins og vant er hjá hv. 5. landsk., þegar hann kemst í röksemdaþrot, þá bara níðir hann og svívirðir andstæðinga sína, kallar þá fífl og asna og annað því líkt. Slík rök eru að sjálfsögðu léttvæg hjá heiðarlegum mönnum, þó að þau séu þessum þm. samboðin.

Jón Baldvinsson: Mér virðist ekki orðið ástæðulaust að leiða hv. dm. að aðalatriðum þessa máls, því að svo virðist, sem þeir hv. þm. Hafnf. og hv. 5. landsk. séu farnir að deila um ýmislegt, sem ekki kemur málinu við, — má vera til þess að leiða athygli frá því.

Aðalatriði þessa máls er það, að í fyrra vildi Alþingi, eða a. m. k. þessi hv. d., láta Hafnarfjarðarkaupstað fá land til ræktunar úr Garðalandi, sem þá lá fyrir að skipta. En þetta gerði hv. 5. landsk. ekki, sem þá var ráðherra, heldur leigði hann landið á sama tíma til einstakra manna, land, sem átti að leigja kaupstaðnum til ræktunar samkv. yfirlýstum vilja Ed. Þetta er aðalkjarni þessa máls. Viðbót sú, sem hv. 5. landsk. kemur nú fram með, um að heimila að taka eignarnámi ábúðar- og erfðafesturétt hjá bændunum á Hvaleyri, er ágæt, og vænti ég því, að hún gangi ekki síður fram heimildin um, að taka megi eignarnámi lönd þau, sem dómsmrh. afhenti í fyrra einstaklingi í Rvík og öðrum í nágrenni Rvíkur. Hv. flm. frv. þessa hefir látið prenta í grg. þess tvo samninga. Samning, sem hann gerði, og annan, sem gerður er af íhaldsmönnum í Hafnarfirði 1916. Það er sjálfsagt gott í augum hv. þm. að vera hvergi verri en íhaldið, en það er ekki víst, að svo sé í augum annara. Af því nú að þessi hv. þm. hefir hnýtt í meiri hl. bæjarstj. í Hafnarf. út af afskiptum hennar af ræktunarmálum bæjarins, þá hefði verið gott, að hann hefði látið prenta þriðja samninginn, samning, sem núv. bæjarstj. í Hafnarf. hefir gert, er sýnir, hvernig hún vill haga ræktunarmálum kaupstaðarins. Væri sá samningur borinn saman við samning íhaldsmannanna í Hafnarfirði frá 1916 eða samninga þá, sem hv. 5. landsk. gerði síðastl. vor við lögreglustjórann hér í Reykjavík og ráðsmanninn á Kleppi, myndu allir skynbærir menn sjá, að þar er framsýnin mest hjá núv. bæjarstjórn Hafnarfj. Þar er landið leigt til mjög skamms tíma (5 ára) og ákvæði um, að

bærinn geti tekið það hvenær sem er. Þennan samning hefði hv. þm. átt að birta, heldur en að vera með slettur og ónot í garð meiri hl. bæjarstj., sem hagar sér rétt í þessu velferðarmáli bæjarins, í stað þess, sem bæði þessi hv. þm. og í haldið vilja svipta bæinn því bezta ræktanlega landi, sem næst honum liggur og hann hefir mikla þörf fyrir.

Við atkvgr. mun ég fylgja frv. þessu, og sömuleiðis fylgi ég frv. hv. þm. Hafnf., sem hér var til umr. um daginn, þar sem farið var fram á, að taka mætti eignarnámi land það, sem hv. 5. landsk. lét af hendi í fyrra. Þá mun ég í þriðja lagi flytja brtt. um það, að taka megi og eignarnámi land það, sem Eyjólfur Jóhannsson framkvæmdarstjóri hefir áður fengið úr landi Garðahrepps og er á svipuðum slóðum og land lögreglustjórans og ráðsmannsins á Kleppi. Mér virðist rétt að halda sér við þessi aðalatriði, sem eru kjarni málsins og var vilji þingsins í fyrra, að auka land Hafnarfjarðarkaupstaðar, eins og Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri lagði til í fyrra. Enda er vitanlegt, að jarðræktarframkvæmdir eru hvergi meiri en í nágrenni kaupstaðanna. Ber því að hlynna að kaupstöðunum eftir því sem föng eru til, láta þá fá það land til ræktunar, sem mögulegt er.

Hvað Garðhverfinga snertir, þá geta þeir tæplega sagt mikið, þó að Hafnfirðingar fái land frá þeim, því að þeir beinlínis lifa á Hafnfirðingum, sækja atvinnu þangað og selja þangað vörur sínar. Er því ekki hægt að taka til greina mótmæli þeirra.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég ætla fyrst að leiðrétta það, sem hv. 2. landsk. sagði síðast, að Hafnfirðingar væru velgerðarmenn Garðahreppsbúa, af því að þeir keyptu af þeim mjólk o. fl. Mér finnst nefnil., að með sama rétti megi segja, að Garðhverfingar séu velgerðarmenn Hafnfirðinga, með því að framleiða handa þeim mjólk og fleiri lífsnauðsynjar.

Þá sagði þessi hv. þm., að meiri hl. bæjarstj. í Hafnarf. hefði ekki leigt Hvaleyrartúnið nema til 5 ára. En hví gerðu þeir það þá ekki strax, að skipta landi þessu á milli hinna landhungruðu manna sinna? Annars býst ég við, að þeir séu ekki margir, sem vilja taka óræktað og húsalaust land til 5 ára. Það er aldrei nema virðingarvert, að Hafnfirðingar skuli ekki hafa látið smábletti þá, sem heima við eru, til lífstíðarábúðar, enda hefir legið við uppþot út af þeim, þar sem 60 leiguliðar, þrautpíndir undan byrðum, sem bæjarstj. leggur þeim á herðar, urðu uppvægir. Finnst mér því þurfa að koma á friði heima fyrir áður en hann vill leggja undir sig ný lönd.

Þá vil ég leiðrétta þann misskilning, er komið hefir fram hjá þessum hv. þm., að nauðsynlegt væri fyrir Hafnarfjörð að fá allt sitt ræktunarland frá Garðahreppi. Þessu hafa hreppsbúar í Garðahreppi mótmælt kröftuglega. Hefði því stj. átt að verða skilyrðislaust við kröfum Hafnfirðinga, varð hún að ganga á rétt hreppsins, níðast á hinum fátæka hreppi. En það gat hún með engu móti gert, og því fór hún þann milliveg að bjóða kaupstaðnum það land, er honum var hentast til kartöfluræktar, en láta Garðahrepp halda sínu landi að mestu.

Ég ætla ekki að svara hv. þm. Hafnf. miklu, því að hann er nú „dauður". En þó vil ég geta þess, að ég hefi fengið fulla vissu fyrir því, að hinum unga og dugandi bóndasyni á Hvaleyri var algerlega synjað um leyfi að rækta grjótmela þar.

Út af þeim ummælum hv. þm., að ég hefði kallað hann „asna", vil ég taka það fram, að ég hefi aldrei haft og mun aldrei hafa þau orð um þm., hversu miklir verðleikar sem annars kunna að vera til þess, enda sé ég ekki annað en það gæti skoðazt sem móðgun við umrætt dýr, að slík samlíking væri borin fram.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

47. Bygging og ábúð jarða í almannaeign.

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um bygging og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign (þmfrv., A. 102).

Á 20. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hygg, að frv. í líku formi um þetta efni hafi ekki verið flutt áður á Alþ. Síðustu mannsaldrana hefir verið stefnt að öðru en erfðafestu á jörðum í eign hins opinbera; það hefir verið stefnt að sjálfseign. Á þeirri skoðun, að sú síðarnefnda leið væri heppilegri, hefir sala þjóð- og kirkjujarða byggzt. Þetta frv. blandar sé ekkert í það, hvort þeirri sölu skuli haldið áfram eða ekki, heldur snýr sér að því að tryggja erfðafestu á þeim jörðum, sem landið á og leigir út. Það er grundvallað á þeirri skoðun, að rétt sé að tryggja ættinni ábúð og að synir og dætur geti tekið við af foreldrum sínum, eins og jörðin sé í eign ættarinnar. Þetta er aðalkjarni frv., og meðferð þingsins fer eftir því, hvort það vill stuðla að því að tengja ættirnar fastar við jarðirnar eða ekki.

Því er ekki hægt að neita, að vonir manna um sjálfsábúðina hafa ekki rætzt nema að nokkru leyti. Fáar jarðir haldast í sömu ætt til lengdar, af ástæðum, sem ég hirði ekki um að fara út í hér. — Eins og sjá má á grg., er það Páll Zóphoníasson ráðunautur, sem manna mest og bezt hefir unnið að því að fræða menn um nauðsyn þessa máls, og hann á líka sinn þátt í því að undirbúa þetta frv. En þar sem hér er um nýmæli að ræða, má vel vera, að frv. sé í einhverjum atriðum ábótavant, og munum við stuðningsmenn þess taka öllum þörfum brtt. með þakklæti.

Ég vil svo að lokum óska þess, að frv. verði vísað til hv. landbn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

48. Hegningarlög (frv. JónÞ).

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við hin almennu hegningarlög frá 25. júní 1869 (þmfrv., A. 104).

Á 20. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Um þetta frv. get ég algerlega vísað til grg. og þess, er áður hefir verið um það rætt í hv. þd. Legg ég til, að frv. verði vísað til hv. allshn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

49. Verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna.

Á 19. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna (þmfrv., A. 115).

Á 21. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Ég vil með leyfi hæstv. forseta nota þetta tækifæri til þess að gera grein fyrir tveimur þeim frv., sem hér eru á dagskrá og ég er flm. að. Ég flyt þessi frv. hér samkv. beiðni frá stéttarfélagi verzlunarmanna hér í Rvík og sambandsstjórn verzlunarfélaga á landinu. Frv. fara í þá átt að tryggja þeim, er afla sér verzlunarmenntunar, rétt til þess að öðru jöfnu að vinna þau störf, er þeir hafa lært, og sömuleiðis

hitt, að verzlunarstörf vinni aðeins þeir, sem menntunar vegna eru til þess hæfir, og fara frv. þessi í sömu átt og lög þau, er á síðustu tímum hafa verið sett til þess að tryggja hliðstæð réttindi ýmsra annara stétta í landinu. Bæði þessi frv. hafa verið hér á ferðinni áður. Á síðasta þingi voru þau afgr. þannig, að þeim var vísað til stj. með tilmælum um, að hún léti athuga þau og undirbúa fyrir næsta þing. En úr þeirri athugun hefir ekkert orðið og flyt ég því bæði þessi frv. að ósk nefndra félaga. Ég vænti svo, að frv. fái góðar viðtökur og verði að umr. loknum vísað til 2. umr. og allshn., sem ég álít, að hafi haft þau til meðferðar áður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Verzlunaratvinna.

Á 19. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um verzlunaratvinnu, nr. 52 27. júní 1925 (þmfrv., A. 116).

Á 21. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Ég leyfi mér að vísa til þess, er ég sagði hér um það mál, sem er næst á undan þessu máli á dagskránni (frv. um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna), og endurtek þá ósk, að einnig þetta frv. verði afgr. til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Sveitarstjórnarlög.

Á 20. fundi í Ed., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927 (þmfrv., A. 132).

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta er nú í þriðja skiptið, sem þetta frv. er borið fram í þessari hv. d. Fer það fram á að veita kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, rétt til að hafa sérstaka sveitarstj. og verða sérstakt hreppsfélag. En þetta er ekki nema tölubreyting frá þeim lögum, sem gilt hafa í þessu efni, að í staðinn fyrir töluna 300 komi 200.

Ég hefi komizt að raun um, að það eru a. m. k. 2 kauptún, sem óska þess fastlega, að þetta nái fram að ganga, og það eru Vopnafjörður og Hvammstangi. Ég sé ekki ástæðu til að halda þessum rétti fyrir þeim, því að mörgum sínum málum vildu þau á annan veg skipa en þau geta í sambandi við þær sveitir, sem þau heyra nú til.

Ég vil svo mælast til, að frv. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Halldór Steinsson: Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort fyrir liggi nokkrar beiðnir frá þessum kauptúnum, sem hann nefndi.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ég hefi fengið skrifleg tilmæli um þetta frá Hvammstanga, en frá Vopnafirði hefir ekki legið beiðni fyrir þessu þingi, en í fyrra lá fyrir þinginu áskorun frá Vopnfirðingum um að samþ. þessa breyt. á sveitarstjórnarlögunum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til allshn. með 7 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

52. Eignarnámsheimild á löndum í Hafnarfirði og Garða- og Seltjarnarneshreppum.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Seltjarnarneshreppi (þmfrv., A. 138).

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þegar frv. um eignarnámsheimild á löndum og afnotarétti landa handa Hafnarfjarðarbæ voru hér til umr. um daginn, gerði ég þegar ráð fyrir að bera fram breyt. í þá átt, að meiri lönd yrðu tekin eignarnámi til handa kaupstaðnum en þau gerðu ráð fyrir. Frv. þessi, sem flutt voru af hv. 5. landsk. og hv. þm. Hafnf., hljóðuðu um eignarnám á býlum á Hvaleyri við Hafnarfjörð og afnotarétti landsvæðis í Garðalandi. Þar sem nú frv. þessi taka aðeins yfir lítinn hluta þess lands, sem teljast verður rétt, að Hafnarfjarðarbær fái til umráða, þá hefi ég flutt frv. þetta, þar sem farið er fram á, að taka megi eignarnámi sumpart erfðafestulönd og sumpart lönd, sem seld hafa verið á leigu til lengri tíma. Og til viðbótar þessu land, sem selt hefir verið á leigu Eyjólfi Jóhannssyni framkvstj. hér í Rvík, land, sem talið var, að fallið hefði í hlut jarðarinnar Bakka í Garðahreppi og Eyjólfur hafði ábúðarrétt á. Þetta land liggur á sömu slóðum og lönd þeirra Hermanns Jónassonar og Tryggva Guðmundssonar.

Þá legg ég ennfremur til, að tekinn verði eignarnámi afnotaréttur jarðanna Digraness og Kópavogs í Seltjarnarneshreppi. Þó er ekki ætlazt til að taka afnotarétt allra jarðanna, því gert er ráð fyrir, að hvoru býlinu um sig fylgi 20 ha. af ræktanlegu og ræktuðu landi. Þá er í fjórða lagi lagt til, að taka megi land jarðarinnar Arnarness í Garðahreppi, sömuleiðis að undanskildum 20 ha. Í fimmta lagi er lagt til, að taka megi allt óræktað land jarðarinnar Jófríðarstaða í Hafnarfirði. Um a- og b-lið 1. gr., afnotarétt Hvaleyrar og landsvæði þeirra Hermanns Jónassonar og Tryggva Guðmundssonar úr Garðatorfunni, hefir nokkuð verið rætt hér áður. Aftur hefir ekkert verið minnzt á jarðirnar Kópavog, Digranes, Arnarnes og land Jófríðarstaða. Eins og hv. dm. mun kunnugt, hafa komið fram sterkar óskir frá Hafnfirðingum um að fá aukið land eða lönd, er þeir geta notað til ræktunar. Þessi áhugi hefir skiljanlega aukizt, þegar atvinna til sjávarins tók að þverra, og hugir manna beindust því til landsins. Eru því með öllu ómakleg þau ummæli, sem fallið hafa hér áður undir umr. um þessi mál, sérstaklega hjá hv. 5. landsk., að Hafnfirðingar hafi á undanförnum árum sýnt lítinn áhuga á ræktunarmálum, og það því fremur, þegar þess er gætt, að allt fram á síðustu ár hefir atvinna bæjarbúa nær eingöngu verið bundin við sjóinn. Auk þess, sem áhugi á ræktun, a. m. k. í stórum stíl, hefir fyrst vaknað til alvöru á síðastl. 15—20 árum, og það meira að segja hjá bændum, sem einvörðungu hafa stundað landbúnað. Er þess því ekki að vænta, að aðrir þegnar þjóðfélagsins, sem aðra atvinnuvegi hafa stundað, taki þeim fram, sem sjálfir eiga að hafa lífsframfærslu af ræktun landsins og gróðri jarðarinnar. Löndin hafa legið ónotuð allt frá landnámstíð fram að síðustu árum, enda þótt nægilegur vinnukraftur hafi lengst af verið til í sveitunum til þess að yrkja þau. Áhuginn fyrir ræktuninni og þekkingin vaknar fyrst nú hin síðustu ár. Má því til sönnunar t. d. nefna, að enda þótt góðar mýrar og ræktanlegar hafi legið rétt hjá túnunum, þá er það fyrst nú á síðustu árum, sem farið er að taka þær til framræslu og þurrkunar, enda þótt ræktun þeirra sé miklum mun auðveldari en ræktun holtanna, sem þegar hafa verið ræktuð upp í kringum kaupstaðina. Það er því ekki með neinum rétti hægt að áfellast kaupstaðabúana fyrir áhugaleysi í ræktunarmálum, þegar sú stéttin, sem á þeim byggir lífsafkomu sína, vaknar ekki fyrr en þetta. Í þessum ummælum mínum felast að sjálfsögðu engin ámæli til bændastéttarinnar; síður en svo. Ég segi aðeins frá staðreyndum.

Lönd þau, sem hér er farið fram á að heimila, að taka megi eignarnámi, myndu

engum verða til neins gagns á móts við það, sem þau gætu orðið Hafnarfirði. Það ætti t. d. að vera öllum bændum ljóst, að ræktun landsins hefir hvergi orðið stórstígari en í kringum kaupstaðina. Ef við tökum Rvík t. d., þá verður ekki annað sagt en að ræktunin hafi orðið gífurleg hér á seinni árum. Allt land fyrir innan bæ, í hinum svonefndu Sogamýrum, hefir verið ræktað o. fl. o. fl., svo gera má ráð fyrir, að þess verði ekki langt að bíða, að öll landsvæðin kringum bæinn, sem áður voru og eru enn að nokkru holt, urðir og óræktarmýrar, verði að grænum og gróðurríkum túnum. Er ræktun slíkra landa þó að miklum mun erfiðari en ræktun yfirleitt í sveitum landsins. Munurinn er því sá, að hér er meira fé hægt að leggja fram til ræktunarinnar en bændur geta yfirleitt látið af hendi.

Eins og kunnugt er, þá er Hafnarfjarðarbær aðgirtur brunahrauni. Liggur því land það, sem hér er talað um að leggja undir bæinn, að mestu fyrir utan hraunið, aðeins lítill hluti þess innan takmarka bæjarins. Í frv. eru gerðar hinar venjulegu ráðstafanir, sem með þarf, er taka skal land eða lönd sem þessi eignarnámi. En ég vil bæta því við, að svo er ekki til ætlazt, að greiðsla fyrir löndin fari fram strax að öllu leyti, heldur að greiðslutíminn fyrir Rvík og Hafnarfjarðarkaupstað verði 20—25 ár. Þó má vel vera, að vissara sé að bera fram brtt. við frv. í þessu skyni, þar sem hér eru tekin með lönd, sem gera má ráð fyrir, að Rvíkurbær vilji fá, og gert er líka ráð fyrir í frv., að Hafnarfjarðarbær og Rvík skipti með sér. Viðvíkjandi löndum þessum vil ég taka þetta fram fyrst og fremst: Jörðina Kópavog fékk kvenfélagið Hringurinn fyrir skömmu og lét reisa þar hressingarhæli fyrir berklaveikt fólk. Verður þó ekki séð, að þar þurfi á meira landi að halda en 20 ha., sem gert er ráð fyrir í frv.

Arnarnes var þjóðjörð, en seld árið 1923, en að því er bezt verður séð á móti þjóðjarðasölulögunum, því að þar er beinlínis tekið fram, að ekki megi selja þær jarðir, sem liggi rétt hjá kaupstöðum eða á milli kaupstaða. Þó er jörð þessi seld, og það fyrir mjög lágt verð, 6000 krónur.

Þá er hér prentaður aftan við aths. við frv. útdráttur úr fundargerð bæjarstj. Hafnarfj. frá 21. maí 1929, sem ég læt fylgja í tilefni af ummælum hv. 5. landsk. í umr. hér á Alþingi og grg. með frv. hans á þskj. 99, þar sem hann hefir haft í frammi ávítur við meiri hl. bæjarstj. í Hafnarfirði á þá leið, að hún hafi ekki sinnt um að taka í sínar hendur býli í nágrenni kaupstaðarins, sem hún átti ráð á, heldur hafi hún selt það á leigu til einstaklingsnota, í stað þess að skipta því í smáreiti milli bæjarbúa.

Ég tel rétt að gera samanburð á þeim samningi, sem bæjarstj. hefir hér gert um jörðina Sveinskot á Hvaleyri annarsvegar, þar sem hún hefir leigt þessa jörð til 5 ára gegn 350 kr. ársafgjaldi, við þann samning, sem bæjarstj. Hafnarfj. gerði 1916, þar sem hún leigði Hvaleyrina alla fyrir 150 kr. á ári, og einnig við þá samninga, sem hv. 5. landsk. gerði í fyrra við þá Hermann Jónasson og Tryggva Guðmundsson, er hann leigði þeim til 50 ára skákir úr Garðalandi hinsvegar, til þess að sýna breytta stefnu bæjarstj. í þessum efnum í seinni tíð, og einnig hve vel hún stendur að vígi gagnvart aðfinnslum hv. þm. í þessum efnum, samanborið við þá samninga, sem hann hefir gert. Eftir samningum bæjarstj. um Sveinskot er jörðin laus eftir 5 ár, og getur bærinn þá tekið hana, ef hann vill, en hv. þm. hefir leigt skákirnar í Garðalandi til 50 ára. Hér er því ólíku saman að jafna og kemur greinilega í ljós, að ummæli hv. þm. um sekt bæjarstj. eru harla óréttmæt og láta illa í eyrum frá þessum hv. þm. Þá get ég ennfremur vitnað til grg. þessa frv., sem sýnir það mjög ljóslega, hve ummæli hv. 5. landsk. eru óréttmæt.

Ég skal geta þess, að frv. þetta flyt ég samkv. tilmælum bæjarstjóra Hafnarfj., og þykist ég ennfremur vita, að það sé í samræmi við vilja meiri hl. bæjarstj., þó ekki hafi gefizt tækifæri til þess að fá hennar umsögn enn.

Að lokum vil ég leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. landbn. eins og hinum tveimur frv. sama efnis, sem nú eru til meðferðar í hv. d. Ég vænti þess, að sú hv. n. leiti umsagnar bæjarstj. Hafnarfj. um frv. og að afgreiðslu þess verði hraðað nægilega til þess, að það

nái fram að ganga á þessu þingi. Jafnframt vænti ég þess, að þeir hv. þm., sem flutt hafa frv. á þskj. 41 og 99, fallist á að taka þau aftur, þar sem þau eru nú orðin þýðingarlaus, með því að efni þeirra beggja felst í mínu frv., og þar að auki er bætt við miklu meira landi handa kaupstaðnum, sem hann hefir fulla þörf fyrir. Mér er sagt, að flm. annars frv., hv. þm. Hafnf., sé veikur, og beini ég því þessum ummælum mínum til hv. 5. landsk. og vona, að hann taki sitt frv. aftur, þar sem annað frv. er nú fram komið, sem felur í sér efni hans frv. og auk þess tryggir kaupstaðnum meira land, því mér dettur ekki í hug að efast um, að á þessu máli hafa hann óskiptan áhuga.

Guðrún Lárusdóttir: Það má segja, að hér springi nú út þriðja mýrarsóleyjan í þessari hv. d. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þessa frv. í heild við þessa umr., heldur aðeins til eins atriðis í því, sem ég er mótfallin, og mér þykir rétt að gera aths. við þegar við þessa umr. Hv. flm., 2. landsk., fór lofsamlegum orðum um ræktunaráhuga Hafnfirðinga og talaði um þá miklu þörf á ræktunarlandi, sem þarna væri fyrir hendi. Ég skal ekki mótmæla því, að hv. þm. fari hér með rétt mál; en ég vil aðeins benda honum á það, að til er önnur tegund ræktunar, sem ekki er síður þörf en þeirrar, er þetta frv. gerir ráð fyrir, og það er heilsuræktun í mannfólkinu. Það er svo ástatt með jörðina Kópavog, sem er ein af þeim, er frv. gerir ráð fyrir, að tekin verði eignarnámi, að hún er í ábúð kvenfélags hér í Reykjavík, sem heitir Hringurinn og beitir sér fyrir heilsuræktun. Hefir félagið aðallega snúið starfsemi sinni gegn berklaveikinni. Í upphafi er þetta félag stofnað af fáeinum áhugasömum konum hér í Rvík og aðalhugmyndin var að hjálpa berklaveikum börnum, og hefir starf þessa félags víða komið að góðu gagni. Félagið Hringurinn hefir nú látið reisa vandað hressingarhæli í Kópavogi, sem starfar í anda berklavarnalaganna og er einkum fyrir þá sjúklinga, sem eru það heilbrigðir, að þeir eiga ekki vel heima á öðrum berklahælum í landinu. Félagið hefir ekki farið fram á að fá neinn styrk frá ríkinu til stofnunar þessa hælis. Það skal þó viðurkennt, að ég held á þinginu 1924 hafi verið samþ. þál. um að fela stj. að láta félagið hafa land jarðarinnar Kópavogs endurgjaldslaust um óákveðinn tíma, eða meðan það ræki þar þá starfsemi, sem það nú rekur. Það má náttúrlega segja, þó þetta sé ekki beint fjárframlag frá ríkissjóði, þá sé það mikill styrkur fyrir félagið, og skal það játað. En ef nú á að fara að ganga svo nærri starfsemi kvennanna að taka allt land Kópavogs frá þeim, að undanteknum 20 hekturum, verð ég að telja, að þær séu illu beittar og starfsemi þeirra hnekkt til muna. Þær hafa sem sé hugsað sér nýjan viðbótarlið í starfseminni, sem er að reisa og starfrækja barnaheimili fyrir veikluð börn úr Rvík, sem eru ýmist blóðlítil eða kirtlaveik, og konurnar hafa hugsað sér að byggja þetta hæli á þeim stað, þar sem Kópavogsland er bezt til ræktunar. Hingað til hefir efnaskortur hindrað framkvæmd þessarar hugmyndar, en áhuginn fyrir henni er mikill hjá félagskonum og sérstaklega er áherzla lögð á það, að stofnsett verði í sambandi við þetta hæli bú, er verði nægilega stórt til þess að mjólkurfæða og eggfæða hælisfólkið og yfirleitt fullnægja þörfum þess eftir því, sem hægt er og þörf gerist. Ég tel, að hér sé um mjög varhugaverða ráðstöfun að ræða, ef nokkuð það verður aðhafzt, sem eyðileggur eða tefur þessar þörfu fyrirætlanir félagsins. Þetta vildi ég taka fram strax. Get ég því ekki gefið frv. með þessu ákvæði mitt atkv.

Mér virðist svo, að það sé bein skylda hins opinbera að styðja alla þá, sem vilja vinna að heilbrigðismálunum í landinu, og hér er félag, sem áreiðanlega gerir það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vil taka það fram, að það, sem ég hefi sagt um fyrirætlanir og áhugamál kvenfélagsins Hringsins, er í fullu samræmi við vilja þeirra kvenna, sem þar eiga hlut að máli.

Magnús Torfason: Ég stend ekki upp sökum þess, að ég ætli að lýsa skoðun minni á frv., heldur vegna orða, er féllu af vörum hv. flm., 2. landsk. Hann lýsti því talsvert áþreifanlega og endurtók það,

að verulegur áhugi meðal bænda fyrir ræktun landsins hefði ekki vaknað fyrr en nú fyrir nokkrum árum. Mér finnst ekki rétt að láta þessum ummælum með öllu ómótmælt. Ég veit það ósköp vel, að bændurnir hér í hv. d. skilja, hvert þessum ummælum er stefnt og að hverjum sneitt er með þeim, þó þeir kannske ekki hirði um að bera hönd fyrir höfuð sér. Ég þykist sem óvilhallur maður standa vel að vígi með að leggja orð í belg um þetta atriði, og vil ég þá fyrst segja það, að ég hygg, að áhugi á ræktunarframkvæmdum hafi alls ekki verið minni hér á landi en í öðrum löndum. Eftir að bændur kynntust þeim verkfærum, sem nothæf voru, hófust þeir handa um framkvæmdir. Þeir tóku undirristuspaðanum tveim höndum og hófu jarðræktina með handaflinu.

Þess er getið, að þegar á landnámstíð beitti Hjörleifur landnámsmaður þrælum sínum fyrir arðinn, og er það upphaf ræktunarsögu okkar Íslendinga. Það hafði nú þær afleiðingar, sem kunnar eru, að þrælarnir, sem þótti erfið vinnan, gerðu samsæri gegn húsbónda sínum og drápu hann.

Þegar ristuspaðinn kom til sögunnar, þá var hann ekkert annað en plógur fyrir mannshöndina, og fyrir þennan plóg beittu bændur sér undir eins. Ég veit ekki til, að bændastétt nokkurrar annarar þjóðar hafi leikið þetta eftir íslenzku bændunum; ég held því, að það sé algerlega ómaklegt að áfellast bændur fyrir það, að þá hafi skort áhuga fyrir ræktun á jörðum sínum. Hitt er annað mál og mér næst að halda, að ræðumaður hafi átt við það, að framkvæmdir í ræktun hafi ekki orðið stórfelldar fyrr en á síðustu áratugum, en það voru aðrar ástæður, sem komu þá til greina, fyrst og fremst þær, að bændur eignuðust vélar til að vinna jörðina með, og nú á allra síðustu árum hafa ræktunarskilyrðin aukizt hvað mest vegna innflutnings á útlendum áburði, því vitanlega eru fyrst nú, eftir að útlendi áburðurinn kom til sögunnar, orðin skilyrði þess að framkvæma jarðrækt í stórum stíl. Þó ég sé ekki bóndi, þá hefi ég áður verið bóndi og þekki því dálítið til ræktunar af eigin reynd, og ég fekk þá reynslu, að það þýddi ekkert að taka meira land til ræktunar í einu heldur en áburðarframleiðslan leyfði í hvert skipti, en þess eru meira að segja dæmi, að miðað við þetta var jarðræktaráhuginn sumstaðar of mikill, þannig að meira var erjað af landinu heldur en áburður var fyrir hendi til að fullnægja. Ég segi þetta ekki til þess að víta hv. þm., en ég áleit rétt að leiðrétta þessi ummæli hans. Ég hygg, að hann hafi nú átt við það, að stórar framkvæmdir hafi ekki orðið fyrr en á síðari árum vegna stórum vaxandi vélanotkunar. Hinsvegar kæmi mér ekki á óvart, þó nú drægi nokkuð úr ræktunarframkvæmdum að sinni, vegna hins lága verðs, sem nú er á afurðum bænda, svo að ræktun borgar sig ekki á þessum tímum nema fyrir þá, sem hafa fé aflögu, en þó af þessum ástæðum eitthvað dragi úr ræktuninni að sinni, þá vil ég taka fram, að ég tel það ekki koma af skorti á áhuga, heldur af því, að ástæðurnar geta ekki fylgt áhuganum eftir.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það var rétt, sem hv. 6. landsk. rakti um starfsemi kvenfélagsins Hringsins í Kópavogi, og einnig það, að ríkið lét eftir fyrirmælum Alþingis félagið hafa umráð yfir þessari jörð, líklega árið 1924. Það er ekki nema lofsvert starf þessa félags, að hjálpa til við berklavarnirnar, en það verður bara ekki séð, að félagið hafi þörf fyrir miklu meira land en það hefir nú tekið til ræktunar, sem er aðeins 4,7 ha., að viðbættu meir en þrefaldri stærð af óræktuðu landi, sem frv. leggur til, að látið verði fylgja jörðinni ennfremur. Verður eigi séð af þeirri starfsemi, sem hingað til hefir þar verið rekin, annað en að land þetta hljóti fyllilega að nægja félaginu, og þó það hafi hug á því að reisa þarna barnahæli einhverntíma í framtíðinni, þá er nú eftir að vita, hvort það hæli er eins vel sett þarna eins og t. d. meir til sveitar. Það er trú mín, að meira verði úr ræktun, ef landinu er skipt í hæfilega stóra reiti handa mörgum einstaklingum, heldur en ef einn er látinn hafa umráð yfir stærðar landflæmi. Það þarf að skipta þessu landi milli eins margra manna og þar komast fyrir. Viðvíkjandi hjálp þessa félags við berklavarnirnar er

rétt að geta þess, að félagið hefir byggt þetta hæli, en ég held ég megi fullyrða, að ríkið greiðir þar að mestu, ef ekki að öllu leyti dvalarkostnað sjúklinga. Það má segja, að ríkinu sé það skylt, en ríkið rekur þá líka þetta hæli, þó konurnar hafi komið því upp. Það er mín trú, að land þetta verði fleiri mönnum til gagns, ef það verður lagt undir bæjarfélagið, og ég treysti því, að hv. þm. bregði ekki fæti fyrir þetta mál, sem miðar að því að bæta úr atvinnuleysi í landinu.

Ég fæ ekki skilið, hvaða erindi hv. 2. þm. Árn. átti í pontuna. Ég sé ekki annað en hann sé mér nákvæmlega sammála. Hann tók sér fyrir hendur að segja ræktunarsögu Íslendinga og lýsti því, hvernig ræktuninni hefði miðað áfram stig af stigi, og komst svo loks að sömu niðurstöðu og ég, að eiginlega hefðu engar verulegar framkvæmdir orðið í jarðræktinni fyrr en á síðustu árum. Og þó ég minntist ekki á ræktunartilraun Hjörleifs landnámsmanns eða ristuspaðann, þá gat ég þess, að nokkrar undantekningar hefðu komið fram, þar sem viðleitni hefði verið sýnd á ýmsum tímum. En um landnámsmenn og yfirleitt bændur landsins fyrr á öldum er það að segja, að þeir munu jafnan hafa tekið meira af landinu heldur en þeir létu það hafa í staðinn. Enda eru sagnir um það, að fyrsta veturinn, sem hér var byggð, gáðu þeir ekki að afla heyja um sumarið, svo fé féll um veturinn. Það er upphaf horfellisins á Íslandi. En hv. 2. þm. Árn. er mér sammála um það, að stórfelldar jarðræktarframkvæmdir hefi ekki átt sér stað fyrr en á síðustu árum.

Ég viðurkenndi, eins og ég hefi tekið fram, að undantekningar væru til, þar sem komið hefði í ljós ræktunaráhugi, og á Vesturlandi voru það aðallega áhrif frá skólanum í Ólafsdal, sem breiddust út samhliða ristuspaðanum. Þá tóku menn fyrir nokkrar skákir og ristu, en þessar framkvæmdir voru ákaflega ófullkomnar, og sléttunin, sem framkvæmd var af vanþekkingu, entist ekki nema nokkur ár; þá fóru þúfurnar að gera vart við sig aftur. Auk þess tóku menn ekki það land, sem bezt var fallið til ræktunarinnar, heldur sléttuðu menn sem næst bæjunum í túnunum sjálfum. Menn þekktu þá ekki þær aðferðir, sem fljótvirkastar voru á því sviði, t. d. var þá sáralítið girt af engjum, heldur voru það aðallega nátthagar, sem girtir voru. Einn þátt jarðræktarinnar, sem gamall er með þjóðinni, hefði hv. þm. getað minnzt á, en það er „færikvíarræktunin“, en hann nefndi hana ekki.

Þessi smáatriði, sem hv. 2. þm. Árn. var að tína til í ræðu sinni, eru svo veigalítil og lítið viðkomandi þessu máli, að fyrir þeim getum við hv. þm. verið alveg sammála. Það var alveg óþarft af honum að halda því fram, og alveg rangt, að ég hefði í fyrri ræðu minni borið bændum á brýn ódugnað og áhugaleysi. Ég hygg, að ég hafi sýnt það undanfarið hér á Alþingi, að ég viðurkenni bændur og skil þarfir þeirra engu síður en hv. 2. þm. Árn.

Guðrún Lárusdóttir: Hv. flm. heldur, að kvenfélagið Hringurinn þurfi ekki meira en 20 ha. af landi í Kópavogi, en um það getur hann náttúrlega ekkert sagt. Starfsemi félagsins þarna er enn á byrjunarstigi, en af því, sem þegar er séð, má gera ráð fyrir, að hún geti orðið mikil þegar fram í sækir. Ég hygg, að félagskonur Hringsins eigi eftir að setja þarna upp fyrirmyndarbúskap í stórum stíl, sem auðvitað byggist á mikilli ræktun. Og við höfum reynslu fyrir því, hvað konur geta, ef þær leggjast á eitt, og má í því samb. benda á dæmi eins og byggingu landsspítalans. Þessar fáu konur, sem félagið stofnuðu, unnu mikið og þarft verk með byggingu hælisins, því það kom brátt í ljós, að þetta eina heilsuhæli, sem ríkið átti þá, Vífilsstaðir, gat ekki tekið á móti öllum sjúklingum, er þangað sóttu, og þá kom þetta hæli í góðar þarfir, einkum til þess að taka við þeim sjúklingum, sem voru orðnir svo heilbrigðir, að þeir þurftu ekki að vera lengur á Vífilsstöðum, en þoldu þó ekki að vinna. Hressingarhælið í Kópavogi uppfyllti því og uppfyllir enn brýnustu nauðsyn.

Hv. þm. sagði, að ríkið greiddi daggjöld sjúklinga í hressingarhælinu í Kópavogi. Þetta er alveg rétt, því þess var ekki að vænta, að lítið félag gæti án nokkurs styrks rekið svona hæli, enda hefir það líka verið ríkisviðurkennt, og því getur ekki komið til mála, að einstaklingar

verði látnir greiða þar sinn dvalarkostnað fremur en á öðrum berklahælum, þar sem lögin mæla svo fyrir, að það sé skylda ríkisins að greiða slíkan kostnað.

Það er óhætt að fullyrða, að Hringskonurnar hafa ekki grætt neitt sjálfar á þessu fyrirtæki, og oft hefir róðurinn verið þungur fyrir þeim. En mér finnst það koma úr hörðustu átt frá manni, sem tilheyrir stefnu, er skreytir sig með því að vera hlynnt mannúðarmálum, að hann skuli nú vilja gera þessum konum erfiðara fyrir í mannúðarstarfsemi þeirra en þörf er á.

Magnús Torfason: Ég þarf ekki að svara hv. 2. landsk. mörgum orðum. En mér þykir varlegra að slá því föstu, að í síðari ræðu sinni reyndi hv. 2. landsk. ekki að halda því fram, að áhugi bænda fyrir jarðrækt hefði ekki vaknað svo nokkru nemi fyrr en á síðustu árum. Með því hefir hann samþ. hvað ég sagði um þetta mál. En ég get hinsvegar skilið, að framhjá honum hafi farið sá almenni áhugi bænda á jarðrækt, sem verið hefir síðan þessi hv. þm. komst til vits og ára, enda er hann frá plássi, sem mjög illa er lagað til ræktunar, og jarðabætur þar hafa ekki byrjað fyrir alvöru fyrr en á síðustu árum.

Hv. þm. minntist á horfellinn, sennilega af velvild til íslenzkra bænda, en hann kom með mjög óheppilegt dæmi. Ég veit ekki betur en að menningarþjóðirnar hafi farið um allan heim til veiðifanga og rána, bæði um byggð og óbyggð lönd, og eyðilagt þá björg, sem þar var fyrir. Og það er ómögulegt að sjá nokkurt samband milli þess, að hingað kom maður úr öðru landi, sem ekki kunni að búa, og horfellis íslenzkra bænda á síðari öldum. Annars skil ég ekki í því, að þessi ádeila á horfellinn skuli koma frá eins vitrum manni og hv. 2. landsk., sem farið hefir um allt land og margt séð og lesið. Horfellirinn var fullkomlega eðlilegt fyrirbæri, þegar það er athugað, að innanlands var enginn markaður fyrir kjöt, bændur skáru í bú sín og reyndu svo að setja eins mikið á og mögulegt var. Þá fylgdu bændurnir því gamla lögmáli, að eftir illt sumar kæmi góður vetur. Þetta lögmál hefir fundið fulla stoð sína í rannsóknum nútíma vísindamanna á eðli flóastraumsins. Þó getur brugðið út af þessu, þegar hörkurnar norðan frá Síberíu og Gandvík verða óvenju skæðar.

Ég held, að hv. 2. landsk. hafi ekki komið auga á það böl, sem samgönguleysið hefir verið oss Íslendingum. En enginn vafi getur á því leikið að horfellirinn stafar af þessu tvennu, markaðsleysi og samgönguskorti. Hér hefir verið ómögulegt að útvega sér fóðurbæti eða aðrar bjargir, þótt líf manna og dýra hafi legið við. Og ég hélt, að ekki þyrfti að vera að brýna bændur með þessu lengur. Hordauðinn er úr sögunni; sú kynslóð, sem nú lifir, hefir sigrazt á honum. Með því hefir hún bætt fyrir afbrot forfeðra vorra á þessu sviði, og á margfaldar þakkir skilið fyrir það verk, en ekki það, að verið sé að brýna íslenzka bændur með 1000 ára gömlum sögum, eins og hv. 2. landsk. lét sér sæma.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ég held, að aðalástæðan til þess að hv. 2. þm. Árn. stóð nú aftur upp, hafi verið sú, að hann vildi slá því föstu, að við séum sammála um aðalatriðin í þessu máli. En hann kryddaði ræðu sína með ýmsum útúrdúrum og talaði um smáatr. Eitt af því var tilhneiging hans til þess að gera lítið úr þekkingu og áhuga á ræktun meðal bænda í Ísafjarðarsýslu, og sagði hann á þá leið, að þar mundi jarðabótaáhugi lítt hafa komið fram fyrr en á síðustu árum. Ég vil aftur á móti halda því fram, að meðal bænda við Ísafjarðardjúp hafi áhugi á jarðrækt verið jafnmikill og annarsstaðar á landinu, og jarðabótaframkvæmdir hafi á öllum tímum verið álíka þar og eigi minni en í öðrum landshlutum. Og ég veit þess dæmi, að þar voru bændur, sem sköruðu fram úr, og það svo um munaði, um áhuga og dugnað við jarðrækt.

Ég játa það, að ég hefi ekki fylgzt eins vel með ræktunarframförum hér á landi og bændurnir sjálfir, eða t. d. hv. 2. þm. Árn., en ég hefi þó fylgzt það vel með, að ég hefi orðið var við, þegar stökk hafa komið í ræktunina. Annars held ég, að hv. þm. ætli bændunum hér í d. allt of mikla hæversku, ef hann heldur, að þeir mundu hika við að standa upp og verja stétt sína, ef með þyrfti. Ég geri ráð fyrir því, að

hvaða bóndi hér í d. sem væri mundi standa upp og tala hispurslaust máli bændastéttarinnar, ef honum fyndist nauðsyn bera til. Og ég vil fastlega halda því fram, að það hafi ekki falizt neitt niðrandi um bændastéttina í þeim orðum mínum, að ræktun í stórum stíl hafi ekki byrjað fyrr en á síðustu áratugum.

Hv. þm. talaði langt mál um horfellinn. Ég drap aðeins á hann, og það að gefnu tilefni. Hv. 2. þm. Árn benti á ræktunaráhuga Hjörleifs landnámsmanns sem dæmi, og ég tók þá dæmi af öðrum landnámsmanni, sem ekki hafði haft sérstaklega mikinn áhuga á búskapnum. En það, sem hv. þm. vildi draga út úr orðum mínum, að ég væri að skensa íslenzka bændur fyrir horfellinn, er mesti misskilningur. Bændastéttin sem heild hefir alltaf haft illan bifur á horkóngunum, svo að það er alls ekki veitzt að henni, þó að horfellinum sé ámælt. En ég vona, að þessar umr. hafi ekki dregið athygli hv. dm. um of frá aðaltilgangi frv., sem er hér til umr., nefnilega þeim, að gera fleiri mönnum mögulegt að lifa af ræktun en hingað til.

Viðvíkjandi ræðu hv. 6. landsk. get ég látið mér nægja að geta þess, að þegar í fyrri ræðu minni viðurkenndi ég dugnað kvennanna við að koma upp hressingarhæli, en skýrði um leið frá þeirri staðreynd, að ríkissjóður hefði greitt meðlag með sjúklingum þar. En í ræðu hv. 6. landsk. kom ekkert það fram, sem benti til þess, að Hringurinn eða hressingarhælið þyrfti á öllu þessu landi að halda. Ef konurnar hafa í hyggju að byggja nýtt hressingarhæli, þá eru víða til lönd, vel fallin til ræktunar, þótt þetta sé undan skilið. Ég skildi ekki almennilega það, sem hv. þm. sagði um mannúðarmálin. Mér fannst hún vera að áfella mig fyrir það að vilja taka land af félagi, sem starfaði að mannúðarmálum. Ég vil halda því fram, að þetta frv. sé fullkomið mannúðarmál, sem sé að skapa fleiri mönnum möguleika til þess að bæta sín efnalegu lífskjör. Og ekki sízt vegna þess, hvað þetta er mikið mannúðarmál, vona ég, að hv. 6. landsk. verði því fylgjandi.

Páll Hermannsson: Hv. flm. beindi til landbn. ósk um, að hún hraðaði þessu máli, og er auðvitað ekkert út á það að setja. En ég vil benda hv. flm. á, að það virðist svo sem nokkuð sérstaklega standi á um þetta mál. Hér eru nú komin fram í d. 3 frv., öll um sama málið, og hefir farið svo, að það frv., sem síðar kemur, yfirbýður alltaf það næsta á undan. Þetta er greinilegast með síðasta frv., það sem nú er hér til umr., því að það er langvíðtækast. Hv. flm. hlýtur að skilja, að landbn. óski að doka við, til þess að sjá, hvort ekki kemur fjórða frv., sem býður enn betur en hv. 2. landsk., og má hann því ekki verða fyrir vonbrigðum, þó að afgreiðsla málsins geti dregizt eitthvað.

Magnús Torfason: Hv. 2. landsk. sannaði það glögglega í síðustu ræðu sinni, að ég hefi ekki talað ófyrirsynju í þessu máli, því að nú afneitaði hann flestu af því, sem hann lét sér um munn fara í fyrstu ræðu sinni. En svo reyndi hann að koma því á mig, að ég hefði eitthvað verið að færa að mínum gömlu sýslubúum, Ísfirðingum. Þetta er mjög fjarri sanni. Ég hafði aðeins orð á því, að lítið væri þar um jarðabætur vegna óhægrar aðstöðu. Ég man þá tíð, þegar ég var fyrir vestan, að túnasléttur voru þá þrisvar sinnum dýrari þar en hér fyrir sunnan. Ég sléttaði þar sjálfur nokkrar dagsláttur, og varð kostnaðurinn við hverja dagsláttu fullar 600 kr., og var þó tímakaup þá ekki nema 30—35 aurar á klst. Þá kostaði ekki nema rúmar 200 kr. að slétta dagsláttu hér fyrir sunnan.

En það er rétt hjá hv. þm., að margir bændur við Djúpið hafa búið vel, en ekki sízt fyrir þá sök, að þeir geta víðast hvar notað fjörubeit að miklum mun, og ennfremur fengið áburð úr sjónum. Og þeir, sem hafa lesið einhverjar harðindasögur, vita, að sjaldan er getið um mannfall og horfelli við Ísafjarðardjúp, en þar er það sjórinn fyrst og fremst, sem hjálpað hefir, en ekki jarðabætur eða annað slíkt.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þessu frv. hefir eiginlega ekki verið andæft neitt, nema lítillega af hv. 6. landsk. Beztu meðmælin hafa komið frá hv. 2. þm. Árn., þar sem hann benti á, að mest væri ræktað á jörðum, sem gætu notað áburð úr sjón-

um. En nú er þetta einmitt tilfellið með þessar landspildur, sem hér um ræðir, og má búast við, að ræktun gangi þar fljótt og vel, ef þær verða lagðar undir Hafnarfjarðarkaupstað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Fimmtardómur.

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um fimmtardóm (þmfrv., A. 147).

Á 27. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. var að vísu fyrr fram komið en frv. það um sama efni, er til umr. var í gær. En slíkt skiptir nú að vísu ekki miklu máli, því ég býst við, að því verði vísað til sömu n. og athugað samtímis hinu frv.

Þar sem þetta mál var talsvert rætt í gær, get ég verið stuttorður nú, enda er frv. að mörgu leyti gamalkunnugt hér í hv. deild. Að einu atriði, sem felur í sér breyt., verð ég þó að víkja nánar. En áður en ég kem að því, vil ég þó undirstrika það, sem kom fram í gær og samkomulag virðist nú að vísu vera um, að núv. fyrirkomulag á lokadómstóli landsins virðist eigi vera svo, að það skapi fullt réttaröryggi. Þetta hafa menn í raun og veru fundið lengi, og benda þær breyt., er Sigurður Stefánsson vildi gera á þingi 1922 og Jón Magnússon 1924, á það. Á undanförnum þingum hefir verið reynt að umskapa réttinn með því að bera fram frv., sem tæki upp handa réttinum gamla nafnið frá þjóðveldistímanum og gerði aðrar þær umbætur, er í samræmi væru við sambærilega dómstóla flestra annara menningarlandi. Þau atriði komu mjög til umr. hér í gær, svo sem sjálfssköpun dómstólanna, sem hvergi þekkist nema í Danmörku, og allir þar, að undanteknum íhaldsmönnum, vilja losna við. Þessu er og gert ráð fyrir í frv. því, er ég bar fram þá. Ennfremur var gert ráð fyrir því, að í réttinum sætu menn, er í samræmi væru við líf og stefnur nútímans, en það má gera á enn fullkomnari hátt en þar var gert.

Ástæðan til óánægju þeirrar, er komið hefir fram með hæstarétt, liggur í því, að eftir núv. skipulagi er hann algerlega háður einni pólitískri lífsskoðun, sem aðrir flokkar með aðrar lífsskoðanir geta ekki talið heppilegt. Í öllum löndum, nema tveimur, þar sem verið er að koma á einræði, í öðru af ríka fólkinu, hinu af því fátæka, er keppzt að því að koma stjórnarfarinu á lýðræðisgrundvöll. Hér er og svo. Sterkasta stefnan er látin prófa sig í fjögur ár. Þá er breytt um, ef ástæða þykir til. Á þessu fyrirkomulagi er svo byggt um allar merkari stofnanir og framkvæmdir þjóðfélagsins, að hæstarétti einum undanteknum. Hann einn er byggður á fullkominni einræðishugsun. Sá flokkur, sem fékk hann á sitt vald og í samræmi við sína stefnu 1919, er hann var stofnaður, hefir verið einráður þar síðan og mun verða, eins og um er búið. Þetta verkar svo, að jafnvel menn eins og hv. 3. landsk., sem er ánægður með þetta fyrirkomulag og vill halda því, er þó óánægður með útfærsluna á því, eða framkv. skipulagsins, eins og glögglega kom fram í umr. í gær.

Höfuðágreiningur síðasta þings var um þetta atriði, veitingarvaldið, — það hvort rétturinn ætti í gegnum prófraunina að skapa sig sjálfur, prófraun, sem ábyrgðarlausir menn eiga að framkvæma og hafa algerlega í hendi sinni. Fyrir þessu skipulagi barðist íhaldið. Þá kom hv. 3. landsk. á móts við þá og hjálpaði þeim til að halda þessu skipulagi, og því skipulagi vill hann enn halda. En það sýnir þó bezt óánægju hans um réttinn eins og hann nú er skipaður, að hann vill ekki, að gömlu dómararnir komi til greina um veitingu tveggja næstu dómaraembætti. Þau á að veita beint, án þess að taka dómaraprof.

Utan um þetta aðalatriði, dómaraprófið, spunnust svo í fyrra ýms önnur smærri atriði. T. d. eins og það, hvaða ráðh. ætti að veita dómaraembættin. Voru um þetta settir inn fleygar í frv., sem réðu úrslitum um framgang þess þá. En þetta voru þó aukaatriði í samanburði við það aðalatriði, hvort dómurinn ætti að skapa sig sjálfur, eða hvort stj. ætti að skipa í réttinn á venjulegan hátt, eins og hún skipar í önnur embætti. Þar sem staðið hafði í þófi um þetta í þrjú þing, hvort rétturinn ætti að skapa sig sjálfur eða skapast í samræmi við löglega kosinn þingmeirihluta, og málið virtist stranda einmitt á þessu atriði, þá þótti rétt að slá inn á nýjar leiðir um skipun dómsins. Þar sem ekki fékkst samkomulag um það, að stj., sem þó á að vera í samræmi við þjóðarviljann á hverjum tíma, veitti þessi embætti smátt og smátt, eftir því sem þau losnuðu, þá var tilraun að leita eftir því, hvort ekki gæti orðið samkomulag um það, að þjóðin sjálf kysi menn í dóminn, annaðhvort með almennum kosningum, eða þá með kosningu sameinaðs Alþingis, og þá til ákveðins árabils í senn, í samræmi við það, sem þing er kosið til ákveðins tíma og landsstjórn sem afleiðing þess.

Þetta er þá nýmælið í frv. Og þótt undarlegt megi virðast, að þetta komi illa við menn, þá skilst mér þó helzt, að móti því eigi að berjast, ekki með rökum, heldur með lögleysum. Ég skal taka það fram, að fyrir þessum mismunandi skipunarmáta í hæstaréttinn liggja tvær grundvallarstefnur. Annarsvegar er venja sú, sem skapazt hefir í samræmi við hið gamla einvaldsfyrirkomulag um stjórnarfar, en dómsvaldið var nátengt einveldinu lengi fram eftir. Í konungslöndum Evrópu var litið svo á, að dómararnir ættu að vera valdir af einvaldanum og til lífstíðar. En eftir því, sem lýðfrelsi hefir aukizt í menningarlöndunum, hafa og áhrif lýðvaldsins verkað á skipun dómstólanna í gegnum framkvæmdarvaldið, að Danmörku einni undantekinni. Dómsvaldið er því í raun réttri ein grein á meiði lýðvaldsins. Svo var hér og á lýðvaldstímunum. Og er landið gekk konungi á hönd, héldust þó leifar þess valds í höndum þingsins, þar til um árið 1800, að Magnús Stephensen vann að þeim leifum. Það sést því, að ein af afleiðingum lýðræðisfyrirkomulags á stjórnarfarinu er sú, að fólkið ráði dómaskipuninni eins og öðrum skyldum hlutum, svo sem þingvaldi og stjórnarskipun. Þegar Bandaríkin voru stofnuð seint á 18. öld, eftir að hafa brotizt undan valdi Englendinga, tóku þau upp þennan sið að mestu leyti. Þetta sýnir, að frjáls þjóð, þar sem ekki er um neina stjórnarþvingun að ræða, telur það eðlilegan og sjálfsagðan hlut, að dómstólarnir séu háðir fólkinu og beri ábyrgð á gerðum sínum sem aðrir þjónar þjóðfélagsins. Í Bandaríkjunum eru 48 sjálfstæð ríki. Í 38 þeirra eru bæði undirdómarar og yfirdómarar kosnir með almennri atkvgr., líkt og þm. En í 10 þeirra er það svo, að þingin kjósa dómarana, og má segja, að það komi nokkuð í sama stað niður. Um lokadómstól Bandaríkjanna hefir sú tilhögun verið síðan stjórnarskrá þeirra var samþ., að efri deild þingsins velur dómarana. En í þeirri deild, öldungadeildinni, eiga öll ríkin jafna tölu fulltrúa. Þarf, eins og venjulegt er, meiri hl. til þess að dómari nái kosningu, og eru þeir kosnir til lífstíðar, gagnstætt því, sem er í hinum einstöku ríkjum, því þar eru þeir kosnir til 4—6 ára tíma. Eftir því, sem vitað verður, hefir þetta skipulag reynzt vel þar í landi. Er það fjarri Bandaríkjamönnum að hugsa til einræðis í dómsmálum sínum, frekar en öðrum málum. Algengt er þar, að dómari sé endurkosinn, ef hann þykir hafa staðið vel í stöðu sinni og hefir aflað sér trausts með dómarahæfileikum. Er sjaldnast um pólitíska kosningu að ræða í hinum einstöku ríkjum. Kosningin er líkari því, sem hér gerist, þegar um prestskosningu er að ræða, sem sjaldgæft er, að sé pólitísk. Það er venjulega farið eftir öðrum verðleikum með slíka kosningu. Eins er þar. Menn, er hafa vakið tiltrú í dómarastarfinu, eru endurkosnir. Er það svipað og um alþm. hér. Þeir alþm., sem hafa starfað vel, eiga hægra með að ná endurkosningu í kjördæmi sínu heldur en nýr maður, þótt sömu hæfileikum sé búinn. Er þetta stórkostleg hvöt fyrir dómarana að standa vel í stöðu sinni og ávinna sér traust almennings.

Skal ég þá minnast á það ríki, sem um ýmsa hluti er líkast okkur, en það er Svissland. Þar hefir þjóðin verið frjáls um langan aldur og átt við lýðveldi að búa. Þetta hefir eðlilega skapað frjálslyndi og lýðveldishug með þjóðinni. Eru hinar sögulegu ástæður til hugarfars þjóðarinnar mjög hinar sömu og hér eru til staðar. Við byrjum sem lýðveldi og lýðvaldshugsjónin lifir eiginlega alltaf hjá okkur, enda höfum við lítið þekkt til konunga. Er því síður en svo, að óeðlilegt sé, að við sláum inn á hina sömu braut og vel hefir reynzt hjá elzta lýðræðislandi álfunnar, og látum þjóðarviljann ráða skipun dómstólanna sem öðrum málum þjóðfélagsins. — Í Sviss eru dómstólar með kosnum dómurum fyrir hin einstöku fylki. En aðaldómstóll landsins er í Lausanne. Er það 24 manna dómur, kosinn af þingi Svisslendinga til 6 ára. Eftir l. þeirra má endurkjósa dómarana. En til að undirstrika það, að þingvaldið sé undirstaða dómsvaldsins, þá eru þau ákvæði, að ekki má kjósa forseta og varaforseta dómsins nema til 2 ára, og eigi má endurkjósa þá. Þessum 24 manna dómi er svo skipt í 4 deildir, 6 menn í hverri, og verkum skipt milli þeirra. En út í það fer ég ekki frekar, þar sem það kemur þessu máli ekki við.

Ég hefi þess vegna lagt til, að gerð verði meiri breyt. á dómstólnum heldur en nokkru sinni áður hefir verið gerð, það er till. um að samræma dómsfyrirkomulagið við hið pólitíska lýðræði vorra tíma, á þann hátt, að dómararnir verði kosnir fyrir ákveðinn tíma, og ég get endurtekið það, að af þessu nýja fyrirkomulagi leiðir, að ekki er hægt að hafa sem varadómara í fimmtardómi prófessora lagadeildar háskólans, heldur þarf að kjósa varadómendur jafnframt aðaldómendum. Ég vil taka það fram, að þetta er ekki af því, að ég vantreysti núv. lagaprófessorum; ég hygg, að það sé eftir atvikum góð regla að hafa þá fyrir varadómendur meðan það fyrirkomulag gildir, sem nú er.

Af því, sem ég hefi nú sagt, er það ljóst, að það er aðeins um tvær leiðir að ræða um skipun úrslitadómstóls landsins: Önnur er sú, sem farin er í Sviss og Bandaríkjunum og einnig í nokkrum ríkjum innan Bandaríkjanna, að þingin velja dómendurna. Hin leiðin er, að þjóðin kjósi þá með almennri kosningu eða landkjöri. Ég skal taka það fram, að sú leið væri mér geðfelldari, þó ég hafi hallazt að því í frv. að kjósa dómendurna af þinginu, en ég áleit, að komið gæti til mála að beina frv. í hina áttina undir meðferð málsins á Alþingi, ef sú hugmynd fengi betri byr. Gæti landkjör dómaranna t. d. farið fram samhliða kosningum til Alþingis á 8 ára fresti, mundi það verða einna bezt framkvæmanlegt á þann hátt hér, vegna þess hve erfitt er með kjörsókn víða hvar.

Ég hygg, að ég hafi nú gert grein fyrir aðalnýjung þessa frv. Ég álít hana eðlilega viðbót við það frv., sem ég hefi áður flutt hér á Alþingi, viðbót, sem kannske má segja, að hefði mátt vera komin fyrr, en í öllu falli þurfti að koma nú, af því það verður að skera úr því, og það greinilega, hvort þessi dómstóll á að hafa sjálfsköpunarvald eða hvort þjóðin, sem á hann og kostar hann, á einnig að skapa hann.

Ef þetta frv. verður svo giftudrjúgt að komast gegnum þessa umr., legg ég til, að því verði vísað til allshn.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Út af þessari framsöguræðu hv. flm. vildi ég gera nokkurn viðauka við þær upplýsingar, sem hann gaf um þessa tilhögun á kvaðningu dómara í Sviss og Bandaríkjunum. Ég vil fyrst leyfa mér að minna á hið þrískipta þjóðfélagsvald, sem við og nálega allar lýðfrjálsar þjóðir búa við. Sú þjóðmálaskipun var borin fram til sigurs af hinni öflugustu frelsishreyfingu, sem mannkynið þekkir og byrjaði með stjórnarbyltingunni frönsku 1789. Það voru slíkir spekingar, hugsandi menn og rithöfundar, er sáð höfðu í þann jarðveg, er af sér gaf svo stjórnarbyltinguna sem ávöxt, að sá grundvöllur, er þeir fundu, hefir verið viðurkenndur enn þann dag í dag alstaðar þar, sem á honum hefir einu sinni verið byggt. Og sá grundvöllur er þrískipting valdsins, þannig, að að í lögunum á að birtast almenningsviljinn, með þeim leggja þjóðirnar sjálfar þann grundvöll, sem allt stjórnarfarið á að byggjast á. Dómararnir eiga svo

að dæma eingöngu eftir lögunum. Ef lögin eru ekki tímabær, þá á löggjafarvaldið að breyta þeim, en meðan lög eru lög eiga dómararnir að dæma eftir þeim á hverjum tíma. Framkvæmdarvaldið er svo verkfæri þjóðfélagsins, sem sér um, að lög og dómar séu framkvæmd. Öll hin lýðfrjálsu ríki Norðurálfunnar byggja á þessum grundvelli, að einu undanteknu. Í Sviss loða ennþá við leifar hins gamla fyrirkomulags, sem hin franska frelsishreyfing skolaði burt úr allri Norðurálfunni nema Sviss. Nú hefir hv. flm. fundið þennan forngrip og heldur, að hann sé einhver ný hugmynd hins nýja tíma, og bendir því á hann til fyrirmyndar. Hann vísar og til Bandaríkjanna, sem settu sína stjórnarskipun fáum árum áður en franska stjórnarbyltingin hófst, og bendir á, að þar hafi þessi aðferð um val dómara enn verið geymd. Þetta er rétt; þau búa enn við þá tilhögun, sem þau tóku á árunum fyrir stjórnarbyltinguna. Það má nú með réttu segja um Bandaríkjamenn, að þeir eru að mörgu leyti ákaflega íhaldssamir við gamlar venjur og búa því að dálitlu leyti við miðaldatilhögun, eins og með skipun síns æðsta dómstóls. Hinsvegar er það eftirtektarvert, að enginn þjóð, sem horfið hefir frá því miðaldaskipulagi, hefir stigið sporið til baka yfir í miðaldirnar. Ég veit ekki, hvort nokkursstaðar hefir komið fram till. um að gera það, en nú er hún hér fram komin á Alþingi Íslendinga frá hv. 5. landsk.

Ég skal geta þess, að Svisslendingar hafa mjög greinilega sérstöðu að ýmsu leyti um sín stjórnarskipunarmál, sem er ákaflega merkileg og einkennandi fyrir þá þjóð. Svisslendingar fengu sitt sjálfsforræði fyrir harðvítuga baráttu við nágrannaríkin, sem stóð með blóðugum bardögum öldum saman. Þessi barátta stóð milli elzta hluta Sviss, háríkjanna á fjöllunum, og nágrannaríkjanna eða lágríkjanna á sléttunum umhverfis. Í þessari baráttu fékk þjóðin þann sérstaka þroska, að þeir hafa síðan megnað að viðhalda því stjórnskipulagi, sem þeir þá fengu knúið fram. En þar fyrir má enginn ímynda sér, að þjóð, sem er alin upp við allt aðra þroskamöguleika, geti allt í einu hlaupið eftir fordæmi þessarar þjóðar, tekið upp hennar miðaldatilhögun og byggt á henni farsæla nútíð og framtíð fyrir sjálfa sig.

Ef óhlutdrægt ætti að segja frá um það, hvernig reynzt hefði þessi miðaldatilhögun um dómaskipunina í þessu eina ríki fyrir utan Sviss, sem haft hefir það fyrirkomulag, nefnilega Bandaríkin, þá verður ekki hjá því komizt að segja, að tilhögunin hafi gefizt þar illa, þó það sé kannske bitur sannleikur fyrir hv. 5. landsk.

Það hefir þráfaldlega komið fram megn óánægja og almenn yfir dómstólunum þar, og einmitt út af því, að þeir þykja ekki dæma óhlutdrægt. Ég skal aðeins láta nægja að minna á stórkostlegustu málin, baráttuna gegn hinum stórkostlegu hringum og auðfélögum, sem auðga sig á kostnað almennings. Það hefir viljað ganga misjafnlega að fá dómstólana til þess að fylgja lögunum gegn þessum sterku aðiljum; og af því að dómstólarnir eru háðir hinu pólitíska valdi, þannig, að skipt getur um dóminn um hverjar kosningar, þá hefir hann þótt vera allháður peningavaldinu. Því það hefir nú reynzt svo með kosningar í Bandaríkjunum, að þær hafa viljað verða nokkuð háðar dollarnum. Bandaríkin eru því í þessu efni sízt sú fyrirmynd, sem verið gæti öðrum hvatning til þess að taka upp þeirra miðaldatilhögun. Aftur er mér sagt, að í Sviss hafi þetta fyrirkomulag ekki gefið tilefni til umkvartana, en það stendur í sambandi við þann sérstaka þjóðfélagsþroska, er Svisslendingar hafa öðlazt og svo að segja hefir verið laminn inn í fólkið kynslóð eftir kynslóð gegnum aldalanga baráttu hennar fyrir frelsi og sjálfstæði. Ég vona því, að enginn, hvorki innan þings né utan, láti blekkjast til fylgis við þetta ákvæði frv. Með því hefir hv. 5. landsk. ekki gert annað en að kasta grímunni. Því var lýst, er hv. flm. flutti þetta frv. í fyrsta sinn hér á Alþingi, að tilgangur þess væri ekki annar en sá, að gera æðsta dómstól landsins háðan hinum pólitísku veðrabrigðum í landinu, með því að tryggja þeim pólitíska flokki, sem ráðandi er á hverjum tíma, áhrif á dómstólinn. Það var þá reynt af ýmsum að bera brigður á þessar skýringar, en nú hefir hv. flm. kastað grímunni svo greinilega,

því samkv. frv. er dómstóllinn svo greinilega háður hinu pólitíska valdi á Alþingi, þar sem fara á fram kosning allra dómendanna sjötta hvert þing. Ef því einhver meðal dómenda skyldi falla í ónáð hjá pólitískum flokki, eða ef til vill aðeins hjá foringja flokksins, þá mundi hann ef til vill í geðofsa sínum láta flokk sinn kasta þessum dómara, og það kannske strax.

Ég er sannfærður um það, ef til eru þeir menn nú, sem vantreysta hæstarétti, að þá mun svo fara, ef miðaldaskipan hv. 5. landsk. kæmist á, að enginn maður mundi treysta dómstólnum til fulls eða vænta frá honum óhlutdrægra dóma.

Ég ætla því alveg hiklaust að sýna þessu langstígasta afturhaldsfrv., sem með einu skrefi stikar a. m. k. 150 ár aftur í tímann, minn hug með því að greiða atkv. móti því, að það fái að fara til 2. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég get nú verið hv. 1. landsk. þakklátur fyrir það, að hann notar orðið afturhald eins og hið grófasta ádeiluorð; ég er honum samdóma um, að rétt sé að leggja þá merkingu í það orð, sem sést af því ekki hvað sízt, að það er einmitt einn aðalgallinn á hans pólitísku skoðunum, hve afturhaldið er ríkt hjá honum. Að öðru leyti er ég honum nú ekki sammála, eins og ég mun nú sýna með þeim rökum, er ég færi fram gegn skoðunum hans.

Það er óneitanlega dálitið undarlegt, sem hann heldur fram, að elzta lýðveldið í heiminum utan Evrópu og elzta lýðveldið innan Evrópu, sem unnið hafa sitt stjórnfrelsi með því að sigrast á grimmustu kúgun, hafi algerlega úreltar hugmyndir um réttarfar og lýðræði, en í hinum löndunum, þar sem einveldisumbrotin stóðu yfir fram um miðja síðastl. öld, og eru sum, eins og t. d. Þýzkaland, á góðum vegi með að verða einveldi aftur, þar sé allt í bezta lagi. Það var að heyra á hv. þm., að hann teldi, að þar hlyti að ríkja hið sanna lýðfrelsisfyrirkomulag. Það þarf í meira lagi einkennilegan lestur á sögunni til þess að komast að slíkri niðurstöðu. En þetta er alveg öfugt. Sviss hér í álfu og Bandaríkin í Ameríku eru elztu griðastaðir frelsis og mannréttinda, þó ég fyllilega viðurkenni áhrif Englands í parlamentariskum efnum, en þeim þykir allt of mikið varið í konunginn, sem eru einhverjar hinar úreltustu leifar af föllnu skipulagi, til þess að geta talizt standa öðrum framar í þessum efnum. Hv. þm. þarf því að segja, að hvítt sé svart og að svart sé hvítt, til þess að geta komizt að þeirri niðurstöðu, sem hann fékk; hann verður að snúa öllu við. Hv. þm. komst nú ekki hjá því að játa það, að þetta fyrirkomulag um skipun hins æðsta dómstóls landsins gæfist vel í Sviss, en það er ekki að marka, segir hv. þm., við erum of ófullkomnir til þess að geta haft sama fyrirkomulag. Þess vegna eigum við að hafa einræði í dómsmálum, við eigum að hlíta forsjá lítillar lokaðrar klíku í þeim efnum.

Ég ætla þá að svara ofurlítið þeim röksemdum hv. þm. um það, að öfgarnar, sem eru á vissum sviðum þjóðmálanna í Bandaríkjunum, séu því að kenna, að dómsmálin séu ekki í góðu lagi, vegna þess að dómararnir væru kosnir og keyptir til fylgis og andstöðu í ýmsum málum. Ég held það sé nokkuð hæpið fyrir hv. þm. að kveða þann dóm upp yfir dómstólum Bandaríkjanna í heild. Og eftir sömu rökum mætti segja, að hvergi væri vogandi hjá nokkurri þjóð að hafa almennan kosningarrétt, því atkv. yrðu keypt. Slík rök hv. þm. koma nú ekki sem bezt heim við þá stefnu hans í mannréttindamálum að vilja færa aldurstakmark fyrir kosningarrétti niður í 21 ár, og að einstakir menn haldi þeim rétti þrátt fyrir þeginn sveitarstyrk. Hv. þm. hefir nú á síðustu árum tekið upp þessa frjálslyndu stefnu, a. m. k. á yfirborðinu, hversu mikil sem alvaran hefir verið. En þetta hefði hann ekki átt að gera, ef kosningarrétturinn er svo eitrað vald eins og hann lýsir því í Bandaríkjunum. Ef vald fjármunanna er þar svo mikið, að þeir hafa lagt undir sig dómsmálin, þá sýnist, að öruggast væri að leggja niður lýðræðið og stofna einveldi. En hv. þm. hefir nú þótzt breyta alveg gagnstætt þessu. Hann hefir talið það stærstu nauðsyn þjóðarinnar nú á þessum krepputímum, að komið verði á því kosningarfyrirkomulagi, sem hann telur, að bezt tryggi það, að almenningur njóti

síns kosningarréttar. Þetta finnst honum svo eftirsóknarvert þrátt fyrir þá galla, sem fram hafa komið á lýðræðinu í Bandaríkjunum, eftir því sem honum finnst, að hann telur þetta kosningamál mesta kreppumálið. En þessir stóru gallar, sem felast í þjóðlífi Bandaríkjanna, stafa ekki frá stjórnarfyrirkomulaginu, heldur eru þeir afleiðing af því ógnar auðmagni, sem safnazt hefir á hendur örfárra manna og notað hefir verið til þess að ná tökum á ýmum áhrifamiklum stofnunum, eins og t. d. kirkjunni og K. F: U. M., sem greinilega gengur erindi auðvaldsins. Jafnvel vísindin hafa auk heldur komizt í kast við dollarinn. Auk þessa má geta um það sérstaka ástand í Bandaríkjunum, að þjóðin er samsett af miklum fjölda ólíkra kynflokka, og á það ekki lítinn þátt í því að torvelda stjórnarfarið. En þrátt fyrir þetta allt ríkir þar meiri frelsisandi og næmari réttarmeðvitund en annarsstaðar, og þessir gifturíku eiginleikar eru sprottnir af því, að þjóðin skapar sér sitt eigið frelsi, en hlítir ekki úreltu valdi um landsstjórn eða réttarfar. Þjóðin hefir þroskazt stig af stigi án þess að taka bakföll eða afturköst, og engum dettur í hug, að þar geti komið fram nein öfgahreyfing, hvorki svört eða rauð. Það er sagt, að stjórnmálafræðingar Evrópu segi, að í Bandaríkjunum sé eiginlega ekki nema einn stjórnmálaflokkur; þar beri sama sem ekkert á milli. Það megi líkja ágreiningi þeirra við það, hvort réttara sé að drekka úr stóru eða litlu glasi. Það er því hreinn óþarfi af hv. þm. að vantreysta fordæmi Bandaríkjanna. Það kom einmitt fyrir nú á síðastl. ári, að þjóðin tók verulega í taumana gegn óheppilegum niðurstöðum yfirdómstólsins gegnum sína umboðsmenn, þingfulltrúana. Það er og kunnugt, að í tíð síðasta forseta Bandaríkjanna var skipt um tvo af níu dómurum í réttinum. Það varð hörð deila um það, hverja ætti að velja, og deilan stóð milli Hoovers forseta og hans flokks og meiri hl. öldungadeildarinnar. Hoover ætlaði að gera dómstólinn pólitískan fyrir sína flokka, eins og hæstiréttur er hér, en öldungadeildin sagðist vilja hafa dómarana óháða auðvaldinu og fulltrúa þjóðarinnar, og það varð. Efri deildin réð. Og nú fer orð af því, hversu dómstóllinn hafi breytzt við tilkomu þessara tveggja manna. Annar þeirra er portúgalskur gyðingur, og fer af vinnu hans mikið frægðarorð. Nú er dómstóllinn orðinn dómstóll fólksins, hann vinnur nú fyrir þjóðina í heild sinni, en ekki fyrir auðvaldið.

Ég vil ráðleggja hv. 1. landsk. að kynna sér ástæðurnar til þess, að Bandaríkjamenn tóku upp lýðræðisfyrirkomulag um dómaraskipun, — hann gæti t. d. lesið það, sem Macaulay skrifar um dómara á Englandi í tíð Stúartanna, og útflytjendurnir áttu í höggi við, áður en þeir flýðu land og héldu til Ameríku. Og þeir flýðu fyrst og fremst harðstjórn konungs og dómstóla, og jafnákveðnir og þeir voru í því að yfirgefa harðstjórnina heima á ættlandi sínu, jafnákveðnir voru þeir í því að koma sér hvorki upp konungum né dómurum af sömu tegund og þeir þekktu áður, í sínu nýja landi. Ég er á því, að hv. 1. landsk. misskilji algerlega áhrif stjórnarbyltingarinnar miklu. Það var hún, sem tók það pólitíska vald af konungum, aðli og kirkju og fékk það þjóðinni í hendur, og það tók langan tíma að fá Evrópu til þess að ganga inn á þessa umbót. En franska byltingin snerist ekki síður gegn dómstólunum en konungum. Dómararnir voru þá ekkert annað en klíka, tilheyrandi afturhaldssömu harðstjórnarvaldi, án allrar íhlutunar þjóðarinnar. En þjóðin gerði uppreisn gegn vondum konungum og vondum dómstólum. Og víðast hvar í Evrópu varð gerð sú skipun á þessum hlutum, sem sprottin var upp af lýðræðishugsjóninni, á sama hátt og löggjafarþingin.

Af þessu verður séð, að sú skipun, sem er á hæstarétti okkar, er í fyllsta máta miðaldarleg. Og samt voga dómararnir í þessum rétti sér að segja í álitsskjali til Alþ., að þessi sjálfsköpun dómaranna sé algeng í Evrópu. En sannleikurinn er sá, að þetta fyrirkomulag er hvergi notað í germönskum löndum, nema Danmörku, og þó er það mjög óvinsælt þar. — Hv. þm. sneri málinu alveg við. Það er miðaldatilhögun á dómstólnum, sem enn er í Danmörku, og sökum þess, hvað íslenzkir lögfræðingar

voru háðir dönskum anda, var þetta úrelta skipulag flutt hingað og yfirtekið af Íhaldsfl. Þetta má m. a. sjá af því, að eitt af aðalblöðum flokks hv. 1. landsk., Stormur, hefir alltaf talað svo um hæstarétt, eins og dómurinn væri því sérstaklega tilheyrandi. Nei, það skipulag, sem byltingin mikla skolaði burt í dómsmálum, var ekki kviðdómarnir, sem forfeður okkar höfðu og víða eru enn við lýði í germönskum löndum, það var ekki vald þjóðarinnar yfir dómstólunum. Það, sem hreinsað var burt með byltingunni, var konungskúgun og klíkudómstólar. Það er t. d. ekkert undarlegt, þó að Voltaire hafi horn í síðu dómstóla samtíðar sinnar. Hann fékk ósjaldan að kenna á því að vera hnepptur í varðhald, bara af því að einhver íhaldsmaður setti klíkudómstólana í gang, af því að honum þótti Voltaire of frjálslyndur. Og það er engin furða, þótt reiði fólksins skoli slíkum dómstólum burt.

Hv. þm. hélt því einnig fram, að það skipulag, sem bæði Sviss og Bandaríki Norður-Ameríku hafa á dómstólum sínum, sé hreint og beint kúgunarmeðal. Ég vil benda hv. þm. á það, að Sviss hefir verið frjálst lýðveldi síðan á miðöldum, og börðust landsmenn þar drengilegri baráttu við einvaldskonunga og verkfæri þeirra, klíkudómstólana, þar til yfir lauk. Sviss hefir notað vel frelsi sitt, bæði hvað snertir það pólitíska vald og vald dómstólanna.

Sú eina vitglóra, sem gæti verið í „rökum“ hv. þm., væri það, ef að baki þeim lægi sú skoðun, að Íslendingar væru svo pólitískt óþroskaðir, að þeir gætu ekki notað frelsi sitt í dómaravali réttilega. En þá get ég ekki séð samræmi í því, að hann skuli berjast fyrir því mikla „réttlætismáli“, sem hann og flokkur hans stærir sig af. Sannleikurinn er sá, að það er ekki til heil brú í hugsanagangi þessa hv. þm. Hann kallar það miðaldadómstóla, sem í raun og veru eru dómstólar sannarlegs lýðfrelsis. Hann talar um klíkueðli dómstóla á miðöldum, og vill láta það líta svo út, sem það vaki fyrir mér að endurreisa slíka dómstóla, einmitt þegar ég er að gera tilraun til þess, að losa hæstarétt úr klíkuklóm íslenzka íhaldsins. — Það þarf sannarlega harða húð til þess að halda því fram, að það sé einhver skelfileg ógæfa fyrir þjóðina að fá valdið yfir vali dómara í æðsta dómstól sinn í eigin hendur! Þessi hv. þm. og flokkur hans hefir látið í veðri vaka, að hér eigi að afnema konungsstjórn og koma á lýðveldi. Ég skal ekkert lasta þá hugsun þeirra, því að ýmsir góðir menn munu vera á þeirri skoðun, að þetta beri að gera, þegar því verður við komið á löglegan hátt. En ef það er trú hv. þm., að þjóðin sé nógu þroskuð pólitiskt til þess að halda hér uppi lýðveldi algerlega á eigin spýtur, þá þykir mér undarlegt, ef sú sama þjóð á ekki að vera nógu þroskuð til þess að velja sjálf sína æðstu dómara. Ef aftur á móti hv. þm. heldur fast í það, að íslenzku þjóðinni sé bezt borgið undir kúgunarvaldi klíkudómstóla, þá væri bein afleiðing af því, að hann og flokkur hans sýndu konungsættinni sem mestan sóma, og reyndi að auka og efla konungsvaldið eins og frekast væri unnt. En yfirleitt sést glöggt af rökvillum þessa þm., að mest ber til gáfnatregða og fáfræði. Enginn nema sá, sem væri í mesta máta grunnfær og menntunarlaus, gæti látið sér koma til hugar að ráðast á dómaskipun Svisslendinga, sem staðizt hefir próf veruleikans í margar aldir.

Þá heldur hv. þm. því fram, að tilraun mín til þess að gera dómaraval í hæstarétti jafnréttlátt og í öðrum lýðfrjálsum löndum eigi að verða til þess að gera dómstólinn pólitískan. Ég vil minna hv. þm. á þá staðreynd, að síðastl. sumar tók hæstiréttur sem dómara lögfræðisráðunaut og baráttuforingja íhaldsins í því mesta hitamáli, sem komið hefir upp hér á þingi. Eftir það þarf talsverð brjóstheilindi til þess að halda því fram, að rétturinn sé ópólitískur nú. Ef litið er til baka, verður fyrir manni einn flokksbróðir hv. 1. landsk., sem nýlega er genginn úr réttinum. Þessi maður var harðsnúinn leiðtogi í pólitík heila kynslóð, og þar að auki mjög áberandi riðinn við dóm í Skúlamálinu, sem tæplega mun kallað ópólitiskt. Ef athugaðar eru blaðagreinar, sem nýlega hafa verið endurprentaðar, má sjá, hvað þeir Páll Einarsson og Lárus H. Bjarnason voru veikir fyrir pólitiskum deilumálum um 1910.

Allir vita, að þessir menn hafa tekið harðvítugan þátt í pólitískum deilum um landsmál. Og það vakir áreiðanlega ekki fyrir hv. 1. landsk. að hafa réttinn ópólitískan, heldur hitt, að hafa hann svo, að þar geti jafnan átt sæti æstir íhaldsmenn, sem dæmi hans flokki í vil. Það er algerlega þýðingarlaust að halda því fram, að rétturinn sé ópólitiskur núna. Dómararnir eru teknir úr einum pólitiskum flokki, og því mun verða haldið áfram, ef engin breyt. verður gerð á skipun réttarins. Og samt tilkynnir hv. 1. landsk. þm. með mesta merkissvip, að ég hafi nú kastað grímunni, eins og það sé ég, sem vil gera réttinn pólitiskan! Það væri samskonar og manni, sem kæmi með dálítið kolablað inn í Newcastle, væri borið það á brýn, að hann hefði í hyggju að gera bæinn svartan. Hv. þm. heldur því fram, að bezta fyrirkomulag landsstj. sé bræðingsstj. stærstu flokkanna, eins og nú er; honum þykir miklu betra að hafa bræðingsstj. Íhalds og Framsóknar en hreina framsóknarstj. En þegar litið er á það, að þessum hv. þm. hefir alls ekki orðið bumbult af bræðingnum í landsstj., þá get ég ekki skilið, hvers vegna hann er svo heitur á móti því, að 2 eða 3 flokkar kysu dómara í hæstarétt. Nú yrðu dómararnir kosnir til 6 ára, en þm. aðeins til fjögurra, og þessar hættulegu ráðstafanir, sem hv. þm. er alltaf að tala um að ég vilji gera viðvíkjandi hæstarétti, felast í því, að ég vil láta þing eða kjósendur ráða vali dómaranna. Ef hv. þm. gæti frekar fallizt á það, skal ég gjarnan ganga inn á þá breyt., að kjósendurnir sjálfir velji dómarana. Og það yrði að mínu viti bezta dómaraprófið, sem fengizt gæti. Getur ekki hv. þm. hugsað sér, að einhverjir af núv. dómurum yrðu kosnir aftur í dóminn, þó að þetta nýja fyrirkomulag yrði tekið upp? Eða er hann hræddur um, að þeir yrðu léttvægir fundnir, ef ætti að meta þá eingöngu eftir verkum þeirra?

En það er önnur hlið á þessu máli, sem ekki hefir verið nægilega bent á ennþá. Og það er, hve mikil sanngirni felst í till. mínum frá flokkslegu sjónarmiði. Ef þetta fyrirkomulag væri tekið upp, mundu allir flokkar smám saman fá fulltrúa í hæstarétti. En fái vilji hv. 1. landsk. að ráða, kemst engin sanngirni að í þessu máli, fær ekki að komast að. Hæstiréttur á að vera áfram það, sem hann nú er, klíkudómstóll með ófullkomnum vinnubrögðum, skapaður í mynd Íhaldsfl.

Ég vil aftur á móti, að í dómstólnum séu menn af öllum flokkum, eins og í þinginu. Það er ekki ýkjalangt síðan flokkur hv. 1. landsk. var sá stærsti í þinginu, og nú er hann sá næststærsti, svo það er langt frá því, að ekki geti verið íhaldsmenn dómarar í réttinum. **En þeir yrðu þar ekki einir.**

Eins og ég gat um áðan, þá skal ég ganga inn á það til samkomulags, að dómarar verði kosnir beint af kjósendum, og geri ég ráð fyrir, að í því tilfelli yrðu dómarar að mestu kosnir án tillits til hreinna pólitiskra lína. En þá kæmi vilji fólksins skýrast fram.

Hv. þm. vill hafa bræðing í ráðuneytinu, en þó að hans flokkur, eins og allir aðrir, fái áhrif á dómaraveitinguna að sínum hluta samkv. frv. mínu, þá vill hann það ekki, því að þarna vill hann hafa óskorað einræði síns flokks. Hann stendur því í þessu máli afhjúpaður fyrir öllum landslýð sem forsvari pólitísks einræðis íhaldsflokksins íslenzka, líka í dómsmálum.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. En ég sé, að í 4. gr. frv. stendur ákvæði um, að dómara í fimmtardóm skuli kjósa af Sþ. með hlutfallskosningu, og varadómara á sama hátt. En nú segir svo í 57. gr. stjskr.: „Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embættum nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana". Ég vil spyrja hv. flm., hvernig hann vill samríma þetta tvennt. Ég sé ekki betur en að í þessari 4. gr. felist brot á 57. gr. stjskr., og má það þar af leiðandi ekki verða að l. En þar sem svona stendur á með frv., álít ég, að það ætti í raun og veru ekki að ganga lengra, og beini ég því til hv. flm., að hann athugi þetta.

Pétur Magnússon: Ég hefi ekki ætlað mér að eyða löngum tíma í umr. um þetta mál. Það hefir verið þrautrætt á síðustu þrem þingum í röð, og ræður þær, sem hv. 5. landsk. hefir flutt hér á þessu þingi um málið, má lesa svo að segja óbreyttar í þingtíðundunum frá 1931 og 1932. Ég segi þetta ekki í ádeiluskyni; ég veit, að það er erfitt að halda langar ræðum um sama málið þing eftir þing án þess að þær verði að mestu endurtekningar. En ég stend nú upp fyrst og fremst af því, að ég taldi mér skylt að bera af hæstarétti þær sakir, sem hv. 5. landsk. hefir borið á hann, bæði í grg. frv. og nú í síðari ræðu sinni. Samt ætla ég mér ekki að fara út í almennu sakirnar, því að hv. flm. hefir ekki gert neinar frambærilegar tilraunir til þess að rökstyðja þær. En í grg. frv. er dómurum hæstaréttar borið það á brýn, að 1930 hafi þeir gefið Alþ. algerlega rangar upplýsingar um atriði viðvíkjandi réttinum. Til þess að sanna þetta er tekin upp í grg. ein setning, sem stendur í álitsskjali dómaranna, og af því svo dregin sú ályktun, að dómararnir hafi gefið þarna rangar upplýsingar. Í álitsskjali dómaranna stendur: „Samskonar ákvæði mun vera lögmælt í flestum nýlegum l. um úrslitadómsstigið utan einræðisstjórnarlanda, og útnefning hæstaréttardómara annarsstaðar a. m. k. fara fram eftir till. hæstaréttar. Í 43. gr. dönsku hæstaréttarl. er samskonar ákvæði og í íslenzku hæstaréttarl. Í Finnlandi skipar ríkisforsetinn hæstaréttardómara skv. till. réttarins. Og sama á sér stað í Svíþjóð, samkv. gamalli venju".

Þannig er það tilgreint, hvernig fyrirkomulagið sé í nokkrum löndum. Í Danmörku eru samskonar ákvæði og hér um það, að dómurinn skipi sjálfur dómara þegar sæti losnar. Og það mun svo vera, að í flestum löndum utan einræðislandanna hafi æðsti dómstóllinn íhlutunarrétt um dómaraval. Hv. 5. landsk. skilur það ef til vill ekki, að íhlutunarréttur æðstu dómstólanna, t. d. í Finnlandi og Svíþjóð, er miklu víðtækari en íhlutunarréttur íslenzku og dönsku dómstólanna. Hér hefir hæstirétur ekki annað vald en að segja um umsækjanda, hvort hann sé hæfur eða ekki hæfur til starfans, en í hinum löndunum getur rétturinn bent á menn, og það þættu sennilega alstaðar töluverð tíðindi, ef gengið væri móti vilja réttarins sjálfs um mannaval.

Viðvíkjandi dómaraprófinu má geta þess, að ákvæði um það hefir verið í l. um æðsta dómstól Danmerkur um langan tíma, og víst aldrei komið fyrir, að dómaraefni hafi verið fellt á prófinu. Hér er því ekki nema um tvennt að ræða. Annaðhvort hefir hv. 5. landsk. algerlega misskilið þetta atriði, eða þá að hann hefir ekki sýnt nægilega mikla ráðvendni, þegar hann var að greina frá ummælum hæstaréttar um þetta.

Þá vil ég aðeins minnast á 4. gr. frv., því að í henni er eina nýmælið frá því, sem hv. þm. hefir áður lagt til í þessu frv. Það leynir sér ekki og hefir komið skýrt fram í ræðum hv. flm., að hann álítur, að sú tilhögun sé heppilegust, að sá pólitíski flokkur, sem á hverjum tíma hefir meirihlutavald á þingi, ráði því og hver úrslit verða á hverju máli, sem fer til æðsta dómstólsins. Ég efast ekki um, að þetta byggist á „lífsskoðun" hans, og það verður maður að játa, að það er talsvert „þjóðleg" hugsun, sem liggur hér til grundvallar. Til forna var það svo, eins og hv. flm. benti á, að sá, sem sterkastur var, hafði sitt mál fram fyrir dómstólunum. Völd og frændafylgi réðu mestu um úrslit mála fyrir hinum fornu íslenzku dómstólum. Hv. flm. vitnaði í þetta sem fyrirmyndartilhögun og sem sanna ímynd þess lögfrjálsa fyrirkomulags. Og ég verð að segja, að það eimir eftir af þessari skoðun ennþá hjá fleirum en þessum hv. þm. Ég hefi rekið mig á ýmsa gamaldags menn, sem lifa í þeirri trú, að um úrslit dómsmála ætti málstaðurinn að hafa lítið að segja, málfærslan öll væri sem tafl á milli málfærslumannanna, þar sem lögkrókar og „sniðugheit" væru sterkustu leikirnir og réðu úrslitum. En sem betur fer er þessi fáráðlingsháttur orðinn mjög sjaldgæfur. Allir sæmilega hugsandi menn eru á einu máli um það, að málstaður eigi að ráða úrslitum dómsmálanna, en ekki aðstaða aðilanna í þjóðfélaginu. Það leynir sér því ekki og þýðir ekki fyrir hv. flm. að draga dul á það, að það er hann, sem er afturhaldsmaður í þessu efni. Hann er

að gera tilraun til að koma þessum málum í það horf, sem undantekningarlaust allar þjóðir hafa horfið frá, nema þessar tvær þjóðir, sem hann nefndi, og er þó mjög ólíku saman að jafna þar og hér, enda gildir þar allt annað kosningafyrirkomulag en hér er stungið upp á.

Svo er annað í þessu sambandi, sem mér finnst, að hv. flm. rugli alltaf saman. Það er pólitískur dómstóll og að í dómstóli sitji dómarar, sem hafa pólitíska skoðun. Nú á tímum er í raun og veru ómögulegt að gera þá kröfu til fullorðinna og hugsandi manna, að þeir hafi enga pólitíska skoðun. Það eru þá a. m. k. ekki aðrir menn en þeir, sem eru ekki til neinnar fyrirmyndar og ekki mikill fengur í að fá þá inn í æðsta dómstól landsins. Nei, pólitískir verða dómstólarnir þá fyrst, er pólitískrar skoðunar dómaranna gætir í dómum þeirra. En meðan dómararnir dæma eftir lögunum og fara eftir því, sem þeirra samvizka og sannfæring býður, þá er ekki hægt að áfellast þá, þótt þeir hafi pólitíska skoðun.

Ég get tekið það fram, að ég fyrir mitt leyti óska þess, að inn í æðsta dómstólinn komist menn, sem hafa aðra pólitíska skoðun en hv. flm. telur núv. hæstaréttardómara hafa. Þá væri rétturinn ekki eins útsettur fyrir þá óréttmætu kritík, sem hann hefir orðið fyrir, eins og hann er nú, því að það er tiltölulega auðvelt að gera dómstólana tortryggilega, þegar hamrað er á því, og það máske með réttu, að allir dómararnir séu sömu pólitískrar skoðunar, og þegar sí og æ er hamrað á því í útbreiddu stórblaði og reynt að útbreiða það á svívirðilegasta hátt, að dómaranir hafi gert sig seka í vísvitandi ranglæti. Hitt nær aftur engri átt, að dómararnir séu eingöngu valdir með tilliti til pólitískrar skoðunar. Þar verður að líta á margt fleira.

Það er undarlegt að heyra það endurtekið dag eftir dag, að síðasta skipun, sem gerð var á einu dómarasætinu í hæstarétti, sé pólitisk, því að það embætti var veitt manni, sem ég veit ekki betur en nokkurnveginn óskipt skoðun sé um, að sé einn af lærðustu, ef ekki allra lærðasti lögfræðingur landsins. Það er a. m. k. óhætt að segja, að það var ekki nema einn lögfræðingur, sem komið gat til mála að keppa við Einar Arnórsson um þessa stöðu, og hv. 5. landsk. skýrði frá því, að sá maður hefði verið ófáanlegur til að taka sæti í réttinum. Síðan kemur þessi látlausa gagnrýni út af því, að þessum manni hafi verið veitt embættið, vegna þess að hann hafi áður tekið þátt í pólitískum störfum. Hv. 5. landsk. veit það jafnvel og ég, að hann hefir aldrei verið æsingamaður, en jafnan haft orð á sér fyrir að líta óhlutdrægt á menn og málefni; það þekkir hv. 5. landsk. vel.

Að endingu vil ég svo taka það fram, að ég hélt, að hv. 5. landsk. vissi það af eigin reynslu, að það er ekki einhlítt að fá dómara með sömu pólitískri skoðun og valdhafarnir hafa til þess að fá sínum málum framgengt. Hann ætti að vita það af reynslunni, að góður málstaður hefir meira að segja en hitt, að dómararnir séu skoðanabræður manns í stjórnmálum.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég vildi ekki grípa fram í fyrir öðrum, sem kynnu að vilja halda hér ræðu, en þar sem þetta er mín síðasta ræða að þessu sinni, þá verð ég að taka málið svo ýtarlega sem ég get.

Ég ætla þá sér í lagi að gagnrýna ræðu hæstv. dómsmrh. og koma um leið að hinu ímyndaða stjórnarskrárbroti við að kjósa dómara.

Hv. 4. landsk. reyndi að verja þær upplýsingar, sem hæstiréttur gaf 1930 út af fimmtardómsfrv. Hann hlýtur að vita, að í þessari grg. dómaranna er langur kafli, sem snýst um það, að dómaraprófið sé nauðsynlegt og gott og svo mikið aðalatriði, að ekkert fyrirkomulag sé um réttaröryggi sambærilegt við það. Það er því ákaflega veik vörn hjá þessum málafærslumanni, þó að hann geti sýnt fram á, að eitt ríki haldi enn við þá reglu, sem dómararnir sökum fákænsku héldu, að væri lögfest í flestum ríkjum „utan einræðisstjórnarlanda“, og útnefning hæstaréttardómara annarsstaðar a. m. k. fari fram eftir till. hæstaréttar.

Þetta tók Alþingi sem fræðilegar upplýsingar frá mönnum, sem áttu að vita um þetta. Það var tekið svo, að dómaraprófið væri notað yfirleitt í flestum ríkj-

um Evrópu. (PM: Má ég lána hv. þm. framhaldið?). Þess þarf ekki, hv. þm. var að lesa það upp áðan, og þar stendur það, að dómaraprófið sé notað utan einræðislandanna, þ. e. í Rússlandi, Ítalíu og Spáni. En svo kemur viðbótarskýring um lönd, sem eftir skoðun dómaranna eru undantekning frá þessu. Þar sé ekki dómarapróf, heldur annað, sem kemur í staðinn fyrir það. Við umr. um fimmtardómsfrv. í fyrra var lagt til að hafa sviþað fyrirkomulag og hæstaréttardómararnir bentu réttilega á, að væri í Svíþjóð, nefnil. að stj. yrði að leita álits réttarins um nýja dómendur. Þetta felldi hv. 4. landsk. og hans samherjar. Þeir vildu ekki sænska fyrirkomulagið, gerðu þann mun á því og því danska. Þeir gengu með mesta dugnaði að því að drepa það, þótt þeir vissu, að með því komu þeir frv. fyrir kattarnef. Hér liggur því fyrir hrein atkvgr. um það, hvaða mun þeir geri á sænska og danska fyrirkomulaginu. Þegar dómararnir voru spurðir um dómaraprófið, þá vitnuðu þeir í eina landið, sem þeir vissu að hefði það, nefnil. Danmörku. Þeir tóku einnig fram, hvernig það væri í Svíþjóð, en þar var það öðruvísi en í Danmörku, og sá formsmunur þótti svo mikill, að frv. mætti ekki ganga fram einmitt fyrir það, að þar var stungið upp á sænska forminu, en ekki því danska.

Svo var það í fyrravetur, að ég fól sendiherra Íslands í Danmörku að leita upplýsinga um það í Evrópulöndunum, hvort þetta væri rétt, sem dómarar hæstaréttar höfðu sagt. Þá kom það í ljós, sem raunar var vitað áður, að dómaraprófið var hvergi nema í Danmörku, ekki í Svíþjóð, ekki Noregi, ekki Þýzkalandi, ekki Finnlandi, ekki Englandi. Sendiherrann leitaði ekki fyrir sér í Frakklandi, en menn vita til, að þar hefir það aldrei verið.

Því verður þess vegna ekki neitað, að það er sá sorglegi sannleiki, að dómararnir voru svona illa að sér, að þeir vissu þetta ekki og gáfu því rangar upplýsingar, sem var svo trúað, þar til þessar upplýsingar komu frá sendiherranum. Þessu er ekki hægt að mótmæla, að fáfræði um þetta merkilega atriði kom dómurum hæstaréttar til að skrökva að Alþingi.

Fyrir einu ári síðan talaði ég um framkvæmd þessara mála við einn af þekktustu lögfræðingum Svía. Hann er háttsettur dómari, en þó ekki í hæstarétti. Hann sagði það um framkvæmdina á þessu, að í Svíþjóð væri venjulega fylgt tillögum hæstaréttar um val á dómurum, þ. e. a. s. farið mikið eftir hans áliti, en þó væri ekkert, sem hindraði stj. að fara öðruvísi að, ef hún teldi, að dómstóllinn legði ekki rétt til. Þannig á að taka tillit til þess, sem dómstóllinn segir, ef það er álitið þess vert, annars ekki. Það getur ekki verið það réttasta að fara eftir tillögum hans í blindni, hvað svo sem hann kann að leggja til.

Bæði hv. 1. og 4. landsk. hafa haldið því fram, að þeir dómarar, sem yrðu kosnir, mundu ekki dæma eftir lögunum. (PM: Því hefi ég ekki haldið fram). Þá var það líka þýðingarlaust að undirstrika það, að núv. dómarar dæmdu eftir lögunum, en kosnir dómarar myndu ekki gera það. En ég vil benda á, að það eru til tvær aðferðir til að dæma eftir lögunum. Það eru til gamaldags dómarar, sem fara eingöngu eftir bókstaf laganna án þess að líta til hægri eða vinstri eða athuga, hvað sannast er eða réttast í málinu. En til er líka önnur aðferð, sem einn af beztu hæstaréttardómurum Norðmanna lýsir þannig, að hann reyni fyrst að sjá, hvað það sanna er í málinu, og þegar hann hafi gert það, þá athugi hann, hvaða „paragraffar" eigi við til þess að styðja dóminn. En ef hin aðferðin er notuð, að dæma aðeins eftir dauðum bókstaf laganna, þá kemur farísеahátturinn í ljós, þá verður sá rétti kjarni málsins oft að víkja fyrir þröngsýnum hugsunarhætti dómaranna eða óviðeigandi lögskýringum.

Ég er alveg sammála hv. 4. landsk. um eitt atriði, sem sé kritíkina á dóminum, sem hann sagði réttilega, að væri svona hörð af því, að allir dómarar í réttinum hefðu sömu pólitíska skoðun, og hann viðurkenndi, að það væri skaði, að ekki kæmu í hæstarétt menn, sem hefðu aðra pólitíska skoðun. Þetta hefir hans flokkur komizt lengst. Þetta hafa íhaldsmenn aldrei viðurkennt fyrr. Annars er líklegt, að þessi skoðun sé ný hjá íhaldinu, því að það notaði ekki síðasta tækifærið, sem

bauðst til að fá mann með annari pólitiskri skoðun inn í hæstarétt, heldur setti þangað einn helzta flokksmann sinn og pólitískan lögráðunaut úr þingrofsmálinu 1931. Þá var ekki að sjá, að íhaldsmönnum væri svo mjög um það hugað að fá inn í réttinn menn með ólíkri lífsskoðun.

Hv. þm. sagði, að það væri undarlegt, að það skyldi vera gert að umtalsefni, að Einar Arnórsson var skipaður dómari hæstaréttar. Ég hefi aðeins gert það að umtalsefni í sambandi við það, sem hann var líka óánægður með, sem sé, að allir dómararnir skyldu hafa þá sömu pólitísku skoðun. Það má segja ýmislegt gott um Einar Arnórsson, svo sem um þátttöku hans í prófessoradómnum, en því verður ekki neitað, að það er hlægilegt, þegar þeir menn eru að fárast yfir því, að dómurinn sé einlitur pólitískt, sem einmitt stóðu að því, að Einar Arnórsson var settur í hæstarétt, þar sem tveir flokksmenn hans voru fyrir. Ég er alveg viss um það, að ef Sþ. hefði í fyrra kosið dómara í hæstarétt, eins og hér er lagt til að verði gert, þá hefði hv. 4. landsk. og flokksmenn hans kosið þáv. 2. þm. Reykv., af því að þeir hafa sennilega gott álit á honum, svo að þar á hefði enginn munur verið frá þeirra hendi, þó að þetta fyrirkomulag, sem ég sting upp á, hefði verið viðhaft. Það er því ekkert nema fariseaháttur hjá Íhaldsfl., þegar hann er að halda því fram, að flokkurinn hafi verið ópólitiskur, þegar hann setti í hæstarétt sína eindregnustu pólitísku flokksbræður, svo sem Einar Arnórsson, Lárus H. Bjarnason og Kristján Jónsson. Þessi síðasta veiting á dómaraembættinu er því betri sönnun en allt annað um það, að íhaldsmenn eru ekkert hissa á því að taka einn af sínum lögfræðingum beint út úr flokkadeilunum á Alþingi og setja hann inn í réttinn.

Þá kem ég að þeirri fyrirspurn hæstv. dómsmrh., hvort það sé ekki stjórnarskrárbrot að gera ráð fyrir, að dómararnir séu kosnir. Ég vil þá með leyfi hæstv. forseta lesa upp tvær gr. úr stjskr., og þá fyrst gr., sem máske hæstv. ráðh. og sumir flokksmenn hans hafa ekki veitt athygli. Það er 55. gr. Þar segir svo:

„Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum". Þarna er það beinlínis tekið fram, að skipun dómsvaldsins megi breyta með lögum og að ekki þurfi til þess stjórnarskrárbreyting.

Þá er 16. gr., sem hæstv. ráðh. kom ekki inn á. Þar stendur svo:

„Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum".

Í stuttu máli: Hæstaréttarembættið er konunglegt embætti, en ekkert er í vegi fyrir því, að þessu megi breyta með lögum. Og kaflinn um dómsvaldið byrjar á því, að honum megi breyta með lögum.

Þá kem ég að þeirri gr. stjskr., sem hæstv. ráðh. telur mest til styrktar sínu máli, en það er 57. gr. Þar stendur svo:

„Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum".

Þessi grein tekur af öll tvímæli um þann vafa, sem hæstv. ráðh. er í. Í gr. stendur það, að dómarar — og þá auðvitað líka hæstaréttardómarar — verði ekki reknir úr stöðu sinni nema með dómi og verði ekki fluttir í annað embætti nema þegar verið er að gera aðra skipun á dóminum, og þó því aðeins, að þeir missi einskis í af launum sínum. Þess vegna er það beint tekið fram, beinlínis tryggt í stjskr., að hægt sé að breyta þessu með lögum. Í síðari hluta 57. gr. er það eingöngu tryggt, sem talað er um í 55. gr., að hægt sé með einföldum lögum að breyta skipun dómstólanna. En ef það væri ekki, þá væri þó hægt að láta dómarana fara í önnur embætti, þegar verið er að gera breyt. á skipun dómsins. Það, sem þess vegna hæstv. ráðh. eða eftirmaður hans, ef núv. ráðh. verður ekki lengi í þessu starfi, getur gert, er að sjá svo um, að þeir dómarar, sem nú eru í hæstarétti, komist í þennan nýja rétt. Ef þetta frv. verður að l., þá stendur það opið fyrir þá gömlu dómara að bjóða sig

fram aftur, og a. m. k. getur ráðh. og hans flokkur tryggt það, að a. m. k. einn eða tveir af þeim hljóti sæti í þeim nýja rétti, svo að þá þyrfti ekki að koma til greiðslu á eftirlaunum þeim til handa, fyrr en þegar þeir fyrir fullt og allt hættu þessum störfum.

57. gr. stjskr. heimilar einnig aðra útvegi í þessu efni. Ef yngsti dómarinn í hæstarétti, sem nú er þar, Einar Arnórsson, vildi þannig ekki láta kjósa sig í þennan nýja dóm, en stj. hinsvegar vildi ekki láta hann komast á eftirlaun, er hægurinn einn fyrir hæstv. dómsmrh. að gera Einar Arnórsson aftur að prófessor við háskólann, því að hið gamla embætti hans þar er enn óveitt, eða að bæjarfógeta á Ísafirði, því að svo er sagt, að Sigurður Eggerz muni aldrei taka við því embætti, þótt hæstv. ráðh. væri að veita honum það, eða yfirleitt setja hann í eitthvert embætti, sem laust væri, er breytingin fer fram. Ég býst við, að hæstv. ráðh. segi við þessu, að hér sé ekki um nógu mikla breytingu á dómsvaldinu að ræða til þess, að breytingin réttlæti slíkan flutning á milli embætta, því að umrædd gr. stjskr., 57. gr., gengur út frá, að verið sé að koma nýrri skipun á dómstólana í landinu, og það verður allt af relativt, hvenær ákvæðum gr. er fullnægt að þessu leyti. Það er langt bæði til Skagafjarðar og Chicago, þótt skemmra sé til Skagafjarðar, óneitanlega. Og sú breyt., sem hér er farið fram á, að gerð verði á dómstólum okkar, er svo djúptæk, að ekki hefir önnur meiri verið á þeim gerð, þar sem í stað konungsveitingar á embættum æðsta dómstólsins í landinu, að svo miklu leyti, sem dómstóllinn ekki hefir sjálfsveitingu á þeim, á nú skv. frv. að fá veitingarvaldið í hendur þjóðinni sjálfri og þannig taka upp nýja skipun í þessum efnum, sem tvö elztu lýðveldi heimsins hafa búið við, annað á aðra öld og hitt í fleiri aldir, og hefir einmitt þetta atriði bætzt við til viðbótar við það, sem á undanförnum þingum hefir verið talað um í þessu máli.

Ég hefi heyrt það eftir samherjum hæstv. dómsmrh., að meiningin væri að biðja forseta að vísa þessu frv. frá, af því að frv. bryti í bág við stjskr., en ég býst þó ekki við, að fyrir þessu verði færð þau rök, sem tekin verði til greina. Ég hefi þannig sýnt hér fram á, að stjskr. kveður svo á, að gera megi breytingar á dómsvaldinu með einföldum l., og sömuleiðis, að flytja má embættismann á milli embætta, ef hann aðeins við flutninginn missir einskis í af embættistekjum. Ég gæti þó ef til vill hugsað mér, að slík krafa um að vísa frv. frá kæmi fram út frá 27. gr. þingskapa, þar sem svo segir, að hvert frv., sem felur í sér breyt. á stjskr., skuli nefna frv. til stjórnskipunarlaga, og ætla ég að fara nokkrum orðum um þetta atriði. — Um stjskr. er bæði talað í víðari og þrengri merkingu. Sé um stjskr.atriði í þrengri merkingu að ræða, verður því ekki breytt, nema það hljóti jákvæði tveggja þinga með þingrofi og nýjum kosningum á milli, en sé hinsvegar um að ræða stjskr.atriði í víðari merkingu, verður því breytt með einföldum l., eins og t. d. er tilfellið með þjóðkirkjuákvæði stjskr., og með 55. og 57. gr. stjskr. er það beinlínis lögverndað, að fyrirkomulagi dómsvaldsins megi breyta með einföldum l., eins og ég enda hefi rakið hér áður.

Þá ætla ég að svara hv. 1. landsk. nokkrum orðum út af því, sem hann vék að hér í ræðu sinni í dag, en ég á enn ósvarað, og var það, að ófarnaður gæti af því stafað fyrir þjóðina, ef menn af ólíkum flokkum fengju sæti í æðsta dómstólnum, vegna þess, að kosið væri í hann. Vil ég út af þessu minna hv. 1. landsk. á það, að hann er ekki hræddur við samsteypustj. tveggja flokka, eins og þá, sem nú situr í landinu, og gætir lítils samræmis hjá hv. þm. í þessu tvennu. Hv. þm. fórust svo orð um þetta efni í Morgunblaðinu 5. júní síðastl.:

„Tilgangurinn með baráttu sjálfstæðismanna er auðvitað sá, að stefna þess flokks sé hin ráðandi í löggjöf og landsstjórn. Eftir fylgi flokkanna í landinu er sem stendur unnt að ná þessu marki með samvinnu við þann hl. Framsóknar, sem stendur næstur sjálfstæðismönnum í skoðunum, og ekki á neinn annan hátt. Þessarar samvinnu hljóta sjálfstæðismenn því að óska, vegna hagsmuna þjóðarinnar, á hverjum þeim tíma, sem Sjálfstfl. hefir ekki einn út af fyrir sig nægi-

legt kjörfylgi til þess að fá hreinan þingmeirihl. Þetta breytist ekki, þótt réttlætiskröfunni fáist framgengt. Slík samvinna er nú einmitt byrjuð með samsteypustj.“

Ég vildi minna hv. 1. landsk. á þessi orð hans í sambandi við þetta mál. Hann skýrir hér frá því, að hann álíti, að prýðilega geti farið á með samsteypustj., sem Framsfl. og Sjálfstfl. myndi, en tekur það þó skýrt fram, að hann telji hreina flokksstj. bezta, og að þetta sé næstbezta lausnin fyrir Sjálfstfl., meðan hann hefir ekki meiri hl., að fá þann hl. Framsfl., sem stendur næstur þeim sjálfstæðismönnum í skoðunum, eins og hann orðar það, til þess að stýra landinu eftir stefnu Sjálfstfl. Úr því að hv. 1. landsk. hefir þessa tröllatrú á samvinnu við framsóknarmenn um landsstjórnina, vil ég spyrja hv. þm., hvað því veldur, að hann getur ekki ímyndað sér slíka samvinnu milli flokkanna í dómstóli, sem flokkarnir velja menn í með hlutfallskosningum. Mér virðist þetta einmitt þvert á móti nálgast hvort annað allmikið, og ég þykist þess fullviss, að við framsóknarmenn mundum af okkar hálfu kjósa í dómstólinn einn af þessum góðu framsóknarmönnum, sem hv. 1. landsk. hefir stundum talað um, að væru til í Framsfl., þrátt fyrir allt, en náttúrlega yrði framsóknarmaðurinn ekki eins góður og íhaldsmaður; það er hlutur, sem segir sig sjálfur frá íhaldssjónarmiði.

Ég vona, að ég hafi nú leitt hv. 1. landsk. í allan sannleika í þessu efni og að þessi miðaldahræðsla hans við það, að þjóðin sjálf kjósi dómarana í æðsta dómstólinn, hverfi, og að hv. þm. sjái sér nú fært að greiða frv. atkv., ekki sízt þegar hann athugar sína eigin frelsisbaráttu, sem miðar að því, að kjósendurnir hafi hlutfallsleg áhrif á úrslit þjóðmálanna.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Þrátt fyrir töluverða söguþekkingu er hv. 5. landsk. ekki enn búinn að átta sig á því, hvað það var, sem þjóðirnar unnu á, þegar frelsishreyfingin, sem hófst í Frakklandi í lok 18. aldar, gekk yfir heiminn. Ég vil því endurtaka það, sem ég áður sagði í þessu efni, að það, sem þjóðirnar unnu á, var þessi þrískipting valdsins, sem ég talaði um, í löggjafarvald, sem fulltrúar þjóðarinnar sjálfrar fara með, dómsvald, sem er í höndum óháðra dómenda, sem eru óháðir ríkisvaldinu og óafsetjanlegir af því, og framkvæmdarvald í höndum stj., sem stjórnar landinu í samræmi við löggjafarvaldið á hverjum tíma. Hv. 5. landsk. hefir enn ekki áttað sig betur á þessu en svo, að honum finnst, að úr því að rétt er, að almenningsviljinn birtist í l., hljóti líka að vera rétt, að vilji almennings komi fram í dómunum, sem taki á sig þá mynd, og eigi dómararnir þannig ekki að dæma eftir l., heldur eftir einhverju öðru. Þessir menn, sem höfðu fengið reynslu miðaldanna af því, hvað það þýddi, að dómararnir væru bundnir geðþótta valdhafanna, sem réðu skipun og útnefningu dómaranna, og jafnvel tilveru sjálfra dómstólanna, vildu komast burt frá því ástandi, að dómstólarnir væru undir áhrifum annara en l., og þeir settu fram þá kröfu, að dómstólarnir dæmdu eftir l., og ákvæði um það hafa verið sett í stjskr. allra lýðfrjálsra ríkja, og er einnig í okkar stjskr. Hv. 5. landsk. er svo geðríkur flokksmaður, að hann getur óefað ekki hugsað sér það um sjálfan sig í nokkru máli, að hann fari eftir öðru en flokkssjónarmiðum og flokkshagsmunum, og hv. þm. virðist ekki átta sig á því, að flestir aðrir menn eru öðruvísi gerðir að þessu leyti. Flestir menn, sem eitthvað er í spunnið a. m. k., eru svo gerðir, að ef þeir gegna skyldustörfum, sem þeir samkv. l. og venjum eiga að láta önnur sjónarmið ráða gerðum sínum við en flokkssjónarmið og flokkshagsmuni, þá eru þeir líka menn til að losa hugann undan áhrifum slíkra flokkshagsmuna, og dómararnir láta l. ráða í dómum sínum. Til þess að tryggja, að dómararnir geri þetta, þarf ekki að vera að rekast í því, hverri stefnu dómararnir fylgi í landsmálum, að því leyti, sem þeir kynnu að taka þátt í þeim, því að ef þeir eru þroskaðir menn, þá vita þeir, að þeir eiga að setja allt slíkt til hliðar og fara eftir l. Ef landsmenn vilja áfram, að dómararnir dæmi eftir l., en ekki hverfa aftur í þá miðaldatilhögun, að dómararnir dæmi eftir vilja og geðþótta valdhafanna, eiga landsmenn að halda þeirri trygg-

ingu, sem er fyrir því, að dómararnir geri þetta, og það er verkefni stjskr. og dómaskipunarl. að ganga svo frá l. í þessu efni, að dómararnir geti leyft sér að virða þingflokka og stj. að vettugi að því er snertir dómsniðurstöður allar, og fari eftir l. Stjskr. tryggir þetta með ákvæðinu um það, að ekki megi skerða á nokkurn hátt efnalega afstöðu dómaranna, og gerir þá þannig fjárhagslega óháða valdhöfunum, svo að dómararnir geta látið sér í léttu rúmi liggja, hvort þeim líkar betur eða verr. Er ég sannfærður um það, að sú er hin ríkjandi skoðun hér á landi sem annarsstaðar, að einmitt með slíku ákvæði sé það tryggt, að smælingjarnir nái rétti sínum fyrir dómstólunum, enda þótt þetta kunni á einhvern hátt að rekast á vilja eða hagsmuni valdhafanna. Það er þessi grundvöllur, sem hv. 5. landsk. vill draga dómstólinn í brott frá, og hefir hann nú fundið það feginsráð að reyna að koma því skipulagi á dómstólinn, sem var algengt á miðöldum, og að vísu enn lafir nokkuð af í 2 lýðveldum heimsins.

Þegar hv. 5. landsk. spyr mig að því, hvort ég muni ekki geta fallizt á samskonar samvinnu milli dómaranna í æðsta dómstóli landsins eins og nú er á milli 2 stjórnmálaflokka á þinginu, segi ég bara það, að hv. þm. talar eins og hann viti ekki, hvað hann er að tala um, að innan dómsins mega stjórnmálaskoðanir ekki hafa áhrif á dómsúrslitin. (**JónasJ**: En ef þær gera það?). Þá er um brot á skyldum dómarans að ræða, sem verður að kippa í lag, og ég hugsa, að þetta sé fátítt, en ég vil vekja athygli á því, að hv. þm. vill bæta úr því, sem hann ímyndar sér, að áfátt sé í þessum efnum, með því að gera dómstólinn pólitíska og háðan flokkavaldinu, og veit ég, að allir skilja, hver fjarstæða það er að bæta úr því böli með því að líða annað meira, ef mannlegur veikleiki í einhverjum tilfellum skyldi reynast sterkari en lagaskyldan, með því að nema í burt alla tryggingu fyrir því, að skyldan geti þó fengið að verða yfirsterkari. Það er ekki snefill af réttri hugsun í því hjá hv. þm., þegar hann þykist vilja bæta úr þessu með því að kasta burt öllum tryggingum, sem eru til fyrir því, að þetta geti komið fyrir. Þarf ég ekki að eyða fleiri orðum að því, hver fjarstæða þetta er, jafnvel frá sjónarmiði sjálfs flm., sem eftir að hafa flutt þetta mál hér þing eftir þing, ætlar sér nú að bæta úr því, sem að vísu getur komið fyrir, að æðsti dómstóllinn sé ekki nægilega óhlutdrægur, með því að gera þá skipun á dómstólnum, er gerir dómarana algerlega háða umboðsvaldinu, með því að fella niður þá tryggingu, sem dómararnir hafa nú fyrir því, að þeir geti haldið áfram að ala önn fyrir sér og heimilum sínum, þótt dómar þeirra séu ekki valdhöfunum að skapi. Ég þarf og ekki að minnast á það, sem hv. þm. lýsti, að vesturfararnir flýðu af Englandi undan pólitíska valdinu þar og undan þeim dómstólum, sem þjónuðu því pólitíska valdi. Það var miðaldatilhögunin, sem þeir voru að flýja, en þeir gerðu það svo snemma, að þegar þeir sköpuðu sér sitt nýja skipulag, hugsuðu þeir ekki svo skýrt, að þeir gætu að öllu leyti losað sig við þá tilhögun, sem þeir voru að flýja, af því að þetta var löngu fyrir 1789 og áður en sú alda sigraði, er þá reis.

Ég get fullvissað hv. 5. landsk. um það, að þessari tilraun hans til að lögleiða miðaldaskipulagið í þessum efnum var réttilegar lýst en hann sjálfur gerði sér grein fyrir, þegar hann kom með þá samlíkingu, að þetta væri álíka og að fara með kolablað til Newcastle. Hv. þm. hefir grafið það úr námu útdauðra og útkulnaðra lífvera, eins og kolablað. (**JónasJ**: Eru Bandaríkin svona aum?). Svo aum, að þau eiga enn eftir marga dauða kvisti frá miðöldum. Og þegar hv. 5. landsk. kemur með þetta blað úr kolanámu liðinna alda til Newcastle, er ekki annað að gera en láta það í eldinn, ekki af því, að það hafi þýðingu fyrir neinn eða veiti nokkurn hita, heldur til þess að verða laus við óþrifnaðinn af því og láta það brenna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, GÓ.

nei: GL, HSteins, JónÞ, PM, BSn.

Einn þm. (JakM) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. með 7 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

54. Æðsti dómur.

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um æðsta dóm (þmfrv., A. 148).

Á 27. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Ég hefi leyft mér að bera fram frv. þetta í þeim tilgangi að búa betur um æðsta dómstól þjóðarinnar en nú er gert, og um leið að tryggja réttaröryggið í landinu.

Það má eflaust segja með nokkrum sanni, að þetta sé ofdirfska af mér, ólöglærðum bónda, en þar sem svo heppilega vildi til, að tveir mjög mætir lögfræðingar, sem jafnframt eru þaulæfðir dómarar, féllust á aðalbreyt. þær, er fyrir mér vöktu um löggjöf dómstólsins, og veittu mér jafnframt óskorað lið við að koma þeim í frv.form, þá hikaði ég ekki við að bera þær fram fyrir Alþingi og alþjóð manna.

Þar sem frv. þetta er þannig samið með aðstoð þessara tveggja mætu manna, treysti ég því, að það sé sæmilega úr garði gert. Jafnframt skal þess getið, að hv. 2. þm. Árn., sem er elzti lögfræðingur þingsins, gerði mér og þann mikla greiða að lesa frv. yfir í handriti. Hvatti hann mig og til þess að flytja það. Þá hafa og allmargir flokksbræður mínir, bæði innan þings og utan, er séð hafa frv., hvatt mig til hins sama.

Aðalástæðan fyrir framkomu frv. þessa er sú, að ég tel æðsta dómstól okkar, eins og hann nú er skipaður, tæplega nógu sterkan á þeim umbrota- og ofsatímum, sem nú ganga yfir heiminn, og okkur að nokkru leyti líka. Það koma oft mjög viðkvæm mál fyrir dómstólana, ekki sízt á slíkum tímum, sem orkað getur tvímælis, hvernig dæma skuli. Er þá sízt spöruð ofstækisfull gagnrýni, því jafnvel lætt inn hjá fólki, að á dómstólunum sé ekkert að byggja, þeir séu flokksdómstólar eða stéttadómstólar. Undir slíkum kringumstæðum ríður mjög á því, að a. m. k. æðsti dómstóllinn sé nægilega sterkur. Eins og kunnugt er, hefir staðið að undanförnu allmikill styr um dómstólana hér á landi, jafnvel æðri sem lægri, þó yfir hafi þó tekið um hæstarétt. Af slíkum árásum, sem verið hafa á dómstólana hjá okkur, tel ég beinlínis, að stafað geti hinn mesti háski. Mér virðist það því skylda löggjafarvaldsins að gera allt, sem í þess valdi stendur, til að búa svo um þá, að slíkar árásir geti helzt ekki átt sér stað. Þó að löggjafarvaldið geti gert mikið í þessu efni, þá er það að sjálfsögðu ekki að öllu leyti á valdi þess að tryggja álit dómstólanna og koma í veg fyrir óréttmætan hávaða um þá. Dómararnir sjálfir verða að vanda sína framkomu í hvívetna, koma sem virðulegast fram, og væri mjög æskilegt, að allir dómarar, jafnt æðri sem lægri, tækju sem allra minnstan þátt í stjórnmálum eða héraðsmálum. Blöðin og einstakir borgarar verða og að gæta þess að sýna dómstólunum fulla sanngirni. Róleg, rökstudd gagnrýni, þar sem málin eru rædd með fullri sanngirni, er fyllilega réttmæt. Hinu ber að gjalda varhuga við, að vera með ofstækisfullar og óbilgjarnar árásir á dómstólana. „Það er þegnskylda að þola lög, þó að móti gangi". Löggjöfin má því ekki láta sitt eftir liggja, þó að hún ein geti ekki tryggt dómstólunum traust og vinnufrið.

Að sjálfsögðu má með löggjöf gera ýmsar endurbætur á dómstólunum, og skiptir þá mestu um æðsta dómstigið. Kemur þá fyrst til athugunar, að vel sé búið um skipun í dómaraembættin, og á því, að vel takist val dómaranna, veltur allt réttaröryggi í landinu. Það virðist því vera nokkuð mikil áhætta að leggja slíkt veitingarvald með öllu í hendur eins manns. Hér er því lagt til, að allir ráðherrarnir hafi atkv. um veitinguna, og að mesti trúnaðarmaður þjóðarinnar, forseti ráðuneytisins, beri ábyrgð á henni. Það gat og komið til mála að fela einhverri ópólitískri stofnun veitinguna, en vandkvæði eru þó á því.

Þá getur það verið álitamál, hversu margir eigi að skipa dóminn. Það ætti ekki að orka tvímælis, að líkur væru fyr-

ir því, að málin yrðu þeim mun betur athuguð, sem fleiri skipuðu dóminn. Þau yrðu rædd og athuguð frá fleiri hliðum. Hér er því lagt til að fjölga dómurum frá því, sem þeir eru nú í hæstarétti. Annars verður tæplega annað sagt en að teflt hafi verið á tæpasta vaðið, að hafa aðeins þrjá. Ef rakin er þingsagan alla tíð frá miðri síðustu öld, kemur það berlega í ljós, að allir okkar mætustu menn hafa talið æðsta innanlandsdómstólinn of veikan, allt hvað hann var ekki skipaður 5 dómendum. Um þetta atriði farast lögmanninum í Reykjavík svo orð í ritgerð í tímariti lögfræðinga og hagfræðinga 1924:

„Þetta álit, að efra og úrslitadómstigið sé of veikt, skipað aðeins þrem mönnum, er ekki nein hverful hugarhræring, stundar geðbrigði eða staðlaus hjátrú fáeinna manna. Nei, það er rótgróin skoðun, bjargföst sannfæring, óhvikul vissa lærðra sem leikra, ólöglærðra sem löglærðra, kynslóð eftir kynslóð. Þetta byggist vitanlega á því, að þess öruggari sé dómsniðurstaðan, sem fleiri lærðir og vitrir menn gjalda henni samkvæði, en þó fullt svo mikið á þeim raungæfa sannleika, að þessir góðu menn geta haft býsna mismunandi skoðanir um, hver úrslit máls og dómur eigi að vera. Í nefndardómstóli ræður meiri hlutinn dómi. Dómstólarnir eiga að dæma eftir lögunum og ennfremur að ákveða, hver eru lög í landi um það atriði, sem fyrir liggur. Dómsúrslitin velta þá á því, hvað þessi meiri hl. telur lög og rétt. Ágreiningur milli dómenda máls um úrslit þess leiða óhjákvæmilega til efasemda um réttmæti úrslitanna, fyrst og fremst hjá þeim málsaðila, sem undir verður, og ef til vill hjá almenningi, ef um þess háttar mál er að ræða, sem hann lætur til sín taka. Mönnum verður það fyrir að líta á dóminn og málsúrslitin öllu heldur sem valdboð eða skipun hins sterkara — að vísu byggða á lagagrundvelli —, en sem öruggustu og réttustu úrlausn málsins. Það er ekki alveg nóg, að dæmt sé rétt, heldur þarf því að vera samfara, að þeir, sem við dómstólana eiga að búa, trúi því og treysti, að dómar hans séu réttir. Dómaskipun allra menningarþjóða hefir því haft það markmið, ekki aðeins að tryggja sem bezt réttdæmi dómstólanna, heldur að efla traust almennings til þeirra, og sérstaklega til þess, að því mætti fyllilega treysta, að næg væri trygging fyrir réttum dómi á úrslitadómstiginu. Og til þess að ná þessu tvöfalda markmiði er höfð sú meginregla, að efra dómstigið er ekki aðeins styrkara en hið óæðra að mannvali, heldur og að manntali".

Hvað snertir starfsaðferð dómsins, þá virðist fyllilega réttmætt að fyrirskipa opinbera atkvæðagreiðslu í honum. Má það fyrst og fremst vera lærdómsríkt fyrir menn utan dómsins, og ennfremur ætti það að vera dómendunum hvöt til vandvirkni. Þar sem allir virðast vera á einu máli um þetta atriði, skal ég ekki fara fleiri orðum um það nú. Það skiptir að sjálfsögðu miklu máli, að dómaraefni æðsta dómstólsins hafi fengið sem mesta æfingu í dómarastörfum. Þó hefir svo einkennilega viljað til, að löggjöfin hefir ekki talið þá menn koma til greina til þess að taka sæti í æðsta dómstólnum, sem fá einna mesta æfingu í dómarastörfum hjá okkur. Það eru fulltrúar lögreglustjóra og lögmannsins í Reykjavík. Það eru menn, sem dæma fleiri dóma en flestir aðrir, og gera það undir leiðsögn einhverra hinna færustu og æfðustu dómara. Úr þessum ágalla er bætt í frv. þessu.

Við samning frv. þótti sjálfsagt að sameina í einn lagabálk öll lög, er varða æðsta dómstólinn. Voru því ákvæðin um varadómara felld inn í það, en jafnframt þótti rétt að breyta þeim ákvæðum allverulega. Eftir núgildandi lögum eru kennarar lagadeildar háskólans sjálfkjörnir varadómarar. Það ákvæði virðist nokkuð vafasamt. Það er nefnil. engin trygging fyrir því, enda þótt kennararnir séu mjög vel færir í sínu starfi, að þeir séu vel fallnir til þess að vera dómarar. Þeir geta t. d. verið reynslulitlir unglingar. Það virðist því fullt svo vel til fallið, að varadómararnir séu skipaðir til hæfilega langs tíma í einu.

Þá skal ég að síðustu fara nokkrum orðum um nafn dómstólsins. Orðið hæstiréttur er tæplega málfræðilega rétt. Orðið „réttur" mun að fornu frekar tákna lög en dóm, sbr. t. d. kristniréttur. En er til þess kemur að finna annað heiti á dómstólinn, vandast málið, því að vart

finnast tveir menn, sem eru sammála um það. Á undanförnum árum hefir verið stungið upp á orðinu fimmtardómur. Það hefir það til síns ágætis, að það var til í fornmálinu og er liðugt í munni, en enginn frægðarljómi stendur af fimmtardóminum forna. Hann virðist hafa verið stofnaður af hálfgerðri undirhyggju, og átti helzt að fást við leiðindamál. Nafn þetta gæti þó átt allvel við dómstól þennan eins og hann er hugsaður hér, skipaður 5 mönnum, en breytist tala dómendanna, er nafnið óhafandi. Nú má vel vera, að tala dómendanna breytist er stundir líða, og er þá ekki viðeigandi að vera að hringla með nafn æðsta dómstólsins. Hér er því tekið upp heiti á dómnum, sem einn okkar mesti íslenzkumaður notaði á sinni tíð. En annars er ég fús til samkomulags um hvert almennilegt heiti á dómnum. Mér þykir aðeins leitt að vera að hringla með nafn æðsta dómstólsins.

Ég get vel búizt við, að það, sem helzt verður haft á móti þessu máli, verði kostnaðaraukinn, sem af því leiðir fyrir ríkissjóðinn. Það er að sjálfsögðu ástæða til þess að athuga þá hlið málsins. En eins og ég hefi bent á í grg. frv., þá verður kostnaðaraukinn tæplega svo mikill, að í hann sé horfandi og hann eigi að ráða úrslitum málsins, þegar annarsvegar er um það að ræða að tryggja réttaröryggið í landinu.

Það virðist töluvert einkennileg tilviljun, að frv. þetta skuli flutt á Alþingi á 100 ára dánarafmæli Magnúsar konferensráðs Stephensens, þess manns, sem tvímælalaust hefir markað merkast spor allra einstakra manna í sögu dómstólanna íslenzku, að Þórði Gelli undanteknum.

Stofnun landsyfirdómsins var afarmikil réttarbót. Nú áttu 3 færustu lögfræðingar að fjalla um dómsúrskurð mála í góðu tómi í stað flaustursverkanna á Þingvöllum síðustu árin.

Það hefir hlotið að vera geysimikil réttarbót þess mæta manns, sem þetta þrekvirki vann að koma á fót landsyfirdóminum og stjórna honum með skörungsskap fyrsta þriðjung aldarinnar. Gæti Alþingi ekki minnzt á betri hátt en með því að setja á þessu ári sem myndarlegasta löggjöf til að efla æðsta dómstól landsins og tryggja þannig, sem mest og bezt réttaröryggi þjóðarinnar.

Með þeirri einlægu ósk, að þetta megi takast, læt ég máli mínu lokið.

Jónas Jónsson: Ég get ekki verið sammála hv. flm. um það, að óviðeigandi sé, að maður utan af landi, sem ekki hefir verið embættismaður eða lögfræðingur hér í bænum, beri fram hér á Alþingi till. um breyt. á úrslitadómstóli þjóðarinnar. Ég vildi frekar snúa þessu við og telja það eðlilegast, að slíkar till. kæmu utan af landsbyggðinni, af því að meðal þeirra manna, sem búa í sveitunum, ríkir almennt megnust óánægja yfir ýmsu, sem fram hefir komið í réttarfarinu, einkum að því er snertir hæstarétt. Og þaðan munu síðan koma sterkar öldur, sem knýja fram á Alþ. umbætur á réttinum og fleiru, sem aflaga fer í réttarfarinu.

Hitt er annað mál, hvort hv. flm. þessa frv. hefir verið svo giftusamur, bæði nú og áður, að túlka tilfinningar sinnar stéttar gagnvart réttarfarsmálunum. Ég býst við, að þær upplýsingar, sem hann gaf um, að hann hefði notið aðstoðar tveggja hátt settra embættismanna og lögfræðinga hér í bænum við samningu frv., bendi öllu fremur á, að þar hafi meira gætt áhrifa frá Reykjavík og einstökum mönnum hér í bænum, sem engin sambönd hafa við fólkið úti um land, fremur en frá bændum, sem búast hefði mátt við, að hv. flm. bæri hér fram í þeirra nafni sem flokksfulltrúi þeirra.

Hv. flm. hefði að ég hygg getað rakið undirbúningssögu þessa frv. í vetur betur en hann gerði. Það er kunnugt, að hæstv. dómsmrh. og hans nánustu pólitísku aðstandendur hafa verið að vinna að undirbúningi frv. um breytingar á hæstarétti. (**Dómsmrh.:** Nei, þetta er eintóm vitleysa). Það er á margra manna vitund. (**Dómsmrh.:** Ætli ég viti það ekki betur en aðrir, hvað ég geri sjálfur?). Þetta var nú samt sem áður svo, og það er vitað, að hæstv. dómsmrh. getur sagt ósatt og gerir það mjög oft, þegar honum þykir við þurfa. (**Dómsmrh.:** Ég er a. m. k. eins sannorður og hv. 5. landsk.). Það verða nú aðrir til að dæma um það en við sjálfir, og mun þetta sannast á sínum tíma.

Ýmsir af flokksbræðrum hæstv. dómsmrh. hafa álitið óheppilegt, að stj. flytti frv., og þess vegna var það sveipað huliðsblæju þangað til nú. Þeir höfðu ráðgert að styrkja hæstarétt með því að bæta tveimur mönnum inn í dóminn. Og þar var hugsað fyrir sæti handa hæstv. dómsmrh., ef hagir breyttust eitthvað í landsstj. frá því, sem nú er. Þessar ráðagerðir voru uppi meðal íhaldsmanna hér í bænum fyrir jól í vetur, en síðan hefir ekkert af þeim frétzt fyrr en nú á þinginu, er hv. flm. þessa frv. gerði grein fyrir, að hann hefði notið aðstoðar þeirra tveggja lögfræðinga, er hann nefndi, við undirbúning frv.

Þetta samsuðufrv., sem hv. flm. leggur hér fram, stendur í sama hlutfalli við það fimmtardómsfrv., sem flutt hefir verið á undanförnum þingum, eins og grínmynd við raunverulega sanna mynd.

Ég kem þá að því atriði í grg. frv., þar sem hv. flm. segir, að nauðsynlegt sé, að hinn æðsti dómur sé svo sterkur, að hann njóti fullkomins trausts, og talar um að veita dómnum þann styrk með því að fjölga dómurum í réttinum um tvo, eða úr þremur upp í fimm. Hann lætur svo sem um þetta atriði hafi aldrei heyrzt neitt áður talað. Það lítur út fyrir, að hv. flm. og þeir vísu menn, sem um frv. hafa fjallað með honum, gæti þess ekki eða muni ekki eftir því, að frá 1919—1925 var hæstiréttur skipaður 5 dómurum. En það er mála sannast, eins og kunnugt er, að einmitt á þeim árum kom fram sterkust kritík og andúð gegn réttinum; og það er spursmál um, hvort hann hefir nokkurntíma beðið meiri álitshnekki en á þeim árum. Þá dæmdi rétturinn hinn illræmda dóm í máli Samb. ísl. samvinnufél. og Björns Kr., sem undirbjó aftur hneykslisdóminn í máli Garðars Gíslasonar gegn Tímanum. Í fyrra málinu dæmdu 5 dómarar, og sennilega hefir aldrei þekkzt meira ósamræmi í dómum hæstaréttar en á þessu tímabili, og þess vegna er svo langt frá því, að þessi skoðun hv. flm. um styrk dómstólsins verði rökstudd með dómi sögunnar og reynslu frá þessum árum. Rétturinn hefir máske nú á síðustu árum, eftir að dómarar urðu aðeins þrír, dæmt ýmsa dóma, sem almenningur álítur illa rökstudda, eins og ýmsa af þeim dómum, sem 5 manna rétturinn kvað upp. En tæplega verður meira gert úr mistökum réttarins nú en áður. Hv. flm. segir í grg., að það verði að teljast vafamál, hvort hæstiréttur njóti nú svo almenns trausts borgaranna sem þörf er á. Einstakir dómar og einstök afskipti dómaranna við réttinn muni a. m. k. nokkuð orka tvímælis, jafnvel hjá gætnum og góðum borgurum. — En svo virðist hv. flm. gleyma því aftur um stund, sem hann hafði sagt, dregur því ofurlítið úr, og bætir þessu við, að „sem betur fer muni þó rétturinn njóta allmikils trausts". Það er að vísu ekki vel skiljanlegt, hvernig þetta tvennt verður samrímað hjá hv. flm., að vafamál sé, hvort hæstiréttur njóti almenns trausts borgaranna, svo sem þörf er á, en að þó muni traustið vera allmikið! En eftir því, sem fram kom í ræðu hv. flm., má þó draga út úr þessu það álit hans, að hæstiréttur njóti nú litils trausts í landinu, og það er alveg rétt.

Þá er ennfremur í grg. frv. talað um, eins og það væri nýmæli, að komið gæti til mála að gera þessum nýju dómurum að skyldu að gegna aukastörfum fyrir þjóðfélagið án sérstaks endurgjalds, og er í því sambandi bent á tvennskonar störf. Kennslu í lagadeild háskólans og aðstoð við samningu lagafrv. til handa ríkisstj.

Till. um þessi atriði eru bornar fram í öðru frv., sem hér er á dagskrá í dag til breytinga á hæstarétti, og það á miklu gleggri hátt. En í þessu frv. virðist aukastörfunum ekki réttlátlega skipað niður. Það er mjög undarlegt, ef sumir af dómurum þessa réttar eiga að vera háðir öðrum skyldum en hinir, og þessi aukastörf virðast aðeins eiga að ná til viðbótardómaranna. Ennfremur er aðeins þremur dómurum, þeim, er á hverjum tíma hafa síðast hlotið skipun, skylt án endurgjalds, ef lagadeild æskir og dómsmrh. mælir með, að flytja fyrirlestra við háskólann eina stund á viku hvert kennslumisseri.

Eins og nú stendur eiga hæstaréttardómarar ekki að gegna öðrum störfum utan réttarins, og geta að fullnuðu aldursmarki farið frá með fullum launum. En mér skilst, að þessir viðbótardómarar eigi ekki að geta fallið undir það ákvæði að

fara frá embætti með fullum launum, þegar þeir eru orðnir 65 ára, af því að þeir hafa gegnt annarlegum störfum auk dómsstarfanna, og virðist það einkennileg ákvörðun.

Annars sagði hv. flm. það berum orðum, að réttaröryggið væri alls ekki nægilega mikið nú í landinu, en að það mætti auka og styrkja með því að fjölga dómurum upp í fimm. Og fannst honum það vera mikið þrekvirki af þessum tveimur spöku lögfræðingum, að hafa fundið þá lausn á málinu! Þetta er að vísu gamalt fyrirkomulag, sem Einar Arnórsson lagði til árið 1919, og gilti það þangað til Jón Magnússon breytti því 1924 og fækkaði dómurum í hæstarétti niður í þrjá.

Svo minnir hv. flm. aftur enn einu sinni á það í grg., að hæstiréttur sé ekki nógu sterkur, að hann hafi orðið fyrir geysilegri kritík og virðingarskorti og að hæstaréttardómarar þurfi að temja sér virðulegri framkomu en hingað til. Virðist þetta vera skynsamlega mælt, enda sýnir það, að hv. flm. hefir sterka tilfinningu fyrir því, að rétturinn sé í miklu ólagi og að þess vegna þurfi að dubba upp á hann. Ég er hv. flm. alveg sammála um þennan undirtón í grg. frv., enda er þetta í fullu samræmi við það, sem ég hefi haldið fram í umr. um fimmtardómsfrv. undanfarin ár. En ég þykist vita, að í þeim flokki, sem við störfum báðir, þá hafi framkoma hans í þessu máli undanfarið átt minni stoð hjá kjósendum okkar og fólki úti um land yfirleitt heldur en afstaða mín.

Þá sagði hv. flm., að ef einn maður ætti að veita dómaraembættin, þá mætti búast við pólitískri hlutdrægni frá hans hálfu. En ég vil benda hv. flm. á það, sem honum er líklega ekki ljóst, að dómaraprófið hefir ekki ennþá komið til greina við veitingu dómaraembættis í hæstarétti. Núv. hæstaréttardómarar hafa allir verið skipaðir af pólitískum ráðh., spursmálslaust og umbúðalaust. Þess vegna hefir allt það gerræði, sem nú er talið, að eigi að fyrirbyggja með dómaraprófi, verið framið síðan 1919. Hv. flm. taldi það vera varasamt ákvæði, að prófessorar lagadeildarinnar gengdu varadómarastörfum í hæstarétti, af því, að meðal þeirra gætu stundum verið reynslulitlir unglingar. Það er að vísu rétt, að nú stendur þannig á, að við lagadeild háskólans er settur kennari, sem ekki er nema 25 ára gamall. En hv. flm. virðist ekki hafa gætt þess, að hinn ungi lagakennari er valinn til háskólans samkv. prófessoradómi. — Það eru 2 stofnanir, hæstiréttur og lagadeild háskólans, sem velja sér starfsmenn samkv. úrskurði þeirra, sem fyrir eru í hverri stofnun fyrir sig. Það hefir verið sagt, að dómaraprófið væri hin bezta trygging fyrir heppilegu dómaravali. En lagadeildin hefir í þessu tilfelli valið mann í kennarastöðu, sem tæplega mun hafa náð kjöraldri, og það algerlega án samkeppnisprófs. Með þessu hefir hún sýnt, hvað hún leggur lítið upp úr aldri og reynslu. Og þetta bendir einnig á það, hversu sjálfssköpunarregla þessara stofnana er lítilsverð. Það mátti vænta þess, að lagadeildin mundi beita hinni mestu gætni um val á nýjum prófessor og skipa fyrir um samkeppnispróf, en fyrir valinu varð unglingspiltur, sem enga praktiska reynslu hefir hlotið. Þær stangast heldur ónotalega þessar sjálfssköpunarreglur hæstaréttar og lagad. háskólans.

Og svo kemur þessi undarlega gagnrýni hjá hv. flm., að ekki sé hægt að nota kennara lagadeildarinnar fyrir varadómara í hæstarétti vegna ungæðis og reynsluskorts, heldur verði að leita eftir lögfræðingum til þess út í bæ, sem fást við innheimtu skulda og aðra álíka merkilega hluti.

Ég ætla svo að leita frétta hjá hv. flm. um eitt og annað, sem máli skiptir og viðkemur frv., t. d. um nafn réttarins. Við erum sammála um, að nafnið hæstiréttur sé ekki nothæft; en svo kemur hv. flm. hér með nýtt nafn á réttinum, sem virðist dálítið undarlegt og er ekki beinlínis táknandi. En þeir, sem reynt hafa að skýra nafnið á íslenzku, telja, að það muni eiga að þýða guðsdómur, enda muni rétturinn almennt verða nefndur því nafni. Hingað til hefir þetta nafn aðeins verið notað um hinn síðasta dóm eftir dauðann. En af því að það mun vera tilgangurinn með þessu frv., að í þessum rétti fái ekki aðrir sæti en íhaldsmenn, þá yrði þetta að líkindum guðsdómur íhalds-

ins, og er það víst í fyrsta skipti, sem stofnað hefir verið til svo göfugrar samkundu hér á jörðu. Ég veit ekki, hvort biskup landsins og aðrir heitustu trúmenn álíta, að þetta nafn á réttinum sé valið á viðeigandi hátt. Og líklegt er, að þeir óski ekki eftir, að það sé verið að leiða hér fram skopmynd eða eftirstælingu af hinum síðasta dómi — guðsdómi bak við gröf og dauða —, af því að það er ekki víst, að dómurinn hinumegin verði eins íhaldslitaður og þessi dómur á að vera. — Það má nú fyrr rota en dauðrota með þeim ákvæðum, sem hv. flm. og stuðningsmönnum hans hefir tekizt að rígskorða í þessu frv. til tryggingar því, að sama íhaldsklíkan hefði einkarétt til endursköpunar á réttinum.

Í fyrsta lagi er með dómaraprófinu þannig um búið, að þeir dómarar, sem í réttinum sitja, geta fellt hvern þann lögfræðing frá dómaraembætti, sem þeim líkar ekki við, alveg ábyrgðarlaust og án þess að umsækjendur hafi nokkra hugmynd um, af hvaða ástæðu þeir eru felldir frá dómaraprófi. Samkv. þessu frv. er það fullkomlega grunnmúrað, að rétturinn á sjálfur að hafa veitingarvaldið á dómaraembættunum, eins og senatið (öldungaráðið) í Bandaríkjunum hefir veitingarvaldið á dómaraembættum þar í landi, þó að skipunarbréf dómaranna séu undirrituð af öðrum að forminu til. — En það er ekki allt talið enn. Í frv. er þannig um búið, að jafnframt á að útnefna 5 varadómara til 5 ára, og að sjálfsögðu á núv. dómsmrh. að framkvæma þá útnefningu. Það er fyrirfram augljóst, hvernig skipað yrði í þær stöður, þó að ekki sé miðað við annað en veitingu hæstv. ráðh. á sýslumannsembættinu í Húnavatnssýslu og bæjarfógetaembættinu á Ísafirði. Þar gætti hann þess vandlega að fara ekki út fyrir sinn eiginn flokk. Af því má marka, hvernig hann muni skipa í þennan rétt viðbótardómara og 5 varadómara. — Þessir 5 dómaraungar eiga svo að setjast í sjálft hreiðrið, ef aðaldómarar forfallast. Og þegar þeir svo væru búnir að fullnægja sínu dómaraprófi, þá er augljóst, að þessi fyrsta ráðning þeirra sem varadómara getur orðið endanleg, og að þeir muni síðar fá fullnaðarskipun sem aðaldómarar. Með útnefningu þessara dómaraunga getur núv. dómsmrh. fengið fullnaðarvald í hendur til ákvörðunar um dómaraskipun í réttinum næstu áratugi.

Þess vegna er það ekki ákaflega þýðingarmikið hjá hv. flm., að hæstv. forsrh. og ráðherrafundur eigi að veita dómaraembættin. Þeir geta bókstaflega engu um þetta ráðið, fremur en ritvélin ræður því, hvað skrifað er með henni. Ég mun í öðru sambandi minnast nánar á þessa tilfærslu á veitingarvaldinu milli dómsmrh. og forsrh., en um það var mikið rætt á síðasta þingi.

Þá er það einnig talsvert merkilegt, að þeir lögfróðu menn, sem fjallað hafa um frv., skuli ákveða í 4. gr., að auk héraðsdómara, skrifstofustj. í stjórnarráðinu og málaflutningsmanna við æðsta dómstólinn geti komið til greina sem væntanlegir dómarar í réttinum fulltrúar lögmanns og lögreglustjóra í Rvík, en **ekki fulltrúar úr stjórnarráðinu**; það er undarleg gleymska. Nú er það augljóst, að t. d. fulltrúinn í dómsmrn. hefir 100 sinnum betri aðstöðu og meiri æfingu við athugun og meðferð á dómsmálum heldur en sýslumenn í ýmsum héruðum, sem dæma ekki nema 2—3 dóma á ári. En þessi fulltrúi verður að grandskoða hundruð af málum og gera till. um meðferð á þeim. Það er því full ástæða til, að hann sé tekinn með í 4. gr. frv. meðal þeirra, sem koma til greina við val á dómurum í réttinn.

Af þessu, sem ég nú hefi bent á, er það sýnt, að hv. flm. hefði ekki veitt af enn meiri aðstoð við samningu á frv. en þessir tveir meðráðamenn hans hafa látið honum í té. Ég hefi nú gengið í gegnum ýms atriði í frv. og grg. og sýnt fram á: í fyrsta lagi, að nafnið á réttinum er mjög óheppilegt og mun óhæfilegra en fimmtardómsnafnið, af því að æðstadómsnafninu fylgir óneitanlega nokkurt grín og sú smekkleysa, er gefur til kynna, að hann þykist nokkuð heilagur. Þessi skynhelgi er svo augljós, að hún mundi verða réttinum til hinnar mestu niðrunar. Í öðru lagi hefi ég bent á, að aðaltilgangur frv. er sá, að skorða réttinn sem fastast um ófyrirsjáanlegan tíma í einum vissum stjórnmálaflokki. Þetta á að tryggja svo sem unnt er, þó að því sé ekki yfir

lýst, og sama sem lögbjóða, að þingmenn gefi fyrirfram yfirlýsingu um, að rétturinn skuli aðeins vera skipaður íhaldsmönnum. Með því móti er líklega ætlazt til, að rétturinn viðhaldi sem bezt því guðseðli, sem honum hefir fylgt í höndum íhaldsins! Og þar sem hv. flm. telur, að rétturinn hafi ekki verið nægilega sterkur á þessu sviði með þremur dómurum, þá ætlar hann nú að tryggja réttinum guðseðlið, með því að lögfesta, að föstum dómurum verði fjölgað upp í fimm.

Ég get ekki gert mér vonir um, að réttinum hlotnist beinlínis helgiblær með lögfestingu slíkra ákvæða. Það er aðeins eitt, sem veitir réttinum verulegan styrk og traust almennings, og það eru hans eigin verk. Ef þau skilyrði vantar, að dómarnir séu réttlátir, og þegar þar við bætist, að skipulag réttarins er þannig hugsað, að það eykur tortryggni borgaranna í landinu, þá veitist honum enginn styrkur og ekkert traust.

Ég býst síður við því, að hv. flm. geri það viljandi eða af ásettu ráði að leggja þennan dómstól undir yfirráð einnar flokksklíku í landinu, en því mun líkt varið um hann eins og tæra vatnið í Svartá, að eftir að það er komið í Blöndu, þá ber það sama lit og hún. Hv. þm. er úr sveit og hefir því aðstöðu til að líta á réttarfarsmálin frá sjónarmiði bænda, en eftir að hann kom hingað í bæinn og tók að blanda blóði við þann marglita hóp manna, sem hafa gerzt sjálfboðaliðar til þess að halda nokkurskonar lífvörð um hæstarétt og búið honum þetta frv. í hendur, þá virðist hann hafa fengið sama blæ á sig og þeir.

Hv. flm. sagði, að hv. 2. þm. Árn. væri að einhverju leyti höf. þessa frv., en mér þykir mjög undarlegt, ef svo er, með því að hann hefir reynzt manna skeleggastur í réttarfarsmálum, en hann mun segja til sjálfur um sín afskipti.

Flm. (Jón Jónsson): Ég hafði satt að segja ekki búizt við svona mikilli gagnrýni frá hv. 5. landsk., og finnst mér margir hlutir benda til, að ég hafi heldur ekki haft ástæðu til þess.

Ég verð að segja, að ég varð forviða á, að það virtist hneyksla hv. 5. landsk., að ég skyldi hafa leitað aðstoðar lögfræðinga. Mér finnst það einmitt hafa verið skylda mín að leita aðstoðar lögfræðinga í jafnmiklu máli og því, sem hér er um að ræða. Hitt tók ég áður fram, að það, sem aðallega vakti fyrir mér, lagði ég til sjálfur, þótt það sé ekki að öllu leyti mín upphaflega hugsun.

Ég vil hér leiðrétta lítilsháttar misskilning í sambandi við það, sem ég sagði um hv. 2. þm. Árn. Ég sagði ekki, að hann væri höfundur frv., heldur las hann það yfir fyrir mig.

Hv. þm. fann frv. það til foráttu, að þar gætti Reykjavíkuráhrifa. Sé ég ekki, í hverju þau geta verið fólgin, og ekki nefndi hv. þm. nein dæmi máli sínu til stuðnings.

Þá sagði hann, að ég hefði mátt rekja sögu málsins lengra, hvernig það varð til upphaflega. Það mætti rekja það til hæstv. dómsmrh.; tilgangurinn væri að búa til hreiður fyrir hann, þegar hann væri farinn frá ráðherraembætti. Þetta er algerlega tilhæfulaust og auðvirðilegur skáldskapur hjá hv. þm.

Ég hefi ekki minnzt á frv. við hæstv. dómsmrh. eða aðra lögfræðinga en þá 3, sem ég nefndi áður, fyrr en það var komið fullprentað hingað í d. Stend ég því hvorki í sambandi við dómsmrh. eða nokkra aðra en þá, sem ég hefi nefnt, um þetta mál.

Þá sagði hv. þm., að þetta frv. væri ekki annað en grínmynd af fimmtardómsfrv. fræga. Finnst mér, að hann ætti að vera þakklátur fyrir það, að það líktist fimmtardómi nokkuð. Hélt ég, að hann hefði borið fram fimmtardómsfrv. af umhyggju fyrir dómstólum landsins. Eftir því, sem hann hefir skýrt mér frá, hafði hann viljað leggja mesta áherzlu á opinbera atkvgr. í réttinum. En í þessu frv. er hún alveg eins vel tryggð og hjá honum. Hann hefir undanfarið haldið því fram, að réttarfarið væri betur tryggt, ef dómarar væru fleiri en 3. En þar geng ég heildarlegar að verki, með því að gera 5 aðaldómara fasta. Er því ekki rétt af hv. þm. að kalla þetta grínmynd af fimmtardóminum, hafi hann ekki meint tómt grín með frv. sínu. En því vil ég ekki trúa.

Það er engin ný uppfynding mín að

hafa dómarana 5, og hefi ég aldrei haldið því fram, eins og hv. þm. vill leggja mér í munn. Hafa menn jafnan litið svo á hér á landi, að svo þyrfti að vera, og hefir þetta verið krafa Íslendinga allt frá 1850.

Hv. þm. sagði, að meðan dómstóllinn var skipaður 5 dómurum hafi gætt mests ósamræmis í dómsniðurstöðum hans. Nefndi hann þar til 2 dóma. A. m. k. annar sá dómur var kveðinn upp af þremur dómurum, en ekki fimm. Ósamræmið í þeim dómi afsannar því ekki þá kröfu, að dómarar skuli vera 5.

Þá sagði hv. þm., að ósamræmi væri í því hjá mér, að ég sagði, að álitamál væri, hvort núv. æðsti dómstóll landsins nyti nægilegs trausts, og því, er ég sagði seinna, að hann nyti allmikils traust. Í þessu get ég ekkert ósamræmi séð.

Þá eru orð hv. þm. viðvíkjandi niðurlagsákvæði frv., þar sem gert er ráð fyrir, að dómarar gegni þessum störfum fyrir þjóðfélagið endurgjaldslaust. Hann hélt, að af því myndi leiða, að þeir fengju ekki full eftirlaun, er þeir færu frá embætti. Ég skil nú ekki, að þetta geti haft nokkur áhrif á eftirlaunin, því að hér er aðeins um að ræða litilfjörleg aukastörf, sem veita dómurum engar tekjur.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði talið samningu þessa frv. mikið þrekvirki af þeim lögfræðingum, sem hefðu hjálpað mér. Ég held, að ég hafi alls ekki nefnt orðið þrekvirki í þessu sambandi. Það var, eins og kunnugt er, Magnús Stephensen, sem breytti dómaskipuninni eins og gert var, þegar landsyfirrétturinn var reistur, og það var þrekvirki.

Þá sagði hv. þm., að ekki væri meiri trygging fyrir réttu vali dómara eftir minu frv. en áður var. Skil ég ekki þá hugsun. Sú breyt. er gerð, að það er ekki dómsmrh. einn, sem ræður, hverjir verða dómarar, heldur ráðherrafundur, og ber forsrh. málið fram. Má öllum vera ljóst, að slíkt tryggir miklu betur réttlátt val. Dómararaunin skapar og trygging fyrir, að góðir lögfræðingar einir komist í dóminn. Hinsvegar felst engin veiting í þessu, heldur er þetta eins og hvert annað embættispróf, sbr. dómarapróf. Hv. þm. sagði, að þrátt fyrir þetta ákvæði um próf hefði það aldrei verið notað, og vil ég í því sambandi benda á, að það mun ekki oft hafa komið fyrir, að embætti hafi losnað í dóminum síðan 1919. Veit ég þó eitt dæmi, frá síðasta ári, en þar hlaut maður embættið, sem staðizt hafði dómaraprófið. Tel ég þessi andmæli því ekki á rökum byggð. Eins held ég, að það sé augljóst, að betur muni takast val á dómurum, ef allir ráðh. bera sig saman, en ef einn maður réði þessu algerlega.

Þá sagði hv. þm., að sem varadómarar myndu verða skipaðir einhverjir skuldheimtumenn. Getur vel verið, að það myndi geta komið fyrir, en mér skilst, að frv. hans leggi heldur ekki bann við þessu, svo að í því efni sé ekki mikill munur á þessum 2 frv.

Hv. þm. vék að nafninu og taldi það mjög virðulegt og minna jafnvel á guðsdóm. Ég vil auðvitað leggja þar til lið mitt, að æðsti dómstóll landsins fái sem virðulegast heiti. Er ég fús til samkomulags, ef aðrir hafa virðulegra nafn, en annars finnst mér þetta nafn forsvaranlegt.

Þá kem ég að uppistöðunni í gagnrýni hv. þm., sem sé þeim orðum hans, að með þessu frv. ætti að tryggja það, að sama klíkan gæti haldið áfram að veita dómaraembætti í það endalausa. Ég get nú ekki fallizt á það, að nein klika hafi hingað til veitt þessi embætti, og í annan stað vil ég benda hv. þm. á það, að með þessu frv. er gerð mikil breyt. á því, hverjir veiti embættin. Ef hann lítur svo á, að einhver ósköp séu í veði, ef dómarar eigi að standa fyrir prófi á þessum mönnum, þá vil ég benda honum á það, að í frv. er ákvæði um, að 2 fyrstu dómararnir, sem skipaðir eru í dóminn, séu undanþegnir þessu prófi.

Hv. þm. sagði, að meiri trygging væri í því, að varadómarar, eða litlu dómararnir, eins og hann komst að orði, væru ekki skipaðir af dómsmrh. Vil ég þá ganga til móts við hann um það, að þeir verði útnefndir af ráðuneytinu eins og aðaldómarar.

Þá talaði hv. þm. um það, að nýr flokkur manna hefði samkv. frv. rétt til að skipa dómarasæti, sem sé fulltrúar lögreglustjóra og bæjarfógeta í Rvík. Þetta er rétt, en það er af því, að þessir menn hafa óvenju mikla æfingu í slíkum mál-

um. Hjá annari þessari skrifstofu koma jafnvel stundum fyrir 1000 mál á ári, og er það meira en hjá sjálfum hæstarétti, svo að ég tali ekki um sýslumenn. Fulltrúar í dómsmrn. hafa einnig mikla æfingu í þessum málum, en vantar þó mikið til þess að það sé sambærilegt við hina 2 flokkana, sem ég nefndi.

Af þessu öllu held ég, að meiri hl. af gagnrýni hv. þm. hafi við lítil rök að styðjast, sérstaklega þó þungamiðjan í þessari gagnrýni, sem sé það, að hér sé verið að stofna til þess, að sama klíkan geti valdið veitingu þessara embætta ár frá ári. Það nær auðvitað engri átt.

Magnús Torfason: Það er ekki nema eðlilegt, að ég sé upp með mér af því, að hv. flm. skuli hafa þóknazt að veita mínu óheiðraða nafni þann heiður að nefna það í sambandi við þá lögfræðinga, sem hefðu undirbúið þetta frv. En hvað þetta snertir, verð ég þó að vera dálítið hissa á því, að hann skuli vera að blanda mínu nafni hér inn í, því þegar hann bað mig að lesa yfir frv., þá fór hann svo leynilega með það, að meiri leynd hefði hann ekki getað við haft, þótt hann hefði verið að bera það undir mig, hvernig hann ætti að fara að því að gera þessa 3 dómara hæstaréttar höfði styttri.

Mér heyrðist ekki betur en hv. flm. vildi líta svo á, sem ég hefði hvatt hann til að bera fram frv. þetta. Ég er nú að vísu sammála honum um tvö atriði frv. Í fyrsta lagi um það, að það sé ekki ófyrirsynju gert að punta eitthvað upp á hæstarétt í augum þjóðarinnar, og eins er ég honum sammála um það, að fjölga beri dómendum. Hefi ég alltaf haft þá skoðun. Hinsvegar get ég líka lýst yfir því, að ég hefi látið þau orð falla, að mér fyndist ekki nema eðlilegt, að hann bæri fram frv., því að frá mínu sjónarmiði hvíldi á honum sérstök skylda til þess.

Í stuttu samtali, sem okkur fór á milli eftir að ég las frv., man ég ekki betur en að ég dræpi á nokkur atriði þess, sem mér líkaði ekki. Sumum atriðunum var ég sammála, en öðrum meginatriðum var ég mótfallinn. Annars vil ég sem minnst fara út í þetta hér, og er ástæðan sú, sem ég gat um við hann, að ég er nú form. allshn. Sagði ég honum, að bezt myndi fara á því, að ég léti ekki mína skoðun uppi, því að það myndi hvort sem er verða nógu vandhæft fyrir mig að sigla milli brims og boða í n. Þó vil ég drepa hér á eitt atriði, sem hv. flm. minntist á, máli sínu til framdráttar, sem sé minning konferensráðs Magnúsar Stephensens, fyrsta háyfirdómara þessa lands. Skal ég játa, að ég veit ekki, hvort sérstök ástæða er til að heiðra minningu hans að þessu leyti, með því að samþ. einhverjar breyt. á þessum l. á 100 ára dánarafmæli hans. Finnst mörgum þjóðræknum mönnum sem hann eigi engar þakkir skilið fyrir afskipti sín af yfiryfirdóminum. Sá dómur varð til þess, að Alþingi var lagt niður. Segi ég ekki þetta minningu hans til niðrunar, því að þá réð einveldi hér og sú stefna að sameina völdin á sem fæstar hendur. En úr því að maður minnist á þennan mæta mann, þá hefði verið vert að minnast á hann fyrir annað, en það er fyrir stefnu hans í utanríkismálum þessarar þjóðar. Það er ábyggilegt, að sú stefna reyndist holl. Og það er ábyggilegt, að hann reyndist framsýnn í þessum málum, og hann á þakkir skilið fyrir afskipti sín þar, og þess væri óskandi, að þetta unga ríki, sem nú er að komast inn í heimshringiðuna, hallaðist að þeirri stefnu, sem hann hafði í þessum málum, frekar en mér hefir fundizt hingað til hafa vakað fyrir mönnum.

Jón Baldvinsson: Fyrir undanförnum þingum hafa legið frv. til breytinga á hæstarétti, sem hv. 5. landsk. hefir beitt sér sérstaklega fyrir, og hann flytur nú og hefir flutt á undanförnum þingum. Það frv., sem hér er til umr. á eftir, sem er til allverulegra breytinga á dómsfyrirkomulagi og fyrirkomulagi hæstaréttar mundi, ef að lögum hefði orðið, vera allveruleg breyt. til góðs. Við Alþflmenn lýstum því yfir, að við mundum fylgja frv., af því að það mundi hræra ofurlitið upp í hinu gamla íhaldshreiðri, hæstarétti. Enda þótt það væri fyrirfram vitanlegt, að dómsmrh. hefði ekki veitt öðrum en framsóknarlögfræðingum embættin, þá hefði það kannske orðið eitthvað skárra, og hugsanlegt er, að framsóknarmenn, sem hafa minni hagsmuna að gæta í bæjunum, mundu ef til vill líta með meiri

sanngirni, þó ég þori ekki að fullyrða það, á mál, sem yrðu á milli Alþflmanna annarsvegar og íhaldsmanna hinsvegar, sem þráfaldlega koma fyrir, sérstaklega pólitísk mál. Við töldum a. m. k. nokkra bót að því að samþ. það. Hv. 5. landsk. hefir sennilega fyrir klaufaskap ekki getað unnið því fylgi í sínum flokki, því að alltaf hafa einhverjir flokksmenn hans skorizt úr leik. Það hlýtur frekar að vera að kenna hans klaufaskap en að hann á sínum velmagtarárum hefði ekki getað komið frv. fram. Sennilega er nú liðinn sá tími, og nú eru andstæðingar hans innan Framsfl. teknir við völdunum, og nú flytja þeir frv. til breyt. á hæstarétti.

Þetta frv. hv. 3. landsk. um æðsta dóm er, eins og maður hefði getað ímyndað sér, að svörtustu íhaldsmenn hefðu borið fram. Það á að tryggja það, að það fyrirkomulag á hæstarétti haldist, og sérstaklega það, að dómararnir verði áfram úr sama flokki. Ég vil ekki bera hv. þm. og flokksmönnum hans það á brýn, að þetta sé aðaltilgangurinn, en maður getur trúað því, að tilgangurinn sé að koma í framkvæmd gömlum draum hjá sumum framsóknarmönnum, sem nú mundi falla í góðan jarðveg hjá allmörgum sjálfstæðismönnum. Ef nú þetta verður samþ. og bætt við mönnum í hæstarétt, eða „æðsta dóm", eins og hann heitir eftir till. hv. flm., þá væri opnuð leið til að framkvæma þessa fyrirætlun, sem maður hefir einstaka sinnum heyrt hjá framsóknarmönnum, því að með samþykkt þessa frv. er tryggð samvinna á milli flokkanna, og þá gæti sá draumur rætzt, að losna við Magnús Guðmundsson sem dómsmrh. og setja hann í hæstarétt.

Þetta gæti orðið að veruleika, ef frv. verður samþ., og þá er hægt að uppfylla ósk hv. þm. G.-K. að taka aftur sæti í stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar. (**MT:** Langar ekki fleiri til þess?). Ég veit ekki um hv. 2. þm. Árn., hvort hann kemur til greina í þessu sambandi. Ummæli, sem féllu á þingmálafundi í haust hjá hv. þm. G.-K., benda í þá átt, að eitthvað hafi verið fyrirhugað um þetta, en þetta var meðan hann var dómsmrh. Hann sagðist þá víkja úr sæti, og við tæki sá, sem var á undan honum, en hann gaf til kynna, að hann mundi nú bráðum koma aftur.

Þegar búið er að samþ. þetta frv. og koma þeirri uppástungu í framkvæmd, sem ég hefi skýrt frá, að vakað hafi fyrir sumum, þá er tryggð talsvert sterkari samvinna milli þessara tveggja flokka, Íhalds og Framsóknar, en hefir verið, og auk þess getur Framsókn gert sér vonir um þingsæti í Skagafirði, en það skiptir að vísu ekki miklu máli eftir að böndin eru treyst á milli flokkanna.

Það eina, sem er nýtilegt í þessu frv., er fjölgunin. Ég hefi alltaf haft þá skoðun, að það væri betra að hafa 5 menn í dómi en 3. Að öðru leyti er rækilega séð fyrir, að ekki komist í dóminn ungir lögfræðingar, heldur á bara að hleypa inn gömlum og uppþornuðum juristum. Það á sem sé að gera dóminn að forngripasafni, sem svo á að heita æðsti dómur!

Það hefði verið sök sér, ef einhverjir þeirra manna hefðu komizt þar inn, sem hefðu verið í einhverju samræmi við þær hugmyndir, sem nú eru uppi, en það virðist svo, að flestir þeir dómarar, sem nú gætu komið þar til greina, séu leifar frá hinni öldinni, menn, sem gera sér hugmyndir á allt annan veg um réttarfar en ýmsir hinir yngri lögfræðingar.

Ég ætla því nú þegar við þessa umr. að greiða atkv. á móti frv. Ég sé enga ástæðu til að leggja það til grundvallar við athugun um breytingar á hæstarétti, sökum þess að það gengur allt í íhaldsáttina.

Hv. flm. hefir í grg. sinni fyrir frv. ofurlítið vikið að því, hvers trausts réttvirðinn mun nú njóta hjá þjóðinni. Fer ég ekki mikið inn á það. En það er eitt, sem hv. þm. sagði í sinni framsöguræðu, sem ég tel, að sé rétt að komi fram, úr því hann, sem hafði raunar talað í hálfum hljóðum um hæstarétt eins og hann væri heilög stofnun, minntist á það. Hann talaði um, að framkoma dómaranna þyrfti að vera virðuleg og þá mátti renna grun í, að honum hefði ekki alltaf fundizt virðuleg framkoma þeirra. Hann hefir sennilega haft í huga ummæli, sem höfð eru eftir einum dómara hæstaréttar, sem sagði, að rétt væri að skera höfuðin af öllum mönnum í heilum stjórnmálaflokki. Þetta hefir hv. flm. ekki þótt virðuleg framkoma af manni, sem skipaði dómarasæti í æðsta dómstóli þjóðar-

innar. Ég ætla að taka fram, til þess að fyrirbyggja misskilning, að þessi maður átti ekki við kommúnista með þessum ummælum, því að þeir eru að nokkru samstarfsmenn hins svartasta íhalds. Ég vil ennfremur taka fram, út af því, að hv. 5. landsk., sem er talsvert næmur á það, sem hrærist meðal fólksins, segja honum það til hróss, að hann hefir fyrir löngu fundið, að almenningur hefir verið óánægður með hæstarétt, og hefir þess vegna komið fram með breyt. á honum. Ég geri ráð fyrir, að það sé rétt, að hann hafi fylgi meiri hl. þjóðarinnar til að koma fram þeim breyt., og það er af því, að það er svo mikil óánægja með réttinn og ýmsa dóma, sem hann hefir kveðið upp.

Ég vil aðeins geta þess, að það er talsverður uggur í ýmsum frjálslyndum mönnum yfir því, og þeir telja, að það hafi hættuleg áhrif, að í málunum, sem hafin voru út af viðburðunum 9. nóv. í haust, eru undantekningarlaust öll vitnin gegn hinum ákærðu starfandi og áberandi íhaldsmenn. Þetta hefir vakið ótta um það, að þegar til hæstaréttar kemur, muni tekið meira tillit til framburðar íhaldsmanna en annara, og kunni það að hafa áhrif á dómsúrslit. Svona er nú trúin á hæstarétt. Það er því ekki að undra, þótt uppi séu till. um að gera breytingar á dóminum. Ég ætla ekki að fara neitt út í það heiti, sem er á dóminum. Hv. flm. hefir valið það, og þarf það ekki að skipta miklu máli, hvað dómurinn er nefndur, ef það er skemmtilegt og gott mál. En innihaldið skiptir mestu. Það er ekki að mínum dómi, að nafnið skipti neinu, og ekki ætla ég að gagnrýna það málfræðilega, þó að sýnzt gæti, að það sé, ef talað er út frá sjónarmiði biskupsins, sem hv. 5. landsk. blandaði inn í, að það væri að leggja nafn guðs við hégóma, að nota það um hæstarétt. Ég mun nú þegar greiða atkv. á móti því, að frv. fari til 2. umr. Álít ekki ástæðu til að tefja þingið með umr. um þetta frv., og betra að snúa sér að þeim aðkallandi málum, sem bíða úrlausnar þingsins; því ekki sýnist hægt að fá viðunandi lausn nú.

Flm. (Jón Jónsson): Ég ætla fyrst að biðja hv. 2. þm. Árn. afsökunar á því, ef honum hefir mislíkað það, að ég minntist á, að hann hefði lesið yfir frv. mitt. Mér fannst ég ekki geta annað fyrir mitt leyti, en ég skal jafnframt taka það fram, að hann ber enga ábyrgð á þeim misfellum, sem á frv. kunna að vera, heldur er það ég einn. En það, sem hann minntist á Magnús heit. Stephensen, þá var það fjarri því, að ég minnist á hann til framdráttar mínu máli. En mér fannst það vel tilhlýðilegt að minnast á hann, vegna þess hve mikinn þátt hann átti í því að bæta réttarfarið í landinu með stofnun landsyfirdóms. En um afnám Alþingis, sem fylgdi þar með, var annað mál, þá var Alþingi ekki nema svipur hjá sjón hjá því, sem áður var, og þjóðin var enn ekki farin að átta sig á, hversu því skyldi skipa fyrir framtíðina. En draumur fólksins um það, að það risi upp aftur í nýrri og betri mynd, rættist síðar. Magnús Stephensen var misjafn eins og gengur og gerist, en stórfenglegur í hverju, sem hann snerti á, og mátti því margt gott um hann segja.

Út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, er ekki ástæða til að segja mikið. Ég get bara sagt það, að ég skil ekkert í þeirri afskaplegu hræðslu um, að þetta frv. væri fyrst og fremst hugsað sem hreiður fyrir núv. dómsmrh. Ég get a. m. k. lýst því yfir fyrir mitt leyti, að mér hefir ekki dottið slíkt í hug, og ef það nær fram að ganga nú á þessu ári, þá kemur ekki til mála, að hann skipi þau fyrstu sæti. (**JónasJ:** Er hann of verðugur?). Ég skal engan dóm leggja á það, en geri eindregið ráð fyrir, að ópólitískari menn verði fyrir vali. Hv. 2. landsk. sagði, að þetta frv. væri eins og það væri flutt af svartasta íhaldi og færi allt í íhaldsáttina, en ég varð ekki var við, að hann nefndi nokkurt dæmi til sönnunar því. Hann er einmitt fylgjandi einni meginbreyt. frv., að fjölga dómurunum, og ég hefi líka skilið hann svo, að hann væri einnig fylgjandi opinberri atkvgr. Mér er því ekki ljóst, hvers vegna hann álítur það ganga svo mjög í íhaldsáttina.

Það fer nú að líða á fundartímann, og skal ég því ekki þreyta hv. d. á löngu máli. En ég get ekki stillt mig um að minnast á þau ummæli, sem hv. þm. hafði hér upp í d. eftir einum dómara í hæsta-

rétti, óviðeigandi og ósæmileg ummæli gagnvart einum landsmálaflokknum. Ég tel það vart sæmandi fyrir hv. þm. að flytja þetta á þingi ár eftir ár, nema hann vilji nefna manninn, svo honum gefist tækifæri til að hreinsa sig af þessum ummælum, því að þau eru svo ósæmileg, ef þau eru rétt höfð eftir og í alvöru meint, að þá ætti dómarinn þegar að víkja úr réttinum. Ég skora því á hv. þm., úr því hann er að dylgja með þetta ár eftir ár, að tilnefna manninn, svo að hann eigi kost á að hreinsa sig af þessu, eða að öðrum kosti að víkja úr sæti.

Jónas Jónsson: Ég býst við, að þessi fyrsta umr. geti farið að styttast, því að það hafa komið fram aðalatriðin, sem menn þurfa að vita til þess að átta sig á frv. Ég lauk ekki alveg í minni fyrri ræðu við líkinguna um þann saklausa sveitamann, sem kemur í þá stóru Reykjavík, og þá tæru Svartá, sem fellur í Blöndu, en Blanda verður ekkert hreinni fyrir því; hún er svo gruggug fyrir. Eins er með það, þótt hv. þm. komi með góðan vilja heiman að frá sér og margar góðar hugsjónir, þá er það eins og Svartá og Blanda. Þetta frv., sem hann kemur nú með, er eins skolulitað og íhaldið hefði frekast viljað hafa það.

Það kom í ljós eftir ræðu hv. flm. að dæma, að hann hafði borið þetta undir einn lögfræðing hér í d. og farið með það sem mikið leyndarmál. Ég skil ekki, hvers vegna þetta er svo mikið leyndarmál, nema það hafi lagzt í hv. flm., að þetta mundi af mörgum samherjum hans álitið tilheyra frekar sjálfu íhaldinu, að koma með þetta frv., en landskjörnum manni úr Framsfl. En svo mikið get ég sagt honum, að það var a. m. k. um nýár, sem mér var orðið kunnugt aðalefni þessa frv., eftir íhaldsmanni hér í bænum, sem sagði, að stj. væri að vinna að því. Þá gerði ég ráð fyrir því, að það væri dómsmrh., sem væri að því; ég gat vel skilið, að það heyrði undir formann klíkunnar. En það er ekki útilokað, að hv. þm. hafi borið sig saman við hann, heldur er það augsýnilegt, og að hugsanir hans hafa verið í samræmi við hugsanir þessara íhaldsmanna, sem voru að glíma við þetta sama vandasama problem, hvernig hægt væri að koma sem flestum sínum flokksmönnum í réttinn. Um hina opinberu atkvgr. í réttinum er það að segja, að hún má teljast umbót, og það er búið að leiða að því máli svo sterk rök, að jafnvel hinir svörtustu íhaldsmenn eru með því.

Ég fylgdi Jóni heitnum Magnússyni að málum 1924, og út frá þeim forsendum, sem þar má sjá, þá áleit ég ekkert betra að hafa 5 menn í réttinum, ef enginn bætti annan upp. Ég áleit það sparnað, þegar svona er með réttinn eins og er, þá er það 16 til 20 þús. kr. á ári, sem sparast, ef ekki eru hafðir nema 3 menn. Á sömu skoðun er ég ennþá, að afskaplega litlu muni, hvort bætt er við 2 mönnum af sama tægi og þeir, sem eru nú, en nú þarf 2 til að mynda meiri hluta, annars 3. Og eru 20 þús. kr. gefandi árlega fyrir það, að þrír, en ekki tveir M-bl.menn myndi meiri hl. í réttinum. Ég vil minna hv. þm. á það, að hann talaði um það í fyrra með miklum fjálgleik, hvað rétturinn væri pólitískur. En hann átti sinn góða þátt í því að velja þann dómsmrh., sem nú er, og virðist hafa mikla trú á honum, en fyrsta verk þessa ráðh. var að setja einn æstasta flokksmann sinn í hæstarétt. Einar Arnórsson var búinn að öðlast veitingarskilyrði sem prófessor og varadómari í hæstarétti. Hafði hann dæmt þar svo marga dóma, að prófskilyrðin voru uppfyllt án tilstuðlunar réttarins. Hér var því eingöngu um stjórnarveitingu að ræða.

Hæstv. dómsmrh. hafði áfellzt mig fyrir að veita Lárusi H. Bjarnasyni lausn frá dómarastarfi. En ástæðan til þess var sú, að hann var á tímabili algerlega heilsulaus og vart hugað líf um tíma. Var því ekki hægt að sjá, að hann mundi fær um, heilsunnar vegna, að gegna embætti lengur. Í fyrra á þinginu kom núv. hæstv. dómsmrh. með till. til þál. um að skora á stj. að setja Lárus H. Bjarnason í embættið aftur. Taldi hæstv. ráðh. þá, að hann hefði heilsu til þess. En svo koma stjórnarskiptin og hv. till.maður tekur sæti í stj. sem dómsmrh. En annaðhvort hefir hv. till.maður ekki talað við L. H. B. áður en hann flutti till., og þá þar með sýnt megna ókurteisi með því að flytja hana að honum fornspurðum og án þess

að hafa tryggt það, að hann vildi taka við embætti aftur, eða þá að hann hefir gleymt till. og gengið framhjá honum þegar hann var orðinn dómsmrh. og veitti embættið. Hvort sem heldur er, þá er framkoma hæstv. dómsmrh. í þessu máli alveg óviðurkvæmileg. Það, sem hann vill fá þingið til að heimta, að ég geri, það vill hann ekki sjálfur gera, eða getur ekki fengið framgengt. Hann lætur L. H. B. sitja „við beztu heilsu", að því er hann sjálfur sagði, áfram á eftirlaunum. En skipar þann mann sem dómara í hæstarétti, sem viðfrægur hafði orðið sem þingrofslögfræðingur íhaldsins, hafði manna mestan þátt tekið í pólitík á undanförnum árum og hafði vægast sagt mislita fortíð á því sviði. Var þetta gert til þess að sýna svart á hvítu, hversu ópólitisk stofnun hæstiréttur er? — Þetta var þó gert í nafni og með tilstyrk hv. flm. þessa frv., sem í fyrra taldi hæstarétt „heilaga stofnun". Ég vona, að stofnun sú hafi ekki misst neitt af þeim heilagleik í augum hans, þótt þessi maður væri skipaður í embættið.

Hv. flm. frv. vill bæta tveim dómendum við og skipa réttinn 5 föstum dómendum. Ég hafði í frv. þeim, er lágu fyrir undanförnum þingum, lagt til, að þeir gætu orðið 5, en af þeim voru tveir varadómendur, sem bæta mátti við í meiriháttar málum. Ég held, að það hafi verið fyrirkomulag, sem vel mátti reyna, einkum þar sem það sparaði fé. Það var einnig fyrirkomulag, sem ekki festi fleiri menn í réttinum. En nú er frv. það, er hér liggur fyrir, svo úr garði gert, að ekki er hægt að sjá, að þjóðin geri sig lengi ánægða með skipulag hæstaréttar, eða æðsta dómsins, ef það verður samþ. óbreytt. En verði svo, og ef þjóðin svo vill bráðlega gera aðra skipun á þessum málum, þá er búið að festa 2 menn í dómnum, sem Alþ. verður að sjá fyrir launum. Gæti af þessu leitt ekki svo óverulegan aukakostnað. Og það mega hv. flm. og aðrir vita, að þjóðin verður aldrei ánægð meðan skipun þessara mála er sú, að dómurinn skapi sig sjálfur.

Hv. flm. vildi ekki beinlínis verja ósamræmið í skaðabótadómum hæstaréttar í málum Björns Kristjánssonar annarsvegar og hrossamáli Garðars Gíslasonar móti Tryggva Þórhallssyni hinsvegar. En hann vildi þó afsaka réttinn með því, að annar sá fjarstæðudómur hefði verið kveðinn upp af þrem dómendum. En sú afsökun gildir þó ekki um þann dóminn, sem var enn fjarstæðari. Hann var felldur með shlj. atkv. 5 dómenda — þessara heilögu manna, er hv. flm. talaði um af svo miklum fjálgleik í fyrra. Hv. flm., sem vill ekki með nokkru móti afnema dómararaunina, vill þó með skipun þessara tveggja nýju dómenda sniðganga hana. Það lítur út fyrir, að flm. hafi allt í einu fengið þarna vissa fyrirferð af kjarki, sem ekki hefir annars orðið vart. Að vísu er þetta framhald af því, sem áður hefir gerzt. Ég vil benda á, að enginn þeirra dómara, er Jón heit. Magnússon skipaði, hafði gengið undir dómararaun. Og núv. hæstv. dómsmrh. veitti Einari Arnórssyni upp á sömu spýtur og fyrirrennarar hans. Það var bara sérstök tilviljun, að hann hafði starfað sem settur í réttinum áður. Nú telur hv. flm. enn gerlegt, að forsrh. veiti þessi tvö viðbótarembætti, þrátt fyrir þessa prófreglu, er hann telur þó svo ábyggilega og nauðsynlega. Það er eins og hv. flm. vilji með þessu beinlínis sniðganga hæstv. dómsmrh. En það verð ég að segja, að þótt ég sé ekki neinn fylgismaður hæstv. dómsmrh. og hafi ekki mikla trúa á glöggskyggni hans eða heppni í veitingum, þá finnst mér þetta þó ekki rétt að farið gagnvart honum. Ég vil, að á meðan hann situr í þessu embætti, þá hafi hann þær skyldur og ábyrgð, sem því embætti eru samfara, og eiga að vera samfara að háttum allra menningarþjóða.

Ég vil víkja nánar að því, að mér er óskiljanlegur kjarkur hv. flm., að bæta þessum tveimur mönnum inn án prófraunar. Hv. flm. hefir á undanförnum þingum stutt íhaldsmenn í því, að tryggja þeim það, að jafnan væru íhaldsmenn í dómarasætunum. En nú játar hv. flm., að ekki sé rétt að láta þá hafa þetta vald. Þetta virðist benda á vissan kjark gagnvart íhaldsmönnum. En það getur þó líka verið, að hv. flm. sé að svigna undan þunga almenningsálitsins, sem hefir viðurkennt þá réttmætu kritik, sem fram hefir komið um það, að íhaldinu sé ekki trúandi fyrir þessu valdi. — En ég

vil benda á það, að þó heppilegt sé, að ekki séu tómir íhaldsmenn skipaðir í réttinn, þá er þó tæplega rétt, að dómsmrh. fái engu um það að ráða. Og þótt þetta eigi máske að vera hegning á núv. hæstv. dómsmrh., vegna hans mörgu og stóru synda, sem jafnvel flokksmenn hans geta ekki fyrirgefið honum, þá brýtur þetta fyrirkomulag í bág við venju allra siðaðra landa. Í Danmörku er það hæstiréttur, sem raunverulega veitir dómaraembættin, en í öðrum nálægum löndum dómsmrh. Þetta nýja fyrirkomulag, að láta þá tvo ráðh., sem rétturinn þó ekki heyrir undir, veita þessum tveimur viðbótarmönnum í trássi við dómsmrh., er því gert, eftir því sem ráða má af orðum hv. flm., til þess að sýna núv. dómsmrh. sérstaka fyrirlitningu. En þetta mál er þó í raun og veru ekki svona einfalt. Bæði form. Íhaldsfl. og blöð hans hafa hvað eftir annað lýst því yfir, að íhaldið ætti væna sneið af Framsfl., og þá víst núv. hæstv. forsrh. og hv. flm. þessa frv. Ég tek nú að vísu ekki mikið mark á því, þó Morgunbl. segi þetta. En formaður Íhaldsfl. hefir lýst því mjög greinilega, að heppilegt væri, þegar sá flokkur væri ekki í meiri hl., að geta fengið lánaða menn frá Framsfl. til þess að geta stjórnað í anda íhaldsins. Ég vil benda á það, að þótt hv. 1. landsk. hafi þarna ekki á réttu að standa, þá hefir þessu þó ekki verið mótmælt. Það er því ekki hin fyllsta trygging fyrir því, að farið verði út úr fjölskyldunni með skipun þessara tveggja dómara. — Ég vil bæta því við, að hið eina stóra mál, sem komið hefir frá stj. að þessu sinni og flokkum skiptir, stjórnarskrármálið, er þannig framborið, að það er vel til þess fallið að styrkja þessa skoðun form. Íhaldsfl. Það frv. er, eins og atvik frekast leyfðu, í anda Íhaldsfl. Hv. flm. mundi því styrkja málstað sinn mjög á því og honum yrði trúað betur, ef hann og félagar hans lýstu því skorinort yfir, að allt þetta umtal andstæðinganna væru tilhæfulaus ósannindi, sem ekki ættu við neitt að styðjast, og að þeir hefðu sömu óbeit á Íhaldsfl. og áður var. Þótt þetta ákvæði í frv., um skipun þessara viðbótardómara, sé skrítið, þá yrði þó hv. flm. betur trúað um góðan tilgang með því, ef slík yfirlýsing kæmi fram.

Hv. flm. sagði eina setningu, sem sýnir það, að hann finnur þó til þess, eins og annað gott sveitafólk, að laga þurfi til í réttinum. Hann sagði, að ef tveir menn væru skipaðir í réttinn á þann hátt, sem lýst hefir verið, þá væri þráðurinn slitinn. En seinni tíminn mun sýna, hvort hv. flm. meinar þetta eins alvarlega og orð lágu til. Hv. flm. vék alveg réttilega að þeim ummælum, sem höfð eru eftir öðrum af gömlu dómurunum, þess efnis, að rétt væri að gera alla Alþfl.menn höfði styttri. Hann taldi, að sá dómari, er viðhefði slík orð, ætti tafarlaust að víkja úr sæti. Allir vita, að hér er átt við þann dómara, sem fæðingardagsbrtt. hv. flm. var gerð fyrir í fyrra. Er sú brtt. ein hin allra frumlegasta af þeim brtt., er fram hafa komið og miða hafa átt að því að gera hæstarétt að guðsdómi íhaldsins hér á landi.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Út af því, sem hv. 5. landsk. sagði, vil ég segja fáein orð.

Þeir, sem heyrt hafa þennan hv. þm. halda ræður hér á Alþ., mundu hafa orðið hissa á því, ef hann hefði ekki nefnt Mgbl. eða „íhaldsblöðin" eins og hann orðar það. Menn hefðu undrazt, ef hann hefði getað haldið heila ræðu án þess að minnast á þessi blöð. En nú kom það: Hv. þm. er svo gerður, að hann er hræddur um, að allir séu íhaldsmenn, hann flokksmenn líka, ef þeir eru honum ekki sammála í einu og öllu. Þetta sést bezt á því, að hv. þm. brigzlar flokksmanni sínum, flm. þessa frv., um, að hann hafi gengið erindi hins svartasta íhalds með því að bera þetta mál fram. Ég vil í sambandi við þetta staðfesta það, sem hv. flm. sagði, að hann hefir á engan hátt borið sig saman við mig um samningu eða flutning þessa frv. Ég fékk fyrst vitneskju héðan af skrifstofunni um, að frv. þetta væri á ferðinni. Vissi ekkert um það fyrr. Hv. 5. landsk. verður því að vega að sínum eigin flokksmanni, ef hann vill vega í knérunn einhvers út af þessu frv. Og það kemur mér vitanlega ekkert við, þótt hann ræði sinn flokksbróður. — En þar sem frv. þetta er svo áþekkt frv., sem hv. 5. landsk. vildi sjálfur koma fram á síðasta þingi, þá ætti hann ekki að taka svona sterk-

lega til orða um þetta frv., nema þá að hann hafi skipt um skoðun síðan. En sé svo, væri þá ekki rétt fyrir hv. þm. að bíða nokkuð lengur, ef vera mætti, að hann skipti enn um skoðun?

Um Lárus H. Bjarnason er það að segja, að það er til skjal í stjórnarráðinu, sem sýnir það og sannar, að hann var látinn sleppa embætti sínu þvert á móti vilja sínum. Það er einnig rétt, að hann komst til góðrar heilsu. En hann vildi samt ekki taka sæti aftur í hæstarétti. Og það var af því, að hann óttaðist það, að ef óbilgjarn maður kæmist aftur til valda, þá mætti búast við, að hann yrði strax aftur að hverfa frá embætti sínu. Reyndar taldi hann engar líkur til þess, að hv. 5. landsk. eða neinn annar jafningi hans að óbilgirni kæmist aftur að. En hann vildi þó ekkert eiga á hættu, þótti gott að vera án ábyrgðar og embættis, en halda þó fullum launum.

Þá var hv. 5. landsk. að ámæla mér fyrir veitinguna á því dómaraembætti, er var laust, þegar hann kvaddi stjórnarstörfin. Ég veit þó ekki betur en að hv. 5. landsk. hafi verið ánægður með suma þá dóma, er sá maður hefir dæmt. En spyrja má: Hversvegna skipaði hv. 5. landsk. ekki í þetta dómarasæti meðan hann hafði aðstöðu til þess? Var það máske af því, að hv. 5. landsk. fann engan þann flokksmann sinn, sem fær var um að fylla þetta sæti? — Það er öllum vitanlegt, að þeim mönnum fer mjög fækkandi, er treysta hv. 5. landsk. Og benda má á það, að tveir lögfræðingar, sem hann þó áður treysti, hafa unnið að undirbúningi þessa frv., sem hv. þm. telur nú óalandi og óferjandi.

En fyrst nú sú veiting í dómarasætið, sem ég framkvæmdi, er að áliti hv. þm. alveg ómöguleg, þá ætti hann að vera glaður yfir því, að breytt er um fyrirkomulag á veitingu dómaranna framvegis. En svo er þó sjáanlega ekki. Það er eins og það gægist fram hjá hv. þm., að hann gruni um flokkssvik af hálfu þeirra manna, er nú sitja í stjórn sem fulltrúar Framsfl. Hann um það. En ég vil minna á, að ekki verður alltaf sú stj. við völd, er nú situr. Og ég fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, þótt skipun í æðsta dómstólinn sé framkvæmd á virðulegri hátt en aðrar veitingar, með því að ráðherrafundur samþ. og forsrh. beri till. fundarins fram fyrir konung. Ég legg ekkert upp úr því valdaráni frá dómsmrh., sem hv. 5. landsk. telur þetta vera. Ég veit, að hv. 5. landsk., sem er fíkinn í völd, sá mjög eftir þessu og var sár yfir slíkri till., er hún kom fram. En ég fyrir mitt leyti sé ekkert eftir þessu.

Hv. 5. landsk. talaði um það, hve fljótt hv. flm. hefði spillzt eftir að hann kom hingað heiman úr sveit sinni. Þetta er nú anzi leiður dómur fyrir þá, sem alltaf eru í Reykjavík, eins og t. d. er um okkur hv. 5. landsk. Það má nærri geta, hvernig við erum orðnir, fyrst hv. flm. er orðinn svona afleitur eftir mánaðardvöl hér!

Jón Baldvinsson: Ég kærði mig ekkert um að fara út í einstök atriði í því, sem ég sagði áður, heldur talaði ég aðeins almennt um frv. Hv. flm. var hissa á því, að ég gæti ekki verið með frv., þar sem ég væri þó samþykkur aðalbreyt., um að fjölga dómendum um tvo. En þó þetta sé svo, þá er svo margt annað við frv., sem ég tel athugavert og gallað, að ég get, þrátt fyrir þennan eina kost þess, ekki fylgt því. Og eitt er það í sambandi við þetta, sem hv. flm. verður að gera sér ljóst, og það er, að ég treysti þeirri stj., sem nú situr, ekki til að skipa í þessi sæti annað en tóma íhaldsmenn. Eins og nú stendur, er það íhaldssamari hluti Framsfl., sem situr í stjórn með íhaldinu. Og ég hefi enga góða trú á þeim afkvæmum, sem koma úr því íhaldsbæli.

Hefi ég þá skýrt mitt viðhorf, sem veldur því, að ég vil ekki ljá mitt atkv. með því, að frv. þetta gangi lengra.

Hv. þm. (JónJ) minntist á ummælin, sem ég hafði eftir dómaranum, og var mér sammála um, að þetta væri svívirðilegt athæfi og að sá dómari, sem þau viðhafði, hefði átt að hverfa sem fyrst úr dómarasæti. Ég vil taka undir það með hv. þm., að sá dómari, sem veit sig hafa haft þessi ummæli, hann ætti þegar í stað að draga sig í hlé. **(JónJ:** Hver er hann?) Segi hann til sín.

Flm. (Jón Jónsson): Sá er galli á ummælum hv. 2. landsk., að hann hikstar í stað þess að nefna nafnið. Og meðan svo

er, þá finnst mér verða að skoða orð hans sem hver önnur ómerk ummæli. Ég er sammála þm., að ef þetta er rétt, þá hefði dómarinn átt að víkja úr dómarasæti. (**JBald:** Þm. veit vel, hver það er). Þvert á móti. Ég hefi aldrei heyrt dómarann segja þetta. En ég hefi heyrt þennan hv. þm. segja þetta þing eftir þing, en aldrei hefir hann í mín eyru haft þá karlmennsku að þora að nefna dómarann. Og mér finnst þessi framkoma ekki vel heiðarleg eða karlmannleg.

Ég hefi víst ekki nema aths. og verð fljótt yfir sögu að fara.

Hv. 5. landsk. talaði með dálítilli áherzlu um það, að ég beri sérstaka ábyrgð á manninum, sem veitt var hæstaréttardómaraembætti síðastl. sumar. Þessu vil ég algerlega vísa frá mér. Ég segi ekkert, hvort hann er góður og gegn maður, — þar verður reynslan að skera úr. En ég hefi heyrt hv. 5. landsk. hæla honum mjög fyrir einn dóm a. m. k., merkan og mikið um talaðan. En það get ég sagt hv. 5. landsk., að hann sjálfur ber meiri ábyrgð á, að hann er kominn í réttinn. Fyrst og fremst með því að hafa vanrækt árum saman að skipa í dómaraembættið, sem laust var meðan hann var dómsmrh. Og í annan stað með því að berjast á móti þeim umbótum, sem ég vildi gera á hans frv. í fyrra, með því að láta fleiri ráðh. hafa atkv. um skipunina. Með þessu tvennu ber hann miklu meiri ábyrgð en ég, ef um nokkur mistök er að ræða viðvíkjandi veitingunni, sem ég skal ekki um segja.

Ég verð að segja, að mér finnst það svona og svona drengilegt af hv. 5. landsk. að vera með dylgjur og aðdróttanir til flokksmanna sinna, sérstaklega til forsrh. þegar hann er fjarverandi, um að þeir séu í raun og veru gengnir í Íhaldsfl. Þetta finnst mér miður sæmandi af þessum hv. þm. og veit hann þó vel, að hæstv. forsrh. er einhver einlægasti og bezti framsóknarmaðurinn, sem við eigum hér á þingi. Mér finnst það sannast að segja vera lítið þakklæti til okkar, sem árum saman höfum orðið að standa í því að verja hann fyrir ámæli, fyrir það, sem hann hefir mikið verið bendlaður við, nefnilega að vera sjálfur í öðrum flokki en þeim, sem hann er talinn tilheyra.

Jónas Jónsson: Það hæfir víst að ljúka þessu fyrir kaffi, og mun ég ekki teygja aths.

Bæði hæstv. ráðh. og hv. flm. töldu það mín orð um núv. forsrh., sem eru orð íhaldsforkólfsins hv. 1. landsk. Ég vísa þeim algerlega frá mér. Ég benti á það, að þessi áhrifamikli stuðningsmaður stj. og formaður Íhaldsfl. hefði sagt þetta á þingi. Það er af því, að þessir þingmenn og ráðherrann hugsa ekki nógu skarpt, að þeir sjá ekki, að það liggur fyrir yfirlýsing frá Íhaldsfl. um það, að þeir þykjast eiga vissa menn í öðrum flokki, meðan mennirnir ekki sjálfir mótmæla. Að vísu er það sennilega ósatt, en umtal um þetta er á ábyrgð þeirra, sem eru bornir sökinni, af því að þeir hreinsa sig ekki af henni opinberlega.

Ég vil biðja þm. að muna, að þegar Jón Thoroddsen sagði í blaðagrein 1923, að ég ynni fyrir socialista, þá skrifaði ég ýtarlega grein og sýndi fram á, að þetta væri ósatt, og maðurinn gat heldur ekki staðið við sín orð. Ég skora á hv. 3. landsk. að gera sömu skil og leiðrétta „Morgunblaðið", segja Íhaldsflokknum, að hann muni vinna á móti stefnumálum flokksins því meir sem á reynir. Á því mun hann vinna, en sannast að segja skaðast hann heldur á því að flytja frv. sem þetta.

Þá sagði hæstv. ráðh., að Lárus H. Bjarnason hafi verið settur af. Ég býst við, að þetta séu orð ráðh., en ekki fyrrv. dómarans. Því að hann veit það, að hann skrifaði stj. og lýsti sinni vanheilsu, en sérstaklega þó munnlega gegnum sendimenn, þannig að það var sjáanlega ekkert vit, að hann væri dómari, eins og heilsu hans var háttað. En jafnframt tók ég fram við hann, að það hefðu þó aðrir menn haft frekar þörf til að fara en hann. En hæstv. ráðh. varð að játa með þögninni, að hans þáltill. var ákafleg fjarstæða. Hann vildi skipa annari stj. að gera það, sem hann sjálfur getur ekki gert, enda hefir hann minnkað af þessu frumhlaupi sínu.

Um veru Ólafs Lárussonar í réttinum, sem var þar settur, get ég sannað það skjallega, að ég gerði mitt ýtrasta til að fá hann til að vera fastan dómara í réttinum, og hann neitaði síðast skjallega.

En mér þótti ekki lítill sparnaður, að maðurinn væri á hálfum launum, og hann var eftir minni skoðun álitlegur maður. Ég fór því að engu óðslega. En undir eins og hæstv. dómsmrh. kom til skjalanna, spillti hann fyrir þessu, setti sinn sterkasta pólitíska ádeilumann í réttinn í stað Ólafs, sem mundi hafa verið fús til að vera áfram.

Hæstv. ráðh. talaði um, að ég hefði verið fíkinn í völd, og þess vegna hefði ég viljað, að dómsmrh. veitti embættin. En ég bjóst nú ekki við — frekar en hann — að verða eilífur í stöðunni. En hann veit það, að hvar sem leitað væri um lönd Evrópu, þá veitir dómsmrh. slík embætti. Það er af því, að það er samkv. réttri hugsun, að þau fylgi öðrum dómsmálum.

Þá sagðist hv. flm. ekki bera ábyrgð á núv. dómsmrh. Ég veit ekki betur en að hann greiddi honum traust í fyrra, og ég veit ekki betur en að hæstv. dómsmrh. veitti Einari Arnórssyni og hrekti Ólaf burt. Hann gat því ekki haft meiri áhrif á þetta sem þm. en hann hefir gert.

Það er vel, að minnzt var á prófessoradóminn. Það er vitanlegt, að ein af ástæðunum fyrir till. um það, að hafa ekki prófessorana fyrir dómara, var hræðsla við dómarana, sem kváðu upp dóminn í Íslandsbankamálinu. Það átti sýnilega að hegna háskólanum fyrir. Það er ekki furða, þótt slíkt skjóti skelk í bringu mönnum eins og hæstv. dómsmrh., sem setið hefir á stærsta fjársvikamálinu, sem nokkurn tíma hefir komið fyrir hér á landi.

Viðvíkjandi ummælum hv. 3. landsk., að ég hefði dylgjað um flokksrof hjá hæstv. forsrh., þá hefir hann hvorki lesið blöð íhaldsins nógu vel né haft rétt eftir mér. Eins og ég áður sagði, benti ég á, hvað andstæðingablöðin sögðu, og hefir ekki verið mótmælt. Þetta þykir mér leiðinlegt, af því að ég trúi, að þetta sé rangt. En þeir, sem ámælinu var stefnt til, hafa samþ. með þögninni og mega sjálfum sér um kenna, ef einhverjir leggja trúnað á.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég hefi heyrt það öðruhverju, að hv. 5. landsk. hefir í ræðum sínum verið að hafa ýmislegt eftir manni, sem hann kallar form. Íhaldsins. Ég geri ráð fyrir, að hann kannske hafi átt við mig. Út af þessu vil ég taka fram, að það, sem ég hefi heyrt þennan hv. þm. segja eftir þessum form., það hefir allt saman verið bara hugarburður neðan úr fylgsnum hans eigin sálar.

Mér þykir rétt, að þetta komi fram, vegna þeirra, sem kynnu að lesa ræður þingmannsins í þingtíðindum. Ég veit, að það þarf ekki að geta þess vegna hv. dm. eða tilheyrenda, því að þeim er öllum saman orðið svo kunnugt sálarástand hv. 5. landsk., að þeir telja sem sjálfsagt, að hann rugli saman ímyndun og staðreyndum og kunni engan greinarmun þar á að gera.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Út af því, sem hv. 5. landsk. sagði, vil ég taka það fram, að ég hefi sjálfur séð þau skjöl í stjórnarráðinu, sem liggja fyrir um það, að Lárus H. Bjarnason fór úr embætti. Hann bað um frí ákveðinn tíma sökum veikinda, en hv. 5. landsk. neitaði um það og veitti honum lausn.

Hv. 5. landsk. sagði, að prófessor Ólafur Lárusson hefði viljað vera áfram í hæstarétti. Það er ósatt. Hann kvaðst hafa svo mikið að starfa, að hann vildi umfram allt vera laus.

En þar sem hv. 5. landsk. var að hæla prófessornum mikið fyrir það, hve vel hann væri fallinn til að vera dómari, sem ég fyllilega tek undir, þá vil ég í því sambandi minna á, að hann er einmitt annar þeirra lögfræðinga, sem hafa yfirfarið þetta frv. og talið það gott.

Þá sagði hann eitthvað á þá leið, að ég hefði setzt á stærsta fjársvikamálið, sem hér hefði komið upp. Þar til vil ég svara honum því, að það er **hann**, sem sat á því máli í meira en tvö ár, og sat á því svo lengi, að ef til þess hefði getað komið, að menn þessir hefðu unnið til einhverrar refsingar, **þá var sú sök fyrnd.**

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, MT, PHerm, PM, BSn, GL, GÓ.

nei: JBald.

Tveir þm. (JónasJ, EÁrna) fjarstaddir.

Á 78. fundi í Ed., 22. maí, var útbýtt nál. frá 1. minni hl. allshn., á þskj. 757, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

55. Endurgreiðsla á útflutningsgjaldi af saltsíld.

Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um endurgreiðslu á útflutningsgjaldi af saltsíld (þmfrv., A. 218).

Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson) [óyfirl.]: Það hefir oft áður verið til umr. hér á Alþingi að lækka útflutningsgjald af saltsíld, enda ekki að ófyrirsynju, þar sem tollur sá, sem á hana er lagður, er margfalt hærri tiltölulega en annað útflutningsgjald. Á sumarþinginu 1931 var tollur þessi lækkaður úr kr. 1.50 niður í 1 kr., en samt sem áður er hann mjög tilfinnanlegur, þegar tekið er tillit til salttollsins, sem nema mun kr. 0.50 á hverja síldartunnu. Hér er farið fram á, að tollurinn haldi sér eins og hann er nú á allri þeirri saltsíld, sem ekki er veidd af landsmönnum sjálfum. Öll sú síld, sem veidd er hér við land af útlendingum, verður þannig ekki undanþegin útflutningsgjaldinu. En eins og kunnugt er, var það ein af meginástæðunum fyrir því, að lög þessi um útflutningsgjald af saltsíld voru sett, að ríkissjóður fengi tekjur af gróða útlendinga af þessari veiði, en fyrir 12 árum voru það flest útlendingar, sem hana stunduðu. Það er öllum vitanlegt, að síldarútvegurinn hefir verið til mikilla hagsbóta fyrir landslýðinn. Þó er það svo, að hann hefir oft verið nærri því kominn að sligast, bæði af tollaálögum og skerðing á réttindum þeirra, sem hann stunda. Átti þetta sér stað fyrst og fremst á þinginu 1924. Þá er og hér í uppsiglingu annað frv. í þinginu þessa dagana, sem kveður enn sterkara að orði en nokkurt annað mál, sem áður hefir komið fram, um skerðingu þessa atvinnuvegar. Getur því svo farið, að hann beinlínis falli í rústir, ef lengra verður fram haldið á þessari braut. Vænti ég því, að hv. þdm. líti með velvild á frv. þetta og athugi það, að afkoma fjölda manna er mjög undir velgengni þessa atvinnuvegar komin.

Læt ég svo útrætt um málið að sinni og legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

56. Verzlunar- og siglingasamningar.

Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um verzlunar- og siglingasamninga (þmfrv., A. 241).

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Efni þessa frv. er það, að setja í íslenzka löggjöf ákvæði um, að þær þjóðir, sem ekki láta Ísland njóta beztu kjara samkv. gildandi verzlunar- og siglingasamningum eða annara kjara, sem íslenzka stj. telur jafnhentug fyrir Ísland, skuli ekki sæta sömu kjörum sem hinar að því er snertir aðflutningsgjald og skipagjald. Þótt gildandi verzlunar- og siglingasamningar milli Íslands og annara ríkja muni allir geyma ákvæði, sem veita þeim þjóðum beztu kjör hér á landi, sem láta okkur njóta beztu kjara hjá sér, hafa þetta verið orðin tóm, vegna þess, að ekki eru til nein lög, sem ákveði, að aðrar þjóðir skuli njóta annara eða lakari kjara. Kann þetta að eiga fordæmi í annara þjóða löggjöf, en það mun þó tíðkast, að lög-

gjöf þjóðanna geymi mismunandi taxta um tolla og gjöld, tvo eða fleiri, og gildir lægri eða lægsti taxtinn um þær þjóðir, sem veita á móti beztu kjör eða tilsvarandi ívilnanir hjá sér. Þetta lagaleysi gerir það að verkum, að afstaða okkar til að gera verzlunar- og siglingasamninga er miklu verri en hún á að vera, og kom þetta berlega í ljós nýverið, þegar við fundum ástæðu til að segja upp verzlunar- og siglingasamningum við eina af nágrannaþjóðum okkar, til þess þannig að öðlast sterkari aðstöðu til samninga við þessa þjóð um hagsmunamál okkur til handa á þessu sviði. Uppsögnin reyndist vindhöggið eitt, af því að eftir íslenzkum l. lá ekki annað fyrir en að þessi þjóð nyti hér sömu kjara og aðrar þjóðir áfram, enda þótt ekkert yrði af nýjum verzlunar- og siglingasamningum. Tel ég rétt, að úr þessu verði bætt, og hefi ég stungið upp á því, að þær þjóðir, sem ekki láta okkur njóta beztu kjara hjá sér eða annara jafnhagkvæmra fyrir okkur, skuli greiða hér þreföld aðflutningsgjöld og skipagjöld. Má um það deila, hvort ég hefi hitt á réttan mælikvarða eða mismun, en með tilliti til þess, að hér hjá okkur eru yfirleitt lægri innflutningsgjöld af fjölda vörutegunda en hjá öðrum þjóðum, einkum þó af öllum nauðsynjavörum, svo að þreföld gjöldin yrðu ekki há samanborið við tolltaxta annara þjóða, fannst mér ég ekki geta farið lægra en að setja þrefaldan taxta fyrir þær þjóðir, sem ekki láta okkur njóta góðra kjara hjá sér. Ég hefi ekki stungið upp á, að taxtarnir yrðu nema tveir, þótt þeir séu fleiri hjá ýmsum öðrum þjóðum og til séu þær kringumstæður, sem gerðu þetta æskilegt. Ég legg áherzluna á það, að rétt sé að setja í löggjöfina ákvæði um þetta efni. Ef íslenzka stj. lendir í erfiðleikum út af samningsleysi við aðrar þjóðir, má að vísu segja, að stj. geti gert þá bráðabirgðaráðstöfun að setja á refsigjöld gagnvart þeirri þjóð, sem í hlut ætti, en það vekur óþægilegar tilfinningar að þurfa að grípa til slíks, og getur á ýmsan hátt verið óheppilegt að þurfa að hafa í hótunum um að gera slíkt. Skapar það stj. betri aðstöðu, ef til eru almenn l. um þetta efni, sem ákveða, hver gjöld tækju við sjálfkrafa, eftir hæfilegan drátt, fyrir þær þjóðir, sem ekki fengjust til að gera við okkur verzlunar- og siglingasamninga á beztu kjara grundvellinum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. hér við 1. umr., ef ekki koma fram andmæli gegn því, en legg til, að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni, þar sem hér í d. er ekki um aðra n. að ræða í þessu sambandi. En ég teldi hinsvegar rétt, að utanríkismálan. þingsins tæki frv. jafnframt til athugunar, og ætti slíkt að geta orðið engu að síður.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil taka vel undir meginhugsun þessa frv., sem er sú, að fá ríkisstj. vald í hendur til að mæta ráðstöfunum annara þjóða vegna viðskiptanna við okkur. — Í mörgum löndum hefir á síðustu árum verið sett löggjöf um aukna tolla og codaheimildir, sem ríkisstj. geta beitt hver gegn annari, þegar þær telja slíkt nauðsynlegt vegna viðskiptamálanna. Í okkar löggjöf vantar öll slík ákvæði, og er sjálfsagt, eins og viðskiptunum nú er háttað, að bæta úr þessu. Hafði ég í þessu efni hugsað mér, að stj. væri veitt heimild til að leggja 100% hærri toll á aðfluttar vörur, þegar hún teldi ástæðu til slíks. Að setja coda kemur ekki að sama gagni fyrir okkur, enda er það venja, þegar slík l. eru sett, að framkvæmdarvaldið sé ekki bundið að þessu leyti, heldur sé þetta í heimildarformi og undir dómi stj. á hverjum tíma, hvernig og hvenær heimildina skuli nota. Í frv. er settur frestur fyrir því, að hin lögbundnu refsiákvæði gangi í gildi, sem yrðu eftir frv., en sá frestur þyrfti að vera lengri en hann er ákveðinn í frv., ef þessi leið verður farin, sem ég tel ekki heppilegt, enda kemur að sama gagni að láta það vera undir dómi framkvæmdarvaldsins, hvernig og hvenær þessu er beitt.

Eins og hv. flm. réttilega tók fram, heyrir þetta mál eftir eðli sínu undir utanríkismálanefnd, en þótt ekki sé hægt vegna þingskapanna að vísa málinu þangað, tel ég þó sjálfsagt, að utanríkismálanefnd verði látin fjalla um málið, og mun ég eiga nánara tal við hana um það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Stóribúðaskattur.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til. l. um stóribúðaskatt (þmfrv., A. 263).

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál lá fyrir hv. Nd. í fyrravetur, og hafa nálega engar breyt. verið gerðar á frv., nema 5. gr., sem minnzt er á hér í grg.
Frv. skýrir sig sjálft. Það miðar að því að draga nokkuð úr því, að auður þjóðarinnar sé lagður í óhæfilega stórar íbúðir, en þeir, sem þær byggja, skuli leggja á sig nokkra aukahúsaleigu, til þess að það sé hægara að koma upp húsum fyrir það unga, starfandi fólk í landinu, sem vantar hús. Eins og breyt. ber með sér, þá er þessi hækkun ekki tilfinnanleg fyrir þá, sem á annað borð hafa efni á að búa í slíkum húsum. Má þess vænta, að frv. verði vel tekið hér í hv. deild. Að lokinni umr. vildi ég óska, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7:1 atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Háleiguskattur.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um háleiguskatt (þmfrv., A. 264).

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er mjög skylt hinu frv., sem ég mælti fyrir rétt áðan (um stóribúðaskatt). Það lá líka fyrir hv. Nd. í fyrra, en náði ekki afgreiðslu. Það gerir ráð fyrir að gera að skattstofni happ þeirra manna, sem hafa byggt hús meðan ódýrt var, en njóta nú hárrar leigu, eða hafa keypt hús meðan þau voru að hækka og hafa fengið óeðlilega verðhækkun.
Af því að við vorum hér í gær að gera ráð fyrir, að ríkissjóður kynni að skaðast um 40—50 þús. króna á niðurfellingu útflutningsgjalda af landbúnaðarafurðum, þá kemur sér vel, að þetta frv. kemur í kjölfarið, því að hér er gert ráð fyrir tekjum ríkissjóði til handa, sem nema áreiðanlega meiru en sem svarar þessari niðurfellingu.
Ég geri fastlega ráð fyrir, að frv. þessu verði vel tekið. Vart getur hugsazt réttlátari gjaldstofn en hér er um að ræða, og allir þekkja þörf ríkissjóðs.
Ég geri að till. minni, að frv. verði vísað í fjhn.

Jón Baldvinsson: Þessi tvö frv., háleiguskattur og stóribúða, sem hér er um að ræða, eru komin sameiginlega fram í frv. í Nd. Ég læt þess vegna vera að greiða atkv. með frv., því ég tel heppilegra að hafa þessi mál í einu lagi en í tveimur frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7:1 atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Nýbýli.

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um að stofna nýbýli (þmfrv., A. 360).

Á 47. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Síðan þetta frv. var fyrst borið fram, á þinginu 1927, hafa verið uppi miklar umr. um það, hvað gera ætti til þess að halda fólkinu í sveitunum, og í þeim umr. hafa flestir verið sammála um það, að nauðsynlegt sé að gera fólkinu mögulegt að stofna eigin heimili í sveitinni. Sú stefna, sem mörkuð var með l. um byggingar- og landnámssjóð, fól í sér, að byggð yrðu upp hin fornu býli að nýju, en stofnaði ekki til nýbýla í sveitunum að neinu verulegu leyti. — Ég hefi ráðizt í að flytja þetta frv. nú enn á ný, enda þótt stórhugurinn, sem hér ríkti fyrir 1930, sé nú dvínaður vegna erfiðleika yfirstandandi tíma, vegna þeirrar miklu nauðsynjar fyrst og fremst, sem á því er, að komið verði í veg fyrir aðstreymið til kaupstaðanna. Veit ég ekki, hvar það lendir, ef fólkið heldur enn áfram að streyma til kaupstaðanna í stöðugt vaxandi mæli, í atvinnuleysið, sem þar er fyrir. Hér í Reykjavík eru þegar 30 þús. íbúar, sem fjölgar með hverju ári, sem líður, en Reykjavík hefir þó ekki upp á að bjóða eins og stendur nægilega atvinnu handa öllum þessum fjölda. Atvinnufyrirtækin hér eru svo takmörkuð, að þau geta ekki fullnægt þeim mannfjölda, sem hafa þarf lífsuppeldi sitt við þau. — Þótt landbúnaðurinn okkar íslenzki sé ekki rekinn með stórframleiðslusniði, nægir hann þó til eigin afnota, svo að menn geta lifað af honum í öllu venjulegu árferði, enda er nú talað mikið um nýbýli í sveitum, og það er einmitt sú hugsun, sem felst í þessu frv. Alþýðuflokksins.

Fyrir þinginu nú liggur að vísu annað frv., sem fer í svipaða átt, frv. til l. um samvinnubyggðir, en það frv. tekur ekki beint á spursmálinu með því að ákveða, hvar hefja eigi nýbýlabyggingarnar. Samvinnubyggðafrv. er algerlega almenns eðlis. Þau tvö landsvæði, sem samkv. þessu frv. á að taka undir nýbýli, eru bæði hér sunnanlands, og eru allir, að ég held, sammála um, að þessi landsvæði séu heppilega valin undir nýbýli, því að þarna er landrými nóg, og auk þess mjög gott til ræktunar. Það hagar að vísu víðar svo til, að slík býlahverfi gætu komið upp, t. d. í Hnappadalssýslu og víðar, en þessi svæði eru valin með það fyrir augum, að þau liggja við þjóðveginn til Reykjavíkur, sem er einhver bezti markaðurinn fyrir landbúnaðarafurðir, sem völ er á hér á landi.

Í frv. er fjárhæðin óbreytt frá 1928, sem veitt yrði til að framkvæma l. Ég geri reyndar ráð fyrir því, að á þessum tímum þurfi meir að taka tillit til nauðsynjar en þæginda, og gæti ég hugsað mér, að minni upphæð yrði veitt til hvers býlis en frv. gerir ráð fyrir, en ég vildi láta það vera á valdi þingsins, hvað veitt yrði í þessu skyni. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður hafi forgönguna um þessi nýbýli, sem reist yrðu skv. frv. Hefi ég ekki trú á því, að slíkt fari af stað með neinum myndarskap, nema hið opinbera standi á bak við framkvæmdirnar. Það er auðvitað, að býlin, sem reist yrðu eftir frv., mundu hafa skilyrði til ýmissar samvinnu. Þetta mundu verða heil hverfi með ýmislegt sameiginlegt, svo sem vélar til jarðvinnslu, skóla o. s. frv. Yfirleitt allt það, sem nauðsynlegt verður talið fyrir slík býlahverfi, en þó er of dýrt til að einstaklingar geti veitt sér það.

Ég tel sjálfsagt, að hv. d. leyfi þessu frv. að ganga til n., og vil ég gera það að till. minni, að frv. verði vísað til landbn. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, sem hefir mjög mikinn áhuga fyrir öllum jarðræktarmálum, hefir mjög hvatt til þess, að frv. væri borið fram nú enn á ný, enda var hann því mjög hlynntur, þegar það var borið fram fyrst. Telur hann, að frv. muni verða stórt spor í þá átt að halda fólkinu í sveitunum, þar sem það opni mönnum möguleika til að koma sér upp býlum, sem þeir geta lifað á að miklu leyti.

Í frv. er að vísu gert ráð fyrir minna jarðnæði en nú er yfirleitt á bændabýlum. En hin nýja stefna í landbúnaðarmálum er sú, að hafa minna land undir og rækta það betur, og er ætlazt til, að svo verði hér. Frá því fyrsta hefir það og tíðkazt, að menn í sveitum hafi haft nokkra atvinnu af sjó einhvern hluta ársins. Þetta ætti bændum og bændasonum að veitast slíkt hægara, ef búið er ekki stórt. Þessi nýbyggð er svo skammt frá sjó, að mönnum er auðvelt að sækja þangað atvinnu.

Tilgangur þessa frv. er sá, að bæta úr því atvinnuleysi í sveitum, sem þegar er orðið tilfinnanlegt og hlýtur að fara vaxandi, ef ekkert er að gert. Ég treysti því hv. landbn. til að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

60. Síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði.

Á 52. fundi í Ed., 21. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til þess að taka á leigu síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði eða taka afnot síldarbræðslustöðvarinnar eignarnámi (þmfrv., A. 416).

Á 54. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ég gerði ráð fyrir því, þegar þáltill. um þetta efni var til umr. hér í þd., að bera fram þetta frv., sem er svipaðs efnis. Eins og hv. þdm. muna, þá átti með þáltill. að heimila stj. að taka á leigu síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði. En sjútvn. breytti till. í það horf, að ákveðin bræðslustöð var ekki nefnd, heldur að leigð yrði og starfrækt síldarbræðslustöð á Siglufirði eða annarsstaðar, sem ella mundi verða óstarfrækt næsta síldveiðitímabil. Það gæti að vísu verið um fleiri síldarbræðslustöðvar að ræða, en nú stendur svo á, að síldarbræðslustöð dr. Pauls er hentugri en aðrar stöðvar til starfrækslu í sambandi við ríkisverksmiðjuna, og þess vegna hefi ég helzt komið auga á hana sem nauðsynlegan hjálparmöguleika til þess að bæta úr hinni miklu þörf síldarútvegsmanna til þess að selja síld á Siglufirði, þar sem svo mörg skip eru þar á síldveiðitímabilinu. Í þáltill., sem samþ. var hér í þd., felst að vísu nægileg heimild fyrir stj. til þess að semja um leigu á síldarbræðslustöð. En það gæti farið svo, að slíkir samningar tækjust ekki við eiganda bræðslustöðvarinnar, og þess vegna vildi ég leggja það til, að Alþingi heimilaði stj. að taka sér til handa eignarnámi afnotarétt verksmiðjunnar. Ég álít, að aðstaða stj. sé sterkari, ef hún hefir þessa lagaheimild til þess, svo framarlega sem samningar takast ekki um leigu á bræðslustöðinni. Ég hygg, að samkv. þáltill. hafi stj. heimild til að taka fleiri síldarbræðslustöðvar á leigu, og mætti það gjarnan standa, þó að þetta frv. verði samþ. Það er svo mikið búið að ræða þetta mál, að ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði þess. Hv. þdm. þekkja það svo vel, hvað síldarbræðslan er nauðsynlegur liður við rekstur síldarútvegsins hér á landi og þeir vita, hvað það hefir mikla þýðingu fyrir síldveiðiskipin, ef hægt er að auka síldarbræðsluna.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til hv. sjútvn., og vildi ég jafnframt mælast til þess, að n. afgreiddi það sem fyrst til d. aftur, til þess að útgerðarmenn gætu sem fyrst gert sér grein fyrir því, hvers vænta má á þessu sviði í sumar, og hvaða vonir þeir mega gera sér um það, að stj. semji um aukna möguleika fyrir síldarbræðslu á komandi vertíð. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að hv. þd. taki vel í málið, enda ber þinginu skylda til þess að draga sem mest úr þeirri skaðsemi, er

stafar af norsku samningunum, sem nú er búið að samþ. og afgr. frá þinginu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Innflutningur á kjarnfóðri o. fl.

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning á kjarnfóðri o. fl. (þmfrv., A. 461).

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. er flutt, eins og segir í grg., eftir ósk atvmrh., en er samið af hinni svokölluðu bændanefnd. Aðaltilgangur frv. er að stuðla að því að draga úr innflutningi á þeim vörum, sem hægt er að fá hér innanlands, m. ö. o. að bæta þjóðarbúskapinn sem þessu nemur. Hér er ekki um svo litla upphæð að ræða, eftir því sem skýrslur frá 1929—1931 sýna, því þá hefir meðalinnflutningur á útlendu kornfóðri numið ½ millj. kr. á ári, og er þó ekki talið með rúgmjöl, sem allt er notað með í þessu skyni. Nú hefir á þessum árum aukizt mjög ræktun á landinu, svo að til er meira en nóg hey til þess að koma þarna í staðinn. Það virðist því vera vel til fallið, a. m. k. meðan kreppan stendur yfir, að draga úr þessum innflutningi, sem hægt virðist að komast hjá og skapa þannig markað fyrir innlendar vörur, sem við svo sárþörfnust fyrir. Í annan stað er svo mælt fyrir í 2. gr. frv., að fram skuli látin fara rannsókn á notagildi innlends kjarnfóðurs og áburðargildi síldarmjöls og beinamjöls. Þetta hvortveggja er mjög nauðsynlegt. Ýmsir halda því fram, að síldarmjöl sé allt að því eins vel fallið til áburðar og bezta erlenda áburðartegundin, sem við fáum, „nitrophoska". Og ef það kæmi í ljós við þessa tilraun, þá er mikið unnið. Þá er skapaður markaður fyrir þessa innlendu vöru og um leið fengju þeir ódýrari áburð, sem hann þyrftu að kaupa.

Að þessu athuguðu hefir n. ekki hikað við að flytja þetta frv. og væntir þess, að d. lofi því að ganga áfram.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég vildi aðeins gera þá aths. út af því, sem hv. frsm. sagði um rannsókn á notagildi síldarmjöls til áburðar, að það hafa þegar verið gerðar tilraunir í því efni, en því miður hafa þær ekki enn sem komið er gefið eins glæsilega útkomu eins og ýmsir höfðu vænzt. En þeim tilraunum verður haldið áfram og verður þá framleiðendum til athugunar, ef útkoman verður svo sem æskilegt væri. Jafnframt vil ég benda á það, að ákvæði frv. eru ekki fyrst og fremst miðuð við innflutningsbann, heldur innflutningstakmörkun á þessum vörum. Ég geri ráð fyrir, að þegar nægileg rannsókn hefir farið fram, þá geti niðurstaðan orðið sú, að ekki þyki ráðlegt að banna algerlega, heldur takmarka innflutning á þessum vörum.

Ég geri ráð fyrir, að rannsóknin leiði það í ljós, að innlent kjarnfóður vanti kolvetni, og mun því verða að leyfa takmarkaðan innflutning á því kjarnfóðri, sem inniheldur þau efni sérstaklega, eins og t. d. maís, sem er nauðsynlegur til svínaeldis. En þá mun stj. líta svo á, að hún hafi heimild til þess að fyrirskipa það, að slíkt kolvetniskjarnfóður sé ekki selt nema blandað íslenzku síldarmjöli eða öðrum íslenzkum kjarnfóðurefnum, að líkum hætti eins og Norðmenn hafa farið að með erlent rúgmjöl til manneldis í landinu, þar sem ekki er leyft að selja útlent rúgmjöl, nema blandað innlendum korntegundum.

Að svo mæltu vil ég leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fái góðar viðtökur í hv. d.

Jón Þorláksson: Ég get ekki neitað því, að mér kemur þetta frv. ákaflega undarlega fyrir sjónir. Það má í fyrsta

lagi vera vitað, að enginn maður fer að kaupa útlent kjarnfóður að óþörfu eða sér til skemmtunar. Útlent kjarnfóður er vitanlega ekki annað en efnivara til innlendrar iðnaðarframleiðslu. Það er réttilega gerð grein fyrir því í grg. frv., að útlent kjarnfóður, sem nú er keypt, fer að mestu leyti til mjólkurframleiðslu. Og þegar farið er fram á að banna eða takmarka innflutning á þessum vörum, þá get ég ekki skilið það öðruvísi en tilraun til þess að takmarka eða a. m. k. hefta aukningu á þeirri mjólkurframleiðslu, sem nú er og byggist á því að geta fengið þessa efnivöru. Nú gæti náttúrlega staðið svo á í landinu, að það væri sérstök ástæða til þess að beina landbúnaðinum inn á einhverja aðra braut, og gæti t. d. verið ástæða til þess, að löggjafarvaldið gripi þannig inn í að hindra aukna mjólkurframleiðslu, af því að hentara þætti að beina landbúnaðinum inn á aðra braut. Nú er vitanlega ekki nema um það eitt að ræða að auka kjötframleiðsluna. En finnst hv. þm. ástæða vera til, að löggjöfin leggi hindranir í veginn fyrir mjólkurframleiðsluna í því skyni að auka kindakjötsframleiðslu í landinu? Ég held, að umr. hér á þingi nú um önnur þingmál vísi fremur í öfuga átt.

Mér finnst þetta frv. því undarlegra sem það kemur greinilega fram bæði í grg. frv. og ummælum hæstv. atvmrh., að stj. hefir ekki hugmynd um, hvað hún ætlar að gera í þessu máli. Hæstv. ráðh. segir, að það eigi að rannsaka innlent kjarnfóður, og ef það kæmi í ljós, að hægt sé að nota það, t. d. til blöndunar, þá ætlar stj. að bregða á loft þeirri kylfu, sem frv. leggur henni í hendur. En gæti ekki verið skynsamlegra að bíða með slíkar hindranir, þangað til stj. er búin að gera þær rannsóknir, sem færðu henni einhverja skoðun um það, hvað hún vildi gera?

Mér finnst óþarfi að biðja löggjafarvaldið um þessa hindrun meðan ekki er vitað, hvort nokkurt vit verði í að nota hana. Það má líka minna á það, að innflutningur á útlendu kjarnfóðri er sú varúðarráðstöfun, sem við í þessu landi höfum helzt haft til að grípa til þess að verjast stórkostlegum áföllum frá náttúrunnar hendi í vorharðindum. Og gæti það ekki orðið varhugavert, ef einhver stj. af misskilinni umhyggju fyrir einhverju öðru, t. d. síldarútgerðarmönnum, sem þurfa að selja síldarmjöl, hefði takmarkað eða bannað innflutning á kjarnfóðri, svo að alvarlegur fóðurskortur yrði í landinu í vorharðindum?

Ég vil ennfremur minna á það, að þó sú stefna hafi verið mjög í uppsiglingu undanfarin ár, að leggja hindranir á viðskipti milli landa, þá er alveg greinilegt, að það er kominn afturkippur á þessu sviði, af því að stjórnmálamenn heimsins eru búnir að átta sig á því, að þessi stefna er vissasti vegurinn til eyðileggingar á allri efnalegri velgengni hjá þjóðunum. Millilandaverzlunin hefir færzt svo saman á undanförnum árum út af þessari hafta- og hindranastefnu, að allir sjá, að þetta horfir til viðvarandi vandræða í heiminum, ef ekki verður snúið við. Þess vegna er þegar hafizt handa um að nema slíkar hindranir í burt með milliþjóðasamningum og jafnvel alþjóðasamtökum. Þessa dagana hefir verið fullráðið að halda alþjóðasamkomu, sem einmitt fyrst og fremst á að reyna að koma fram ákvörðun í þessa átt.

Við hér í okkar utanríkismálanefnd höfum orðið varir við, að það verði settar hömlur við því, hvað langt við höldum áfram á þeirri braut að banna innflutning á vörum frá þjóðum, sem við viljum hafa vinsamleg viðskipti við. Þetta hefir þegar komið fram, og það mun koma meira fram. Ég tel þetta ekki sem stendur höfuðatriðið í sambandi við þetta frv.. Höfuðatriðið er, að það beinist á móti aukinni innlendri framleiðslu með því að leggja á vald stj. að hefta innfl. á nauðsynlegum hráefnum til framleiðslunnar.

Ég ætla ekki að hafa á móti því, að frv. fari til 2. umr. og nánari athugunar, en ég vil mjög alvarlega vara við því að fara inn á þá braut að hindra bændur eða mjólkurframleiðendur í því að kaupa þá efnivöru, það fóður, sem þeir telja, að borgi sig bezt vegna mjólkurframleiðslunnar. Ég hygg, að þegar til lengdar lætur, þá verði reynsla þeirra gleggri dómari um það, hvað hentast sé í þessu efni, en álit nokkurs eins ráðh., jafnvel þó hann styðjist við till. einhverra manna utan síns ráðuneytis.

Ég þarf ekki að halda neinn fyrirlestur um það, að a. m. k. þeim, sem búa í þessum landshluta, veitist ákaflega erfitt að fá kýr til þess að gera svo gott gagn, sem þarf til þess að það borgi sig að halda þær, með því að gefa þeim eingöngu heyfóður.

Ég held þess vegna, að það sé ákaflega vafasamt, sem stendur í aths. þessa frv., að það væri af því auðsær vinningur, að það af heyfeng af ræktuðu landi, sem nú er gefið sauðfé, og af áveitulandi, sem þannig er notað eða deyr út, væri notað til mjólkurframleiðslu og kæmi þar að miklu leyti í stað hins aðkeypta kjarnfóðurs. Ég hygg, að sannleikurinn sé sá, að á stórum svæðum á landinu sé nauðsynlegt að geta átt kost á kjarnfóðri, til þess að gera þennan innlenda heyfeng arðberandi vegna mjólkurframleiðslunnar. Það er vonlaus búskapur orðinn, a. m. k. þar, sem ég er kunnugastur á landinu, og það er hér í nágrenninu, að ætla sér að halda margar kýr á heyfóðri og hafa um 2000 til 2400 l. mjólkur á ári. Hitt getur borgað sig, að hafa þær færri og gefa þeim betur. Með útlendu kjarnfóðri er hægt að drífa mjólkurmagnið upp í 3600 l. En það er alkunnugt, að með heyfóðri einu saman verður kýrnytin ekki nema 2000—2400 l., og sá búskapur borgar sig ekki.

Ég vona, að landbn. taki til alvarlegrar athugunar, hvort ástæða er til að leggja hindranir í veginn fyrir þessa atvinnugrein á þeim svæðum landsins, þar sem hún nú hentar betur en aukin sauðfjárrækt.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég skal ekki koma neitt inn á þau atriði, sem hv. 1. landsk. (JónÞ) gat um í sambandi við millilandaverzlun heimsins, og þá bjartsýni, sem hann hafði í því efni, að allir væru farnir að sjá, í hvert óefni haftastefnurnar stefndu. Það má náttúrlega vera almenn ósk, að svo væri í raun og veru, því þá yrði okkur margt auðveldara. Og þó verð ég að ætla, að enn sé ekki komið að því, að þessi fróma ósk rætist. En viðvíkjandi því, sem hann sagði um þetta frv. sérstaklega, þá vildi ég gera nokkrar aths. Hann lagði mjög áherzlu á það, að þetta frv., ef að l. yrði, myndi hefta mjólkurframleiðsluna í landinu. Það var að skilja svo sem hann teldi, að útilokað væri, að hægt væri að auka mjólkurmagn kúnna á annan hátt en að nota til þess útlent kjarnfóður. Ég gat um það áðan, að það mundi vanta eitt efni í það innlenda kjarnfóður, til þess að hægt væri að notast við það eingöngu. En hinsvegar er allalmenn reynsla fyrir því, að kýr mjólka betur með því að nota að mestu leyti innlent kjarnfóður og blandað að nokkru leyti útlendu kjarnfóðri, heldur en að nota útlent kjarnfóður eingöngu. Þar sem hv. þm. talar um það, að bændur og mjólkurframleiðendur noti ekki útlent kjarnfóður að óþörfu eða sér til skemmtunar, þá get ég sagt honum það, að bændur hafa viða, vegna þeirra prédikana, sem uppi hafa verið um að auka mjólkurframleiðsluna með útlendu kjarnfóðri, blindandi keypt allt of mikið af þessari vöru og meira en mjólkurmarkaðurinn hefir þolað. Ég veit þess dæmi í einni sveit, sem flytur mjólk hingað til bæjarins, að fyrsta árið, sem sá mjólkurflutningur hófst, keyptu bændurnir svo mikið af útlendu kjarnfóðri, að mestallt verð mjólkurinnar fór til greiðslu á kjarnfóðrinu. Það munu margir bændur, sem hafa góða aðstöðu til að fóðra kýr sínar á heyi, hafa takmarkað kaup sín á útlendu kjarnfóðri síðastl. ár. (**JónÞ:** Og þurfti ekki l. til). Nei, vitanlega ekki, en reynslan hefir kennt þeim það.

En þetta frv. miðar að því, eins og ég gat um áðan, að enn meir verði takmarkaður innflutningur á útlendu kjarnfóðri, sem selt yrði óblandað hér innanlands, heldur notað í hæfilegum mæli til þess að blanda með því hið innlenda kjarnfóður, sem fyrir er. Ég býst við, að margir bændur hafi þá reynslu, að síldarmjöl og beinamjöl blandað nokkru af maís sé eins gott til mjólkur eins og olíukökur og annað útlent fóður, sem keypt er til landsins fyrir ærið fé.

Ég býst ekki við, að það þurfi að draga úr mjólkurframleiðslu bænda, þó að þeir noti meira hey til fóðurs og bæti það upp með innlendu kjarnfóðri í stað þeirra erlendu fóðurtegunda, sem nú eru mest notaðar. Þegar þarf að hafa allar gætur á þeim gjaldeyri, sem varið er til kaupa

á nauðsynjavörum, þá er ekki ófyrirsynju, að einnig sé litið á þetta.

Hvað það snertir, að í harðæri sé það varnarráðstöfunin, að grípa til erlends kjarnfóðurs til að halda lífinu í fénaði, skal ég taka það fram, að þetta frv. kemur því máli ekki við, því að ef harðæri vofir yfir, mundu að sjálfsögðu verða veittar undanþágur frá ákvæðum þess. Þá er og á það að líta, að bændur hafa oft sett of ógætilega á, vegna þess að þeir treystu á kjarnfóðurskaupin, ef harðæri kæmi. Þeir hafa ekki sett á heyhlöðurnar, heldur á búðirnar. Reynslan frá 1920 bendir á, að slík kaup hafi ekki alltaf verið hagfelld, þar sem t. d. bændur í einu héraði keyptu erlendan fóðurbæti fyrir svo mikið verð, að stappaði nærri, að þeir þyrftu að selja mestallt kvikfé sitt til að borga kjarnfóðursskuldirnar. A. m. k. er það svo um hrossarækt og sauðfjárrækt, að hún getur ekki borið sig, nema þá á einstöku stað, með því að byggja verulega á erlendu kjarnfóðri.

Ég hygg því, að í frv. felist rétt hugsun og að sjálfsagt sé, að d. taki það til athugunar, og að n. gerði þá á frv. þær breyt., sem henni þættu nauðsynlegar.

Um einstök atriði frv. vil ég ekki ræða á þessu stigi málsins. Ég vænti þess, að n. athugi frv. nánar. Annars er frv. þetta flutt óbreytt eins og bændan. bjó það út, og aths. við það sömuleiðis.

Jón Þorláksson: Hæstv. atvmrh. gaf þá upplýsingu, að fyrir sér vekti, a. m. k. að einhverju leyti, að koma á framfæri fóðurblöndu úr síldarmjöli. **(Atvmrh.:** Ég gat þess í minni fyrri ræðu). Og hann sagði, að hún hefði reynzt eins vel og útlent fóður, og nefndi þar til olíukökur. Það er ekkert við það að athuga, þó að stj. vilji fá heimild til að koma slíkri blöndu sérstaklega á framfæri, en ég verð að vera fastur á því, að það má ekki hindra þá, sem geta ekki fengið slíka blöndu, frá því að fá aðrar fóðurtegundir, því að það getur staðið misjafnlega á fyrir mönnum, hvers þeir þurfa til að bæta upp það fóður, sem þeir hafa fyrir. Ég hefi mikla trú á allri upplýsingastarfsemi frá forstöðumönnum landbúnaðarins, en megna ótrú á því, að stj. taki fram fyrir hendurnar á mönnum um að banna innflutning til landsins á því, sem menn telja sér hentugast að fá. Hæstv. ráðh. sagði, að skaðlaust væri að ýta undir menn með að auka heyfeng sinn. Þetta er rétt, en einmitt þeim, sem eru að auka heyfeng sinn, er einna mest þörf á að fá að vera frjálsir í vali á kjarnfóðri. Þar á ég við þá menn, sem eru að auka sitt ræktaða land. Þeir eru oft af ýmsum ástæðum knúðir til að hafa stærra bú en land þeirra ber á meðan það er að komast í rækt. Kjarnfóðurskaupin eru þannig hjá fjölda manna ekki eingöngu til þess að framleiða þá innlendu vöru, mjólkina, heldur eru þau líka eitt skilyrðið til, að þeir geti fullræktað land sitt. Þeir þurfa að hafa það stórt bú, að þeir geti framfleytt öllu, meðan jarðræktin er að komast í kring, fyrir utan það áburðarhagræði, sem af því stafar.

Það má því ekki líta svo á, að hér sé eingöngu að ræða um samkeppni milli heyfóðurs og erlends kjarnfóðurs, heldur er kjarnfóðrið nauðsynleg hjálp til þess að heyaflinn komist á hærra stig.

Ég geri ekki mikið úr þessu atriði sem gjaldeyrisráðstöfun, því að ef framleiðendurnir hafa hag af því að kaupa það erlenda kjarnfóður, þá kemur þar fram meira verðmæti en sem kjarnfóðurskaupunum nemur. Það er ekki rétt hugsað, að við getum ekki að einhverju leyti farið hér að dæmi langfremstu landbúnaðarþjóðarinnar í heiminum, sem hefir drifið búnað sinn upp á mjög hátt stig með því að stækka búin og auka framleiðsluna með kaupum á aðfluttu fóðri. Ég á hér við Dani, sem eru nú komnir lengst allra þjóða í landbúnaði. Þeirra landbúnaður er í raun og veru orðinn iðnaður, sem byggist á aðfluttum erlendum hráefnum. Þeir hafa kunnað að fá velsæmi í búnaði lands síns á þennan hátt. Ég játa, að við stöndum á öðru stigi, þar sem við eigum nú mikið ónotað ræktanlegt land, en þar kemur þetta, sem ég áður minntist á, að fyrir þá einstaklinga, sem eru að rækta land sitt, eru einmitt kjarnfóðurskaupin nauðsynlegust, meðan þeir eru að koma ræktun sinni á.

Þá vill hæstv. ráðh. mótmæla því, að þessi ákvæði séu öfug hallærisráðstöfun, af því að undanþágur verði veittar, ef harðæri vofi yfir. En hvenær yrði það

gert nógu snemma? Það er ekki auglýst í útvarpinu mánuði fyrirfram, hvenær harðæri skelli á. Ég hefi alltaf verið ákaflega andvígur öllum ráðstöfunum, sem brjóta upp á að hindra aðflutning á kjarnfóðri eða annari fóðurvöru til þessa lands. Mér er í of ferskú minni, þó að það sé aðeins bernskuminning, þegar sá landshluti, sem ég ólst upp í, leið skort ár eftir ár vegna þess, að þessar útlendu vörur voru ekki fáanlegar á landinu, þegar vetur varaði lengur en almennt gerðist og menn höfðu búizt við.

Þá sagði hæstv. ráðh., að reynslan frá 1920 hvetti menn ekki til þess að halda lífinu í búfé sínu á fóðurbætiskaupum. En hér skjátlast hæstv. ráðh. alveg. Reyslan frá 1920 sannar ekkert um þetta. Hún sýnir aðeins, hvernig fer, þegar svo stendur á um peningamál og vöruverð og þá var. Þá stóð nefnilega svo á, að vöruverð hafði farið hækkandi, fyrst í 4 stríðsár, sem menn höfðu búizt við, og svo í 2 friðarár, sem kom mönnum á óvart og gerði menn bjartsýna á, að þetta háa verð héldi áfram. Því var það, að haustið 1919, þegar verðið var mjög hátt, þá lóguðu menn almennt miklu minna en þeir hefðu átt að gera. Svo kom veturinn, sem varð svo harður, að menn urðu að kaupa mikið af fóðurbæti til að framfleyta búfé sínu, og þá voru útlendar vörur í því hæsta verði, sem þær hafa nokkurn tíma komizt í. Sú verðhækkun hélt áfram þar til í byrjun sumarsins 1920. Þá kom það mesta verðhrun, sem nokkurntíma hefir komið, ennþá stórkostlegra en það verðhrun, sem núv. kreppa er samfara. Haustið 1920 voru því innlendar afurðir komnar niður í skítinn — ef svo mætti segja —, samanborið við það, sem var vorið 1920. Svo þegar haustið 1920 fékkst ekki nema svo afarlítið fyrir afurðirnar, þá kom það fram, að kjarnfóðurskaupin frá síðasta vetri höfðu ekki borgað sig. Hitt væri skakkt, ef af þessu ætti að draga þá almennu ályktun, að það borgi sig alls ekki fyrir bændur að kaupa kjarnfóður í harðæri. Ég hygg, að þessi kaup hefðu borgað sig undir stöðugu verðlagi, og stöðugt verðlag er það, sem menn gera venjulega ráð fyrir. Menn búast a. m. k. ekki við eins óskaplegu verðfalli og því, sem varð árið 1920, og þetta veit ég, að hæstv. ráðh. sannfærir sig um við nánari athugun þessara mála.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Hv. 1. landsk. hefir enn haldið langa ræðu, sem er að nokkru leyti almennar hugleiðingar. Ég vil þá stuttlega víkja að þessum almennu hugleiðingum hans um árið 1920. Ég nefndi þetta ár aðeins sem dæmi, af því að ég hygg, að það sé flestum minnisstætt. Hinsvegar var öllum mönnum kunnugt, áður en hv. þm. tók hér til máls, um þær miklu verðbreytingar, sem urðu á þeim missirum, en það raskar í engu þeirri niðurstöðu minni, að það borgi sig yfirleitt ekki fyrir bændur að setja á búðirnar. Þeim er hollara að setja á sínar eigin heybirgðir en að ætla sér, þegar í harðbakka er komið, að fara í kaupstaðinn og sækja það, sem á vantar. Slík hallærisráðstöfun hefir oft orðið bændum dýrkeypt.

Ég hygg, að hvað sem verðlagi líður, þá muni hrossarækt og sauðfjárrækt yfirleitt ekki borga sig á þennan hátt, nema þá á einstöku beitarjörðum, sem eru þá algerð undantekning.

Hv. 1. landsk. benti réttilega á, að það gæti staðið svo á, að menn, sem væru að byrja ræktun sína, freistuðust til að setja upp stærri bústofn en landið bæri og yrðu því að kaupa kjarnfóður, en ég hygg, að þetta frv., þó að lögum yrði, þurfi ekki að koma þar til baga, með því að kostur mundi á innlendu kjarnfóðri, sem væri þá aðeins að nokkrum hluta blandað erlendum efnum. Hitt tel ég misráðið, að stækka mjög bústofn sinn með það sérstaklega fyrir augum, að gripirnir séu nokkurskonar áburðarverksmiðjur. Það mun borga sig betur að haga fjölda gripa eftir því, sem sala afurða bendir til í hvert skipti.

Hv. þm. benti á það, að bezta landbúnaðarþjóð heimsins, Danir, væri nú búin að breyta landbúnaði sínum í iðnað, sem byggðist að miklu leyti á aðkeyptu kjarnfóðri. Ég hygg, að sú þjóð hafi nú fengið mörg mál til íhugunar í sambandi við það búskaparlag. Danir munu hafa fundið til þess á stríðsárunum, að erfitt getur verið að byggja þennan landbúnaðariðnað á vörum, sem fluttar eru frá öðrum löndum, og það mun síður en svo, að

þeir standi vel að vígi með þennan iðnað sinn nú.

Jón Þorláksson: Það er aðeins stutt aths. til að svara því, sem hæstv. ráðh. endurtók, en ég hafði ekki svarað í minni fyrri ræðu.

Hann sagði, að ekki væri rétt að ýta undir bændur að setja á útlent fóður í von um að fá það, þegar á þyrfti að halda. Þetta er satt, en mér er kunnugt um, að löggjöfin hefir nú að nokkru leyti komið í veg fyrir þetta með l. um eftirlit með heybirgðum og fóðrun manna. Það er því ekki nauðsynlegt að setja innflutningshöft á kjarnfóður til þess að knýja bændur til að setja skynsamlega á.

Magnús Torfason: Ég ætla ekki að blanda mér í þau orðaskipti, sem orðið hafa um þetta mál á milli hæstv. atvmrh. og hv. 1. landsk. Hinsvegar kann ég ekki við, að ekki komi annað hljóð frá d. heldur en hnífilyrði í garð frv.

Ég verð að telja, að þetta frv. geti orðið að gagni, og það af því, að ég legg sérstaka áherzlu á 2. gr. frv. og þær rannsóknir, sem stj. á samkv. þeirri gr. að láta fara fram. Ég get hinsvegar ekki hugsað mér, að stj., hver sem hún er, detti í hug að beita því valdi, sem hér á að veita henni, til þess að banna innflutning á kjarnfóðri, fyrr en þessar rannsóknir hafa verið gerðar. Ég get ekki heldur hugsað mér, að stj. fari að takmarka innflutninginn svo, að hætta yrði á fóðurskorti í landinu. Ég hefi yfirleitt það traust til hverrar stj., að hún hagi sér eins og sæmilega skynsamur maður.

Við vitum, að kjarnfóðurkaup hafa oft verið gerð af litlu viti, ekki aðeins hvað það snertir, hvort þessi fóðurbætiskaup borguðu sig, heldur hafa menn oft keypt kjarnfóður án þess að vita, hvort það hafði þau efni inni að halda, sem helzt þurfti til að bæta upp það fóður, sem menn höfðu fyrir. Þess vegna er afarmikilsvert, að þetta sé rannsakað sem ýtarlegast, svo að unnt sé að leiðbeina þeim mönnum, sem fóðurbæti þurfa að kaupa. Þetta álít ég, að hljóti að vera aðalefni þessa frv. Það stendur líka í 4. gr., að 1. og 3. gr. gildi aðeins til 1. júlí 1935. M. ö. o. eiga þessi haftaákvæði aðeins að vera um stundarsakir til reynslu, ef á þarf að halda, en 2. gr. á að gilda ótakmarkaðan tíma.

Ég vil einnig geta þess, að það hafa komið fram raddir um að fara varlega í þessu efni. Það er ekki nema gott, að stj. viti það, að það tjáir ekki að fara hörðum höndum um þessi efni. Það verður ætíð að hafa allan varann og láta reynsluna skera úr og fara eftir því, sem þeir álíta, sem þessum málum eru kunnugastir. Þá er áreiðanlegt, að þessi ákvæði verði að gagni, en engum til tjóns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Jón Jónsson): Landbn. hefir ekki skilað prentuðu nál., en ég get skýrt frá því, að meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Nokkrar umr. urðu um þetta mál er það var hér til 1. umr. Töldu þá sumir, er til máls tóku, frv. þetta viðsjárvert. Meiri hl. n. hefir ekki getað komið auga á, að hætta stafi af frv. 1. gr. þess heimilar aðeins ríkisstj. að takmarka eða banna innflutning til landsins á kjarnfóðri til gripaeldis. Og meiri hl. n. álítur, að gera megi ráð fyrir því, að Alþ. beri það traust til ríkisstj., að hún misbeiti ekki því trausti. Hinsvegar verður að stuðla sem bezt að því, að þjóðin noti sem bezt má verða sína eigin framleiðslu. Nú hefir heyfengur af ræktuðu landi aukizt mikið á síðari árum, og einnig framleiðsla síldarmjöls. Er einsætt að nota sem bezt hin innlendu fóðurefni til fóðrunar búpenings og spara þar með gjaldeyri til fóðurkaupa erlendis á erfiðum tímum fram yfir það, sem brýna nauðsyn ber til. Ég neita því ekki, að ástæða geti verið til að flytja inn eitthvað af kjarnfóðri. En fyrir því er einnig gert ráð í frv. Aðallega er um notkun innflutts kjarnfóðurs að ræða handa nautpeningi, og þá mest praktiserað í þeim sveitum, sem eiga aðgang að

góðum mjólkurmarkaði. Þar má vera, að hyggilegt sé að bæta upp innlenda fóðrið með maís. Og áður en stj. gerir ákvarðanir sínar um þetta, mundi hún leita til hinna fróðustu manna á þessu sviði og haga framkvæmdum sínum svo, að þeirra ráði, að tryggt væri, að mjólkurframleiðendur ættu kost þess fóðurs, er gæfi þeim góðan arð. En þó svo væri gert, er ekki vafi á því, að mikið má takmarka innflutning kjarnfóðurs frá því, sem nú er. — Þetta er þá um 1. gr. frv. að segja.

Gegn 2. gr. frv. hafa engin mótmæli komið, enda er það mikilsvert, að rannsakaðar séu innlendar kjarnfóðurtegundir og að nákvæm reynsla liggi fyrir um notagildi þeirra. Einnig er gott, að þær tegundir, sem nefndar eru í gr., séu athugaðar með tilliti til hæfni þeirra til áburðar. Nú er greitt mikið fé úr landi fyrir áburð. Væri gott, ef hægt væri að spara þær upphæðir með innlendri framleiðslu áburðar.

Að þessu athuguðu sér meiri hl. n. ekki annað en að réttmætt sé að samþ. frv. Enda væntir hann þess, að landsstj. beiti ákvæðum þess með gætni. Ég skal bæta við því, sem áður hefir verið sagt, að frv. þetta er samið af bændanefndinni, og hefir hún einróma lagt til, að það verði samþ. Hún naut aðstoðar frá Búnaðarfélagi Íslands við samningu þess. Get ég þess vegna þess, að fram kunna að koma mótmæli frá einum starfsmanni þess. Þau mótmæli, ef fram koma, munu athuguð síðar, ef þurfa þykir.

Pétur Magnússon: Ég vil gera grein fyrir því, að þó talið sé, að landbn. flytji þetta mál inn í þingið, þá er ég þó, og hefi verið frá því fyrsta, algerlega á móti því, að það verði samþ.

Ég er viss um, að ef slík ákvæði sem þessi, er banna eða takmarka innflutning kjarnfóðurs, hefðu komið frá mönnum úr Sjálfstæðisfl., þá hefðu þau af sumum verið kölluð hnefahögg á bændur og litilsvirðing á þá. Það væri sagt, að þeim væri ekki trúað til þess að ráða fram úr því á eigin spýtur, hvernig þeir eigi að fóðra gripi sína. Og það er heldur ekki hægt annað að segja en að í frv. felist vantraust til bændastéttarinnar um að leysa þetta af hendi af eigin rammleik. En þótt þessi ákvæði frv. verði gerð að l., þá munu þau ekki orka því, að bændur hætti að fóðra gripi sína á útlendu kjarnfóðri, ef þeir annars telja sér það hagkvæmt. Þeir yrðu aðeins neyddir til að skipta um tegund. Þeir yrðu að hætta við að nota það kjarnfóður, sem þeir hafa talið sér hagkvæmast að nota hingað til, en verða í stað þess að nota matvörutegundir þær, sem inn eru fluttar til manneldis, t. d. rúgmjöl, enda mun það nokkuð notað nú. Með löggjöf myndi því reynast ógerlegt að fyrirbyggja notkun kjarnfóðurs, enda myndi það án efa reynast mjög óheppilegt. Það orkar ekki tvímælis, að margir af þeim, sem nota útlent fóður handa skepnum sínum, gera það sér til hagnaðar. Hér í nágrenni Reykjavíkur er kjarnfóður mikið notað, og sjálfsagt meira en nokkursstaðar annarsstaðar á Íslandi. Fjöldinn allur af kúm á þessu svæði eru því vanar við kjarnfóður, og það frá því að þær voru kálfar. Það hefir sagt mér fróður maður um þessa hluti, enda skiljanlegt, að ef kjarnfóðurgjöf er tekin af kúm, sem eru vanar henni, þá hrynji niður nyt þeirra. Og þær kýr, sem að eðlisfari eru nytháar, verða að hafa kjarnfóðurgjöf, ef þær eiga að gefa fullkominn arð. Ég skal taka það fram, að ég átti í morgun til við mann, er stendur fyrir þeirri verzlun, er mest verzlar hér með erlent kjarnfóður. Hann sagði mér, að þess mundu nú fá dæmi orðin, að bændur notuðu kjarnfóður óskynsamlega. Það hefði borið nokkuð á því fyrst. En bændur hefðu lært af reynslunni og væru nú flestir komnir á réttan rekspöl í þessu efni.

Að öðru leyti en þessu skal ég lítið um frv. þetta ræða frá eigin brjósti. Ég skal þó segja það sem álit mitt, að ég tel ákvæði 2. gr. heppileg að því leyti, að nauðsyn sé á, að sú rannsókn, sem þar um getur, fari fram. En það er skoðun mín, að það sé hlutverk Búnaðarfélags Íslands, sem það eigi að framkvæma án allrar íhlutunar Alþingis. Ég veit sannarlega ekki, hver eru hlutverk Búnaðarfélagsins, ef ekki þetta. Svo drjúgt hefir dropið til þess frá ríkinu, að ekki ætti að þurfa að ganga eftir því um að framkvæma jafnsjálfsagða rannsókn.

Að öðru leyti en þessu mun ég láta tala

fyrir mig þann manninn, sem fróðastur mun vera um þessi efni, ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í kúarækt. Ég hefi hér í höndum bréf frá honum, og þó það sé nokkuð langt, þá vona ég, að hv. þdm. hlusti á það með þolinmæði. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp, og er það þannig:

„BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

27. apríl 1933

Í dag hafa fleiri menn spurt mig að því, hvort það sé haft eftir mér sem starfsmanni Búnaðarfélags Íslands, sem haft er eftir Búnaðarfélaginu í greinargerð fyrir frumv. til laga um innflutning á kjarnfóðri. Þar sem svo er ekki, en þar sem það mál, er frumv. ræðir um, snertir allmjög minn verkahring, ætla menn, að villur þær og vitleysur, sem í greinargerðinni eru, séu frá mér runnar, og því finn ég ástæðu til að leiðrétta þær og lýsa því yfir, að undir mig hefir ekkert þessu máli viðvíkjandi verið borið.

Síðustu prentuðu verzlunarskýrslur eru frá árinu 1930. Þá er innflutningur á fóðurbæti það mestur, sem hann hefir orðið. 1931 má ætla, að hann hafi orðið heldur meiri, en 1932 miklu minni.

1932 nemur innfluttur fóðurbætir sem hér segir:

Hænsnafóður	263725 kg.,	sem kosta	61586 kr.
Svínafóður	61586 —	— — —	4456 —
Annað fóður, sem þá er mest handa mjólkurkúm	1594963 —	— — —	329989 —

Í nefndri greinargerð er það haft eftir Búnaðarfélagi Íslands, að þessi fóðurbætir sé nægilegur til að framleiða 4 til 6 millj. kg. af mjólk. Þetta er megnasta fjarstæða og heimska, sem ekki má standa ómótmælt. Það verður að gera þær kröfur til þeirra, sem við Búnaðarfélag Íslands starfa, að þeir séu ekki svo mikil flón að halda, að þetta geti átt sér stað. Væri þessi fóðurbætir gefinn sem viðbótarfóður til kúa, sem hefðu nákvæmlega mátulegt viðhaldsfóður, þá myndi það nægja til að mynda um 3,5 millj. kg. mjólkur, en ættu kýrnar líka að lifa af þessu fóðri, þá mundi ekki vera hægt að framleiða á því meiri mjólk en um 800 þús. lítra mjólkur. Það sjá því allir, hvílík fjarstæða það er, sem í frumv. stendur, og hve fjarri sanni það er og hve lítt fyrirgefanlegt það er að bera Búnaðarfélag Íslands fyrir slíku.

Fyrst ég fór að leiðrétta þetta, þá skal ég jafnframt leyfa mér að benda nefndinni á það, að ákvæði frv. um bann á innflutningi á fóðurbæti eru ákaflega viðsjárverð.

Um innflutninginn á hænsnafóðri skal ég fátt segja. Það mun nú vera vilji allra, að við komumst það langt í hænsnarækt-inni, að við getum eggfætt okkur sjálfa og þurfum ekki að flytja inn egg. Þetta getur náðst, og við erum ekki langt frá því að ná því. En ef það nú ætti að fara að neyða menn til að nota bara innlent fóður handa hænsnunum, eða nota handa þeim kornmat, sem fluttur er inn í landið og ætlaður til manneldis, þá er hæpið, hvort mönnum fyndist svara kostnaði að framleiða eggin.

Um svínafóðrið er það skemmst að segja, að þó það sé talið sér, sem beint er kallað svínafóður, þá er vitanlega mikill annar fóðurbætir, og þá sérstaklega maís, notaður til að gefa svínum. Væri tillit tekið til þessa, minnkaði mjólkurframleiðslan, sem hafa mætti á aðkeypta fóðurbætinum. Hitt er líka vitanlegt, að svínarækt er hér í byrjun og fullnægir ekki enn innanlandsþörfinni. Hana þarf því að örva, en ekki gera hana örðugri. Nú er það svo, að eitt af því, sem að er fundið af þeim, sem kaupa svínakjötið, er að það sé ekki eins gott og erlent flesk. Síldarmjöl getur ekki hér komið í stað erlenda fóðurbætisins, því sé það gefið að nokkru ráði, þá fæst ekki gott flesk, og byggi ég þetta á reynslu Norðmanna.

Það er því ekki gerlegt, ef það á að stefna að því að fullnægja innanlandsfleskþörfinni, að banna innflutning á svínafóðri.

Loks er svo fóðurbætisgjöfin handa mjólkurkúnum. Ef það á að keppa að því, að menn eignist og eigi arðsamar kýr, þá verður að fóðra þær að nokkru með fóðurbæti. Þetta skýrist með því að athuga,

að sé ársnyt kýrinnar	2000	3000	4000	5000	6000
þá er viðhaldsfóðrið	58%	48%	41%	35%	31%
og afurðafóðrið	42—	52—	59—	65—	69—

Það sést því, að kýr, sem ekki mjólkar nema 2000 kg. um árið, skilar 42% af fóðrinu aftur í mjólk, en kýr, sem mjólkar 5000 kg., skilar 65%. Þetta gerir kýrnar fyrst og fremst misarðsamar. Nú er það svo, að hey er svo fyrirferðarmikið fóður, miðað við næringargildi, að kýrin getur ekki umsett meira af því en sem svarar því, að hún geti mjólkað tæp eða liðug 3000 kg. Allar hámjólka kýr þurfa því fóðurbæti, eigi þær að sýna fullt gagn, og fer þá eftir verði fóðurbætisins og verði mjólkuraukans, sem fyrir hann fæst, hvort það borgar sig að kaupa hann og gefa eða ekki. Hér má oft nota síldarmjöl, en með því þarf oftast kolvetnisríkan fóðurbæti, og hann er ekki til í landinu, heldur verður að flytja hann inn, og getur ekki komið til mála að banna slíkt.

Af þessu vil ég vona, að nefndin sjái: að það er ekki frá mér vitleysan, sem Búnaðarfél. Íslands hefir borið fyrir í greinargerðinni, að ég tel, að til landsins verði að flytja hænsnafóður, að ég tel, að ekki verði komizt hjá því að flytja inn fóður handa svínum, eigi að komast hér á fót sú svínarækt, sem fullnægi fleskþörf landsmanna, og að ég tel, að óumflýjanlegt sé að flytja til landsins kolvetnarikan fóðurbæti til að gefa þeim kúnum, sem mest geta umsett og gefa langbeztan arð, eigi þær að hafa nóg að gera og geta unnið eigendum sínum fullt gagn.

Þá skal ég benda á það, enda þó að mér verði aldrei kennt það, að það er hæpin fullyrðing um heyaukann af nýræktinni í nefndarálitinu. Nýrækt og túnasléttur voru ekki aðskildar í skýrslum, og því getur enginn sagt með vissu, hve margir hektarar af því, sem talin er nýrækt í nefndarálitinu, eru úr gömlum túnum og hvað utan túns.

Eftir áætluninni um heyaukann ætti nýræktin að gefa 111820 hestburði, en allur töðufengurinn á nefndu svæði er 332735 hestar. Það er því þriðjungur töðufengsins, sem ætti að vera af nýræktinni. En töðuaukinn á þessu tímabili er ekki nema um helmingur af því, sem eftir útreikningnum ætti að vera af nýræktinni. Mætti því svo vera, að nokkuð af henni hefði verið gert í gömlum túnum, og annar hluti af henni væri ekki kominn í rækt, en hvort heldur sem er, verða ekki fóðraðar kýr á þeim heyauka nú, og þarf því ekki hans vegna að hætta við að flytja inn fóðurbæti.

Ég vona, að nefndin athugi þetta og sjái um, að villur þær, sem ég hefi bent á, að eru í nefndarálitinu, verði leiðréttar, svo það sjáist síðar meir, að menn voru ekki svo vitlausir 1933 að halda, að framleiða mætti 4 til 6 millj. kg. af mjólk á 1,59 millj. kr. af fóðurbæti, sem að hálfu leyti er maís og klið (752993 kg.).

Virðingarfyllst

Páll Zophoníasson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþ.

Reykjavík".

Eftir að menn nú hafa heyrt álit þessa manns, sem fróðastan má telja í þessum efnum allra landsmanna, þykir mér ósennilegt, að deildin leggi blessun sína yfir þetta frv. með því að samþ. það.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Það hefir nú verið kveðinn allmikill dómur — líklega dauðadómur — yfir þessu frv. En þar sem það er ekki dæmalaust, að aths. séu gerðar við dóma, þá ætla ég að leyfa mér að gera nokkrar aths. við þennan dóm. Mér heyrðist, að í hinu langa máli, sem upp var lesið, væri það dregið í efa, að hin miklu kjarnfóðurkaup frá útlöndum gætu framleitt eins mikla mjólk og áætlun er gerð um í grg. frv. En sé svo, þá verður líka gagnið af kjarnfóðurkaupunum miklu minna en þar er ráð fyrir gert. Ég held ég hafi heyrt það rétt, að í hinu upplesna bréfi sé sagt, að innflutta kjarnfóðrið geti ekki gefið meira en 800 þús. lítra mjólkur. Yrði þá kraftfóðurgjöfin fyrir hvern lítra mjólkur um 40 aurar. Ef þetta er borið saman við það verð, sem bændur hér við Reykjavík fá fyrir mjólk sína — og hér er þó markaðurinn langbeztur —, þá skýtur nokkuð skökku við um forsendurnar fyr-

ir þeim dómi, að innflutningur kjarnfóðurs sé arðvænlegur. Þær fara a. m. k. að verða nokkuð óljósar.

Þá hjó ég eftir því, að í þessum dómi, sem felldur er af þeim manni, sem bezt vit hefir á þessum málum á öllu landinu, að dómi hv. 4. landsk., er komizt svo að orði, að kýr geti ekki mjólkað yfir 3000 kg., nema hún fái fóðurbæti. En þarf sá fóðurbætir endilega að vera útlendur? Ég hefi sjálfur átt kú, sem fékk töðu og mjólkaði þó 4300 lítra. Hún fékk engan erlendan fóðurbæti, aðeins lítið eitt af soðinni síld. Ég verð að trúa eigin reynslu eins vel og bréfinu, sem lesið var upp. Þá var það annað atriði í bréfinu, sem ég hjó eftir, og það var, að kolvetnisfóður væri ekki til í landinu. Ég veit nú ekki betur en að í t. d. rófum séu mikil kolvetni. Og ég hygg, að engin ræktun borgi sig betur en garðávextir, sem eru einmitt ríkir af kolvetnum. Þar sem kartöflur eru ræktaðar til sölu, þá er svo, að ekki er seljanlegt nema það stærra úr þeim. Eftir verður þá smælkið, og er því ekki á annan hátt betur varið en til kúafóðurs. Fæst þá þar kolvetnisríkt fóður til uppbótar öðru fóðri. Ef mikið væri ræktað af kálmeti, mætti fá álitlegan viðbótarskerf af kolvetnum, ekki sízt ef ræktun hnúðkáls gefst vel. — Jafnvel þótt bréf það, sem lesið var upp, sé frá fróðum manni um þessi efni, þá get ég ekki að því gert, að ég efast um réttmæti ýmsra atriða, sem þar er frá sagt.

Það vill nú svo til, að þetta frv., sem er samið af einum hinum merkasta bónda í Sjálfstæðisfl., hinum eina bónda í þeim flokki, sem sæti á á þingi, er gert í samráði við annan búnaðarmálastjóra og ræktunarráðunaut Búnaðarfél. Íslands. Ég vil byggja töluvert mikið á þessum mæta bónda og þingmanni, og miklu meira en sá hv. þm., er síðast talaði, vildi gera.

Það verður aldrei nógsamlega brýnt fyrir mönnum á þessum tímum að búa sem mest að sínu, líka með því að auka heyfeng sinn og nota innlendan fóðurbæti. Þótt hægt sé að fá góða útkomu með erlendan fóðurbæti í nokkra mánuði, þá held ég, að menn taki það ekki með í reikninginn, hve vanhöld eru miklu meiri í þeim kúm, sem fá lítið hey og mikið kjarnfóður, en hinum, sem lifa á innlendu grasfóðri. Ég hefi ekki skýrslur um þetta, en hygg, að öllum, sem fengizt hafa við kúarækt, bæði í sveitum og kaupstöðum, sé kunnugt um þennan mun. Margir, sem ekki hafa þekkt vanhöld í kúm í sveitum, hafa reynt, að við sjávarsíðuna hafa vanhöldin gleypt verulegan hluta af gróðanum. Skepnunni er eðlilegast, að hún sé sem mest fóðruð á því sama fóðri, sem kynstofninn hefir frá öndverðu lifað á. Ef vélar eru yfirkeyrðar, kemur það fram á endingunni. Töluverð ástæða er til að ætla, að svipað gildi um skepnurnar. Ég hefi ekkert á móti því, að fóðurbætir sé notaður til uppbótar. En það þarf ekki endilega að vera erlendur fóðurbætir. Ég treysti því, að finna megi blöndu af innlendum og erlendum fóðurbæti, sem jafnist fyllilega á við hinn erlenda eintóman. Ef frv. þetta verður að lögum, mun ég styðjast við niðurstöðu rannsókna á þessum efnum og geri ráð fyrir, að ekki verði um bann að ræða, heldur aðeins takmarkanir.

Pétur Magnússon: Mér fannst það ganga nærri hártogun hjá hæstv. atvmrh., þegar hann sagði, að eftir útreikningi ráðunautsins ætti mjólkurlítrinn að kosta 40 aura með erlendu kjarnfóðri. Ráðunauturinn segir í bréfi sínu: „en ættu kýrnar líka að lifa á þessu fóðri, mundi ekki vera hægt að framleiða á því meiri mjólk en 800 þús. lítra mjólkur". Ég efast ekki um, að þetta sé rétt. En ég held, að hæstv. atvmrh. geti ekki bent á nein dæmi þess, að nokkur bóndi hafi látið kýr sínar lifa á erlendu kjarnfóðri einu saman, enda mun það tæpast mögulegt til lengdar.

En ráðunauturinn segir ennfremur, að ef fóðurbætirinn væri gefinn sem viðbótarfóður kúm, sem hafa nægilegt viðhaldsfóður, myndi það nægja til að framleiða 3,5 millj. lítra mjólkur, og mundi sú viðbót þá ekki kosta meira en 9—10 aura á lítra.

Hæstv. ráðh. má vita, að bændum í nágrenni Reykjavíkur þykir gott að geta framleitt mjólk fyrir 9 aura lítrann. Þeir munu fá um 25 aura fyrir hann, svo að hagnaðurinn verður 15—16 aura á lítra, og má það teljast góður hagnaður.

Ég tel það virðingarvert af ráðunautnum, að hann skuli hafa leiðrétt firrurnar í grg. frv. Það kemur fram í grg., að fóðurbætir fyrir rúmar 300 þús. kr. nægi til að framleiða mjólk, sem nemur allt að 6 millj. lítrum. Ef þetta væri svo, liggur í augum uppi, hve ótvíræður hagur væri að því að nota erlendan fóðurbæti. En þetta er auðvitað hreinasta fjarstæða og sýnir, hvernig höfundarnir komast í mótsögn við sig sjálfa, er þeir vilja láta banna innflutning á fóðurbæti.

En aðalröksemdir ráðunautsins eru þó í þeim útreikningi, er sýnir hlutföllin í prósentum milli viðhaldsfóðurs og afurðafóðurs. Þær tölur sýna, að því nythærri sem kýrin er, því meiri þörf er henni á kjarnfóðri. Þetta verður ekki hrakið. Ég þekki að vísu dæmi þess, að kýr hafa mjólkað yfir 3000 lítra, þótt þeim hafi ekki verið gefið kjarnfóður. En það eru undantekningar, sem á engan hátt afsanna regluna.

Um vanhöld vegna kjarnfóðurs er ég ekki bær að dæma, en ráðunautnum hefir ekki þótt ástæða til að geta þeirra, enda ætla ég, að þau séu ekki jafnmikil og hæstv. ráðh. vildi telja þau, ef fóðurbætirinn er gefinn með skynsemd.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Hv. 4. landsk. þótti kenna hártogunar á því, sem mér hafði heyrzt úr bréfinu. En ég held, að dæmið hafi verið rétt, svo langt sem það náði. Ég sagði, að þetta væri a. m. k. ekki ljóst. En ég get bent á hártogun hjá hv. 4. landsk. Ég sagði, að ég teldi ekki æskilegt að banna erlendan fóðurbæti, nema reynslan sýndi, að við hefðum jafngóðan og jafnódýran innlendan fóðurbæti eða fóðurblöndu. En hann lét sem ég vildi banna erlendan fóðurbæti með öllu. Ef hægt er að fóðra sér til hagnaðar á fóðurbæti, sé ég ekki, að betra sé, að hann sé útlendur fremur en innlend blanda. Ég hefi heyrt bændur segja, að enginn fóðurbætir sé betri fyrir fé en síldarmjöl. Ég gæti trúað því, að það væri þá líka gott eintómt með haustbeit handa kúm. Hér er ekki farið fram á annað en að stj. fái heimild til að takmarka erlendan fóðurbæti, ef rannsóknir sýna, að innlendur fóðurbætir eða blanda af innlendum og erlendum sé jafngóð, og áherzla verður lögð á að finna innlend efni í stað hinna erlendu, t. d. kolvetna.

Hv. 4. landsk. sagði, að ef þetta frv. hefði verið borið fram á öðrum tíma, hefði það verið kallað hnefahögg við íslenzka bændur og lýsti vantrausti á þeim. Það er nú margt breytt frá því, sem var, og mætti þá alveg eins segja, að það lýsti vantrausti á kaupmönnum að takmarka við þá erlendan gjaldeyri. En ástæðan er auðvitað ekkert vantraust, heldur sú, að þetta er nauðsynlegt. Svo er og hér, að þessar takmarkanir eru æskilegar, ef ekki nauðsynlegar.

Jón Þorláksson: Allir, sem rætt hafa um 1. gr. frv., viðurkenna, að hún er ótímabær. Jafnvel hv. 3. landsk., sem þó vildi taka mjúkum höndum á frv., var ákveðinn í þeim ummælum sínum, að stj. yrði að beita heimildarákvæðum þeirrar greinar með mikilli varúð. Þar með er viðurkennt, að hér sé stj. fengið vald í hendur, sem geti orðið til skaða. Og jafnframt liggur í greininni sú vantraustsyfirlýsing á bændur, að löggjafinn telji þá óhæfa til að dæma um sitt eigið gagn. Hæstv. atvmrh. talaði um, að engin hætta væri á því, að stj. misbeitti heimildinni. Ég held, að ekki sé óhætt að treysta því. Þessi ráðstöfun tekur aðeins til nokkurs hluta bænda, en öðrum hluta þeirra yrðu þessar aðgerðir ef til vill til stundarhagnaðar. Úr þessu yrði því hagsmunaárekstur. Annarsvegar væru einkum smábændur kringum þorp og bæi, sem stunda ræktunarbúskap. En hinsvegar bændur í dreifðum byggðum, sem hefðu gamalræktuð tún og þyrftu því síður eða ekki fóðurbæti. Það er því vel hægt að beita þessari heimild af ráðnum hug gegn búskap í bæjum og þorpum, svo að mjólkursala hinna batnaði eitthvað. Ég vil ekki leggja þá heimild í hendur nokkurrar stj., að hún geti lagt hömlur á eðlilega rás búnaðarins, sem á síðari árum hefir verið örust kringum bæi og þorp. Menn verða að sætta sig við, að aukningin á hverjum tíma leiti þangað, sem skilyrðin eru bezt. En við bæi og þorp eru þau að miklu leyti bundin við notkun kjarnfóðurs. Ég held, að hæstv. ráðh. geti enga tryggingu gefið þessu smábýlafólki fyrir því, að stj. misbeiti ekki þessari heimild.

Þetta fólk hefir ástæðu til að vera á verði, því fremur sem löggjafarvaldið hefir litla rækt lagt við það og stj. ekki efnt við það gefin loforð. Ég á hér við loforðið um smábýladeild Búnaðarbankans, sem er óstofnuð enn.

1. gr. er því varhugaverð og byggð á þeim misskilningi, að torvelt verði að fá menn til að nota innlent kjarnfóður frekar en erlent, ef kostur er á því og rannsóknir hafa sýnt, að það sé eins hagkvæmt. En það er fullkominn misskilningur að gera ráð fyrir slíku í löggjöfinni. Líklegasta leiðin til að vinna innlendri vöru útbreiðslu er fyrst og fremst sú, að framleiða hana, sem lítið hefir verið gert að, þótt nú sé talað um fóðurblöndu, og útbreiða síðan þessa framleiðslu, eins og við sjáum nú gert í íslenzku vikunni.

Ég get ekki leitt hjá mér að minnast á það, að undir eins og stj. hefir fengið þessa heimild, yrði það til þess, að þessar vörur yrðu lagðar í höft, hversu lítil breyting sem á yrði. En kaupstaða- og þorpsbúar eru orðnir svo leiðir á hverskonar höftum af hálfu hins opinbera, að slíkt er ekki gerandi að nauðsynjalausu, eins og hér. Ég álít, að hver stj. ætti að kappkosta að stjórna landinu á þann hátt, sem fólkinu er geðfelldastur, meðan það rekur sig ekki á réttmæta hagsmuni. Og ég held, að kaup á gripafóðri geti ekki rekið sig á almenna hagsmuni, sízt þar sem notendurnir, íslenzkir bændur, hafa sýnt það, að þeir kunna tök á starfi sínu í þessum efnum og eru dómbærir um sitt eigið gagn. Það ætti að mega treysta því, að ráðunautur Búnaðarfélags Íslands væri ekki að gera alvarlegar árásir á þjóðarhagsmuni, þó hann ráðleggi að láta notendurna sjálfa velja sér kjarnfóður. Niðurstaðan af því, sem ég hefi nú sagt, verður þá í stuttu máli sú, að ég mun greiða atkv. móti 1. gr. frv., en 2. gr. get ég verið með, þó ég álíti, að stj. hefði getað verið búin að láta framkvæma þessa rannsókn í skjóli þeirrar heimildar, sem ég tel hana þegar hafa til þess í lögum.

Pétur Magnússon: Hv. 1. landsk. hefir nú tekið fram flest það, er ég þurfti að segja í þessu máli. — Hv. 3. landsk. játaði í ræðu sinni, að undir vissum kringumstæðum gæti verið ástæða til þess að gefa kjarnfóður með heyi, en þrátt fyrir það sagði hann, að engin ástæða væri til að flytja inn kjarnfóður, því nóg væri af því framleitt í landinu sjálfu, og átti hann þá vitanlega við síldarmjölið. En ég vil benda honum á það, að í grg. frv. er einmitt gert ráð fyrir því, að hægt sé alveg að komast hjá því að nota kjarnfóður. Þar er á bls. 2 sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Með því verði, sem verið hefir á heyi að undanförnu, ætti kaupstöðum þeim og kauptúnum og hinu næsta nágrenni þeirra, sem nú byggja mjólkurframleiðslu sína í verulegum mæli á aðfluttu kjarnfóðri, ekki að vera þetta að neinu leyti óhagkvæmara á þeim stöðum, þar sem sæmileg aðstaða er til þess að ná að sér heyinu, sem víðast hvar er".

Hér kemur það greinilega fram, að gengið er út frá því, að hætt verði að nota kjarnfóður á þessum stöðum, en aðkeypt hey komi í staðinn. Mér þótti nú vænt um að heyra hæstv. atvmrh. játa það, að aðstaðan geti verið þannig, að það geti borgað sig að nota kjarnfóður á vissum stöðum, og það er engin hætta á því, eins og hv. 1. landsk. hefir bent á, að á þeim stöðum muni framleiðendurnir ekki nota frekar hið íslenzka kjarnfóður en hið útlenda, ef þeir finna, að þeim er það til meiri hagsbóta. Yfirleitt nota menn fremur innlenda framleiðslu en útlenda, ef þeir telja sér eigi tjón að því. En verzluninni með hið innlenda kjarnfóður hefir nú verið svo sárlega illa fyrir komið, að það hefir víða ekki verið hægt að nota þessa vöru. Hitt aftur á móti, að neyða menn til þess að nota innlent kjarnfóður, hvort sem það er heppilegt eða ekki, ætti ekki einu sinni að geta komið til mála.

Ef gengið er út frá því, að innlent kjarnfóður verði notað hér í stórum stíl, þá er augljóst, að þar er átt við síldarmjölið, en því hefir nú verið þann veg háttað með það, að fyrir það hefir oftast fengizt gott verð á erlendum markaði, en við það verð yrði vitanlega að miða söluverð hér heima. Fyrir framleiðendur síldarmjölsins er því ekki sýnilegur hagur af þessu frv., og fyrir neytendurna ekki heldur, svo framarlega, sem þeir geta fengið erlent kjarnfóður með jafn-

góðum kjörum, og ef það fæst með betra verði eða er notað með betri árangri, þá er augljóst tjón af innflutningsbanni á því. Og fyrir landið í heild er ekki hægt að sjá, að bannið verði að neinu gagni, því vitanlega er það sama með tilliti til verzlunarjafnaðar, hvort flutt er inn ákveðið vörumagn eða ekki, ef samsvarandi mikið meira er flutt út af annari vöru í staðinn. Hér á því ekki annað að ráða en það, hvaða kjarnfóður notendunum er heppilegast.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég held, að hv. 4. landsk. hafi gert nautgriparáðunaut Búnaðarfélagsins hálfgerðan bjarnargreiða með því að lesa upp skjal hans í þessu máli. Það er ekki hægt að segja, að það sé beint til sóma fyrir ráðunautinn, þar sem það er fullt af stóryrðum og gífuryrðum í garð samstarfsmanna hans í Búnaðarfélaginu út af því, sem eftir þeim er haft í grg. frv., sem hann kallar vitleysu og heimsku.

Eins og hæstv. ráðh. hefir bent á, virðist ekki hægt eftir áliti ráðunautsins, að framleiða mjólk með því að nota erlent kjarnfóður, fyrir minna en 40 aura á mjólkurlítra í fóðurefni, ef það er notað eingöngu, en ef það er notað sem ábætir, þá kosti ekki nema 10 aura fóðurefni á lítra. Ef þetta er nú rétt hjá ráðunaut Búnaðarfél., þá sýnist það ekki beinlínis benda í þá átt, að ódýrt sé að fóðra með erlendum fóðurbæti, ef það er fjórum sinnum dýrara en að fóðra með heyi. En þetta eru nú rökin, sem ráðunauturinn bar fram sem meðmæli með útlendum fóðurbæti. Mér finnst það lítill sómi vera fyrir ráðunautinn að senda svona plagg inn í þingið, sem ekki var þá betur frá gengið en það, að hv. 4. landsk. strandaði í lestrinum. **(PM:** Það var nú á einu orði bara). Hv. 1. landsk. vildi draga það út úr umr., meira að segja út af minni ræðu, að þetta frv. þætti ótímabært, en ég held, að bæði ég og hæstv. atvmrh. höfum tekið það skýrt fram, að málið væri sérstaklega tímabært nú, vegna þess, hve erfitt er nú í ári og nauðsyn mikil á því að spara kaup á erlendum vörur, vegna skorts á erlendum gjaldeyri. Hitt hefir og verið skýrt tekið fram, að engin ástæða væri til að óttast, að ráðuneytið misbeitti því valdi, sem frv. veitir því, enda mun ekki ástæða vera til þess að óttast það. Það voru því aðeins hv. 1. og hv. 4. landsk., sem töluðu um það, að frv. væri ótímabært og það bæri vott um vantraust á bændunum að fara að fyrirskipa um það, hvaða tegund fóðurs þeir eigi að nota, en þetta er mesti misskilningur, og ég vil benda þessum hv. þm. á, að það er einmitt einn af þeirra beztu flokksmönnum, hv. þm. Borgf., sem einna beztan þátt hefir átt í því að semja þetta frv., og skil ég ekki í því, að hv. þm. vilji bera það á hann, að hann vantreysti bændum. En þó ekki sé ástæða til að vantreysta bændum í þessu efni, þá getur verið full ástæða til að hvetja þá með löggjöfinni til þess að nota það fóður, sem þeim er jafnhagstætt að nota og annað, en þjóðfélaginu til mikils gagns, að þeir noti fremur.

Hv. 1. landsk. var að óttast það, að frv. yrði misbeitt gagnvart smábýlamönnunum, sem mest þurfa á aðkeyptu fóðri að halda, en ég verð að segja, að það er nokkuð hart, þegar vandræði eru að selja það, sem framleitt er nú með íslenzku fóðurefni, að þá megi ekki stuðla að því jafnvel með löggjöf, að þetta innlenda fóðurefni sé notað í stað erlends kjarnfóðurs, þar sem það er hlutaðeigendum ekki síður hagkvæmt að nota hið innlenda fóður.

Hv. 1. landsk. var að tala um það, að smábýlamenn hefðu orðið varir við lítinn velvilja hjá þingi og stjórn, þar sem enn væri ekki sett á stofn sú deildin við Búnaðarbankann, sem þeim er sérstaklega ætluð samkv. lögunum. En ég vil benda honum á það, að ég veit ekki betur en að þessir menn noti ekki síður en aðrir bændur aðra deild bankans, en það er ræktunarsjóður. Og ég get ekki séð, að þessum mönnum hafi verið sýndur meiri kuldi í þessu efni en bændum yfirleitt með því að stofna ekki bústofnslánadeildina, sem eins og allir vita er einnig heimiluð í Búnaðarbankalögunum. Sem sagt, ég held, að þrátt fyrir þetta merkilega skjal nautgriparáðunautsins og röksemdir þessara hv. tveggja þm., þá sé engin ástæða til þess að hika við að samþ. þetta frv., sem er að mörgu leyti nauðsynlegt og stefnir að því að ýta undir

skynsamlega innlenda framleiðslu, en á hinn bóginn engin hætta á, að lögunum verði misbeitt.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég ætla aðeins að gera örstutta aths. út af orðum hv. 4. landsk. Hann hélt því fram, að ég hefði fallið frá því, að nauðsynlegt væri að nota fóðurbæti með töðu handa mjólkurkúm, en þetta er hreinn misskilningur hjá honum. Ég tók það skýrt fram við 1. umr., að ég teldi þurfa að nota fóðurbæti, en það mætti alveg eins vera innlendur fóðurbætir, ef til vill blandaður með erlendum, til þess að mjólkurkýr sýndu sem mest gagn.

Viðvíkjandi því, sem hann var að tala um, að ekki væri hætta á því, að bændur notuðu ekki innlendan fóðurbæti fremur en útlendan, ef hann reyndist samkv. rannsókn jafngóður eða betri, þá er því til að svara, að hann hefir nú víða ekki verið á boðstólum í kaupstöðum landsins, og bændur hafa því spurt forgefins eftir þeirri vöru. Það er auðskilið, að heildsalarnir halda fremur í þau erlendu sambönd, er þeir hafa hingað til notað, en að breyta til, ef sérstök ástæða er ekki til þess fyrir þá.

Viðvíkjandi því, að síldarmjölið sé dýrara en erlent kjarnfóður og að auðvelt sé að selja það til útlanda, þá er því að svara, að komið hefir fyrir, að sú sala hefir gengið fullerfiðlega, svo að framleiðslan hefir verið takmörkuð vegna of lítillar eftirspurnar, og þó ekki verið hægt að fá nógan erlendan markað fyrr en seint og síðar meir. Og það er alveg víst, að ef síldarmjölinu bættist innlendur markaður, sem því svaraði, að hægt yrði að selja innanlands það, sem af gengi erlenda markaðinum, þá gætu framleiðendur síldarmjölsins stundað sína atvinnugrein með bjartari huga en annars. Svo er á það að líta, að eðlilega mundi framleiðslan verða ódýrari, ef hún gæti vaxið, og ef selt væri innanlands það, sem fóðurbætisþörfin tekur á móti, væri ekki nema sanngjarnt, að innlendir kaupendur fengju að njóta sérstakrar verðlækkunar á síldarmjölinu.

Magnús Torfason: Eftir því sem málið horfir við nú í umr., má ætla, að ekki beri jafnmikið á milli og í fljótu bragði mætti virðast. Það er játað af öllum, að 2. gr. frv. er góð og gagnleg, en það virðist hinsvegar, eins og ég tók fram við 1. umr., að efni frv. sé ekki fyrir komið á sem heppilegastan hátt. Það er ætlazt til þess, að 1. og 3. gr. eigi aðeins að gilda til 1. júlí 1935. Með því er sýnt, að mest áherzla er lögð á 2. gr., þar sem hún á að hafa varanlegt gildi. Rannsókn á innlendu kjarnfóðri er því aðalkjarni þessa frv., og eftir að hafa hlustað á yfirlýsingar stj. á þessu máli, þá er ég ekki hræddur um, að hún noti þessa heimild, nema rannsóknin leiði í ljós, að það sé heppilegt.

Fyrir mitt leyti legg ég mesta áherzlu á rannsóknina, og þó að ekki þurfi lagasetningu til þess að fá hana framkvæmda, þá tel ég það miklu betra fyrir stj. Ég hefi heyrt menn hér, sem hafa kýr, láta í ljós, að innlendi fóðurbætirinn muni ekki eins góður og sá erlendi. Þetta er ekki gott, ef rétt væri. En ef rannsókn skyldi leiða hið gagnstæða í ljós, þá mundi það efla trú á innlendum fóðurbæti, og frá því sjónarmiði ætti það illa við að drepa þetta frv. einmitt í þeirri einu íslenzku viku, sem við höfum af þeim 52 vikum, sem eru í árinu.

ATKVGR.

1. gr. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, JakM, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, IP, JBald.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 10:1 atkv.

3.—4. gr. (verða 2.—3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 66. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 534).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

62. Viðbótar-tekju- og eignarskattur (frv. JónasJ).

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um viðbótar-tekju- og eignarskatt (þmfrv., A. 533).

Á 65. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál er áður kunnugt hér í þd., því að það var flutt hér í fyrra seint á þinginu, en náði þá ekki afgreiðslu. Í inngangi þeirrar grg., sem fylgir frv., eru teknar fram ástæðurnar fyrir því, að frv. er nú aftur flutt á þessu þingi, og vísa ég til þeirra. Ég legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald[1]), JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, HSteins, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL.

JakM greiddi ekki atkv.

Frv. vísað til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

1) **JBald:** Ég er samþykkur stefnu frv. um álagningu skatta, en ég er því ekki fylgjandi, að stjórnin fái auknar tekjur til umráða, nema því fylgi sérstakar ráðstafanir frá þinginu. Og með skírskotun til þeirra aths., sem ég síðar mun bera fram við þetta frv., segi ég já til 2. umr.